A. *Landspítali.* Matvörur hækka um 993 þús. kr. og annar kostnaður um 4105 þús. kr. Tekjur hækka um 5220 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 4618 þús. kr. Ljósmæðraskólinn er nú áætlaður sérstaklega.

B. *Landspítali, viðbygging.* Gert er ráð fyrir, að 3 nýjar sjúkradeildir taki til starfa með samtals 80 rúmum: Barnadeild með 30 rúmum 1. janúar, lyflæknisdeild með 25 rúmum 1. marz og taugasjúkdómadeild með 25 rúmum 1. apríl. Nýir starfsmenn í þessum 3 deildum verða 57. Þá er gert ráð fyrir sérdeild innan skurðdeildar, svonefndri „recovery-deild" með 3 starfsmönnum og sérdeild, sem annist alla sótthreinsun fyrir skurðdeild og sjúkradeildir með 4 starfsmönnum, fjölgun um 2 námshjúkrunarkonur í skurðdeildinni, fjölgun um 2 starfsmenn í svæfingardeild, fjölgun um 2 starfsmenn í röntgendeild og fjölgun um 10 starfsmenn við ýmis störf, eða starfsliði fjölgað um samtals 80 manns, eða nánar sundurliðað sem hér segir: Í barnadeild: 1 yfirhjúkrunarkona, 1 deildarhjúkrunarkona, 9 hjúkrunarkonur, 3 hjúkrunarnemar, 1 ritari, 1 kennari, 8 starfsstúlkur (24). Í lyflæknisdeild: 1 deildarlæknir, 1 aðstoðarlæknir I, 1 deildarhjúkrunarkona, 6 hjúkrunarkonur, 2 hjúkrunarnemar, 5 starfsstúlkur, 2 ritarar (18). Í taugasjúkdómadeild: 1 yfirlæknir, 1 deildarlæknir, 1 deildarhjúkrunarkona, 5 hjúkrunarkonur, 2 hjúkrunarnemar, 5 starfsstúlkur (15). Recovery-deild: 1 deildarhjúkrunarkona, 1 sérlærð hjúkrunarkona, 1 hjúkrunarnemi. Aðalsótthreinsun: 1 deildarhjúkrunarkona, 2 starfsstúlkur, 1 starfsmaður með vélstjóramenntun auk sérþjálfunar í sótthreinsunartækni (4). Skurðdeild: 2 námshjúkrunarkonur. Svæfingadeild: 1 aðstoðarlæknir II, 1 yfirhjúkrunarkona (2). Röntgendeild: 1 skrifstofustjóri III og 1 verkstjóri við framköllun á myndum (2). Almenn þjónusta: 2 hjúkrunarkonur, 1 viðgerðarmaður, sérfróður um viðgerðir á rannsókna- og lækningaáhöldum, 2 næturverðir, 1 símastúlka, 1 aðstoðarmatráðskona, 1 rafvirki, 1 sjúkraþjálfari, 1 véla- og ketilgæzlustjóri (vélstjóralærður) (10). Rekstrarhalli samkvæmt þessum lið er áætlaður 10479 þús. kr.

C. *Fæðingardeild Landspítalans.* Bætt er við 1 aðstoðarlækni og 1 svæfingarhjúkrunarkonu. Fæðiskostnaður hækkar um 228 þús. kr. og annar kostnaður um 823 þús. kr. Tekjur hækka um 1927 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 449 þús. kr.

D. *Heilsuhælið á Vífilsstöðum.* Matvörur hækka um 496 þús. kr., og annar kostnaður um 434 þús. kr. Tekjur hækka um 1735 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 1451 þús. kr. Til brunavatnsveitu, 520 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður, en í staðinn kemur kostnaður við ketilhús og sjúkralyftu 1200 þús. kr.

E. *Heilsuhælið í Kristnesi.* Fjölgað er um 1 aðstoðarhjúkrunarkonu og gangastúlku. Matvörur hækka um 370 þús. kr. og annar kostnaður um 560 þús. kr. Tekjur hækka um 991 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 1077 þús. kr.

F. *Geðveikrahælið á Kleppi.* Á s. l. ári, þ. e. 1963, tók ríkið við rekstri hjúkrunarstöðvar Bláa bandsins fyrir áfengissjúklinga við Flókagötu hér í borg og keypt var af samtökunum í nafni Gæzluvistarsjóðs húseignin nr. 29 við Flókagötu. Ríkið hóf síðan í lok s. l. árs rekstur stöðvarinnar, og er hún rekin sem deild úr Kleppsspítalanum og nefnd „Flókadeild". Reksturinn fellur undir 9. gr. laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra nr. 39 19. maí 1964. Starfsliði fjölgar um 24 eða sem hér segir: 1 aðstoðaryfirlækni, 2 aðstoðarlækna, 1 forstöðukonu, 1 deildarhjúkrunarkonu, 2 hjúkrunarkonur, 1 sjúkrakennara, 1 félagsmálaráðunaut, 1 vaktmann, 1 matráðskonu, 1 aðstoðarmatráðskonu, 8 starfsstúlkur, 1 umsjónarmann, 1 skrifstofustúlku, 1 vökukonu og 1 sérfræðing. Matvörur hækka um 1021 þús. kr. og annar kostnaður um 1717 þús. kr. Tekjur hækka um 5060 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 115 þús. kr.

G. *Fávitahælið í Kópavogi.* Fjölgað er um 5 starfsstúlkur og 1 byggingareftirlitsmann vegna nýrrar sjúkradeildar, sem gert er ráð fyrir, að taki til starfa 1. júní 1965. Matvörur hækka um 404 þús. kr. og annar kostnaður um 691 þús. kr. Tekjur hækka um 2595 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 287 þús. kr.

H. *Fávitahælið í Kópavogi, viðbygging.* Þessi liður nær yfir hina nýju sjúkradeild. Rekstrarhalli hennar er áætlaður 75 þús. kr.

I. *Holdsveikraspítalinn í Kópavogi.* Fæðiskostnaður lækkar um 5 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 215 þús. kr.

J. *Ljósmæðraskóli Íslands.* Ljósmæðraskólinn er áætlaður sérstaklega í frumvarpinu, en er með í áætlun fyrir Landsspítalinn í þessa árs fjárlögum. Á þessu hausti verður sú breyting á rekstri skólans, að hann verður tveggja ára skóli í stað eins árs. Rekstrarhalli skólans er áætlaður 617 þús. kr. eða 257 þús. kr. hærri en í fjárlögum nú.

K. *Blóðbankinn.* Annar kostnaður hækkar um 285 þús. kr. Tekjur hækka um 300 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 144 þús. kr.

V. *Rannsóknarstofa Háskólans.* Annar kostnaður hækkar um 47 þús. kr. Tekjur hækka um 225 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 378 þús. kr.

VI. *Rekstrarstyrkur sjúkrahúsa* hækkar um 4 millj. kr. Vegna lagabreytinga (lög nr. 41/1964) gjaldfellur á árinu 1965 1½ árs rekstrarstyrkur í stað eins árs áður, þar sem greiða á styrkinn hálfu ári eftir á í stað eins árs áður.

VIII. *Styrkur til heilsuverndarstöðvar í Reykjavík* hækkar um 980 þús. kr. og styrkur til heilsuverndarstöðva í öðrum kaupstöðum hækkar um 55 þús. kr.

IX. *Styrkur til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa,* hækkar um 12757 þús. kr. Áætlunin miðast í aðalatriðum við ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 41/1964, að greiðslu ríkisframlags til læknisbústaða skuli lokið á 5 árum og greiðslu framlags til sjúkrahúsa á 8 árum.

XIII. *Kostnaður er leiðir af fyrirmælum farsóttalaga* hækkar um 5 þús. kr.

XX. *Kostnaður vegna laga nr. 27/1945, um eyðing á rottum* hækkar um 200 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar í fjárlögum nú.

XXIV. *Hluti ríkissjóðs af launum ljósmæðra* hækkar um 150 þús. kr.

XXV. *Til vírusrannsókna* hækkar um 20 þús. kr.

XXVIII. *Tillag til alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar* hækkar um 80 þús. kr.

XXX. *Mjólkureftirlitið.* Liðurinn, „matvælaeftirlitið", er klofinn í tvennt, þannig að mjólkureftirlit verður sérstakur liður.

XXXI. *Kostnaður við matvælarannsóknir* samkvæmt lögum nr. 24/1936 er klofinn út úr liðnum „matvælaeftirlit" í fjárlögum nú. Þessi liður hefur verið mjög vanáætlaður undanfarið og samtals hækkar þessi kostnaður og kostnaður við mjólkureftirlit um 612 þús. kr.

XXXII. *Til Heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands, byggingarstyrkur,* hækkar um 200 þús. kr.

Um 13. gr. A.

Með vegalögum nr. 71/1963 verður sú höfuðbreyting, að útgjöld til vegamála eru að mestu tekin út úr fjárlögum, og jafnframt eru vegasjóði afhentir tilteknir tekjustofnar, er ríkissjóður hafði áður (innflutningsgjald af benzíni og bifreiðaskattur). Þó er gert ráð fyrir því, að veitt sé sérstakt framlag á fjárlögum til vegamála samkvæmt 89. gr. vegalaga og er það áætlað kr. 47 millj. árið 1965, en það er jafnhátt og framlagið verður á þessu ári. Tveir liðir eru auk þess eftir, sem sérstakir liðir á greininni: Til ferjuhalds, 15 þús. kr., og styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum, 100 þús. kr.

Um 13. gr. B.

I. *Skipaútgerð ríkisins.* Hallinn á rekstri Skipaútgerðar ríkisins hækkar um 6 millj. kr.

III. *Til byggingar flóabáta fyrir farsvæði Djúpbáts og Breiðafjarðarbáts* hækkar um 320 þús. kr.

Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála.* Fjölgað er um 1 ritara. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 90 þús. kr. Ferðakostnaður og fæðispeningar hækkar um 10 þús. kr.

II. Laun vitavarða lækka um 20 þús. kr. Aukagæzla og aðstoð hækkar um 30 þús. kr.

III. *Rekstrarkostnaður vitanna.* Rekstur vitaskips hækkar um 650 þús. kr. og vitanna um 450 þús. kr.

IV. *Viðhald og endurbætur vitanna* hækkar um 80 þús. kr.

VIII. *Til hafnarbótasjóðs* lækkar um 4 millj. kr.

IX. *Til greiðslu á eftirstöðvum af lögboðnum hluta ríkissjóðsframlags til hafnarframkvæmda* hækkar um 4 millj. kr.

X. *Greiðslur af hafnarlánum* hækka um 1967 þús. kr. Ferjubryggjur, 500 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

XI. *Til rannsókna á möguleikum til hafnargerða á stöðum, þar sem engar hafnarnefndir eru starfandi, þar af til Dyrhólasvæðis 100 þús. kr.* er nýr liður að upphæð 400 þús. kr.

Um 13. gr. D.

Allmiklar breytingar hafa verið gerðar á sundurliðun einstakra kostnaðarliða á 13. gr. D., sem miða í þá átt, að láta öll laun koma sérstaklega fram, og hafa sundurliðun fjárlaganna í samræmi við þá sundurliðun, sem gerð er í reikningi. Af þessum sökum er ógerlegt að rekja hækkanir sumra kostnaðarliða, heldur verður að taka þá saman til þess að fá samanburð við núgildandi fjárlög.

I. *Stjórn flugmála.* Aukavinna, önnur laun og annar kostnaður hækkar um 685 þús. kr. einkum vegna vanáætlunar áður.

II. *Reykjavíkurflugvöllur:*

1. *Flugvallarstjórn.* Aukavinna er nýr liður að upphæð 75 þús. kr. Annar kostnaður er nýr liður að upphæð 40 þús. kr.

2. *Slökkviliðsdeild.* Annar kostnaður hækkar um 150 þús. kr.

3. *Vélaverkstæði.* Laun vélvirkja og tímakaupsmanna hækkar um 25 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 50 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

4. *Trésmíðaverkstæði.* Aukavinna hækkar um 50 þús. kr. Laun trésmiða og aðstoðarmanna hækka um 25 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

5. *Rafmagnsverkstæði.* Aukavinna og annar kostnaður lækkar um 20 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

6. *Viðhald og varðveizla mannvirkja.* Sundurliðun liðarins er breytt til samræmis við reikning. Liðurinn hækkar í heild um 223 þús. kr.

7. *Annar kostnaður* hækkar um 200 þús. kr.

III. *Keflavíkurflugvöllur:*

1. *Stjórn flugmála.* Annar kostnaður hækkar um 31 þús. kr.

2. *Flugumferðarstjórn.* Vaktaálag og aukavinna hækkar um 114 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 150 þús. kr.

3. *Radiodeild* hækkar um 71 þús. kr.

5. *Viðhald húsa og rekstur rafstöðva* hækkar um 150 þús. kr.

IV. *Aðrir flugvellir:*

1. *Framkvæmdastjórn* hækkar um 390 þús. kr. einkum vegna vanáætlunar áður.

2. *Akureyrarflugvöllur* hækkar um 58 þús. kr.

3. *Sauðárkróksflugvöllur* hækkar um 70 þús. kr.

5. *Vestmannaeyjaflugvöllur* hækkar um 18 þús. kr.

6. *Ísafjarðarflugvöllur* hækkar um 35 þús. kr.

7. *Húsavíkurflugvöllur* er nýr liður að upphæð 170 þús. kr.

8. *Aðrir flugvellir* lækka um 100 þús. kr.

V. *Flugöryggisþjónustan:*

A. *Framkvæmdastjórn.* Aukavinna, önnur laun og annar kostnaður hækkar um 47 þús. kr.

B. *Upplýsingaþjónustan.* Aukavinna og annar kostnaður hækkar um 40 þús. kr.

C. *Flugumferðarstjórn:*

1. *Flugumferðarstjórn, Reykjavík.* Bætt er við 6 flugumferðarstjórum. Aukavinna og vaktaálag hækkar um 348 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 385 þús. kr.

2. *Flugumferðarstjórn, Akureyri.* Aukavinna og vaktaálag hækkar um 75 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 65 þús. kr.

3. *Flugumferðarstjórn, Vestmannaeyjum.* Aukavinna og vaktaálag hækkar um 95 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 45 þús. kr.

4. *Flugumferðarstjórn, Egilsstöðum.* Fækkað er um starfsmann hálfan daginn. Aukavinna og vaktaálag hækkar um 70 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 40 þús. kr.

5. *Flugumferðarstjórn, Ísafirði.* Aukavinna hækkar um 20 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 60 þús. kr.

6. *Flugumferðarstjórn, Hornafirði.* Aukavinna hækkar um 30 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 60 þús. kr.

D. *Radiodeild:*

2. *Radioverkstæði, Reykjavík.* Aukavinna hækkar um 300 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 150 þús. kr. Tekjur er áætlaðar jafnháar gjöldum.

3. *Radioverkstæði, Akureyri.* Aukavinna hækkar um 10 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 16 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

4. *Radioverkstæði, Egilsstöðum.* Fækkað er um radiovirkja hálfan daginn. Aukavinna lækkar um 15 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 23 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

5. *Rekstur stöðvanna* hækkar um 812 þús. kr. einkum vegna of lágrar áætlunar áður.

VI. *Kostnaður við alþjóðaflugmálastofnunina og flugmálaráðstefnur:*

2. *Ferðakostnaður* hækkar um 20 þús. kr.

3. *ICAO-deild.* Aukavinna, önnur laun og annar kostnaður hækkar um 90 þús. kr.

VII. *Loftferðaeftirlitið.* Aukavinna og annar kostnaður hækkar um 115 þús. kr. Tekjur lækka um 10 þús. kr. vegna of hárrar áætlunar áður.

VIII. *Þjálfun starfsmanna í flugvallarrekstri* hækkar um 25 þús. kr.

X. *Ferðakostnaður og mælingar* hækkar um 50 þús. kr. Liðurinn er undir öðrum flugvöllum í þessa árs fjárlögum.

XI. *Alþjóðaflugþjónustan.* Flugfjarskiptaþjónustan hækkar um 549 þús. kr. Flugveðurþjónustan lækkar um 666 þús. kr. Alþjóðatillag lækkar um 107 þús. kr. og innlenda framlagið um 9 þús. kr.

Tekjur af Reykjavíkurflugvelli lækka um 2 millj. kr. einkum vegna flutnings Loftleiða h/f til Keflavíkurflugvallar, en tekjur af þeim síðarnefnda hækka um 4 millj. kr. Tekjur af öðrum flugvöllum hækka um 50 þús. kr.

Um 13. gr. E.

I. *Almenn veðurþjónusta:*

A. *Yfirstjórn og skrifstofa.* Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

B. *Veðurstofan á Reykjavíkurflugvelli.* Aukavinna og vaktaálag hækkar um 158 þús. kr. Símakostnaður hækkar um 16 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 21 þús. kr.

C. *Loftskeytadeild.* Aukavinna og vaktaálag hækkar um 44 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.

D. *Veðurfarsdeild.* Aðkeypt vinna og aukavinna hækkar um 5 þús. kr. Þóknun veðurathugunarmanna hækkar um 28 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 80 þús. kr.

E. *Áhaldadeild.* Veðurathugunaráhöld hækka um 15 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 40 þús. kr.

F. *Jarðeðlisfræðideild.* Aðkeypt vinna og aukavinna hækkar um 15 þús. kr. Jarðskjálftamælingar utan Reykjavíkur hækka um 30 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

G. *Bóka- og skjalasafn.* Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

II. *Tillag til alþjóðaveðurrannsóknarstofnunarinnar* hækkar um 13 þús. kr.

III. *Veðurþjónusta vegna millilandaflugs.* Ráðuneytið hefur tekið áætlun veðurstofustjóra óbreytta inn í frumvarpið, enda er hún í samræmi við áætlun þá, sem send er alþjóðaflugmálastofnuninni.

Um 13. gr. F.

I. *Ferðaskrifstofa ríkisins.* Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 50 þús. kr. Ýmis kostnaður lækkar um 50 þús. kr. Þátttaka í landkynningarstarfsemi Norðurlandaþjóða hækkar um 100 þús. kr. Liðirnir, upplýsingaskrifstofa í London, 220 þús. kr. í fjárlögum nú, og upplýsingarskrifstofa á Akureyri, 30 þús. kr. í fjárlögum nú, falla niður. Tekjur hækka um 200 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 263 þús. kr.

II. *Skipaskoðun ríkisins.* Bætt er við 1 vélaeftirlitsmanni. Þóknun til skipaskoðunarmanna, sem ekki eru á föstum launum úr ríkissjóði, hækkar um 100 þús. kr. Ferðakostnaður hækkar um 25 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. Til gerðar fræðslumyndar um notkun gúmmíbáta lækkar um 25 þús. kr. Kostnaður við útreikninga á stöðugleika nokkurra íslenzkra skipa er nýr liður að upphæð 120 þús. kr. Tekjur hækka um 200 þús. kr. Rekstrahalli hækkar um 181 þús. kr.

III. Stýrimannaskólinn. Stundakennsla og prófkostnaður hækkar um 209 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 35 þús. kr. Til námskeiða utan Reykjavíkur hækkar um 30 þús. kr.

IV. Sjómannaskólahúsið. Annar kostnaður hækkar um 294 þús. kr. Tekjur hækka á móti og eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

V. *Til matsveina- og veitingaþjónaskóla.* Stundakennsla hækkar um 70 þús. kr. Áhaldakaup hækka um 30 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 41 þús. kr.

VI. *Til landmælinga.* Prentun landabréfa hækkar um 25 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. Til kaupa á útteikningartæki er nýr liður að upphæð 100 þús. kr.

VII. *Til sjómælinga og sjókortagerðar:*

1. *Sjómælingar.* Mælingavinna hækkar um 50 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.

2. *Sjókortagerð.* Efni hækkar um 10 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr. Tekjur hækka um 30 þús. kr.

X. *Til ferðamálasjóðs* hækkar um 500 þús. kr.

XII. *Til gisti- og veitingastaðaeftirlits samkvæmt lögum nr. 53/1963* hækkar um 148 þús. kr.

Um 14. gr. A.

I. a. *Háskólinn.* Hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs er alls 2307 þús. kr. Gert er ráð fyrir launum 1 nýs prófessors við læknadeild, eins nýs lektors og bókara á skrifstofu skólans til viðbótar. Til risnu rektors og deildarforseta hækkar um 9 þús. kr. Til tannlækningastofu hækkar um 250 þús. kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar og tækjakaupa. Til kennslu í lyfjafræði lyfsala hækkar um 50 þús. kr. vegna aukinnar kennslu. Til rannsóknarstofu í lífeðlisfræði, 10 þús. kr., fellur niður. Til stundakennslu hækkar um 201 þús. kr. vegna breyttra kennsluhátta, einkum í verkfræði- og viðskiptadeild. Til námskeiða og heimsókna erlendra vísindamanna hækkar um 25 þús. kr. Prófkostnaður hækkar um 60 þús. kr., einkum vegna hækkaðra launa prófdómenda. Til stúdentaskipta hækkar um 30 þús. kr. Til bókakaupa hækkar um 150 þús. kr. Ýmis útgjöld hækka um 200 þús. kr., m. a. vegna þess, að áformað er að gefa út tvær árbækur eldri ára í stað einnar nú. Rannsóknarstofa í lyfjafræði lyf-

sala hækkar um 5 þús. kr. Til félagsstarfsemi stúdenta hækkar um 40 þús. kr. og til rannsóknarstofu í efnafræði hækkar um 10 þús. kr. Til útgáfu kennslubóka er nýr liður að upphæð 250 þús. kr. Skortur á kennslubókum, sérstaklega ýmsum þeim, sem kenndar eru í laga-, viðskipta- og verkfræðideild skólans, er alvarlegt vandamál. Er því gerð tillaga um þennan lið. Stofnkostnaður lífeðlisfræðideildar við læknadeild er nýr liður að upphæð 500 þús. kr.

b. *Tilraunastofa Háskólans á Keldum.* Laun hækka um 440 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar fyrir yfirstandandi ár. Annar kostnaður lækkar um 7 þús. kr. og tekjur hækka um 433 þús. kr. Rekstrarhalli er hinn sami og áður.

c. *Til eðlisfræðirannsókna* hækkar um 154 þús. kr.

d. *Til norðurljósarannsókna* er nýr liður að upphæð 200 þús. kr. Íslenzkir vísindamenn hafa um skeið rannsakað norðurljós og skyld fyrirbæri að nokkru í samvinnu við erlenda starfsbræður. Vísindasjóður hefur veitt 250 þús. kr. styrk á þessu ári til rannsóknanna og mun væntanlega einnig veita fjárhagslegan stuðning á næsta ári. Þar sem lega Íslands er einstaklega heppileg með tilliti til þessara rannsókna og mikilsvert er, að Íslendingar taki þátt í þeim, er gerð tillaga um þetta framlag.

II. *Handritastofnun Íslands* hækkar um 75 þús. kr. vegna hækkaðra launa og rannsóknarstyrkja.

IV. *Fræðslumálastjóraembættið* hækkar um 53 þús. kr. Er tekin upp nánari sundurliðun á öðrum kostnaði en verið hefur.

V. *Menntaskólinn í Reykjavík* hækkar alls um 3139 þús. kr. Starfsmannafjöldi skólans er óbreyttur, en stöðu bókara er breytt í fulltrúastarf. Stundakennsla hækkar um 2811 þús. kr., bæði vegna of lágrar áætlunar fyrir yfirstandandi ár og svo hins, að bekkjardeildum fjölgar. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 300 þús. kr., styrkur til bókasafns skólans hækkar um 14 þús. kr. og prófkostnaður um 105 þús. kr. vegna fjölgunar nemenda og hækkaðra launa prófdómenda. Til kennsluáhalda hækkar um 50 þús. kr. vegna kaupa á tækjum í hið nýja viðbótarhúsnæði skólans. Til brunavarna lækkar um 25 þús. kr.

VI. *Menntaskólinn á Akureyri* hækkar um 481 þús. kr. Fastir kennarar verða tveimur fleiri en nú. Stundakennsla hækkar um 297 þús. kr. vegna fjölgunar nemenda og of lágrar áætlunar yfirstandandi árs. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 135 þús. kr., einkum vegna hækkaðs ræstingarkostnaðar. Viðhald húsa og áhalda lækkar um 350 þús. kr., námsstyrkir hækka um 10 þús. kr. og námsferðir um 2 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 23 þús. kr.

VII. *Menntaskólinn á Laugarvatni* hækkar um 243 þús. kr. Stundakennsla hækkar um 75 þús. kr. Húsnæði, ljós, hiti og ræsting hækkar um 50 þús. kr. Prófkostnaður hækkar um 14 þús. kr., námsstyrkir hækka um 3 þús. kr. og námsferðir um 2 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr. og viðhaldskostnaður um 30 þús. kr.

VIII. *Kennaraskólinn* hækkar alls um 1228 þús. kr. Gert er ráð fyrir launum átta nýrra fastra kennara og stundakennsla hækkar um 375 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar fyrir yfirstandandi ár. Prófkostnaður hækkar um 60 þús. kr. vegna fjölgunar nemenda og hækkaðra launa prófdómenda. Hiti, ljós, og ræsting lækkar um 40 þús. kr. Bækur og áhöld hækka um 23 þús. kr. Námsstyrkir hækka um 5 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 40 þús. kr. Liðurinn húsnæði utan skólans, 140 þús. kr., fellur niður, en gerð er tillaga um nýjan lið: Kostnað við skólastjórn 20 þús. kr.

2. *Handíðadeild Kennaraskólans.* Stundakennsla hækkar um 17 þús. kr.

XI. *Tækniskólinn* er nýr liður að upphæð 2702 þús. kr. Með lögum nr. 25/1963 var veitt heimild til að stofna í Reykjavík Tækniskóla Íslands, er veita skyldi nemendum tæknilega og almenna menntun, sem gerði þá hæfa til að takast sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Í 14. gr. A XI núgildandi fjárlaga er veitt framlag til undirbúnings tækninám s

að upphæð 370 þús. kr., en þessi liður fellur nú niður. Þess í stað er lagt til, að teknir verði upp þessir liðir vegna Tækniskólans: Kostnaður við undirbúning að stofnun skólans 250 þús. kr., rekstrarkostnaður undirbúningsdeildar í Reykjavík frá 15. sept. til 31. des. 1964 663 þús. kr., rekstrarkostnaður undirbúningsdeildar á Akureyri frá 15. sept. til 31. des. 1964 176 þús. kr., rekstrarkostnaður skólans árið 1965 1173 þús. kr., rekstrarkostnaður undirbúningsdeildar á Akureyri árið 1965 440 þús. kr.

X. *Vélskólinn.* Stundakennsla lækkar um 58 þús. kr., til verklegrar kennslu hækkar um 5 þús. kr., til áhaldakaupa hækkar um 10 þús. kr., og hiti, ljós og ræsting hækkar um 70 þús. kr.

XI. *Iðnfræðsla.*

1. *Iðnskólinn í Reykjavík* Laun hækka um 555 þús. kr. vegna launa fjögurra nýrra kennara og launahækkana nokkurra annarra. Stundakennsla hækkar um 100 þús. kr. vegna fjölgunar bekkjadeilda. Annar kostnaður hækkar um 447 þús. kr., einkum vegna aukins viðhaldskostnaðar.

2. *Til iðnskóla utan Reykjavíkur.* Gert er ráð fyrir launum eins nýs kennara, stundakennsla hækkar um 248 þús. kr. vegna fjölgunar deilda og nýrra námskeiða. Annar kostnaður hækkar um 546 þús. kr., m. a. vegna stofnunar járniðnaðardeildar við Iðnskóla Akureyrar og umfangsmeiri starfsemi.

3. *Til listiðnaðardeildar Handíðaskólans.* Stundakennsla hækkar um 63 þús. kr. vegna fjölgunar nemenda. Annar kostnaður hækkar um 167 þús. kr. vegna aukins húsnæðis og aukinnar starfsemi.

XII. *Almenn barnafræðsla.* Framlög til barnafræðslu hækka um 18903 þús. kr. frá fjárlögum 1964. Laun hækka m. a. vegna launa 27 nýrra kennara, breytts starfstíma og skólatilhögunar. Stundakennsla og umsjón hækkar vegna fjölgunar bekkjadeilda um 1497 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 5126 þús. kr. Laun vegna tví- og þrískipunar í barnaskólum hækka um 170 þús. kr. Laun ráðskvenna hækka um 713 þús. kr. Framlög til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra hækka um 9765 þús. kr. Gjöld samkvæmt 29. og 40. gr. laga um almannatryggingar hækka um 300 þús. kr.

XIII. *Gagnfræðamenntun.* Framlög til gagnfræðamenntunar hækka alls um 19 752 þús. kr. Kennurum fjölgar um tuttugu og þrjá og hækka laun um 5535 þús. kr. m. a. af þeim sökum. Stundakennsla, umsjón og tví- og þrískipun í skólahúsnæði hækkar um 1631 þús. kr. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 4824 þús. kr. Laun hjúkrunarkonu við skólana á Laugarvatni hækka um 35 þús. kr. Framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla hækkar um 7616 þús. kr. Gjöld samkv. 29. og 40. gr. laga um almannatryggingar hækka um 100 þús. kr. Kostnaður við miðskólapróf í bóknámsdeild hækkar um 25 þús. kr.

XVII. *Húsmæðrafræðsla í kaupstöðum.*

1. *Húsmæðrakennaraskólinn.* Viðhaldskostnaður hækkar um 33 þús. kr. Æfingakennsla hækkar um 15 þús. kr. Gerðar eru tillögur um tvo nýja liði: Námsdvöl að Laugarvatni 50 þús. kr. og námsbækur 3500 kr.

2.—5. *Húsmæðraskólar í kaupstöðum.* Laun hækka um 157 þús. kr. vegna breytts starfstíma og aldurshækkana. Stundakennsla hækkar um 165 þús. kr. og annar kostnaður um 126 þús. kr.

XVIII. *Hjúkrunarskóli Íslands.* Gert er ráð fyrir launum nýrrar saumakonu og starfsstúlku. Fæðiskostnaður hækkar um 45 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 25 þús. kr. Gerð er tillaga um nýjan lið: Til að semja eða þýða kennslubækur, 50 þús. kr.

XIX. *Til íþróttamála.*

1. *Til Íþróttakennaraskóla Íslands.* Prófkostnaður hækkar um 1 þús. kr. Ræsting, ljós og hiti hækkar um 40 þús. kr. Lagning íþróttavalla hækkar um 200 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 14 þús. kr. Tekjur hækka um 2500 kr.

Til Íþróttasambands Íslands, byggingarstyrkur. Liðurinn fellur niður.

Laun Ólafs Pálssonar til eftirlits með sundkennslu og prófdómarastarfs. Liðurinn fellur niður.

Til Íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar hækkar um 31 þús. kr.

Til ferðakennslu í íþróttum hækkar um 60 þús. kr.

Til Ólympíunefndar Íslands vegna Ólympíuleikanna 1964 lækkar um 100 þús. kr.

Til Handknattleikssambands Íslands vegna Norðurlandamóts í útihandknattleik kvenna. Liðurinn fellur niður.

Til Frjálsíþróttasambands Íslands vegna kostnaðar við landskeppni á árinu 1963. Liðurinn fellur niður.

XX. *Til kennslu heyrnar- og málleysingja.* Kennarar verða einum fleiri en áður og hækka laun þess vegna um 136 þús. kr. Fæðiskostnaður hækkar um 125 þús. kr. Kaup starfsstúlkna hækkar um 80 þús. kr. vegna launa einnar nýrrar starfsstúlku. Til áhaldakaupa lækkar um 115 þús. kr. Námsferðir hækka um 1 þús. kr. Styrkur til bókasafns hækkar um 1 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr. Stundakennsla lækkar um 44 þús. kr.

XXII. *Kostnaður við barnaverndarráð* hækkar um 20 þús. kr.

XXXI. *Til dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn.* Laun hækka um 85 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 168 þús. kr.

XXXIII. *Til Jöklarannsóknafélags Íslands, enda annist það jöklamælingar,* hækkar um 20 þús. kr.

XXXIV. *Til styrktar erlendum námsmönnum í íslenzkum skólum* hækkar um 150 þús. kr.

Til Skáksambands Íslands vegna alþjóðlegs skákmóts í Reykjavík. Liðurinn fellur niður.

Til íslenzkunámskeiðs fyrir norska menntaskólakennara. Liðurinn fellur niður.

XXXVI. *Til lektora í íslenzku við erlenda háskóla* hækkar um 82 þús. kr.

XXXIX. *Námstjórar barna-, gagnfræða- og húsmæðraskóla.*

b. *Fræðslustjórinn í Reykjavík.* Annar kostnaður hækkar um 80 þús. kr.

XL. *Endurskoðun skólakostnaðar.* Gert er ráð fyrir launum eins nýs fulltrúa Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

XLII. *Til ríkisútgáfu námsbóka* hækkar um 450 þús. kr. vegna aukins prentunarkostnaðar og hækkunar flestra kostnaðarliða.

XLIII. *Til upptökuheimilisins í Elliðahvammi* lækkar um 65 þús. kr.

XLIV. *Til eftirlits með skólabyggingum.* Annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr.

Framlag til lækkunar á skuldum stúdentagarðanna. Liðurinn fellur niður.

XLVII. *Styrkur til byggingar félagsheimilis fyrir stúdenta við Háskóla Íslands* hækkar um 500 þús. kr.

Um 14. gr. B.

I. *Landsbókasafnið* hækkar um alls 919 þús. kr. Áætluð eru laun tveggja nýrra starfsmanna, viðgerðarsérfræðings og umsjónarmanns með myndagerð, og hækkar launaliðurinn m. a. af því um 404 þús. kr. Til bóka-, tímarita- og handritakaupa og til bókbands, hækkar um 400 þús. kr. Til árbókar hækkar um 10 þús. kr. Til samningar og prentunar íslenzkrar bókaskrár hækkar um 75 þús. kr. Til að gera mikrofilmur af handritum hækkar um 5 þús. kr. og ýmisleg gjöld hækka um 25 þús. kr.

II. *Þjóðskjalasafnið* hækkar um 61 þús. kr. Laun hækka um 46 þús. kr., m. a. sakir þess, að staða ritara verður bókarastaða. Til bókbands, bóka- og handritakaupa og til umbúnaðar skjala lækkar um 10 þús. kr. Til æviskrárritunar hækkar um 5 þús. kr. Ýmisleg gjöld hækka um 15 þús. kr. Til afritunar á manntölum hækkar um 5 þús. kr.

III. *Þjóðminjasafnið* hækkar um 361 þús. kr. Laun hækka um 6 þús. kr. Til aðstoðar o. fl. hækkar um 110 þús. kr. Til rannsókna og ferðalaga hækkar um 10 þús. kr. Til viðhalds gamalla bygginga hækkar um 215 þús. kr. sakir brýnna þarfa fyrir aukið viðhald. Í ráði er m. a. að framkvæma aðalviðgerð á Viðeyjarkirkju og Staðarkirkju. Til rekstrar og viðhalds húss og lóðar hækkar um 20 þús. kr.

V. *Listasafn Íslands.* Gerð er tillaga um nýjan lið, þóknun safnráðs, 86 þús. kr. Til útgáfu myndaskrár, 50 þús. kr., fellur niður Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

VI. *Fræðslumyndasafn.* Laun hækka um 5 þús. kr. Til kaupa, endurgerðar og framleiðslu á íslenzkum kvikmyndum er nýr liður að upphæð 250 þús. kr., sem kemur í stað liðarins kvikmyndagerð, kvikmyndakaup og kyrrmyndagerð að sömu fjárhæð. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 28 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 4 þús. kr.

VII. *Náttúrugripasafnið.* Laun hækka um 5 þús. kr. Til kaupa á náttúrugripum o. fl. hækkar um 25 þús. kr. Til rannsókna og ferðakostnaðar hækkar um 25 þús. kr. Til fuglamerkinga hækkar um 2 þús. kr. Til teiknunar og útgáfu jarðfræðikorts af Íslandi er nýr liður, 60 þús. kr. Hiti, ljós, ræsting og önnur gjöld hækka um 25 þús. kr.

VIII. *Til náttúrugripasafns Akureyrar* hækkar um 20 þús. kr.

X. *Til náttúruverndarráðs samkv. lögum* hækkar um 135 þús. kr., m. a. vegna brýnna þarfa til að láta gera og setja upp merki til auðkenningar á friðuðum stöðum.

XII. *Safnahúsið.* Til viðhalds, áhalda og ræstingar hækkar um 18 þús. kr. Ýmis gjöld hækka um 13 þús. kr.

XIII. *Framlag til bókasafna samkvæmt lögum nr. 22/1963 um almenningsbókasöfn.*

1. Til bæjar- og héraðsbókasafna hækkar um 137 þús. kr.
2. Til sveitabókasafna og lestrarfélaga hækkar um 50 þús. kr.

XIV. *Styrkir til bókaútgáfu o. fl.*

3. Til Fornleifafélagsins hækkar um 15 þús. kr.
12. Til Vísindafélags Íslendinga hækkar um 70 þús. kr. vegna aukins kostnaðar af útgáfustarfsemi.
23. Til orðabókar Háskólans. Áætluð er 346 þús. kr. hækkun á liðnum, en auk þess er uppsetningu hans breytt. Hækkunin stafar einkum af launahækkunum á miðju s. l. ári, sem ekki er gert ráð fyrir í núgildandi fjárlögum. Framlag Sáttmálasjóðs er áætlað óbreytt.
26. *Til Norræna félagsins* hækkar um 50 þús. kr.
28. Til stúdentaráðs Háskóla Íslands hækkar um 25 þús. kr.
49. Til tímaritsins Flóru 10 þús. kr. er nýr liður.

XV. *Til skálda, rithöfunda og listamanna* hækkar um 100 þús. kr. Jafnframt er lagt til, að Jóhannes S. Kjarval, Páll Ísólfsson og Tómas Guðmundsson njóti 75 þús. kr. heiðurslauna hver.

Til rithöfundasjóðs Kelvin Lindemanns, 2500 kr., fellur niður.

XIX. *Styrkur til Myndlistaskólans í Reykjavík* hækkar um 25 þús. kr.

Til dr. Sigurðar Jónssonar til rannsókna á sjávargróðri við strendur Íslands, 50 þús. kr.. fellur niður.

XXXVIII. *Til Árna Björnssonar tónskálds* hækkar um 10 þús. kr.

XLII. *Til leiklistarstarfsemi* hækkar um 340 þús. kr.

XLIV. *Til tónlistarstarfsemi, enda sé skilað starfsskýrslu til menntamálaráðuneytisins.*

1. Til tónlistarskóla samkvæmt lögum hækkar um 200 þús. kr.
13. Til Musica Nova hækkar um 65 þús. kr.
14. Til söngsveitarinnar Fílharmoniu er nýr liður að upphæð kr. 20 þús.
15. Til Pólýfónkórsins 20 þús. kr., er nýr liður.

LXXII. *Til listasafns Einars Jónssonar.* Til ljósa og hitunar hækkar um 14 þús. kr.

LXXIII. *Til vörzlu og sýningar listaverkagjafar Ásgríms Jónssonar* hækkar um 24 þús. kr.

LXXIV. *Til eflingar menningarsambands við Vestur-Íslendinga.*

a. Námsstyrkur hækkar um 7 þús. kr.

Til minningartöflu í Skor um Eggert Ólafsson, 15 þús. kr. Liðurinn fellur niður.

Til *Zontaklúbbs Akureyrar vegna lóðarkaupa,* 50 þús. kr., fellur niður.

Til norræns móts laganema og lögfræðinga sumarið 1964, 100 þús. kr., fellur niður.

XC. *Til Sigurveigar Hjaltested* 8 þús. kr. er nýr liður.

XCI. *Til Jóhanns Sveinssonar frá Flögu* er nýr liður að upphæð 8 þús. kr.

XCII. *Til Steingerðar Guðmundsdóttur,* 8 þús. kr., er nýr liður.

XCIV. *Til Geysismynda h/f vegna töku Íslandskvikmyndar,* 300 þús. kr., er nýr liður. Kvikmyndatökufélagið Geysismyndir h/f hefur látið gera vandaða 35 mm cinemascopelitkvikmynd af Íslandi og íslenzku þjóðlífi, sem kosta mun um 1200 þús. kr. Gerðir hafa verið samningar um sýningu myndarinnar í kvikmyndahúsum og sjónvarpi víðs vegar um heim og má telja víst, að milljónir manna muni sjá hana. Sakir mikils landkynningargildis myndarinnar er gerð tillaga um þennan styrk til félagsins.

XCV. *Til Iceland Review* er nýr liður að upphæð 50 þús. kr. Á s. l. ári var hafin útgáfa tímarits á ensku til kynningar á íslenzkum málefnum erlendis, sem heitir Iceland Review. Þar sem hér er um að ræða myndarlegt og vandað rit, er gerð tillaga um styrk til þess.

XCVI. *Til Sambands íslenzkra barnakennara til menningar- og félagsstarfsemi* er nýr liður að upphæð 100 þús. kr. Samband íslenzkra barnakennara hefur ákveðið að koma upp safni bóka og tímarita um kennslu og uppeldismál, og safni kennslubóka og kennsluáhalda til afnota fyrir kennara. Enn fremur hefur verið ákveðið að auka verulega útgáfustarfsemi sambandsins. Er því gerð tillaga um fyrrgreindan styrk til þessarar starfsemi.

XCVII. *Til Kanadasjóðs,* 33 þús. kr., er nýr liður. Kanadasjóður var stofnaður af ríkisstjórn Kanada í tilefni af 1000 ára afmæli Alþingis Íslendinga. Stofnfé hans, 25000 kanadiskir dollarar, var afhent íslenzkum stjórnarvöldum og hefur verið ávaxtað hér. Tilgangur sjóðsins er að styrkja íslenzka náms- og fræðimenn til háskólanáms í Kanada. Eign sjóðsins hefur rýrnað á umliðnum árum og til að hægt sé að halda í horfinu um styrkveitingar er lagt til, að sjóðnum sé veitt þetta framlag.

XCVIII. *Til menntastofnunar Bandaríkjanna á Íslandi* (Fulbrightstofnunarinnar) er nýr liður, að upphæð 100 þús. kr. Í 8. gr. samnings, sem gerður var 13. febrúar s. l. milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkja Ameríku, um greiðslu kostnaðar af ýmsum menningarskiptum, er gert ráð fyrir framlagi af hálfu Íslands til þessarar starfsemi. Er því gerð tillaga um þennan lið.

XCIX. *Til greiðslu kostnaðar við flutning tveggja gamalla húsa að Árbæ* er nýr liður, að upphæð 400 þús. kr. Hér er um að ræða 2 gömul hús, er ríkisstjórnin hefur ákveðið að gefa Árbæjarsafni, en þau eru Bernhöftsbakarí og Gunnlögssenshús eða Smithshús, sem standa sunnan Bankastrætis á lóð þeirri, er fyrirhugað er að reisa á stjórnarráðshús.

Um 15. gr.

I. *Biskupsembættið.* Risna hækkar um 15 þús. kr. og skrifstofukostnaður um 39 þús. kr.

II. *Embætti sóknarpresta og prófasta.* Fjölgað er um tvo presta á launaskrá. *Embættiskostnaður presta* hækkar um 500 þús. kr., einkum vegna hækkaðs ferða-

kostnaðar. *Viðbót við eftirlaun þau, er uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkv. lögum* hækkar um 35 þús. kr. *Til greiðslu á embættisbúningi presta* hækkar um 60 þús. kr.

III. *Til íslenzks prests í Danmörku* er nýr liður, að upphæð 495 þús. kr. Þar af er kostnaður þessa árs 195 þús. Samkv. tillögu biskups var ákveðið á s. l. sumri að stofna í Danmörku embætti íslenzks prest, sem á að annast prestlega þjónustu við Íslendinga, sem dvelja á Norðurlöndum.

VII. *Kostnaður við kirkjuráð* hækkar um 10 þús. kr.

XIV. *Til kristilegrar æskulýðsstarfsemi* hækkar um 35 þús. kr.

XXI. *Kostnaður við ársfund framkvæmdanefndar Lútherska heimssambandsins* er nýr liður að upphæð 173 þús. kr. Liðurinn *Kostnaður við kirkjuþing,* sem var 175 þús. kr., fellur niður.

XXV. *Kostnaður við Skálholtshátíð* er 100 þús. kr. eða 625 þús. kr. lægri en á þessu ári, Hér er um að ræða eftirstöðvar kostnaðar við hátíð þá, sem haldin var sumarið 1963 í tilefni af vígslu Skálholtskirkju.

XXVI. *Eftirstöðvar af byggingarkostnaði Skálholtskirkju,* 700 þús. kr., er lokagreiðsla byggingarkostnaðarins.

Um 16. gr. A.

1. *Til Búnaðarfélags Íslands* hækkar um 1 millj. kr., aðallega sökum flutnings í nýtt húsnæði.

2. *Til sama, til kynnisferða bænda* hækkar um 30 þús. kr.

3. *Til greiðslu á kostnaði af starfi veiðistjóra* hækkar um 60 þús. kr. Laun eru nú tilgreind sérstaklega.

4. *Til búreikningaskrifstofu* hækkar um 3 þús. kr. Áætluð laun eru nú tilgreind sérstaklega.

5. *Gjöld samkv. jarðræktarlögum:*

Liður þessi hækkar verulega og af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi breytast fjárhæðir vegna aukinna framkvæmda. Í öðru lagi kemur til sérstakt samkomulag ríkisstjórnarinnar við fulltrúa bænda í sexmannanefnd til að greiða fyrir samkomulagi um verðlagsgrundvöll landbúnaðarafurða.

Fyrri ástæðan þarfnast ekki skýringa, en um hina síðarnefndu skal eftirfarandi tekið fram:

Fyrrgreint samkomulag er aðallega þríþætt.

Í fyrsta lagi hét ríkisstjórnin að beita sér fyrir breytingu á jarðræktar- og búfjárræktarlögum, og var þar gert ráð fyrir allt að 30% hækkun framlags úr ríkissjóði miðað við framkvæmdir 1963.

Í öðru lagi skyldi varið 5 millj. króna á ári í 5 ár til framlags til að koma upp súgþurrkun hjá bændum, þannig, að allt að þriðjungur kostnaðar greiðist.

Í þriðja lagi skyldi varið 5 millj. króna til aðstoðar þeim bændum, sem verst eru settir.

Í samræmi við framanritað eru hækkanir í frumvarpinu frá fjárlögum síðasta árs sem hér segir:

A. Gjöld vegna I. kafla laganna:

Lögboðinn hluti af kaupi héraðsráðunauta hækkar um 30% eða úr 50% í 65%. Hækkun, sem af þessu leiðir, er kr. 817 þús.

B. Gjöld vegna II. kafla laganna:

a. Jarðræktarframlög hækka um 10440 þús. kr. Kr. 4800 þús. hækkunarinnar er vegna aukinna styrkhæfra framkvæmda. Aukningin á að miklu leyti rætur að rekja til nýs ákvæðis í 1. gr. l. nr. 26/1964, sem kveður á um, að styrkur á plógræsi skuli vera kr. 0.20 pr. m. Hinn hluti hækkunarinnar er vegna fyrrnefnds samkomulags.

b. Til framræslu samkvæmt 11. gr. III hækkar um 5940 þús. kr., þar af eru 1800 þús. kr. vegna aukinnar framræslu, en 4140 þús. kr. vegna samkomulagsins.

C. Vegna III. kafla laganna.
b. Til stjórnar Vélasjóðs hækkar um 100 þús. kr.
D. Aukastyrkur til súgþurrkunar er nýr liður að upphæð 5000 þús. kr.
6. *Sérstakt framlag til bænda samkvæmt samkomulagi við bændafulltrúa í verðlagsnefnd landbúnaðarafurða,* 5000 þús. kr., er nýr liður.

Með samkomulagi því, sem frá er skýrt í 5. lið, var einnig ákveðið, að varið skyldi árlega næstu fimm ár allt að 5 millj. kr. til aðstoðar þeim bændum, sem verst eru settir, eftir nánari ákvörðun og í samráði við Búnaðarfélag Íslands, landnámsstjóra og stjórn Stéttarsambands bænda.

9. *Til verkfæranefndar ríkisins* hækkar um 25 þús. kr.
10. *Til verðlagsnefndar landbúnaðarafurða* hækkar um 75 þús. kr.
11. *Til búfjárræktar samkvæmt lögum:*

Eftirgreindar hækkanir verða aðallega vegna ofangreinds samkomulags við bændafulltrúa í sexmannanefnd:

a. Nautgriparækt.
1. Almennur styrkur til nautgriparæktarfélaga hækkar um 252 þús. kr.
2. Til verðlauna hækkar um 28 þús. kr.
b. Sauðfjárrækt.
1. Styrkur til sauðfjárkynbótabúa óbreyttur.
2. Styrkur til sauðfjárræktarfélaga hækkar um 117 þús. kr.
3. Framlag til verðlauna lækkar um 30 þús. kr.
4. Til afkvæmarannsóknastöðva hækkar um 20 þús. kr.
c. Hrossarækt.
1. Styrkur til hrossaræktarsambanda hækkar um 35 þús. kr.
2. Framlag til verðlauna er óbreytt.
3. Framlag til hrossakynbótabús hækkar um 14 þús. kr.
4. Nýr liður, ýmis framlög til hrossaræktar er 55 þús. kr.
d. Styrkur til fóðurbirgðafélaga hækkar um 75 þús. kr.
e. Framlag til sæðingarstöðva, stofnframlag og hluti launa starfsmanna hækkar um 785 þús. kr.

12. *Framlag til búfjártrygginga* hækkar um 40 þús. kr.
14. *Til jarðræktartilrauna.*
a. Rekstrarkostnaður hækkar um 190 þús. kr.
d. Til útgáfustarfsemi hækkar um 20 þús. kr.
15. *Framlag samkvæmt lögum nr. 75/1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum:*

a. Samkvæmt 27. gr. til landnáms hækkar um 2350 þús. kr., sbr. ákv. 2. gr. l. nr. 31/1964, sem kveður á um, að ríkissjóður greiði minnst 9.5 millj. kr. árlega til að undirbúa ræktun lands, þar sem stofna skal byggðahverfi í sveitum, nýbýli einstaklinga utan byggðahverfa eða hefja meiri háttar ræktunarframkvæmdir við kauptún og kaupstaði.

d. Samkvæmt 48. gr. til íbúðarhúsa á nýbýlum hækkar um 400 þús. kr., sbr. ákv. 2. mgr. 5. gr. l. nr. 31/1964.

e. Samkvæmt 64. gr. til ræktunar og framkvæmda, sbr. 60. og 63. gr., hækkar um 10125 þús. kr., sbr. 7. gr., sbr. 9. gr. l. nr. 31/1964.

Með þessum ákvæðum laga nr. 31/1964 er veitt sérstakt óafturkræft framlag til nýræktaðs lands jarða, sem hafa minna tún en 25 ha, og tekið verður út árið 1965 og síðar. Sambærilegt framlag miðast nú við 15 ha.

22. *Til sandgræðslu.*
b. Til sandgræðslustöðva hækkar um 500 þús. kr.
c. Til nýrra sandgræðslugirðinga hækkar um 500 þús. kr.
d. Skrifstofukostnaður hækkar um 5 þús. kr.
e. Til sandgræðslutilrauna hækkar um 20 þús. kr.
g. Til að gera tilraunir með áburðardreifingu úr flugvél hækkar um 200 þús. kr.

h. Ýmis gjöld hækka um 40 þús. kr.

24. *Til skógræktar* hækkar alls um 1845 þús. kr. Laun hækka um 90 þús. kr. vegna tilfærslu starfsmanna milli launaflokka. Skrifstofukostnaður hækkar um 30 þús. kr., til skóggræðslu hækkar um 305 þús. kr., til plöntuuppeldis hækkar um 370 þús. kr. og til skjólbelta um 25 þús. kr. Til skóggræðslu á jörðum einstaklinga hækkar um 50 þús. kr. Vextir og afborganir af skuldum lækka um 5 þús. kr. Til tilrauna hækkar um 260 þús. kr. og til skógræktarfélaga um 200 þús. kr. Fjárfestingarliðir, 520 þús. kr., er nýtt framlag.

Framangreindar hækkanir á framlögum til skógræktar eru nauðsynlegar til þess að unnt sé að framkvæma áætlun þá, sem gerð var 1961, um að gróðursetja árlega eina og hálfa milljón plantna.

26. *Veiðimálaskrifstofan.*

a. Laun hækka vegna launa nýs starfsmanns.

c. Annar kostnaður lækkar um 80 þús. kr.

d. Kostnaður við eldistilraunir hækkar um 16 þús. kr.

27. *Kostnaður við veiðimálanefnd og veiðieftirlit og styrkir til fiskræktar* hækkar um 100 þús. kr., vegna skuldbindinga ríkisins um styrki til fiskvegagerðar skv. lögum.

28. *Kostnaður vegna eyðingar refa og minka samkv. lögum nr. 52/1957* hækkar um 1 millj. kr. Alþingi samþykkti á s. l. vetri verulega hækkun verðlauna fyrir unnin dýr.

29. *Til dýralækna.* Gert er ráð fyrir launum tveggja nýrra dýralækna umfram það, sem nú er. Skrifstofukostnaður yfirdýralæknis hækkar um 8 þús. kr. Sóttvarnaraðgerðir og ferðakostnaður héraðsdýralækna hækka um 11 þús. kr.

32. *Kostnaður við berklapróf í nautgripum* hækkar um 5 þús. kr.

33. *Kostnaður við sauðfjársjúkdómavarnir:*

a. Sauðfjársjúkdómanefnd hækkar um 38 þús. kr.

b. Bætur vegna fjárförgunar, uppeldisstyrkur og aðrar bætur og styrkir hækka um 3100 þús. kr., m. a. vegna fjárskipta í Dalasýslu.

d. Kostnaður við vörzlu hækkar um kr. 400 þús., einkum vegna launahækkana.

e. Viðhald girðinga hækkar um 200 þús. kr.

f. Til rannsókna á garnaveiki og mæðiveiki hækkar um kr. 650 þús.

g. Aukafjárveiting við gerð Dalagirðingar o. fl. er nýr liður, að upphæð 1800 þús. kr., vegna hluta af umframkostnaði ársins 1963 við gerð Dalagirðingar, flutning á fjárskiptafé og auknar rannsóknir.

h. Flutningskostnaður líflamba haustið 1965 er nýr liður að upphæð kr. 40 þús.

j. Verðhækkun á líflömbum frá hausti 1963 til hausts 1964 er nýr liður að upphæð 1320 þús. kr.

34. *Til norræna búfræðifélagsins* hækkar um 25 þús. kr. vegna aukinnar þátttöku í norrænni samvinnu við rannsóknarstörf í landbúnaði.

39. *Til ráðningarstofu landbúnaðarins* hækkar um kr. 110 þús.

40. *Búnaðarkennsla:*

a. *Bændaskólinn á Hólum.* Stundakennsla hækkar um kr. 20 þús. Til verklegs náms hækkar um kr. 10 þús. Hiti, ljós og ræsting hækkar um kr. 50 þús. Verkfærakaup hækkar um kr. 50 þús. Til tilrauna hækkar um 35 þús. kr. Til viðhalds og endurbóta er liður að upphæð 500 þús. kr., sem kemur í stað tveggja sambærilegra liða, sem nú eru að upphæð 1.6 millj. króna. Til kennsluáhalda hækkar um kr. 5 þús. Til bókasafns hækkar um kr. 5 þús. Annar kostnaður hækkar um kr. 20 þús.

b. *Bændaskólinn á Hvanneyri.* Stundakennsla hækkar um kr. 33 þús. Til tilrauna hækkar um kr. 100 þús. Viðhald skólahúsa hækkar um kr. 35 þús. Til kennsluáhalda hækkar um kr. 10 þús. Til framhaldsdeildar hækkar um kr. 60 þús. Til undir-

búnings framhaldsnáms hækkar um kr. 5 þús. Til bókasafns hækkar um kr. 5 þús. Til kaupa á áhöldum er nýr liður að upphæð kr. 50 þús. Niður fellur liðurinn: Kostnaður vegna 75 ára afmælis skólans, 50 þús. kr.

c. *Garðyrkjuskólinn á Reykjum.* Hiti, ljós og ræsting hækkar um kr. 15 þús. Viðhald skólahúsa hækkar um kr. 50 þús. Til garðyrkjutilrauna og leiðbeiningarstarfsemi hækkar um 70 þús. kr. Vextir og afborgun af skuld er nýr liður að upphæð kr. 42 þús. Annar kostnaður hækkar um kr. 10 þús.

41. *Húsmæðraskólar utan kaupstaða.* Stundakennsla og umsjón hækkar um 146 þús. kr. Viðhald og annar kostnaður lækkar um 316 þús. kr.

46. *Mat á landbúnaðarafurðum:*

c. Ferðakostnaður hækkar um kr. 10 þús.

47. *Til landþurrkunar í Austur-Landeyjum* lækkar um kr. 40 þús.

48. *Til landþurrkunar í Vestur-Landeyjum* hækkar um kr. 40 þús.

49. *Til landþurrkunar í Rangárvallahreppi neðan Þverár.* Liðurinn fellur niður.

50. *Til byggingar varnargarðs vegna hættu á Kötlugosi og jökulhlaupi í sambandi við það* er nýr liður að upphæð 900 þús. kr.

Um 16. gr. B.

2. *Til námskeiða í meðferð fiskileitartækja* hækkar um 45 þús. kr.

4. *Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins* hækkar um 45 þús. kr.

5. *Til haf- og fiskirannsókna* hækkar um 250 þús. kr., einkum vegna hækkunar á leigu fyrir skip til rannsóknanna.

7. *Til fiskleitar, síldarrannsókna og veiðitilrauna* hækkar um 8595 þús. kr. Áætlað er að nota hluta af hækkuninni, þ. e. 1275 þús. kr., til greiðslu á auknum tilkostnaði við síldarleit, sem stunduð verður með svipuðum hætti og áður. Hinum hluta hækkunarinnar, þ. e. 7320 þús. kr., er gert ráð fyrir að verja til greiðslu kostnaður af rekstri b/v Þorsteins þorskabíts, sem notaður verður til nýrrar almennrar fiskleitar. Hefur verið notuð heimild í 2. gr. l. nr. 1/1964 til að verja 4 millj. króna á þessu ári til hennar.

8. *Til aflatryggingasjóðs* hækkar um 7.5 millj. kr. Hluti af hækkuninni, 2.5 millj. króna, er til að greiða stofnframlag ríkissjóðs í togaradeild aflatryggingasjóðs.

10. *Til fiskveiðasjóðs Íslands samkv. 3. gr. laga nr. 1/1964* er nýr liður, að upphæð 36.1 millj. króna. Með ákv. laga nr. 1/1964 var útflutningsgjald af nokkrum tegundum sjávarafurða lækkað og skiptingu tekna af gjaldinu breytt þannig, að tekjur Fiskveiðasjóðs af gjaldinu lækkuðu um helming. Í 4. gr. sömu laga er svo fyrir mælt, að greiða skuli Fiskveiðasjóði þetta teknatap úr ríkissjóði og er tillagan í samræmi við áætlun um þetta efni.

11. *Kostnaður við mat á sjávarafurðum:*

a. *Fiskmat.* Skrifstofukostnaður hækkar um 70 þús. kr. Ferðakostnaður hækkar um 158 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 38 þús. kr.

b. *Síldarmat.* Tímakaup matsmanna hækkar um 271 þús. kr. Annar kostnaður um 15 þús. kr.

c. *Ferðakostnaður matsmanna* hækkar um 173 þús. kr.

12. *Til að leita að humar- og rækjumiðum* hækkar um 200 þús. kr.

13. *Til eftirlits með hvalvinnslustöðvum* er nýr liður að upphæð 11 þús. kr.

14. *Til Aflatryggingasjóðs til styrktar útgerð togara eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur, sbr. 1. mgr. 2. gr. l. nr. 1/1964,* er nýr liður að upphæð 40 millj. kr. Með fyrrnefndu lagaákvæði var ákveðið, að ríkissjóður greiddi Aflatryggingasjóði á yfirstandandi ári 51 millj. kr. til útgerðar togara. Þar sem 7 færri togarar hafa haft eðlilegt úthald það sem af er þessu ári heldur en s. l. ár, er framlag þetta áætlað 11 millj. kr. lægra á næsta ári.

Um 16. gr. C.

1. *Til Landssambands iðnaðarmanna* hækkar um 50 þús. kr.

2. *Til Iðnaðarmálastofnunar Íslands* hækkar um 203 þús. kr., einkum vegna hækkaðs húsnæðiskostnaðar.

6. *Til iðnráða* hækkar um 20 þús. kr.

7. *Styrkur til byggingar iðnskóla í Reykjavík* hækkar um 225 þús. kr.

8. *Styrkur til byggingar iðnskóla á Akureyri* hækkar um 430 þús. kr.

Styrkur til byggingar iðnskóla á Selfossi fellur niður.

9. *Til framhaldsnáms iðnaðarmanna erlendis* hækkar um 80 þús. kr. vegna fjölgunar námsmanna erlendis.

11. *Öryggiseftirlit ríkisins.* Laun hækka um 106 þús. kr., vegna tilfærslu starfsmanna milli launaflokka. Þóknun til skoðunarmanna, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði, hækkar um 20 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 103 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum eins og áður.

Til norræns yrkisskólaþings í Helsingfors sumarið 1964. Liðurinn fellur niður.

15. *Til þess að standa straum af kostnaði við rannsóknir og undirbúning stóriðju* er nýr liður að upphæð 1.2 millj. kr.

Um 16. gr. D.

I. *Stjórn raforkumála.* Skrifstofukostnaður hækkar um 40 þús. kr.

II. *Til undirbúnings rannsókna og áætlana um nýjar virkjanir og raforkuframkvæmdir.* Skrifstofukostnaður hækkar um 50 þús. kr. Mælingar og áætlunargerð o. fl. lækkar um 108 þús. kr. Liðurinn „vextir og afborganir", 500 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum eins og verið hefur.

III. *Rafmagnsveitur ríkisins.* Sú breyting er gerð frá fjárlögum undanfarið, að tekjur og gjöld eru ekki áætluð jafnhá, heldur er gert ráð fyrir 39.2 millj. kr. halla á rekstrinum. Raunverulega hafa Rafmagnsveiturnar verið reknar með verulegum halla undanfarin ár, en sá halli verið jafnaður með lántökum. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því að greiða hann úr ríkissjóði. Rekstrarkostnaður veitna hækkar um 7.5 millj. kr. Aukningar hækka um 34 millj. kr. Kostnaður seldra vara lækkar um 2 millj. kr. Teknamegin hækka rekstrartekjur veitna um 14.5 millj. kr., vörusala lækkar um 2.2 millj. kr., ýmsar tekjur lækka um 300 þús. kr. og lántökur og viðskiptahreyfingar lækka um 12.2 millj. kr.

IV. *Vatnamælingar* hækka um 180 þús. kr.

V. *Til virkjanarannsókna í stórám landsins* hækkar um 135 þús. kr.

VI. *Til leiðbeiningar bændum um raforkumál* hækkar um 80 þús. kr.

VII. *Rafmagnseftirlit ríkisins.* Skrifstofukostnaður hækkar um 100 þús. kr., ferðakostnaður hækkar um 55 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 623 þús. kr. Tekjur lækka um 440 þús. kr. og eru áætlaðar jafnháar gjöldum eins og verið hefur.

XI. *Jarðhitadeild.* Skrifstofukostnaður hækkar um 50 þús. kr. Annar rannsóknarkostnaður hækkar um 156 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 150 þús. kr. Áhaldakostnaður lækkar um 1.6 millj. kr. Rekstrarkostnaður jarðbora lækkar um 500 þús. kr. Liðurinn Vextir og afborganir, 1 millj. kr. í fjárlögum nú, fellur niður. Tekjur lækka um 2911 þús. kr. og eru áætlaðar jafnháar gjöldum eins og verið hefur.

Um 16. gr. E.

I. *Atvinnudeild Háskólans:*

	Rafvirki	1	12.	kr.	100 320
	Verkstjóri	1	12.	—	104 400
		2		kr.	204 720
13. D. IV.	**Aðrir flugvellir:**				
	Flugvallastjórn:				
	Framkvæmdastjóri	1	22.	kr.	173 280
	Yfirverkstjóri	1	14.	—	117 360
		2		kr.	290 640
	Akureyrarflugvöllur:				
	Eftirlitsmaður	1	10.	kr.	92 760
		1		kr.	92 760
	Sauðárkróksflugvöllur:				
	Eftirlitsmaður	1	10.	kr.	100 320
		1		kr.	100 320
13. D. V.	**Flugöryggisþjónustan:**				
	Framkvæmdastjórn:				
	Framkvæmdastjóri	1	23.	kr.	173 280
		1		kr.	173 280
	Flugumferðarstjórn:				
	Upplýsingaþjónustan:				
	Deildarstjóri	1	16.	kr.	126 960
	Flugumferðarstjóri	1	16.	—	122 040
		2		kr.	249 000
	Flugumferðarstjórn Reykjavíkur:				
	Flugumferðarstjórar	18	9., 18.	kr.	1 901 230
		18		kr.	1 901 230
	Flugumferðarstjórn Akureyrar:				
	Flugumferðarstjórar	2	14., 16.	kr.	230 520
		2		kr.	230 520

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
13. D. V.	**Flugumferðarstjórn Vestmannaeyja:**				
	Flugumferðarstjórar	2	14., 16.	kr.	239 880
		2		kr.	239 880
	Flugumferðarstjórn Egilsstaða:				
	Flugumferðarstjóri	1	14.	kr.	112 920
	Aðstoðarflugumferðarstjóri	0.5	11.	—	46 380
		1.5		kr.	159 300
	Flugumferðarstjórn Ísafjarðar:				
	Flugumferðarstjórar	2	14.	kr.	217 320
		2		kr.	217 320
	Flugumferðarstjórn Hornafjarðar:				
	Gæzlumaður	1	12.	kr.	100 320
		1		kr.	100 320
	Radiodeild — stjórn:	2	16.	kr.	249 000
		2		kr.	249 000
	Radioverkstæðið, Reykjavík:				
	Verkstjórar (2 + 1)	3	12., 14.	kr.	325 800
	Radiovirkjar	5	8., 11., 12.	—	472 560
		8		kr.	798 360
	Radioverkstæðið, Akureyri:				
	Verkstjóri	1	12.	kr.	98 720
		1		kr.	98 720
	Radioverkstæðið, Egilsstöðum:				
	Radioviðgerðarmaður	0.5	11.	kr.	46 380
		0.5		kr.	46 380
13. D. VI.	**ICAO-deild:**				
	Deildarstjóri	1	20.	kr.	155 760
		1		kr.	155 760

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
13. D. IX.	**Loftferðaeftirlit:**				
	Framkvæmdastjóri	1	22.	kr.	173 280
	Ritari	1	9.	—	89 160
		2		kr.	262 440
13. D. X.	**Alþjóðaflugþjónustan:**				
	Yfirflugumferðarstjóri	1	21.	kr.	164 280
	Vaktstjórar	7	18., 19.	—	1 007 280
	Flugumferðarstjórar	12	16.	—	1 465 170
		20		kr.	2 636 730
13. D. III.	**Keflavíkurflugvöllur:**				
	Flugvallarstjórn:				
	Flugvallarstjóri	1	22.	kr.	172 800
	Skrifstofustjóri	1	20.	—	147 600
	Fulltrúar	2		—	234 720
		4		kr.	555 120
	Flugumferðarstjórn:				
	Yfirflugumferðarstjóri	1	20.	kr.	155 760
	Varðstjórar	5	18.	—	672 900
	Flugumferðarstjórar	10	16.	—	1 164 270
		16		kr.	1 992 930
13. E.	**Veðurþjónusta:**				
	Almenn veðurþjónusta:				
	Skrifstofa:				
	Veðurstofustjóri	1	27.	kr.	226 440
	Skrifstofustjóri	1	20.	—	155 760
	Ritari	1	6.	—	76 400
	Fulltrúar	2	12., 14.	—	221 400
		5		kr.	680 000
	Veðurstofa á Reykjavíkurflugvelli:				
	Deildarstjóri	1	23.	kr.	182 880
	Veðurfræðingar	3	22.	—	519 840
	Aðstoðarmenn (2 + 4)	6	10., 12.	—	576 640
		10		kr.	1 279 360

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
13. E.	**Loftskeytadeild:**				
	Deildarstjóri	1	16.	kr.	126 960
	Varðstjórar	4	13.	—	451 680
	Loftskeytamenn	3	12.	—	325 440
	÷ Fært á flugveðurstofu á Keflavíkurflugvelli 60%			—	542 448
		8		kr.	361 632
	Veðurfarsdeild:				
	Deildarstjóri	1	23.	kr.	182 880
	Aðstoðarmenn (2 + 1)	3	10., 12.	—	282 720
	Veðurfræðingur, ½ laun	1	22.	—	82 140
		5		kr.	547 740
	Jarðeðlisfræðideild:				
	Deildarstjóri	1	23.	kr.	182 880
		1		kr.	182 880
	Áhaldadeild:				
	Deildarstjóri	1	23.	kr.	182 880
	Veðurfræðingur, ½ laun		22.	—	82 140
	Viðgerðarmaður	1	10.	—	96 480
	Áhaldasmiðir	2	12., 15.	—	213 840
		4		kr.	575 340
	Flugveðurþjónusta:				
	Flugveðurstofan á Keflavíkurflugvelli:				
	Deildarstjóri	1	23.	kr.	182 880
	Veðurfræðingar	6	22.	—	1 014 000
	Aðstoðarmenn (4 + 6)	10	10., 12.	—	941 080
	Háloftsathugunarmenn	7	11., 13., 14.	—	751 800
	Aðstoðarmaður	1	12.	—	100 320
	+ Laun loftskeytadeildar 60%			—	542 448
		25		kr.	3 532 528
13. F. I.	**Ferðaskrifstofa ríkisins:**				
	Forstjóri	1	24.	kr.	192 840
	Fulltrúi	1	17.	—	132 000
	Afgreiðslumenn (1 + 3)	4	11., 12.	—	405 600
	Verzlunarstjóri	1	14.	—	112 920
	Gjaldkeri	1	17.	—	126 960
		8		kr.	970 320

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
13. F. II.	**Skipaskoðun ríkisins:**				
	Skipaskoðunarstjóri	1	26.	kr.	214 680
	Skrifstofustjóri	1	23.	—	182 880
	Skipaverkfræðingur	1	22.	—	173 280
	Tæknifræðingar	2		—	253 920
	Vélaeftirlitsmenn	4	15.	—	456 120
	Fulltrúar	2	14., 15.	—	234 720
	Gjaldkeri	1	14.	—	117 360
	Skipaeftirlitsmenn	4	12.	—	429 840
	Ritari	1	9.	—	85 800
		17		kr.	2 148 600
13. F. III.	**Stýrimannaskólinn:**				
	Skólastjóri	1	23.	kr.	182 880
	Kennarar	5	16., 18., 19.	—	632 620
		6		kr.	815 500
13. F. IV.	**Sjómannaskólahúsið:**				
	Húsvörður	1	7.	kr.	87 000
	Reikningshald			—	9 360
		1		kr.	96 360
13. F. V.	**Matsveina- og veitingaþjónaskólinn:**				
	Skólastjóri	1	20.	kr.	155 760
	Kennari	1	16.	—	126 960
		2		kr.	282 720
13. F. VI.	**Landmælingar Íslands:**				
	Forstöðumaður	1	22.	kr.	173 280
	Kortagerðamaður	1	12.	—	100 320
		2		kr.	273 600
14. A. I.	**Kennslumál:**				
	Háskólinn:				
	Rektor	1	28.	kr.	238 920
	Prófessorar	35.5	26.	—	7 503 960
	Háskólabókavörður	1	26.	—	214 680
	Dósent	1	24.	—	192 840
	Dósentar	24	U.	—	1 650 000
	Lektorar	5	U.	—	200 000
	Aukakennarar	3	U.	—	197 440
	Fimleikakennari	1	21.	—	164 280
	Háskólaritari	1	24.	—	173 280
	Fulltrúi	1	17.	—	132 000
	Bókarar	2	11.	—	191 860
	Bókavörður	1	20.	—	132 600

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
14. A. I.	Tanntæknifræðingur	1	17.	kr.	132 000
	Húsvörður	1	7.	—	83 640
	Sendikennarar	6	U.	—	240 000
		84.5		kr.	11 447 500
	Tilraunastöð Háskólans á Keldum:				
	Forstöðumaður (½)	1		kr.	101 760
	Efnafræðingur	1	23.	—	182 880
	Sérfræðingur og læknar (1 + 2)	3	23., 24.	—	539 040
	Aðstoðarmenn	7	10.	—	722 880
	Féhirðir	1	14.	—	117 360
	Bústjóri	1	15.	—	122 040
		14		kr.	1 785 960
	Orðabók Háskólans:				
	Forstöðumaður	1	26.	kr.	214 680
	Starfsmenn	3	21.	—	476 160
		4		kr.	690 840
14. A. IV.	**Fræðslumálaskrifstofan:**				
	Fræðslumálastjóri	1	27.	kr.	226 440
	Íþróttafulltrúi	1	22.	—	173 280
	Fulltrúar	5	17., 21.	—	697 920
	Ritarar	2	4., 6.	—	145 920
	Bókari	1	11.	—	89 160
	Bókafulltrúi	1	20.	—	155 760
		11		kr.	1 488 480
14. A. V.	**Menntaskólinn í Reykjavík:**				
	Rektor	1	26.	kr.	214 680
	Kennarar	34	18., 20., 21.	—	5 071 947
	Húsvörður	1	7.	—	80 520
	Fulltrúi	1	14.	—	109 960
		37		kr.	5 477 107
14. A. VI.	**Menntaskólinn á Akureyri:**				
	Skólameistari	1	26.	kr.	214 680
	Kennarar	15	18., 20., 21.	—	2 311 960
	Dyravörður	1	7.	—	90 480
		17		kr.	2 617 120
14. A. VII.	**Menntaskólinn á Laugarvatni:**				
	Skólameistari	1	26.	kr.	214 680
	Kennarar	6	20., 21.	—	902 760
		7		kr.	1 117 440

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
14. A. VIII.	**Kennaraskólinn:**				
	Skólastjóri	1	26.	kr.	214 680
	Kennarar	23	15.—21.	—	3 396 236
	Húsvörður	1	7.	—	90 480
	Fulltrúi (½ laun)	1	12.	—	44 580
		26		kr.	3 745 976
	Handavinnudeild:				
	Kennarar	3	18.	kr.	411 840
		3		kr.	411 840
14. A. IX.	**Vélskólinn í Reykjavík:**				
	Skólastjóri	1	23.	kr.	182 880
	Kennarar	4	17., 18., 19.	—	513 960
		5		kr.	696 840
14. A. X.	**Iðnskólar:**				
	Iðnskólinn í Reykjavík	23	16., 24.	kr.	2 904 840
	Iðnskólar utan Reykjavíkur	11	16., 20.	—	1 448 208
	Orlofs- og forfallakennsla	1		—	122 406
		35		kr.	4 475 454
	Listiðnaðardeild Handíðaskólans:				
	Skólastjóri	1	22.	kr.	173 280
	Kennari	1	18.	—	87 996
		2		kr.	261 276
14. A. XII.	**Almenn barnafræðsla:**				
	1. Skólastjórar og kennarar í Reykjavík	302	15.—24.	kr.	34 675 380
	2. Skólastjóri og kennarar á Akranesi	21	15.—22.	—	2 310 000
	3. Skólastjóri og kennarar á Ísafirði	15	12.—20.	—	1 508 728
	4. Skólastjóri og kennarar á Sauðárkróki	7	12.—18.	—	707 380
	5. Skólastjóri og kennarar á Siglufirði	12	12.—20.	—	1 320 000
	6. Skólastjóri og kennarar á Ólafsfirði	5	12.—18.	—	540 940
	7. Skólastjórar og kennarar á Akureyri	42	12.—23.	—	4 704 000
	8. Skólastjóri og kennarar á Húsavík	8	15.—18.	—	800 000
	9. Skólastjóri og kennarar á Seyðisfirði	5	15.—20.	—	612 000

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
14. A. XII.	10. Skólastjóri og kennarar í Neskaupstað	8	15.—20.	kr.	920 000
	11. Skólastjóri og kennarar í Vestmannaeyjum	22	12.—22.	—	2 145 000
	12. Skólastjóri og kennarar í Keflavík	26	15.—23.	—	2 795 000
	13. Skólastjórar og kennarar í Hafnarfirði	38	15.—24.	—	4 003 000
	14. Skólastjórar og kennarar í Kópavogi	45	15.—23.	—	5 116 680
	15. Skólastjórar og kennarar í föstum skólum utan kaupstaða	330	15.—20.	—	36 811 920
	16. Farskólakennarar	58	12.—16.	—	3 828 000
	17. Forfalla- og orlofskennarar	14		—	1 540 000
	18. Laun vegna tví- og þrískipunar			—	650 000
	19. Laun 66 ráðskvenna			—	2 319 925
		958		kr.	107 307 953

14. A. XIII. **Gagnfræðamenntun:**

1.	Eiðaskóli	8	kr.	1 033 080
2.	Reykholtsskóli	6	16.—24.	— 848 760
3.	Núpsskóli	6	16.—24.	— 850 000
4.	Reykjanesskóli	6	16.—24.	— 550 122
5.	Reykjaskóli	6	16.—24.	— 860 480
6.	Laugaskóli	7	16.—24.	— 996 000
7.	Skógaskóli	6	16.—24.	— 864 000
8.	Laugarvatnsskóli	6	18.—24.	— 864 000
9.	Gagnfræðaskólar í Reykjavík	242	16.—24.	— 30 141 216
10.	Gagnfræðaskólinn á Akranesi	15	16.—23.	— 1 868 040
11.	Gagnfræðaskólinn á Ísafirði	12	16.—21.	— 1 377 584
12.	Gagnfræðaskólinn á Siglufirði	12	16.—21.	— 1 374 960
13.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri	29	16.—24.	— 3 854 520
14.	Gagnfræðaskólinn á Húsavík	7	16.—20.	— 880 000
15.	Gagnfræðaskólinn í Neskaupst.	5	16.—20.	— 635 760
16.	Gagnfræðask. í Vestm.eyjum	15	16.—23.	— 1 784 000
17.	Gagnfræðaskólinn í Keflavík	18	16.—23.	— 1 874 180
18.	Gagnfræðaskólinn í Hafnarf.	23	16.—24.	— 2 724 640
19.	Gagnfræðaskólinn í Kópavogi	20	16.—23.	— 2 483 280
20.	Miðskólinn í Borgarnesi	3	16.	— 366 120
21.	Miðskólinn í Stykkishólmi	4	16.	— 488 160
22.	Miðskólinn á Blönduósi	2.5	16.	— 305 100
23.	Miðskólinn á Skagaströnd	2.5	16.	— 296 856
24.	Miðskólinn á Sauðárkróki	5.5	16.—20.	— 686 700
25.	Miðskólinn í Ólafsfirði	3	16.—20.	— 369 800
26.	Miðskólinn í Dalvík	2.5	16., 18.	— 345 996
27.	Miðskólinn á Selfossi	7	16.—20.	— 858 740
28.	Miðskólinn í Hveragerði	4	16.—18.	— 445 200
29.	Miðskólinn á Seltjarnarnesi	5	16.	— 596 400
30.	Miðskólinn á Brúarlandi	3	16., 18.	— 377 996
31.	Unglingaskólar	23	16.	— 2 501 280

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
14. A. XIII.	32. Forfalla- og orlofskennarar ..	14		kr.	1 322 320
	33. Laun fyrir tví- og þrískiptingu			—	680 000
	34. Hjúkrunarkona á Laugarvatni			—	112 920
		528		kr.	65 618 210
14. A. XVII.	**Húsmæðrafræðsla í kaupstöðum:**				
	1. Húsmæðrakennaraskólinn	3	18.—22.	kr.	442 560
	2. Húsmæðraskólinn í Reykjavík	7	16.—20.	—	910 200
	3. Húsmæðraskólinn á Ísafirði ..	4	16.—20.	—	510 360
	4. Orlofs- og forfallakennari	1		—	122 406
		15		kr.	1 985 526
14. A. XVIII.	**Hjúkrunarskóli Íslands:**				
	Skólastjóri	1	22.	kr.	173 280
	Kennarar	6	16.	—	704 400
	Hjúkrunarkona	1	13.	—	100 320
	Kaup hjúkrunarnema		U.	—	700 000
	Umsjónarkona	1	5.	—	83 640
	Starfsstúlka	1	U.	—	72 000
	Hús- og símaverðir	5	5.	—	396 480
	Yfirsaumakona og saumakona	2	8., 5.	—	154 920
	Stundakennsla lækna og sérfr. ...			—	200 000
	Sumarleyfi, forfallavinna og álag .			—	276 695
		17		kr.	2 861 735
14. A. XIX.	**Íþróttakennaraskólinn**	2	18., 22.	kr.	296 960
14. A. XX.	**Heyrnleysingjaskólinn**	5	16.—22.	—	667 080
14. A. XLI.	**Námsstjórar**	9	22.	—	1 559 520
14. A. XLII.	**Endurskoðun skólakostnaðar**	5	17.—25.	—	696 000
14. B. I.	**Landsbókasafnið:**				
	Landsbókavörður	1	26.	kr.	214 680
	Bókaverðir (1 + 6 + 1)	8	19., 20., 21.	—	1 230 120
	Viðgerðarmaður, sérfræðingur	1	16.	—	126 960
	Bókbandsmeistari	1	14.	—	117 360
	Umsjónarmaður með myndagerð ..	1	14.	—	104 400
	Ritari	1	9.	—	96 480
	Ráðunautur	1	U.	—	30 000
		14		kr.	1 920 000
14. B. II.	**Þjóðskjalasafnið:**				
	Þjóðskjalavörður	1	26.	kr.	214 680
	Skjalaverðir	4	20.	—	586 080
	Æviskrárritari	1	19.	—	147 600
	Bókari	1	9.	—	89 160
		7		kr.	1 037 520

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
14. B. III.	**Þjóðminjasafnið:**				
	Þjóðminjavörður	1	26.	kr.	214 680
	Safnverðir	4	16.—20.	—	557 480
	Aðstoðarmaður	1	9.	—	85 800
		6		kr.	857 960
14. B. V.	**Listasafn Íslands:**				
	Safnvörður	1	24.	kr.	192 840
		1		kr.	192 840
14. B. VI.	**Fræðslumyndasafn:**				
	Forstöðumaður	1	19.	kr.	147 600
	Safnvörður	1	17.	—	113 660
		2		kr.	261 260
14. B. VII.	**Náttúrugripasafnið:**				
	Forstöðumaður	1	26.	kr.	203 520
	Deildarstjórar	2	23.	—	365 760
	Sérfræðingar	2		—	346 560
	Hamskeri	1	14.	—	117 360
	Aðstoðarmenn	2	9.	—	173 280
		8		kr.	1 206 480
14. B. IX.	**Safnahúsið:**				
	Húsvörður	1	7.	kr.	90 480
	Aukavinna			—	6 650
		1		kr.	97 130
15. I.	**Kirkjumál:**				
	Biskupsembættið:				
	Biskup	1	28.	kr.	238 920
	Biskupsritari	1	22.	—	173 280
	Bókari	1	11.	—	104 400
		3		kr.	516 600
15. II.	Embætti sóknarpresta og prófasta	128	21.—23.	kr.	20 328 812
		128		kr.	20 328 812
15. III.	**Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar:**				
	Söngmálastjóri	1	21.	kr.	164 280
		1		kr.	164 280

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
16. A. 21.	**Sandgræðslan:**				
	Sandgræðslustjóri	1	24.	kr.	192 840
	Ráðsmaður og umsjónarmaður	2		—	197 360
		3		kr.	390 200
16. A. 23.	**Skógræktin:**				
	Skógræktarstjóri	1	26.	kr.	214 680
	Skógfræðingar	4	22.	—	675 120
	Skógarverðir (3 á ½ launum)	8	13.	—	592 864
		13		kr.	1 482 664
16. A. 26.	**Veiðimál:**				
	Veiðimálastjóri	1	25.	kr.	203 520
	Fulltrúi	1	14.	—	117 360
	Aðstoðarmaður	1	10.	—	83 280
		3		kr.	404 160
16. A. 29.	**Dýralæknar:**				
	Yfirdýralæknir	1	26.	kr.	214 680
	Héraðsdýralæknar	15	16.—20.	—	1 880 400
		16		kr.	2 095 080
16. A. 41.a.	**Bændaskólinn á Hólum:**				
	Skólastjóri	1	23.	kr.	182 880
	Kennarar (1 + 3)	4	16., 19.	—	557 160
		5		kr.	740 040
16. A. 41.b.	**Bændaskólinn á Hvanneyri:**				
	Skólastjóri	1	23.	kr.	182 880
	Kennarar (1 + 1 + 3)	5	16., 18., 19.	—	663 000
		6		kr.	845 880
16. A. 41.c.	**Garðyrkjuskólinn á Reykjum:**				
	Skólastjóri	1	23.	kr.	182 880
	Kennari	1	19.	—	147 600
		2		kr.	330 480
16. A. 42.	**Húsmæðraskólar:**				
	a. Húsmæðraskólinn, Varmalandi	4	16., 18., 20.	kr.	485 560
	b. Húsmæðraskólinn, Staðarfelli	3	13., 20.	—	324 720
	c. Húsmæðraskólinn, Blönduósi	5	13., 16., 18., 20.	—	620 600
	d. Húsmæðraskólinn, Löngumýri	4	16., 18., 20.	—	545 000
	e. Húsmæðraskólinn, Laugalandi	4	16., 18., 20.	—	494 520
	f. Húsmæðraskólinn, Laugum	4	16., 18., 20.	—	508 560

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
16. A. 42.	g. Húsmæðraskólinn, Hallormsstað	4	13., 16., 18.	kr.	446 532
	h. Húsmæðraskólinn, Laugarvatni	3	16., 20.	—	386 280
	i. Orlofs- og forfallakennarar ...	1		—	122 406
		32		kr.	3 934 178
16. B.	**Fiskmat:**				
	Fiskmatsstjóri	1	25.	kr.	203 520
	Fulltrúi	1	14.	—	100 320
	Yfirfiskmatsmenn (9 + 3)	12	16., 17.	—	1 505 040
	Ritarar	2	4.,6.	—	142 560
		16		kr.	1 951 440
16. C.	**Öryggiseftirlit:**				
	Öryggismálastjóri	1	26.	kr.	214 680
	Öryggiseftirlitsmenn	2	18., 22.	—	300 240
	Skoðunarmenn	3	15.	—	339 720
	Bókari	1	11.	—	104 400
		7		kr.	959 040
16. D.	**Raforkumál:**				
	Skrifstofa raforkumálastjóra:				
	Raforkumálastjóri	1	27.	kr.	226 440
	Skrifstofustjóri	1	24.	—	192 840
	Fulltrúi	1	21.	—	155 760
	Aðalbókari	1	17.	—	132 000
	Aðalgjaldkeri	1	17.	—	132 000
	Bókarar	4	8.	—	333 120
	Undirdeildarstjóri	1	20.	—	155 760
	Fulltrúar (3 + 1)	4	14., 17.	—	479 640
	Ritarar og símastúlka	4	4., 7., 8.	—	292 920
	Skjalavörður	1	11.	—	100 320
	Sendisveinn	1		—	57 600
		20		kr.	2 258 400
	÷ Flutt á aðrar deildir			—	2 031 960
		20		kr.	226 440
	Orku- og vatnamáladeild:				
	Yfirverkfræðingur	1	24.	kr.	203 520
	Fulltrúar (1 + 2)	3	17., 21.	—	453 460
	Verkfræðingar	3	22.	—	519 840
	Teiknarar	2	7., 10.	—	177 000
	Vatnamælingamaður	1	14.	—	108 480
	Jarðfræðingur	1	22.	—	164 280
	Forstöðumaður vatnamælinga	1	22.	—	173 280
	Forstöðumaður teiknistofu	1	15.	—	122 040
	Flutt af aðalskrifstofu			—	122 000
		13		kr.	2 043 900

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
16. D.	**Rafmagnseftirlit ríkisins:**				
	Rafmagnseftirlitsstjóri	1	25.	kr.	203 520
	Eftirlitsmenn (5 + 2)	7	12., 14.	—	747 080
	Fulltrúi	1	14.	—	117 360
	Ritarar (1 + 2)	3	4., 6.	—	225 760
	Verkfræðingur	1	22.	—	173 280
	Flutt af aðalskrifstofu			—	203 000
		13		kr.	1 670 000
	Jarðhitadeild:				
	Yfirverkfræðingur	1	25.	kr.	203 520
	Deildarverkfræðingar	2	24.	—	378 210
	Verkfræðingur	1	22.	—	173 280
	Jarðfræðingur	1	22.	—	164 280
	Undirdeildarstjóri	1	20.	—	155 760
	Fulltrúi	1	14.	—	117 360
	Aðalverkstjórar	2	14.	—	234 720
	Ritari	1	9.	—	89 160
	Flutt af aðalskrifstofu			—	122 000
		10		kr.	1 638 290
	Rafmagnsveitur ríkisins:				
	Rafmagnsveitustjóri	1	26.	kr.	214 680
	Deildarverkfræðingur	1	24.	—	192 840
	Deildarstjórar (1 + 2)	3	22., 23.	—	539 040
	Verkfræðingar	4	22.	—	693 120
	Rafveitustjórar	3	20.	—	459 120
	Rafveitustjórar	5	16.	—	617 350
	Undirdeildarstjórar	3	20.	—	463 200
	Tæknifræðingar	7	18.	—	879 000
	Fulltrúi	1	17.	—	122 040
	Fulltrúar	2	14.	—	230 280
	Fulltrúar	3	12.	—	313 200
	Stöðvarstjórar	3	16.	—	353 540
	Eftirlitsmaður dísilstöðva	1	15.	—	112 920
	Vélstjóri	1	15.	—	117 360
	Aðalverkstjóri og verkstjórar	6	14.	—	674 400
	Rafgæzlumenn	4	14.	—	442 800
	Rafmagnseftirlitsmenn	3	14.	—	338 760
	Rafvirkjar	2	12., 14.	—	204 720
	Mælaprófari	1	13.	—	112 920
	Rafgæzlumenn	4	13.	—	438 720
	Yfirteiknari	1	13.	—	104 400
	Gjaldkerar (1 + 2)	3	9., 12.	—	285 600
	Teiknarar (3 + 1)	4	7., 10.	—	339 860
	Stöðvarstjóri	1	11.	—	100 320
	Flokksstjórar	3	9.	—	287 440
	Ritarar	2	4., 9.	—	160 200
	Bifreiðarstjóri	1	8.	—	92 760
	Bókarar	4	8.	—	337 320

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
16. D.	Vélaverðir	2	8.	kr. 178 560
	Flutt af aðalskrifstofu			— 1 584 960
		79		kr. 10 991 430
16. E. I.	**Atvinnudeild Háskólans:**			
	Iðnaðardeild:			
	Deildarstjóri	1	26.	kr. 214 680
	Sérfræðingar	8	22.	— 1 307 040
	Aðstoðarmenn (4 + 1 + 2)	7	12., 14., 17.	— 753 640
	Verkfræðingur	1	22.	— 147 600
		17		kr. 2 422 960
	Fiskideild:			
	Deildarstjóri	1	26.	kr. 214 680
	Sérfræðingar	10	22.	— 1 657 260
	Aðstoðarmenn	14	10.—17.	— 1 462 410
	Ritari	1	6.	— 70 560
	Radiotæknimaður	1	18.	— 126 960
	Sérfræðingar við fiskirannsóknir	2	U.	— 221 400
		29		kr. 3 753 270
	Landbúnaðardeild:			
	Deildarstjóri	1	26.	kr. 214 680
	Sérfræðingar	8	21., 22	— 1 341 720
	Aðstoðarmenn	6	12., 14.	— 586 130
	Aðstoð			— 33 048
		15		kr. 2 175 578
	Sameiginlegur kostnaður:			
	Skrifstofustjóri	1	20.	kr. 155 760
	Ritarar	2	6.	— 154 800
	Tækjasmiður	1	15.	— 122 040
	Bókari	1	11.	— 92 760
	Gjaldkeri	1	14.	— 108 480
		6		kr. 633 840
16. E. II.	**Rannsóknaráð ríkisins:**			
	Framkvæmdastjóri	1	26.	kr. 214 680
	Ráðsmeðlimir		U.	— 50 292
	Bókari	1	11.	— 96 480
		2		kr. 361 452

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
16. E. III.	**Löggildingarstofan:**				
	Forstjóri	1	17.	kr.	132 000
	Aðstoðarmenn (4 + 1)	5	8., 10.	—	443 520
		6		kr.	575 520
17. I. 1.	**Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:**				
	Nefndarmenn			kr.	27 000
	Skipulagsstjóri	1	27.	—	226 440
	Arkitektar	3	21., 18.	—	433 920
	Verkfræðingur	1	22.	—	164 280
	Ritari	1	9.	—	89 160
		6		kr.	940 800
17. II.	**Húsnæðismálastofnun ríkisins:**				
	Nefndarmenn			kr.	311 364
	Framkvæmdastjóri	1	23.	—	182 880
		1		kr.	494 244
17. V. 1. c.	**Berklalæknar:**				
	Yfirlæknir	1	26.	kr.	214 680
	Læknir	1	24.	—	192.840
	Berklayfirlæknir		U.	—	58 452
		2		kr.	465 972

Ed. 2. Frumvarp til laga [2. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1965 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1965 með sömu viðaukum og verið hefur undanfarin ár. Ákvæði um þetta er nú að finna í 1. og 2. gr. laga nr. 73 1963, um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Rétt er að geta þess, að ákvæði 3. gr. framangreindra laga, sem fjölluðu um álag á bifreiðaskatt og álag á innflutningsgjald af hjólbörðum, voru felld niður með vegalögum nr. 71/1964.

Nd. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um launaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum, öðrum en tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi rennur til Byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag.

2. gr.

Skattskyldir samkv. lögum þessum eru allir launagreiðendur, svo sem einstaklingar, félög, sjóðir og stofnanir, sveitarfélög og stofnanir þeirra, ríkissjóður, ríkisstofnanir, erlendir verktakar og aðrir þeir aðilar, sem greiða laun eða hvers konar þóknanir fyrir starf. Enn fremur hver sá, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða stundar sjálfstæða starfsemi.

Skattskyldan nær til allra tegunda launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnast, hvort sem greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt í hlunnindum skal meta þau til peninga. Nú vinnur maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og skal þá áætla skattstofn hans vegna þess starfs eftir því, sem ætla má, að laun hans hefðu orðið, ef hann hefði unnið starfið í þágu annars aðila. Ekki skiptir máli í þessu sambandi, hver er rekstrarafkoma gjaldanda af hlutaðeigandi starfsemi.

Undanþegin skattskyldu eru laun eða þóknanir fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra, sem hann greiðir laun. Enn fremur vinnulaun vegna jarðræktarframkvæmda og byggingarframkvæmda á bújörðum.

3. gr.

Launaskattur greiðist ársfjórðungslega innan 15 daga eftir lok hvers ársfjórðungs af þeim launum, sem greidd hafa verið á ársfjórðungnum sbr. þó 4. gr. Skattinn ber launagreiðanda að greiða til innheimtumanns ríkissjóðs (í Reykjavík til tollstjóra). Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattgreiðanda um launagreiðslur hans á hinu gjaldskylda tímabili á þar til gerðu eyðublaði.

Nú vanrækir launagreiðandi lengur en einn mánuð skil á launaskatti samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, og skal hann þá sæta viðurlögum og greiða til viðbótar skattinum álag, er nemi 25% af því, sem greiða bar.

Ráðuneytið lætur gera eyðublöð fyrir greinargerð um greiðslu launaskatts samkvæmt þessari grein. Skattstjórar skulu útbýta eyðublöðum þessum til þeirra gjaldenda, sem greiða eiga launaskatt, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, svo tímanlega, að eyðublöðin séu komin í hendur gjaldenda mánuði fyrir gjalddaga. Auk þess skulu nægar birgðir eyðublaða jafnan vera fyrir hendi til afnota fyrir gjaldendur hjá innheimtumönnum ríkissjóðs.

Eigi leysir það gjaldanda frá skilaskyldu á launaskatti, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar sbr. 2. mgr., þó að honum hafi ekki borizt eyðublað frá skattstjóra, skv. 3. mgr.

4. gr.

Skattstjóri ákveður árlega launaskatt sem hér segir:

a. Launaskatt af launum þeirra, sem hafa atvinnu við eigin atvinnurekstur, eða sjálfstæða starfsemi.
b. Launaskatt af launum, sem ekki eru greidd í peningum, svo sem ef laun eru greidd í aflahlut, fríu fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum.
c. Launaskatt þeirra gjaldenda, sem ekki greiða samtals hærri laun til annarra en sjálfs sín en kr. 500000.00 á ári. Heimilt er þó slíkum gjaldendum að greiða launaskatt, samkvæmt ákvæðum 3. gr.

5. gr.

Innheimtumenn ríkisins (í Reykjavík tollstjóri) skulu fyrir febrúarlok ár hvert skila hlutaðeigandi skattstjórum greinargerðum þeim um launagreiðslur, sem þeim hafa borizt vegna síðastliðins árs.

Skattstjórarnir skulu síðan rannsaka launaskatt þeirra, sem greiða eiga launaskatt, samkvæmt 3. gr., m. a. með samanburði við skattframtöl og önnur gögn, sem fyrir hendi eru. Þeir skulu síðan leiðrétta það, sem áfátt kann að reynast og ákveða endanlega skattinn fyrir síðastliðið ár, svo og viðurlög, skv. 3. gr. 2. mgr.

6. gr.

Um leið og rannsókn skattframtala fer fram, skulu skattstjórar ákveða launaskatt þeirra gjaldenda, sem greiða eiga launaskatt samkvæmt 4. gr.

Launaskattur, sem lægri er í heild en 300 krónur á ári, fellur niður.

7. gr.

Að lokinni ákvörðun launaskatts, samkvæmt 5. og 6. gr. laga þessara, skulu skattstjórar semja skrá um alla þá, sem vangreitt eigi launaskatt og viðurlög, samkv. 5. gr. og alla þá, sem greiða eiga launaskatt samkvæmt 6. gr. Sérstök skrá skal gerð um launaskattsgreiðendur í hverju lögsagnarumdæmi. Á skrána skal færa nöfn gjaldenda, heimilisfang þeirra og fjárhæð þá, að viðbættum viðurlögum, sbr. 5. gr., sem hverjum gjaldanda ber að greiða.

8. gr.

Um álagningu launaskattsins, rannsóknir, vantandi greinargerðir, sbr. 3. gr. 1. mgr., framlagningu skráa, samkv. 7. gr., kærur út af skattákvörðun, kærufresti, úrskurði, áfrýjun úrskurða og annað þar að lútandi, fer samkvæmt reglum þeim, sem gilda um tekju- og eignarskatt, eftir því, sem við á.

9. gr.

Innheimtu launaskatts, samkvæmt skattskrám sbr. 7.—8. gr., annast þær stofnanir og embættismenn, sem innheimta tekju- og eignarskatt til ríkissjóðs, og gilda sömu reglur um þá innheimtu og gilda um innheimtu tekju- og eignarskatts, þar á meðal ákvæðin um gjalddaga, lögtaksrétt og dráttarvexti.

Sama gildir um skil innheimtuaðila á launaskatti til ríkisféhirðis.

Ríkisféhirðir skal gera mánaðarlega skil til Byggingarsjóðs ríkisins á þeim launaskatti, sem hann hefur móttekið frá innheimtumönnum ríkisins.

10. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir 1% af innheimtum launaskatti, samkvæmt lögum þessum til ríkissjóðs vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

11. gr.

Launaskattur er frádráttarbær, sem rekstrarútgjöld, að því leyti, sem hann er ákvarðaður af launum, sem teljast frádráttarbær við ákvörðun tekjuskatts og tekjuútsvars.

12. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ. á m. ákvæði um hverjir skuli gera skil á launaskatti, þegar um er að ræða ákvæðisvinnu, eða verktakasamninga o. þ. h.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal launaskttur greiddur af öllum launum, samkvæmt lögum þessum, sem greidd eru vegna starfa, sem unnin eru frá og með 1. júlí 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um launaskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að í samkomulagi, sem gert var hinn 5. júní s. l. milli ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, hafi ríkisstjórnin lýst yfir, að hún mundi „beita sér fyrir ráðstöfunum til úrlausnar í húsnæðismálum, er hafi þann tilgang annars vegar að létta efnalitlum fjölskyldum að eignast íbúðir, en hins vegar að tryggja nægar og stöðugar íbúðabyggingar í landinu". Ein af forsendum þess, að þetta mætti takast væri, „að lagður verði á launagreiðendur almennur launaskattur að upphæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum af landbúnaði. Renni skatturinn til Byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag". Þar sem sjóðurinn þurfi nú þegar á þessum tekjuauka að halda, og í trausti þess, að samningar þeir milli aðila um kjaramál, sem stefnt var að með samkomulaginu frá 5. júní, náist, verði að telja brýna nauðsyn til þess að setja nú þegar lög um launaskatt.

Með skírskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum, öðrum en tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi rennur til Byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag.

2. gr.

Skattskyldir samkv. lögum þessum eru allir launagreiðendur, svo sem einstaklingar, félög, sjóðir og stofnanir, sveitarfélög og stofnanir þeirra, ríkissjóður, ríkisstofnanir, erlendir verktakar og aðrir þeir aðilar, sem greiða laun eða hvers konar þóknanir fyrir starf. Enn fremur hver sá, sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða stundar sjálfstæða starfsemi.

Skattskyldan nær til allra tegunda launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnast, hvort sem greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt í hlunnindum skal meta þau til peninga. Nú vinnur maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og skal þá áætla skattstofn hans vegna þess starfs eftir því, sem ætla má, að laun hans hefðu orðið, ef hann hefði unnið starfið í þágu annars aðila. Ekki skiptir máli í þessu sambandi, hver er rekstrarafkoma gjaldanda af hlutaðeigandi starfsemi.

Undanþegin skattskyldu eru laun eða þóknanir fyrir störf við landbúnað, jafnt vinna bóndans sjálfs og þeirra, sem hann greiðir laun. Enn fremur vinnulaun vegna jarðræktarframkvæmda og byggingarframkvæmda á bújörðum.

3. gr.

Launaskattur greiðist ársfjórðungslega innan 15 daga eftir lok hvers ársfjórðungs af þeim launum, sem greidd hafa verið á ársfjórðungnum sbr. þó 4. gr. Skattinn ber launagreiðanda að greiða til innheimtumanns ríkissjóðs (í Reykjavík til tollstjóra). Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattgreiðanda um launagreiðslur hans á hinu gjaldskylda tímabili á þar til gerðu eyðublaði.

Nú vanrækir launagreiðandi lengur en einn mánuð skil á launaskatti samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, og skal hann þá sæta viðurlögum og greiða til viðbótar skattinum álag, er nemi 25% af því, sem greiða bar.

Ráðuneytið lætur gera eyðublöð fyrir greinargerð um greiðslu launaskatts samkvæmt þessari grein. Skattstjórar skulu útbýta eyðublöðum þessum til þeirra gjaldenda, sem greiða eiga launaskatt, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, svo tímanlega, að eyðublöðin séu komin í hendur gjaldenda mánuði fyrir gjalddaga. Auk þess skulu nægar birgðir eyðublaða jafnan vera fyrir hendi til afnota fyrir gjaldendur hjá innheimtumönnum ríkissjóðs.

Eigi leysir það gjaldanda frá skilaskyldu á launaskatti, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar sbr. 2. mgr., þó að honum hafi ekki borizt eyðublað frá skattstjóra, skv. 3. mgr.

4. gr.

Skattstjóri ákveður árlega launaskatt sem hér segir:

a. Launaskatt af launum þeirra, sem hafa atvinnu við eigin atvinnurekstur, eða sjálfstæða starfsemi.
b. Launaskatt af launum, sem ekki eru greidd í peningum, svo sem ef laun eru greidd í aflahlut, fríu fæði, húsnæði eða öðrum hlunnindum.
c. Launaskatt þeirra gjaldenda, sem ekki greiða samtals hærri laun til annarra en sjálfs sín en kr. 500000.00 á ári. Heimilt er þó slíkum gjaldendum að greiða launaskatt, samkvæmt ákvæðum 3. gr.

5. gr.

Innheimtumenn ríkisins (í Reykjavík tollstjóri) skulu fyrir febrúarlok ár hvert skila hlutaðeigandi skattstjórum greinargerðum þeim um launagreiðslur, sem þeim hafa borizt vegna síðastliðins árs.

Skattstjórarnir skulu síðan rannsaka launaskattskil þeirra, sem greiða eiga launaskatt, samkvæmt 3. gr., m. a. með samanburði við skattframtöl og önnur gögn, sem fyrir hendi eru. Þeir skulu síðan leiðrétta það, sem áfátt kann að reynast og ákveða endanlega skattinn fyrir síðastliðið ár, svo og viðurlög, skv. 3. gr. 2. mgr.

6. gr.

Um leið og rannsókn skattframtala fer fram, skulu skattstjórar ákveða launaskatt þeirra gjaldenda, sem greiða eiga launaskatt samkvæmt 4. gr.

Launaskattur, sem lægri er í heild en 300 krónur á ári, fellur niður.

7. gr.

Að lokinni ákvörðun launaskatts, samkvæmt 5. og 6. gr. laga þessara, skulu skattstjórar semja skrá um alla þá, sem vangreitt eiga launaskatt og viðurlög, samkv. 5. gr. og alla þá, sem greiða eiga launaskatt samkvæmt 6. gr. Sérstök skrá skal gerð um launaskattsgreiðendur í hverju lögsagnarumdæmi. Á skrána skal færa nöfn gjaldenda, heimilisfang þeirra og fjárhæð þá, að viðbættum viðurlögum, sbr. 5. gr., sem hverjum gjaldanda ber að greiða.

8. gr.

Um álagningu launaskattsins, rannsóknir, vantandi greinargerðir, sbr. 3. gr. 1. mgr., framlagningu skráa, samkv. 7. gr., kærur út af skattákvörðun, kærufresti, úrskurði, áfrýjun úrskurða og annað þar að lútandi, fer samkvæmt reglum þeim, sem gilda um tekju- og eignarskatt, eftir því, sem við á.

9. gr.

Innheimtu launaskatts, samkvæmt skattskrám sbr. 7.—8. gr., annast þær stofnanir og embættismenn, sem innheimta tekju- og eignarskatt til ríkissjóðs, og gilda sömu reglur um þá innheimtu og gilda um innheimtu tekju- og eignarskatts, þar á meðal ákvæðin um gjalddaga, lögtaksrétt og dráttarvexti.

Sama gildir um skil innheimtuaðila á launaskatti til ríkisféhirðis.

Ríkisféhirðir skal gera mánaðarlega skil til Byggingarsjóðs ríkisins á þeim launaskatti, sem hann hefur móttekið frá innheimtumönnum ríkisins.

10. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir 1% af innheimtum launaskatti, samkvæmt lögum þessum til ríkissjóðs vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

11. gr.

Launaskattur er frádráttarbær, sem rekstrarútgjöld, að því leyti, sem hann er ákvarðaður af launum, sem teljast frádráttarbær við ákvörðun tekjuskatts og tekjuútsvars.

12. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ. á m. ákvæði um hverjir skuli gera skil á launaskatti, þegar um er að ræða ákvæðisvinnu, eða verktakasamninga o. þ. h.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal launaskattur greiddur af öllum launum, samkvæmt lögum þessum, sem greidd eru vegna starfa, sem unnin eru frá og með 1. júlí 1964.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Emil Jónsson.

Nd. **4. Frumvarp til laga** [4. mál]

um breyting á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Á eftir 1. málsgrein 14. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Leyfi til slátrunar skal veita öllum félögum og einstaklingum, sem slátrunarleyfi höfðu haustið 1963, svo og þeim, sem eignast hafa sláturhús þessara aðila og tekið við rekstri þeirra, enda fullnægi húsin þeim kröfum um búnað, sem gerðar eru í lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins, sem fer hér á eftir:

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að framleiðsluráð landbúnaðarins hafi synjað nýstofnuðu samvinnufélagi, sem eignazt hefur og tekið við rekstri sláturhúss, leyfi til slátrunar, þótt fyrri eigandi hafi haft leyfi til slíkrar starfsemi.

Að þessu leyti nýtur samvinnufélag ekki sama réttar og kaupmaður í sömu aðstöðu, jafnvel þótt félagsmenn þess skipti hundruðum.

Til þess að leiðrétta þetta misrétti ber brýna nauðsyn til að setja nú þegar bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 1. málsgrein 14. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Leyfi til slátrunar skal veita öllum félögum og einstaklingum, sem slátrunarleyfi höfðu haustið 1963, svo og þeim, sem eignazt hafa sláturhús þessara aðila og tekið við rekstri þeirra, enda fullnægi húsin þeim kröfum um búnað, sem gerðar eru í lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. september 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

Nd. 5. Frumvarp til laga [5. mál]

um verðtryggingu launa.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbót á laun og aðrar greiðslur fyrir unnin störf samkvæmt nánari fyrirmælum þessara laga. Sama gildir um bætur greiddar í peningum samkvæmt lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum bótaupphæða, svo og um bætur samkvæmt lögum nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar. Enn fremur skal greiða verðlagsuppbót á greiðslur til einstaklinga á 18. gr. fjárlaga og á lífeyri úr lífeyrissjóðum, sem ríkissjóður sjálfur eða ríkisfyrirtæki greiða iðgjöld til. Skal hlutaðeigandi lífeyrissjóður greiða verðlagsuppbótina gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþegi tók laun sín hjá. Verðlagsuppbót greiðist ekki á lífeyrisgreiðslur, er sjálfkrafa fylgja breytingum launa, sem verðtryggð eru samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Fyrirmæli þessara laga taka til kauptrygginga bátasjómanna og til vinnulauna, sem greidd eru samkvæmt uppmælingar- og öðrum ákvæðisvinnutöxtum, enda séu þeir ákveðnir í kjarasamningum stéttarfélags, sem í hlut á, eða miðaðir við kjarasamninga sömu starfsgreina annars staðar.

Fyrirmæli þessara laga taka ekki til launa, sem greidd eru í öðru en peningum, og ekki heldur til fjárhæða, sem launþegar fá greiddar vegna útgjalda, sem fylgja starfi þeirra. Sama gildir um laun, sem ákveðin eru sem hundraðshluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti.

2. gr.

Kauplagsnefnd skal reikna kaupgreiðsluvísitölu eftir vísitölu framfærslukostnaðar á þann hátt að eigi sé tekið tillit til þeirrar hækkunar eða lækkunar á síðar nefndu vísitölunni, er leitt hefur af breytingu á vinnulið verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, annað hvort vegna breyttra kjaraákvæða í samningum stéttarfélaga eftir lok maímánaðar 1964 eða vegna greiðslu verðlagsuppbótar á laun samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Kaupgreiðsluvísitala sú, er um ræðir í fyrri málsgr. þessarar gr., reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar 1. nóvember, 1. febrúar, 1. maí og 1. ágúst, og gildir við ákvörðun verðlagsuppbótar á laun næstu þrjá mánuði, frá byrjun næsta mánaðar eftir að hún var reiknuð, í fyrsta sinn frá 1. desember 1964.

3. gr.

Verðlagsuppbót samkvæmt fyrirmælum síðari málsgr. 2. gr. skal nema sem svarar 0.61% af grunnlaunum fyrir hvert stig, sem kaupgreiðsluvísitala hvers þriggja mánaða tímabils kann að vera hærri en framfærsluvísitala 163 stig.

Við greiðslu verðlagsuppbótar á vikulaun og mánaðarlaun skal hún reiknuð í heilum krónum, þannig að sleppt sé broti úr krónu, sem ekki nær hálfri krónu, en annars hækkað í heila krónu.

4. gr.

Vinnuliðir verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara skulu hækka eða lækka samkvæmt breytingum vísitölu eftir sömu reglum og um ræðir í 2. og 3. gr., og afurðaverð til bænda breytast um leið til samræmis. Þó skal slík breyting á vinnuliðum verðlagsgrundvallar ekki eiga sér stað, nema samkvæmt ósk fulltrúa framleiðenda eða fulltrúa neytenda í Sexmannanefnd.

5. gr.

Félagsdómur sker úr ágreiningsatriðum varðandi túlkun á fyrirmælum 1.—3. gr. þessara laga, og eru úrskurðir hans fullnaðarúrskurðir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld 23. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, svo og önnur ákvæði, er fara í bága við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðastliðnu vori fóru fram viðræður á milli ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands um leiðir til stöðvunar verðbólgu og til kjarabóta fyrir verkafólk. Þessar viðræður leiddu, eins og kunnugt er, til samkomulags þann 5. júní s. l. um verðtryggingu kaupgjalds, um breytingu viku- og mánaðarkaups, um styttingu eftirvinnutíma og breytingu eftirvinnuálags, um lengingu orlofs og um sérstakar aðgerðir í húsnæðismálum. Var samkomulagið háð því skilyrði, að samningar næðust á milli verkalýðsfélaga og vinnuveitenda til eins árs eða lengur, er ekki fælu í sér neina hækkun grunnlauna á því tímabili. Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með þessum athugasemdum.

Það var ætlunin, þegar samkomulagið var gert, að sum atriði þess yrðu staðfest með bráðabirgðalögum, og þá einkum verðtrygging kaupgjalds, er átti að koma til framkvæmda þann 1. september. Setning bráðabirgðalaga frestaðist hins vegar vegna dráttar á því, að samningar tækjust nógu almennt á grundvelli 5. júní samkomulagsins á milli verkalýðsfélaga og vinnuveitenda. Þar sem ríkisstjórnin ákvað að greiða niður hækkun vöruverðs fyrst um sinn, var heldur ekki brýn þörf á setningu laganna. Enn hafa að vísu allmörg félög ekki lokið samningum við vinnuveitendur, en engu að síður þykir rétt að fá lagaheimild fyrir verðtryggingu launa, eins og í frumvarpi þessu er lagt til.

Hér fara á eftir skýringar við einstakar greinar frv.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru aðalákvæði frv., um verðtryggingu vinnulauna og tiltekinna annarra greiðslna. Til vinnulauna teljast í þessu sambandi greiðslur samkvæmt uppmælingar- og öðrum ákvæðisvinnutöxtum, en þó því aðeins, að þeir séu ákveðnir í kjarasamningum stéttarfélaga við vinnuveitendur eða — ef um slíkt er ekki að ræða — miðaðir við kjarasamninga sömu starfsgreinar annars staðar. Í 3. málsgr. er kveðið svo á, að verðlagsuppbót skuli ekki greidd á laun, sem ákveðin eru sem hundraðshluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti. Samkvæmt þessu greiðist t. d. ekki verðlagsuppbót á aflahlut, en hins vegar á kauptryggingu sjómanna, sbr. 2. málsgr. 1. gr.

Verðtryggingin tekur til eftirfarandi greiðslna, auk vinnulauna: Bótaupphæða almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga, eftirlauna og styrktarfjár á 18. gr. fjárlaga og til lífeyris úr lífeyrissjóðum, sem ríkissjóður sjálfur eða ríkisfyrirtæki greiða iðgjöld til. Verðtryggingarákvæði frv. taka af eðlilegum ástæðum aðeins til lífeyrisgreiðslna úr þeim sjóðum, sem ríkissjóður sjálfur eða fyrirtæki hans greiða iðgjöld til. Hvað aðrir lífeyrissjóðir gera í þessu efni, er mál þeirra sjálfra.

Ákvæði 1. gr. um, til hvers verðtrygging launa skuli ná, eru efnislega hin sömu og giltu fram að setningu efnahagsmálalaga, nr. 4/1960, en með ákvæðum 23. gr. þeirra laga var hið svo nefnda vísitölukerfi afnumið.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um sérstaka kaupgreiðsluvísitölu, er skal reiknuð eftir vísitölu framfærslukostnaðar á þann hátt, að eigi sé tekið tillit til þeirrar hækkunar eða lækkunar á síðar nefndu vísitölunni, sem leitt hefur af breytingu á vinnuliðum verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara, annað hvort vegna breyttra kjaraákvæða í samningum stéttarfélaga eftir lok maímánaðar 1964 (þ. e. áður en samkomulag ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambandsins og vinnuveitenda var gert 5. júní 1964) eða vegna greiðslu verðlagsuppbótar á laun skv. fyrirmælum laganna. Hér er um að ræða hliðstætt ákvæði og var í 3. málsgr. 6. gr. gengisskráningarlaga, nr. 22/1950, og síðast

var reiknuð kaupgreiðsluvísitala eftir haustið 1955. Við útreikninga hennar var aðeins tekið tillit til þeirrar hækkunar á vinnuliðum verðlagsgrundvallar, sem stafaði af greiðslu verðlagsuppbótar samkvæmt ákvæðum gengisskráningarlaga, en samkvæmt þessu frv. skal einnig taka tillit til þeirrar hækkunar vinnuliða, sem leitt hefur af breyttum kjaraákvæðum í samningum stéttarfélaga.

Ákvæði síðari málsgr. 2. gr. um útreikninga- og gildistökutíma hverrar ársfjórðungslegrar kaupgreiðsluvísitölu eru hin sömu og giltu frá vori 1951 og fram að setningu efnahagsmálalaga 1960.

Um 3. gr.

Samkvæmt samkomulagi ríkisstjórnar, Alþýðusambandsins og vinnuveitenda frá 5. júní 1964 skal verðlagsuppbót greidd á laun, ef kaupgreiðsluvísitala hækkar frá framfærsluvísitölu 163 stig hinn 1. maí 1964. Hver eins stigs hækkun vísitölu upp fyrir 163 stig svarar til 0,61% hækkunar, og samkvæmt því er ákveðið í fyrri málsgr. 3. gr., að grunnlaun skuli hækka um þennan hundraðshluta fyrir hvert stig, sem kaupgreiðsluvísitala hvers þriggja mánaða tímabils kann að vera hærri en framfærsluvísitala 163 stig.

Til þess að spara vinnu við féhirðis- og bókhaldsstörf er gert ráð fyrir, að verðlagsuppbót á vikulaun og mánaðarlaun sé reiknað í heilum krónum.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir, af vinnuliðir verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara hækki eða lækki samkvæmt breytingum vísitölu eftir sömu reglum og laun fylgja vísitölu, og breytist þá afurðaverð til bænda um leið til samræmis. Samkvæmt 2. málslið þessarar gr. skal þó slík breyting ekki eiga sér stað, nema eftir ósk fulltrúa framleiðenda eða neytenda í Sexmannanefnd. Þykir rétt, að þeir geti, ef svo ber undir, samið um frávik frá aðalreglunni í fyrri málslið gr.

Um 5. gr.

Vegna starfssviðs og starfshátta félagsdóms þykir eðlilegast, að hann skeri úr ágreiningsefnum varðandi túlkun á fyrirmælum 1.—3. gr., og er svo ákveðið í 5. gr.

Um 6. gr.

Samkomulaginu frá 5. júní var ætlað að gilda í eitt ár, en ekki þykir ástæða til að mæla nú svo fyrir, að ákvæði þessa frumvarps skuli eigi gilda lengur, því að taka verður ákvörðun um frambúðarskipan þessara mála eftir viðhorfi þeirra hverju sinni.

Fylgiskjal.

Undanfarnar vikur hafa farið fram viðræður á milli ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Ræddar hafa verið leiðir til stöðvunar verðbólgu og til kjarabóta fyrir verkafólk. Þessar viðræður hafa nú leitt til samkomulags um þau atriði, sem hér fara á eftir, og mæla aðilar með því, að samningar milli verkalýðsfélaga og vinnuveitenda séu nú gerðir á þeim grundvelli.

I. Verðtrygging kaupgjalds.

1. Ríkisstjórnin beitir sér fyrir því, að verðtryggingu kaupgjalds sé komið á með lagasetningu. Verðtryggingin sé miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík. Þó nái verðtryggingin ekki til hækkunar þeirrar vísitölu, sem stafar af hækkun á vinnulið verðgrunns landbúnaðarafurða vegna breytinga á kauptöxtum eða vegna greiðslu verðlagsuppbótar á laun.
2. Reiknuð sé út sérstök kaupgreiðsluvísitala fjórum sinnum á ári, miðað við þann 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember. Þessi vísitala sé miðuð við sama grundvallartíma og núverandi vísitala (marz 1959).

3. Kaup breytist samkvæmt hækkun kaupgreiðsluvísitölunnar frá því, sem hún var 1. maí 1964. Þessar breytingar fari fram ársfjórðungslega mánuði eftir að kaupgreiðsluvísitalan hefur verið reiknuð út, þ. e. 1. marz, 1. júní, 1. september og 1. desember. Kaup breytist með hverri hækkun eða lækkun vísitölunnar um eitt stig eða meira.
4. Aðilar samkomulagsins mæla með því við Kauplagsnefnd og Hagstofuna, að hafin sé endurskoðun grundvallar vísitölu framfærslukostnaðar. Nýr vísitölugrundvöllur taki því aðeins gildi á samkomulagstímabilinu, að samkomulag sé um það á milli aðila.

II. **Viku- og mánaðarkaup verkafólks í samfelldri vinnu.**

Verkalýðsfélög og vinnuveitendur semji um, að verkafólki, sem unnið hefur sex mánaða samfellda vinnu hjá sama vinnuveitanda, verði greitt óskert vikukaup, þannig að samningsbundnir frídagar, aðrir en sunnudagar, séu greiddir.

Með samfelldri sex mánaða vinnu er átt við, að unnið hafi verið hjá sama vinnuveitanda full dagvinna í sex mánuði, enda jafngildi fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla eða verkbanna fullri vinnu. Sama gildir um daga, sem falla úr, t. d. í fiskvinnslu, vegna hráefnisskorts eða sambærilegra orsaka.

Það jafngildir samfelldri vinnu, ef unnið hefur verið í árstíðabundinni vinnu samtals í sex mánuði hjá sama vinnuveitanda á undanförnum tveimur árum. Slík árstíðabundin vinna skal þó því aðeins tekin til greina, að unnið hafi verið samfellt yfir heil athafnatímabil (vertíðir).

III. **Breyting eftirvinnutíma og eftirvinnuálags.**

Verkalýðsfélög og vinnuveitendur semji um, að tillaga Vinnutímanefndar í áliti nefndarinnar, dags. 21. maí 1964, um samræmingu eftirvinnutíma og álags á eftirvinnukaup hjá verkamönnum, verkakonum og iðnverkamönnum taki gildi, en hún er á þá leið, „að eftirvinna skuli teljast fyrstu 2 klst. eftir að dagvinnu lýkur, þannig að 15 mínútur af henni falli niður. Greiddur kaffitími sé látinn standa óbreyttur. Eftirvinnuálag lækki í 50%. Nætur- og helgidagakaup standi óbreytt í krónutölu, þannig að hlutfallstengsli þess við dagvinnukaup rofni um sinn".

Jafnframt sé dagvinnukaup hækkað þannig, að tekjur verði óbreyttar þrátt fyrir styttingu vinnutímans um stundarfjórðung og lækkun eftirvinnuálags.

Ríkisstjórnin mun nú þegar beita sér fyrir lagasetningu um lengingu orlofs verkafólks úr 18 dögum í 21 dag, sem svarar hækkun orlofsfjár úr 6% í 7%.

Þá mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því, að löggjöf verði sett um vinnuvernd, þegar tillögur í því efni liggja fyrir frá Vinnutímanefnd. Einnig verði haldið áfram athugunum og undirbúningi að frekari styttingu vinnutíma.

IV. **Húsnæðismál.**

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir ráðstöfunum til úrlausnar í húsnæðismálum, er hafi þann tilgang annars vegar að létta efnalitlum fjölskyldum að eignast íbúðir, en hins vegar að tryggja nægar og stöðugar íbúðabyggingar í landinu. Í þessu skyni mun ríkisstjórnin tryggja eftirfarandi:

1. Aflað verði á þessu ári og á fyrri hluta næsta árs 250 millj. kr. til þess að mæta þeim umsóknum, sem lágu óafgreiddar hjá Húsnæðismálastjórn 1. apríl s. l. Húsnæðismálastjórn ákveður upphæðir þessara lána og setur reglur um uppgjör fyrri skuldbindinga sinna.
2. Frá og með árinu 1965 verði komið á kerfisbreytingu íbúðalána, þannig að tryggt verði fjármagn til þess að veita lán til ákveðinnar tölu íbúða á ári, og verði loforð fyrir lánum veitt fyrirfram. Fyrstu árin verði þessi lán ekki færri en 750 og lánsfjárhæð út á hverja íbúð ekki lægri en 280 þús. kr. eða ⅔ kostnaðar, hvort sem lægra er. (Lánin greiðist að hálfu að hausti, en að hálfu næsta vor). Þessi tala sé við það miðuð, að tryggð verði bygging 1500 íbúða á ári, er síðan fari smá-

hækkandi í samræmi við áætlanir um þörf fyrir nýjar íbúðir. Telji Húsnæðismálastjórn það æskilegt, getur hún fækkað lánum á árinu 1965 samkvæmt nýja kerfinu, enda bætist þá samsvarandi upphæð við það fé, sem til ráðstöfunar verður samkv. lið 1. hér að framan.

3. Hluta þess fjár, sem Byggingarsjóður hefur til umráða verði varið til viðbótarlána umfram þær 280 þús. kr. á íbúð, sem að framan getur, til að greiða fyrir íbúðabyggingum efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga. Húsnæðismálastjórn ákveður lán þessi að fengnum tillögum frá stjórn þess verkalýðsfélags, sem í hlut á. Í þessu skyni skal varið 15—20 millj. kr. árlega.
4. Jafnframt mun ríkisstjórnin beita sér fyrir öflun lánsfjár til byggingar verkamannabústaða.

Eftirfarandi atriði eru forsendur fyrir því, að ríkisstjórnin taki á sig skuldbindingar þær, sem að ofan getur:

a) Lagður verði á launagreiðendur almennur launaskattur að upphæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum af landbúnaði.

Skýrslur barnaverndarnefnda víðs vegar að á landinu bera með sér, að brýn þörf er á miklu átaki til að bæta starfsaðstöðu barnaverndaryfirvalda svo og að koma á fót ýmsum stofnunum í þágu barnaverndar og starfrækja þær.

Þessar skýrslur veita óyggjandi upplýsingar um, að barnaverndaryfirvöld standa andspænis miklum vandamálum, og telja nefndirnar sér oft um megn að fást við þau við núverandi starfsháttu. Hins er þó ekki síður að gæta, að ýmsar blikur eru á lofti, sem uggvænlegar eru um framvindu þessara mála næstu árin. Hér nægir að minna á vaxandi lausung og drykkjuskap á heimilum, áfengisneyzla hjá ungu fólki virðist fara í vöxt, óhæfileg fjárráð og fjársóun eru allt of algeng meðal barna og ungmenna og því miður er sitthvað athugavert við skemmtanalíf það, er unglingar

sækjast mest eftir, auk þess sem margt er varhugavert við blöð, tímarit, útvarpsefni og sjónvarps, sem nú á dögum er svo áhrifaríkt um mótun almennra viðhorfa hjá ungu fólki. Hlutur barnaverndarinnar er í fyrsta lagi að gegna almennu eftirlitshlutverki, þar sem er hið almenna eftirlit með aðbúð og uppeldi barna og ungmenna á heimilum, eftirlit með hegðun þeirra utan heimilis svo og eftirlit með uppeldisstofnunum og eftirlit með skemmtunum. Slíkt eftirlit hefur mikið varnaðargildi, dregur úr hættunni á því, að óhæfilega sé að börnum búið, þar sem þau alast upp, og dregur einnig úr því, að börnum og ungmennum sé boðið upp á skemmtanir, sem skaðvænlegar eru sálarlífi þeirra og þroska. Í öðru lagi gegnir barnaverndin því hlutverki að hefjast handa um úrbætur á ófullnægjandi aðbúð barna með því bæði að liðsinna heimilum, setja forráðamönnum ýmis fyrirmæli og skipa heimili eftirlitsmann o. fl. Ef þær varðúðarráðstafanir reynast ekki haldkvæmar, þá geta komið til róttækari ráðstafanir, svo sem taka barns af heimili og vistun annars staðar, eftir atvikum einnig með sviptingu foreldravalds.

Barnaverndaryfirvöld gegna vissulega mikilvægu hlutverki í viðleitni þjóðfélags til að búa uppvaxandi æskulýð landsins þroskasamleg uppvaxtarskilyrði. Hlutverk barnaverndaryfirvalda verður þó oftast á þá lund, að þau eru til taks, ef út af ber hjá uppalendum eða háttsemi barna og unglinga er með þeim hætti, að aðgerða er þörf. Barnaverndin er aðeins einn hlekkurinn í þeirri keðju, sem þjóðfélagið hlýtur ávallt að kosta kapps um að treysta sem mest, og stefnir að því uppeldismarkmiði að ala æskulýð þjóðfélagsins upp á þá lund, að æskumennirnir verði nýtir og löghlýðnir þegnar. Hér verður að samstilla kraftana, liðsinna heimilunum, þ. á m. með því að gera mönnum kleift að búa í sómasamlegu húsnæði og ala mönnum ábyrgðarkennd gagnvart uppeldi barna sinna, fjölga barnaheimilum og bæta þau, bæta skóla landsins, skapa æskufólki aðstöðu til holls og heilbrigðs skemmtanalífs og tómstundaiðkana, og enn fremur með því að reyna að vinna bug á ýmsu því, sem er varhugavert fyrir æskufólk og beinlínis siðspillandi í þjóðfélaginu. Menn telja oft, að fátækt þjóðfélag hafi ekki ráð á að veita fé til þeirrar starfsemi, sem hér var nefnd, svo sem þörf væri á. Í því efni dylst þeim ósjaldan, hve mikið hver sá borgari, sem ekki verður að nýtum þjóðfélagsþegn, kostar þjóðfélag sitt og hve mikils þjóðfélagið missir í við, að hann verði ekki að nýtum þegn. Í nýjum skýrslum frá Svíþjóð er á það bent, að ekki fari því fjarri, að kostnaður við að halda refsifanga árlangt í fangelsi kosti álíka mikið og árslaun prófessors, og er þá ekki um það rætt, hvert tap það er fyrir þjóðfélagið að verða af hagnýtri vinnu mannsins.

III.

Nefnd sú, sem samdi frv. þetta, telur, að mikil þörf sé á að efla starfsemi barnaverndaryfirvalda hér á landi. Nefndin telur ýmis hættumerki benda til þess, að hér kunni að fara verulega í vöxt lögbrot unglinga á næstu árum, og telur það fyrirhyggjuleysi að bæta ekki nú þegar aðstöðu barnaverndaryfirvalda til að snúast við þessum vanda. Þau atriði, sem nefndin vill sérstaklega leggja áherzlu á, eru eftirfarandi:

1. Starfsaðstaða barnaverndarnefnda og barnaverndarráðs er yfirleitt alls ekki viðhlítandi. Kemur þar bæði til skortur á viðunandi húsnæði til starfa, sem víða um land háir starfsemi barnaverndarnefnda, svo og skortur á sérmenntuðu starfsliði.

2. Í gildandi lögum eru ákvæði um, að koma skuli upp ýmsum stofnunum í þágu barnaverndaryfirvalda, svo sem athugunarstöð, sbr. 36. gr. laga nr. 29/1947, og heimilum fyrir drengi og stúlkur, sbr. 37. gr. Hin eina athugunarstöð, sem til er, er gersamlega ófullnægjandi og þarf hið allra fyrsta úr að bæta. Vistheimilið í Breiðavík fullnægir ekki þörfinni, þótt þar hafi verið unnið nytsamlegt og þakkarvert starf. Ber brýna nauðsyn til að skapa aðstöðu til þess að vista fleiri drengi á nýju heimili. Þá er þess einnig að geta, að þrátt fyrir boð laga nr. 20/1955 um stofnun heimilis fyrir telpur, hefur enn ekki orðið úr framkvæmdum.

3. Um það má lengi deila, hvort barnaverndarnefndir skuli kjörnar af sveitarstjórnum. Hitt orkar ekki tvímælis, að óhjákvæmileg nauðsyn er til þess, að nefndirnar hafi í þjónustu sinni sérmenntað fólk, og á það a. m. k. við um alla stærri kaupstaðina. Þarf einnig að hefjast handa um að styrkja fólk til þess að sérmenntast og kæmi raunar til greina að stofna til nokkurrar kennslu í þeim fræðum hér á landi, t. d. í tengslum við Háskólann, Kennaraskólann eða Fóstruskólann.

4. Að sínu leyti þarf svo barnaverndarráð mjög á fleiri sérmenntuðum starfsmönnum og ráðunautum að halda, enda eru störf þessi bæði vandasöm og ábyrgðarmikil. Þess er einnig að gæta, að viðamikil eftirlitsstörf eru lögð á barnaverndarráð, og verða þau ekki rækt með viðunandi hætti, nema ráðið eigi kost á meira starfsliði.

5. Meiri hluti nefndar telur, að rétt sé að fjölga meðlimum barnaverndarráðs um tvo og tryggja, að þar séu ávallt sálfræðingur, læknir og lögfræðingur auk prests og kennara, sbr. hér að framan. Sjá nánar aths. við 12. gr., þar sem m. a. eru greind sjónarmið minni hlutans.

6. Nefndin telur, að svo mikið vald sé lagt í hendur barnaverndaryfirvalda, að nauðsyn sé að tryggja betur en nú er gert vandaða meðferð mála og rökstuddar úrlausnir og treysta með öðrum hætti réttaröryggið á þessu mikilvæga sviði, sbr. um þetta einkum IV. kafla frv.

7. Ýmis atriði í starfsháttum nefnda hafa verið tekin til endurskoðunar, svo sem það, hvaða nefnd eigi úrlausn máls, sbr. 17. gr. frv., hvernig tengslum sé háttað milli nefnda og barnaverndarráðs, sbr. einkum 51. og 54. gr., og hvernig sambandi eigi að vera farið milli barnaverndaryfirvalda og löggæzlu- og dómsvalds, sbr. einkum 51. gr. 3. mgr.

8. Nefndin telur, að ákvæði gildandi laga um fóstur barna séu ekki nógu tryggileg, og gerir tillögur um breytingu þeirra, sbr. 34. gr. frv.

9. Nefndin hefur endurskoðað ákvæði 39. gr. laga nr. 29 1947, um vinnuvernd barna og ungmenna, og gerir nokkrar breytingartillögur við þau.

10. Þá hafa ákvæðin um skoðun á kvikmyndum sætt gagngerðri endurskoðun, sbr. 56. gr. frv., sbr. og nýmæli 39. gr. a um vegabréf.

11. Loks hefur komið til athugunar hjá nefnd, hvaða ráðuneyti eigi að hafa yfirstjórn barnaverndarmála, sbr. athugasemdir við 2. gr. frv.

IV.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frv.

Um 1. gr.

Í 4. tl. 1. gr. er bætt við vöggustofum í talningu á uppeldisstofnunum, sem lúta eftirliti barnaverndaryfirvalda, og er sá varnagli sleginn, að stofnanir þessar lúti ekki barnaverndaryfirvöldum, ef eftirlit er falið öðrum samkvæmt sérstökum lögum, svo sem verið getur.

Samkvæmt 5. gr. frv. hafa barnaverndarnefndir eftirlit með ungmennum allt til 18 ára aldurs, sbr. og 19., 26., 28. og 31. gr. frv. Í lok ákvæðis 1. gr. er skýring á hugtökunum barni og ungmenni, og er þá barn talið allt til 16 ára aldurs, en ungmenni er í þessum lögum unglingur á aldursskeiði 16—18 ára.

Samkvæmt dönsku og sænsku barnaverndarlögunum eru ungmenni á aldursskeiði 18—21 árs stundum háð afskiptum barnaverndaryfirvalda, en ekki þótti fært þessu sinni að breyta ákvæðum laga um þetta efni. Á það skal og bent, að foreldravald helzt yfirleitt samkvæmt lögum á hinum Norðurlöndum til 18 ára aldurs, en hér fellur það niður, er barn verður 16 ára (sjálfráða). Má um það deila, hvort aldursmörk íslenzkra laga séu heppileg, en nefnd sú, sem frv. samdi, taldi sig ekki hafa umboð til að fjalla um það atriði, enda er það bundið í lögræðislögum og sifjalögum. Um aldur ungmenna í frv. þessu skal einnig bent á ákvæði um vinnuvernd

ungmenna, sbr. 39. gr., og vegabréfsskyldu, sbr. 39. gr. a, svo og ákvæðin um að leggja bann við aðsókn ungmennis að skemmtunum, sbr. 41. og 56. gr.

Um 2. gr.

Í öllum norrænu löndunum utan Íslands hafa félagsmálaráðuneytin yfirstjórn barnaverndarmála, en ekki menntamálaráðuneyti, svo sem hér er. Eru ýmis rök, sem mæla með því, að mál þessi lúti yfirstjórn félagsmálaráðuneytis. Barnaverndarnefndir eru kjörnar af sveitarstjórnum og um kosningar þeirra fer eftir sveitarstjórnarlögum, sveitarstjórnir standa fjárhagslega straum af starfsemi þeirra, náin tengsl eru milli framfærslumála og barnaverndar, þ. á m. þarf ráðuneyti stundum að skera úr ágreiningi um fjárhæð meðlaga eða framfærslueyris, sem rót sína á að rekja til ákvarðana barnaverndarnefnda, sbr. t. d. 38. gr. frv. Þau tengsl eru milli barnaverndar og menntamála eftir gildandi lögum, að í hreppum eru yfirleitt ekki kosnar barnaverndarnefndir, heldur gegna skólanefndir þar störfum barnaverndarnefnda, og sérstaklega hitt, að almenn viðhorf í barnaverndarstörfum og markmið þeirra eru nátengd ýmissi þeirri starfsemi, sem fram fer undir yfirstjórn menntamálaráðuneytis. Samkvæmt 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að það skipulag, að skólanefndir utan kaupstaða séu einnig barnaverndarnefndir, verði fellt úr gildi. Ætla má, að þátttaka okkar í norrænni samvinnu á sviði barnaverndar verði örðugri vegna þess, að sambærilegt ráðuneyti fer ekki með yfirstjórn þessara mála hér á landi sem annars staðar á Norðurlöndum. Nefndin vekur athygli á þessum sjónarmiðum, en leggur ekki til að svo stöddu, að sú breyting verði á gerð, að félagsmálaráðuneytið fari með yfirstjórn þessara mála.

Barnavernd er þríþætt. Hún lýtur að virku eftirliti með aðbúð og uppeldi barna bæði á heimilum og uppeldisstofnunum svo og hegðun þeirra utan heimilis. Í öðru lagi tekur hún til ýmissa varnaðarráðstafana, svo sem viðræðna við foreldri, viðvarana til þeirra, skipunar eftirlitsmanns með heimili o. fl., svo og eftirlits með skemmtunum og eftirlits með uppeldisstofnunum, og að nokkru leyti kemur vinnuvernd hér undir, að svo miklu leyti sem eðlilegt er að telja hana til barnaverndar. Í þriðja lagi koma svo til ýmis úrræði, sem barnaverndaryfirvöld geta gripið til gagnvart forráðamönnum barna eða forstöðumönnum stofnana, ef annmarkar eru verulegir, aðbúð barna er ábótavant og ekki tekst að bæta úr á annan hátt. Þessum verkefnum barnaverndar er öllum lýst í 1. gr. og síðan í einstökum greinum frv. og núgildandi laga. Í lögunum eins og þau eru nú er hins vegar ekki rætt sérstaklega um, að nefndirnar beiti sér fyrir jákvæðum úrræðum félagslegs eðlis til að búa börnum og ungmennum þroskasamleg uppeldisskilyrði. Er þessu atriði nú bætt við í 2. gr. frv. og jafnframt er þar ákvæði, sem einnig er nýmæli, um samvinnu milli barnaverndaryfirvalda og forráðamanna skóla, heilsugæzlu og framfærslumála. Orkar það ekki tvímælis, að hin mesta nauðsyn er á góðri samvinnu þessara aðilja, svo sem raunar ávallt hefur verið hér á landi, enda stefna þessir aðiljar í störfum sínum mjög að sama marki.

Um 3. gr.

Hún er óbreytt 3. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Þótt náin tengsl séu milli starfsemi skóla og barnaverndar, þykir ekki heppilegt, að skólanefnd fjalli einnig um verkefni barnaverndar. Barnaverndarnefndum er m. a. ætlað að hafa eftirlit með aðbúð barna í skólum, og geta þau mál komið upp, þar sem óheppilegt er, að skólanefnd sé einnig ætlað að leysa úr málefnum barnaverndar. Eru slík mál og að jafnaði ærið verkefni fyrir skólanefnd. Þykir haganlegra að setja almennt ákvæði, er bjóði kosningu barnaverndarnefndar í hreppsfélagi, en að láta það velta á mati, svo sem nú er, hvort sérstök barnaverndarnefnd starfi í hreppi.

Um 5. gr.

Efnislega óbreytt frá gildandi lögum, en orðalagi er breytt til samræmis við skýrgreiningu lokaákvæðis 1. gr. á hugtökunum barni og ungmenni.

Um 6. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er breytt í samræmi við þá breytingu 4. gr., að ávallt skuli skipa barnaverndarnefnd í hreppum.

Ákvæðið um kjörgengi er gert nokkru fyllra en nú er, og tilvísun til 8. gr. stafar af því, að þar er gert ráð fyrir því, að eldri menn en 66 ára verði yfirleitt ekki kosnir í nefndirnar.

Það nýmæli er tekið upp í 3. málsgr., að jafnan skuli kjósa bæði konur og karla í nefndirnar. Felst það í ákvæðinu, að a. m. k. ein kona eða einn karlmaður sé í nefnd, en ekki að helmingur eða því sem næst sé konur og helmingur karlar. Styðst ákvæðið við auðsæ rök, þar sem stefnt er að því að tryggja sem víðtækasta almenna reynslu hjá nefndarmönnum. Þess má raunar geta, að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefur alllengi verið skipuð konum að meiri hluta, og er formaðurinn eini karlmaðurinn þar nú.

Þá er það nýmæli í 4. málsgr., að leitazt skuli við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd í kaupstöðum, þar sem slíks er kostur. Um nokkurt tímabil hefur verið lögfræðingur í barnaverndarnefnd Reykjavíkur, lengstum formaður, og hefur það horft til öryggis í störfum nefndar. Utan Reykjavíkur munu þess og dæmi, að lögfræðingar hafi setið í barnaverndarnefndum. Er heppilegt að öðru jöfnu, að lögfræðingur sé í nefndinni, þótt því verði ekki ávallt komið við, enda hafa nefndirnar víðtækt og veigamikið vald, og oft reynir þar á lögfræðileg úrlausnarefni.

Um 7. gr.

Hér er sú breyting ein, að kveðið er skýrlega á um það, að umboð kjörinnar barnaverndarnefndar haldist, unz ný kosning hefur farið fram, þótt ný sveitarstjórn hafi þegar verið kjörin. Hitt er það, að skylt er sveitarstjórn að hraða kjöri barnaverndarnefndar, eftir að sveitarstjórnarkosning hefur farið fram.

Ákvæði 3. málsgr. er nýmæli.

Um 8. gr.

Í þessu ákvæði er það nýmæli, að jafnaðarlega skuli ekki kjósa í barnaverndarnefnd mann, sem eldri er en 66 ára, þegar kosning fer fram. Þetta ákvæði er sett að norskri fyrirmynd. Í fyrsta lagi er ástæðulaust að íþyngja mönnum, sem komnir eru á þennan aldur, með þeirri borgarakvöð að taka sæti í barnaverndarnefnd, og í öðru lagi eru tengsl manna við ungt fólk og almenn uppeldisviðhorf í þjóðfélagi ekki jafnvirk, þegar á þann aldur er komið, sem á árum fyrr. Mjög tíðar endurkosningar í barnaverndarnefndir geta og verið tvíeggjaðar.

Í 2. málsgr. er bætt við ákvæði um þóknun fyrir störf í barnaverndarnefndum í hreppum svo og um laun starfsfólks og önnur útgjöld við störf nefnda.

Um 9. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skulu barnaverndarnefndir senda barnaverndarráði skýrslur um starfsemi sína ár hvert fyrir miðjan febrúar. Reynslan sýnir, að örfáar nefndir fullnægja þessu. Er því lagt til, að tímamarki þessu verði breytt svo, að skila skuli skýrslum þessum fyrir apríllok, enda er þá gert ráð fyrir, að gengið verði fast eftir því af hendi ráðsins, að þessi skýrsluskil fari fram á réttum tíma.

Um 10. gr.

Í hinum almenna inngangi hér að framan var það reifað, hve mikið lægi við, að barnaverndarnefndir hefðu á að skipa sérhæfðu starfsliði svo og öðru starfsliði. Er hér lagt til, að fyllri heimild sé veitt til ráðningar slíks starfsfólks en nú er í lögum. Með sérhæfðu starfsliði er átt við starfsmenn, er fengið hafa sérmenntun

í þeim þáttum félagsfræða, sem mest hafa tengslin við barnavernd, þ. á m. sálfræðinga, uppeldisfræðinga, sérmenntaða kennara, félagsmálaráðunauta (social workers) svo og lækna, einkum barnalækna. Þörf væri á að ráða sumt af þessu fólki sem fasta starfsmenn í hinum stærri kaupstöðum, en öðrum þræði væri um það að tefla að tryggja sér þessa sérfræðinga sem ráðunauta. Utan hinna stærri kaupstaða er naumast raunhæft á þessu stigi að ætla, að til ráðningar slíks starfsfólks komi. Í greininni er hins vegar það ákvæði, að barnaverndarráði er boðið að beita sér fyrir athugun á því, hvort unnt sé að ráða sérhæfða starfsmenn, er séu til ráðuneytis barnaverndarnefndum innan tiltekinna umdæma, t. d. fjórðungs eða smærri umdæma. Hér gætu t. d. komið til greina prestar eða kennarar, sem kynnt hafa sér sérstaklega meðferð barnaverndarmála eða hafa að öðru leyti mikla reynslu af þeim málum.

Á það skal bent, að enn er hörgull á sérmenntuðu fólki, sem unnið geti í þágu barnaverndar, og ber brýna nauðsyn til, að fólk sé örvað til að leggja stund á nám, sem hér sé við hæfi, og hljóti fyrirgreiðslu af opinberri hálfu í því skyni. Skal í þessu sambandi vekja athygli á nýmæli 58. gr. frv., er tengist nokkuð þessu máli.

Um 11. gr.

Hún er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 12. gr.

Hér er fjallað um skipun barnaverndarráðs og lítillega um starfshætti þess, en meginákvæðin um það efni eru annars í V. kafla frv.

Í þessari grein gætir verulegra breytinga frá gildandi lögum. Er lagt til, að ráðsmönnum sé fjölgað úr 3 í 5, formaður skal vera lögfræðingur, eldri mann en 66 ára skuli að jafnaði ekki skipa og boðið er, að barnaverndarráð skuli ráða í þjónustu sína sérfróðan mann um uppeldismál, er annist framkvæmdir og eftirlit á vegum þess, og enn fremur annað starfsfólk við hæfi. Þess skal þegar getið, að einn nefndarmanna (M. S.) er andvígur hugmyndinni um fjölgun ráðsmanna og vill hafa skipun ráðsins óbreytta. Minni hlutinn gerir þessa grein fyrir afstöðu sinni:

„1. Afgreiðsla mála er jafnan ógreiðari í fjölmennum nefndum.
2. Ef sérfræðingar sitja í nefnd, leitar nefndin síður til annarra sérfræðinga, þótt þeirra ætti frekar að leita í mörgum tilvikum. Þannig geta málin hlotið ótryggari afgreiðslu en ella hvað fagþekkingu snertir.
3. Fjölmenn nefnd er að öðru jöfnu kostnaðarsamari en fámenn."

Í frv. er gert ráð fyrir, að sú skipan haldist óbreytt, að einn ráðsmanna sé skipaður samkvæmt tilnefningu Prestafélags Íslands og annar að tillögu Sambands ísl. barnakennara. Hins vegar er því bætt við, að einn skuli skipaður samkvæmt tillögu Læknafélags Íslands og annar að tillögu Félags ísl. sálfræðinga, en hinn fimmta skuli ráðherra skipa, og sé hann embættisgengur lögfræðingur, eins og fyrr segir. Þau málefni, sem barnaverndarráð fjallar um, eru oft næsta örlagarík, og ber að tryggja það eftir föngum, að þau séu leyst á grundvelli víðtækrar og traustrar þekkingar á högum barna, uppeldislegum, sálfræðilegum, heilsufarslegum og félagslegum. Verður því naumast neitað, að fjölgun ráðsmanna með þeim hætti, sem hér er lögð til, stuðli að því að tryggja fyllri fagþekkingu en nú er.

Á það verður seint lögð of mikil áherzla, að árangur ráðsins veltur mjög á því, að það hafi í þjónustu sinni sérfróðan mann til framkvæmdastjórnar svo og annað starfslið við hæfi. Ráðið þarf og að hafa góða starfsaðstöðu og opna skrifstofu í samræmi við starfsemi sína, sbr. og um það atriði 55. gr. frv.

Um hámarksaldur ráðsmanna er lagt til, að fari eftir sömu reglum sem um barnaverndarnefndir, sbr. athugasemdir við 8. gr.

Um 13. gr.

Barnaverndarnefndum er fengið mikið vald að lögum, og hlýtur svo að vera. Þau mál, sem þar eru til meðferðar, eru oft mjög torveld, úrskurðir nefndanna geta

verið miklir örlagavaldar bæði í lífi barna og ungmenna svo og forráðamanna þeirra. Hér er um mjög viðkvæm mál að ræða, og ber að vanda alla málsmeðferð eftir föngum og rasa ekki um ráð fram. Sérstaklega á þetta við um þau málefni, sem greinir í 13. gr., þ. e. þegar fjalla skal um töku barns af heimili, sviptingu foreldravalds, kröfu um, að barn skuli flutt frá fósturforeldrum, eða kröfu um, að felldur sé úr gildi úrskurður um töku barns af heimili eða sviptingu foreldravalds. Í 13. gr. gildandi laga er áskilið, að aukinn meiri hluti nefndarmanna þurfi að gjalda jákvæði ráðstöfun, sem fólgin er í að svipta foreldri umráðarétti yfir barni. En í fyrsta lagi er þessi áskilnaður einskorðaður við eina, tiltekna ráðstöfun, og í öðru lagi er ekki fyllilega séð fyrir þeirri sérþekkingu, sem heppilegt væri að hafa þar, þ. á m. lögfræðilegu liðsinni, sbr. þó 15. gr. laga 29/1947. Barnaverndarnefndir eru yfirleitt skipaðar vönduðu og traustu fólki með mikilli lífsreynslu og áhugafólki um uppeldismál. Í norrænu barnaverndarlögunum hefur þótt nauðsynlegt að tryggja nefndunum liðsinni sérfróðra manna, þ. á m. lögfræðings. Í dönsku lögunum er boðið, að dómari sé viðstaddur umræður í nefnd um þau mikilsháttuðu málefni, er greinir í 13. gr. frv., og sé þar ráðunautur án atkvæðisréttar. Í norsku lögunum er hins vegar tekinn upp sá háttur, að héraðsdómari taki sæti í nefnd, þegar meiri háttar málefni skal ráða þar til lykta, og gegni hann þá formennsku með fullum atkvæðisrétti. Í 15. gr. laga 29/1947 segir, að héraðsdómara sé skylt að veita nefnd lögfræðilega aðstoð, ef lögfræðingur eigi þar ekki sæti, „eftir því sem samrýmist embættisstörfum hans“. Þessi skipan setur héraðsdómara í ærinn vanda og er ekki fullnægjandi fyrir nefndirnar. Nefndin, sem undirbjó frv. þetta, telur tryggilegustu skipanina þá, er felst í norsku lögunum, og leggur til, að hún sé lögfest. Að vísu verður héraðsdómari þá vanhæfur til meðferðar dómsmáls, er spretta kann út af úrlausn barnaverndarnefndar, er hann hefur tekið þátt í, en hann yrði það jafnaðarlega einnig, þótt miðað væri við dönsku regluna og jafnvel hina íslenzku, ef til liðsinnis kæmi af hendi héraðsdómara. Réttarörygginu er bezt borgið með því, að héraðsdómari taki beinan þátt í máli, og hefur nefndin talið það sjónarmið ráða úrslitum. Eftir sem áður er lagt til, að aukinn meiri hluti nefndarmanna þurfi að fylgjast að málum, til að tillögur um ofangreind málefni nái fram að ganga, og skal sérstaklega á það bent, að atkvæði formanns er jafngilt atkvæðum hinna nefndarmanna. Ef dómari tekur sæti í nefnd, geta nefndarmenn orðið 4, 6 eða 8, sbr. 6. gr. frv.

Um 14. gr.

Sú grein er nýmæli og mælir fyrir um reglur þær, er gilda um vanhæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála vegna tengsla við aðilja o. fl., svo og um málsmeðferð fyrir nefndum. Þar er og boðið, að mál skuli afgreidd með skriflegum og rökstuddum úrskurði, og kveðið á um boðun funda, verkaskiptingu innan nefndar o. fl. Þessi ákvæði horfa til að auka réttaröryggið og taka af tvímæli um ýmis atriði, sem nú kunna að vera vafasöm. Af sömu rót runnið er það ákvæði, að birta skuli úrskurð með tryggilegum hætti og vekja athygli á heimild til málskots, sbr. 54. gr.

Um 15. gr.

Óbreytt 14. gr. gildandi laga, en 15. gr. þeirra laga fellur niður, þar sem efni hennar er skipað í 13. gr. frv.

Um 16. gr.

1. og 3. málsgr. eru nýmæli, en 2. málsgr. er 16. gr. gildandi laga efnislega breytt.

Í 1. málsgr. eru almenn fyrirmæli um öflun gagna vegna úrlausna mála af hendi barnaverndarnefnda. Eru þau fyrirmæli til leiðbeiningar, en að sjálfsögðu er þar ekki um tæmandi talningu að ræða á þeim atriðum, sem ástæða kann að vera til að kanna.

Í 3. málsgr. 16. gr. eru sett fram þau meginatriði, sem barnaverndarnefnd ber að taka mið af í úrlausnum sínum. Skal ávallt taka upp það ráð, sem ætla má, að

barni eða ungmenni sé fyrir beztu. Þetta leiðarljós er einnig þekkt úr öðrum lögum, og hefur það verið nefnt konungshugsun norrænna laga, sbr. einkum 56. og 76. gr. laga nr. 39/1921, um skipan á forræði barna, þegar hjón skilja. Í 3. málsgr. er einnig sérstaklega vikið að því atriði, sem hafa ber hliðsjón af, hvort dvöl barns á heimili kunni að hafa skaðlegar afleiðingar fyrir önnur börn, sem þar vistast.

Í lok ákvæðisins er sérstaklega boðið, að forðast beri eftir föngum að sundra systkinum. Á þetta ákvæði einkum við um forsjárlaus börn, en er ekki almennt ætlað að ná til ákvörðunar á forræði fyrir börnum við skilnað foreldra.

Það getur ekki talizt viðunandi, að börn, sem missa foreldra sína, þurfi einnig að missa af systkinum sínum, sem eru þeim kær, og jafnvel hrekjast úr einum stað í annan og venjulegast að missa alla handleiðslu, áður en þau eru 16 ára.

Um 17. gr.

Í núgildandi barnaverndarlögum er ekki ákvæði um það, hvaða barnaverndarnefnd eigi úrlausn hvers einstaks máls, en eðli máls segir þó til um þetta efni í megindráttum, sakir þess að barnaverndarnefndir eru staðbundin stjórnvöld. Gleggra þykir þó að setja ákvæði um þetta atriði, sem vissulega er mikilsvert, í lögin sjálf, enda getur óvissa í þessu efni verið háskaleg. Lagt er hér til, að dvalfesti barns ráði því, hvaða barnaverndarnefnd eigi lögsögu, en ekki er hér miðað við dvalfesti foreldra barnsins, svo sem er í dönsku barnaverndarlögunum. Sýnist dvalfesti barns skapa hér eðlilegustu viðmiðunina, enda er jafnaðarlega heppilegast fyrir nefnd í því umdæmi, er barn dvelur í, að kanna málið og ráða því til lykta.

Í greininni er einnig tekin afstaða til þess, hversu fara skuli, ef barn flyzt úr umdæmi nefndar, sem upprunalega fjallaði um mál. Skal þá barnaverndarnefnd á hinu nýja heimili barns taka mál til meðferðar, en rétt þykir að veita barnaverndarráði svigrúm til að mæla svo fyrir, að nefnd sú, sem fyrst fjallaði um mál, geti haldið áfram meðferð þess og ráðið því til lykta. Getur það verið haganlegt og eðlilegt að hafa þann hátt á, einkum þegar hin upphaflega nefnd hefur fjallað lengi um mál, og mál er að lokum komið hjá henni.

Um 18. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 19. gr.

Í 2. málsgr. er aldurstakmark hækkað úr 16 árum í 18 ár, og er sú hækkun í samræmi við almenna ákvæðið í 5. gr. frv. Á það skal bent, að í 5. málsgr. 40. gr. laga nr. 82/1961, um meðferð opinberra mála, er boðið að tilkynna barnaverndarnefnd, ef spyrja skal fyrir lögreglu ungmenni, sem fyrir sökum er haft, og getur nefnd þá sent fulltrúa sinn til að vera viðstaddur yfirheyrslu, sbr. og 77. gr. 4. málsgr. sömu laga, sem vísar til 40. gr. í heild sinni, þ. á m. um það tilvik, er ungmenni er yfirheyrt fyrir dómi. Nefndin telur, sem fyrr greinir, rök mæla með því að hækka greint aldursmark í 18 ár, en þó mun nauðsynlegt að breyta framangreindu ákvæði 40. gr. 5. málsgr. l. 82/1961, og leggur nefnd til, að það verði gert með sérstöku frumvarpi.

Um 20. gr.

Aðalbreytingin er fólgin í því, að bætt er við greinina, eins og hún nú er, því ákvæði, að jafnaðarlega skuli veita barni eða ungmenni kost á að koma á fund barnaverndarnefndar, þegar svo stendur á, sem í greininni segir, þ. e. þegar ráða skal til lykta meiri háttar barnaverndarmáli, sbr. 13. gr. frv. Réttaröryggi þykir aukið með þessu ákvæði, og fyrir barnaverndarnefnd getur verið verulegur ávinningur að því að komast í persónuleg tengsl við barnið sjálft.

Um 21. og 22. gr.

Þær eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 23. gr.

Í stað þess, að rætt er um munaðarlaust barn í gildandi lögum, er hér lagt til, að talað sé um forsjárlaust barn, og auk þess er því bætt við, að forsjármenn veiti því ekki fullnægjandi framfærslu.

Um 24. gr.

Í þessari grein er því ákvæði bætt við, að jafnan skuli gæta þess, að tilraun til aðstoðar við heimili fari á undan öðrum framkvæmdum til úrbóta, að því leyti sem við verður komið. Þykir eðlilegt að árétta þetta mikilvæga sjónarmið í sjálfum lögunum.

Um 25. gr.

Þetta ákvæði er nokkru fyllra en 25. gr., svo sem hún er nú orðuð, og er hér mælt fyrir um samvinnu milli nefndar og heilbrigðisyfirvalda og sérfræðinga.

Um 26. gr.

Í 1. málsgr. felst sú ein breyting, að skipt er á orðinu forræði og foreldravaldi, þar eð haganlegra þykir í þessu tilviki að nota orðið forræði. Sjá hér einnig 31. gr. a frv.

Í 2. málsgr. er það nýmæli, að maður, sem er 60 ára eða eldri, getur skorazt undan að taka við skipun sem eftirlitsmaður heimilis. Hins vegar eru hér ekki sett ákvæði, er sporni við því að skipa eldri menn en 60 ára til þessa eftirlits, ef þeir skorast ekki undan kvaðningu.

Um 27. gr.

Hér er bætt við því atriði um varhugavert framferði heimamanns barns, að deyfilyfjanautn geti einnig réttlætt þær aðgerðir, sem greinin mælir fyrir um.

Um 28. gr.

Í upphafi greinar er því bætt við þau úrræði af hendi barnaverndarnefndar, er þar greinir, að nefndin geti hlutazt til um rannsókn sérfræðings á högum barns. Enn fremur er í 1. málsgr. vikið að því, að barnaverndarnefnd geti látið taka barn af heimili, þar sem í gildandi lögum segir, að nefndin taki barnið. Stendur þessi breyting í tengslum við það nýmæli 51. gr. 3. málsgr., að valdbeiting heyri undir fógeta eða lögreglu, ef brýna nauðsyn beri til. Með þessu er ætlunin að taka af skarið um, að valdbeitingin sé ekki verkefni barnaverndarnefndar, heldur eigi hún undir fógeta eða lögreglu. Hefur þetta atriði þótt orka verulega tvímælis að undanförnu.

Lagt er til, að 3. málsgr. 28. gr. gildandi laga falli niður, þar sem hún hefur ekki raunhæft gildi, en í lokamálsgr. 28. gr. er tekin upp tilvísun til ákvæða laga um niðurfelling saksóknar, nánast nefndum til leiðbeiningar og svo að gleggra verði í þeirra huga, hver heildarúrræði hér komi til greina, ef um refsivert atferli er að ræða.

Um 29. gr.

Sú breyting er hér gerð, að bætt er við ákvæði, er skyldar barnaverndarnefnd í dvalarumdæmi barns, sem ráðstafað er þangað fyrir tilstuðlan nefndar í heimilisumdæmi barns, að láta hina síðarnefndu fylgjast með högum barns með skýrslugjöf eða á annan hátt. Er mikilvægt, að barnaverndarnefnd sú, sem ráðstafar barni, fylgist með högum og ferli barns og eigi í því efni aðgang að barnaverndarnefnd í umdæmi, þar sem barnið hefur verið vistað. Samkvæmt 17. gr. frv. á barnaverndarnefnd, þar sem barn er dvalfast, úrlausn um málefni þess, en vegna þess, hve hér stendur sérstaklega á, hvílir brýn skylda á barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi barns um að fylgjast með högum þess, sbr. og 35. gr. um það tilvik, er barnaheimili er rekið af aðilja í tilteknu umdæmi, en heimili er staðsett utan umdæmisins.

Um 30. gr.

Hún er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 31. gr.

Í 2. málsgr. greinarinnar er skotið inn ákvæði um, að jafnframt þeim úrræðum, er í ákvæðinu greinir, komi m. a. til greina ákvæði 56. gr. laga nr. 19/1940, sbr. l. nr. 22 3. maí 1955, 3. gr.

Um 31. gr. a.

Hér er bætt við tveimur nýjum málsgreinum. Í þeim er tekin afstaða til nokkurra framkvæmdaratriða um aðdraganda þess, að barn er tekið af heimili, svo og um forsjá barnsins. Eru ákvæði um þetta efni ekki fyllilega skýr eftir gildandi lögum.

Í 1. málsgr. er boðið, að leita skuli samþykkis foreldra eða annarra lögráðamanna til þeirrar ráðstöfunar að taka barn af heimili. Ef það fæst ekki eða samþykki er tekið aftur, skal fara með mál að hætti 13. gr. Þótt samþykki lægi fyrir, girðir ákvæðið ekki fyrir, að nefnd fari með mál samkvæmt ákvæðum 13. gr., ef henni lízt það tryggilegra.

Þegar barn er tekið af heimili, rís sú spurning, hvernig fari um forræði fyrir barninu. Í reyndinni hlýtur forsjá barnsins að hverfa til barnaverndarnefndar. Er þetta einsætt, ef barn er forsjárlaust, og mælir 1. málsgr. þá svo fyrir, að nefnd hlutist til um, að því sé skipaður lögráðamaður. Endranær er þess að gæta, að þótt forsjá barns hverfi til barnaverndarnefndar, sem falið getur forsjá þess einstökum mönnum, þ. á m. forstöðumanni uppeldisstofnunar eða aðilja, er tekur barn til framfærslu eða fósturs, þá er ekki þar með sagt, að þörf sé að svipta foreldra eða aðra lögráðendur foreldravaldi. Verður að meta það atriði hverju sinni, og veltur allt á því, hvort foreldrar eða aðrir forráðamenn eru fúsir til að hlíta ákvörðunum nefndar og hafa samvinnu við hana eða á hinn veg reyna að koma í veg fyrir framkvæmd ákvörðunar. Hér ber að hafa í huga, að vitaskuld er það að öðru jöfnu mikilvægt að rjúfa ekki tengslin milli barns og foreldra, jafnvel þótt nefnd hafi ekki talið annars úrkosti en að taka það af heimili. Eru ákvæði 2. málsgr. reist á þessum sjónarmiðum.

Barnaverndarnefnd er réttur umsjáraðili yfir barni, sem tekið er af heimili samkvæmt framansögðu, og er því refsivert samkvæmt 191. gr. alm. hegningarlaga að taka barnið þaðan án heimildar nefndar eða stuðla að því, að barnið komist undan umsjá nefndar. Þar sem rætt er um það, að nefnd taki við forsjá barns, er átt við það, að nefndin taki ákvarðanir um persónulega hagi barnsins, beri ábyrgð á barni og standi straum af uppeldi þess samkvæmt því, er barnaverndarlög mæla fyrir um. Heimildir handhafa foreldravalds til þess að taka ákvarðanir um persónulega hagi barns eru að sama skapi þrengdar, en þeir eru þó t. d. fjárráðamenn barnsins, unz svipting hefur átt sér stað á foreldravaldi.

Um 32. gr.

Nokkurrar óvissu hefur gætt um það, í hverju umsögn barnaverndarnefnda í sambandi við umsóknir um ættleiðingu eigi að vera fólgin. Er lagt til, að hér séu greind nokkur atriði, sem vert er að umsögn beinist að. Á hinn veginn er á það að líta, að nefnd sú, er samdi frv., hefur ekki umboð til að gera breytingar á 8. gr. laga nr. 19/1953, um ættleiðingu, og hlýtur því að haga tillögum sínum í samræmi við efni þess ákvæðis.

Á það skal bent, að alloft er óskað umsagnar barnaverndarnefnda af hálfu ráðuneytis, áður en skipað er fyrir um forræði barna við hjónaskilnað foreldra. Er ugglaust veigamikið fyrir ráðuneyti að fá umsagnir nefnda um slík mál. Nefndin taldi sig þó ekki hafa umboð til að gera beinar tillögur um það efni, enda fæli það í sér breytingar á lögum um stofnun og slit hjúskapar.

Um 33. gr.

Greinin er lítið breytt frá gildandi lögum, þó er nefndum gert að skyldu að halda skrá þá, er þar er um rætt. Síðari málsliður 33. gr., eins og hann er nú í lögum,

er óþarfur, þar sem nefndir hafa þá heimild, sem þar greinir, samkvæmt almennum ákvæðum frv.

Um 34. gr.

Í norrænum barnaverndarlögum eða sifjalöggjöf eru ýtarleg ákvæði um fóstur barna. Er þar bæði áskilið samþykki barnaverndarnefndar, mælt fyrir um eftirlit af hendi barnaverndarnefnda með slíkum börnum og sett ákvæði um, að unnt sé að sporna við flutningi barns frá fósturheimili, er nefnd telur það heppilegast fyrir hagi barns, að það sé kyrrt hjá fósturforeldrum. Í 34. gr. laga nr. 29/1947 eru ekki almenn ákvæði um þetta efni, heldur aðeins um einn afmarkaðan þátt, en ljóst er, að samkv. 1. gr. laganna ber barnaverndarnefndum að hafa almennt eftirlit með fósturbörnum, ekki síður en öðrum börnum.

Fóstur barna er mjög algengt hér á landi og hefur verið það um langan aldur. Ættleiðingar eru hins vegar tiltölulega nýlegt fyrirbæri. Ættleiðingin skapar í sjálfu sér festu um tengslin milli barns og foreldris, en fóstur felur oft í sér lausara samband, þannig að í upphafi hefur ekki verið stofnað til þess, að barn skyldi vistast með fósturforeldrum, nema um takmarkaðan tíma eða unz annað réðist. Uppeldis- og tilfinningatengslin geta hins vegar verið allt eins rík, þótt fóstri sé aðeins til að dreifa, en við fóstursamband eru aðeins tengd fá lagaáhrif, þar sem ættleiðingin er hins vegar mjög áhrifarík gerningur að lögum.

Eftir því sem þjóðfélag vort stækkar, verður þörfin ríkari á því, að sérstakt eftirlit sé haft með því, er börnum er ráðstafað til fósturs. Orkar ekki tvímælis, að virkast er til árangurs að kanna málið þegar í upphafi og áskilja, að enginn geti tekið barn til fósturs, nema leyfi barnaverndarnefndar komi til, og á hinn veg að leggja bann við því, að handhafi foreldravalds ráðstafi barni til fósturs, nema til aðilja, er fengið hefur leyfi barnaverndarnefndar í þessu skyni. Er lagt til, að þessar reglur verði lögfestar með 1. og 2. málsgrein 34. gr., og eru ákvæði þessi nýmæli í íslenzkum rétti. Er nefndum boðið að kynna sér gaumgæfilega hagi og uppeldishæfi væntanlegra fósturforeldra og hagi barns o. fl. Nefndinni eru sett þau leiðbeiningarsjónarmið, að samþykki verði ekki veitt til að hafa barn í fóstri, nema tryggilegt þyki, að barn njóti góðrar aðhlynningar og uppeldis á fósturheimili og ekkert sérstakt geri varhugavert að fallast á umsóknina.

Um 34. gr. a.

Í 1. málsgrein er rætt um það, er nefnd kemst að því, að þeir, sem hafa barn í fóstri, vanræki uppeldi þess, atlæti eða aðbúnað, og er þá mælt fyrir um úrræði, m. a. þau, er greinir í 26. gr. frv. Í norrænu lögunum eru settar allvíðtækar reglur um stöðugt eftirlit af hálfu barnaverndarnefnda með fósturbörnum. Nefndin hefur talið varhugavert að lögfesta slík ákvæði að svo stöddu hér á landi, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að sérstök þörf sé á slíku eftirliti, með því að yfirleitt mun talið, að vel fari um fósturbörn hér á landi. Nefndin er þeirrar skoðunar, að hér henti bezt að láta sitja við hin almennu ákvæði barnaverndarlaga um eftirlit með aðbúð og uppeldi barna, enda er hætt við, að víðtækt eftirlit með heimilum fósturforeldra drægi úr því, að menn tækju að sér börn til fósturs, en slíkt væri til tjóns fyrir þjóðfélagið í heild sinni. Hér gilda þó sérstök sjónarmið um börn, sem ráðstafað er til fósturs af hendi barnaverndarnefndar. Nefndin ber beinlínis ábyrgð á því, hvernig til tekst um slík börn, og því er lögð skylda á barnaverndarnefndir, þegar svo stendur á, að fylgjast með högum barns, sbr. 2. málsgrein. Auk þess er nefnd boðið að vanda til vals á fósturheimili, sbr. og að sínu leyti 4. málsgrein 38. gr. framfærslulaga nr. 80/1947.

Í 16. gr. laga nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, segir, að jafnan sé barnaverndarnefnd rétt að úrskurða, að óskilgetið barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldri, ef þar fer vel um það, enda þótt sá, sem foreldraráð hefur yfir barninu, kalli eftir því. Einnig er í þessu sambandi rétt að benda á ákvæði 17. gr. framfærslulaga, þar sem rætt er um þau tilvik, er lögskyldur fram-

færslumaður eða sveitarstjórn hefur ráðstafað barni í fóstur, með ákveðinni meðgjöf umfram barnalífeyri, „og er þá eigi heimilt að taka barn frá fósturforeldri, hafi það dvalizt þar eigi skemur en þrjú ár, ef þar fer vel um það að dómi barnaverndarnefndar eða skólanefndar, þar sem barnið dvelur, og fósturforeldrarnir vilja halda því, enda krefjist þeir ekki hærri meðgjafar með barninu en lögboðins barnalífeyris".

Á síðustu árum hefur nokkrum sinnum reynt á þá aðstöðu í dómsmálum, að handhafi foreldravalds kalli eftir barni, sem verið hefur í fóstri. Hafa börn þá jafnaðarlega verið hjá vandabundnu fólki. Í öllum þessum tilvikum, sbr. hrd. XIII, bls. 181, XXVIII, bls. 428, XXIX, bls. 651, XXX, bls. 56, XXXIII, bls. 349, hefur legið fyrir álit barnaverndarnefndar og barnaverndarráðs, sem lagt hafa gegn flutningi, með því að flutningur væri varhugaverður fyrir sálarlíf barnsins. Oft hefur og verið stuðzt við umsagnir sérfræðinga í sálfræði og uppeldisfræðum, er gengið hafa í sömu átt. Hafa úrslit þessara mála allra orðið þau, að hrundið hefur verið kröfu um afhendingu barns gegn vilja þess. Í einu þessara mála var um skilgetið barn óskilinna foreldra að ræða, í einu um skilgetið barn skilinna foreldra, en endranær voru börnin óskilgetin. Í tveimur tilvikum var tilætlunin að flytja börn úr landi. Þegar þessi vandasömu mál eru virt, virðist nefndinni tímabært að setja almennt ákvæði um þetta efni, þ. e. ákvæði, er ekki sé einskorðað við óskilgetin börn, heldur taki einnig til skilgetinna barna. Hefur verið hallazt að því að halda orðalagi 16. gr. laga nr. 87/1947 að efni til, með því að allvíðtæk dómvenja er fengin um það ákvæði. Ljóst er, að barnaverndarnefndum ber í þessu efni sem öðrum að hafa að leiðarljósi, hvað barni er fyrir beztu, sbr. almenna ákvæðið í 16. gr. 3. málsgr. frv. Þykir ekki þörf á að árétta það hér, sbr. hins vegar norsku lögin, þar sem segir, að kröfu skuli hrundið, ef ekki sé eðlileg ástæða til flutnings barns og ætla megi, að hann geti orðið skaðlegur fyrir barnið.

Að undanförnu hefur þótt vafalaust, að dómstólar eigi úrlausn mála sem þessara, þótt barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð hafi skorið úr þeim fyrir sitt leyti, og er ekki ætlunin að gera neina breytingu á því með þessum nýju ákvæðum.

Ákvæði 17. gr. framfærslulaga, sem reifað var hér að framan, er byggt að verulegu leyti á öðrum sjónarmiðum en þeim, sem búa að baki lokaákvæði 34. gr. frv. Er þar tekið allt of mikið tillit til fjárhagslegra atriða. Virðist eðlilegast að fella 17. gr. algerlega niður og láta framangreint ákvæði frv. eitt duga.

Til athugunar kom að setja ákvæði, er skyldar fósturforeldra til að tilkynna flutning sinn til barnaverndarnefnda, enda mundi slík tilkynningarskylda væntanlega greiða fyrir eftirliti af hendi barnaverndarnefndar. Á móti því mælir aftur, að varhugavert er að setja fósturforeldrum almennt harðari kosti en öðrum uppalendum, svo og hitt, sem fyrr greinir, að eftirlit með fósturforeldrum á ekki að verða jafnríkt og er eftir norrænu lögunum.

Eftir norrænu lögunum eru óskilgetin börn yfirleitt undir sérstakri vernd og forráðum barnaverndarnefndar. Hér á landi þykir ekki sérstök þörf á slíkri tilhögun. Mikill fjöldi óskilgetinna barna hlýtur síðar réttarstöðu skilgetinna barna vegna eftirfarandi hjúskapar foreldra, og aðstaða og afkoma einstæðra mæðra er tvímælalaust hægari hér á landi en víðast hvar erlendis.

Um 35. gr.

Hér er m. a. lögð til sú breyting, að barnaverndarnefndum er gert að skyldu að hafa eftirlit með sumardvalarheimilum í umdæmi sínu. Fara þessi heimili nú mjög í vöxt, og hefur reynslan sýnt, að full þörf er á að hafa eftirlit með þeim.

Í öðru lagi er sú breyting, að barnaverndarnefnd er gert að skyldu að hafa eftirlit með barnaheimili, þótt það sé utan umdæmis þess, ef það er rekið af aðilja í umdæmi þess, t. d. af sveitarstjórn. Slík heimili verða þá bæði undir eftirliti barnaverndarnefndar í umdæmi, þar sem heimili er staðsett, svo og nefndar í heimilisumdæmi manns eða stofnunar, sem rekur heimilið. Þykir óhjákvæmilegt að hafa þennan hátt á, og ber brýna nauðsyn til að kveða á um þetta í lögum til þess

að taka af tvímæli. Þá er einnig lögð eftirlitsskylda á nefnd um að fylgjast með högum barna, er ráðstafað kann að hafa verið úr umdæmi hennar í barnaheimili í öðru umdæmi. Reynslan hefur leitt í ljós, að full þörf er á slíku ákvæði.

Um 36. og 37. gr.

Það er reynsla hvarvetna um lönd, að barnaverndarstarfsemi missi marks, ef hún hafi ekki að bakhjalli ýmsar stofnanir, er tekið geti við börnum og ungmennum, sem vista þarf um lengri eða skemmri tíma. Er þar fyrst að geta athugunarstöðva. Um þær eru ákvæði í 36. gr. gildandi laga, þar sem boðið er, að ríkisstjórn skuli koma á fót og starfrækja slíka stöð eða stöðvar, að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Slík athugunarstöð hefur verið rekin á annan áratug í Elliðahvammi. En það er hvort tveggja, að hún er lítil (þar mun vera hægt að vista 8 börn) og húsnæði óhaganlegt og raunar óhæft. Verður hið fyrsta að fá þessari stofnun annað og betra húsnæði. Lagt er til, að 36. gr. sé breytt svo, að skylda ríkisstjórnar um að stofnsetja og reka slíkar stöðvar verði gerð fortakslausari en nú er.

Í 37. gr. núgildandi laga er rætt um stofnanir fyrir börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Er boðið að setja þær á stofn, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, og skal önnur vera fyrir drengi, en hin fyrir stúlkur. Er nú ákvæði um þetta í 1. málsgr. 37. gr. frv. og er þar lagt til, að skylt sé fyrir ríkisstjórn að hefjast handa í þessu efni.

Framkvæmdir á grundvelli 37. gr. hafa orðið með þeim hætti, að heimili fyrir drengi var stofnað í Breiðavík árið 1953 og er unnt að vista þar 16 drengi. Hefur það gegnt mikilvægu hlutverki, þótt það hafi aldrei verið svo úr garði gert sem æskilegt er. Aðstaða fyrir starfsfólk hefur og ávallt verið örðug, og hefur það m. a. valdið því, að verr hefur haldizt á starfsfólki en ella mætti vænta. Annað heimili fyrir drengi þarf að stofna hið allra fyrsta. Við staðsetningu þess og allan búnað er mikilvægt, að menn færi sér í nyt þá reynslu, sem fengizt hefur af heimilinu í Breiðavík.

Um heimili fyrir telpur, sem framið hafa lögbrot eða lent á glapstigum, er það skemmst af að segja, að þrátt fyrir miklar umræður og margendurteknar tillögur barnaverndaryfirvalda, hefur slíkt heimili enn ekki verið stofnað, þrátt fyrir setningu laga nr. 20/1955, en þar segir svo í 1. gr.: „Hefja skal undirbúning að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur. Ríkisstjórninni er heimilt að leita eftir hentugu húsnæði, sem til kann að vera, fyrir vistheimili og gera samning um afhendingu þess og afnot. Enn fremur er henni heimilt að taka til þessara nota húsnæði, sem ríkið á eða hefur umráð yfir.“ Verður nú með engu móti slegið á frest að hefjast handa um stofnun þess konar heimilis, og því miður hefur þróun síðustu ára verið á þá lund, að með ári hverju verður þörfin æ brýnni. Með því að ákvæði 1. málsgr. 37. gr. frv. eru allsendis fortakslaus, þykir ekki þurfa að taka ákvæði laga nr. 20 1955 upp í greinina, enda er það framkvæmdaratriði, hvernig ríkisstjórn framfylgi ákvæði þessarar greinar, ef að lögum verður.

Í 2. málsgr. er lagt til, að það nýmæli verði lögfest, að hvert heimili, sem hér um ræðir, skuli hafa sérstaka stjórnarnefnd, 3—5 manna, skipaða af ráðherra, að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Skal nefndin hafa nákvæmt og stöðugt eftirlit með rekstri heimilis, aðbúð og uppeldi barna þar og aðstoða forstöðumann við stjórn heimilis. Er þess að vænta, að slík stjórnarnefnd geti haft verulegt gildi. Bæði stuðlar hún að hæfilegum rekstri heimilis og fylgist með aðbúnaði barna og auk þess getur hún orðið starfsfólki til uppörvunar og liðsinnis.

Í 3. málsgr. er það nýmæli sett, að líkamlegum refsingum skuli ekki beita í slíkum stofnunum sem þessum. Þetta ákvæði girðir vitaskuld ekki fyrir, að beitt sé úrræðum til að halda uppi aga í stofnun.

Í sambandi við 1. málsgr. 37. gr. ber að hafa í huga, að samkvæmt 43. gr. alm. hegningarlaga frá 1940 ber að reisa sérstakt fangelsi fyrir unglinga innan 22 ára aldurs, sbr. nú lög um fangelsi nr. 18/1962, 4. gr. Er ljóst, að hér er um tvenns

konar stofnanir að ræða. Þá er einnig rétt að benda á, að ýmissa annarra stofnana er þörf en þeirra, sem getið er um í 36. og 37. gr., svo sem stofnana fyrir börn og ungmenni, sem ekki rækja skóla sinn með viðunandi hætti, taugaveikluð börn, gáfnasljó börn, andlega vanþroska börn og ungmenni, svo og skólaheimili fyrir börn, sem eru frá heimilum, sem varhugavert er að þau dveljist á um skamman eða langan tíma. Um forsjárlausu börnin og þau, sem ekki eiga að viðunandi heimilum að hverfa, má nefna vöggustofuna á Hlíðarenda, vistheimilið á Silungapolli fyrir börn 3—7 ára og vistheimilið í Reykjahlíð fyrir börn á aldursskeiði 7—12 ára, svo að minnzt sé á aðstöðuna í Reykjavík. Einnig má minna á áætlanir, sem fram hafa verið lagðar af Reykjavíkurbæ, um stóreflingu barnaheimila á vegum borgarinnar.

Um 38. gr.

Í þessari grein gætir lítt breytinga frá gildandi lögum. Þó er gert ráð fyrir, að sveitarstjórn og barnaverndarnefnd semji um fjárhæð framfærslueyris. Ef ágreiningur verður milli þeirra aðilja, sem hér koma við mál, þ. e. framfæranda barns eða ungmennis og sveitarstjórnar og barnaverndarnefndar, sker menntamálaráðuneytið úr til fullnaðar.

Í 2. mgr. er nýmæli, sem lýtur að kostnaði, sem barnaverndarnefnd kann að hafa af hvers konar ráðstöfun barna og ungmenna úr öðrum umdæmum. Skulu sveitarstjórnir í framfærslusveit barns eða ungmennis endurgreiða þær fjárhæðir, nema lög mæli öðruvísi.

Um 39. gr.

Í íslenzku barnaverndarlögunum fjallar 39. gr. um vinnuvernd barna og ungmenna. Víðast hvar eru slík ákvæði ekki í barnaverndarlögum, heldur heildarlögum um vinnuvernd. Hér er slíkri heildarlöggjöf um vinnuvernd ekki til að dreifa, en í ýmsum ákvæðum laga, sem fjalla um þetta efni, er vikið að vinnuvernd barna og ungmenna. Má þar nefna lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952, einkum 8. og 21. gr., sjómannalög nr. 67/1963, 10. gr., sjá einnig lög um lögræði nr. 95/1947, 30. gr. Geta má hér einnig alþjóðasamninga, er Ísland hefur bundizt, sbr. alþjóðasamþykkt um lágmarksaldur kyndara og kolamokara, auglýsing nr. 73/1956, og lágmarksaldur barna við sjómennsku, auglýsing nr. 74/1956.

Að svo komnu máli virðist vera réttmætt að setja ákvæði um vinnuvernd barna og ungmenna í barnaverndarlög, þótt barnaverndarnefndir hafi örðuga aðstöðu með að fylgjast með því, að farið sé eftir þeim ákvæðum. Mikill vandi er á höndum, er orða á ákvæði þessi. Annars vegar er á það að líta, að börnum og ungmennum er vissulega mikil þörf á vinnuvernd. Hins vegar er mikil ásókn á vinnu af hendi barna og ungmenna og forráðamanna þeirra fyrir þeirra hönd. Verður því einnig að hafa í huga, að ákvæði um þetta efni verði með þeim hætti, að líkindi séu til, að unnt verði að framfylgja þeim.

Telja verður óráðlegt og raunar ógerlegt að setja víðtæk ákvæði um þetta efni í sjálfan lagatextann. Hitt er hyggilegra að hafa almenn ákvæði í lögum og setja síðan reglugerðir til fyllingar þessum ákvæðum. Er það sú stefna, sem tekin er í 39. gr. laganna, eins og hún nú er orðuð. Veitir greinin svigrúm til að koma að víðtækum ákvæðum, sem sporni við því, að ungmennum séu ofþjakað með vinnu.

Í frv. eru ýmsar breytingartillögur frá lögum nr. 29/1947. Í fyrsta lagi er heimilað að leggja bann við því, að börn og unglingar vinni með tækjum eða umgangist tæki, er slysahætta stafar af. Sama gildir um vinnu, sem hefur á annan hátt slysahættu í för með sér. Þau hörmulegu slys, sem orðið hafa á síðustu árum, fyrir það að börn eða ungmenni hafa unnið með tækjum, sem sérstök slysahætta stafar af, gera það mjög brýnt, að sett verði bannákvæði sem þessi. Í öðru lagi er lagt til, að reglugerðarheimildin verði einnig látin ná til ákvæða, er sporni við yfirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu barna og ungmenna og kveði á um, að læknisskoðun fari eftir atvikum fram til úrlausnar um það fyrir fram, að vinna sé ekki barni eða ungmenni um megn. Styðst þessi tillaga við auðsæ rök.

Í þriðja lagi er lagt til, að bætt verði við 4. málsgr. ákvæði um heimild til setningar reglugerðar um störf, sem siðferði barna getur stafað hætta af, og verður heimild til setningar reglugerðar þá örlítið rýmri en nú er.

Loks er þess að geta, að í 2. málsgr. 39. gr. er breytt ákvæðunum um ráðningu ungmenna til starfa á skipum, og eru þau færð til samræmis við 10. gr. sjómannalaganna nr. 67/1963. Eru ákvæðin þá í fullu samræmi við alþjóðasamþykktir þær, er Ísland hefur bundizt á þessu sviði, sbr. auglýsingu nr. 73 og 74 frá 1956. Við 10. gr. sjómannalaganna er hér bætt orðinu „æfingaskipi“ eftir skólaskipi, sbr. einnig um það atriði orðalag fyrrgreindra samþykkta. Þá er það nýmæli í 39. gr., að eigi megi ráða karlmann yngri en 15 ára og eigi konu yngri en 18 ára til starfa í loftfari. Virðist nefndinni, sem samdi frv., vera þörf á að setja slíkt ákvæði, þar sem ákvæði 30. gr. laga nr. 95/1947, um lögræði, er bannar að ráða ósjálfráða unglinga til starfa m. a. í loftfari án samþykkis þeirra, getur ekki talizt fullnægjandi. Hitt er álitamál, hvar setja eigi þessi aldursmörk, og gildir það að sjálfsögðu ekki síður um vinnu í verksmiðjum og skipum. Bent er á, að 30. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 heldur gildi sínu þrátt fyrir breytingar þær, sem hér er lagt til, að gerðar verði á lögum um vernd barna og ungmenna.

Rétt þykir að benda á, að fyrir síðasta Alþingi lá tillaga til þingsályktunar um vinnuvernd barna og ungmenna.

Um 39. gr. a.

Samkvæmt barnaverndarlögum svo og ýmsum öðrum lögum og reglum, svo sem lögreglusamþykktum, áfengislögum o. fl., er boðið, að hafa skuli virkt eftirlit með börnum og ungmennum innan tiltekins aldurs, sem getur verið allt að 18 árum. Þeir aðiljar, sem falið er eftirlit þetta, eiga næsta örðugt með að rækja það, nema ungmennum sé gert að skyldu að hafa meðferðis aldursskilríki. Ella er hætt við sífelldu þrefi um aldur ungmenna, og standa eftirlitsmenn þar illa að vígi, ef aldursskilríki er ekki til að dreifa, sem sker úr í þessu efni. Útgáfa slíkra aldursskilríkja vekur og frekari athygli en nú er á þeim reglum, sem að ofan greinir, enda væri sjálfsagt að greina þær stuttlega á aldursskilríki. Skilríkin hafa í sjálfu sér varnaðargildi. Slík aldursskilríki eru jafnframt persónuskilríki, sem að góðu gagni getur komið vegna almennrar löggæzlu og sem almennt sönnunargagn fyrir því, hver aðili sé.

Á það skal bent, að skv. lögum nr. 10/1942 um notkun vegabréfa innanlands getur ríkisstjórnin fyrirskipað, að allir karlar og konur, 12 ára og eldri, skuli bera vegabréf. Ekki þykir ástæða til að fella þessi lög úr gildi, þótt framangreint ákvæði verði í lög tekið, enda er gildissvið laga nr. 10/1942 miklu víðtækara en 39. gr. a frv. þessa og öðrum þræði reist á öðrum lagarökum en sú grein.

Um 40. gr.

Hér er rætt um það verkefni barnaverndarnefnda að vinna gegn áfengisneyzlu barna og ungmenna. Í 40. gr. gildandi laga er nefndunum boðið að aðstoða í því efni áfengisvarnarnefnd í umdæmi sínu. Þetta boð er almenns eðlis og sérgreinir ekki, í hverju þessi aðstoð skuli vera fólgin. Er hér lagt til, að bætt sé við greinina orðunum „og m. a. stuðla að því, að þeir, sem veita eða selja þeim (þ. e. börnum og ungmennum) áfengi, sæti ábyrgð lögum samkvæmt“. Er þetta ákvæði sett m. a. eftir ábendingu barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Um 41. gr.

41. gr. í gildandi lögum fjallar um eftirlit með skemmtunum og kvikmyndasýningum. Hér er lagt til, að ákvæðin um eftirlit með kvikmyndum sé numið úr greininni og séu sett um það ákvæði sér í lagi, sbr. VI. kafla frv., og fjallar 41. gr. frv. þá aðeins um eftirlit með skemmtunum öðrum en kvikmyndasýningum. Slíkt eftirlit með skemmtunum og kvikmyndasýningum er víðast hvar annars staðar í höndum annarra aðilja en barnaverndarnefnda, en naumast er annars úrkosta hér

Um 54. gr.

Hér er mælt fyrir um málskot til barnaverndarráðs, hverjir hafi aðild málskots og um málsmeðferð. Um aðild máls hefur það verið rætt, hvort rýmka ætti aðild til málskots með þeim hætti, sem er í ýmsum erlendum lögum, að minni hluti nefndarmanna í barnaverndarnefnd geti einnig skotið máli til ráðsins. Ekki þótti þó vert að taka upp þá nýbreytni að svo stöddu. Um málsmeðferð fyrir barnaverndarráði er vísað til 14,. 15., 16. og 20. gr. frv., eftir því sem við getur átt. Er auðsætt, að miklu máli skiptir, að vandað sé til allra ákvarðana barnaverndarráðs svo sem frekast eru föng á.

Í 2. málsgr. er endurtekin sú regla 54. gr. gildandi laga, að málskot til barnaverndarráðs fresti ekki framkvæmd ákvörðunar barnaverndarnefndar, en bætt er við því ákvæði, að þegar sérstaklega stendur á, geti barnaverndarráð þó ákveðið, að framkvæmd ályktunar barnaverndarnefndar skuli frestað, unz ráðið hefur fellt úrskurð sinn. Eru tvímælalaus rök til þess, að slík undantekningarregla sé gerð, enda mun það oft vera svo í reyndinni, að ekki verður úr framkvæmd ákvörðunar, fyrr en barnaverndarráð hefur fjallað um mál.

3. málsgr. fer með nýmæli, og er þar kveðið á um, hvernig aðstaða barnaverndarráðs sé, er það fær mál til meðferðar, er barnaverndarnefnd hefur fjallað um. Segir þar, að ráðið skuli meta bæði sönnunargögn máls og lagahlið þess. Þá er mælt fyrir um aðgerðir ráðsins, það getur ýmist staðfest úrskurð eða hrundið honum að nokkru eða öllu og er óbundið af niðurstöðum nefndar um val á úrræðum. Ráðið getur einnig vísað málinu að nýju til meðferðar í barnaverndarnefnd svo og aflað gagna sjálft fyrir atbeina barnaverndarnefnda eða með öðrum hætti. Þessi talning er ekki tæmandi, en ætti þó að hafa verulegt leiðbeiningargildi.

Í 4. málsgr. er barnaverndarráði boðið að láta mál til sín taka, ef það verður þess áskynja, að nefnd hafi hagað sér lögum andstætt, þótt máli hafi ekki verið til þess skotið. Er þessi málsgrein nánari áréttíng á ákvæði 1. málsgr. 51. gr.

Um 55. gr.

Þetta er nýtt ákvæði, sem mælir fyrir um setningu reglugerðar um starfsháttu barnaverndarráðs, þ. á m. um boðun funda, bókun fundargerða, boðun varamanna, verkaskiptingu innan ráðs, um starfsmenn ráðsins og skrifstofuhald þess.

Um 56. gr.

Svo sem greint var í athugasemdum við 41. gr. frv., er ætlunin að setja heildarákvæði um skoðun kvikmynda í sérstaka grein, 56. gr. frv. Er í grein þessari mælt fyrir um skipun 3—5 þar til hæfra skoðunarmanna til 5 ára í senn til þess að framkvæma skoðun kvikmynda. Kvikmyndaskoðun fer fram í Reykjavík, og gilda úrlausnir skoðunarmanna hvarvetna á landinu. Eru barnaverndarnefndir bundnar við þær. Um skoðunarmenn er svo fyrir mælt, að þeir skuli ekki vera eldri en 65 ára, og tilnefnir ráðherra þá, að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Umsýslu þeirra er svo lýst, að þeir skuli meta, hvort mynd geti haft skaðleg áhrif á siðferði eða sálarlíf barna eða á annan hátt. Skal meta sér í lagi, hvort mynd sé hæf til sýningar fyrir börn innan 12 ára, og í annan stað, ef hún mezt óhæf, þá hvort hún sé hæf til sýningar börnum á aldursskeiði 12—16 ára. Tekið skal fram, að engu máli skiptir í þessu sambandi, hvort barn er í fylgd með fullorðnum á sýningu — ef myndin er óhæf til sýningar barni á tilteknu aldursskeiði, þá er þar með fyrir það girt, að barn hafi leyfi til að sjá myndina.

Um starfshætti skoðunarmanna eru nánari ákvæði í greininni. Skulu tveir skoðunarmenn hið fæsta skoða mynd hverju sinni. Ef þá greinir á, skal kveðja hinn þriðja til, eftir reglum, sem settar verða í reglugerð, og ræður síðan meiri hluti, hver ákvörðun verði gerð um mynd. Um gjald vegna skoðunar er sú regla endurtekin, sem nú er í 41. gr. laga nr. 29/1947, að sá greiði kostnað, sem beiðist skoðunar. Er eðlilegt, að hér komi til verulegt gjald af hendi innflytjenda kvikmynda,

á landi en að leggja þetta almenna skemmtanaeftirlit í hendur þeirra áfram. Að sjálfsögðu er verulegur þáttur þess eftirlits í höndum löggæzlumanna í reyndinni, enda hafa barnaverndarnefndir hvergi yfir starfsliði að ráða, sem gegnt gæti slíku verkefni að nokkru gagni. Sú tilhögun að fela nefndunum þetta almenna eftirlit hefur þó það gildi, að nefndirnar eiga aðild að málinu almennt og geta haft uppi athugasemdir, eftir því sem þær telja efni til, og geta skapað nokkurt aðhald að þessu leyti.

Um 42.—44. gr.

Í þessum greinum gætir engra breytinga, sem máli skipta. Orðið „hættulega“ í 1. málsgr. 44. gr. er numið burtu, með því að því er ofaukið. Æskilegt er, að barnaverndarráð hlutist til um setningu reglugerða samkv. 42. gr. í þeim umdæmum, þar sem þær eru ekki til nú þegar.

Um 45.—47. gr.

Í 45. og 47. gr. er tilvitnun til 64. gr. almennra hegningarlaga felld brott, með því að sú grein var niður felld með lögum nr. 22/1955.

Um 48. gr.

Hér er mælt fyrir um ályktunarfæri barnaverndarráðs og hvenær tillögur nái samþykki þar. Áskilinn er aukinn meiri hluti til samþykkta, er varða þær meiri háttar ráðstafanir, er greinir í 13. gr. frv., og þurfa þá fjórir af fimm ráðsmönnum að fylgjast að máli.

Um 49.—50. gr.

Þær eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 51. gr.

Í 1. málsgr. er bætt inn því ákvæði, að barnaverndarráð geti lagt fyrir barnaverndarnefnd að framkvæma sérstakar ráðstafanir í máli, hvort sem nefnd hefur áður fjallað um það eða ekki.

Í 2. málsgr. er það nýmæli, að barnaverndarnefndum er gert að skyldu að framkvæma samþykktir barnaverndarráðs, nema framkvæmd þeirra heyri undir önnur stjórnvöld. Þykir gleggra að hafa beint ákvæði um þetta efni í lögunum, þótt segja megi, að samkv. almennri tilhögun laganna og stöðu barnaverndarnefnda andspænis barnaverndarráði felist þetta í lögunum.

Í 3. málsgr. er sem fyrr greinir ákvæði um tengslin milli barnaverndaryfirvalda annars vegar og löggæzlu- og dómsvalds hins vegar. Að undanförnu hefur gætt verulegrar óvissu um framkvæmdir á ákvörðunum barnaverndaryfirvalda, og ber nauðsyn til að setja skýra reglu um það efni. Er hér lagt til, að valdbeiting til þess að framfylgja ákvæðum sé í höndum fógeta almennt, en þó ef brýna nauðsyn ber til í höndum lögreglu. Þegar til slíkrar valdbeitingar kemur, er þó boðið, að ávallt skuli vera viðstaddur fulltrúi frá barnaverndarnefnd eða barnaverndarráði. Á þetta getur alloft reynt, svo sem við töku barns af heimili foreldra, töku barns af fósturheimili, eða þegar fjarlægja á mann af heimili, sbr. 27. gr., eða þegar flytja á barn á stofnun að óvilja þess o. fl.

Um 52. gr.

Sú ein breyting er hér lögð til, að hækkuð eru fjármörk dagsekta úr 5—20 kr. í 50—100 kr.

Um 53. gr.

Lagt er til, að sumardvalarheimilum sé bætt inn í talningu á barnaheimilum, er barnaverndarráð hefur yfirumsjón með. Enn fremur er sú breyting gerð um fyrirkomulag eftirlits, að í gildandi lögum er talað um, að fela skuli einum ráðsmanna þetta eftirlit, en haganlegra þykir að hafa svigrúm til að fela einum eða fleiri ráðsmanna þetta eftirlit.

og er þessu gjaldi ekki ólíkt farið og gjaldi vegna annars opinbers eftirlits, svo sem samkvæmt lögum um lyfjasölu, eftirlit með skipum, öryggiseftirlit o. fl. Hins vegar ber barnaverndarnefnd að fylgjast með því almennt, að banni gegn sýningum kvikmynda sé fylgt, og gera lögreglu viðvart, ef út af er brugðið.

Um 57. gr.

Hér er tekið upp ákvæði 1. gr. laga nr. 58/1962, um breytingu á lögum nr. 29/1947, að því er varðar rannsókn og meðferð mála út af brotum á lögunum. Fer sú málsmeðferð að hætti opinberra mála.

Um 58. gr.

Það var reifað hér að framan, hve miklu máli það skipti, að barnaverndaryfirvöld hefðu vel menntuðu starfsliði á að skipa. Í þessari grein er veitt heimild til þess fyrir barnaverndarráð að efna til fyrirlestra og námskeiða fyrir meðlimi barnaverndarnefnda svo og starfsfólk þeirra. Hér er fyrst og fremst haft í huga, að komið sé við einstökum fyrirlestrum eða fyrirlestraflokkum um barnaverndarmálefni og námskeiðum um þau. Gæti barnaverndarráð sjálft staðið fyrir þeim eða haft samráð við aðrar stofnanir, ef betur þætti henta, svo sem Háskólann, Kennaraskólann og Fóstruskólann. Þess konar fræðslustarfsemi, sem öðrum þræði gæti falið í sér málfundi um barnaverndarmál, þar sem menn skiptust á skoðunum um einstök úrræði svo og miðluðu hverjir öðrum af reynslu sinni, getur vafalaust haft mikið gagn.

Um 59. gr.

Lög nr. 20 1955 eru hér felld úr gildi, sbr. athugasemdir við 37. gr., og lög nr. 58 1962, sbr. athugasemdir við 57. gr. Að öðru leyti hefur greinin að geyma reglur um framkvæmd mála vegna gildistöku hinna nýju ákvæða, ef að lögum verða.“

Nd. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

I. KAFLI

Almennar náttúrurannsóknir.

1. gr.

Með almennum náttúrurannsóknum er í lögum þessum átt við undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og landfræði, sem ekki eru unnar beinlínis í þágu atvinnuveganna. Menntamálaráðherra hefur yfirumsjón allra slíkra rannsókna.

2. gr.

Náttúrufræðingum, sem stunda almennar náttúrurannsóknir eða söfnun náttúrugripa á vegum hins opinbera, skal frjáls för um lönd manna, en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er þeim að greiða fullar bætur fyrir tjón, er þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er og heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er, án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki, ef um er að ræða náttúrugripi, sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra rétthafa lands.

Nú leiðir rannsókn í ljós verðmæti, sem áður voru ókunn, og ber þá rannsakanda að tilkynna það rétthafa þess lands, þar sem verðmætin eru.

3. gr.

Íslenzkir ríkisborgarar skulu hafa forgangsrétt til almennra rannsókna á náttúru Íslands.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, veitt erlendum náttúrufræðingum heimild til að stunda almennar náttúrurannsóknir hér á landi um tiltekinn tíma, enda hafi þeir samráð við stofnunina og láti henni í té skýrslur um rannsóknir sínar, allt samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

4. gr.

Skylt er öllum þeim, er njóta opinbers styrks eða fyrirgreiðslu til almennra rannsókna á náttúru Íslands, að hafa samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og láta henni árlega í té skýrslur um rannsóknirnar.

II. KAFLI

Náttúrufræðistofnun Íslands.

A. Hlutverk.

5. gr.

Aðalverkefni stofnunarinnar eru þessi:

a. Að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru Íslands, vinna að slíkum rannsóknum, samræma þær og efla.
b. Að koma upp sem fullkomnustu vísindalegu safni íslenzkra og erlendra náttúrugripa og varðveita það.
c. Að koma upp sýningarsafni, er veiti sem gleggst yfirlit um náttúru Íslands og sé opið almenningi.
d. Að hafa eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga hér á landi og gæta íslenzkra hagsmuna í sambandi við þær.
e. Að greina frá meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar í árlegri skýrslu og frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum.

6. gr.

Stofnunin skal annast fuglamerkingar, og hefur hún ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi.

B. Stjórn og skipulag.

7. gr.

Í Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera þrjár deildir, dýrafræðideild, grasafræðideild og jarðfræði- og landfræðideild.

8. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn stofnunarinnar og skipar að fengnum tillögum forstöðumanns deildarstjóra, sérfræðinga og annað starfslið hennar. Deildarstjórar skulu vera jafnmargir deildum stofnunarinnar og skulu þeir vera sérfræðingar í einhverri þeirra aðalgreina, sem falla undir viðkomandi deild. Ráðherra skipar einn deildarstjóranna forstöðumann stofnunarinnar til þriggja ára í senn og ákveður tölu sérfræðinga og annarra starfsmanna eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til í fjárlögum.

Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið doktorsprófi, meistaraprófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigreinum sínum.

9. gr.

Forstöðumaður fer með stjórn sameiginlegra málefna stofnunarinnar, en deildarstjórar stjórna og bera ábyrgð á daglegum störfum og rekstri deilda sinna.

Deildarstjórar koma fram gagnvart innlendum og erlendum aðilum sem fulltrúar deilda sinna, en forstöðumaður er auk þess í fyrirsvari fyrir stofnunina í heild.

C. Fjármál.

10. gr.

Tekjur Náttúrufræðistofnunar Íslands eru:

a. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar í fjárlögum eða að öðru leyti af opinberri hálfu.
b. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
c. Framlög eða gjafir einstaklinga, félaga eða stofnana.
d. Aðrar tekjur.

11. gr.

Laun starfsliðs stofnunarinnar skulu ákveðin á sama hátt og annarra starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 55/1962.

D. Almenn ákvæði.

12. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands skal eiga aðgang að vísindalegum upplýsingum, sem opinberar stofnanir geta í té látið og varða starfsemi hennar.

13. gr.

Stofnunin skal ekki veita viðtöku gripagjöfum, ef þeim fylgja kvaðir um aðra meðferð þeirra en annarra muna stofnunarinnar. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef viðkomandi deildarstjóri mælir með því og forstöðumaður telur sérstaka ástæðu til.

Óheimilt er að lána sýningargripi stofnunarinnar.

14. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um rekstur og starfsemi stofnunarinnar.

15. gr.

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

Ákvæði I. og II. kafla laga nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, þau er lúta að almennum náttúrurannsóknum og afskiptum Rannsóknaráðs ríkisins af þeim.

Lög nr. 17/1951, um Náttúrugripasafn Íslands.

Önnur ákvæði eldri laga, sem ekki fá samrýmzt ákvæðum laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta var lagt fyrir tvö síðustu þing og fylgdu því svofelldar athugasemdir:

„Frumvarp þetta er samið af atvinnumálanefnd ríkisins í samráði við starfsmenn Náttúrugripasafns Íslands. Menntamálaráðuneytið sendi Háskólanum frv. til umsagnar og er svarbréf háskólarektors, dags. 12. jan. 1961, birt hér sem fylgiskjal. Ábendingar rektors um breytingar á 9. gr., 2. málsgr., 10. og 13. gr., hafa verið teknar til greina, og vakin er athygli á ummælum hans um athugasemd í greinargerð atvinnumálanefndar við 10. gr., d-lið. Þá hefur ráðuneytið gert þá breytingu á frumvarpinu, að setja í 11. gr. ákvæði um, að laun starfsmanna stofnunarinnar skuli ákveðin á sama hátt og annarra starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 55/1962,

en í frumvarpinu var svo mælt, að þau skyldu ákveðin í launalögum, sem var eðlilegt á þeim tíma, er frumvarpið var samið (1960). Bætt er inn orðinu „vísindalegum“ í upphafi 12. gr., þannig, að stofnunin á eftir frv., eins og það nú er, að eiga aðgang að vísindalegum upplýsingum, sem aðrar stofnanir geta í té látið og varða starfsemi hennar, en ekki upplýsingum almennt.

Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð frá atvinnumálanefnd:

„1. Almennar upplýsingar.

Með lögum nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, var sett heildarlöggjöf um allar náttúrurannsóknir hér á landi, bæði hinar almennu (undirstöðurannsóknir) og hagnýtu rannsóknir. Meginkafli laganna (III. kafli) fjallar um Atvinnudeild Háskólans og hinar hagnýtu rannsóknir, en framan við hann var skeytt tveimur smáköflum (I. og II. kafla), sem fjalla um hinar almennu rannsóknir og Rannsóknaráð ríkisins. Þegar þessi lög voru sett, var engin stofnun í landinu, sem gat annazt og haft umsjón með hinum almennu rannsóknum. Það var því ekki nema eðlilegt, að Rannsóknaráði væri falið að gegna því hlutverki, sem slík stofnun, ef til hefði verið, hefði átt að hafa með höndum.

Í ársbyrjun 1947 var Náttúrugripasafnið gert að ríkisstofnun og jafnframt voru ráðnir að safninu fastir starfsmenn. Með þessari ráðstöfun var sett á laggirnar opinber stofnun, er að sjálfsögðu ber, eins og ríkissöfnum í öðrum löndum, að annast og hafa forustu um hinar almennu rannsóknir á sviði dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og landfræði. Í framhaldi af þessari ráðstöfun hefði að sjálfsögðu átt að endurskoða lögin frá 1940 og breyta þeim til samræmis við hinar breyttu aðstæður, en þetta hefur þó enn ekki verið gert, enda þótt nú séu liðin 13 ár frá því að Náttúrugripasafnið tók til starfa sem ríkisstofnun.

Á Alþingi 1951 voru sett lög um Náttúrugripasafn Íslands. Haustið 1950, er verið var að undirbúa þessa lagasetningu, varð brátt ljóst, að erfitt myndi reynast að ákveða á viðunandi hátt, hver ættu að vera hlutverk Náttúrugripasafnsins, þar sem sum af hinum sjálfsögðu hlutverkum þess voru þá þegar með lögum falin öðrum aðila, þ. e. a. s. Rannsóknaráði ríkisins. Kom þá til tals að endurskoða lögin um náttúrurannsóknir frá 1940 og skapa með því gleggri verkaskiptingu milli Rannsóknaráðs og Náttúrugripasafnsins. Úr þessu varð þó ekki og frumvarp til laga um Náttúrugripasafn Íslands var því lagt fyrir Alþingi og síðar samþykkt, eftir að felld höfðu verið úr frumvarpinu ýmis ákvæði varðandi verkefni, er ekki þótti fært, að væru falin bæði safninu og Rannsóknaráði. Eigi að síður varð ekki hjá því komizt, að hlutverk beggja þessara aðilja, eins og þau eru nú ákveðin í lögum, væru að nokkru leyti hin sömu. Menntamálanefnd Nd. Alþingis, sem á sínum tíma fjallaði um frumvarp til laga um Náttúrugripasafn Íslands, var líka ljós sú veila, er felst í því að tveimur opinberum aðilum væru að nokkru leyti falin hin sömu verkefni, og í nefndaráliti sínu um málið fórust henni þannig orð um þetta atriði: „Jafnframt vill nefndin vekja athygli á því, að ástæða væri til að athuga, hvort ekki væri hægt að samræma störf Rannsóknaráðs ríkisins, Atvinnudeildar Háskólans og Náttúrugripasafns Íslands betur en gert hefur verið hingað til“.

Meðfylgjandi frumvarp er samið fyrir tilstilli Atvinnumálanefndar ríkisins. Hefur nefndin samið frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem koma á í stað laga um náttúrurannsóknir nr. 68/1940. Þar sem lögin frá 1940 fjölluðu einnig um hinar almennu rannsóknir, varð ekki hjá því komizt, að taka nú einnig til endurskoðunar lög um Náttúrugripasafn Íslands nr. 17/1951 og fella inn í þau ýmis ákvæði laganna frá 1940 varðandi hinar almennu rannsóknir, sem ekki voru tekin upp í lögin um Náttúrugripasafn Íslands árið 1951.

Þetta er meginástæða þess, að samið hefur verið frumvarp það um Náttúrufræðistofnun Íslands, sem hér er lagt fram. Við samningu frumvarpsins hefur verið haft samráð við forstöðumann og deildarstjóra Náttúrugripasafnsins og ríkir enginn

ágreiningur um efni þess. Hafa ákvæði laga um Náttúrugripasafn Íslands nr. 17/1951 sætt rækilegri endurskoðun að efni til og reynt hefur verið að gera þau skýrari og fyllri en verið hefur. Auk þess eru í frumvarpinu ýmis nýmæli, sem kveða nánar á um hlutverk safnsins og verkaskiptingu milli þess og annarra rannsóknarstofnana í landinu.

2. Helztu breytingar.

Það frumvarp til laga, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir eftirfarandi meginbreytingum á lögum nr. 17/1951 um Náttúrugripasafn Íslands:

1. Nafnið breytist úr Náttúrugripasafn Íslands í Náttúrufræðistofnun Íslands. Fyrra nafn stofnunarinnar hefur valdið töluverðum misskilningi. Margir hafa álitið, að verkefni stofnunarinnar hafi fyrst og fremst eða jafnvel eingöngu verið að safna náttúrugripum til sýnis fyrir almenning. Því er lagt til, að nafninu verði breytt og áherzla lögð á meginverkefni stofnunarinnar, sem er vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins.
2. Inn í þetta frumvarp eru felld ýmis ákvæði úr lögum nr. 68/1940 um náttúrurannsóknir, sem áður voru í verkahring Rannsóknaráðs ríkisins. 2., 3. og 4. gr. frumvarpsins eru efnislega samhljóða 1., 2., 3. og 6. gr. fyrrnefndra laga. Sömuleiðis er d-liður 5. gr. frumvarpsins, sem fjallar um hlutverk stofnunarinnar, efnislega samhljóða fyrri hluta 4. liðs 5. gr. sömu laga. Með þessu eru almenn ákvæði um náttúrurannsóknir innlendra og erlendra manna tengd Náttúrufræðistofnun Íslands og stofnuninni falið eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga. Eins og minnzt er á að framan, hefur þessi samræming á hlutverkum Náttúrugripasafnsins og Rannsóknaráðs ríkisins áður verið talin nauðsynleg, þótt ekki hafi orðið úr henni fyrr, enda hefur safnið að meira eða minna leyti annazt þessi verkefni undanfarin ár samkvæmt ósk Rannsóknaráðs.
3. Í lögum nr. 17/1951 er það talið fremst í aðalhlutverkum safnsins að safna náttúrugripum og varðveita þá. Í þessu frumvarpi er þessu breytt og fyrst talið það mikilvæga verkefni stofnunarinnar að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru landsins.

3. Skýringar við einstakar greinar.

Um I. kafla.

Þessi kafli fjallar um almennar náttúrurannsóknir og er efnislega að mestu samhljóða I. kafla laga nr. 68/1940.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru almennar náttúrurannsóknir skilgreindar sem undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og landfræði. Með undirstöðurannsóknum er átt við rannsóknir, sem ekki hafa beint hagnýtt gildi fyrir atvinnuvegi landsins.

Rétt þykir að fela menntamálaráðherra yfirumsjón þessara mála, jafnframt því sem hann fer með yfirstjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Um 2. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 3. gr. laga nr. 68/1940. Þó er hér skýrar tekið fram, að náttúrufræðingum, sem stunda almennar náttúrurannsóknir á vegum hins opinbera, skuli frjálst að ferðast um lönd manna, en því ákvæði að sjálfsögðu jafnframt haldið, að þeir skuli forðast óþarfa átroðning.

Þá er bætt við ákvæði til þess að tryggja, að þessir sömu aðilar geti hindrunarlaust aflað nátttúrugripa til vísindalegra þarfa, án þess að slíkt hafi í för með sér óhæfilegan kostnað, en samtímis tekið skýrt fram, að það ákvæði eigi ekki við, ef um er að ræða fémæta náttúrugripi fyrir rétthafa lands.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 68/1940, nema hvað þau eru nú látin ná aðeins til náttúrufræðinga og Náttúrufræðistofnun Íslands er falið það hlutverk, sem Rannsóknaráð ríkisins hefur í þessu sambandi samkvæmt lögum nr. 68/1940.

Um 4. gr.

Þessi grein er í samræmi við 6. gr. laga nr. 68/1940, nema hvað Náttúrufræðistofnun Íslands kemur í stað Rannsóknaráðs ríkisins.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um Náttúrufræðistofnun Íslands, hlutverk hennar, stjórn, skipulag og fjármál, auk nokkurra almennra ákvæða.

Flest þeirra ákvæða, sem hér er að finna, eru í samræmi við lög nr. 17/1951 um Náttúrugripasafn Íslands, sum jafnvel tekin orðrétt úr þeim lögum, en önnur eru í samræmi við ákvæði í 5. gr. laga nr. 68/1940.

Um 5. gr.

Þessi grein fjallar um aðalhlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands. Lögð er áherzla á að Náttúrufræðistofnun Íslands sé vísindaleg rannsóknastofnun, með því að telja það verkefni hennar fyrst. Í samræmi við þetta hefur stofnuninni verið valið heitið Náttúrufræðistofnun Íslands í stað Náttúrugripasafns Íslands. Þó getur stofnunin eðlilega eftir sem áður haldið nafninu Náttúrugripasafn Íslands á sýningarsafninu, ef það er talið æskilegt.

Meðal annarra menningarþjóða eru stofnanir hliðstæðar Náttúrugripasafni Íslands fyrst orðnar til sem hrein söfn, eða því sem næst, sem safna saman sem fjölbreyttustum náttúrugripum og varðveita þá, jafnframt því sem reynt er að hafa eins mikinn hluta þeirra til sýnis fyrir almenning og við verður komið. Smám saman hefur starfsemin jafnframt beinzt inn á þá braut, að athuga og rannsaka þessi gögn og notfæra sér þau til þess að öðlast frekari þekkingu á náttúru viðkomandi lands. Jafnframt því sem almennur skilningur hefur aukizt á nauðsyn þess, að afla haldgóðrar þekkingar á náttúru hvers lands, hafa rannsóknaverkefni slíkra stofnana alls staðar aukizt og orðið meginþáttur í starfsemi þeirra. Því hefur nöfnum stofnananna víða verið breytt og áherzla lögð á hið fræðilega rannsóknarverkefni, enda þótt stofnanirnar hafi eftir sem áður haldið þeim hætti, að hafa náttúrugripi til sýnis fyrir almenning til fræðslu og ánægju. Þessi þróun hefur einnig orðið hér á landi, og er því lagt til, að nafni stofnunarinnar verði breytt og áherzla lögð á hið vísindalega verkefni hennar.

Liður a er efnislega samhljóða lið 1 í 5. gr. laga nr. 68/1940 og lið 4 í 2. gr. laga nr. 17/1951. Ákveðið er, að Náttúrufræðistofnun Íslands skuli vera miðstöð almennra rannsókna á náttúru Íslands. Eðlilegt virðist, að stofnunin gegni því mikilvæga hlutverki.

Liðirnir b og c eru í samræmi við liðina 1 og 2 í 2. gr. laga nr. 17/1951. Hér er tekið fram, að stofnunin skuli safna og hafa náttúrugripi til sýnis fyrir almenning eftir sem áður og þrátt fyrir nafnbreytinguna. Liður d er í samræmi við lið 4 í 5. gr. laga nr. 68/1940. Náttúrufræðistofnuninni er falið að annast það eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga, sem Rannsóknaráð ríkisins hafði áður.

Liður e er í samræmi við meginákvæði 3. gr. laga nr. 17/1951, en þó með þeirri breytingu, að ekki þótti rétt að binda útgáfustarfsemi stofnunarinnar með lögum við rit Náttúrugripasafnsins, Acta Naturalia Islandica, heldur almennt við fræðslu- og vísindarit. Þó mun Acta Naturalia Islandica eðlilega halda áfram að koma út.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við lið 3 í 2. gr. laga nr. 17/1951 og 1. málsgr. 25. gr. laga nr. 63/1954 um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar er tekið óbreytt úr 1. gr. laga nr. 17/1951, nema með breyttu nafni stofnunarinnar. Til greina kom að mynda við stofnunina deild í vatnalíffræði. Ekki verður deilt um nauðsyn þess, að stofnunin hefji sem fyrst almennar rannsóknir á lífi í ám og vötnum landsins, engu síður en á dýralífi á landi og í lofti, en talið var að slíkar rannsóknir gætu fallið undir dýrafræðideild, að minnsta kosti um sinn, enda ekki fáanlegur sérfræðingur á þessu sviði eins og er. Úr þessu verður að bæta sem allra fyrst.

Um 8. gr.

Flest ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði í 5. gr. laga nr. 17/1951.

Í þeim lögum er þó ekki skilgreint, hvaða ráðherra fari með málefni Náttúrugripasafnsins. Þetta hefur frá fyrstu tíð fallið í hlut menntamálaráðherra, og þykir eðlilegt, að fela þeim ráðherra yfirstjórn Náttúrufræðistofnunarinnar.

Í lögum nr. 17/1951 er ákvæði þess efnis, að deildarstjórar skiptist á um að fara með yfirstjórn sameiginlegra mála safnsins, í þrjú ár hver. Ekki þykir nauðsynlegt eða æskilegt að binda deildarstjóra þessari skyldu með lögum. Deildarstjórar kunna að vera misjafnlega til slíkra starfa fallnir og ekki virðist heldur ólíklegt að stofnuninni vaxi fiskur um hrygg og störf forstöðumanns verði allveruleg, þannig að ekki sé æskilegt, að um hann sé skipt að ástæðulausu. Samkvæmt þessu frumvarpi er þetta þó opið áfram, þar sem ráðherra skipar einn deildarstjóranna forstöðumann, aðeins til þriggja ára í senn.

Í 5. gr. laga nr. 17/1951 segir, að ráðherra sé heimilt, að fenginni fjárveitingu, að ráða annað starfslið að Náttúrugripasafninu en deildarstjóra um eitt ár í senn, ef sérstök ástæða virðist til. Slík tímatakmörkun er ákaflega vafasöm, því erfitt er að fá dugandi starfslið við slík skilyrði. Þessi tímatakmörkun er því felld niður í þessu frumvarpi og ráðherra falið að meta aðstæður og málavöxtu og ákveða tölu sérfræðinga og annarra starfsmanna hverju sinni eins og fjárveitingar til stofnunarinnar leyfa. Ráðherra skipar deildarstjóra og annað starfslið að fengnum tillögum forstöðumanns. Þó að forstöðumaður sé jafnframt einn af deildarstjórunum, veldur þetta engum erfiðleikum, þar sem stofnunin er þegar starfandi, og því aðeins um ráðningu á nýju starfsliði að ræða.

Ákvæðið um menntun deildarstjóra er í samræmi við 5. gr. laga nr. 17/1951, en er nú einnig látið ná til sérfræðinga stofnunarinnar. Slíkt þykir eðlilegt, þar sem störf sérfræðinga eru mjög lítið frábrugðin störfum deildarstjóra. Ákvæði um menntun sérfræðinga og deildarstjóra stofnunarinnar er í fullu samræmi við það, sem tíðkast við sambærilegar stofnanir erlendis.

Um 9. gr.

Í þessari grein er að finna nokkur höfuðákvæði um fyrirkomulag á daglegu starfi stofnunarinnar.

Forstöðumaður fer með stjórn sameiginlegra málefna, en hver deild er að miklu leyti sjálfstæð undir stjórn deildarstjóra, sem ber ábyrgð á rekstri hennar og störfum. Ákvæði um þetta er ekki að finna í lögum nr. 17/1951, en í þetta horf hefur fyrirkomulag á starfsemi Náttúrugripasafnsins smám saman færzt og hefur gefið góða raun.

Ákvæðið um, að deildarstjórar og forstöðumaður stofnunarinnar komi fram gagnvart innlendum og erlendum aðilum sem fulltrúar landsins í þeim fræðigrein-

um, sem heyra undir deildir þeirra, er að nokkru leyti í samræmi við ákvæði í lið 4 í 5. gr. laga nr. 68/1940, en ítarlegar orðað. Varla er um aðra aðila að ræða í þessu skyni.

Til mála kom að setja í frumvarpið nánari ákvæði um störf sérfræðinga. Slíkt þótti þó ekki nauðsynlegt. Sérfræðingar hljóta ávallt að hlíta yfirstjórn viðkomandi deildarstjóra um verkaskiptingu og verkefnaval.

Um 10. gr.

Í þessari grein fjallar um tekjur Náttúrufræðistofnunarinnar.

Stofnunin mun að öllum líkindum fá tekjur sínar að langmestu leyti á fjárlögum ríkisins eins og verið hefur, og gert er ráð fyrir í lið a. Til greina getur þó komið, að stofnunin taki að sér sérstök verkefni fyrir einstaklinga og hljóti greiðslu fyrir, og gert er ráð fyrir þeim möguleika í lið b. Starfssvið stofnunarinnar er þó slíkt, að varla mun vera tími aflögu til slíkra starfa, ef sinnt er eins og þarf því mikilvæga verkefni, að kanna almennt náttúru landsins.

Algengt er erlendis, að einstaklingar, félög og stofnanir láti gjafir af hendi rakna við rannsóknastofnanir á borð við Náttúrufræðistofnunina. Lítið hefur verið um slíkt hér á landi, en gert er ráð fyrir þeim möguleika í lið c.

Af öðrum hugsanlegum tekjum (liður d) má nefna tekjur af happdrætti Háskóla Íslands, sem staðið hafa að verulegu leyti undir stofnkostnaði Náttúrugripasafnsins, o. fl.

Um 11. gr.

Þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands er hrein ríkisstofnun þykir eðlilegt að laun starfsliðs séu ákveðin í launalögum. Kjör starfsliðs verða jafnframt að vera í samræmi við það, sem aðrar rannsóknastofnanir bjóða. Undanfarið hafa sérfræðingar við Náttúrugripasafnið hlotið nokkuð lakari kjör en t. d. sérfræðingar við Atvinnudeild Háskólans. Þetta er óeðlilegt, og nauðsynlegt að lagfæra.

Um 12. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar er ekki að finna í lögum nr. 17/1951, en þau eru sett hér að fenginni reynslu. Það er ógjörningur að veita gripagjöfum viðtöku, ef hverri gjöf fylgja skilyrði um sérstaka meðferð hennar. Sömuleiðis er óæskilegt að lána sýningargripi. Þegar slíkt hefur verið gert á Náttúrugripasafninu, er ekki óalgengt, að gripunum hafi verið skilað aftur skömmu síðar.

Um 14. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 15. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.

Um 16. gr.

Þessi grein þarfnast ekki skýringar.“

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS Reykjavík, 12. janúar 1961.

Frumvarp til laga um náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands. Db. rn. N—1.

Með bréfi, dags. 4. nóv. s. l., voru drög til ofangreinds lagafrumvarps send Háskóla Íslands til umsagnar. Frumvarpið var rætt á háskólaráðsfundi, og var mér þar falið að kanna frumvarpið og rita hæstvirtu ráðuneyti síðan um athuganir mínar.

Í greinargerð, er fylgir frumvarpinu, er sýnt ljóslega fram á þörfina á því, að heildarlög séu sett um þau efni, er greinir í frumvarpinu. Í frumvarpinu eru skýrð mörkin milli Rannsóknaráðs ríkisins og Náttúrugripasafns Íslands, sem nefnt er Náttúrufræðistofnun Íslands í frumvarpinu, og hinu síðarnefnda falin nokkur verkefni, er lotið hafa rannsóknaráðinu, þótt þau í eðli sínu hafi jafnan verið tengdari Náttúrugripasafni. Að öðru leyti er hér lagt til, að steypt sé í einn lagabálk lögum 17/1951 um Náttúrugripasafn Íslands og ákvæðum I. kafla laga 68/1940 um náttúrurannsóknir.

Tekið skal þegar fram, að frá sjónarmiði Háskólans er ekki ástæða til sérstakra athugasemda við frumvarpsdrög þessi, enda gera þau ekki ráð fyrir neinni breytingu á tengslunum milli Háskólans og Náttúrugripasafns. Hins vegar er fullt efni til að minnast hér á þá höfuðþörf, sem á því er, að koma á stofn kennslu í náttúruvísindum við Háskóla Íslands. Þegar til slíkrar kennslu verður stofnað, þarf að nýju að endurskoða stöðu safnsins og tengsl þess við Háskólann.

Athugun á frumvarpinu leiðir í ljós, að það er vandvirknislega samið. Benda má á, að efni 6. gr. frumvarpsins er þegar í gildandi lögum, þ. e. í 25. gr., 1. málsgr. laga 63/1954 um fuglaveiðar og fuglafriðun. Fer illa á, að slík ákvæði séu á tveimur stöðum í lögum. Að efni til á ákvæðið betur heima í lögum um náttúrugripasafn, en þá ætti að fella það brott úr lögum 63/1954. Ákvæði 9. gr. 2. málsgr. er ekki viðfelldið í núverandi búningi, og efast ég um, að þar komi fram réttilega sú hugsun, sem vakað hefur fyrir semjendum. Mér skilst, að hér sé til þess stofnað, að kveða efnislega á um administrativa verkaskiptingu, og ætti ákvæðið þá að vera á þessa leið:

„Deildarstjórar koma fram gagnvart innlendum og erlendum aðiljum sem fulltrúar deilda sinna, en forstöðumaður er auk þess í fyrirsvari fyrir stofnunina í heild.“ Í 10. gr. frumvarpsins, a-lið, er heppilegra orðalag á þessa leið: „a. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar í fjárlögum eða að öðru leyti af opinberri hálfu.“ Í 13. gr., í lok málsliðs, á að vera „stofnunarinnar“ í stað safnsins. Í 15. gr., 2. málsgr., gætir misskilnings, og ætti sú málsgrein að orðast svo: „Ákvæði I. kafla laga nr. 68/1940 um náttúrurannsóknir“.

Að lokum vil ég benda á athugasemd í greinargerð við 10. gr., d-lið. Segir þar: „Af öðrum hugsanlegum tekjum (liður d) má nefna tekjur af happdrætti Háskóla Íslands, sem staðið hefur að verulegu leyti undir stofnkostnaði Náttúrugripasafnsins o. fl.“ Framlag happdrættisins til safnsins er einskorðað við það, að happdrættið stendur straum að vissu marki af byggingarkostnaði. Er alrangt að telja þessi framlög til tekna safnsins, og fer ég þess eindregið á leit vegna Háskólans, að þessi athugasemd sé niður felld úr væntanlegri greinargerð.

Til viðbótar þessum athugasemdum þykir rétt að benda á það af Háskólans hendi, að höfuðþörf er á, að heildarlög verði sett hér á landi um undirstöðurannsóknir almennt. Ef að því ráði yrði horfið, myndu lög um náttúrurannsóknir verða einn þáttur þeirra. Þessi hugmynd er þó ekki því til fyrirstöðu, að framangreint frumvarp verði lögfest nú, enda er síðar hægt að fella þau lög, sem til yrðu á grundvelli frumvarpsins, inn í heildarlög um undirstöðurannsóknir.

Með sérstakri virðingu,

Ármann Snævarr, rektor.

Til Menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

Nd. **9. Frumvarp til laga** [9. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Culjak, Ivan, bakari í Keflavík, f. í Júgóslavíu 29. september 1940.
2. Djonic, Osman, verkamaður í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 8. ágúst 1918.
3. Djonic, Slavica, húsmóðir í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 6. maí 1933.
4. Englezos, Anastasios, stud. phil. í Reykjavík, f. í Grikklandi 3. maí 1935.
5. Hansen, Harald Erwin, nemandi í Reykjavík, f. í Austurríki 8. júní 1944.
6. Hansen, Kristian, bifreiðarstjóri í Reykjavík, f. í Danmörku 18. febrúar 1928.
7. Jensen, Jens Varnek Julius Meinhard, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 23. nóvember 1936.
8. Mazibrada, Slobodan, matsveinn í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 3. júlí 1941.
9. Mustac, Simica, þjónustustúlka í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 13. febrúar 1932.
10. Nielsen, Folmer Martin, járnsmiður í Reykjavík, f. á Íslandi 10. júlí 1930.
11. Nielsen, Guðlaugur Ragnar, pípulagningamaður í Reykjavík, f. á Íslandi 28. júní 1932.
12. Paulsen, Martha Kathrina Maria (Jónsson), húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 27. september 1931.
13. Petrovic, Dragoljub, blikksmiður í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 25. desember 1927.
14. Petrovic, Dusanka, húsmóðir í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 20. október 1928.
15. Ratec, Franjo, vefari á Álafossi, f. í Júgóslavíu 16. janúar 1926.
16. Schaupp, Jutta Eva Hedwig (Pálmason), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. desember 1935.
17. Willert, Herta Johanne, húsmóðir í Þorlákshöfn, f. í Þýzkalandi 22. marz 1938.
18. Þórunn Sofia Jóhannsdóttir (Ashkenazy), húsmóðir í London, f. á Íslandi 18. júlí 1939.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta sem nr. 4—7, 10—12, 16 og 17, fullnægja þeim skilyrðum, sem sett voru af allsherjarnefndum beggja þingdeilda í nefndaráliti á þskj. nr. 353 á 84. löggjafarþingi 5. marz 1964.

Umsækjendur þeir, sem taldir eru nr. 1—3, 8, 9 og 13—15 eru júgóslavneskir flóttamenn, sem leyfð var landvist hér á árinu 1959, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Fyrirhugað hefur verið, að greitt yrði fyrir því, að þeir gætu öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt, er sýnt þætti, að þeir mundu ílendast á Íslandi.

Umsækjandi nr. 18 var íslenzkur ríkisborgari, en giftist rússneskum manni á árinu 1961 og öðlaðist í því sambandi rússneskt ríkisfang, er hann hefur nú afsalað sér.

Nd. 10. Frumvarp til laga [10. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

2. mgr. 256. gr. laganna orðist svo:

Ef tjón af brotinu nemur ekki yfir 3000 krónur, og engin sérstök atvik auka saknæmi þess og sökunautur hefur ekki áður reynzt sekur um auðgunarbrot, skal því aðeins opinbert mál höfðað, að sá krefjist þess, sem misgert var við.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 101 23. des. 1950, um breyting á almennum hegningarlögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 101 23. des. 1950, um breyting á almennum hegningarlögum var hækkað úr 50 krónum í 1000 krónur hámark þess tjóns, sem hin sérstaka ákæruregla í 2. mgr. 256. gr. laganna miðast við.

Tillaga sú um hækkun, sem gerð er í þessu frumvarpi, er borin fram í samráði við hegningarlaganefnd og saksóknara ríkisins og miðast við breyttar aðstæður frá því að hámarkið var ákveðið 1950.

Nd. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um breyting á lögum nr. 1 5. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Orðin „Ganga samningsbundnir viðskiptamenn fyrir öðrum um móttöku síldar" í 10. gr. laganna falla niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins, sem fer hér á eftir:

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 1 5. janúar 1938, um síldarversmiðjur ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefir tjáð mér, að stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna og stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hafi óskað þess, að numin verði úr lögum forgangsréttur samningabundinna viðskipta-

manna fyrir öðrum um móttöku síldar hjá síldarverksmiðjum ríkisins. Þetta fyrirkomulag sé ekki hagkvæmt, enda ekki í samræmi við þá venju, sem fylgt hafi verið undanfarin ár.

Það beri því brýna nauðsyn til að breyta 10. gr. laga nr. 1/1938 á þann veg, að öll skip hafi sama rétt til afhendingar síldar til síldarverksmiðja ríkisins, hvort heldur þau eru í föstum viðskiptum eða ekki.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Orðin „Ganga samningsbundnir viðskiptamenn fyrir öðrum um móttöku síldar" í 10. gr. laganna falla niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. júní 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Emil Jónsson.

Nd. 12. Frumvarp til laga [12. mál]

um vaxtalækkun o. fl.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Óskar Jónsson, Einar Ágústsson, Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Björn Pálsson, Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Sigurvin Einarsson, Skúli Guðmundsson, Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara mega útlánsvextir ekki vera hærri en þeir voru 1. janúar 1960.

2. gr.

Vextir af afurðavíxlum, sem endurkeyptir eru af Seðlabankanum, mega ekki vera hærri en þeir voru á árinu 1959 (5—5½%).

3. gr.

Vaxtakjör og lánstími á lánum skulu breytast og verða hin sömu og á árinu 1959 hjá eftirtöldum aðilum: Fiskveiðasjóði Íslands, Stofnlánadeild sjávarútvegsins, Stofnlánadeild landbúnaðarins (sams konar lán og veitt voru úr Byggingarsjóði sveitabæja og Ræktunarsjóði Íslands) og Raforkusjóði.

4. gr.

Fjárhæðir þær, sem bundnar eru á reikningum banka og annarra innlánsstofnana hjá Seðlabankanum, samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, má ekki hækka frá því, sem þær eru við gildistöku laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, miðar að tvennu:

Vextir skulu færast í það horf, sem þeir voru fyrir vaxtahækkunina 1960. Reynslan hefur sýnt, svo að ekki verður um villzt, að með háum vöxtum hefur ekki tekizt að auka jafnvægi á peningamarkaðinum né tryggja hag sparifjáreigenda. Hins vegar hafa hinir háu vextir aukið mjög á dýrtíð og erfiðleika atvinnuveganna og stofnlánavextir reynzt óbærilega háir.

Sparifjárbinding sé afnumin í því formi, sem hún er nú og hefur verið, enda er auðséð, að hún hefur ekki náð tilgangi sínum. En á hinn bóginn er þjóðinni hin mesta nauðsyn að nota sparifé sitt til að efla atvinnuvegi sína.

Frysta sparifénu í Seðlabankanum, sem tekið hefur verið úr umferð, nemur nú orðið nærri 1000 milljónum króna, og auk þess eru afurðalán úr Seðlabankanum verulega dregin saman.

Jafnframt hefur dýrtíðin verið mögnuð með endurteknum gengislækkunum og stórfelldum álögum. Fer því þó enn fjarri, að öll áhrif efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar á vöxt dýrtíðarinnar séu komin fram.

Sú stefna ríkisstjórnarinnar að leita þess, sem hún kallar „jafnvægi", með því að magna dýrtíðina og draga jafnframt inn sparifé til frystingar, veldur almenningi stórfelldum erfiðleikum við nauðsynlega uppbyggingu og atvinnurekstur. Hafa þessar ráðstafanir alveg tvímælalaust haft áhrif í þá átt að draga mjög úr framleiðslu og framleiðni frá því, sem ella hefði orðið.

Er það skoðun flutningsmanna, að nú ríði einmitt mest á því að gera öflugar ráðstafanir til að auka afköst og framleiðni atvinnuveganna í öllum greinum og reyna með því að komast út úr þeim stórfellda vanda, sem búið er að efna til.

Einhvern tíma kemur að því — og vonandi fyrr en seinna, að það verður að færa vinnutíma fólks í eðlilegt horf. En til þess að það hafi ekki í för með sér tilfinnanlegan tekjumissi, verður að auka framleiðsluna með aukinni tækni, meiri hagræðingu og bættu skipulagi. Hér þarf margt að koma til: bætt tæknimenntun í landinu, efling leiðbeiningarstarfsemi á sviði iðnaðar- og framleiðslumála og mikið fjármagn til aukningar og endurbóta á tæknibúnaði þjóðarinnar. Hér er um að ræða endurbætur, sem að sjálfsögðu hljóta að taka alllangan tíma, en þeim mun meiri nauðsyn er að hefjast handa um skipulegar aðgerðir á þessu sviði án tafar. Í þessu skyni þarf þjóðin á öllu sínu fé að halda og meira til. Sjálfsagt er því að hætta að draga hluta af sparifjáraukningunni úr umferð, því að verði því ekki hætt, verður að taka þeim mun meira fé að láni erlendis, eins og reynslan sýnir.

Á hinn bóginn er eðlilegt að gera ráðstafanir til að tryggja, að hæfilegur hluti af sparifé þjóðarinnar sé notaður til skipulegra ráðstafana til aukinnar verktækni og framleiðni atvinnuveganna í landinu. Munu þingmenn Framsóknarflokksins flytja á þessu Alþingi frumvörp og þingsályktunartillögur, sem ganga í þessa stefnu og munu sýna, hvernig þeir telja skynsamlegt að ráðstafa sparifénu í stað þess að safna því saman til frystingar í bankakerfinu. Mundi það sýna sig sem fyrr, ef sá háttur væri á hafður, hverju atorkumikið ráðdeildarfólk fær áorkað, ef því er trúað fyrir peningum.

Það er skoðun framsóknarmanna, að ráðstafanir þurfi að gera til að styðja einstaklingsframtak og félagsframtak hinna mörgu, sem vilja bjarga sér og vera efnalega sjálfstæðir, — nota í því skyni hiklaust það fjármagn, sem myndast í landinu. Það verður að snúa við og taka á nýjan leik að styðja uppbyggingu einstaklinga, almannafélaga og byggðarlaga, m. a. með framkvæmd eðlilegrar og heilbrigðrar lána- og vaxtastefnu, í stað þess að leggja stein í götu þessara aðila, eins og gert hefur verið undanfarið, m. a. með innilokun sparifjár og vaxtaokri og jafnvel skattheimtu frá atvinnuvegunum í lán handa þeim sjálfum.

Hinir háu vextir, sem tíðkazt hafa undanfarin ár, hafa haft í för með sér

mikla erfiðleika fyrir atvinnuvegina, en jafnvægi á peningamarkaðinum hafa þeir ekki skapað. Allur þorri þjóðarinnar, þar á meðal margir þeirra, sem þó styðja stjórnarflokkana, hefur ekkert traust borið til þess, að efnahagsstefna stjórnarinnar mundi leiða til stöðugs verðlags, enda hefur dýrtíðarflóðið blasað við hvers manns augum óslitið frá því fyrsta, að þessi stefna var upp tekin.

Eftirspurn eftir lánsfé hefur farið vaxandi þrátt fyrir háa vexti, og sparifjáreigandinn hefur engan hag af háu vöxtunum, þegar verðbólgan magnast svo, að hún brennir upp öllum vöxtunum og meira til. Fyrir sparifjáreigandann er stöðugt verðlag aðalatriðið. En verðhækkunaráhrif vaxtabyrðarinnar segja til sín og eiga sinn þátt í sjálfri dýrtíðarþróuninni. Þannig er búið að þvæla þjóðinni inn í vítahring, sem verður að brjótast út úr. Það verður að reyna að vinda ofan af verðhækkunarskrúfunni. Vaxtalækkun er eitt af fyrstu skrefunum á þeirri braut, að dómi framsóknarmanna. Jafnframt verður að gera öflugar ráðstafanir til að auka afköst og framleiðni atvinnuveganna, en í því sambandi þarf á sparifé þjóðarinnar að halda til að auka lánveitingar, sem valdið gætu straumhvörfum í þessum efnum, eða að minnsta kosti örari þróun í rétta átt en orðið hefur undanfarið.

Það hefur lengi verið ljóst, að lög nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál, hin svonefndu „viðreisnarlög“, hafa alls ekki náð tilgangi sínum.

Þeim var ætlað að skapa jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á peningamarkaðinum. Ófullnægð eftirspurn eftir lánsfé mun þó aldrei hafa verið meiri en nú.

Þeim var ætlað að koma í veg fyrir verðbólguþróun, skapa stöðugt verðlag og jafnvægi í efnahagsmálum. Engum dylst þó, að að dýrtíðarflóðið fer sívaxandi, þó að nú sé um sinn tekið til að dylja það með síauknum niðurgreiðslum. Fer því fjarri, að öll kurl séu til grafar komin enn.

Þeim var ætlað að skapa grundvöll að viðskiptafrelsi. Að undanförnu hefur ríkisstjórnin þó verið að takmarka það viðskiptafrelsi, sem komið hafði verið á.

Þeim var ætlað að lækka skuldir landsins út á við, en þær hafa vaxið stórkostlega.

Þeim var ætlað að afnema uppbætur í öllum myndum, en uppbætur og niðurgreiðslur eru nú orðnar stórfelldar og fara hraðvaxandi.

Það er því sýnilegt, að sú stefna, sem mörkuð var með „viðreisnarlöggjöfinni“ svokölluðu, hefur beðið skipbrot.

Flutningsmenn telja brýna nauðsyn að breyta um stefnu í efnahagsmálunum, fikra sig í áföngum út úr þeim vítahring, sem „viðreisnin“ hefur leitt þjóðina inn í, og leitast við að skapa eðlilegt ástand. Flutningsmönnum er ljóst, að þær ráðstafanir, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, eru ekki fullnægjandi einar út af fyrir sig. En þeir telja þær þó þýðingarmikil grundvallaratriði. En af samþykkt frumvarpsins mundi leiða:

1. Vextir færðust í eðlilegt horf, eins og þeir voru fyrir vaxtahækkunina 1960, og jafnframt stigið fyrsta skrefið til lækkunar á tilkostnaði, sem hér hefur verið stigið um 5 ára skeið.
2. Sparifjárfrystingunni yrði hætt og auknir að sama skapi möguleikar til útlána til nauðsynlegra umbóta á framleiðslukerfi þjóðarinnar.

Hliðstætt frv. þessu hafa flutningsmenn lagt fram á undanförnum þingum, en stjórnarflokkarnir lagzt á móti. En nú á milli þinga í sumar hefur ríkisstjórnin látið undan síga í vaxtamálunum á þann hátt, að heitið hefur verið að lækka vexti á íbúðalánum í 4%, eða lækka þá um 4%. Er í þessu sambandi sanngjarnt að minnast þess, að framsóknarmenn sýndu fram á með óyggjandi rökum á síðasta Alþingi, að kjaramálin voru þá orðin óleysanleg með öllu að óbreyttum þeim húsnæðiskostnaði, sem orðinn var, m. a. vegna óhagstæðra lána til íbúðabygginga. Ekki vildi ríkisstjórnin á þetta hlusta þá og var kallað lýðskrum að berjast fyrir vaxtalækkun. En það kom fram í vor, sem framsóknarmenn sögðu fyrir, að kjarasamningum varð ekki á komið, nema vextir til íbúðalána væru lækkaðir. Þegar svo var komið, reyndist það framkvæmanlegt, sem áður var talin fjarstæða.

Er óhjákvæmilegt að lækka einnig vexti á öðrum stofnlánum, og munu flutningsmenn halda áfram baráttunni fyrir því, ásamt baráttunni fyrir almennri vaxtalækkun.

Í þessu sambandi er sérstök ástæða til að minnast þess, að lækkun vaxta, hækkun og lenging stofnlána til landbúnaðarins er eitt mesta nauðsynjamál sveitanna og um leið þýðingarmikið þjóðmál, því að verðlagsmál landbúnaðarins komast aldrei í viðunandi horf með því að ætla landbúnaðinum verri lánskjör hér en nokkurs staðar annars staðar.

Nánar í framsögu.

Sþ. 13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um stórvirkjunar- og stóriðjumál.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Gísli Guðmundsson, Helgi Bergs, Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að kynna sér niðurstöður þeirra rannsókna á stórvirkjunarmöguleikum hér á landi, er fram hafa farið á vegum raforkumálastjórnarinnar, svo og athugana stóriðjunefndar á möguleikum til stóriðju. Nefndin velur sér formann.

Hlutaðeigandi ríkisstofnunum og ríkisstarfsmönnum ber að veita nefndinni allar umbeðnar upplýsingar og aðstoð í starfi hennar. Nefndinni er og heimilt að ráða sérfróða menn sér til aðstoðar.

Nefndinni ber að leggja fram álit sitt og tillögur í stórvirkjunar- og stóriðjumálum svo fljótt sem unnt er. Kostnaður við störfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi svaraði iðnaðarmálaráðherra fyrirspurn varðandi undirbúningsathuganir á möguleikum til stórvirkjana og stóriðju á Íslandi.

Flm. þessarar tillögu voru þeirrar skoðunar þá, að stórvirkjunar- og stóriðjumálin væru eftir skýrslu iðnaðarmálaráðherra komin á það stig, að skylt væri og óhjákvæmilegt, að um þau yrði fjallað á Alþingi á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessari þáltill. Þeir fluttu því á síðasta þingi þáltill. að efni til eins og þessa, en hún fékkst ekki samþykkt þá. Það er skoðun flm., að sízt hafi dregið úr nauðsyn þess, að Alþingi kjósi nefnd til að athuga stórvirkjunar- og stóriðjumálefni. Flm. telja, að ríkisstjórnin eða starfsmenn hennar eigi ekki héðan af að hafast neitt að, sem miklu skiptir, í þeim málum, fyrr en Alþingi hefur átt þess kost að kynnast þeim nánar og marka þar stefnu, þegar nefnd sú hefur lokið störfum, sem kjósa skal samkvæmt tillögunni.

Það er með öllu óeðlilegt, að ríkisstjórnin ákveði virkjunarstað eða staði fyrir stórvirkjun, stofni til ákveðinnar tegundar af stóriðju og ákveði staðsetningu hennar eða haldi áfram viðræðum við erlend stóriðjufyrirtæki og fjármálastofnanir um stóriðjurekstur hér á landi, án þess að Alþingi hafi þar hönd í bagga. Hins vegar er eðlilegt, að nefnd sú, sem þingið kýs samkvæmt tillögunni, ef samþykkt verður, hraði störfum svo sem unnt er. Gert er ráð fyrir, að stofnanir og starfsmenn ríkisins á því sviði, sem hér er um að ræða, láti nefndinni í té upplýsingar og aðstoð. Jafnframt ber til þess nauðsyn, að nefndin geti orðið sem sjálfstæðust í starfi sínu og tillögugerð, og er því einnig gert ráð fyrir, að hún geti sjálf aflað sér aðstoðar hjá sérfræðingum, sem eru óháðir þeim niðurstöðum, sem fyrir liggja, og bráðabirgðaákvörðunum, sem teknar hafa verið.

Hinn 22. marz 1961 samþykkti Alþingi þingsályktun um að undirbúa virkjun Jökulsár á Fjöllum til stóriðju, svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvörum og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi."

Síðan þessi þingsályktun var afgreidd til ríkisstjórnarinnar, eru nál. 3 ár liðin. Engin skýrsla hefur verið gefin Alþingi eða þingnefndum um, að lokið sé því verki, sem skorað var á stjórnina að framkvæma.

Iðnaðarmálaráðherra gaf á hinn bóginn 5. febr. s. l. í fyrirspurnatíma á Alþingi lauslega skýrslu um „athuganir" svonefndrar stóriðjunefndar, sem skipuð var af ríkisstjórninni án samráðs við Alþingi vorið 1961, og „raforkumálastjórnar ríkisins", en athuganir þessar eru samkvæmt skýrslu ráðherrans sem hér segir:

„Annars vegar eru tæknilegar athuganir á möguleikum til stórvirkjunar hér á landi og kostnaði við hana og tæknileg atriði varðandi staðsetningu alúmíníumbræðslu. Hins vegar eru athuganir á því, hvort unnt verði að semja við erlend alúmíníumfyrirtæki um byggingu og rekstur alúmíníumbræðslu hér á landi með kjörum, sem Íslendingum væru aðgengileg."

Að „athugunum" þessum hafa stóriðjunefnd og raforkumálastjórnin unnið „fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og á hennar vegum", sagði ráðherrann í skýrslu sinni. Hann sagði enn fremur:

„Þær athuganir, sem gerðar hafa verið til þessa, benda til þess, að 105 þús. kw. orkuver við Búrfell muni vera hagkvæmasta lausnin. — — — Um staðsetningu alúmíníumverksmiðju er það að segja, að athuganir hafa leitt í ljós, að ódýrast og hagkvæmast sé að staðsetja hana við sunnanverðan Faxaflóa. — Hins vegar er einnig verið að athuga möguleika á því, að alúmíníumbræðslan yrði staðsett við Eyjafjörð, ef háspennulína yrði lögð frá Búrfelli til Akureyrar."

Ráðherrann kvað stofnkostnað 105 þús. kw. orkuvers við Búrfell áætlaðan rúml. 1100 millj. kr. og stofnkostnað alúmíníumbræðslu einnig um 1100 millj. kr. Hann skýrði einnig frá því, að viðræður um stofnun alúmíníumverksmiðju hefðu farið fram við erlend „alúmíníumfyrirtæki" og væri nú útlit fyrir, að svissneskt og amerískt fyrirtæki vildu í sameiningu reisa hér slíka verksmiðju. Þá sagði hann, að ríkisstjórninni hefði nú fyrir skömmu þótt „tímabært að taka upp viðræður við Alþjóðabankann í því skyni að kynna honum málið" og yrðu á „næstu mánuðum — — — lögð fyrir hann öll tæknileg gögn, sem fyrir liggja, svo að hann gæti metið málið í heild."

Ráðherrann gaf einnig upplýsingar um athuganir, sem fram hefðu farið í sambandi við möguleika til að koma upp olíuhreinsunarstöð hér á landi. Um þetta kvað hann hafa verið rætt við erlenda aðila og fengnar hjá þeim tillögur og áætlanir. Þetta mál hefði einnig verið til meðferðar í stóriðjunefnd. Hann kvað stofnkostnað áætlaðan 300—350 millj. kr. og sagði, að komið hefði til greina, að erlendir aðilar yrðu meðeigendur í fyrirtækinu.

Öll eru þessi mál nú sýnilega á því stigi, að brýna nauðsyn ber til, að Alþingi taki þau til meðferðar, og þá telja flm. eðlilegast, að það verði með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í þáltill. þessari.

Nánar í framsögu.

Sþ. 14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, er gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.

Greinargerð.

Í marzmánuði 1958 flutti Sveinn Guðmundsson forstjóri, sem þá átti sæti á Alþingi sem varaþingmaður, svo hljóðandi tillögu í sameinuðu þingi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, sem nú gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.“

Tillögu Sveins var að lokinni umræðu vísað til allsherjarnefndar sameinaðs þings, og gerði hún nokkrar breytingar á orðalagi tillögunnar, en ekki efni, og var hún þannig breytt afgreidd samhljóða sem ályktun Alþingis 3. júní 1958.

Þótt liðin séu nú meira en sex ár, síðan þessi tillaga var samþykkt á Alþingi, hefur enn ekki verið gert neitt raunhæft til þess að framfylgja henni. Á þessum tíma hefur það hins vegar gerzt, að núverandi ríkisstjórn hefur tvívegis stórlækkað gengi íslenzkrar krónu og það aukið mjög rekstrarfjárþörf iðnaðarins. Því er enn meiri þörf fyrir það nú en fyrir sex árum, að ráðstafanir séu gerðar til, að iðnaðurinn njóti jafnræðis við aðra atvinnuvegi að því er snertir endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum.

Iðnaðurinn er nú óumdeilanlega einn af þremur aðalatvinnuvegum landsmanna við hlið sjávarútvegs og landbúnaðar. Þetta er nú almennt viðurkennt í orði, en enn skortir mikið á, að það sé gert í verki. Úr því misrétti verður að bæta og tryggja iðnaðinum fullkomlega jafnræði við aðra aðalatvinnuvegi landsins.

Í samræmi við þetta sjónarmið höfum við talið rétt að leggja fyrir Alþingi áðurnefnda tillögu, eins og hún var upphaflega orðuð, og væntum þess, að hún njóti ekki minni stuðnings á Alþingi en fyrir sex árum. Reynslan hefur sýnt, að ekki mun af veita, að Alþingi endurnýi viljayfirlýsingu sína í þessum efnum.

Sþ. 15. Fyrirspurnir. [15. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar varðandi aukinn iðnrekstur í kauptúnum og kaupstöðum.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hvað líður störfum stjórnskipaðrar nefndar, er falið var að gera tillögur um aukinn iðnrekstur í kauptúnum og kaupstöðum, þar sem atvinna er ónóg?
2. Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til að ráða bót á hinu ískyggilega atvinnuástandi á vestanverðu Norðurlandi?

II. Til kirkjumálaráðherra varðandi Hrafnseyri við Arnarfjörð.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

1. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að tryggja áframhaldandi byggð á Hrafnseyri við Arnarfjörð?
2. Hvað líður undirbúningi hagnýtrar starfsemi á staðnum í minningu Jóns Sigurðssonar forseta?

Nd. 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um breyting á lögum nr. 8 16. febr. 1957, um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Í stað orðanna „einn og hálfan dag“ í 2. gr. laganna komi: einn og þrír fjórði dagur.

2. gr.

Í stað orðanna „6%“ í 3. gr. laganna komi: 7%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við samkomulag það, sem gert var hinn 5. júní s. l., milli ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir lagasetningu um lengingu orlofs verkafólks úr 18 dögum í 21 dag, sem svarar hækkun orlofsfjár úr 6% í 7%.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að umrædd lagabreyting verði gerð. Að öðru leyti þarfnast frumvarpið ekki skýringa.

Ed. 17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1962, um verkamannabústaði.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

4. gr. 2. mgr. 3. málsliður orðist svo:

Lánsfjárhæð má vera allt að 90% af kostnaðarverði íbúðar, en þó ekki yfir 450 þúsund krónur.

2. gr.

6. gr. 4. tl. orðist svo:

Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, hafi ekki átt viðunandi íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína síðastliðin tvö ár og hafi eigi haft yfir 100 þúsund króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 7500 krónum fyrir hvert barn á framfæri, né yfir 200 þúsund

króna skuldlausa eign, allt miðað við þann tíma, þegar félagsmaður kaupir íbúðina. Tölur þessar breytast í samræmi við kaupgjaldsvísitölu.

3. gr.

6. gr. 8. tl. síðasti málsliður orðist svo:

Ef maður hefur átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir upp lánið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hlutverk laganna um verkamannabústaði er að veita þeim þjóðfélagsþegnum, sem erfiðasta afkomu hafa, aðstoð við að koma sér upp hentugum íbúðum. Vegna mikilla verðhækkana síðan lög þessi voru sett, nær sú aðstoð, sem lögin nú veita, ekki þeim tilgangi, sem til var ætlazt, þegar þau voru sett.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að íbúðalánin verði hækkuð um allt að 50%. Einnig er lagt til, að efnahagsviðmiðun sú, sem nú gildir, verði rýmkuð, svo að réttur manna til lána verði ekki skertur frá því, sem áður var.

Um 1. gr.

Lagt er til, að hámark lána verði hækkað um 150 þús. krónur. Er þetta í samræmi við þá hækkun, sem nú hefur verið ákveðin á lánum til íbúða hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins, en þau lán hafa nú verið hækkuð úr 150 þús. krónum í 280 þús. krónur.

Um 2. gr.

Síðan lögin um verkamannabústaði voru sett hafa almenn launakjör hækkað mjög, svo að nauðsyn ber nú til þess að breyta ákvæðum þeirra laga um hámarkstekjur og eignir. Er því lagt til, að miðað verði við meðaltal þriggja síðustu árstekna eins og nú er, en viðmiðunin hækkuð úr kr. 65 000.00 í kr. 100 000.00, og að viðbótin verði miðuð við hvert barn á framfæri og hækki úr kr. 2500.00 í kr. 7500.00. Í samræmi við þetta verði eignaviðmiðunin hækkuð úr 150 þús. krónum í 200 þús. krónur.

Um 3. gr.

Varhugavert þykir að veita lánþega, sem átt hefur íbúð í aðeins 10 ár, rétt til þess að njóta allrar verðhækkunar, sem orðið hefur á íbúð, sem hann selur. Er því lagt til, að lánþegi njóti ekki þessa réttar fyrr en hann hefur átt íbúðina í 20 ár.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. 18. Frumvarp til laga [18. mál]

um byggingu leiguhúsnæðis.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ragnar Arnalds, Eðvarð Sigurðsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að láta byggja á árinu 1965 500 íbúðir til þess að bæta úr skorti þeim á leiguhúsnæði, er nú ríkir í ýmsum kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Nú lýsir stjórn sveitarfélags yfir því, að mikill skortur sé þar á leiguhúsnæði og sé því þörf á aðstoð ríkisins við, að slík leiguhús séu byggð í umdæmi þess. Staðfesti húsnæðismálastofnun ríkisins þetta, skal ríkisstjórnin semja við slík sveitarfélög um byggingu leiguhúsnæðis í umdæmum þeirra. Skulu þessi sveitarfélög þá láta í té ríkinu að kostnaðarlausu lóðir, er séu heilar göturaðir, eins og ríkið óskar. Séu þær útbúnar með öllum leiðslum, er til þarf, þannig að hægt sé að reisa slík hús í húsaröðum á sem hagkvæmastan tæknilegan hátt, yfirleitt þriggja til fjögurra hæða hús og að öðru leyti eins og lög þessi og reglugerðir gera kröfu til. Íbúðir þessar skulu vera tveggja tegunda, önnur tegundin 60—70 fermetrar að stærð að innanmáli útveggja, en hin 70—80 fermetrar, skipt í 2—3 herbergi með eldhúsi og borðkrók.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja við sveitarfélög um framlag af þeirra hálfu til slíkra bygginga og séu þau þá meðeigendur að þeim hluta, er þau leggja fram. Ríkisstjórnin má og fela sveitarfélögum stjórn á þessu leiguhúsnæði og eftirlit.

4. gr.

Allt þetta húsnæði skal leigt út með kostnaðarverði. Þó má leiga aldrei vera hærri en sem svarar 8% af verði íbúðanna. Félagsmálaráðuneytið setur í reglugerð ákvæði um, hvernig það skuli reiknast, og um viðhald og viðhaldskostnað.

5. gr.

Ríkisstjórnin skal bjóða út smíði bygginga þessara og skal, þegar um Reykjavík er að ræða, bjóða út a. m. k. smíði 100 íbúða í einu lagi, svo að hægt sé að knýja fram sem ódýrasta smíði, og a. m. k. 24 íbúðir, þegar um önnur bæjarfélög er að ræða.

6. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán, allt að tvö hundruð milljónum króna, vegna þessara byggingarframkvæmda. Þá er og ríkisstjórninni heimilt að semja við einstaka sjóði um, að þeir leggi fram fé til slíkra bygginga, með þeim kjörum, að þeir eigi það húsnæði, sem samsvarar framlagi þeirra, og fái af því þær vaxtatekjur, er ríkið ætlaði sjálfu sér. Ríkið annast hins vegar alla stjórn á þessu og skuldbindur sig gagnvart þessum sjóðum til þess að kaupa af þeim þeirra húsnæði, hvenær sem sjóðir þessir æskja þess. Skal það þá greitt með sömu upphæð og fram var lögð. En að tíu árum liðnum mega sjóðir þessir láta selja íbúðir þessar á markaðsverði, ef þeir óska þess.

7. gr.

Ríkisstjórnin getur falið húsnæðismálastjórn ríkisins framkvæmdir allar í þessum málum fyrir sína hönd.

8. gr.

Félagsmálaráðuneytið ákveður nánar með reglugerð um framkvæmd þessara laga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skortur á leiguhúsnæði, sérstaklega í Reykjavík og nágrenni, en einnig víðar á landinu, er nú orðinn svo mikill, að við neyðarástandi liggur. Er óhjákvæmilegt,

að hið opinbera láti það til sín taka, þegar skortur þrengir að almenningi á brýnustu lífsnauðsynjum, eins og húsnæði.

Tillögur þær, sem felast í þessu frv., eiga því ekkert skylt við varanlega framtíðarlausn á húsnæðisvandamálunum. Slík framtíðarlausn þyrfti að vera byggð á félagslegu átaki almennings, er ríkið aðstoðaði með því að veita lán, er nemi helzt 75—90% byggingarkostnaðar, til langs tíma, 60—80 ára, og með lágum vöxtum, 2—4%, enda þyrfti þá að vera tryggt stöðugt verðgildi krónunnar og útrýming alls brasks með íbúðir. Tillögur um framtíðarlausn húsnæðisvandamála munu þingmenn Alþýðubandalagsins leggja fram óháð þessu frv.

Þetta frv. miðar að því að lina nokkuð neyðarástand, sem nú ríkir, með því að ríkið byggi sjálft eða láti húsnæðismálastofnun ríkisins annast það fyrir sig í samráði við viðkomandi bæjarfélög og leigi síðan þessar íbúðir með kostnaðarverði. Er þá nauðsynlegt, að ríkið kappkosti að komast að sem beztum kjörum um lán. Nauðsynlegt er að reyna að knýja það fram með einu eða öðru móti, að vextir verði ekki hærri en 4—6%. Jafnvel hefur ríkið í hendi sér að skylda bankana, þar með talinn Seðlabankann, með lögum til að lána ríkinu slíka upphæð með slíkum vöxtum, ef erfitt skyldi vera að semja við bankana um slíkt.

Í frv. eru allströng fyrirmæli um fyrirkomulag og byggingu þessa leiguhúsnæðis. Eru þau sett í því skyni, að íbúðir þessar megi verða sem ódýrastar, en þó hentugar og í samræmi við kröfur nútímans. Ætti kostnaðarverð slíkra íbúða að geta orðið 20—30% lægra en venjulegra einkaíbúða.

Ýmsum sjóðum er með 6. gr. gefinn kostur á að lána ríkinu fé og — ef það er fest til a. m. k. 10 ára — að fá rétt til að selja þær íbúðir, sem fé þeirra hefur farið í, að þessum tíma liðnum. Héldi verðbólga áfram, mundu þessir sjóðir þar með hafa tryggt sig gegn henni.

Þar sem frv. þetta miðast við að bæta úr brýnni þörf þessara ára og flutningsmenn hafa trú á, að að 10 árum liðnum yrði búið að koma á skynsamlegum ráðstöfunum til frambúðarlausnar húsnæðisvandamálsins, er lagt til, að selja megi nokkuð af þessum íbúðum þá. Er það máske einnig hentugt frá sjónarmiði hins opinbera að ráðstafa þeim til einstaklinga, þegar viðhald fer að verða meira, því að eigendur mundu þá gæta slíks betur, en ella yrði gert.

Tæknilega séð yrði svona bygging leiguhúsnæðis í stórum stíl einnig merkileg tilraun um, hvað spara megi með fullkominni verkhyggni á öllum sviðum.

Ákvarðanirnar um, að leiga megi ekki fara fram úr 8% af kostnaðarverði íbúðanna, ætti að geta orðið til þess að halda nokkuð niðri húsaleigu á nýjustu íbúðunum. Sökum skortsins á leiguhúsnæði er nú mánaðarleiga á 2—3 herbergja íbúðum orðin miklu hærri en samsvarar byggingarkostnaði, og eru þess dæmi í Reykjavík, að slíkar íbúðir séu leigðar yfir 5000 kr. á mánuði og jafnvel fríðindi, svo sem fyrirframborganir, að auki. En í þeim ríkisíbúðum, sem fyrirhugaðar eru samkv. þessu frv., ætti leiga að geta orðið allt að því helmingi lægri og er samt há miðað við kaupgjald þorra verkamanna. En lægri leigu eða lægri kostnað við eigin íbúð er hins vegar erfitt að knýja fram, nema með róttækri breytingu á lánamálum hvað íbúðabyggingar snertir og þá fyrst og fremst lágum vöxtum, 2—4%, eins og fyrr er getið.

Nánar verður frv. þetta skýrt í framsögu.

Nd. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um lækkun skatta og útsvara einstaklinga á árinu 1964 o. fl.

Flm.: Einar Ágústsson, Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson, Skúli Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Eysteinn Jónsson, Óskar Jónsson.

1. gr.

Allur tekjuskattur lagður á einstaklinga á árinu 1964 skal lækkaður um kr. 7000.00 á hvern gjaldanda. Einstaklingstekjuskattur, sem lægri er en kr. 7000.00, skal felldur niður.

2. gr.

Öll tekjuútsvör lögð á einstaklinga á árinu 1964 skulu lækkuð um 20%. Þessi útsvarslækkun skal sérhverju sveitarfélagi bætt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og skal greiðsla fara fram í mánuðunum október—desember 1964.

3. gr.

Á árinu 1964 leggur ríkissjóður Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til, umfram það, sem ákveðið er í fjárlögum, þá upphæð, sem þarf til framkvæmda á 2. gr.

4. gr.

Sérstök rannsókn skal fara fram á skattframtölum ársins 1964 (fyrir tekjuárið 1963). Umfram þau framtöl, sem að dómi skattyfirvalda gefa sérstaka ástæðu til rannsóknar, skal rannsókn fara fram á 3% allra framtala þeirra aðila, sem bókhaldsskyldir eru, og á 2% annarra framtala. Skulu þessi framtöl valin með útdrætti úr öllum framtölum landsins af Hagstofu Íslands samkvæmt reglum, er hún setur. Framtöl þau, sem þannig eru valin, skal athuga ýtarlega, rannsaka bókhald aðila og leita upplýsinga um hvað eina, er máli skiptir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sameinað Alþingi kýs 7 manna nefnd hlutfallskosningu til þess að gera tillögur um skipan skatta- og útsvarsmála.

Nefndin skal leggja tillögur sínar fyrir Alþingi svo fljótt, að hægt verði að afgreiða nýja löggjöf um þessi mál á yfirstandandi þingi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 18 12. apríl 1960 var afnuminn sá umreikningur á persónufrádrætti og tekjutölum skattstigans, er gilt hafði mörg ár þar á undan, og með lögum nr. 43 9. júní 1960 voru ákveðnir fastir útsvarsstigar, sem gerðu ekki ráð fyrir breytingum vegna breytts verðgildis peninga.

Afleiðing þessa var sú, að skattbyrðin þyngdist stöðugt vegna vaxandi dýrtíðar öll þau ár, sem liðin eru síðan umræddar lagabreytingar voru gerðar.

Á árinu 1963 óx dýrtíðin meira en nokkru sinni fyrr. Sá vöxtur varð til þess, að miklar launahækkanir áttu sér stað á því ári, og urðu því tekjur manna miklu hærri að krónutölu en verið hafði undanfarin ár. Að óbreyttum álagningarreglum hlutu því tekjuskattur og útsvar að hækka gífurlega og langt fram yfir það, sem mögulegt væri að innheimta.

Með lögum frá 1964 var persónufrádráttur hækkaður nokkuð. En því fór fjarri, að þar væri nægilega mikið að gert, ekki sízt þar sem jafnhliða voru gerðar breytingar á skattstigunum, sem leiddu til hækkunar.

Þingmenn Framsóknarflokksins bentu á, að lagfæring persónufrádráttarins væri ekki næg, og báru fram breytingartillögur við skattafrumvarp ríkisstjórnarinnar, er miðuðu að því tvennu að hækka persónufrádráttinn með því að taka upp að nýju hinn fyrri umreikning og lækka aftur skattstigana í það horf, sem þeir áður voru. Jafnframt var bent á, að samþykkt frumvarps ríkisstjórnarinnar í óbreyttu formi mundi valda því, að tekjuskattur og útsvar hækkaði meira en hóflegt væri. Þessum aðvörunum var ekki sinnt og tillögur framsóknarmanna felldar.

Nú hefur það komið fram, sem framsóknarmenn sögðu við meðferð málsins á Alþingi, að skattabyrðin samkvæmt hinum nýju lagaákvæðum ríkisstjórnarinnar er svo gífurleg, að mjög miklum fjárhagsörðugleikum veldur á fjölmörgum heimilum, þar sem víða er svo ástatt, að langmestur hluti launanna fram að næstkomandi áramótum fer til þess að greiða opinber gjöld.

Þegar slík skattheimta bætist ofan á þær miklu fjárhæðir, sem heimilin þurfa að greiða ríkissjóði í formi óbeinna skatta, er augljóst, að gjaldgetu almennings er ofboðið, enda horfir víða til hreinna vandræða af þessum sökum.

Viðbrögð fólks hafa verið með þeim hætti, að svo virðist, að allir séu nú sammála um, að útsvör og skattar séu óhæfilega há og að leiðréttinga sé þörf.

Flutningur þessa frumvarps hefur tvennan tilgang. Annars vegar að gera tillögur til lausnar þeim vanda, sem skapazt hefur vegna álagningarinnar á þessu ári, og hins vegar að stuðla að því að koma á nýrri skipan skatta- og útsvarsmála.

Þau úrræði, sem bent er á varðandi fyrra atriðið, eru þessi:

1) Allur tekjuskattur lagður á einstaklinga á árinu 1964 skal lækkaður um kr. 7000.00 á hvern gjaldanda, en einstaklingstekjuskattur, sem lægri er en kr. 7000.00, falli niður. Eftirgjöf að upphæð kr. 7000.00 af tekjuskatti jafngildir því, að skatturinn sé felldur niður af fyrstu 50 þús. kr. skattskyldra tekna og byrjað að reikna skattinn á 30% þrepinu. Æskilegra hefði að vísu verið að breyta persónufrádrætti, en það hefði kostað að endurreikna öll framtöl, og það telja flutningsmenn þessa frumvarps of seinvirkt. Hér er valin fljótvirkasta leið til lagfæringar, sem völ er á.

2) Öll tekjuútsvör lögð á einstaklinga á árinu 1964 skulu lækkuð um 20%. Útsvarslækkun þessi skal sérhverju sveitarfélagi bætt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, en ríkissjóður leggi fram það fé, sem til endurgreiðslunnar þarf.

Þessi tilhögun jafngildir því, að sveitarfélögin hefðu notað fimmtungi minni hluta af útsvarsstiganum en ella, en fengju þess í stað meiri greiðslur úr Jöfnunarsjóði. Má í þessu sambandi benda á, að á síðasta þingi fluttu framsóknarmenn tillögu um, að hluti af þeirri söluskattsviðbót, sem þá var lögákveðin, gengi til jöfnunarsjóðs í því skyni að létta undir með sveitarfélögunum, en sú tilhögun hefði jafngilt útsvarslækkunum.

Önnur ástæða til þess, að þessi tilhögun er valin, er sú, að auðvelt þarf að vera fyrir jöfnunarsjóð að reikna út þær endurgreiðslur, sem hvert sveitarfélag um sig á að fá, og sú framkvæmd verður auðveldust á þann hátt, að útsvörin séu lækkuð um fastan hundraðshluta.

3) Lagt er til, að sérstök rannsókn fari fram á skattframtölum ársins 1964, þ. e. fyrir tekjuárið 1963. Ósamræmið í skattgreiðslum hefur vakið meiri athygli nú en fyrr. Finnst öllum almenningi augljóst, að mikið vanti á, að framtöl manna séu öll jafnáreiðanleg. Slíkt skapar að sjálfsögðu mikla tortryggni og leiðir af sér alvarlegt misrétti, sem ómögulegt er fyrir heiðarlega gjaldendur að una. Rannsókn sú, sem hér er ráðgerð, virðist því óhjákvæmileg. Henni er fyrst og fremst ætlað að beinast að þeim framtölum sem virðast að dómi skattyfirvalda sérstaklega athugaverð, en auk þess er gert ráð fyrir úrtaksrannsóknum eftir nánari reglum.

Þessi ákvæði frumvarpsins, sem nú hafa verið talin, miða að skjótri og sem

sanngjarnastri leiðréttingu á sköttum þessa árs. Talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa gefið þær skýringar m. a. á hinum háu sköttum á þessu ári, að tekjur manna á árinu 1963 hafi farið langt fram úr áætlun. Lætur þá að líkum, að tekjuskatturinn hafi einnig farið fram úr áætlun og eftirgjöf sú, sem hér um ræðir, verði ríkissjóði því ekki þungur baggi. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir því, að ríkissjóður bæti sveitarfélögunum lækkun útsvaranna fyrir milligöngu jöfnunarsjóðs, en ríkissjóður er þess vel megnugur að taka á sig þessa byrði. Má í því sambandi benda á stórfellda tekjuafganga undanfarinna ára.

Í niðurlagi frumvarpsins er bráðabirgðaákvæði þess efnis, að sameinað Alþingi kjósi 7 manna nefnd hlutfallskosningu til þess að gera tillögur um skipan skatta- og útsvarsmála.

Strax og niðurstaða skattálagningarinnar var birt á s. l. sumri, nánar tiltekið hinn 6. ágúst s. l., samþykkti stjórn Framsóknarflokksins svo hljóðandi ályktun:

„Vegna þess alvarlega vanda, sem nú hefur skapazt eftir síðustu álagningu skatta og útsvara, leggur stjórn Framsóknarflokksins til eftirfarandi:

1. að ríkisstjórnin gangist án tafar fyrir skipun nefndar með þátttöku allra þingflokka til þess að gera nú þegar tillögur um endurskoðun þeirra opinberu gjalda sem nú hafa verið á lögð, og réttmæta skipan skatta- og útsvarsmála til frambúðar;
2. að ríkisstjórnin geri þær ráðstafanir til bráðabirgða að fresta innheimtu á verulegum hluta af álögum, á meðan þessi endurskoðun fer fram.“

Í útvarpsþætti hinn 17. ágúst s. l. kom fram, að fulltrúar allra flokka væru orðnir sammála um nauðsyn gagngerra breytinga á þessum málum. Formaður Framsóknarflokksins endurtók í þessum þætti tillögur framsóknarmanna um skipun endurskoðunarnefndar og sagði m. a.: „Ég tel, að það væri hyggilegt af ríkisstjórninni að taka tilboði okkar um samstarf að athugun þessara mála, efna til nefndar með þátttöku allra þingflokka, og að einmitt þannig sé gott að taka fyrir vandasöm verkefni, enda mikið af því gert áður fyrr.“

Í framhaldi af þessu tilboði framsóknarmanna um samvinnu um lausn þessara mála er tillagan hér flutt.

Sþ. 20. Tillaga til þingsályktunar [20. mál]

um tæknistofnun sjávarútvegsins.

Flm.: Gils Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um tæknistofnun í þágu sjávarútvegsins. Verkefni hennar skulu vera rannsóknir á hagkvæmustu gerðum fiskiskipa, miðað við íslenzkar aðstæður, rannsóknir veiðitækja og veiðarfæra, svo og upplýsingastarfsemi um slík efni. Skal undirbúningi hraðað svo, að hægt verði að leggja frumvarp um þetta mál fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga, samhljóða þessari, var lögð fram á síðasta Alþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Tillögunni fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Enda þótt sjávarútvegur sé slík meginstoð undir íslenzkum þjóðarbúskap, sem raun ber vitni, skortir enn mjög á, að rannsóknastarfsemi í þágu þessa mikilvæga atvinnuvegar sé nægilega mikil og fjölþætt. Á sviði sjávarútvegsins hafa um alllangt skeið starfað tvær rannsóknarstofnanir. Er þar annars vegar um að ræða fiskideild atvinnudeildar háskólans, hins vegar rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands. Á

vegum fiskideildar eru framkvæmdar hafrannsóknir, rannsóknir á göngum og stofnsveiflum íslenzkra sjávardýra, fiskileit á áður kunnum veiðisvæðum og leit nýrra fiskimiða. Rannsóknarstofa Fiskifélagsins fæst hins vegar við rannsóknir á hráefnum og framleiðslu fiskiðnaðarins. Hvort tveggja eru þetta mikilvæg verkefni, og er þess full þörf, að þessum stofnunum báðum verði hið bráðasta tryggð bætt starfsskilyrði og stóraukið fjármagn, svo að þær geti bætt við sig mannafla og tækjum og skilað enn árangursríkara starfi en um getur verið að ræða við óbreyttar aðstæður. En slíkt er þó engan veginn fullnægjandi. Okkur skortir með öllu einhverja hina mikilvægustu stofnun, sem nútíma sjávarútvegur hlýtur að styðjast við, eigi hann að fylgjast með tímanum og hagnýta sér á farsælan hátt þá vélvæðingu og tækniþróun, sem fiskveiðar byggjast á í stöðugt ríkari mæli. Hér er átt við stofnun, sem hefði það verksvið að framkvæma rannsóknir á veiðitækni hvers konar, fylgjast sem bezt með erlendum og innlendum nýjungum á því sviði, hafa frumkvæði um prófun þeirra við íslenzkar aðstæður og veita íslenzkum útvegsmönnum og fiskimönnum sem gleggstar upplýsingar um niðurstöður slíkra athugana og rannsókna. Rannsóknir þessar þyrftu að ná til stærða og gerða fiskiskipa, með tilliti til mismunandi veiða, svo og til veiðarfæra hvers konar og veiðiaðferða.

Að því er fiskiskipin sjálf varðar, skortir mjög á, að gerðar hafi verið nauðsynlegar athuganir á hæfni þeirra og hagkvæmni við hinar ýmsu veiðar, sem um getur verið að ræða hér við land. Almenn reynsla síðustu ára er talin hafa sýnt, að 200—250 smálesta skip nái beztum árangri við síldveiðar með herpinót. Hins vegar munu skip af þeirri stærð of dýr í rekstri til að geta borið sig á þorskveiðum með línu og net. Að sjálfsögðu leitast útgerðarmenn við að laga sig eftir því, sem reynsla sjálfra þeirra og annarra kennir þeim. Stundum gerist það þó ekki fyrr en eftir dýrkeyptar tilraunir margra aðila, sem í ýmsum tilfellum hefði mátt spara. En til þess þyrftu að liggja fyrir athuganir og útreikningar á því, hvaða bátastærðir gæfu bezta raun við hinar ýmsu veiðar og með hinum mismunandi veiðarfærum.

Tækni- og rannsóknarstofnun er þó alveg sérstaklega nauðsynleg að því er varðar veiðarfæri hvers konar og hin margvíslegu áhöld og tæki, sem nú þykja sjálfsögð í hverju fiskiskipi. Varla líður nú svo misseri, að ekki komi á markaðinn veiðarfæri úr nýjum gerviefnum eða með nýju sniði. Framleiðendur hafa tekið sölutækni nútímans í þjónustu sína, og hver heldur fast fram sinni vöru. Meðan enginn aðili er hér á landi, sem hefur það sérstaka hlutverk að fylgjast með nýjungum og kanna þær með sérstöku tilliti til aðstæðna við fiskveiðar á Íslandsmiðum, eiga útgerðarmenn oft úr vöndu að ráða og hljóta óhjákvæmilega að gera ýmis mistök, sem kosta stórfé, en hægt hefði verið að komast hjá í mörgum tilfellum, ef til staðar hefði verið rannsóknarstofnun í landinu sjálfu.

Ljóst dæmi um það mikla tjón, sem hlotizt getur af skorti tæknilegra rannsókna og leiðbeininga á þessu sviði, eru hnútalausu herpinæturnar, sem tekið var að flytja hingað inn fyrir rúmu ári. Þessar nætur voru framleiddar í Ítalíu, Noregi og ef til vill víðar. Þær voru lítið eitt ódýrari en aðrar herpinætur. Að sögn framleiðenda og umboðsmanna þeirra höfðu nætur þessar reynzt vel erlendis, jafnvel betur en aðrar tegundir. Nýjung þessi vakti að vonum mikla athygli útgerðarmanna hér. Á skömmum tíma voru keyptar hingað nálægt 30 nætur af þessari gerð. Kaupverð hverrar nótar var um 800 þús. kr. Nú er það skemmst af að segja, að nætur þessar reyndust mjög óhentugar á síldarmiðunum við Ísland, enda er svo komið, að flest eða öll síldveiðiskip, sem urðu fyrir því áfalli að prófa þær, hafa lagt þær til hliðar og fengið sér hnútanætur að nýju. En þessi tilraun hefur kostað útgerðina og þjóðarheildina mikið fé. Er þar ekki aðeins um að ræða verð sjálfra veiðarfæranna, heldur einnig aflatjón, sem vafalaust skiptir milljónum, ef ekki tugum milljóna.

Íslenzkir útvegsmenn leggja á það mikið kapp að fylgjast sem bezt með nýjungum í veiðitækni. Hafa þeir varið til þess miklum fjármunum að afla sér sem beztra og fullkomnastra veiðitækja, enda hafa mörg þeirra gefið ágæta raun. En svo lengi

sem hér á landi skortir með öllu tæknistofnun, sem vinnur markvisst að rannsóknum í þágu sjávarútvegsins, hljóta öðru hvoru að koma fyrir mistök og alvarleg óhöpp af því tagi, sem nefnt hefur verið dæmi um hér að framan. Og þó að útvegsmenn séu yfirleitt fljótir að tileinka sér nýjungar í fiskveiðitækni, einkum að því er síldarútveginn varðar, er við búið, að þeir treysti sér ekki til að prófa alla þá nýbreytni, sem fullkomin óvissa ríkir um, hvernig hér hentar, en gæti þó gefið góða raun. Skorturinn á rannsóknarstofnun á notagildi veiðarfæra hefur því án efa tvenns konar tjón í för með sér. Annars vegar freistast útvegsmenn til, stundum margir í senn, því að samkeppnin er hörð, að kaupa dýru verði handa skipum sínum nýjar tegundir veiðarfæra og fiskileitartækja, sem reynast síðan ekki svo vel sem skyldi. Ef til vill hafa þá mörg fiskiskip verið notuð sem eins konar tilraunadýr, þar sem eitt eða tvö hefðu nægt, og árangur komið fyrr í ljós en ella með rannsókn og undir eftirliti sérfróðra manna. Hins vegar kann útvegurinn að fara algerlega á mis við hin ágætustu veiðarfæri og tæki, vegna þess að einstakir útgerðarmenn treysta sér ekki til að framkvæma þær rannsóknir og þá tilraunastarfsemi, sem skorið getur úr um gagnsemi þeirra á íslenzkum fiskimiðum. Hér þarf sérstök stofnun, sem hefur þetta tiltekna verkefni, að koma til og leysa vandann.

Á undanförnum árum hafa verið flutt inn í landið fiskileitartæki, sem samtals hafa kostað hundruð milljóna króna. Þegar á heildina er litið, blandast engum kunnugum hugur um, að tæki þessi hafa átt geysimikinn þátt í því að gera síldveiðar með herpinót að þjóðhagslega arðsamri atvinnugrein á ný. Hitt vita allir, sem til þekkja, að tæki þessi hafa verið misgóð. Þá er og reynslan sú, að afar miklu máli skiptir, hvernig tekst til um staðsetningu þeirra í skipum. Hefur oft komið fyrir, að óhentug eða skökk staðsetning gerði ágæt tæki nær óvirk. Í þessu efni hafa menn verið að þreifa sig áfram, svo að segja hver í sínu horni, án þess að nein leiðbeining af hálfu opinberra stofnana kæmi til.

Bóndi, sem vill hagnýta sér sérfræðiþekkingu og tækni nútímans í starfi sínu, getur snúið sér til tiltekinna stofnana og ráðunauta um hvað eina, er að búrekstri lýtur. Á það jafnt við um búfénað, ræktun, vélakaup og vélanotkun. Þetta þykir og er sjálfsagt. En útgerðarmaður, sem kaupir nýtt fiskiskip fyrir 15 millj. kr. eða meira, og skipstjóri, sem á að stjórna þessu dýra skipi, ásamt þeim tækjum öllum og veiðarfærum, sem því fylgja, þessir menn hafa í harla fá hús að venda um ráðleggingar varðandi val og meðferð tækja sinna. Þeir verða að mestu að treysta á eigið hyggjuvit og athuganir, sem oft er torvelt að öðlast nema að fenginni dýrkeyptri reynslu. Þetta er fráleitt. Hér þarf sérstök stofnun að koma til, stofnun, sem hefur yfir að ráða sérmenntuðu starfsliði, fjármunum og tækjum, svo að **hún geti** sinnt því yfirgripsmikla verkefni að vera útvegsmönnum og sjómönnum til ráðuneytis og leiðbeiningar um tæknileg efni. Slíka stofnun hefur okkur Íslendinga skort lengi, en þörfin fyrir hana er þó brýnni nú en nokkru sinni fyrr, eftir að veiðitæknin er orðin mikil og fjölþætt og ný gerviefni, sem notuð eru í margvísleg veiðarfæri, streyma sífellt á markaðinn.

Aðrar fiskveiðiþjóðir, sem framarlega standa, hafa fyrir löngu skilið nauðsyn þessarar starfsemi. Hollendingar munu hafa riðið á vaðið. Það var þegar árið 1911, sem útgerðarmannasamtök þar í landi stofnuðu rannsóknarstofu, sem skyldi einkum hafa það verkefni að kanna veiðarfæraefni og veiðarfæri. Árið 1928 hófust skipulagðar rannsóknir Þjóðverja á þessu sviði. Eftir síðari heimsstyrjöldina hafa margar fleiri fiskveiðiþjóðir, svo sem Kandamenn, Japanir, Rússar, Indverjar o. fl., siglt í kjölfar Hollendinga og Þjóðverja og hafa nú komið sér upp slíkum rannsóknarstofnunum.

Um veiðarfærarannsóknir á Íslandi kemst Jakob Jakobsson fiskifræðingur svo að orði í tímaritinu Ægi 1. des. s. l.: „Þar eð Íslendingar nota einungis innflutt efni í veiðarfæri, er ljóst, hve mikið verkefni er hér á sviði veiðarfærarannsókna, og gegnir raunar furðu, hve lítið hefur verið unnið að þeim til þessa. Rannsóknarstofa Fiskifélags Íslands fékk tæki til prófunar á fínu garni árið 1936 og hefur að sjálf-

sögðu veitt útvegsmönnum þá þjónustu, sem þeir hafa óskað og unnt hefur verið að framkvæma með hinni einu litlu og ófullkomnu vél, sem sú stofnun hefur yfir að ráða. Þá hafa ýmsir aðrir aðilar, t. d. atvinnudeild háskólans og Netaverksmiðja Björns Benediktssonar, veitt mikla hjálp á þessu sviði, en um skipulegar rannsóknir á eiginleikum og notagildi veiðarfæraefna hefur ekki verið að ræða á landi hér. Vansalaust má slíkt ekki við svo búið standa öllu lengur."

Þess skal að lokum getið, að á Alþingi 1962 var lagt fram stjórnarfrumvarp um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Er það allmikill lagabálkur, saminn af atvinnumálanefnd ríkisins. Hafði nefndin lokið störfum við þetta verkefni í maímánuði 1960 og afhent um það leyti ríkisstjórninni frumvarpið ásamt ýtarlegum athugasemdum og greinargerð. Var málið síðan til meðferðar hjá stjórnarvöldum, unz það var lagt fram á Alþingi tveimur árum síðar. Frumvarpið hlaut ekki afgreiðslu í það sinn og hefur ekki verið lagt fram síðan. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir tveimur rannsóknarstofnunum í þágu sjávarútvegsins, hafrannsóknadeild, er taka skyldi við verkefnum fiskideildar atvinnudeildar háskólans og nokkrum að auki, og fiskiðnaðardeild, sem hafa átti sama verksvið og rannsóknarstofa Fiskifélagsins hefur nú. Meðal þeirra verkefna, sem hafrannsóknadeild skyldi falið, var að hafa með höndum „tilraunir með ný veiðarfæri og veiðiaðferðir og rannsóknir þar að lútandi". Er hér um að ræða eitt hið mikilvægasta þeirra rannsóknarefna, sem í þessari þingsályktunartillögu er lagt til að heyri undir tæknistofnun sjávarútvegsins. Nú er sýnt, að dráttur ætlar að verða á því, að sett sé heildarlöggjöf um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. En þó að það verði gert bráðlega, svo sem mjög er aðkallandi, er flm. þessarar þingsályktunartillögu eindregið þeirrar skoðunar, að tæknilegar rannsóknir á fiskiskipum, veiðarfærum og fiskileitartækjum eigi að fela sjálfstæðri stofnun, sem verði að rísa á fót sem allra fyrst. Löggjöf um tæknistofnun sjávarútvegsins þarf að setja þegar á næsta Alþingi. Á því leikur enginn vafi, að slík stofnun gæti gert hvort tveggja: sparað útveginum og þar með þjóðarheildinni mikla fjármuni og aukið framleiðslugetu fiskiflotans verulega, jafnvel svo að velta kynni á tugum milljóna ár hvert. Þegar sett verður heildarlöggjöf um rannsóknir í þágu íslenzkra atvinnuvega, hvort sem þess verður skammt eða langt að bíða, mundu lagaákvæði um tæknistofnunina falla inn í hana. Yrðu rannsóknarstofnanir sjávarútvegsins þá þrjár: hafrannsóknastofnun, rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og tæknistofnun útvegsins. Þær hefðu að sjálfsögðu ýmsa samvinnu sín í milli, en væru þó ekki um of háðar hver annarri, enda hefði hver sitt tiltekna verksvið."

Sþ. 21. Tillaga til þingsályktunar [21. mál]

um aðstoð við þróunarlöndin.

Flm.: Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, með hverju móti Ísland geti tekið virkari þátt en nú er í því að veita þróunarlöndunum aðstoð til eflingar efnahagslegum framförum þar, og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir Alþingi að henni lokinni.

Greinargerð.

Efnahagsvandamál hinna svokölluðu þróunarlanda er í dag ótvírætt eitt af mestu vandamálum mannkynsins. Með þróunarlöndum er að jafnaði átt við þau lönd, þar sem þjóðartekjur á íbúa eru undir 400—500 Bandaríkjadollurum, eða um þriðjungi þess, sem þjóðartekjur á íbúa nema á Íslandi.

Með tilliti til þess, hve mikill munur er á þjóðartekjum Íslendinga og íbúa þróunarlandanna, megum við ekki telja þau vandamál, sem hér er um að ræða, okkur óviðkomandi.

Ísland er að vísu aðili að Sameinuðu þjóðunum og ýmsum stofnunum á vegum þeirra, sem látið hafa efnahagsvandamál þróunarlandanna til sín taka. Mest af þeirri aðstoð, sem þróunarlöndunum er veitt, er þó veitt af einstökum ríkjum, og hafa mörg ríki, þar sem þjóðartekjur á mann eru lægri en á Íslandi, lagt af mörkum verulega fjármuni í þessu skyni. Öll Norðurlöndin, önnur en Ísland, reka hvert um sig á eigin spýtur umsvifamikla starfsemi á þessu sviði.

Þó að segja megi að vísu, að ekki geti munað mikið um þá aðstoð, sem Íslendingar gætu í té látið, miðað við þá þörf, sem fyrir hendi er, verður að líta svo á, að Íslendingum beri siðferðileg skylda til að láta þessi mál meira til sín taka en verið hefur til þessa, og er tillaga þessi því fram borin.

Nd. 22. Frumvarp til laga [22. mál]

um breyting á lögum nr. 42 15. júní 1926, um skipströnd og vogrek.

Flm.: Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Í stað orðanna „yfir 200 kr.“ í 2. málsgr. 24. gr. laganna komi: yfir 5000 kr.

2. gr.

Í stað orðanna „nemur 500 kr.“ í 1. málsgr. 25. gr. laganna komi: nemur 12000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 42 frá 1926 segir m. a., að vogrek, sem er yfir 200 kr. virði, skuli auglýst í Lögbirtingablaði og dómsmálaráðuneytið skuli senda þá auglýsingu fyrirsvarsmönnum erlendra ríkja. Síðan skal beðið í allt að 6 mánuði eftir því, hvort nokkur sanni eignarrétt sinn að vogrekinu.

Hér virðist mikið haft fyrir verðmæti, sem er e. t. v. ekki nema 250 kr. virði eftir núverandi verðgildi peninga. Er augljóst mál, að krónuupphæð sú, sem tilgreind er í lögunum, er löngu úrelt orðin.

Þá segir einnig í sömu lögum, að vogrek, sem nemur 500 kr. að verðmæti eða meira, skuli vera eign ríkissjóðs, ef enginn sannar eignarrétt sinn að því.

Um þetta atriði er hið sama að segja og hið fyrra, að krónupphæðin, sem við er miðað í lögunum, er úrelt. Verðgildi peninga hefur breytzt svo gífurlega þau 38 ár, sem liðin eru, síðan lögin um vogrek voru sett 1926, að nauðsynlegt er að færa þessi ákvæði laganna til samræmis við núverandi verðgildi peninga.

Nd. **23. Frumvarp til laga** [23. mál]

um áætlunarráð ríkisins.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar 9 manna ráð, er nefnist áætlunarráð ríkisins, samkvæmt tilnefningu svo sem hér segir: Fjórir menn skulu tilnefndir einn af hverjum núverandi þingflokka, en aðrir fjórir einn af hverju eftirgreindra samtaka: Alþýðusambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Félagi ísl. iðnrekenda. Einn skipar ríkisstjórn án tilnefningar, og skal hann að öðru jöfnu skipaður úr hópi þeirra sérfræðinga, sem eru vísindalega menntaðir um áætlanagerð, hagfræði eða í höfuðgreinum íslenzks þjóðarbúskapar. Ríkisstjórnin skipar formann ráðsins.

2. gr.

Hlutverk ráðsins er að semja heildaráætlanir um þjóðarbúskap Íslendinga, er gerðar skulu í samráði við ríkisstjórn.

Áætlanir þessar skulu vera tvenns konar:

1. Heildaráætlanir um þróun atvinnulífsins og fjárfestingu þjóðarinnar fyrir 5—10 ára tímabil.
2. Áætlanir fyrir eitt ár í senn um allan þjóðarbúskapinn.

3. gr.

Heildaráætlanir þær, sem um ræðir í 1. tölulið 2. gr., skulu miðaðar við eftirfarandi:

1. Að öll framleiðslugeta landsmanna sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna og batnandi raunveruleg lífskjör á grundvelli aukinnar framleiðslu, betri skipulagningar þjóðarbúskaparins og réttlátari skiptingar verðmætanna.
2. Að auðlindir lands og þjóðar verði sem bezt hagnýttar í þágu þjóðarheildarinnar til þess að auka velmegun og tryggja afkomu þjóðar og einstaklinga og varðveita og efla sjálfstæði þjóðarinnar.
3. Að atvinnuvegir landsmanna verði efldir og nýir skapaðir, til þess að þjóðin eignist sem fjölbreytilegast atvinnulíf, en þó einbeitt að því að efla fyrst og fremst þær atvinnugreinar, er veita í senn beztu hagnýtingu á auðlindum þjóðarinnar, mestu afkastagetu landsmanna og beztu nýtingu fáanlegra markaða og skapa þannig forsendur fyrir sem beztum lífskjörum þjóðarinnar.

Í þessum heildaráætlunum skal áætluð þróun hverrar atvinnugreinar, eins og bezt samrýmist heildarhagsmunum þjóðarinnar, svo og hver höfuðatvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita til þess að tryggja, að þeim tilgangi, sem vinna skal að samkvæmt þessari grein, verði náð.

Áætlunarráðið skal og gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar, byggðaþróun og aðrar framkvæmdir í því sambandi.

4. gr.

Áætlanir þær, sem um ræðir í 2. tölulið 2. gr., skal gera um allan rekstur þjóðarbúskaparins fyrir ár hvert, bæði rekstur og þróun hinna einstöku atvinnugreina innanlands og viðskipti þjóðarinnar út á við.

Áætlanir þær, sem fjalla um tekjur og gjöld þjóðarinnar í viðskiptum við önnur lönd, skulu gerðar í samráði við ráðherra þann, sem fer með viðskiptamál, og skal síðan leggja þær til grundvallar fyrir viðskiptin á næsta ári. Þessar áætlanir skulu gerðar með það mark fyrir augum að ná sem hagstæðustum viðskiptum og greiðslujöfnuði við önnur lönd, skapa þjóðinni öruggt fjárhagslegt sjálfstæði út á

við og gera henni kleift að framfylgja heildaráætlunum um uppbyggingu atvinnulífsins og þeim fyrirætlunum um örugga og batnandi lífsafkomu almennings, sem unnið er að hverju sinni.

Á sama hátt skal áætlunarráð og við samningu áætlana sinna hafa samráð við hin einstöku ráðuneyti um hinar ýmsu atvinnugreinar, er undir þau heyra.

5. gr.

Til þess að ná þeim tilgangi, er lög þessi mæla fyrir um að stefna skuli að með framkvæmd áætlana þessara, skal áætlunarráð vinna að því að sameina og efla framtak jafnt einstaklinga, samvinnufélaga, sveitarfélaga og ríkisins.

Þá skal og áætlunarráð gera sér sem gleggsta grein fyrir þörf íslenzks atvinnulífs á sérmenntuðum mönnum á hverjum tíma og vinna að því í samstarfi við hlutaðeigandi stofnanir, að ráðstafanir séu gerðar til að sérmennta íslenzka menn og tryggja þjóðfélaginu starfskrafta þeirra.

Til þess að skapa sem bezta samstöðu meðal þjóðarinnar og hagnýta sem bezt þekkingu og hugvit einstaklinga, skal áætlunarráð a. m. k. ársfjórðungslega boða til fundar með fulltrúum, er kosnir séu af eftirfarandi samtökum og stofnunum eða stjórnum þeirra til þess að mæta í slíku fulltrúaráði: Alþýðusambandi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráði Íslands, Seðlabanka Íslands, atvinnudeild háskólans, raforkumálastjórn ríkisins og Fiskifélagi Íslands. Þá hefur og áætlunarráð rétt til að bjóða fleirum þátttöku. Á slíkum fundum skal áætlunarráð kynna hugmyndir og fyrirætlanir sínar og gefa fulltrúunum tækifæri til athugasemda, gagnrýni, tillagna og hvers konar ábendinga og leiðbeininga.

Höfuðmarkmiðið í öllu starfinu skal vera að reyna að sameina þjóðina sem bezt um að tryggja sem skynsamlegasta hagnýtinu á auðlindum landsins, framleiðslutækjum, vinnuafli og fjármagni þjóðarinnar í hennar eigin þágu á grundvelli beztu rannsókna á hinum ýmsu sviðum, sem hægt er að gera á hverjum tíma.

6. gr.

Í þeim hlutum áætlananna, sem fjalla um vinnuafl og fjármagn til atvinnurekstrar og nýrra framkvæmda, skal eigi aðeins gerð grein fyrir, hver nauðsyn sé á hvoru tveggja og í hve ríkum mæli, heldur og hvernig útvega skuli, ef fyrirsjáanlegur skortur er á vinnuafli eða fjármagni. Skal áætlunarráð um þessi efni kappkosta að hafa gott samráð við verkalýðssamtökin, samtök atvinnurekenda og fulltrúa atvinnurekstrar, bankana og önnur þau samtök og stofnanir, sem framkvæmd áætlananna í þjóðarbúskapnum kemur síðan sérstaklega til að byggjast á.

7. gr.

Áætlunarráð skal við gerð fyrstu 10 ára áætlunarinnar hafa þá höfuðstefnu, er hér segir:

Á fyrri hluta þessa tímabils skal einbeita sér að því að koma á sem mestri fullvinnslu sjávarafurða og landbúnaðarafurða og annarra hráefna og afurða íslenzkra með það fyrir augum, að þjóðin megi verða iðnaðarþjóð, er flytur framleiðslu sína fullunna úr landi. Samtímis skal efla þá atvinnuvegi, er fyrir eru, og stuðla að uppkomu nýrra atvinnutækja, er ætla má að hafi heilbrigðan grundvöll.

Á fyrri hluta tímabilsins skal undirbúa áætlanir um að framkvæma á síðari hluta tímabilsins stórvirkjun fallvatna og rannsaka til hlítar, hvers konar iðnaði í allstórum stíl yrði bezt upp komið á því skeiði til hagnýtingar raforkunnar, þannig að slík fyrirtæki séu í senn undir yfirráðum Íslendinga, hagnýti vinnuafl og fjármagn haganlegast í þágu þjóðar og einstaklinga og hægt sé um leið að tryggja sem allra mesta sölu á framleiðslu þeirra úr landi til langs tíma, svo að áhætta þjóðarinnar verði sem minnst.

8. gr.

Þegar áætlunarráð hefur lokið samningu þeirra áætlana, er um ræðir í 2. gr., skulu þær lagðar fyrir ríkisstjórnina til staðfestingar.

Ríkisstjórn skal kunngera Alþingi hina staðfestu áætlun, að jafnaði með því að láta eins árs áætlanir fylgja fjárlögum sem fylgiskjal, en áætlanir til lengri tíma séu lagðar fram með sérstakri þingsályktun til samþykktar.

Þegar áætlanir hafa hlotið endanlega samþykkt, er það síðan verkefni ríkisstjórnar, hinna einstöku ráðuneyta, Seðlabankans og allra annarra stofnana ríkisins undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar að sjá um framkvæmd á þessum áætlunum til fulls, og skal öll stjórn á lánsfjármálum og utanríkisviðskiptum þjóðarinnar og öll afskipti hins opinbera af atvinnu- og verzlunarlífinu við þetta miðuð.

9. gr.

Ríkisstjórnin skipar framkvæmdastjóra áætlunarráðs að fengnum tillögum þess.

Áætlunarráði er heimilt að ráða innlenda sem erlenda sérfræðinga að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk.

Fela skal áætlunarráði þau verkefni, sem Framkvæmdabanki Íslands nú hefur að lögum um áætlanir í fjárfestingarmálum og ráðleggingar til ríkisstjórnar í efnahagsmálum.

Fela má áætlunarráði starf þeirra milliþinganefnda, sem nú eru starfandi að svipuðum verkefnum: atvinnumálanefndar ríkisins og rannsóknarnefndar á milliliðagróða, og skulu þá nefndir þessar lagðar niður.

Kostnaður við störf áætlunarráðs greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Nánari fyrirmæli um starf áætlunarráðs skal setja í reglugerð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íslandi verður ekki stjórnað, svo að vel fari og frelsi landsbúa og velferð sé tryggð, nema hugsað sé um land vort sem eitt þjóðarbú, þannig að þjóðin skipuleggi aðalsölu útflutningsafurðanna, stjórni innkaupum þjóðarbúsins í samræmi við nauðsyn útflutningsins og hagsmuni þjóðarheildarinnar, ráði í aðalatriðum stefnu fjárfestingarinnar til þess að tryggja undirstöðu framleiðslunnar og hraða og rétta þróun hennar. Innan slíks heildarskipulags verður svo að tryggja og hagnýta í þjóðarþágu jafnt framtak einstaklinga, félaga sem annarra heilda.

Það stjórnleysisástand, sem ríkt hefur undanfarin ár undir nafni verzlunarfrelsisins, hefur einkennzt af því að beygja allan þjóðarbúskapinn, allt efnahagslífið undir sérhagsmuni verzlunarauðvaldsins. Innflutningur bílþúsundanna 1963 og bygging bílaumboðshallanna við Suðurlandsbraut í Reykjavík, ásamt sölu nýjustu togaranna úr landi, munu verða minnisvarði efnahagsstefnu verzlunarauðvaldsins og forsjár þess fyrir þjóðinni. Það hefur verið ógæfa Íslands, hve sterkt einmitt þetta auðvald hefur verið hér og hvernig það hvað eftir annað hefur komið efnahagslífi Íslands í öngþveiti með yfirdrottnun sinni.

Á meðan alþýðan tekur ekki sjálf um stjórnvölinn og tekur að leiða Ísland fram til þjóðnýtingar, samvinnu og sameignar sem aðaleinkenna þjóðarbúskaparins, þ. e. fram til þjóðfélags sósíalismans, þá er aðeins um tvær höfuðstefnur að ræða í íslenzku efnahagslífi:

Önnur er sú stefna verzlunarauðvaldsins, sem nú ríkir. Sé henni haldið áfram rökrétt og hún framkvæmd út í yztu æsar, verður að innlima Ísland í einhverja stóra viðskiptaheild, leyfa frjálsan innflutning erlends auðmagns og ef með þarf

erlends verkafólks og láta lögmál hins óhefta peningavalds fá að ráða á öllum sviðum þjóðarbúskaparins. Af því leiddi drottnun erlendra auðhringa yfir Íslandi. Afl fossanna, hiti jarðarinnar, auður fiskimiðanna, allt yrði þetta þá gert að auðsuppsprettu fyrir nokkra fáa fjármáladrottna erlenda, er hagnýttu framleiðslutækin og vinnuaflið einvörðungu í gróðaskyni. Þessi stefna er í rökréttri framkvæmd sinni **innlimunarstefna**, er jafngildir tortímingu íslenzks sjálfstæðis. Til lítils höfum vér þá endurreist lýðveldi á Íslandi eftir 600 ára nýlendukúgun, ef land vort og þjóð á aftur að verða erlendu auðvaldi að bráð, jafnvel með þeim afleiðingum að glata þjóðerninu, sem varðveittist þó gegnum allar aldir og þrengingar fornu nýlendukúgunarinnar.

Hin stefnan er að sameina þjóðina og þá fyrst og fremst höfuðstéttir hennar í framleiðslulífinu um að reka þjóðarbúskap vor Íslendinga sem fullkomnast og viturlegast í eigin þágu. Það er íslenzk **sjálfstæðisstefna**. Öld vor er öld hinna miklu samsteypna í efnahagslífinu. Hin hraða þróun tækninnar knýr fram vaxandi stórrekstur og aukna samvinnu hinna smærri í atvinnulífinu. Vér erum allt of fámennir til þess að hafa efni á þeim allsherjar glundroða brasksins, sem nú einkennir þjóðlífið. Allir íslenzkir verkamenn eru vart fleiri en þeir verkamenn, sem starfa hjá stærsta fyrirtæki Svíþjóðar, rafmagnsfyrirtækinu ASEA. Til þess að geta haldið sjálfstæði voru í þessum frumskógi risafyrirtækjanna, sem vér verðum að berjast í, verðum vér sjálfir að vera sterkir og sameinaðir, hafa heildarstjórn á efnahagslífi voru út á við: áætlunarbúskap. En innbyrðis geta öll hin gömlu, hefðbundnu form íslenzks þjóðarbúskapar þrifizt: einstaklingsrekstur, samvinnurekstur, bæjarrekstur, ríkisrekstur o. s. frv. Slíkt er ekki aðeins íslenzkri alþýðu og þjóðarheildinni fyrir beztu, heldur og þeim íslenzkum atvinnurekendum, sem undanfarið hafa látið heillast af „viðskiptafrelsinu“, því að þeir eru flestir það smáir á alþjóðamælikvarða, að þeir yrðu flestir troðnir undir járnhælum erlendu auðhringanna, ef Ísland yrði þeim að bráð.

Til þess að hægt sé að framkvæma þennan takmarkaða áætlunarbúskap, sem frv. þetta leggur til, þarf í þjóðfélagi voru, eins og það er nú, gagnkvæman skilning og helzt samstarf höfuðstéttanna í framleiðslunni: **verkalýðs** á sjó og landi, **atvinnurekenda** í sjávarútvegi og iðnaði og **bænda**. Alveg sérstaklega er það nauðsynlegt, að þær höfuðvaldsstéttirnar, sem andvígastar eru og andstæðastra hagsmuna hafa að gæta, verkalýðurinn og atvinnurekendur í framleiðslunni, geti lagzt á eitt um framkvæmd slíkra áætlana fyrir þjóðarbúskapinn sem hér er gert ráð fyrir. Það hefur verið mikil ógæfa Íslendingum, að á því tveggja áratuga tímabili, sem þetta valdajafnvægi hefur raunverulega verið á milli þessara höfuðstétta, hefur auðmannastéttin hvað eftir annað undir leiðsögn óraunsærra aðila og sumpart sakir óhollra erlendra áhrifa lagt út í dýrar, en árangurslausar tilraunir til þess að koma á harðstjórn auðvalds gegn verkalýð, allt frá gerðardómslögunum illræmdu 1942 og fram til hins ljóta „gengisfellingarleiks“ síðustu ára. Það er orðin mikil nauðsyn þjóð vorri, að í stað þess að gera landið að vettvangi sífelldra hjaðningavíga og ríkisvaldið að ránstæki yfirstéttar til þess að ræna almenning kaupgjaldi hans, þá sé tekið höndum saman um skipulega eflingu framleiðslulífsins samkvæmt fyrir fram gerðum áætlunum og ríkisvaldinu beitt til þess að skipuleggja framfarirnar og raunhæfar, varanlegar lífskjarabætur almennings, sem hljóta að vera höfuðtilgangur framleiðslustarfseminnar. Frv. þetta stefnir að því, að svo megi verða.

Frv. þetta hefur, í nokkuð breyttum myndum, verið flutt á flestum þingum síðasta hálfan annan áratug. Sjálft er þetta mál miklu eldra sem baráttumál íslenzkrar verkalýðshreyfingar, og rek ég það að nokkru í fskj. I. En um nokkrar af einstökum greinum frv. skulu fylgja eftirfarandi athugasemdir og skýringar. Í fskj. II er að finna yfirlit yfir þróun kaupmáttar lægsta Dagsbrúnarkaups á síðustu tveim áratugum. Sú tafla sýnir með vissum takmörkunum þróun lífskjaranna hjá ófaglærðum verkamönnum. Þessar takmarkanir eru fyrst og fremst eftirfarandi:

Taflan sýnir þróun lífskjaranna eingöngu miðað við 8 tíma vinnudag og án þess tillit sé tekið til húsnæðiskostnaðar og skatta, sem vissulega er ákaflega stór þáttur útgjaldanna hjá verkamannafjölskyldu, en mjög misjafn hvað húsnæðisútgjöld snertir. Þá tekur þessi tafla ekki heldur tillit til atvinnuleysis, þar sem það er. Þess skal getið, að á síðustu árum hafa hafnarverkamenn og ýmsir fleiri verkamenn fengið „flokka"-hækkanir, sem gerir kaup þeirra 3—5% hærra en lægsti taxtinn er.

Um einstakar greinar frv.

Um 1. gr.

Það þykir rétt, að í ráðinu eigi sæti bæði fulltrúar stjórnmálaflokkanna og þýðingarmestu stéttarsamtakanna í framleiðslulífinu.

Um 3. gr.

Tilgangurinn með öllum áætlunarbúskap, með allri framleiðsluaukningu á auðvitað að vera sá að bæta lífskjör þjóðarinnar, létta af henni þeim mikla vinnuþrældómi, sem hún nú býr við, en tryggja hana um leið gegn vágesti atvinnuleysisins. Af því leiðir, að auðvitað verður að stjórna svo, að eigi verði verðbólga, heldur aukist í sífellu kaupgeta launa eða þau hækki (nema hvort tveggja sé) og samtímis vaxi sá þáttur tekna almennings, sem fram kemur í auknum þjóðfélagsfríðindum. Undanfarna áratugi hefur hins vegar hluti af atvinnurekendastéttinni og verðbólguflokkarnir legið á því lúalagi að svipta með síaukinni verðbólgu launþega hluta þeirra kauphækkana, er þeir áunnu sér með baráttu sinni. Þess vegna hefur kaupgeta tímakaups í 18 ár hjakkað í sama farinu og um nokkurt skeið lækkað niður í það lægsta, sem hún hefur komizt. (Kaupgeta lægstu tímakaups-Dagsbrúnarmanna var 100 árið 1945 og 100 aftur nóv.—des. 1958, en var í des. 1963 komin niður í 81 stig.) Þetta hefur yfirstéttin og flokkar hennar getað gert, af því að þeir höfðu ríkisvaldið í sínum höndum. Á sama tíma sem alþýðan varð að bæta sér upp minnkaða kaupgetu dagkaups með þrotlausum eftirvinnuþrældómi, ef hann fékkst, eða skorta ella, hefur verðbólgugróðinn safnazt fyrir í höndum sérréttindamanna til bankalána.

Það leiðir af sjálfu sér, að slík beiting ríkisvaldsins til arðráns á alþýðustéttunum verður að hætta, en í staðinn sé tekinn upp sú stefna að beita ríkisvaldinu til eflingar þjóðarframleiðslunni og til þess að tryggja það, að vaxandi afköst og auðlegð þjóðarbúsins verði launþegum og alþýðu manna til aukinnar hagsældar.

Ef samkomulag það, sem Alþýðusambandið, ríkisstjórnin og atvinnurekendur gerðu í júní 1964, er tryggja skyldi vísitöluuppbót á kaupgjald, reynist farsælt og dýrtíðin verður stöðvuð, gæti það samkomulag orðið upphaf breyttrar stefnu í þessum málum.

Þá skal sérstaklega undirstrika gildi síðustu málsgreinarinnar um staðsetningu atvinnutækja, byggðaþróun o. s. frv. Það er mikil nauðsyn, eigi aðeins þjóðarbúskap vorum, heldur og þjóðerni voru og þjóðarerfðum, að breytt verði um frá því, sem nú er, að láta blint lögmál peninganna ráða byggðaþróun í landinu með þeim afleiðingum, að öll aukning þjóðarinnar safnast á einn stað: Reykjavík og nágrenni og Reykjanes. Með viturlegum áætlunarbúskap getur þjóðin sjálf stjórnað þessari þróun, látið allstóra bæi rísa í hinum ýmsu fjórðungum landsins, þar sem skilyrði eru hagstæðust, með því að beina þangað fjármagni og framleiðslutækjum. Að nokkru var þetta reynt með nýsköpunarstefnunni 1944 til 1946. Án þess að þannig sé gripið í taumana, mun sú samþjöppun þjóðarinnar á einn stað, sem einkennt hefur alla 20. öldina hér, halda áfram skefjalaust. Er það jafnt íbúum Reykjavíkur sem öðrum landsmönnum hagsmunaatriði, að höfð sé viturleg stjórn og fyrirhyggja á um þessi mál, en blint samþjöppunarlögmál peningavalds ekki látið ráða.

Um 4. gr.

Vér Íslendingar flytjum út 40% allrar framleiðslu vorrar, og mun vart nokkur önnur þjóð í heiminum eiga afkomu sína í svo ríkum mæli undir utanríkisverzlun sem vér. Oss er því lífsnauðsyn að geta útilokað alla hættu á viðskiptakreppum og markaðsvandræðum. Það gerum vér bezt með því annars vegar að tryggja útflutning vorn sem bezt með viðskiptum við hin sósíalistisku lönd, sem gera stóra fyrirframsamninga við oss, og hins vegar með því að skipuleggja sem bezt baráttu vora fyrir mörkuðum í auðvaldslöndunum. Það sýnir sig bezt í sambandi við freðfiskútflutninginn, hvílíkt öryggi það er framleiðslunni að geta selt t. d. meiri hluta hennar til landa sósíalismans fyrirfram gegn greiðslu við afskipun og geta svo með þessa tryggingu sem bakhjarl rutt vörunni til rúms, eins og þegar hefur gerzt í Bandaríkjum Norður-Ameríku. En til þess að geta stjórnað þessum viðskiptum í heild er sú yfirstjórn á utanríkisverzluninni, sem felst í þessu frv. um áætlunarráð, einkum 4. og 8. gr., alveg óhjákvæmileg.

Um 7. gr.

Það er nauðsynlegt, að Alþingi mæli fyrir um það í lögum, hver skuli vera höfuðstefnan í aukningu framleiðslunnar. Vitað er, að langsamlega mestu vinnuafköst á Íslandi eru í sjálfum aflabrögðunum. Vér Íslendingar eigum þar heimsmet, þannig að fiskimagn vort miðað við hvern sjómann er miklu hærra en nokkurrar annarrar þjóðar, jafnvel fjórfalt og stundum allt að sjöfalt meira en þeirrar þjóðar, er næst kemur. Það leiðir af sjálfu sér, að efling sjávarútvegsins hlýtur því áfram að vera höfuðstefnan. Bendir og allt til þess, að þörfin og markaðurinn fyrir matvæli, — ekki sízt svo ágæt sem vor, — fari hraðvaxandi og sé oss því að öllu leyti hentugast að einbeita oss að matvælaframleiðslunni. En jafnframt er hin brýnasta nauðsyn að margfalda fullvinnslu hennar og gera oss vöruna þannig dýrmætari. Vér höfum að miklu leyti verið hráefnaframleiðendur. **Iðnbylting í matvælaframleiðslu vorri á að vera höfuðverkefni fyrstu fimm ára áætlunar Íslendinga.** Fiskurinn, síldin, laxinn (sem margfalda má með klaki), allt bíður þetta enn í ríkum mæli verksmiðjuiðnaðar til fullvinnslu, þ. á m. niðursuðu og niðurlagningar. Sama gildir um ýmsar landbúnaðarafurðir, þ. á m. ullina, svo sem þegar er byrjað. — Hér er því megináherzla lögð á fullvinnslu hinna innlendu afurða og aukna framleiðslu þeirra til að byrja með.

Um 8. gr.

Það leiðir af sjálfu sér, að áætlunin, sem samin er í samráði við hin ýmsu ráðuneyti, leggst fyrir ríkisstjórn á eftir til þess að fá samþykki hennar. Síðan leggur ríkisstjórn áætlanirnar fyrir Alþingi. Þegar Alþingi hefur samþykkt þær, er litið á þær sem framkvæmdastefnu ríkisins á öllum sviðum efnahagslífsins og öllum stofnunum ríkisins falið það verkefni að sjá um framkvæmd þeirra undir yfirstjórn ríkisstjórnar.

Fylgiskjal I.

Saga þessa máls, sniðin upp úr eldri greinargerð um málið.

Frumvarpið um áætlunarráð felur í sér ákvörðun um að stíga eitt spor áfram til að koma á heildarstjórn á íslenzkum þjóðarbúskap samkvæmt fyrir fram gerðum áætlunum. Og til þess að það skiljist til fulls, hvað við er átt með þeirri skipulagsbreytingu, er rétt að líta nokkuð aftur í tímann til þess að sjá, hvernig efnahagsmálin hafa þróazt til þessa dags, einkum að því er varðar afstöðu ríkisins til atvinnulífsins — og þá fyrst og fremst afskiptin af sjávarútvegi og gjaldeyrisverzlun.

1. Kreppa auðvaldsskipulagsins knýr fram höftin.

Afskipti ríkisins af gjaldeyris- og atvinnumálum byrja fyrir alvöru, eftir að öldur heimskreppunnar bárust til Íslands eftir 1930. Kreppan mikla leiddi í ljós, hve ófært auðvaldsskipulagið var að sjá fólkinu fyrir öruggri atvinnu og sæmilegri afkomu. Verkamenn gengu hundruðum saman atvinnulausir, bændur og útvegsmenn fengu ekki selt afurðir sínar og söfnuðu stórskuldum, heilum atvinnustéttum lá við gjaldþroti, markaðirnir hrundu, vöruverð útflutningsvaranna féll, útflutningurinn minnkaði stórum, og gjaldeyrisvandræðin margfölduðust.

Yfirvöldin gripu til hafta, því að gjaldeyrisframleiðslan varð miklu minni en eftirspurnin, og samtímis var gripið til þess ráðs að lögskipa útflytjendum að skila ríkinu gjaldeyrinum. Samtímis gripu bankar og ríkisstjórn til þess ráðs að veita stærstu útflutningsfyrirtækjunum eins konar ríkisverndaða einokun á saltfiskútflutningnum til þess að verja þau gjaldþroti.

Þessi „þjóðnýting" gjaldeyrisins hefur staðið síðan og stendur enn þrátt fyrir talið um viðskiptafrelsi. Það var gripið til hennar og gjaldeyrishaftanna sem neyðarráðstafana af borgaralegum yfirvöldum, þegar kreppan leiddi allt gjaldþrot auðvaldsskipulagsins í ljós og hin svokallaða „frjálsa samkeppni" hafði beðið sitt endanlega skipbrot. Höftin voru neikvæð ríkisafskipti, neyðarúrræði til að bjarga að einhverju leyti úr öngþveiti og hruni samkeppniskerfis auðvaldsskipulagsins. Hins vegar hafði verzlunarauðmagnið í landinu hagsmuni af að viðhalda þessum höftum, því að í framkvæmdinni þýddu þau að „þjóðnýta" gjaldeyrinn, er tekinn var af sjávarútveginum, fyrst og fremst í þágu verzlunarauðvaldsins.

2. Alþýðan krefst heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum.

Þegar þessi haftastefna var kerfisbundin frá 1934, reyndi Alþýðuflokkurinn, sem þá var stjórnarflokkur, að hafa áhrif í þá átt að stíga sporið til heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum. Í „4 ára áætlun" hans 1934—39, stefnuskrá hans í kosningunum 1934, var höfuðtillaga hans og stefna þessi:

„Að hrundið verði þegar í stað í framkvæmd með löggjöf og framtaki hins opinbera auknum atvinnurekstri og framleiðslu *eftir nákvæmri áætlun*, er gerð sé til ákveðins tíma (4 ára) og hafi það markmið að útrýma með öllu atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar og færa nýtt fjör í alla atvinnuvegi þjóðarinnar með aukinni kaupgetu og neyzlu hinna vinnandi stétta og auknum markaði innanlands.

Stofnuð sé ráðgefandi nefnd sérfróðra manna, þingi og stjórn til aðstoðar, er geri nákvæmar áætlanir um allar opinberar framkvæmdir á tímabilinu og stjórni vísindalegum rannsóknum til undirbúnings þeim og geri jafnframt tillögur um, *hvernig komið verði fastri stjórn og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn*, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, svo að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum (Planökonomi).

Smáatvinnurekstur í framleiðslu, iðnaði og verzlun, sem starfar á samkeppnisgrundvelli eða með samvinnusniði og eigendur starfa að sjálfir, skal verndaður gegn einokunarhringum og að honum hlúð, enda sé haft með honum nauðsynlegt eftirlit."

Þótt sú nefnd, er skipuð var til að gera tillögur um skipulag atvinnulífsins — „Rauðka", ynni mjög merkilegt starf um skýrslusöfnun, varð ekkert úr framkvæmd áætlunarbúskapar. Framsóknarflokkurinn mun ekki hafa haft mikinn áhuga fyrir þessu höfuðmáli Alþýðuflokksins, sem þá var.

„Þjóðnýtingin" á gjaldeyrinum, þessum afrakstri sjávarútvegsins, hefði eðlilega átt að leiða til þess, að ráðamönnum þjóðfélagsins skildist, að nú varð framtak þjóðarheildarinnar um eflingu sjávarútvegsins, útvegun nýrra skipa, að taka

við af því „framtaki“ útvegsmanna, er kreppan hafði drepið niður og gjaldeyrishöftin síðan lamað á sinn hátt. Slíku framtaki hins opinbera var hins vegar ekki að fagna.

Það er ekki fyrr en með „nýsköpun“ atvinnulífsins 1944, að ráðamenn þjóðfélagsins sýna það í verki, að þegar þjóðfélagið sjálft tekur til sín gjaldeyrinn af sjávarútveginum, þá verður líka þjóðfélagið sjálft að hafa fyrirhyggju og framtak um eflingu sjávarútvegsins, sem allt atvinnulífið byggist á.

Með lögum um nýbyggingarráð 27. nóv. 1944 var svo ákveðið í 2. gr. laganna: „Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist nýbyggingarráð. — Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu fimm ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og hvernig bezt verði fyrir komið innflutningi fáanlegra tækja og efnis á næstu árum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt vinnuafl þjóðarinnar og auðlindir landsins. — Þá skal nýbyggingarráð gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar og aðrar framkvæmdir í því sambandi. Nýbyggingarráð hlutast til um, að slík tæki verði keypt utanlands eða gerð innanlands svo fljótt sem auðið er, og hefur milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska.“

Með þessu framtaki hins opinbera var þeim ríkisafskiptum af atvinnulífinu, sem áður voru neikvæð, beitt á jákvæðan, skapandi hátt. Það var stigið skref til þess að reyna að tryggja öllum Íslendingum vinnu við sem arðbærastan rekstur, þjóðfélagið sjálft gert ábyrgt fyrir útvegun framleiðslutækja og fyrsta spor stigið til þess að koma heildarstjórn á íslenzkan þjóðarbúskap. Og þótt þessi tilraun stæði aðeins tæp þrjú ár, tókst á þeim tíma að kaupa mestallan togaraflotann, bátana og millilandaskipin, sem enn eru aðalundirstaða íslenzks atvinnulífs. — Jafnvel eftir að nýbyggingarráð var afnumið, voru sett inn í lögin um fjárhagsráð ákvæði um, að stefnt skyldi að áætlunarbúskap á Íslandi, en þau ákvæði urðu einungis pappírsákvæði, þegar áhrif ameríkskrar auðvaldsstefnu uxu á landi voru næstu árin.

Allar tillögur Sósíalistaflokksins veturinn og vorið 1946—47 um, að undirbúa skyldi 10 ára áætlun um þróun atvinnulífsins, voru felldar. Í þeim fólst að fullkomna nýsköpun sjávarútvegs og iðnaðar á grundvelli hans á næstu 5 árum, en undirbúa samtímis fimm ára áætlun um íslenzka stóriðju, er framkvæma skyldi á síðari hluta 10 ára áætlunarinnar. Ef þessum tillögum hefði verið sinnt, hefði verið búið að vinna mikið af því verki, sem nú er óunnið. En afturhald og þröngsýni varð þá ofan á í skjóli ameríkskra auðvaldsáhrifa.

Síðan nýsköpunin var stöðvuð og hugmyndin um áætlunarbúskap á Íslandi drepin í framkvæmd, hefur þó engin árætt aftur það glapræði að ætla að sleppa að öllu leyti eftirliti og afskiptum ríkisins af gjaldeyrismálum. Í áratug var búið við það millibilsástand, að ríkið tók að vísu til sín allan gjaldeyri af sjávarútveginum og neyddist því til þess að ábyrgjast rekstur hans að meira eða minna leyti, en hins vegar hafði lengst af verið vanrækt að efla svo sjávarútveginn eins og þjóðarnauðsyn bauð. Þvert á móti var farið að gera tilraunir með að láta framboð og eftirspurn, hin blindu, „eðlilegu lögmál viðskiptalífsins“, ráða, hvaða tæki Íslendingar keyptu, með þeim afleiðingum, að á 8 árum (1948—56) voru keyptir 5000 bílar, en enginn togari.

Það hefur allan þennan tíma verið höfuðkrafa verkalýðshreyfingarinnar, að atvinna væri tryggð handa öllum Íslendingum með heildarstjórn á þjóðarbúskapnum.

3. Krafan um áætlunarbúskap á tímum vinstri stjórnarinnar.

Þegar vinstri stjórnin var mynduð 24. júlí 1956, var svo ákveðið í stjórnarsáttmálanum:

„Ríkisstjórnin mun láta gera heildaráætlun um framkvæmdir á næstu árum og nýmæli í því sambandi og birta hana þjóðinni."

Var í því sambandi ákveðið að kaupa 15 nýja togara. — Hvorugt var efnt. Þrátt fyrir sífellda baráttu Alþýðubandalagsins og verkalýðshreyfingarinnar fyrir þessu hvoru tveggja fékkst hvorugt framkvæmt.

25. þing Alþýðusambands Íslands samþykkti í nóvember 1956 einróma eftirfarandi ákvörðun:

„Til þess að tryggja, að fjárfestingu þjóðarinnar verði fyrst og fremst varið til þess, sem þjóðhagslega séð er nauðsynlegast, og til þess að hægt verði að bæta kjör alþýðunnar, telur þingið, að eftirfarandi sé nauðsynlegt:

1. Tekin verði upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, þannig að gerðar verði heildaráætlanir um þróun þjóðarbúskaparins, bæði fyrir eitt ár í senn og 5—10 ára tímabil."

Vorið 1957 lagði Einar Olgeirsson til, að við endurskipulagningu bankamálanna yrði áætlunarbúskapur tekinn upp og stjórn Seðlabankans yrði um leið áætlunarráð. Því var ekki sinnt.

Vorið 1958 var því heitið í sambandi við þau lög, er þá voru samþykkt um efnahagsmál, að koma á áætlunarráði. Það heit var ekki efnt.

Vinstri stjórnin sat að völdum frá 24. júlí 1956 til 4. des. 1958. Alþýðubandalagið og verkalýðshreyfingin höfðu lagt á það áherzlu að koma upp áætlunarráði, er gerði heildaráætlun um íslenzkan þjóðarbúskap, en það fékkst ekki fram. — Nýsköpunarstjórnin hafði setið frá 21. okt. 1944 til 5. okt. 1946, en framkvæmt ákvörðunina um nýbyggingarráð mánuði eftir valdatöku sína og unnið síðan að nýsköpun atvinnulífsins þannig, að tímamótum olli í Íslandssögunni.

1958—59 stóð þjóðin enn á vegamótum í atvinnusögu sinni.

Það hafði tekizt með baráttu og verkum Alþýðubandalagsins í vinstri stjórnarsamvinnunni að afnema atvinnuleysið að mestu um land allt, eins og sakir stóðu þá. En til þess að tryggja atvinnu handa öllum Íslendingum til frambúðar og það atvinnu, sem væri sem hagnýtust fyrir þjóðfélagið, þurfti að skipuleggja fjárfestingu þjóðarinnar í framtíðinni á grundvelli ýtarlegra rannsókna.

Fjárfesting Íslendinga hefur lengst af verið eins og mest er hjá öðrum þjóðum. 1955—57 var fjárfesting t. d. 30—34% af þjóðarframleiðslunni. En hlutfallið milli fjárfestingar til neyzlu og til framleiðslu er á Íslandi að því leyti frábrugðið öllum öðrum Vestur-Evrópulöndum, að þar sem framleiðslufjárfesting t. d. í Noregi og Danmörku er 75%, en neyzlufjárfesting 25% (miðað við árin 1950—54), þá er sama hlutfall á Íslandi 44% framleiðslufjárfesting (1956) og 56% neyzlufjárfesting.

Nauðsynin á skipulagningu fjárfestingarinnar á Íslandi er því svo brýn, að meðan ekki verður orðið við þeirri kröfu, fer allur þjóðarbúskapur vor á einn eða annan hátt úr skorðum.

Það er jafnnauðsynlegt fyrir þjóðina að ákveða fyrir fram á grundvelli ýtarlegra rannsókna, hvernig hún ver þeim fjármunum, sem hún festir í framleiðslutækjum og framkvæmdum, eins og að setja sér fjárlög um ríkisbúskap sinn.

4. Sporin aftur á bak 1959 til 1963.

Þegar ekki hafði tekizt að koma á áætlunarbúskap í tíð vinstri stjórnarinnar, notuðu afturhaldsöflin sér óþolinmæði og óánægju meðal þjóðarinnar með ríkisafskipti án jákvæðrar skipulagningar og lofuðu „frelsi" á öllum sviðum efnahagslífsins.

Reynslan af því varð sú á árunum 1959—63, að að vísu varð nokkurt frelsi um innflutning vara — í krafti útlendra lána, sem urðu þjóðinni dýr, en einokunin á útflutningnum hélzt, — „þjóðnýtingin" á gjaldeyri útvegsins hélzt, — og harðstjórn og kúgun var tekin upp gagnvart launþegum, ríkisvaldinu beitt með tveim gengislækkunum og vægðarlausri verðbólgu til þess að ræna verkamenn og aðra laun-

þega með þeim árangri, að kaupgeta tímakaups var í desember 1963 81 stig (miðað við 100 árið 1945), eða hin lægsta, sem hún hefur verið í 20 ár. Á fskj. II má sjá þróun kaupmáttarins.

Er nú orðin brýn þörf breytingar og jafnvel greinilegt, að á ýmsum sviðum telja stjórnarvöld ófært að vinna án áætlana, en skilja enn eigi þörfina á heildaráætlun alls þjóðarbúskaparins.

Fylgiskjal II.

Hér birtist tafla yfir kaupmátt lægsta dagvinnukaups Dagsbrúnarmanna árin 1945—1963 og enn fremur tafla um mánaðarlegar breytingar árin 1947, 1955 og 1958—1964.

Kaupmáttur dagvinnukaups Dagsbrúnarmanna.

Að meðaltali fyrir árið:	Dagvinnukaup, taxti I. Kr. (1)	Vísitala (2)	Vísitala neyzluvöru (3)	Kaupmáttur tímakaups (4)
1945	7.04	100.0	100.0	100.0
1946	7.92	112.5	112.5	100.0
1947	8.88	126.1	122.8	102.7
1948	8.74	124.1	125.9	98.6
1949	9.17	130.3	129.0	101.0
1950	10.39	147.6	159.8	92.4
1951	12.59	178.8	211.1	84.7
1952	14.30	203.1	239.1	84.9
1953	15.26	216.8	236.8	91.6
1954	15.34	217.9	239.7	90.0
1955	17.04	242.0	250.9	96.5
1956	19.12	271.6	279.3	97.2
1957	19.67	279.4	291.6	95.8
1958	21.31	302.7	312.5	96.9
1959	22.20	315.3	314.8	100.2
1960	21.91	311.2	344.7	90.3
1961	23.02	327.0	383.0	85.4
1962	25.67			85.4
1963	28.72			84.6

Mánaðarlegar breytingar kaupmáttar dagvinnukaups árin 1947, 1955 og 1958 til 1964.

(1945 = 100.)

Í byrjun hvers mánaðar:	1947	1955	1958	1959	1960	1961	1962	1963	1964
Janúar	100	90	97	109	99	85	83	82.1	92
Febrúar	99	90	97	97	99	85	83	86	89
Marz	103	91	96	99	98	85	83	85	86
Apríl	101	92	96	99	94	85	82	84	84
Maí	101	102	96	100	92	84	82	84	83
Júní	101	101	100	100	89	85	89	84	83
Júlí	107	100	97	99	89	92	88	90	88
Ágúst	106	100	95	99	88	91	86	88	88
September	107	102	97	99	88	89	87	87	89
Október	103	97	97	99	86	84	84	82	89
Nóvember	105	96	96	99	86	83	84	82	
Desember	104	100	104	99	85	83	83	81	

Skýringar:

Dagvinnukaup: Miðað við lægsta Dagsbrúnartaxta. Sjúkrapeningar og orlofsfé er innifalið.

Vísitala neyzluvöru: Miðað við gömlu vísitöluna án húsnæðisliðar til marz 1959, eftir þann tíma við A-lið nýju vísitölunnar, þ. e. a. s. *án* húsnæðisliðar og *án* beinna skatta og fjölskyldubóta.

Kaupmáttur dagvinnukaups: Með því að deila vísitölu verðlags í vísitölu kaups fæst mælikvarði á kaupmátt þess.

Töflur þessar hefur gert Torfi Ásgeirsson hagfræðingur, fulltrúi Alþýðusambands Íslands í kauplagsnefnd.

Sþ. 24. Fyrirspurnir. [24. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um Áburðarverksmiðjuna h/f.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hafa tilraunir til að auka kornastærð kjarnaáburðar borið árangur?
2. Hafa rannsóknir leitt í ljós, að kjarnaáburður sé of kalksnauður fyrir íslenzkan jarðveg?
3. Eru á því tæknilegir erfiðleikar að auka kalkinnihald áburðarins, sé það talið æskilegt?
4. Eru uppi ráðagerðir um stækkun áburðarverksmiðjunnar, og þá hverjar?
5. Hefur það leitt til sparnaðar að fela Áburðarverksmiðjunni h/f rekstur Áburðarsölu ríkisins?

II. Til ríkisstjórnarinnar um frestun verklegra framkvæmda.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni, Halldóri Ásgrímssyni og Ingvari Gíslasyni.

Hefur ríkisstjórnin notað heimild í 6. gr. laga nr. 1 1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl., og frestað verklegum framkvæmdum, sem fé var veitt til á fjárlögum 1964?

Ef svo er, þá hverjum?

Ed. 25. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm. (AS) hefur óbundnar hendur um afstöðu til málsins og annar nm. (ÞK) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 19. okt. 1964.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundask. Helgi Bergs.

Magnús Jónsson. Karl Kristjánsson.

Sþ. 26. Tillaga til þingsályktunar [25. mál]

um akvegasamband um Suðurland milli Austfjarða og Reykjavíkur.

Flm.: Óskar Jónsson, Páll Þorsteinsson, Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Ágúst Þorvaldsson, Helgi Bergs.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta svo fljótt sem auðið er athuga til hlítar aðstöðu til þess að gera samfelldan akveg um Skaftafellssýslur og hraða þar framkvæmdum við vega- og brúargerðir með það fyrir augum að tengja akvegasamband um Suðurland milli Austfjarða og Reykjavíkur.

Greinargerð.

Góðar samgöngur eru af flestum taldar lífæðar atvinnulífsins og frumskilyrði árangurríks athafnalífs.

Löggjafinn hefur viðurkennt þessi sjónarmið með því að beina eftir beztu getu á hverjum tíma fjármagni af almannafé til samgöngubóta.

Akvegakerfið nær nú nálega kringum landið. Mun láta nærri, að nú sé ekki eftir nema ca. 100 km vegalengd, til þess að endarnir nái saman, þannig að hringurinn kringum landið lokist, en kaflinn, sem eftir er, er leiðin frá Lómagnúp í Fljótshverfi austur yfir Skeiðarársand, Öræfi og Breiðamerkursand yfir Jökulsá.

Nú mun fyrirhugað, að á næstu árum verði lokið vega- og brúargerð í Öræfum og austan þeirra. Verður þá ekki eftir nema Skeiðarársandur, ca. 30 km leið, til þess að vegasamband komist á frá Reykjavík til Austfjarða.

Mikill og vaxandi áhugi er nú hjá öllum þorra Austfirðinga og þá eigi síður hjá Skaftfellingum fyrir því, að allt verði gert, sem unnt er, af hálfu Alþingis til að gera ráðstafanir, er dugi, til að fullgera vegasambandið milli Reykjavíkur um Suðurland til Austfjarða.

Það orkar ekki tvímælis, að mjög rík þörf er fyrir, að vegasamband frá Reykjavík um Suðurland til Austfjarða opnist sem allra fyrst, eigi sízt eftir að atvinnulíf hefur færzt svo mjög í aukana með stórvaxandi síldveiðum við Austurland. Sjá allir, hve ómetanlega þýðingu það hefði fyrir athafna- og atvinnulífið á Austfjörðum. Þá er það öllum augljóst, hversu mikilsvert það er fyrir afskekkt héruð að komast í þjóðbraut. Þá má á það benda, að sú leið, er þarna opnaðist, yrði vafalaust vinsæl og fjölfarin bæði af innlendum og erlendum ferðamönnum.

Ávinningurinn við að gera Suðurlandsveg allan akfæran er að allra manna dómi, sem til þekkja, svo mikill og margvíslegur, að knýjandi nauðsyn er að athuga til hlítar, alla möguleika og aðstöðu til að gera fullfæran samfelldan akveg um Skaftafellssýslur og hraða þar framkvæmdum við vega- og brúargerðir, svo sem verða má.

Með tilliti til þess, sem að framan er greint, og af enn fleiri ástæðum verður að teljast réttmætt, að sú athugun, sem tillaga þessi ráðgerir, verði látin fram fara á komnadi sumri og í framhaldi af því verði gerðar ráðstafanir til að opna hringleiðina um Ísland sem fyrst.

Nd. **27. Frumvarp til laga** [26. mál]

um vinnuvernd, greiðslu vinnulauna, uppsagnarfresti o. fl.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

I. KAFLI
Holl og góð vinnuskilyrði.

1. gr.

Húsakynnum vinnustaðar skal ávallt haldið vel hreinum. Atvinnurekanda ber skylda til að sjá um, að hita- og rakastig andrúmslofts sé hæfilegt og loft án ryks, óþefs, reyks, svo og án óheilnæmra lofttegunda eða gufu.

Umferð um vinnustað sé hindrunarlaus og örugg. Lýsing skal vera góð og nægilegt loftrými á vinnustað, hvort tveggja þannig, að heilbrigðiskröfum sé örugglega fullnægt.

Á vinnustað eða í námunda við hann skal ávallt vera heilnæmt og gott drykkjarvatn, einnig nægilegt þvottavatn, svo og hæfileg tala salerna.

Upphituð og vistleg kaffistofa (matstofa) af hæfilegri stærð skal jafnan vera á vinnustað.

Þá skal á vinnustað hverjum vera aðstaða til að veita „hjálp í viðlögum", þegar slys eða sjúkdóma ber að höndum.

Nú fullnægir vinnustaður eigi skilyrðum laga um hollustuhætti og öryggisútbúnað og er heilbrigðisyfirvöldum og öryggiseftirliti þá heimilt að láta loka vinnustaðnum, ef ekki fæst úr bætt. Starfsmenn skulu í hvívetna gæta reglusemi og vandaðs og góðs hátternis á vinnustað.

II. KAFLI
Vinnutími og vinnutilhögun.

2. gr.

Almennur vinnutími er á tímabilinu kl. 8 til kl. 17. Vinna milli kl. 17 og 20 telst eftirvinna, nema öðruvísi sé ákveðið í stéttarfélagasamningi, og vinna milli kl. 20 og kl. 8 árdegis telst næturvinna, og má þá ekki vinna nema með leyfi viðkomandi stéttarfélags.

3. gr.

Maður, sem lokið hefur 8 stunda vinnudegi, er ekki skyldur til að vinna aukavinnu. Samfelldur hvíldartími verkamanns má aldrei vera skemmri en 9 klst. á sólarhring, og fjöldi yfirvinnu- og næturvinnutíma má aldrei fara fram úr 24 á viku. Sé um ákvæðisvinnu að ræða, má fjöldi yfirvinnu- og næturvinnustunda, eða aukavinnu, ef um vaktavinnu er að ræða, ekki fara fram úr 2 á dag og eigi fram úr 6 á viku. Með samþykki viðkomandi stéttarfélags má þó vinna í ákvæðisvinnu allt að 24 klst. í yfir- og næturvinnu á viku, ef um er að ræða björgun verðmæta frá skemmdum eða störf, sem almannaheill krefst, að unnin séu.

4. gr.

Stéttarfélag getur þó gert kjarasamning um, að unnið skuli að nóttu til, og einnig má í slíkum samningum ákveða vaktaskipan og setja önnur ákvæði um skiptingu vinnutímans í samræmi við eðli starfs og aðstæður.

5. gr.

Vinnuhvíld skal vera frá kl. 18 daginn fyrir sunnu- eða helgidag og til kl. 22 daginn fyrir næsta rúmhelgan dag.

Á aðfangadag jóla, gamlársdag, laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu skal vinnuhvíld vera frá kl. 15 til kl. 22 daginn fyrir næsta rúmhelgan dag.

6. gr.

Um bráðnauðsynlega vinnu á sunnu- og helgidögum skal gera samning eða afla undanþágu viðkomandi stéttarfélags.

7. gr.

Vikulegur frídagur skal jafnan, ef því verður við komið, vera á sunnudegi.

Starfsmaður, sem unnið hefur sunnu- eða helgidagavinnu, skal jafnan eiga frí næsta sunnu- eða helgidagssólarhring.

8. gr.

Almennur vinnutími starfsmanna má ekki vera lengri en 8 stundir á sólarhring og ekki lengri en 48 stundir á viku.

9. gr.

Á næstu 5 árum skal almennur vinnutími á viku styttast árlega um eina klukkustund án skerðingar heildartekna, þannig, að almenn vinnuvika sé eigi lengri en 43 stundir að þessum 5 árum liðnum.

10. gr.

Almennt deilist vinnutíminn á 6 daga í viku, en leyfilegt skal vera að gera samning við stéttarfélag um skiptingu á færri daga.

11. gr.

Við vinnu, sem unnin er að nóttu til og á sunnu- og helgidögum, skal hin almenna vinnuvika eigi vera lengri en 45 stundir.

12. gr.

Nú er unnið samfellt í námu eða jarðgöngum, og má vinnuvika þá ekki lengri vera en 40 stundir. Til vinnutíma telst einnig ferðatími í námu eða jarðgöngum.

III. KAFLI

Sérstök ákvæði um vinnu kvenna.

13. gr.

Konu skal vera heimilt að vera fjarverandi frá vinnu fyrstu 6 vikur, eftir að hún hefur alið barn. Hún getur og krafizt að mega vera fjarverandi allt að sex vikum í viðbót og þannig, að fjarvera sé að öllu leyti eða að hluta fyrir eða eftir fæðingu.

14. gr.

Krefjast má vottorðs frá lækni eða ljósmóður um, hvenær fæðing sé væntanleg. Tilkynna verður atvinnurekanda um fjarveru fyrir fæðingu með eigi skemmri en þriggja daga fyrirvara.

15. gr.

Ef kona sýnir með læknisvottorði, að hún þjáist af sjúkdómi, sem er afleiðing af þungun eða fæðingu, getur hún krafizt að mega vera fjarverandi frá vinnu umfram það, sem áður segir, allt að sex vikum fyrir eða eftir fæðingu.

16. gr.

Konu, sem er fjarverandi frá vinnu samkv. ákvæðum 13.—15. gr., má ekki segja upp starfi, þegar atvinnurekanda er ljóst, að fjarvera hennar er af þessum ástæðum, eða hún tilkynnir honum án tafar, að þessi er ástæðan fyrir fjarveru

hennar. Hafi henni þegar verið sagt upp miðað við dag, er fellur innan ramma þess tímabils, sem getið er um í 13. gr., er uppsögnin gild, en uppsagnarfrestur lengist sem tímabilinu nemur.

Hafi vinnuráðning átt sér stað fyrir ákveðna, tímabundna vinnu, skal ákvæði þessarar greinar ekki beitt, þegar vinnunni er lokið, áður en konan mætir aftur til vinnu.

17. gr.

Kona, sem hefur barn sitt á brjósti, getur krafizt frítíma, sem hún þarf vegna þess, og eigi skemur en hálfa stund tvisvar sinnum á dag.

IV. KAFLI

Sérstök ákvæði um vinnuvernd barna og unglinga.

18. gr.

a. Barn er skv. lögum þessum sérhver sá, sem er ekki fullra 14 ára að aldri.
b. Unglingur er samkvæmt lögum þessum sérhver sá, sem er á aldrinum 14—16 ára.

19. gr.

Börn má ekki ráða til innivinnu í vinnustofum, verkstæðum né verksmiðjum, og eigi heldur til vinnu við útskipun eða uppskipun á vörum.

20. gr.

Alger hámarksvinnutími barna er hálfur ævialdur þeirra, þ. e. 6—7 stundir á dag.

Átta stunda vinnutímabil skulu jafnan annast tveir vinnuhópar barna, þ. e. 4 stundir hvor hópur, og 10 stunda vinnutímabil fullorðinna tveir vinnuhópar barna, þ. e. 5 stundir hvor þeirra.

21. gr.

Unglingar mega ekki annast gæzlu gufukatla eða véla, sem útheimtir sérstaka varúð eða aðgæzlu.

22. gr.

Börn og unglinga má ekki ráða til neinnar þeirrar vinnu, sem að dómi skólayfirlæknis eða héraðslæknis er á nokkurn hátt hættuleg heilsu þeirra eða þroska.

23. gr.

Hámarksvinnutími unglinga skal vera 8 klst. á dag án undantekninga. Öll vinna barna og unglinga, frá því að þau hefja skólagöngu að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori, er óheimil. Til vinnu í þessu sambandi telst blaðburður, sala blaða og tímarita og sendisveinastörf.

24. gr.

Atvinnurekandi skal halda sérstaka skrá um tegund vinnu og vinnutíma þeirra barna og unglinga, sem hann hefur í vinnu, og er skylt að afhenda viðkomandi verkalýðsfélagi, svo og heilbrigðis- og skólayfirvöldum, slíka skrá, ef krafizt er.

V. KAFLI

Um greiðslu vinnulauna o. fl.

25. gr.

Vinnulaun skal ávallt greiða í gjaldgengu reiðufé, nema samið hafi verið um greiðslu með tékka, bankaávísun eða „giró“. Greiðsla vinnulauna skal fara fram á eða við vinnustað í vinnutímanum.

26. gr.

Hafi verið samið um tíma-, dag- eða vikukaup, skal greiðsla fara fram ekki sjaldnar en einu sinni í viku.

Fyrir ákvæðisvinnu má fresta uppgjöri, unz verkefni er lokið, en þó skal í viku hverri greiða hæfilega fyrirframgreiðslu fyrir þá vinnu, sem innt hefur verið af hendi. Annan uppgjörstíma má og ákveða með sérstökum samningi.

Greiðslur til starfsmanna á mánaðar- eða árskaupi skulu fram fara ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði, ef ekki hefur verið um annað samið skriflega.

27. gr.

Engan launafrádrátt má framkvæma án skriflegs samnings, nema heimilað sé í lögum eða um sé að ræða stéttarfélagsgjöld, útsvör eða innborganir í tryggingasjóði eða sjúkrasamlög með staðfestri reglugerð.

Þegar laun eru greidd, eða strax á eftir, getur starfsmaður krafizt skriflegs yfirlits yfir upphæð launa, hvernig þau eru reiknuð, og frádrátt, ef einhver er. Skulu fullnægjandi kvittanir ávallt fylgja um sérhvern launafrádrátt.

VI. KAFLI

Uppsagnarfrestir.

28. gr.

1. Ef um annað er ekki gerður skriflegur samningur, eða um það ákvæði í kjarasamningi, lögum eða reglugerð, gildir eftirfarandi:
   a. Fyrir starfsmenn, sem hafa tíma-, dag-, viku- eða ákvæðiskaup, er uppsagnarfrestur aldrei skemmri en 14 dagar.
   b. Fyrir starfsmenn, sem taka mánaðar- eða árskaup, er uppsagnarfrestur aldrei skemmri en einn mánuður, talinn frá lokum almanaksmánaðar.

   Ákvæði þessi gilda ekki um starfsmenn, sem ráðnir eru til ákveðins reynslutíma eða til þess að framkvæma ákveðna vinnu, sem tímabundin er. Ef við annað verður ekki ráðið af aðstæðum, má rifta slíkri ráðningu, þótt reynslutíma sé ekki lokið, eða áður en hinu ákveðna verki er lokið, með eins dags fyrirvara.
2. Starfsmaður, sem verið hefur samfleytt 4 ár í þjónustu sama fyrirtækis, eða atvinnurekanda, eftir 21 árs aldur, hefur a. m. k. þriggja mánaða uppsagnarfrest, talinn frá lokum almanaksmánaðar.
3. Uppsagnarfrestur er hinn sami fyrir báða aðila. Uppsögn skal ávallt vera skrifleg.

29. gr.

Atvinnurekandi er skaðabótaskyldur, ef starfsmaður, sem unnið hefur samfleytt í 2 ár eftir 21 árs aldur hjá sama atvinnurekanda eða fyrirtæki, verður að víkja úr starfi vegna uppsagnar, nema réttmætar ástæður séu tilgreindar fyrir uppsögninni.

Nú hefur starfsmanni verið ólöglega sagt upp starfi skv. 1. málsgrein þessarar greinar, og má þá dæma atvinnurekanda samkvæmt kröfu starfsmanns, sem látið hefur af starfi, til þess að ráða hann aftur til starfa í fyrirtækinu í sömu stöðu, eða stöðu, sem svarar til þeirrar, er hann hafði. Dómstólar ákveða, að hve miklu leyti starfsmaðurinn skuli einnig fá bætur fyrir þann tíma, sem hann var sviptur starfi hjá fyrirtækinu.

Bætur geta numið allt að hálfum síðustu árslaunum starfsmannsins hjá fyrirtækinu, ef hann hefur starfað þar eigi skemur en 5 ár samfleytt.

Hafi starfsmaður starfað hjá fyrirtækinu eigi skemur en 10 ár samfleytt eftir 21 árs aldur, geta bætur þó numið launum síðasta árs hjá fyrirtækinu. Hafi starfsmaður á sama hátt starfað hjá fyrirtækinu í 20 ár, geta bætur numið launum starfsmannsins hjá fyrirtækinu undanfarin 3 ár.

Mál gegn atvinnurekanda skal höfða innan tveggja mánaða frá móttöku skriflegrar uppsagnar, þar sem tilgreindur er málsóknarfrestur. Ef uppsögn er einungis munnleg, skal málsóknarfrestur vera 3 mánuðir.

30. gr.

1. Starfsmanni, sem starfað hefur full tvö ár samfleytt hjá sama atvinnurekanda eða fyrirtæki, og verður að vera fjarverandi vegna slyss eða sjúkdóms, má ekki segja upp starfi af þeim sökum fyrstu 3 mánuði, eftir að hann varð óvinnufær, nema hann hafi slasazt eða sýkzt af ásetningi eða vítaverðu gáleysi, eða hann hafi vísvitandi þagað yfir sjúkdómi, þegar hann var ráðinn.
2. Hafi starfsmaður starfað eigi skemur en 10 ár samfleytt hjá sama atvinnurekanda, skal uppsögn óheimil, þótt starfsmaður sé óvinnufær allt að einu ári samfleytt.

31. gr.

Nú hefur dregið úr starfsgetu starfsmanns vegna slyss eða sjúkdóms, og ber atvinnurekanda þá að leitast við að finna honum starf hjá fyrirtækinu, er hentar hæfni hans og heilsu, e. t. v. að lokinni nauðsynlegri þjálfun.

VII. KAFLI
Refsiákvæði.

32. gr.

Liggi ekki við strangari refsingar samkvæmt almennum hegningarlögum, skal atvinnurekandi, eða eigandi fyrirtækis, sæta sektum, ef hann:

1. Brýtur ákvæði laganna um tryggingu heilbrigðra og öruggra vinnuskilyrða.
2. Brýtur ákvæði laganna eða fyrirmæli um nætur-, sunnu- eða helgidagavinnu, eða brýtur reglur um lengd vinnutíma eða um hvíldartíma eða sérvernd kvenna, barna og unglinga.
3. Lætur hjá líða að birta fyrirskipaðar tilkynningar eða halda þær skrár, sem fyrirskipaðar eru í lögunum.
4. Brýtur ákvæði um uppsagnarfresti, greiðslu vinnulauna, uppgjör við starfsmenn, eða gerist sekur um brot á öðrum ákvæðum laga þessara.

33. gr.

Foreldrar og aðstandendur, sem láta börn framkvæma vinnu, sem brýtur í bág við lög þessi, skulu sæta sektum.

34. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal almennt farið að hætti opinberra mála.

35. gr.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laganna, eftir því, sem ástæða þykir til.

VIII. KAFLI
Gildistaka.

36. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1965, og eru þá öll eldri lagaákvæði, sem brjóta í bág við ákvæði þessara laga og veita starfsmanni naumari rétt, jafnframt úr gildi fallin.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var frumflutt á seinasta þingi, en varð eigi útrætt. Þá fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Engin almenn vinnuverndarlöggjöf er til hér á landi, en með sívaxandi fjölbreytni atvinnuhátta er orðið bráðnauðsynlegt, að slík löggjöf verði sett. Lögin um öryggisráðstafanir á vinnustöðum frá 1952 grípa að vísu inn á þetta svið, en eru allt of takmörkuð. Þá fjalla lögin um greiðslu verkkaups frá 19. maí 1930 einnig um sama efni og V. kafli þessa frumvarps. En að öðru leyti er frumvarp þetta að mestu frumsmíð í íslenzkri löggjöf, enda er við samningu þess höfð allnáin hliðsjón af almennri vinnuverndarlöggjöf nágrannalandanna. — Skal það fúslega játað, að margt getur orkað tvímælis í slíkri löggjöf, og er flutningsmaður þá að sjálfsögðu til viðræðu um hugsanlegar breytingar á sérhverju því í frumvarpinu, sem betur mætti fara.

Um I. kafla.

Frumvarpið er í átta köflum. Fyrsti kaflinn er um holl og góð vinnuskilyrði á vinnustað. Í honum er ekki að neinu ráði fjallað um öryggisbúnað vinnustaðar, þar sem þeirri hlið málsins eru gerð allgóð skil í gildandi lögum, þ. e. lögunum frá 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Skýlaust ákvæði er í þessum kafla um, að loka megi vinnustað, ef hann fullnægi ekki skilyrðum laga um hollustuhætti og öryggisbúnað,

Um II. kafla.

Annar kafli frumvarpsins fjallar um vinnutíma og hvíldartíma.

Þó að 8 stunda vinnudagur sé fyrir löngu viðurkenndur hér á landi með samningum stéttarfélaga og atvinnurekenda, eru engin ákvæði til í gildandi lögum um 8 stunda vinnudag. 8 stunda vinnudagurinn hefur þannig ekki enn þá verið lögfestur hér á landi. Það mundi hins vegar gert, ef frumvarp þetta yrði að lögum.

Í 2 gr. segir, að almennur vinnudagur skuli vera frá kl. 8 árdegis til kl. 17, og er þá gert ráð fyrir einnar stundar miðdegishvíld.

Í 3. gr. segir, að maður, sem lokið hafi 8 stunda vinnudegi, sé engum skyldum háður um að bæta á sig aukavinnu. Í sömu grein segir, að samfelldur lágmarkshvíldartími fullorðins verkamanns skuli eigi skemmri vera en 9 klst. á sólarhring. Allströng ákvæði eru í þessari grein um aukavinnu, þegar um ákvæðisvinnu er að ræða.

Stéttarfélagi er heimilað í 4. gr. að semja um framkvæmd vinnu að nóttu til og um vaktaskipan, ef nauðsyn krefst, svo og að setja önnur ákvæði um skiptingu vinnutímans í samræmi við eðli starfs og aðstæður.

Vinnuhvíld skal vera frá kl. 18 daginn fyrir sunnu- eða helgidag og til kl. 22 daginn fyrir næsta rúmhelgan dag. Nokkru strangari ákvæði eru þó um vinnuhættur fyrir stórhátíðir. Á aðfangadag jóla, gamlársdag, laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu skal vinnuhvíld hefjast kl. 15.

Ef því verður við komið, skal vikulegur frídagur vera sunnudagur. Þó má frá þessu víkja, vegna bráðnauðsynlegrar vinnu á sunnu- og helgidögum, ef um það takast samningar við viðkomandi stéttarfélag. Starfsmaður, sem unnið hefur sunnu- eða helgidagavinnu, skal jafnan eiga frí næsta sunnu- eða helgidagssólarhring.

Í öðrum kafla frumvarpsins eru ákvæði um styttingu vinnutímans í áföngum á næstu 5 árum án skerðingar heildartekna. Þar segir, að 48 stunda vinnuvikan í almennri vinnu skuli árlega styttast um eina klukkustund, þannig, að við lok 5 ára tímabilsins sé hún eigi lengri en 43 stundir.

Við vinnu, sem unnin er að nóttu til og á sunnu- og helgidögum, skal vinnuvikan eigi vera lengri en 45 stundir, og við námuvinnu eigi lengri en 40 stundir. Reglan um styttingu vinnuvikunnar um eina klukkustund árlega næstu 5 árin gildir að sjálfsögðu einnig í þessum tilvikum.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru konu tryggð þau réttindi að mega vera fjarverandi frá vinnu 6 vikur, eftir að hún hefur alið barn. Þó getur hún krafizt að vera fjarverandi allt að sex vikum í viðbót, og má fjarvistin vera að öllu leyti eða hluta fyrir eða eftir fæðingu.

Nú sannar kona með læknisvottorði, að hún þjáist af sjúkdómi, sem sé afleiðing af þungun eða fæðingu, og getur hún þá krafizt að mega vera frá vinnu allt að sex vikum í viðbót, án þess að vistráðning eða réttur til launagreiðslu rofni.

Kona, sem hefur barn sitt á brjósti, getur samkvæmt þessum kafla frumvarpsins um vinnuvernd kvenna krafizt þess að fá nauðsynlegan frítíma til þess, allt að hálfri stund tvisvar á dag.

Um IV. kafla.

Í 18.—24. gr. frumvarpsins eru ýmis sérákvæði um vinnuvernd barna og unglinga. Barn er samkvæmt frumvarpinu sérhver sá, sem er ekki fullra 14 ára að aldri. Unglingur er hver sá, sem er á aldrinum 14—16 ára.

Við því er lagt bann í 19. gr. frumvarpsins, að börn innan 12 ára aldurs stundi innivinnu í vinnustofum, verkstæðum og verksmiðjum, svo og út- og uppskipunarvinnu. Skal skólayfirlæknir yfirleitt hafa úrskurðarvald í slíkum málum.

Alger hámarksvinnutími barna er hálfur ævialdur þeirra, þ. e. 6—7 stundir á dag. En jafnan skulu tveir vinnuhópar barna annast átta stunda vinnutímabil til móts við fullorðna, þ. e. 4 stundir hvor hópur, og 10 stunda vinnutímabil fullorðinna einnig tveir vinnuhópar barna, þ. e. 5 stundir hvor þeirra.

Bannað er með öllu að fela börnum gæzlu gufukatla eða véla, ef gæzlan útheimtir sérstaka varúð eða aðgæzlu. — Þá er óheimilt með öllu að ráða börn til nokkurrar þeirrar vinnu, sem að dómi skólayfirlæknis eða héraðslæknis getur á nokkurn hátt talizt hættuleg heilsu barna eða þroska.

Alger hámarksvinnutími er 8 klukkustundir.

Bönnuð er öll barnavinna og unglingavinnu frá því að skólaganga hefst að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori.

Samkvæmt þessum kafla frumvarpsins er atvinnurekendum skylt að halda sérstaka skrá um tegund vinnu og vinnutíma þeirra barna og unglinga, sem hjá þeim vinna. Einnig er atvinnurekendum skylt að afhenda viðkomandi stéttarfélagi, svo og heilbrigðis- og skólayfirvöldum, slíka skrá, hvenær sem krafizt er.

Um V. kafla.

Fimmti kafli frumvarpsins fjallar um greiðslu vinnulauna og ýmislegt það, sem tryggja skal rétt launþega í þeim efnum umfram það, sem gert er í gildandi lögum frá 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups.

Þar segir, að vinnulaun skuli ávallt greiða í gjaldgengu reiðufé, nema samið hafi verið um greiðslu með tékka, bankaávísun eða „giró“. Greiðsla vinnulauna skal að sjálfsögðu ávallt fara fram á eða við vinnustað í vinnutímanum, svo sem fyrir löngu er orðin föst venja samkvæmt stéttarfélagasamningum.

Launagreiðsla til tíma-, dag- eða vikukaupsmanna skal fram fara eigi sjaldnar en vikulega.

Launagreiðsla vegna ákvæðisvinnu skal einnig fram fara vikulega, hlutfallslega eftir því, sem verki vindur fram, en annars að verki loknu. Annan uppgjörstíma má þó ákveða vegna ákvæðisvinnu með sérstökum samningi.

Greiðsla til starfsmanna á mánaðarkaupi eða árskaupi skal fram fara eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði, nema um annað hafi verið samið skriflega.

Um það eru strengileg ákvæði í þessum kafla frumvarpsins, að engan launafrádrátt megi framkvæma við launagreiðslur án skriflegs samnings, nema heimilað sé í lögum. Undanþegin eru þó félagsgjöld stéttarfélaga, útsvarsgreiðslur að lögum og innborganir í tryggingasjóði og sjúkrasamlög með staðfestri reglugerð.

Rétt á launþegi á greinilegu skriflegu yfirliti yfir, hvernig laun eru reiknuð, svo og hvers konar launafrádráttur hefur verið inntur af hendi, og skulu fullnægjandi kvittanir fyrir sérhvern launafrádrátt ávallt fylgja uppgjöri.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru mörg nýmæli, sem öll hníga að því að tryggja verkafólki fyllri rétt en nú er í lögum gagnvart uppsögn af hendi atvinnurekanda.

Þeir, sem vinna tíma-, dag-, viku- eða ákvæðisvinnu, eiga aldrei skemmri uppsagnarfrest en 14 daga.

Lágmarksuppsagnarfrestur starfsmanns, sem tekur mánaðar- eða árskaup, er aldrei skemmri en mánuður, talinn frá lokum almanaksmánaðar.

Starfsmaður, sem verið hefur samfleytt 4 ár í þjónustu sama fyrirtækis eða atvinnurekanda eftir 21 árs aldur, hefur a. m. k. þriggja mánaða uppsagnarfrest, talinn frá lokum almanaksmánaðar.

Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur, og skal uppsögn ávallt vera skrifleg.

Sé starfsmanni, sem unnið hefur samfleytt 2 ár eftir 21 árs aldur hjá sama atvinnurekanda, sagt upp starfi, án þess að réttmætar ástæður fyrir uppsögn séu tilgreindar, varðar það skaðabótaskyldu.

Hafi starfsmaður látið af störfum vegna ólöglegrar uppsagnar, getur atvinnurekandi orðið dæmdur til að ráða hann aftur í sömu eða aðra hliðstæða stöðu þeirri, er hann áður hafði. Bætur geta einnig komið til álita fyrir þann tíma, er starfsmaður var sviptur starfi hjá fyrirtækinu. Slíkar bætur geta numið 6 mánaða launum, ef starfsmaðurinn hefur verið 5 ár í þjónustu fyrirtækisins, árslaunum eftir 10 ára þjónustu og þriggja ára launum, ef starfsmaður hefur starfað hjá fyrirtækinu í 20 ár.

Þá er í þessum kafla frumvarpsins ákvæði um það, að ekki megi segja starfsmanni upp vegna slysfara eða sjúkdóms. Starfsmanni, sem unnið hefur samfleytt tvö ár hjá sama atvinnurekanda, má ekki segja upp fyrstu 3 mánuðina, eftir að hann varð óvinnufær. Og hafi starfsmaður starfað 10 ár hjá sama atvinnurekanda, er uppsögn óheimil, þótt starfsmaður sé óvinnufær allt að einu ári.

Hafi dregið úr starfsgetu starfsmanns vegna slysfara eða sjúkdóms, er atvinnurekanda skylt að leitast við að finna honum starf hjá fyrirtækinu, er hentar hæfni hans og heilsu, jafnvel þótt til þess þurfi sérstaka starfsþjálfun.

Um VII. kafla.

Þessi kafli er einungis um refsiákvæði vegna brota á lögunum. Segir þar, að brot varði sektum, nema strangari refsingar liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.

Í 33. gr. frumvarpsins er fram tekið, að foreldrar og aðstandendur, sem láti börn framkvæma vinnu, sem brjóti í bág við vinnuverndarlögin, skuli vera ábyrg fyrir slíkum verknaði og sæta sektum.

Með brot gegn þessum lögum skal farið að hætti opinberra mála.

Um alla nánari framkvæmd laga þessara skal félagsmálaráðherra setja nánari ákvæði í reglugerð, svo sem þurfa þykir.

Um VIII. kafla.

Lokakafli frumvarpsins er einungis um gildistöku.

Gildistakan er miðuð við 1. janúar 1965, og skulu þá öll núgildandi lagaákvæði, sem brjóta í bág við ákvæði þessara laga og veita starfsmanni naumari rétt en í því greinir, úr gildi fallin.

Með því, sem nú hefur verið sagt, hefur verið gerð grein fyrir flestum þeim nýmælum og réttarbótum verkafólki til handa, sem í frumvarpi þessu felast, og verður hér látið staðar numið í trausti þess, að háttvirt Alþingi sýni málinu skilning, fallist á það í meginatriðum og geri það að lögum, ef ekki á þessu þingi, þá eigi síðar en á næsta þingi.“

Nd. 28. Frumvarp til laga [27. mál]

um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson, Halldór E. Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson, Ágúst Þorvaldsson, Sigurvin Einarsson.

I. KAFLI
Um tilgang laganna og störf jafnvægisnefndar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs að loknum alþingiskosningum hverju sinni sjö manna jafnvægisnefnd og jafnmarga til vara. Nefndin velur sér formann og ritara. Nefndinni er heimilt að ráða menn í þjónustu sína, eftir því sem nauðsyn krefur og ríkisstjórnin samþykkir. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Jafnvægisnefnd heldur fundi a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þört krefur.

4. gr.

Jafnvægisnefnd lætur gera áætlanir samkvæmt 7. gr. Hún stjórnar jafnvægissjóði og ráðstafar eignum hans samkvæmt II. kafla þessara laga.

5. gr.

Jafnvægisnefnd safnar efni til skýrslugerðar og lætur árlega gera skýrslur um þau atriði, sem þykja máli skipta í sambandi við verksvið hennar.

6. gr.

Opinberar stofnanir skulu, ef jafnvægisnefnd óskar þess, hver á sínu sviði, láta henni í té aðstoð og upplýsingar, sem henni eru nauðsynlegar til skýrslugerðar samkv. 5. gr. og áætlanagerðar samkv. 7. gr.

7. gr.

Jafnvægisnefnd lætur, þegar þörf þykir til þess, gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðarlögum, enda séu þær við það miðaðar, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Áætlanir þessar skulu að jafnaði gerðar í samráði við sýslunefnd, bæjarstjórn eða hreppsnefnd, eina eða fleiri. Lán og framlög úr jafnvægissjóði, sbr. II. kafla, skulu ákveðin með hliðsjón af slíkum áætlunum, séu þær fyrir hendi.

II. KAFLI
Um jafnvægissjóð.

8. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist jafnvægissjóður, og sé hann undir stjórn jafnvægisnefndar. Hlutverk jafnvægissjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda

og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang laganna samkvæmt 1. gr. Framkvæmdabanki Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins eftir nánari fyrirmælum jafnvægisnefndar, gegn þóknun, sem ráðherra ákveður.

Endurskoðendur Framkvæmdabankans annast endurskoðun reikninga jafnvægissjóðs. Skulu reikningarnir birtir árlega í Stjórnartíðindum ásamt skrá um lántakendur og upphæðir lána svo og um óafturkræf framlög á sama hátt.

9. gr.

Tekjur jafnvægissjóðs eru:

1. 1½% af árlegum tekjum ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1964.
2. Vaxtatekjur.

10. gr.

Úr jafnvægissjóði má veita lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnar (jafnvægisnefndar) eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins samkv. 1. gr., þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, enda séu aðrir lánsmöguleikar fullnýttir. Skal áður leitað álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sé hún ekki sjálf umsækjandi. Veita má sveitarfélögum lán til að koma upp íbúðum. Um tryggingu fyrir láni, vexti og afborganaskilmála fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar (jafnvægisnefndar) hverju sinni.

11. gr.

Óafturkræf framlög má veita, ef sérstaklega stendur á og a. m. k. fimm nefndarmenn samþykkja.

12. gr.

Sé sveitarfélögum veitt lán til íbúða, er jafnvægisnefnd heimilt að afla sjóðnum lánsfjár í því skyni, ef hún telur þess þörf, og endurlána það sjóðnum að skaðlausu, að því er lánskjör varðar.

13. gr.

Nú ákveður hreppsnefnd, bæjarstjórn eða sýslunefnd, ein eða fleiri saman, að koma upp sérstökum jafnvægissjóði til starfa í umdæmi sínu og að leggja fram fé til þess, og getur þá jafnvægisnefnd, ef stofnandi eða stofnendur óska, löggilt slíkan sjóð sem jafnvægissjóð þess svæðis, sem um er að ræða. Hafi sjóður fengið slíka löggildingu, er jafnvægisnefnd heimilt að veita honum lán eða framlag, enda veiti hún þá yfirleitt ekki önnur lán eða framlög til framkvæmda á starfssvæði hans. Stjórn slíks sjóðs ber að fylgjast með áætlunum jafnvægisnefndar um framkvæmdir á hlutaðeigandi landssvæði, enda þarf, ef nefndin hefur veitt honum lán, samþykki hennar til lánveitingar úr honum samkvæmt reglum, er hún setur.

14. gr.

Nú ákveða sveitarstjórnir eða sýslunefndir að skipa framfaranefnd til þess að gera áætlun um framkvæmdir í umdæmum sínum í samræmi við tilgang þessara laga, og er jafnvægisnefnd þá heimilt að veita framfaranefndinni fé úr jafnvægissjóði til starfsemi hennar. Sama gildir um fjórðungsnefnd, sem skipuð er af fjórðungssambandi til að annast áætlunargerð fyrir fjórðunginn.

15. gr.

Heimilt er jafnvægisnefnd, ef sérstaklega stendur á, að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót í samræmi við tilgang þessara laga, enda séu a. m. k. 5 nefndarmenn því samþykkir og að þeirra dómi og hlutaðeigandi sveitarstjórnar ekki unnt að koma fyrirtækinu á fót á annan hátt.

16. gr.

Þegar komið er upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkisvaldsins, skal ríkisstjórnin leita álits jafnvægisnefndar um staðsetningu þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal jafnvægisnefnd kosin í fyrsta sinn á Alþingi því, er setur lögin.

Ákvæði til bráðabirgða.

Jafnvægisnefnd skal þegar eftir gildistöku þessara laga, í samráði við Landnám ríkisins, gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fari í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar að dómi Landnámsins vel viðunandi atvinnurekstrarskilyrði frá náttúrunnar hendi á landi eða sjó. Leita skal, eftir því sem þurfa þykir, álits Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Landssambands iðnaðarmanna um úrræði á hverjum stað. Til framkvæmdar bráðabirgðaáætluninni er nefndinni heimilt að veita óafturkræf framlög úr sjóðnum, allt að þriðjungi tekna hans til ársloka 1967. Framlögin skulu veitt sveitar- eða sýslufélögum með fyrirmælum, sem nefndin setur um notkun þeirra.

Greinargerð.

Það mun almennt talið, að þá sé jafnvægi í byggð landsins, ef íbúum einstakra landshluta fjölgar á tilteknum tíma um sama eða svipaðan hundraðshluta og þjóðinni í heild. Með landshluta er þá yfirleitt átt við landsfjórðung eða stóran hluta úr landsfjórðungi, sbr. mannfjöldaskýrsluna hér á eftir. Einnig mætti segja, að jafnvægi í byggð landsins sé sú dreifing þjóðarfjölgunarinnar, að öll lífvænleg byggð haldist og eflist um land allt, að þjóðin haldi áfram að byggja alla björgulega staði í landi sínu.

Árið 1940, við aðalmanntal, var mannfjöldinn á öllu landinu 121474. Hinn 1. des. 1963 var hann 186912. Fjölgun 65438, eða 53.9%.

Í einstökum landshlutum var mannfjöldinn þessi 1940 og 1963:

	1940:	1963:		
Kjalarnesþing (vestan Fjalls) ...	47460	105509	Fjölgun	ca. 122%
Vesturland sunnan Gilsfjarðar ..	9936	12561	—	— 26.5%
Vestfirðir	12953	10586	Fækkun	— 22%
Norðurland	27406	31042	Fjölgun	— 13.2%
Austurland	10123	10753	—	— 6.2%
Suðurland (austan Fjalls)	13596	16461	—	— 21%
	121474	186912		

Þessar tölur bera vitni um hina gífurlegu röskun, sem enn hefur orðið síðustu áratugi á jafnvæginu í byggð landsins. Á Vestfjörðum var bein fólksfækkun um ca. 22%. Í fjórum landshlutum var fjölgunin aðeins 6.2%, 13.2%, 21% og 26.5%, á sama tíma sem þjóðinni fjölgaði um rúml. 53.9%, þ. e. hlutfallsleg fólksfækkun. Jafnvel í höfuðstað Norðurlands, Akureyri, var um hlutfallslega fólksfækkun að ræða á síðasta áratug. En í Kjalarnesþingi (vestan Fjalls) hækkaði fólkstalan um ca. 122% á tímabilinu 1941—62. Í sex samliggjandi sveitarfélögum við innanverðan Faxaflóa hækkaði íbúatalan úr ca. 43400 upp í ca. 95400. Á því litla landsvæði á nú rúmlega helmingur þjóðarinnar heima.

Þessi þróun er mjög varhugaverð, svo að ekki sé meira sagt, fyrir land og þjóð, ekki aðeins þá landshluta, sem eiga við beina eða hlutfallslega fólksfækkun að stríða, heldur einnig fyrir höfuðborgina og nágrenni hennar, sem á erfitt með að

valda sumum þeim verkefnum, sem á hana hlaðast vegna of mikils vaxtarhraða, og getur af þeim sökum orðið örðugra en ella að byggja þar upp nægilega traust atvinnulíf í framtíðinni. Það ætti því að vera sameiginlegt áhugamál allra landsmanna að stuðla að því, að fólksfjölgunin dreifist meir um landið en hún hefur gert hingað til á þessari öld. En til þess að svo megi verða, þarf fyrst og fremst að útvega fjármagn til að efla atvinnulíf hinna einstöku landshluta og stuðla að því, að skortur á íbúðarhúsnæði hamli því ekki, að fólk setjist að í þessum landshlutum, t. d. faglærðir menn eða sérfróðir á einhverju sviði, sem víða vantar tilfinnanlega um þessar mundir.

Alllangt er nú síðan byrjað var að komast svo að orði á Alþingi og víðar á opinberum vettvangi, að nauðsyn bæri til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og hefja á vegum ríkisvaldsins sérstaka og sjálfstæða starfsemi í því skyni. Það var um það leyti kunnugt orðið, að Norðmenn höfðu gert framkvæmdaáætlun mikla fyrir Norður-Noreg, sem þá var orðinn hlutfallslega mun mannfærri en aðrir landshlutar þar og hafði dregizt aftur úr á ýmsum sviðum. Framkvæmd þessarar Norður-Noregs-áætlunar er nú lokið, en ráðstafanir af sama tagi hafa verið gerðar á breiðara grundvelli. Mikilvægi þessa máls virðist vera ráðamönnum Noregs vel ljóst, og sýna þeir það í verki.

Sú var á síðasta áratug framkvæmd þessara mála hér á landi, að tekin var upp sú regla að veita á fjárlögum sérstakt fjárframlag úr ríkissjóði til „atvinnu- og framleiðsluaukningar", sem aðallega var notað til lánveitinga í sambandi við uppbyggingu atvinnulífs í sjávarplássum á Norður-, Austur- og Vesturlandi. Í sveitunum var að sjálfsögðu haldið áfram að framkvæma hina eldri löggjöf um nýbýli og aðstoð við ræktunarsambönd, svo og aðrar ráðstafanir, sem Landnám ríkisins hefur umsjón með og að því áttu að miða að koma í veg fyrir eyðingu býla, en af sjálfu atvinnuaukningarfénu hefur lítið runnið til sveitabyggðanna. Atvinnuaukningarfjárveitingin varð hæst árið 1957, þá 15 millj. kr., en var í fjárlögum fyrir árið 1962 aðeins 10 millj. kr. Stjórnskipaðar nefndir störfuðu um skeið að rannsóknum á aðstöðu einstakra landshluta og byggðarlaga, einkum á sviði atvinnumála, og gerðu skýrslur og áætlanir um þau efni. Jafnvægismálið hefur legið fyrir Alþingi í ýmsum myndum, um það verið rætt þar og stundum gerðar um það ályktanir. Af hálfu Framsóknarflokksins voru á Alþingi 1959—1960 og 1960—1961 flutt frv. um framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en fengu ekki afgreiðslu. Á þingi 1961—62 voru sett lög um atvinnubótasjóð. Með þeim lögum var í rauninni ákveðið, að atvinnuaukningarfé skyldi vera 10 millj. kr. á ári í 10 ár, sem er mjög lág upphæð, miðað við það, sem áður var, og núverandi verðlag, og það lagt í sjóðinn ásamt útistandandi lánum af atvinnuaukningarfé frá öndverðu, en þau lán hafa a. m. k. til skamms tíma verið innheimt vægilega. Yfir sjóðinn var sett sérstök stjórn, er Alþingi kýs í upphafi kjörtímabils, en síðustu árin þar áður hafði þingið kosið nefnd ár hvert til þess að úthluta atvinnuaukningarfénu. Framkvæmdin mun vera á þá leið, að sjóðsstjórnin kemur saman nokkra daga ár hvert, lítur yfir þann mikla fjölda umsókna, sem borizt hefur — án þess að eftir þeim sé auglýst —, og úthlutar 10 milljónunum — aðallega í einni lotu. Um skipulagða jafnvægisstarfsemi, byggða á fyrirframgerðri áætlun, er varla að ræða. Tilgangur sjóðsins er ekki glöggt markaður í lögunum. Sum ákvæði þeirra benda til þess, að hér sé aðallega um að ræða ráðstafanir gegn atvinnuleysi — eins konar útibú frá atvinnuleysistryggingasjóðnum —, en reyndin virðist vera sú í bili, að meiri hluti úthlutunarfjárins sé lánaður til fiskiskipa um land allt, út á síðari veðrétt, án sérstaks tillits til jafnvægissjónarmiðs. Er það út af fyrir sig gagnleg starfsemi, enda ekki við henni hróflað í þessu frumvarpi. En í lögunum um atvinnubótasjóð og framkvæmd þeirra felst engin ný skapandi lausn þessara mála, enda varla vakað fyrir stjórnarvöldum, að svo yrði, heldur aðeins lögfest aðferð til að úthluta atvinnuaukningarfénu og upphæð þess ákveðin 10 ár fram í tímann, á þann hátt, sem þarna er gert.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er byggt á þeirri skoðun, að ekki megi lengur dragast að koma á fót sjálfstæðri og skipulagðri starfsemi til frambúðar í því skyni að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og að sú starfsemi verði að hafa við það fjárframlag að styðjast, að verulegs árangurs megi vænta. Hér er um svo stórt og umfangsmikið verkefni að ræða, að engin von er til þess, að venjuleg úthlutunarnefnd, sem kemur saman á 1—2 skyndifundi árlega og skortir aðstöðu til að afla sér þekkingar á högum byggðarlaganna víðs vegar um land, geti innt það af hendi, svo að viðhlítandi sé, með þeim takmörkuðu fjármunum, sem lögin um atvinnubótasjóð gera ráð fyrir. Hér þarf að koma til föst stofnun með starfsmanni eða starfsmönnum, sem geta helgað sig viðfangsefninu, og sjóðsstjórn, sem innir af hendi annars konar starf en nú er gert ráð fyrir. Nauðsynlegrar þekkingar verður að afla á hverjum tíma með því að ferðast um landið, ræða við sveitarstjórnir og aðra þá, er forustu hafa í atvinnulífinu á hverjum stað, gera skýrslur og semja áætlanir, sem úthlutun fjármagns byggist á. Ella er hætt við, að hún verði fálmkennd og atvikum háð og komi ekki að fullu gagni.

Gert er ráð fyrir, að jafnvægissjóður fái til umráða 1½% af tekjum ríkissjóðs ár hvert, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1964. Miðað við áætlun fjárlaga fyrir 1964 yrðu tekjur jafnvægissjóðs í fyrsta sinn rúml. 40 millj. kr., og samkv. fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir þinginu, um 48 millj. kr., en breytast síðan í hlutfalli við tekjur ríkissjóðs, sem á að tryggja það, að starfsgeta sjóðsins haldist, þótt verðlag breytist. Einhverjum kann að þykja þetta há upphæð við fyrstu sýn, en að vel athuguðu máli verður það varla talið frekt í sakirnar farið, þó að lagt sé til, að ríkið verji árlega þessum lága hundraðshluta af tekjum sínum til að skipuleggja á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, sókn gegn þeirri öfugþróun, sem tölurnar hér að framan bera vitni um, og tryggja framtíð þeirra byggða, sem alið hafa upp mikinn hluta þess fólks, sem starfað hefur að uppbyggingu landsins til þessa eða nú er á starfsaldri. Rétt er líka að hafa það í huga, að ýmis framlög ríkisins til verklegra framkvæmda víðs vegar um land hafa farið hlutfallslega lækkandi í seinni tíð, miðað við umsetningu fjárlaga.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í tveim köflum. Fjallar fyrri kaflinn, sem að miklu leyti er sniðinn eftir frv., er efri deild Alþingis samþykkti árið 1956, um tilgang laganna og störf jafnvægisnefndar, sem gert er ráð fyrir, að kjörin verði af Alþingi og haldi fund a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þurfa þykir. Nefndinni er heimilað að tryggja sér starfskrafta, eftir því sem nauðsyn krefur, enda komi til samþykki ríkisstjórnar. Yrði það sennilega gert í félagi við Framkvæmdabankann. Á það skal minnt, að sú ríkisstofnun þykir víst ekki stór í sniðum nú á tímum, sem engan fastan starfsmann fær að hafa í þjónustu sinni. Jafnvægisstofnunin á samkvæmt frumvarpinu að hafa með höndum rannsóknarstörf, áætlanagerð og ráðstöfun fjármagns til uppbyggingar á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Í því skyni eru henni fengin umráð yfir jafnvægissjóði, en um hann er II. kafli frumvarpsins. Gert er ráð fyrir, að fjárframlög úr jafnvægissjóði verði aðallega veitt sem lán, þegar aðrir lánsmöguleikar hlutaðeigandi aðila eru fullnýttir, og að stjórn sjóðsins ákveði sjálf lánskjörin hverju sinni. Geta þau þá farið að verulegu leyti eftir greiðslugetu. Samkvæmt frumvarpinu má veita slík lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi jafnvægisnefndar eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum. Er þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að sveitir landsins geti einnig notið þar góðs af, að því leyti sem stuðningur sá, sem veittur er samkvæmt landbúnaðarlöggjöfinni, leysir ekki þau viðfangsefni, sem um er að ræða. Meðal annars er gert ráð fyrir, að jafnvægisnefnd geti aðstoðað sveitarfélög við að koma upp íbúðum, þar sem íbúðaskortur kemur í veg fyrir æskilega fólksfjölgun og það mál verður ekki leyst á annan hátt, — er áður að því efni vikið, — og að sjóðurinn megi afla sér lánsfjár í því skyni, sér að skaðlausu. Sjóðsstjórninni er heimilt að gerast meðeigandi í atvinnufyrirtæki, ef sérstaklega stendur á og fullnægt er tilteknum skilyrðum.

Rétt þykir að gera ráð fyrir þeim möguleika, að einstakar sveitarstjórnir eða sýslunefndir, ein eða fleiri saman, kunni að hafa hug á og telja sér fært að leggja sjálfar fram fé til þeirrar uppbyggingar á sínu svæði, sem frumvarp þetta tekur til, og hafa þá sjálfar meiri forustu en yfirleitt er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Þykir þá sanngjarnt og eðlilegt, að þær geti, ef þannig er að farið, fengið til þess aðstoð jafnvægisnefndar á þann hátt, sem nánar er tiltekið, enda verði þá yfirleitt ekki um aðrar beinar lánveitingar úr jafnvægissjóði að ræða á því svæði, sem hér er um að ræða.

Þá þykir og rétt að gera ráð fyrir, að svæða- eða fjórðungsnefndir, sem skipaðar eru af sveitarstjórnum, sýslunefndum eða fjórðungsþingum til þess að gera áætlanir um framkvæmdir í samræmi við tilgang þessara laga í landsfjórðungi eða á nánar tilteknu svæði, geti fengið styrk úr jafnvægissjóði til starfsemi sinnar.

Algengt er, að komið sé upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkissjóðs, t. d. með ríkisábyrgð eða ríkisláni. Æskilegt er, að jafnvægissjónarmið komi til greina við staðsetningu slíkra fyrirtækja og að fjárhagsleg aðstoð ríkisins sé hverju sinni því skilyrði bundin, að jafnvægisnefnd hafi látið í ljós álit sitt um möguleika á því að koma staðsetningunni í samræmi við tilgang þessa frv., ef að lögum verður.

Lagt er til, að Framkvæmdabanki Íslands annist daglega afgreiðslu og reikningshald fyrir jafnvægissjóð.

Að svo stöddu er að dómi flm. ekki tímabært að setja með lögum nákvæmar reglur um þá starfsemi til stuðnings jafnvægi í byggð landsins, sem hér ræðir um. Í frv. eru ákvæði um tilgang hennar og meginatriði, en að öðru leyti verður hún að mótast smám saman af rannsóknum og reynslu og áætlunum þeim, sem gerðar verða á vegum jafnvægisnefndar. Hér er um að ræða ráðstafanir, sem verða munu allri þjóðinni til hagsbóta. — Einnig sá landshluti, sem fjölmennastur er eða verður, mun — eins og fyrr var að vikið — njóta hér góðs af í ríkum mæli, ef takast mætti að stöðva eða minnka fólksstrauminn þangað, því að hið mikla aðstreymi fólks, sem þar hefur átt sér stað áratugum saman, hefur skapað þessum landshluta ýmiss konar erfiðleika og ekki verið honum hentugt, enda á sumum sviðum haft í för með sér mikil fjárútlát fyrir borgarana. — Í öðrum landshlutum mundi jafnvægissjóður með beinum fjárframlögum og þá einkum útlánum styðja þá uppbyggingarstarfsemi, sem að undangenginni athugun telst til þess fallin á hverjum tíma að draga úr fólksstraumnum þaðan eða stöðva hann og koma í veg fyrir yfirvofandi eyðileggingu verðmæta. Hér er ekki um það að ræða, að hvergi megi leggja niður byggt ból eða flytja á hagkvæmari stað. Uppbygginguna ber að miða við það að hagnýta sem bezt gæði náttúrunnar til lands og sjávar, þar sem þau eru til staðar. Björgulega staði ætti ekki að yfirgefa, heldur stefna að því þar að gera mönnum kleift að koma atvinnurekstri sínum og aðstöðu í samræmi við það, sem hæfilegt má teljast og óhjákvæmilegt á hverjum tíma. En jafnframt ber að hafa það í huga, að ráðið til þess að hindra beina eða hlutfallslega fólksfækkun í einhverjum landshluta getur verið meðal annars í því fólgið að koma þar upp þéttbýlishverfum eða efla kaupstaði og kauptún, sem fyrir eru, og ber þá jafnvægisstofnuninni að sjálfsögðu að greiða fyrir uppbyggingu og vexti slíkra staða, jafnhliða annarri uppbyggingu þar um slóðir. Aukning fólksfjölda á slíkum þéttbýlisstöðum, þótt hún í bili dragi til sín eitthvað af fólki úr umhverfi sínu, getur verið brýnt hagsmunamál hlutaðeigandi landshluta, ef hún ræður úrslitum um það, að hann sem heild haldi sínum hlut. Í bæjum og þorpum skapast líka markaður og ýmsir aðrir slíkir möguleikar fyrir nálægar sveitir. Af þessu leiðir, að jafnvægismálið verður ekki leyst, svo að vel sé, nema á það sé litið frá heildarsjónarmiði hinna stóru landshluta, en þá jafnframt haft í huga, að björgulegar byggðir, þótt nú séu af einhverjum ástæðum fámennar og eigi í vök að verjast, dragist ekki aftur úr í sókn þjóðarinnar til bættra atvinnuhátta og betri lífskjara. Jafnvægisstarfsemin á ekki að vera fólgin í „atvinnuleysisráðstöfunum“ eða

örvun þjóðhagslega óhagkvæmrar framleiðslu með stuðningi við hana, heldur í því að gera börnum landsins kleift — með aðstoð fjármagns og tækni — að grundvalla búsetu sína, lífsafkomu og menningu á náttúrugæðum til lands og sjávar, hvar á landinu sem þau eru, — að koma með skynsamlegum ráðum í veg fyrir, að landsbyggðin eyðist eða dragist svo aftur úr, að framtíðarvonir hennar verði að engu gerðar. Koma þarf í veg fyrir þann misskilning, sem stundum ber á, að hin fámennari byggðarlög og atvinnurekstur þeirra sé yfirleitt byrði á þjóðarbúskapnum. Athuganir hafa leitt í ljós, að í sumum fámennum sjávarplássum t. d. skilar hver íbúi að meðaltali svo mikilli gjaldeyrisvöruframleiðslu í þjóðarbúið, að athygli vekur við samanburð. Víða í sveitum er framleiðslan líka án efa mjög mikil, ef reiknað er á þennan hátt. En þar sem fjármagn skortir og tækni er af skornum skammti, verður þetta á annan veg. Þess ber einnig að geta, að engin stétt í þjóðfélaginu mun leggja hlutfallslega eins mikið fram af eigin tekjum og með vinnu sinni til uppbyggingar í landinu og bændastéttin. Óhætt mun að gera ráð fyrir, að hagnýt þjóðarframleiðsla minnki ekki, heldur vaxi við aukið jafnvægi í byggð landsins.

Í ákvæði til bráðabirgða er svo fyrir mælt, að jafnvægisnefnd skuli þegar eftir gildistöku frv., ef að lögum verður, gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fara í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar frá náttúrunnar hendi vel viðunandi skilyrði til atvinnurekstrar á landi eða sjó. Til þess er ætlazt, að bráðabirgðaáætlunin sé gerð í samráði við Landnám ríkisins, sem hefur þegar í höndum mikilsverðar upplýsingar á þessu sviði og þar með aðstöðu til að gera sér grein fyrir atvinnuskilyrðum frá náttúrunnar hendi í einstökum byggðarlögum. Lagt er til, að jafnvægisnefnd hafi heimild til að veita hlutaðeigandi sveitarfélögum óafturkræf framlög og verja til þess allt að þriðjungi af tekjum sjóðsins til ársloka 1967. Kæmi þá til álita að framlengja heimildina. Í ljós kemur, að sum byggðarlög eru nú þannig á vegi stödd, að hafa verður hraðan á, ef þær sérstöku ráðstafanir, sem þjóðfélagið kann að vilja gera þeim til aðstoðar, eiga ekki að verða um seinan. Í þessu sambandi skal minnzt á fundarsamþykktir um þetta efni, er birtar hafa verið opinberlega, t. d. frá aðalfundi Stéttarsambands bænda, kjördæmaþingum framsóknarmanna og fjórðungsþingi Vestfirðinga. Á fundi á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði var og um þetta efni rætt í fyrrasumar, að viðstöddum ýmsum forustumönnum búnaðarmála og 4. sept. s. l. á almennum héraðsmálafundi í Skúlagarði í Norður-Þingeyjarsýslu. Samdráttur byggðar í Flatey á Skjálfanda hefur verið í sérstakri athugun á vegum stjórnarvalda. Fleiri dæmi mætti nefna, er sýna aðkallandi nauðsyn þessa máls.

Þótt hér virðist einkum um að ræða byggarlög, sem styðjast við landbúnað eingöngu eða mestmegnis, er það þó ekki alltaf svo, og gera verður ráð fyrir, að allir aðalatvinnuvegir landsins komi til greina, er leita skal úrræða til eflingar þessum byggðarlögum. Því þykir rétt, að leitað sé álits landssambanda aðalatvinnuveganna, eftir því sem þurfa þykir, áður en úrræði eru ákveðin.

Ed. 29. Frumvarp til laga [28. mál]

um breyting á lögum nr. 41 frá 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Flm.: Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Nú fær héraðsdómari áreiðanlega vitneskju um, að ágreiningur, er hann telur máli skipta, sé um landamerki eða ítak, eða merkjaskrá er eigi afhent til þing-

lýsingar samkvæmt fyrirmælum laga þessara, og kveður dómari þá aðila þeirrar sakar á dómþing, er haldið skal í þinghá, þar sem bæði löndin eða annað hvort þeirra liggur. Á því þingi skulu aðilar lýsa kröfum sínum, og skulu þær bókaðar. Síðan skal dómari leita sátta með aðilum. Nú kemst sátt á, og skal þá bóka hana, enda skulu landamerki þar tilgreind, og skal sáttinni síðan þinglýst lögum þessum samkvæmt.

Ef lönd liggja hvort í sínu lögsagnarumdæmi, ákveður dómsmálaráðherra, í hvort þeirra skuli farið með málið.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Ef sáttatilraun samkvæmt 8. gr. verður árangurslaus, þá skal héraðsdómari þegar nefna í dóm 4 lögráða, óvilhalla og valinkunna menn. Ryðja aðilar sínum hvor úr dómi, en hinir 2, er eftir verða, skipa merkjadóm með héraðsdómara, er stýrir dóminum. Nú ryður aðili eigi dóm að sínum hluta, og skal þá héraðsdómari gera það í hans stað.

Nú kemur krafa um það, að dómandi víki úr dómsæti, eftir að dómruðning hefur farið fram, og skal þá dómstjóri úrskurða þá kröfu.

Nú missir meðdómanda við síðar, og skal héraðsdómari þá nefna 3 menn í hans stað í dóm, enda fer um ruðning sem áður greinir.

Ef meðdómanda verða forföll, þá skal hann skýra dómstjóra frá því, svo fljótt sem unnt er.

Hverjum manni, sem er yngri en 60 ára og sjálfum sér ráðandi, heill og hraustur, er skylt að taka sæti í merkjadómi.

Um viðurlög og bætur fyrir afbrot merkjadómenda fer eftir sömu reglum sem um afbrot embættis- og sýslumanna.

Kaup og ferðakostnaður dómenda í merkjadómi greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt núgilandi lagaákvæðum, sbr. 1. mgr. 8. gr. og 7. og 8. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1919, greiða málsaðilar kaup og ferðakostnað merkjadómsmanna. Það er ósanngjörn regla, og í algeru ósamræmi við almennar reglur um dómgæzlu nú á dögum, en samkvæmt þeim eru laun dómenda greidd af almannafé. Ferðakostnaður er að vísu almennt í einkamálum talinn til málskostnaðar, en landamerkjamál hafa þá sérstöðu, að ferðalög dómenda eru þar nauðsynleg og lögboðin, og virðist því sanngjarnt, að ferðakostnaður sé greiddur úr ríkissjóði. Í frumvarpi þessu er lagt til, að núgildandi skipan í landamerkjadómsmálum sé breytt og að ferðakostnaður og kaup merkjadómsmanna verði hér eftir greitt úr ríkissjóði. Ákvæði um kostnaðargreiðslu eru því felld niður úr 1. mgr. 8. gr. landamerkalaganna, og í stað 7. og 8. mgr. 9. gr. laganna kemur 7. efnismálsgreinin í 2. gr. frv., er mælir svo fyrir, að kaup og ferðakostnaður dómenda í merkjadómi greiðist úr ríkissjóði. Auk þess eru í frumvarpinu gerðar nokkrar smávægilegar breytingar, aðallega orðalagsbreytingar, á 8. og 9. gr. landamerkjalaganna. Verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Frumvarp um þetta efni var flutt á síðasta Alþingi, en náði þá eigi afgreiðslu. Er það því endurflutt nú og er nær óbreytt frá því í fyrra.

Nd. 30. Frumvarp til laga [29. mál]

um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Pétur Sigurðsson, Lúðvík Jósefsson.

I. KAFLI
Markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið stýrimannaskólans er að veita þá fræðslu, er þarf til þess að standast fiskimannapróf.

2. gr.

Skólinn starfar í einni tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf.

II. KAFLI
Kennsla.

3. gr.

Í skólanum skal kenna: stærðfræði, siglingafræði, íslenzku, dönsku, ensku, sjórétt, heilsufræði, vélfræði, bókhald, veðurfræði, sjómennsku og íþróttir.

III. KAFLI
Próf.

4. gr.

Í skólanum skal vera fiskimannapróf.

5. gr.

Til fiskimannaprófs útheimtist:

I. Stærðfræði (skrifleg):

1. Í reikningi: Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, almenn brot, tugabrot, hlutföll talna, veldi og rót og notkun logaritma.

2. Í flatarmálsfræði: Beinar línur, horn, hringurinn, marghyrningur, sporbaugur, reglur um hliðar og horn í þríhyrningum og samhliðungum, rétthyrndur þríhyrningur, einslaga og samfalla þríhyrningar, flatarmál hrings og marghyrninga, uppdráttur og útreikningur flatarmáls einföldustu flata.

3. Í þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar og á útreikningi flatar rétthyrndra þríhyrninga samkv. henni.

4. Í rúmfræði: Útreikningur rúmtaks ferstrendings og sívalnings.

II. Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

1. Þekking á jarðhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd; kompáslínur og kompásstrik.

2. Þekking á kompásnum og notkun hans, á misvísun og halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún verður fundin með jarðlægum athugunum; þekking á hallasegulskekkju; kunna að finna misvísun eða segulskekkju með viks-(amplitude-)athugun sólar og með azimut-athugun sólar.

3. Þekking á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun: að búa til vaxandi kort.

4. Þekking á skriðmæli, vegmæli og djúpmælitækjum; þekking á leiðarreikningi, straumi og drift; að setja stefnu skipsins og finna stað skipsins á kortinu.

5. Þekking á dagbókarhaldi; kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.

6. Þekking á sextanti og notkun hans.

7. Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, þekking á sólinni og hreyfing hennar.
8. Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans.
9. Kunna að finna ristíma og hvarftíma sólarinnar.
10. Þekking á hæðarleiðréttingum himinhnatta og að kunna að finna breiddina með athugun sólarinnar í hádegisbaug.
11. Kunna að finna staðarlínu fyrir skipið með hæðaraðferðinni.
12. Þekking í meðferð og notkun nýrra siglinga- og fiskileitartækja.

III. Sjómennska (munnleg, skrifleg og verkleg):

1. Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum og bjargtækjum og notkun þeirra.
2. Þekking á notkun alþjóða-merkjabókar og að geta lesið og gefið ljós- og hljóðmerki eftir Morse-stafrófi.
3. Þekking á hirðingu og meðferð á skipum, siglum, reiða, seglum, köðlum og vírum og samsetningu þeirra og öðru, sem þar að lýtur, enn fremur meðferð og hirðingu veiðarfæra. Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í almennri sjómennsku.
4. Þekking í meðferð sjávarafurða, fiskverkun og fiskmati.
5. Þekking á almennri vinnustjórnun og vinnuhagræðingu.

IV. Íslenzka (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það nokkurn veginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku lúta. Nemendur skulu kunna nokkurn veginn lögskipaða réttritun og geta samið stutta ritgerð um einfalt efni, þannig að orðfæri sé sæmilegt og lesmerki rétt sett.

V. Danska (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, sérstaklega um líf og störf sjómanna, og geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er varðar sjómennsku.

VI Enska (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, einkum um sjómennsku, og geta talað ensku nokkuð, einkum um það, er gerist á sjó.

VII. Sjóréttur (skriflegur):

Að þekkja helztu lagaákvæði, er varða rétt og skyldur skipstjóra.

VIII. Heilsufræði (munnleg):

Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áherzla á þessi atriði:

1. hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu sjúkdóma;
2. samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim;
3. næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða;
4. almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum, hirðingu þeirra og umgengni, matvæli og fæði skipverja.

IX. Vélfræði (munnleg):

Einföldustu atriði mótorfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti.

X. Bókhald:

Að kunna það bókhald, er staðan útheimtir.

XI. Veðurfræði:

Nemendum er skylt að hlýða á fyrirlestra um veðurfræði.

6. gr.

Við burtfararpróf skulu auk kennarans, sem prófar, vera tveir prófdómendur í hverri grein, og skipar stjórnarráðið til þess sérfræðinga eftir föngum.

Munnleg próf má halda í heyranda hljóði.

7. gr.

Þeir, sem staðizt hafa burtfararpróf við stýrimannaskólann, skulu fá prófskírteini, er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir. Prófskírteini skulu gefin út á íslenzku og að minnsta kosti einu öðru Norðurlandamáli.

IV. KAFLI
Inntaka nemenda.

8. gr.

Almenn inntökuskilyrði eru:

1. Að fullnægja kröfum reglugerðar um siglingatíma.
2. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða heimtar.
3. Að kunna sund.
4. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum skaðvænn.

V. KAFLI
Kennslutími.

9. gr.

Skólinn starfar frá byrjun októbermánaðar og til þess tíma, er ákveðinn verður í reglugerð.

VI. KAFLI
Kennarar skólans.

10. gr.

Við skólann skal, auk skólastjóra, vera einn fastur kennari og stundakennarar eftir þörfum.

Skólastjóri og fastir kennarar eru opinberir starfsmenn og taka laun samkvæmt kjarasamningum við bæjarstjórn Vestmannaeyja.

11. gr.

Til þess að geta orðið skólastjóri stýrimannaskólans verður hlutaðeigandi að hafa lokið farmannaprófi við stýrimannaskólann í Reykjavík eða viðtækara farmannaprófi við erlendan skóla, hvort tveggja með góðum vitnisburði.

Til þess að verða fastur kennari í siglingafræði verður hlutaðeigandi að hafa lokið góðu farmannaprófi.

Til þess að verða tungumálakennari skólans verður hlutaðeigandi að hafa lokið embættisprófi í einhverju af þeim málum, sem kennd eru við skólann. Þó má veita undanþágu frá þessu ákvæði þeim, sem reyndur er að nægri kunnáttu og kennarahæfileikum.

Enginn getur orðið fastráðinn til starfa við skólann, nema hann hafi verið settur til að gegna því í eitt ár að minnsta kosti.

Stundakennara ræður bæjarstjórn samkvæmt tillögum skólastjóra.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.

Yfirstjórn skólans er í höndum fimm manna skólanefndar. Kýs bæjarstjórn Vestmannaeyja fjóra, en ráðherra skipar einn, og skal hann vera formaður skólanefndar.

13. gr.

Kostnaður við stofnun skólans og rekstur greiðist úr bæjarsjóði Vestmannaeyja.

14. gr.

Með reglugerð verður nánar kveðið á um tilhögun kennslunnar, próf og einkunnir, inntöku nemenda í skólann, kennslutíma og leyfa, reglu og aga, kennara skólans og skólalækni. Reglugerð setur ráðherra samkvæmt tillögum skólanefndar.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt og er því endurflutt nú, óbreytt í höfuðatriðum.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv., er það var flutt á s. l. vetri:

„Á fundi sínum hinn 30. marz s. l. samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja að beita sér fyrir því, að stofnaður yrði stýrimannaskóli í Vestmannaeyjum, þar sem kenndar yrðu sömu námsgreinar og kenndar eru undir fiskimannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík. Inntökuskilyrði yrðu hin sömu og þar og prófverkefni við brottskráningu í engu léttari, þannig að öruggt væri, að þeir, sem útskrifuðust frá fyrirhuguðum stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum, hefðu óvefengjanlega hlotið jafna menntun og þeir, sem útskrifast frá stýrimannaskólanum í Reykjavík. En til þess að prófskírteini frá fyrirhuguðum skóla í Vestmannaeyjum veiti fullgild réttindi, þarf um hann hliðstæð lög og nú gilda um stýrimannaskólann í Reykjavík varðandi fiskimannapróf. Af þeirri ástæðu er frumvarp þetta fram borið.

Að baki samþykktar bæjarstjórnar Vestmannaeyja liggja eðlilegar orsakir. Sú þróun hefur átt sér stað hér á landi hin síðari ár, að flestöll fiskiskip, sem smíðuð eru fyrir Íslendinga, hvort heldur er hér heima eða erlendis, eru yfir þá stærð, 120 tonn, sem hið svokallaða minna fiskimannapróf veitir rétt til skipstjórnar á. Verður að reikna með, að þessi þróun í byggingu íslenzkra fiskiskipa haldi áfram. Útheimtir þetta að sjálfsögðu fleiri sérmenntaða menn með fullgild réttindi til skipstjórnar og sem stýrimenn á skipum yfir 120 tonn. Er því eðlilegt að gera ráð fyrir aukinni aðsókn að þeim skóla eða skólum, sem slík réttindi geta veitt lögum samkvæmt.

Í Vestmannaeyjum hefur þessi þróun einnig átt sér stað. Hugur æ fleiri ungra sjómanna þar stefnir í þá átt að afla sér aukinnar menntunar í sinni grein og réttinda til skipstjórnar. Allir hafa þessir menn stundað sjómennsku um nokkurt árabil og margir komnir á þann aldur og í þá aðstöðu, að þeir hafa stofnað heimili og eignazt fjölskyldu. Gerir þetta mönnum erfiðara fyrir fjárhagslega að afla sér aukinnar menntunar. Menn veigra sér við að taka sig upp frá heimili sínu og fjölskyldu til tveggja vetra náms í Reykjavík, á sama tíma og þeir missa möguleika til tekjuöflunar. Allt mundi þetta miklu léttara, ef þeir hefðu aðstöðu til að dveljast á eigin heimili, á meðan á náminu stendur, en þyrftu ekki að dveljast utan þess jafnhliða því, sem þeir verða að sjá heimilinu farborða.

Annað er það og, sem kemur til greina. Margir reyndir aflamenn, sem hafa aðeins réttindi til að vera með skip að 120 tonnum að stærð, eiga nú kost skipstjórnar á stærri skipum, en geta ekki tekið slíkum boðum, nema undanþága til skipstjórnar fáist. Er ekki óeðlilegt að ætla, að margir þessara manna muni hafa hug á að afla sér frekari menntunar og fullra réttinda í sambandi við starf sitt. Mun einnig þetta auka aðsókn að þeim skólum, sem slíka menntun og réttindi veita. Er ekki ástæða til að ætla annað en að stýrimannaskólinn í Reykjavík verði fullsetinn þegar á þessu ári, miðað við það húsrúm, sem hann nú hefur til umráða, og miðað við, að ekki þurfi að tvísetja í kennslustofur. Með því að óum-

deilanlegt er, að Vestmannaeyjar eru stærsta verstöð landsins utan Reykjavíkur, telja flm. eðlilegt, að næsti stýrimannaskóli, sem stofnað verður til, verði þar staðsettur, og telja flm. slíkt þegar tímabært. Er þetta því eðlilegra þar sem fyrir liggur, að Vestmanneyingar eru reiðubúnir að bera allan kostnað af stofnun slíks skóla þar, svo sem kaupum á tækjum og búnaði og einnig af rekstri hans, þar til Alþingi síðar meir kann að telja skólann þess verðan að verða í einhverju formi tekinn inn í fræðslukerfi landsins. Gerir frv. ekki ráð fyrir neinum fjárútlátum úr ríkissjóði í þessu sambandi, heldur því einu, að prófskírteini frá skólanum veiti lögum samkvæmt full réttindi til skipstjórnar á fiskiskipum, jafnt og skírteini þau, sem nú eru gefin út af stýrimannaskólanum í Reykjavík að afloknu fiskimannaprófi.

Fullyrða má, að vandað verður til stofnunar skólans og að engu minni kröfur verða gerðar til menntunar og hæfni forstöðumanns hans og kennara en gert er við stýrimannaskólann í höfuðborg landsins."

Til viðbótar þeirri greinargerð, sem frv. fylgdi, er það var flutt á síðasta vetri, skal eftirfarandi tekið fram:

Húsnæði er þegar fengið og verður að teljast vel úr garði gert að dómi þeirra, sem þar um geta talizt dómbærir. Tæki hafa þegar verið keypt handa skólanum. Er þar um að ræða öll siglingatæki, sem nú eru yfirleitt notuð í íslenzkum fiskiskipum, svo sem radartæki, sjálfvirk ljósmiðunarstöð, dýptarmælir, Lóran-staðarákvörðunartæki, sjálfstýritæki með áttavita (Autopilot), auk annarra smærri siglinga- og kennslutækja. Enn fremur Simrad-fiskileitartæki.

Í trausti þess, að háttvirt Alþingi samþykki framangreint frumvarp til laga um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum, hefur skólinn þegar tekið til starfa. Var hann settur hinn 3. okt. s. l. með 21 nemanda.

Skólastjóri hefur verið ráðinn Ármann Eyjólfsson sjóliðsforingi. Lauk hann prófi með góðri einkunn frá Söværnets Officerskole í Danmörku árið 1960. Lærði hann þar aukalega sjómælingar og sjókortagerð.

Til frekari áréttingar á nauðsyn framangreindrar lagasetningar skal þess getið, að árið 1963 voru veittar 40 undanþágur til handa skipstjórnarmönnum í Vestmannaeyjum og verða sennilega eins margar, ef ekki fleiri, nú í ár.

Um I. kafla.

Frumvarpið er í sjö köflum og er í grundvallaratriðum, að fjárhagshliðinni undantekinni, sniðið eftir gildandi lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík. I. kafli frumvarpsins er um markmið skólans og skipulag.

Um II. kafla.

II. kafli frumvarpsins er í stórum dráttum skilgreining á þeim námsgreinum, sem kenna á í skólanum.

Um III. kafla.

Meginefni III. kafla frv. er í 5. gr., sem er í 11 aðalliðum, þar sem nákvæmlega eru tilgreindar þær kennslugreinar, sem kenndar skulu í skólanum, og er þar fylgt ákvæðum laga um stýrimannaskólann í Reykjavík í stóru og smáu, að því er varðar kennslu undir fiskimannapróf. Auk þess er í II. lið 5. gr. tölulið 12 tekið upp ákvæði um þekkingu í meðferð og notkun nýrra siglinga- og fiskileitartækja og enn fremur í III. lið 5. gr. 4. tölulið ákvæði um þekkingu í meðferð sjávarafurða, fiskverkun og fiskmati, og í 5. tölulið ákvæði um þekkingu í almennri vinnustjórnun og vinnuhagræðingu. Er hér um nýmæli að ræða umfram það, sem nú er í lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík. Þá fjallar þessi kafli einnig um burtfararpróf, prófdómendur og útgáfu prófskírteina.

Um IV. kafla.

IV. kafli fjallar um inntökuskilyrði, og eru þau hin sömu og krafizt er við inntöku í stýrimannaskólann í Reykjavík.

Um V. og VI. kafla.

V. kafli er um starfstíma skólans, þar sem gert er ráð fyrir að hann starfi frá byrjun októbermánaðar og til þess tíma, er ákveðinn verður í reglugerð. VI. kafli frv. er um skólastjóra, tölu fastra kennara og skilyrði, sem krafizt er um menntun þeirra, ráðningu þeirra, svo og ráðningu stundakennara.

Um VII. kafla.

VII. kafli er um yfirstjórn skólans og um greiðslu kostnaðar við stofnun hans og rekstur. Er þar gert ráð fyrir, að bæjarstjórn Vestmannaeyja kjósi fjóra menn í yfirstjórn hans, en einn verði stjórnskipaður, og skal hann vera stjórnarformaður. Verður þetta að teljast eðlilegt, þar sem 13. gr. frv. gerir ráð fyrir, að bæjarsjóður Vestmannaeyja beri allan kostnað af stofnun skólans og rekstri hans.

Nd. 31. Frumvarp til laga [30. mál]

um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

I. KAFLI
Rannsóknaráð ríkisins.

1. gr.

Rannsóknaráð ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Í Rannsóknaráði skulu eiga sæti 17 menn.

Á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi 5 alþingismenn og jafn marga alþingismenn til vara í Rannsóknaráð. Aðra fulltrúa í Rannsóknaráði skipar menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn, svo sem hér segir:

Einn samkvæmt tilnefningu stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Einn samkvæmt tilnefningu stjórnar Fiskifélags Íslands.

Einn samkvæmt tilnefningu Iðnaðarmálastofnunar Íslands.

Einn samkvæmt tilnefningu Efnahagsstofnunarinnar. Skal hann hafa lokið háskólaprófi í hagfræði.

Einn samkvæmt tilnefningu Raforkuráðs og raforkumálastjóra sameiginlega.

Þrjá samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, og skulu þeir hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Þrjá fyrir hagnýtar rannsóknir samkvæmt sameiginlegri tilnefningu stjórna eftirtalinna rannsóknastofnana:

Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunarinnar.

Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann Rannsóknaráðs.

3. gr.

Rannsóknaráð ríkisins er ráðgjafarstofnun, sem vinnur að eflingu hagnýtra rannsókna í landinu, en einnig að eflingu undirstöðurannsókna, að því leyti sem þau verkefni eru eigi í höndum Háskóla Íslands, og þá jafnan í fullu samráði við hann.

4. gr.

Rannsóknaráð kýs úr sínum hópi 5 manna framkvæmdanefnd, sem í umboði Rannsóknaráðs gerir tillögur um þau málefni, sem því eru falin í lögum þessum. Í framkvæmdanefndinni skulu ekki sitja starfsmenn eða meðlimir stjórna eða fastanefnda við rannsóknastofnanir, sem eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sambandi við tillögur nefndarinnar um fjárframlög til rannsókna. Nefndin kýs sér formann. Ráðherra ákveður laun hennar.

5. gr.

Rannsóknaráð skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um rannsóknamál. Það skal gera hlutaðeigandi ráðuneyti aðvart um rannsóknaverkefni, er það telur að sinna ætti. Rannsóknaráð skal hafa samstarf við rannsóknastofnanir. Skylt er þeim stofnunum og einstaklingum, sem fá framlag úr ríkissjóði til rannsókna, að láta Rannsóknaráði ríkisins í té upplýsingar og hafa samstarf við það, þegar þess er óskað og við verður komið.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs, að fengnum tillögum ráðsins. Sérfræðinga við Rannsóknaráð skipar menntamálaráðherra að fengnum tillögum framkvæmdanefndar. Framkvæmdanefnd ræður annað starfslið. Framkvæmdastjóri annast daglegar framkvæmdir Rannsóknaráðs, fjárreiður þess og reikningsskil. Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

7. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir, að Ríkisútvarpið fái þau leikrit, sem ástæða virðist til, flutt í Ríkisútvarpinu og greiði þá venjulegt gjald fyrir. Hefur þetta raunar verið gert, t. d. flutti Leikfélag Akureyrar ekki alls fyrir löngu leikrit í útvarpið, en rétt þykir samt að hafa þetta ákvæði í frumvarpinu. Mat leikritanna verður í höndum dagskrárstjórnar útvarpsins eins og ákvörðun um annað efni til flutnings.

Um 8. gr.

Sumir skólanemendur hafa um langt skeið sýnt leikrit, einkum þó nemendur Menntaskólans í Reykjavík, og varið til þess miklum tíma og **fjármunum. Vill** nefndin að heimilt sé að veita fjárhagslegan stuðning við slíka **starfsemi, og er** menntamálaráðuneytinu ætlað að meta það hverju sinni, hvort ástæða væri til styrkveitingar og hve hár styrkurinn skuli vera. Er einkum haft í huga að greiða hluta af kostnaði við starf leikstjóra eða leiðbeinanda. Einungis er hér átt við opinberar leiksýningar skólanemenda.

Um 9. gr.

Ætlazt er til, að á móti styrkjum í A-flokki greiði hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóður a. m. k. jafnhátt framlag, en á móti styrkjum í B-flokki greiðist a. m. k. 50% frá bæjar- eða sveitarsjóði. Nefndinni þótti ekki rétt að krefjast jafnmikils framlags á móti ríkisstyrknum til félaga í B-flokki, þar sem gera má ráð fyrir, að félögin, sem þar eiga hlut að máli, séu í hinum fámennari og fátækari sveitarfélögum, en vitanlega er ekkert, sem hindrar þau í meiri framlögum til leiklistar en frumvarpið setur sem lágmark.

Í fjárlögum 1963 og 1964 eru ekki sett skilyrði um framlag frá bæjar- eða sveitarsjóðum á móti ríkisstyrkjum til leiklistar, en í fjárlögum 1962 og áður voru skilyrði um a. m. k. jafnhá framlög annars staðar að.

Um 10. og 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 33. Tillaga til þingsályktunar [32. mál]

um héraðsskóla að Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa byggingu héraðsskóla að Reykhólum í Austur-Barðastrandarsýslu.

Greinargerð.

Tillaga samhljóða þessari var frumflutt á seinasta þingi, og fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

Allir héraðsskólar eru nú yfirfullir, og verða ungmenni oft að bíða eitt til tvö ár eftir því að geta fengið námsvist í héraðsskóla. Þetta er afleiðing þess, að enginn nýr héraðsskóli hefur verið byggður síðastliðin 15 ár. Skógaskóli mun vera sé yngsti þeirra, en hann tók til starfa árið 1949. Hér stappar nærri, að í óefni sé komið, því að vissulega verður það að teljast meðal dýrmætustu mannréttinda æskufólks að geta aflað sér nauðsynlegrar almennrar menntunar. Og tvímælalaust er það ekki rétt stefna að láta löngum og löngum undir höfuð leggjast að byggja skóla til almennrar fræðslu, en þurfa síðan að rjúka í að byggja marga samtímis. Í þessu efni sem öðrum er affarasælast að svara kröfum eðlilegrar þróunar með jöfnum skrið.

Sem stendur munu vera starfandi 7 héraðsskólar á öllu landinu, og getur hver þeirra aðeins tekið á móti 35—40 nýjum nemendum á ári. Það eru því í mesta lagi 250—300 nemendur, sem nám geta hafið árlega í öllum héraðsskólunum. Þetta er sorglega lág tala og ber áhuga og skilningi stjórnarvalda um almenna alþýðumenntun ekki allt of fagurt vitni.

Það getur þannig ekki orðið ágreiningsefni, að þess er full þörf, að nýr héraðsskóli — eða jafnvel fleiri en einn — verði reistur hið fyrsta.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja eðlilegt, að Reykhólar í Austur-Barðastrandarsýslu verði fyrir valinu sem skólasetur. Þar hefur verið haldið uppi unglingaskóla nokkur undanfarin ár af miklum áhuga og fórnfýsi heimamanna, en sú kennsla hefur nú fallið niður vegna erfiðrar aðstöðu og brottflutnings forgöngumannsins, Sigurðar Elíassonar tilraunastjóra.

Nokkur byggð er þegar komin á Reykhólum, og bendir allt til þess, að þar rísi á næstu árum kauptún, er byggi á landbúnaði og iðnaði.

Þar var á sínum tíma vel ráðið, er héraðsskólunum var yfirleitt valinn staður, þar sem gnægð var jarðhita, og hann nýttur fyrir þessar stofnanir, bæði til upphitunar húskosts, til sundlauga og á ýmsan annan hátt. Hefur þetta þegar sparað þjóðfélaginu ógrynni fjár. Með tilliti til þessara náttúruauðæfa var héraðsskólunum að Laugarvatni, Laugum, Reykholti, Reykjanesi og Reykjum í Hrútafirði valinn staður.

Svo sem kunnugt er, búa Reykhólar yfir miklum auðæfum jarðhita, sem hingað til hafa ekki verið hagnýtt sem skyldi. Meðal annars með tilliti til þessa eru Reykhólar valinn skólastaður. Þá mundi skóli vera þarna vel settur. Enginn héraðsskóli er á öllu Vesturlandi allt frá Reykholti í Borgarfirði. Þá mundi skóli á Reykhólum vera merkur liður í uppbyggingu staðarins, en ýmis fyrirheit hafa að undanförnu verið gefin af opinberri hálfu um eflingu byggðar að Reykhólum, hinu forna og landkostaríka stórbýli og höfðingssetri.

Margt fleiri, sem óþarft er hér að telja, mælir með því, að almennur æskulýðsskóli verði reistur á Reykhólum, og er það von flutningsmanna, að málinu verði svo vel tekið á háttvirtu Alþingi, að það fái afgreiðslu á þessu þingi, svo að skólabygging geti hafizt strax, er nauðsynlegum undirbúningsframkvæmdum væri lokið.

Nd. 34. Frumvarp til laga [33. mál]

um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða nýtt strandferðaskip fyrir reikning ríkissjóðs. Skipið skal vera 600—700 rúmlestir brúttó, byggt aðallega til fólks-

flutninga, en þó að nokkru til vöruflutninga, og skal hluti af farmrými þess búinn kælitækjum.

2. gr.

Skip það, sem um ræðir í 1. gr., skal ríkissjóður reka á leiðinni Vestfjarðahafnir—Reykjavík. Heimahöfn skipsins skal vera Ísafjörður.

3. gr.

Rekstur skipsins er ríkisstjórninni heimilt að fela Skipaútgerð ríkisins eða hverjum þeim aðila öðrum, sem treysta má til þess að annast góða flutningaþjónustu á siglingaleið skipsins með sem hagkvæmustum hætti.

4. gr.

Til framkvæmda skv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 25 milljón króna lán.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vestfirðingar búa enn við erfiðari samgöngur á landi en íbúar annarra landshluta. Á seinustu árum hefur mikil afturför og samdráttur orðið í flugsamgöngum við Vestfirði, og sjósamgöngurnar eru svo stopular og óhagstæðar, að með þær ríkir mikil og almenn óánægja.

Rætt hefur verið um það við Skipaútgerð ríkisins, að annaðhvort Hekla eða Esja yrði látin annast farþega- og vöruflutninga milli Reykjavíkur og Vestfjarðahafna í stað þeirra hringferða um landið, sem þessi skip annast nú að vetrinum. En á sumrin er Esjan, sem kunnugt er, ein í þessum hringferðum um landið.

En þessi málaleitun hefur fengið daufar undirtektir. Og rétt er það, að hvort skipið sem er, Hekla eða Esja, hentar ekki að öllu leyti vel í slíkar ferðir, hafa t. d. óþarflega stórt farþegarými og eru þar af leiðandi of dýr í rekstri.

Það verður því vart um annað að ræða, ef málið á að fá viðunandi lausn, en að byggt verði nýtt strandferðaskip til að annast farþega- og vöruflutninga milli Vestfjarðahafna og Reykjavíkur. Og í þessu frumvarpi er lagt til, að svo verði gert.

Talið er við hæfi, að slíkt skip væri 600—700 brúttólestir að stærð og hefði farþegarými fyrir 50—60 manns.

Eðlilegast er, að rekstur skipsins yrði falinn Skipaútgerð ríkisins, en þó er þeim möguleika haldið opnum í frumvarpinu, að rekstur þess megi fela hverjum þeim aðila, sem treysta megi til að annast góða flutningaþjónustu á siglingaleið skipsins á hagkvæmastan hátt.

Fyrir nokkrum árum var horfið að því ráði að smíða nýtt skip — Vestmannaeyjaskip — til að annast fólks- og vöruflutninga milli Eyja og Reykjavíkur. Misjafnlega var fyrir þessu fyrirtæki spáð. En nú hefur reynslan skorið úr. Vestmannaeyingar hafa fengið öruggar, reglulegar og hagkvæmar sjósamgöngur við Reykjavík, og rekstur skipsins ber sig betur en nokkurs annars skips Skipaútgerðar ríkisins. Heimahöfn Vestmannaeyjaskipsins er Vestmannaeyjar. Á sama hátt er lagt til, að Ísafjörður verði heimahöfn hins fyrirhugaða Vestfjarðaskips.

Þó að ekki sé nákvæmlega vitað, hvað slíkt skip kunni að kosta, er hér lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að taka allt að 25 milljón króna lán vegna byggingar Vestfjarðaskipsins.

Þess skal að lokum getið, að á fundi, sem Fjórðungssamband Vestfjarða hélt haustið 1960 að Bjarkarlundi, var einróma skorað á þingmenn Vestfirðinga að hefja þegar baráttu fyrir byggingu sérstaks Vestfjarðaskips, ef ekki fengist breyting á strandferðum til Vestfjarðahafna í hagkvæmara horf. Fjórðungssambandið hefur á hverju þingi sínu síðan ítrekað þessar áskoranir Vestfjarðaþingmanna.

Á næsta þingi á undan fluttu þeir Bjarni Guðbjörnsson og Sigurvin Einarsson tillögu til þingsályktunar um að skora á ríkisstjórnina að athuga um möguleika á smíði nýs strandferðaskips, sem annist farþega- og vöruflutninga milli Vestfjarða og Reykjavíkur. Tillagan fékk ekki afgreiðslu.

Málið er nú flutt í fjórða sinn í frumvarpsformi að ósk Fjórðungssambands Vestfjarða og fleiri aðila í héraði, og er þess að vænta, að Alþingi líti á brýna þörf þessa landshluta til bættra sjósamgangna og taki tillit til eindreginna óska Vestfirðinga um sérstakt Vestfjarðaskip, því að á þann hátt telja kunnugir, að málið verði bezt leyst.

Sþ. 35. Tillaga til þingsályktunar [34. mál]

um landfundi Íslendinga í Vesturheimi.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Sigurvin Einarsson, Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samvinnu við ríkisstjórnir Kanada og Bandaríkjanna um rannsóknir varðandi landfundi Íslendinga í Vesturheimi á 10. og 11. öld.

Greinargerð:

Tillaga þessi hefur verið flutt á þremur undanförnum þingum, enn ekki náð fram að ganga.

Landfundir Íslendinga í Vesturheimi eru tvímælalaust sögulegasta afrek íslenzkra siglingamanna. Það er ekki aðeins skylda Íslendinga að sjá um, að þetta afrek verði viðurkennt og metið sem skyldi, heldur og að það verði ekki ranglega eignað öðrum.

Það er mikilsverður atburður í þessum málum, að þing Bandaríkjanna hefur nýlega gert 9. október ár hvert að sérstökum fánadegi til minningar um, að Leifur Eiríksson hafi fyrstur Evrópumanna fundið Ameríku. Með því hefur það verið staðfest enn rækilegar en áður, að frásagnir íslenzkra fornrita um landfundi Íslendinga í Vesturheimi hafi við full rök að styðjast.

Margt er hins vegar enn eftir órannsakað í þessu sambandi. Enn eru stór landssvæði vestanhafs lítt eða ekkert rannsökuð, þar sem líklegt er, að finna megi frekari minjar um siglingar og landnám Íslendinga en þær, sem Helge Ingstad hefur fundið á Nýfundnalandi. Íslendingar eiga að hafa frumkvæði um þessar rannsóknir, en eðlilegt er að leita eftir samvinnu við þær ríkisstjórnir, sem hér eiga hlut að máli. Án efa yrði slíkri málaleitun vel tekið. Hér strandir því ekki á öðrum en Íslendingum, að hafizt sé handa.

Sþ. 36. Fyrirspurnir. [35. mál]

I. Til samgöngumálaráðherra um akbrautir milli Reykjavíkur ag Hafnarfjarðar.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

A. Hvað líður undirbúningi að lagningu nýrra akbrauta frá Reykjavík um Kópavog og Garðahrepp til Hafnarfjarðar?

B. Er að vænta frekari bráðabirgðaráðstafana af hálfu vegamálastjórnarinnar til þess að bæta úr því umferðaröngþveiti, sem nú ríkir á leiðinni milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar?

II. Til samgöngumálaráðherra um bifreiðaferju á Hvalfjörð.

Frá Benedikt Gröndal.

Hvað líður gerð áætlana um bifreiðaferju á Hvalfjörð, sem Alþingi fól ríkisstjórninni að láta gera, sbr. þingsályktun frá 19. apríl 1963?

III. Til heilbrigðismálaráðherra um hjúkrunarmál.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu heilbrigðisstjórnarinnar vegna skorts á hjúkrunarfólki í sjúkrahúsum?
2. Hvenær er gert ráð fyrir, að Hjúkrunarskóli Íslands geti tekið að fullu til starfa í nýjum húsakynnum?
3. Hafa verið gerðar ráðstafanir til að tryggja Hjúkrunarskólanum næga kennslukrafta í náinni framtíð?

Nd. 37. Frumvarp til laga [36. mál]

um hækkun ríkisframlags til hafnargerða.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Jón Skaftason, Halldór E. Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson, Óskar Jónsson, Sigurvin Einarsson, Björn Pálsson.

1. gr.

Framlag ríkissjóðs til hafnargarða (öldubrjóta), bátakvía, einnar afgreiðslubryggju með allt að 150 metra legukanti í hverri höfn, dýpkunar á siglingaleið í hafnarmynni og að bryggju hafnarsjóðs og enn fremur til fyrstu framkvæmda á hverjum stað, á meðan ekki er varið til þeirra meira fé en 3 millj. kr., skal vera 65% af kostnaði. Þessi ákvæði gilda um hafnir og lendingarbætur, sem ríkissjóður leggur fram fé til samkv. lögum nr. 29 23. apríl 1946.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á 35% af kostnaði við þær framkvæmdir, sem nefndar eru í 1. málsl. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, eru taldir upp 113 hafnarstaðir, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram fé til hafnarframkvæmda. Fram til ársloka 1960 hafði ríkissjóður lagt fram fé til framkvæmda nál. 90 af þessum 113 stöðum (sums staðar þó mjög lágar upphæðir), og hefur víst engin teljandi breyting orðið á þeirri tölu síðan. Þessum 113 stöðum, sem taldir eru upp í lögunum, er skipt í tvo flokka. Á 35 stöðum eru kallaðar hafnir, en á 78 stöðum lendingarbætur. Ríkisframlagið er í lögunum ákveðið 40% af framkvæmdakostnaði, nema um sé að ræða „lendingarbót“, sem hefur ekki kostað meira en 1.6 millj. kr., þá er ríkisframlagið 50%. En þegar kostnaður við lendingarbót er kominn yfir 1.6 millj. kr., lækkar ríkisframlagið niður í 40% af þeim kostnaði, sem er fram yfir 1.6 millj. kr. Ríkisstjórninni er heimilað að ábyrgjast lán allt

að þeirri upphæð, sem hafnar- og lendingarbótasjóði ber að greiða, þ. e. 50 eða 60% af stofnkostnaðinum. Þegar hér á eftir verður rætt um hafnarsjóði í þessari greinargerð, er einnig átt við lendingarbótasjóðina, enda er þar raunverulega yfirleitt enginn munur á. Og þegar rætt verður um hafnir hér á eftir, er einnig átt við lendingarbætur.

Lengst af hafa flestir hafnarsjóðir orðið að taka lán til að greiða sinn hluta framkvæmdakostnaðar að mestu eða öllu leyti, enda er hér nú yfirleitt um svo háar upphæðir að ræða, að engin von er til, að hægt sé að greiða nema þá mjög lítinn hluta þeirra af tekjum sveitarfélaga, þegar framkvæmdir eiga sér stað. Slík lán eru tekin með ríkisábyrgð. Við þetta bætist svo, að ríkissjóður hefur ekki haft tök á að standa skil á sínum hluta að fullu jafnóðum, og hafa þá safnazt skuldir til bráðabirgða, sem engin ríkisábyrgð er fyrir, en bráðabirgðalán tekin út á væntanlegt lögboðið ríkisframlag.

Sá möguleiki er auðvitað fyrir hendi, án tillits til hafnalaga, að koma afgreiðslu fjárlaga í það horf, að ekki standi á greiðslu ríkisframlagsins, og hafa öðru hverju verið gerðar ráðstafanir, sem miða í þá átt. En auðsætt er nú, að þetta nægir ekki. Öllum þorra hafnarsjóðanna, eða sveitarfélaganna, sem að þeim standa, er það ofviða að standa straum af lánum, sem nema 60% af framkvæmdakostnaði, eða jafnvel þótt ekki sé nema 50%. Höfnunum er yfirleitt hvergi nærri lokið og hafa því ekki enn þá tekjuöflunarmöguleika, sem þær kunna að hafa síðar, þegar áhrifa af hafnargerðinni er farið að gæta á þróun atvinnulífs og íbúafjölda. Gangur málsins er þá sá, að hafnarsjóðirnir hafa komizt í vanskil vegna lána, sem fyrirsjáanlega voru þeim um megn, og ríkissjóður, eða sú deild hans, sem nú er kölluð ríkisábyrgðasjóður, hefur orðið að greiða vexti og afborganir. Nýlega var gerð gangskör að því að semja við hafnarsjóðina um vanskilaskuldir við ríkissjóð, sem þannig hafa myndazt. Var sumt af skuldunum gefið eftir, en hafnarsjóðir eða sveitarfélög látin greiða eftirstöðvarnar með skuldabréfum, sem þau auðvitað geta ekkert fremur staðið straum af en öðrum lánum. Vanskilaskuldir eru því nú þegar byrjaðar að safnast á nýjan leik, eins og við mátti búast, enda þótt nokkuð hafi að sögn verið gert að því að taka jöfnunarsjóðsfé sveitarfélaganna upp í greiðslu af hafnarlánum. Sú aðferð er raunar ekki alls kostar æskileg, þar sem þetta fé er ætlað sveitarfélögunum til almennra þarfa.

Til eru svonefndar landshafnir, sem ríkið sjálft byggir og greiðir allan stofnkostnað við. Til sumra annarra mannvirkja á einstökum stöðum hefur ríkið tekið lán og greiðir af þeim vexti og afborganir án tillits til hafnalaga, enda varla um annað að ræða til að gera þær framkvæmdir mögulegar.

Þegar á allt þetta er litið, verður að dómi flm. ekki lengur hjá því komizt að viðurkenna, að ákvæði hafnalaga um ríkisframlag til hafnargerða eru úrelt orðin. Þau verða að hækka til mikilla muna. Þá fyrst kann að verða von til þess, að hafnarsjóðir geti staðið straum af lánum sínum. Þetta er nauðsynja- og sanngirnismál, eins og nú er ástatt, og þolir ekki bið.

Árið 1958 fól Alþingi ríkisstjórninni að láta endurskoða hafnalögin og lög um hafnarbótasjóð, gera 10 ára áætlun um hafnargerðir. Þessu verki var lokið haustið 1961 og frumvarp til nýrra hafnalaga afhent ríkisstjórninni. Þar er það enn í athugun, og hefur ekki verið tilkynnt neitt um það, að slíkt frv. verði lagt fyrir Alþingi það, er nú situr.

Að því hlýtur þó að koma, að Alþingi setji ný hafnalög. En þó að beðið sé eftir nýjum hafnalögum, er hægt að setja ákvæði til bráðabirgða til lagfæringar á fjármálum hafnanna. Þá leið vilja flm. þessa frv. fara. Í frv. er lagt til, að ríkisframlag til ýmissa helztu hafnarmannvirkja, þeirra sem að jafnaði eru mest aðkallandi og dýrust, verði hækkuð upp í 65% af framkvæmdakostnaði. Hér er um að ræða aðalskjólgarða hafnanna og bátakvíar í höfninni, aðalafgreiðslubryggjur (legukanta) fyrir kaupskip og fiskiskip, svo og nauðsynlegstu dýpkanir. Að slíkum mannvirkjum er nú unnið mjög víða, og sums staðar er framkvæmd þeirra í

þann veginn að hefjast eða skammt á veg kominn. Ef frv. verður að lögum, tekur ríkissjóður að sér 25% af framkvæmdakostnaðinum fyrir utan það, sem hann greiðir nú samkv. gildandi lögum. Hlutaðeigandi hafnarsjóður þyrfti þá yfirleitt að standa straum af 35% kostnaðar í stað 60% nú.

Þörf er á að breyta gildandi lögum um hafnarbótasjóð og koma á fót sjálfstæðri lánastarfsemi fyrir hafnarsjóði. Það fyrirkomulag, sem nú er í þessum efnum, er ekki viðunandi til frambúðar. Um það mál eru þó ekki gerðar tillögur að þessu sinni. Og margt er það annað í gildandi löggjöf um hafnamál, sem æskilegt er að breyta og sennilega verður breytt, þegar ný hafnalög verða sett.

Sþ. 38. Tillaga til þingsályktunar [37. mál]

um endurskoðun laga um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ólafur Jóhannesson, Jón Skaftason, Helgi Bergs, Sigurvin Einarsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna milliþinganefnd til að endurskoða lög nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, og gera tillögur um breytingar á þeim, eftir því sem henni þykir ástæða til. Í starfi sínu skal nefndin hafa samráð við Fiskifélag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Landssamband íslenzkra útvegsmanna og Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda. Enn fremur skal hún sérstaklega gera sér far um að kynna sér skoðanir útvegsmanna og sjómanna í einstökum landshlutum varðandi málið og reynslu þeirra af starfsemi hlutatryggingasjóðs og aflatryggingasjóðs.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Lög um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins voru sett árið 1949. Í stað þeirra voru sett lög um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins árið 1962. Þau höfðu í för með sér nokkrar breytingar á hinum eldri lagaákvæðum (um hlutatryggingasjóð), en aðalástæðan til hinnar nýju lagasetningar mun hafa verið sú, að veita þurfti togaraflotanum aðstoð og að þá þótti henta að veita hana að verulegu leyti sem aflatryggingu. Um heildarendurskoðun laganna var hins vegar varla að ræða í það sinn á þann hátt, sem æskilegt hefði verið.

Tekjur aflatryggingasjóðs eru nú samkvæmt lögunum 1¼% af fob-verði útfluttra sjávarafurða (nema hval- og selaafurða) og framlag úr ríkissjóði, sem nemur helmingi útflutningsgjaldsins. Sjóðurinn skiptist í síldveiðideild, almenna deild bátaflotans, almenna deild togaraflotans og jöfnunardeild, sem hefur það hlutverk að „veita hinum deildunum lán eða styrki, er svo stendur á“, eins og það er orðað í 3. gr. laganna.

Samkvæmt lögunum ber að skipta landinu í bótasvæði, veiðiskipum í flokka eftir stærð, veiðiútbúnaði o. fl. og árinu í bótatímabil. Reikna skal út meðalveiðimagn í hverjum flokki skipa á hverju bótasvæði á hverju veiðitímabili. Ef almennur aflabrestur verður, skal skip, sem aflar 84% eða minna af meðalveiðimagni, fá bætur, sem nema 1—40% af því, sem á vantar, að það hafi meðalafla. En það telst almennur aflabrestur samkv. þessum lögum, ef meðalafli báts er minni en 75% en meðalafli togara minni en 85% af hinu ákveðna meðalveiðimagni. Stjórn sjóðsins skipa 5 menn: fiskimálastjóri og 4 fulltrúar stéttasamtaka, og eru nú allir nema einn búsettir í Reykjavík og Hafnarfirði. Til að ákveða skiptingu í bótasvæði, skipaflokka og veiðitímabil þarf samþykki ráðherra og stéttarsamtakanna.

Löggjöfin um þetta efni hefur oftar en einu sinni verið til umræðu á fiskiþingi og þar komið fram ýmsar tillögur til breytinga. Útgerðarmenn og sjómenn víðs vegar um land eiga talsvert erfitt með að fylgjast með starfsemi sjóðsins og starfsreglum. Stundum þykir afgreiðsla bóta ganga nokkuð seint, þótt fé sé fyrir hendi, og kann það að stafa að einhverju leyti af því, að útgerðarmenn geri sér ekki ljóst, að ætlazt sé til, að þeir sendi sjóðsstjórn eða umboðsmanni hennar aflaskýrslur, hvort sem sótt er um bætur eða ekki, og haldi, að skýrslur til annarra opinberra aðila nægi. Er það raunar vorkunnarmál, því að skyldur til skýrslugjafar eru svo margar orðnar hér á landi, að leikmenn í skýrslugerð eiga fullt í fangi með að uppfylla þær allar. Nokkuð hefur borið á kvörtunum út af starfsemi sjóðsins, a. m. k. í sumum landshlutum. Þarf að athuga, hvort þær séu á rökum byggðar, og ef svo reynist, hvort göllum á lögunum sé þar um að kenna.

Það fyrirkomulag orkar tvímælis að láta bátaútgerð og togaraútgerð hafa sameiginlega aflatryggingu á þann hátt, sem lögin frá 1962 gera ráð fyrir.

Með tilliti til þess, sem sagt hefur verið hér að framan, þykir tímabært, að nú fari fram gaumgæfileg athugun á 14 ára reynslu aflatrygginga hér á landi og að sem flestum, er hlut eiga að máli, verði gefinn kostur á að láta uppi álit sitt og færa rök fyrir nýmælum, sem uppi hafa verið og uppi kunna að verða, þegar endurskoðun er hafin. Það er stórmál fyrir þjóðfélagið að draga úr áhættu fiskveiðanna, eftir því sem unnt er og á skynsamlegan hátt, og þá ekki sízt með tilliti til þess, að hægt sé að hagnýta fiskimiðin sem víðast við landið, án þess að menn hljóti slík áföll, þegar illa árar á sjónum, að þeir bíði þess ekki bætur. Allmikið fjármagn er nú fengið aflatryggingasjóði í þessu skyni, en því meira sem það fjármagn er eða verður, því meira máli skiptir, að lagaákvæði um starfsemi hans séu sem raunhæfust og svo vel úr garði gerð sem unnt er.

Ed. 39. Frumvarp til laga [38. mál]

um samvinnubúskap.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Karl Kristjánsson, Ásgeir Bjarnason, Hermann Jónasson, Helgi Bergs, Ólafur Jóhannesson.

I. KAFLI
Um samvinnubúskap.

1. gr.

Það er samvinnubúskapur samkvæmt lögum þessum, er tveir bændur eða fleiri saman reka í félagi samkvæmt samningi eitt bú, þar sem aðilar vinna saman við búið, vélar og tæki vegna búrekstrarins eru sameign og jörð og útihús eru til sameiginlegra afnota vegna búskaparins.

Nú er stofnað til samvinnubúskapar samkvæmt lögum þessum, og skal þá gerður stofnsamningur milli aðila og sé honum þinglýst.

Nýbýlastjórn veitir aðstoð við að koma á fót samvinnubúskap, lætur í té þar til gerð eyðublöð undir stofnsamning, leiðbeinir við gerð samnings og hefur eftirlit með framkvæmdum.

II. KAFLI
Samvinnubúskapur á einstökum jörðum.

2. gr.

Tveir bændur eða fleiri, sem búa á sömu jörð, geta stofnað samvinnubú samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Bændum, sem stofna samvinnubú, er heimilt að sameina jarðir til að reka á þeim samvinnubúskap. Séu fleiri jarðir sameinaðar en stofnendur samvinnubúsins eru samkvæmt stofnsamningi, þarf þó til þess samþykki nýbýlastjórnar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar.

III. KAFLI
Samvinnubúskapur í byggðahverfum.

4. gr.

Nú er stofnað byggðahverfi samkvæmt lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, og er nýbýlastjórn þá heimilt að hlutast til um, að þar verði komið á fót samvinnubúskap samkvæmt lögum þessum. Skal þá miða við það ræktun og gerð húsa í byggðahverfinu.

IV. KAFLI
Samvinnubúskapur til að koma í veg fyrir eyðingu sveitarfélags.

5. gr.

Nú er yfirvofandi hætta á, að byggð eyðist í sveitarfélagi, að dómi nýbýlastjórnar og hlutaðeigandi sveitarstjórnar, þar sem góð skilyrði eru til búskapar frá náttúrunnar hendi, og er Landnámi ríkisins þá heimilt, að fengnu samþykki eða eftir ósk hlutaðeigandi sveitarstjórnar, að stofna þar til samvinnubúskapar samkvæmt lögum þessum, ef talið er, að með því verði komið í veg fyrir eyðingu byggðarinnar.

6. gr.

Nú ákveður nýbýlastjórn framkvæmdir samkvæmt 5. gr., og skal þá að jafnaði miða þær við, að eigi færri en þrjú heimili séu í hverri samvinnubyggð. Landnám ríkisins aflar sér nægilegs lands, að dómi nýbýlastjórnar, til ræktunar og beitar, ræktar að fullu land, sem svarar til allt að 25 ha fyrir hvert heimili, reisir íbúðir og nauðsynleg útihús fyrir samvinnubúið.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir Landnámi ríkisins til stofnunar samvinnubúa samkvæmt þessum kafla laganna 10 millj. kr. árlega næstu tíu ár.

8. gr.

Samvinnubú, sem stofnað er samkvæmt þessum kafla laganna, greiðir Landnámi ríkisins leigu eftir land og mannvirki samvinnubúsins eftir sömu reglum og nýbýli í byggðahverfi, sbr. lög nr. 75 1962, VI. kafla.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

9. gr.

Nú vilja tveir eða fleiri aðilar koma á fót samvinnubúskap samkvæmt lögum þessum, og skulu þeir þá tilkynna það nýbýlastjórn, er veitir aðstoð og leiðbeiningar, sbr. 1. gr., enda sé nægileg landstærð og önnur skilyrði til rekstrar samvinnubús fyrir hendi að dómi nýbýlastjórnar.

10. gr.

Nýbýlastjórn skal miða við, að skilyrði til búrekstrar, þar sem samvinnubú er stofnað samkvæmt lögum þessum, séu eigi lakari en svo, að hluti hverrar fjöl-

skyldu, er gerist aðili að samvinnubúi, geti a. m. k. samsvarað meðalbústærð (vísitölubúi).

Hver aðili að samvinnubúi skal hafa séríbúð.

11. gr.

Í stofnsamningi samvinnubús, sbr. 1. gr., skal þetta tekið fram:

1. Hverjir séu stofnendur samvinnubúsins og með hvaða hætti menn geti orðið aðilar að samvinnubúinu.
2. Að samvinnubændur skuli allir hafa heimili á staðnum og vinna að samvinnubúinu.
3. Hver sé eignarhlutur hvers stofnanda í jörð, húsum, öðrum mannvirkjum, búvélum og bústofni.
4. Að bújörð, fóðurgeymslur, peningshús, jarðræktar- og heyvinnuvélar skuli vera til sameiginlegra afnota á samvinnubúinu.
5. Hvernig kjósa skuli stjórn og/eða prókúruhafa samvinnubúsins, hvernig það verði skuldbundið og hvernig félagslegar ákvarðanir skuli teknar.
6. Hvernig fara skuli með reikningshald, arðskiptingu og áhættu.
7. Hvaða reglum skuli fylgt, ef aðili að samvinnubúi fellur frá, flyzt burt eða selur eignarhluta sinn, enda skal þá leitazt við að koma í veg fyrir, að bændum fækki.
8. Hvaða reglur skuli gilda um ábyrgð aðila og um félagsslit, ef til kemur.

12. gr.

Viðtakandi eignarhluta í samvinnubúi tekur að sér að sínum hluta allar skuldbindingar samvinnubúsins.

13. gr.

Samvinnubú hefur sama rétt til lántöku í Stofnlánadeild landbúnaðarins og til framlaga samkvæmt jarðræktarlögum og lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum eins oð aðilar að búinu hefðu haft, ef þeir hefðu búið hver út af fyrir sig á sérstakri bújörð.

Auk þess skal nýbýlastjórn heimilt, ef stofnun samvinnubús hefur í för með sér sérstakan kostnað á byrjunarstigi umfram venjulegan einkabússtofnkostnað, að veita stofnendum óafturkræft framlag eftir því, sem fé verður til þess veitt á fjárlögum. Enn fremur skal Stofnlánadeild landbúnaðarins heimilt að veita samvinnubúi stofnlán til þess að standa straum af slíkum kostnaði, ef nýbýlastjórn mælir með því. Sett skulu nánari ákvæði í reglugerð um þennan sérstuðning, bæði framlag og lán.

Um lán og framlög til samvinnubúa, sem stofnuð eru til að koma í veg fyrir eyðingu sveitarfélags, fer þó eftir ákvæðum IV. kafla.

14. gr.

Samvinnubúi er heimilt að taka lán til vélakaupa eða bústofnskaupa gegn veði í fasteignum eða öðrum eignum búsins. Samþykki nýbýlastjórnar þarf þó til þess, ef um er að ræða samvinnubú, sem stofnað hefur verið samkvæmt ákvæðum í III. eða IV. kafla þessara laga.

15. gr.

Teiknistofa landbúnaðarins, Búnaðarfélag Íslands og Búreikningaskrifstofa ríkisins skulu hver á sínu sviði veita aðstoð við framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landbúnaður hefur verið stundaður á Íslandi, frá því að það byggðist. Öldum saman var hann nær eini atvinnuvegur þjóðarinnar. Heimilin voru þá að jafnaði fjölmenn og hægt að koma við verkaskiptingu.

Á þessari öld hefur byggðin í landinu og atvinnuhættir gerbreytzt. Vélaaflið hefur verið tekið í þjónustu atvinnuveganna, nýjum atvinnugreinum komið á fót og fjármagn til atvinnurekstrar stóraukið.

Þessar miklu breytingar hafa haft það í för með sér, að á þessari öld hefur þróunin orðið þannig, að þeim, er stunda landbúnað, hefur stöðugt fækkað í hlutfalli við íbúafjölda landsins.

Um síðustu aldamót hafði meiri hluti þjóðarinnar framfæri af landbúnaði. Samkvæmt manntalsskýrslum Hagstofu Íslands voru þeir, er stunduðu landbúnað, árið 1910 51% af þjóðinni, árið 1920 42.9%, árið 1930 35.8%, árið 1940 30.6%, árið 1950 19.9%. Og talið er, að 1960 hafi ca. 15% af þjóðinni stundað landbúnað. Vitanlega er erfitt að draga glögga markalínu, þegar þjóðinni er skipt í atvinnustéttir, og þessar tölur munu ekki allar vera reiknaðar eftir nákvæmlega sömu reglum, en þær sýna samt þróunina. Þrátt fyrir þessa þróun hefur framleiðsla landbúnaðarins vaxið hröðum skrefum, svo að á síðustu 15 árum hefur mjólkurframleiðslan um það bil þrefaldazt og framleiðsla sauðfjárafurða nærri tvöfaldazt. Vélvæðing landbúnaðarins eykur þannig afköstin og framleiðslumagnið.

Talið er, að sveitabýlin séu 5500—6000. Hefur tala lögbýla haldizt svipuð um alllangt skeið, þótt bændunum hafi fækkað. Margar jarðir hafa að vísu lagzt í eyði, en sumar þó verið nytjaðar áfram sem lögbýli, og nýbýli hafa verið reist á ýmsum stöðum. Fólksfækkunin í sveitum hefur einkum orðið með þeim hætti, að hvert heimili er fámennara en áður var. Vinnufólk er horfið af sveitaheimilunum og flestir bændur einyrkjar.

Reynslan sannar, að einyrkjabúskapur hefur mikla annmarka. Starf einyrkjans er mjög bindandi. Hann þarf einn að leysa af hendi margvísleg verkefni, sem hann er misjafnlega vel fallinn til að vinna, og ef annað hjónanna á sveitaheimilinu forfallast um skemmri eða lengri tíma, þá getur það valdið miklum örðugleikum, þar sem einyrki á í hlut. Nauðsyn ber til þess, að leitað sé ráða til að skapa sveitabúskapnum sem mest öryggi.

Með samvinnuskipulagi hefur bændastéttin með aðstoð löggjafarvaldsins lyft Grettistökum á sviði viðskipta og afurðasölu.

Þegar hinar stórvirku jarðræktarvélar tóku að ryðja sér til rúms, reyndist það flestum einstaklingum í bændastétt ofviða sökum kostnaðar að kaupa þær og reka. Hins vegar eru slíkar vélar og viðeigandi tæki nauðsynleg við framkvæmdir í sveitum. Þennan vanda hefur bændastéttin leyst mjög greiðlega og ágreiningslítið á grundvelli löggjafar með stofnun ræktunarfélaga og samvinnu um kaup vélanna og rekstur þeirra.

Til eru sveitir hér á landi, þar sem það er algengt, að skyldfólk vinni saman að búskap. Slíkur samvinnubúskapur, þótt óformlegur sé víðast hvar, hefur víða gefið góða raun. Aukin samvinna í búskap ætti að geta valdið breytingum til bóta.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja tímabært, að með löggjöf verði lagður grundvöllur að stofnun samvinnubúa í sveitum, svo að þeir, er áhuga hafa á að stofna til búrekstrar í því formi og telja sér það henta, geti stuðzt við löggjöf.

Áhugi, framtak og félagshyggja einstaklinganna ræður úrslitum um það, hvort samvinnubúskapur nær útbreiðslu og blómgast. Reynslan ein fær úr því skorið, hver þróunin verður að þessu leyti. En augljóst er, að samvinnubúskapur hefur ýmsa kosti og mun gera sveitafólkinu kleift að losna við annmarka, sem einyrkjabúskap fylgja. Þar sem tveir bændur eða fleiri starfa saman að búrekstri, getur komizt á hagkvæm verkaskipting, framkvæmdir orðið hlutfallslega meiri en hjá einyrkjum, vélaaflið notazt betur og búin orðið hlutfallslega stærri. Það má þó

telja enn mikilvægara, að með samstarfi í búskap skapast öryggi, þannig að búið verður ekki í bráðri hættu, þótt einn maður forfallist, þar sem samstarfsmenn hlaupa þá undir bagga. Með samvinnubúskap mun og gefast kostur á meira frjálsræði til að taka þátt í nútíma þjóðlífi en einyrkjabúskapur leyfir.

Flutningsmenn telja ráðlegt að heimila í lögum nýbýlastjórn í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórn að stofna til samvinnubúskapar, ef talið er, að með því verði komið í veg fyrir yfirvofandi upplausn og eyðingu byggðar á stöðum, þar sem eru góð búskaparskilyrði af náttúrunnar hendi. Eru í frv. ákvæði, er að þessu lúta.

Í fyrsta kafla frv. er það skilgreint, að það sé samvinnubúskapur samkvæmt lögum þessum, ef tveir bændur eða fleiri saman reka í félagi samkvæmt samningi eitt bú, þar sem aðilar vinna saman við búið, vélar og tæki vegna búrekstrarins eru sameign og jörð og útihús eru til sameiginlegra afnota vegna búskaparins. Þá er og kveðið svo á, að gerður skuli stofnsamningur milli aðila, ef stofnað er til samvinnubúskapar, og sé samningnum þinglýst.

Í öðrum kafla frv. segir, að bændum, sem stofna samvinnubú, sé heimilt að sameina jarðir til að reka á þeim samvinnubúskap, þó ekki fleiri jarðir en stofnendur samvinnubúsins eru samkvæmt stofnsamningi, nema nýbýlastjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórn samþykki.

Þriðji kafli frv. er um samvinnubúskap í byggðahverfum. Þar er svo mælt, að nýbýlastjórn sé heimilt að hlutast til um, að komið verði á fót samvinnubúskap í byggðahverfum, sem stofnuð eru af Landnámi ríkisins. Skal þá miða við það ræktun og byggingar í byggðahverfinu.

Fjórði kafli frv. er um samvinnubúskap til að koma í veg fyrir eyðingu sveitarfélags. Þar er kveðið svo á, að Landnámi ríkisins sé heimilt, ef yfirvofandi hætta er á, að byggð eyðist í sveitarfélagi, þar sem góð skilyrði eru til búskapar frá náttúrunnar hendi, að stofna þar til samvinnubúskapar, ef talið er, að með því verði komið í veg fyrir eyðingu byggðarinnar. Landnám ríkisins aflar sér þá nægilegs lands að dómi nýbýlastjórnar til ræktunar og beitar, ræktar að fullu land, sem svarar til allt að 25 ha fyrir hvert heimili, reisir íbúðir og nauðsynleg útihús fyrir samvinnubúið. Ríkissjóður skal greiða Landnámi ríkisins til þessara framkvæmda 10 millj. kr. árlega næstu tíu ár.

Fimmti kafli frv. eru almenn ákvæði. Þar er svo fyrir mælt, að nýbýlastjórn skuli veita aðstoð og leiðbeiningar við framkvæmd laganna og hvaða meginatriði um réttindi og skyldur aðila skuli taka fram í stofnsamningi. Enn fremur er þar kveðið á um það, að samvinnubú skuli hafa sama rétt til lántöku í Stofnlánadeild landbúnaðarins og til framlaga samkvæmt jarðræktarlögum og lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum eins og aðilar að búinu hefðu haft, ef þeir hefðu búið hver út af fyrir sig á sérstakri bújörð. Auk þess skal nýbýlastjórn heimilt, ef stofnun samvinnubús hefur í för með sér sérstakan kostnað á byrjunarstigi umfram venjulegan stofnkostnað einkabús, að veita stofnendum óafturkræft framlag eftir því, sem fé verður til þess veitt á fjárlögum. Enn fremur skal Stofnlánadeild landbúnaðarins heimilt að veita samvinnubúi stofnlán til þess að standa straum af slíkum kostnaði, ef nýbýlastjórn mælir með því. Loks eru ákvæði um, að samvinnubúi sé heimilt að taka lán til vélakaupa eða bústofnskaupa gegn veði í fasteignum eða öðrum eignum búsins.

Samkvæmt frv. skal Teiknistofa landbúnaðarins, Búnaðarfélag Íslands og Búreikningaskrifstofa ríkisins — hver stofnun á sínu sviði — veita aðstoð við framkvæmd laganna.

Sþ. 40. Tillaga til þingsályktunar [39. mál]

um verðtryggingu sparifjár.

Flm.: Jón Skaftason, Ólafur Jóhannesson, Karl Kristjánsson,
Skúli Guðmundsson, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til að athuga, með hverjum hætti verði við komið verðtryggingu sparifjár, að öllu eða einhverju leyti.

Nefndin skal skila áliti svo fljótt sem kostur er.

Greinargerð.

Íslenzkt fjármálalíf hefur allt frá síðustu heimsstyrjöld einkennzt öðru fremur af sífelldu verðfalli peninga. Er auðvelt að sanna með tölum, að innlánsvextir af sparifé hafa þetta tímabil hvergi nærri nægt til þess að vega í móti þeirri verðfellingu peninga, sem átt hefur sér stað. Þessi þróun hefur haft óheppilegar afleiðingar á mörgum sviðum og er ein aðalorsök þeirrar verðbólguþróunar, sem einkennt hefur tímabilið og þá ekki sízt síðustu 2 árin.

Innlendur sparnaður er ein mikilvægasta forsenda þróttmikillar og heilbrigðrar efnahagsstarfsemi. Eðlileg afleiðing verðfalls peninga síðustu 20—25 árin er ónógur sparnaður. Hefur það leitt til lánsfjárskorts til hvers konar framkvæmda og rekstrar atvinnufyrirtækja. Lánastarfsemi hefur í sívaxandi mæli einkennzt af stuttum og óhagkvæmum lánum úr bankakerfinu og vaxandi lánastarfsemi utan þess.

Af þessu ástandi hefur mikill hluti efnahagsstarfsemi landsmanna liðið, og mundi það ein hin mesta búbót, sem hægt veri að gera atvinnuvegunum, ef þeir ættu kost á nægum lánum til fjárfestingar og rekstrar.

Hin stöðuga verðrýrnun peninga hefur matað verðbólgudrauginn, sem tröllríður íslenzkri þjóðfélagsbyggingu meir og skaðvænlegar en flest annað. Gróðinn, sem sífellt verðfall peninganna hefur skapað, orsakar æðisgengið kapphlaup um hið takmarkaða lánsfé og verðbólgu-fjárfestingu. Endurskipting eigna þjóðfélagsins, þar sem lántakendur hagnast stöðugt á kostnað lánveitenda, getur ekki talizt sanngjörn né verðskulduð.

Með þeirri þingsályktunartillögu, sem hér er flutt, er lagt til, að kosin sé 5 manna milliþinganefnd, er athugi, með hverjum hætti mögulegt geti verið að verðtryggja sparifé að öllu eða einhverju leyti.

Sparifé hefur verið verðtryggt að meira eða minna leyti í Finnlandi, Frakklandi, Ísrael, Svíþjóð og ef til vill víðar, og er nauðsynlegt að kanna, hver reynslan af því hefur orðið í þessum löndum.

Fyrirsjáanlegir eru nokkrir framkvæmdaörðugleikar við upptöku verðtryggingar á sparifé, en þeir ættu að vera yfirstíganlegir hér, ef þeir eru það í framgreindum löndum.

Mikilvæg spurning er, hversu víðtæk verðtryggingin eigi að vera, hvort hún eigi að ná til allra innlána ellegar aðeins til bundinna sparifjárinnstæðna. Fyrir fram er erfitt um slíkt að dæma, en það yrði eitt af verkefnum milliþinganefndarinnar að finna svör við þeirri spurningu.

Eðlilegt er að miða verðtryggingu sparifjárins við vísitölu neyzluverðlags, eins og hún er á hverjum tíma. Auðvitað yrði þá einnig að vísitölubinda útlán þessa fjár með samsvarandi hætti.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja knýjandi, að mál þetta sé rannsakað gaumgæfilega nú. Fer síðan eftir niðurstöðum þeirrar rannsóknar, hverjar leiðir þykja færar. Einskis má láta ófreistað til að sporna við þeirri óheillaþróun, sem hefur átt sér stað og færzt mjög í aukana seinustu árin. Rétta þarf hlut sparifjáreigenda og draga úr yfirstandandi dýrtíðarspennu, en verðtrygging gæti áreiðanlega haft mikla þýðingu til þess að vinna móti verðbólguþróun.

Fyrir máli þessu verður gerð grein í framsögu.

Nd. 41. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Tveir nefndarmanna (ÁÞ og HV) skrifa þó undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 27. okt. 1964.

Gunnar Gíslason, form., frsm.
Jónas Pétursson.
Benedikt Gröndal, fundaskr.
Sverrir Júlíusson.
Björn Pálsson.
Hannibal Valdimarsson, með fyrirvara.
Ágúst Þorvaldsson, með fyrirvara.

Nd. 42. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (RA) var fjarstaddur, þegar frumv. var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 29. okt. 1964.

Einar Ingimundarson, form., frsm.
Óskar Jónsson.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Skúli Guðmundsson.
Matthías Bjarnason.
Pétur Sigurðsson.

Ed. 43. Frumvarp til girðingarlaga. [40. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Girðingar í lögum þessum, þegar annars er ekki getið, eru 6 strengja gaddavírsgirðingar, 1.10 metrar á hæð frá jafnsléttu og ekki lengra milli jarðfastra stuðla (stólpa) hennar en 4 metrar, eða girðing, er jafngildi henni að vörzlunotum, þar með taldir skurðir með þremur eða fleirum gaddavírsstrengjum á skurðbakka.

2. gr.

Þegar lögð er girðing af leiguliða, fer um skyldur jarðeiganda við burtför ábúandans eftir sömu reglum og um hús á jörðinni sé að ræða, sbr. 13. gr. ábúðarlaga.

Girðingar, sem ríkistillag hefur verið greitt vegna eða lán veitt til með veðrétti á jörðu, skulu jafnan fylgja jörðinni og þeim við haldið meðan lánið er ekki að fullu greitt (eða styrkur ekki endurgreiddur), en heimilt er að fengnu samþykki lánveitanda að flytja girðingar þangað, sem þær koma jörðinni að meira gagni.

3. gr.

Nú fer jörð í eyði, sem ekki á að byggjast aftur, sbr. 4. kafla jarðræktarlaga, og verða eigi lengur nein not af girðingunni fyrir jörðina, skal þá eiganda girðingarinnar skylt að taka hana upp.

Nú telja þeir, er dæma jörðina ekki ábúðarhæfa, að núgrannajörð eða jarðir geti haft not af girðingunni eða hluta úr henni, og skal þá viðhaldsskyldan að þeim hluta færast yfir á ábúanda þeirrar jarðar, enda á hann rétt á að kaupa girðinguna eða þann hluta hennar, er hann hefur gagn af, eftir mati úttektarmanna.

4. gr.

Vilji eigandi eða notandi ræktunarlanda í þorpum og bæjarfélögum girða land sitt, skal hann með árs fyrirvara tilkynna það öllum þeim, er land eiga á móti því landi, sem hann vill girða. Þeim, sem eiga þannig aðliggjandi, útmældar ræktunarlóðir, er skylt að taka þátt í kostnaði við girðinguna til jafns við þann, sem vill girða, ef um vírgirðingu er að ræða, að tiltölu við lengd girðingarinnar fyrir lnadi hvers eins. Þetta gildir þó ekki um það land, sem liggur að götu í bæ eða kauptúni.

5. gr.

Nú vill ábúandi eða eigandi jarðar, sem er í ábúð, girða land sitt, og hefur hann þá rétt til að krefjast, að sá eða þeir, sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði, greiði hálfan giringarkostnaðinn að jöfnu, en hinn helmingurinn skiptist eftir landverði gildandi fasteignamats. Krafan um samgirðingu skal fram borin eigi síðar en ári áður en verkið er hafið, og hefur hver aðili rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í hlutfalli við þátttöku sína í kostnaðinum. Neiti sá, er samgirðingar er óskað við, þátttöku í framkvæmd verksins eða útvegun efnis, getur sá, er vill girða, sett hana upp og þá krafizt endurgreiðslu á þeim hluta girðingarkostnaðarins, er hinum ber að greiða.

6. gr.

Nú verða aðilar ekki ásáttir um hvers konar girðingu skuli setja eða um aðra framkvæmd verksins, og skulu þá úttektarmenn hreppsins og jarðræktarráðunautur hlutaðeigandi héraðs skera úr um ágreininginn. Liggi girðing í hreppamörkum, skal hvor aðili tilnefna úttektarmann úr sínum hreppi til að jafna ágreininginn ásamt hlutaðeigandi jarðræktarráðunaut. Liggi girðingin í mörkum lögsagnarumdæma, tilnefna hlutaðeigandi lögreglustjórar eða sýslumenn sinn manninn hvor, en stjórn Búnaðarfélags Íslands tilnefnir einn af jarðræktarráðunautum félagsins. Jarðræktarráðunautarnir skulu jafnan vera oddamenn og afl atkvæða ráða úrslitum.

Kostnað við matið greiða aðilar eftir sömu hlutföllum og girðingarkostnaðinn, og ákveða matsmenn hverju hann nemur.

7. gr.

Vilji meiri hluti ábúenda eða eigenda jarða, er liggja að afrétt, girða milli afréttarinnar og heimalanda sinna, skulu eigendur eða notendur afréttarinnar greiða ⅘ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar. Ef ágreiningur verður um framkvæmd verksins, fer um það eins og segir í 5. gr. Viðhaldskostnaður allra girðinga greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður nema þeirra girðinga, er vegagerðin setur upp (sbr. 9. gr.), þar bera viðkomandi bændur viðhaldskostnaðinn, nema girðingin sé eingöngu í þágu vegarins, sbr. 9. gr.

Nú er landamerkjagirðing, sem kostuð hefur verið eftir öðrum hlutföllum, en um getur í 5. gr., og skal þá viðhald hennar falla undir fyrirmæli 5. gr., eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi.

8. gr.

Nú eru lagðar girðingar fyrir ríkisfé til varnar útbreiðslu búfjársjúkdóma, án framlags frá ábúendum eða eigendum viðkomandi jarða, og einstaklingum eða sveitarfélögum er gefinn kostur á þeim girðingum, og gilda þá sömu reglur um greiðslu á andvirði þeirra og viðhald, eftir því sem við á, eins og um aðrar þær girðingar, er lög þessi hafa sett reglur um.

Nú vill enginn yfirtaka slíkar girðingar, og er þá ríkinu skylt að láta taka þær upp að hlutverki þeirra loknu. Hafi þessi skylda verið vanrækt í 1 ár eða lengur, þegar lög þessi öðlast gildi, er viðkomandi sveitar- eða upprekstrarfélagi heimilt að láta taka girðinguna upp á kostnað ríkisins.

9. gr.

Nú er vegur lagður gegnum tún, ræktunarland, engjar eða girt beitiland, og skal þá sá, sem veginn leggur, girða báðum megin vegarins eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði, ef vegamálastjóri telur það hentugra. Sama gildir, ef girðing er lögð umhverfis slík lönd, er vegur liggur um. Eigendum vega er heimilt að girða meðfram vegum sínum, þótt ekki sé þess krafizt af landeiganda. Þó skal vegareiganda skylt að setja hlið á slíka girðingu, ef þörf er á að dómi matsmanna.

Nú er girðing lögð milli afréttar og heimalands, er liggur yfir vegi, eða vegir eru lagðir í gegnum hana, og telja matsmenn girðinguna nauðsynlega, og ber þá þeim, er veginn annast, að leggja til hlið, en hlið og ristarhlið á aðalfjallvegi, og annast viðhald þeirra.

Nú myndast langar girðingartraðir með vegi, og er þá hlutaðeigandi bændum skylt að gæta þess eftir föngum, að búfénaður þeirra sleppi ekki inn á veginn.

Ef reynslan sýnir, að búfénaður, af óviðráðanlegum ástæðum, leggur leið sína um langa vegu eftir slíkum tröðum, er eiganda vegarins skylt, ef þess verður krafizt af hlutaðeigandi sveitarstjórn, að hefta rennsli búfjárins með ristarhliði, enda greiði hreppsfélagið helming kostnaðar.

10. gr.

Nú er girðing gerð á landamerkjum, og skal hún þá svo reist, að á hvorugan sé gengið, sem land á að henni. Innlent efni skal, eftir því sem með þarf, taka að jöfnu úr þeim löndum, sem að henni liggja.

Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en landeigandi vill girða beint, og vill sá eigi samþykkja, er land á á móti, þá skal það þó heimilt, ef matsmenn (sbr. 6. gr.) meta, að eigi séu gildar ástæður til að banna girðinguna, skulu þeir þá ákveða girðingunni stað, og skal það gert þannig, að sem jafnast sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo, að meira sneiðist annað landið, og skal þá meta skaðabætur þeim, er landið missir.

Réttur til hvers konar hlunninda, jarðhita eða námuverðmæta helzt þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðingin skipti löndum til fullnustu.

11. gr.

Skylt er að halda öllum girðingum svo vel við, að búfé stafi ekki hætta af þeim.

Samgirðingu, sem lögð er samkvæmt ákvörðun 5. og 7. gr., er skylt að halda við, þannig að hún sé fjárheld svo fljótt sem verða má eftir að snjóa leysir af henni að vorinu og þar til snjó leggur á hana að hausti eða vetri. Vanræki annar hvor aðili viðhald hennar að sínum hluta, er hinum heimilt að gera við hana á kostnað eiganda. Nú sýnir eigandi samgirðingar vísvitandi hirðuleysi í þessu efni, svo að sameigandi hans í girðingunni eða aðrir verða af þeim sökum fyrir sannanlegu tjóni, og á hann þá rétt til bóta frá þeim, sem olli.

Valdi vanræksla í þessu efni skaða á búfé, varðar það sektum og skaðabótum til fénaðareiganda.

Nú fellur girðing úr notkun, og um leið verður hætt að halda henni við, og er þá girðingareiganda skylt að taka hana upp, svo að hún valdi ekki tjóni.

12. gr.

Um fjarlægð girðinga frá vegum skal fara eftir reglum, sem settar verða samkvæmt heimild í vegalögum.

13. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg með hliði á veginum án leyfis vegamálastjóra, nema um einkaveg sé að ræða, sbr. þó 9. gr. Sama bann gildir þar, sem mælt og markað hefur verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynnt jarðarábúanda, hvar mælt hefur verið.

14. gr.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minnsta kosti 4 metrar á breidd, þannig gerð, að hún haldist opin af sjálfu sér, meðan ekið er um hliðið. Skylt er vegfarendum að loka hliðinu á eftir sér.

Vegamálastjóra er heimilt að afturkalla með eins árs fyrirvara gefið leyfi til þess að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum.

15. gr.

Skylt er að halda við girðingum, svo að aldrei geti þær hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki þessa ekki gætt, er vegagerðinni heimilt að framkvæma viðgerð á kostnað þess, sem að réttu ber að halda girðingunni við.

Vegagerðinni er heimilt að flytja girðingar og fjarlægja tré og annan gróður, ef nauðsyn ber til af öryggisástæðum eða til framkvæmdar viðhaldi, svo sem snjómokstri.

16. gr.

Nú liggur vegur, stígur eða götutroðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg, með hliði á veginum, en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema sveitarstjórn leyfi.

Ákvæðum sveitarstjórnar, samkv. 1. mgr., má leggja undir úrskurð vegamálastjóra.

17. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um samgirðingar til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra, stofnkostnað og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

18. gr.

Nú koma fyrir sýslunefnd óskir um að gera samþykkt samkv. 17. gr. Telji hún þær hafa við sterk rök að styðjast, skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar með nægum fyrirvara á svæði því, er samþykktinni er ætlað að ná yfir. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarhluta til afnota. Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

19. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 18. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktar, er áður hefur verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á

frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ hlutum atkvæða, þeirra er fundinn sækja og samþykktin nær til, sendir sýslumaður það til stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þó að fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með ⅔ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþykktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með ⅔ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyrr segir.

20. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 17. gr. Er öll meðferð samþykktar þá hin sama og 18. og 19. gr. skipa fyrir um, nema hreppsnefnd kemur þá hvarvetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

21. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþykktin þá endursend ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

22. gr.

Öllum leiðuliðum, er búið hafa á sömu jörð í 10 ár eða lengur, að öðrum kosti jarðareigendum, er skylt að hreinsa burtu af landi sínu, er búfénaður gengur um, ónothæfar vírgirðingar og girðingaflækjur, sem vera kunna í landi jarða þeirra. Nú vanrækir landeigandi þessi fyrirmæli í eitt ár, eftir að lög þessi öðlast gildi, og er þá ábúanda skylt að framkvæma hreinsunina á kostnað jarðareiganda. Ef vanrækslan lendir á eyðijörð, ber hlutaðeigandi hreppsfélagi að framkvæma hreinsunina á kostnað jarðareiganda eða þess, er kann að nytja jörðina sem beiti- eða afréttarland.

23. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og girðingarsamþykktum sýslu- og sveitarfélaga (sbr. 17. og 20. gr.) varða sektum allt að 100 þúsund krónum.

24. gr.

Með brot móti lögum þessum og samþykktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

25. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin girðingarlög nr. 24. 1. febr. 1952, l. nr. 28/1964, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 3. apríl 1963 samþykkti Alþingi eftirfarandi ályktun um endurskoðun girðingarlaga:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta, með hliðsjón af endurskoðun vegalaga, endurskoða girðingarlög nr. 24 1. febr. 1952. Endurskoðun þessari skal lokið það tímanlega, að hægt sé að leggja niðurstöður hennar fyrir næsta reglulegt Alþingi.'

Að tilhlutan landbúnaðarráðuneytisins tilnefndi Búnaðarfélag Íslands þá Þorstein Sigurðsson, formann félagsins og Ásgeir L. Jónsson, ráðunaut, í nefnd til að endurskoða lögin og vegamálastjóri tilnefndi Snæbjörn Jónasson, verkfræðing, í nefndina. Hafa þeir samið frumvarp það, sem hér liggur fyrir.

Síðasta Búnaðarþing fjallaði um frumvarpið og gerði tillögur um breytingar, sem teknar hafa verið upp í frumvarpið. Er nefndarálit jarðræktarnefndar Búnaðarþings prentað hér á eftir sem fylgiskjal. Þá fer hér á eftir greinargerð sú, sem fylgdi frumvarpinu frá nefnd þeirri, sem samdi það.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Að fenginni reynslu, þykir rétt að hækka 5 strengja gaddavírsgirðingu um 10 cm frá því, sem verið hefur. Hins vegar reynist 6 metra bil milli jarðfastra staura of langt, og er því hér stytt í 4 m.

Á síðari árum hafa bændur í ýmsum landshlutum brugðið til þess ráðs að girða jarðir sínar og hólfa í sundur með djúpum skurðgröfuskurðum. Þar sem slíkir skurðir eru grafnir í mýrajarðveg, hafa þeir reynzt gripheldari girðing en nokkrar aðrar, er hér tíðkast, og eru þá venjulega settir 2—3 gaddavírsstrengir á annan skurðbakkann. Með því, að svona girðingar eru algengar, og í sumum sveitum því nær eingöngu notaðar, þykir rétt, að þær verði löggiltar.

Um 2. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 3. gr.

Hér er niðurlagi 1. mgr. breytt sbr. 22. gr.

Um 4. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 5. gr.

Mjög færist í vöxt, að bændur girði lönd sín. Verður að telja víst, að þeirri stefnu verði framhaldið. Oft eru jarðir, sem liggja saman, mjög misjafnar að víðáttu og verðmæti. Þegar landamerkjagirðing friðar þannig misstórt eða misjafnlega verðmætt land, verður að teljast sanngjarnt, að tilit sé tekið til þess við skiptingu girðingarkostnaðar. Í framkvæmd er auðveldast að fylgt sé ákveðinni reglu.

Um 6. gr.

Eðlilegt þykir, að jarðræktarráðunautur sé kvaddur að slíku mati, og þá sem þriðji maður, sparar það yfirmat.

Þegar girðingin liggur í mörkum lögsagnarumdæma, sem í mörgum tilfellum eru um leið umdæmamörk héraðsráðunauta, þykir rétt, að jarðræktarráðunautur frá Búnaðarfélagi Íslands taki sæti í matsnefndinni.

Um 7. gr.

Fyrri málsgrein 7. gr. gömlu laganna fellur af sjálfu sér niður með breytingunni, sem gerð er á 5. gr.

Ekki þykir ástæða til að gefa mönnum færi á að neita þátttöku í landamerkjagirðingu. Þegar menn hafa talið sig hafa óhag af landamerkjagirðingu, hafa þeir venjulega verið landlitlir og ekki viljað missa af aðstöðu til að beita land nágrannans. Má vera fullljóst, að ekki er hægt að taka tillit til slíkra ástæðna.

Viðbótin við síðari málsgrein þarf ekki skýringar við.

Um 8. gr.

Sá ósómi mun sérstæður fyrir Ísland, að afræktar vírgirðingar séu látnar liggja hvaðanæva um allt landið til voða fyrir búfénað. Á ekki að vera þörf fyrir að útskýra það nánar, en rétt þykir að setja hér um lagafyrirmæli til úrbóta.

Um 9. gr.

Þær breytingar, sem hér eru gerðar, skýra sig sjálfar.

Um 10. gr.

Hér er aðeins um orðalagsbreytingar að ræða, sem ekki þurfa skýringar við.

Um 11. gr.

Sjá greinargerð 8. gr.

Um 12. gr.

Hér verður að hlíta fyrirmælum vegalaga.

Um 13. gr.

Grein þessi er samhljóða 76. gr. vegalaganna, nema inntakið „sbr. þó 9. gr.“

Um 14. gr.

Greinin er samhljóða 77. gr. vegalaganna.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 78. gr. vegalaganna.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 79. gr. vegalaganna.

Um 17., 18., 19., 20. og 21. gr.

Allar þessar greinar eru óbreyttar.

Um 22. gr. (sem er ný grein).

Sjá greinargerð 8. gr.

Um 23. gr. (áður 22. gr.).

Sektir eru hækkaðar meira en nemur verðfalli peninga til samræmis við vegalög, sem Alþingi samþykkti þ. 20. des. s. l. Þessi samræming sektarákvæða þykir nauðsynleg, þar sem nokkrar greinar þessa frumvarps eru ýmist samhljóða eða samræmdar vegalögunum.

Þá má og benda á, að upphæð sekta er á valdi dómara upp að því hámarki, sem lögin ákveða.

Um 24. gr. (áður 23. gr.).

Greinin er óbreytt.

Um 25. gr. (áður 24. gr.).

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

JARÐRÆKTARNEFND

Frumvarp til girðingarlaga.

Nefndin leggur til, að gerðar verði eftirfarandi breytingar:

1. gr.

Í stað 5 komi 6 strengja gaddavírsgirðingar.
Í stað tveggja eða fleiri komi: „3 eða fleiri.“

5. gr.

Niðurlag greinarinnar: „Þurfi sá, er samgirðingar er krafinn“ o. s. frv., falli niður.

7. gr.

Upphaf gr. orðist svo:

„Vilji meiri hluti ábúenda eða eigenda jarða, er liggja að afrétt, girða milli afréttarinnar og heimalanda sinna, skulu eigendur eða notendur afréttarinnar greiða ⅘ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar.“

Framhaldið óbreytt.

Greinargerð.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að gerðar verði á því framanritaðar breytingar.

Í fyrstu grein þess er gert ráð fyrir, að girðing sé fullgild, ef hún er 5 strengja gaddavírsgirðing, 1.1 m á hæð á jarðföstum stólpum með 4 m millibili. Nefndin leggur til að breyta þessu ákvæði þannig, að í stað 5 strengja komi 6. Reynslan hefur ótvírætt leitt í ljós, að gamla gerðin er ónóg varzla og flestir bændur girða orðið traustari girðingar. Virðist því sjálfsagt, að viðmiðunargirðingin sé af vandaðri gerð en áður var.

Þá leggur nefndin til, að þátttaka bænda eða jarðeiganda í girðingum milli afréttar og heimalands verði ⅕ hluti af kostnaði í stað ¼, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Hins vegar telur nefndin sjálfsagt, að krafa um afréttargirðingar verði að koma frá meiri hluta þeirra bænda, sem hlut eiga að.

Annað þarfnast ekki skýringa.

Egill Jónsson. Helgi Símonarson. Klemenz Kr. Kristjánsson.
Kristinn Guðmundsson. Teitur Björnsson. Þorsteinn Sigfússon.

Sþ. 44. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um verðlags- og peningamál.

Flm.: Arnór Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna milliþinganefnd til athugunar á því, hvort ekki sé rétt að taka upp hér á Íslandi verðstuðlskerfi í öllum verðlags- og peningamálum. Skal sú nefnd leggja tillögur sínar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Svo sem alþjóð er kunnugt, hafa allar tilraunir til þess að koma festu og reiðu á íslenzk peningamál og íslenzkar fjárreiður misheppnazt hin síðustu ár. Eftir síðustu styrjöld var í fyrstu gert ráð fyrir, að mál þessi mundu komast í horf eins og af sjálfu sér, og því aðeins leitað bráðabirgðaúrræða. Fyrstu úrræðin til allsherjar úrlausnar til langs tíma, gengisfellingin 1950, endtist aðeins eitt ár, þar til farið var að leita nýrra bráðabirgðaúrræða með uppbótum og undanþágum, og var svo um nokkur ár leitað svipaðra úrræða og fyrstu árin eftir stríðið. Árið 1958 var svo aftur leitað lausna til langs tíma með verðlagstilflutningum, sem almennt voru kallaðir „bjargráðinn“, en þau voru afnumin eftir tæp tvö ár, enda augljóst orðið, að þau gátu alls ekki enzt nema í mesta lagi þriðja árið. Árið 1960 komu svo „viðreisnar“-

úrræðin, sem voru í aðalatriðum hin sömu og úrræðin 1950, nema hvað gengisfellingin var miklu stórkostlegri. Örlög þeirra hafa orðið þau, að þau hafa enzt því lengur en úrræðin 1950 sem gengisfellingin var meiri, en nú hafa þau algerlega gengið sér til húðarinnar. Er nú þegar farið að taka upp enn að nýju ýmis úrræði í verðlags-, þar með kaupgjalds- og peningamálum, sem til var gripið 1945—1949 og 1951—1958, og er öllum ljóst orðið, hvert stefnir, þó að eigi vilji allir viðurkenna, að þeir séu sjáandi. Óhjákvæmilegt er því að leita nýrra úrræða, enda er slíkt þegar byrjað, þó að enn sé fálm eitt.

Þetta er því eftirtektarverðara, að fram til síðasta fjórðungs síðustu aldar bjó þjóðin við verðlagskerfi, er reynzt hafði henni fulltraust öldum saman á þann veg, að festa og reiða var á fjármálum hennar og fjárreiðum. Hér er átt við landaurakerfið svonefnda, er enn lifði að nokkru fram á þessa öld og eigi fékk að fullu dánarvottorð fyrr en á síðasta Alþingi. Þetta var eins konar verðstuðulskerfi, að mestu leyti framleiðsluvísitala hvers tíma, en verð framleiðslustofnanna var þó að ofurlitlu leyti inn í vísitöluna tekið. Það varð þessu kerfi að falli meðal annars, að hætt var að gera það tímabært, þannig að það lagaðist eftir breyttum viðhorfum.

Á síðari tímum, í báðum heimsstyrjöldunum og á þeim breytingartímum verðlagsins, er á eftir styrjöldunum fóru, varð helzt til bjargar festu og reiðu fjármála okkar svokölluð verðlagsvísitala (og sú kaupgjaldsvísitala, sem við hana hefur verið miðuð). Verðvísitalan var fyrst og fremst notuð sem verðmælir, og var henni í þeim efnum helzt að treysta, þó að sumar ríkisstjórnir okkar, er þótti almennt kaupgjald vilja verða helzti hátt, reyndu með ýmsum smábrellum að falsa hana. Þessi verðvísitala er af erlendum uppruna og er talsvert notuð sem alþjóðlegur mælikvarði á verðlag. Nú, þegar sýnt var orðið, að ekki var hald í „viðreisnar"-úrræðunum í verðlagsmálum, kaupgjaldsmálum og fjármálum okkar yfirleitt, er aftur byrjað að taka upp þetta vísitölukerfi í kaupgjaldsmálum, og einnig er gert ráð fyrir að taka það upp við sumar lánveitingar.

Sá er helzti eðlismunurinn á þessum tveimur verðstuðulskerfum, að forna landaurakerfið er aðallega miðað við framleiðslu, en vísitölukerfi það, sem við könnumst við frá síðari tímum, aðallega við lífsnauðsynjar. Flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu hefur litið svo á, að hið forna íslenzka kerfi sé raunverulega réttar hugsað og hagkvæmara, þegar til kemur að skipta tekjum þjóðarinnar, og geri einnig ljósara sambandið milli þess að afla tekna fyrir þjóðarheildina og fá þær í hendur hvers einstaks vinnandi manns. Einnig sé minni hætta á, ef það er í gildi, að meiri tekjum sé skipt en til eru eða meira dregið undan við skiptin. Þetta getur þó að ýmsu leyti verið álitamál og er því rannsóknarefni. Það er og viss kostur við vísitölukerfi síðari tíma, að það er alþjóðlegt og það er að vissu marki unnt að nota óbreytt, en hið gamla kerfi þarf að taka til gagngerðra breytinga, svo mikilla breytinga, að telja má, að það sé aðeins hugsunin, sem að baki býr, sem eftir mundi standa.

Það er skoðun flutningsmanns, að við Íslendingar þurfum og eigum að taka upp vísitölukerfi á öllum sviðum fjármála okkar og skilja ekkert svið eftir. Tvenns konar eða margs konar verðlagning og tvenns konar eða margs konar verðmælir mundi alltaf leiða til óheilinda í fjármálum. Hins vegar verðum við að leggja alla alúð okkar við að koma fjármálum okkar á heilbrigðan grundvöll, því að líf okkar liggur þar við. En Alþingi og ríkisstjórn verða að taka upp forustu í því máli.

Frá byrjun þessa þings hafa sézt nokkur tákn þess, að ráðandi flokkar Alþingis vilji meiri samvinnu en fyrr við minni hluta þingsins. Því er hér lagt til, að Alþingi kjósi svo fjölmenna nefnd til að athuga mál þetta, að allir þingflokkar geti átt fulltrúa í henni, og stefnt sé að því að finna þá lausn, er allir flokkar eigi hlut í og beri ábyrgð á.

Ed. **45. Frumvarp til laga** [42. mál]

um gróðurvernd og landgræðslu.

Flm.: Arnór Sigurjónsson.

I. KAFLI
Um markmið og stjórn Landgræðslu Íslands.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er:
1. Að koma í veg fyrir eyðingu á gróðri og jarðvegi.
2. Að græða upp og rækta sanda, mela, aura og önnur gróðurvana lönd til aukinna landsnytja.

2. gr.

Stofnun sú, er annast gróðurvernd og landgræðslu samkv. lögum þessum, heitir Landgræðsla Íslands. Skal aðsetur hennar vera Gunnarsholt á Rangárvöllum.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn landgræðslumála. Hann skipar landgræðslustjóra, er annast framkvæmd þeirra. Landgræðslustjóri skal auk venjulegs búnaðarnáms hafa lokið háskólaprófi í fræðum um gróðurvernd og græðslu lands. Honum til aðstoðar skal vera fulltrúi, er einnig hefur háskólapróf í þessum fræðum eða hefur á annan hátt sýnt kunnáttu sína þeim. Landbúnaðarráðherra skipar enn fremur landgræðsluverði, að fengnum tillögum landgræðslustjóra.

4. gr.

Laun landgræðslustjóra, fulltrúa hans svo og landgræðsluvarða skulu greidd úr ríkissjóði. Skulu laun landgræðslustjóra vera samkv. 26. launaflokki, en fulltrúa hans samkv. 24. launaflokki, enda skoðast starf hans sem deildarstjórastarf. Allur skrifstofukostnaður svo og ferðakostnaður skal einnig greiddur úr ríkissjóði.

II. KAFLI
Um heftingu sandfoks og græðslu örfoka lands.

5. gr.

Landgræðslustjóri skal með aðstoð landgræðsluvarða hafa eftirlit með landi því, sem þegar hefur verið tekið til græðslu, svo og því landi í byggð og á afrétti, sem komið er í sand eða hætta er á að eyðist, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til varnar.

Hann skal einnig ásamt landgræðsluvörðum hafa eftirlit með öllum afréttarlöndum að því er varðar gróður og beit. Ef hann telur hættu á, að land kunni að fara í örtröð eða gróðri hnigni sökum ofbeitar, skal hann gera tillögur til varnar því og leggja þær fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands til umsagnar, en síðan sé þeim vísað til landbúnaðarráðuneytisins og hlutaðeigandi sýslunefnda.

6. gr.

Landgræðslan skal afla sér fullkomins umráðaréttar yfir landi því, sem tekið er til græðslu til heftingar sandfoks:

1. Með því að landeigendur afsali sér landinu með samningi í hendur landgræðslunnar til svo langs tíma sem þurfa þykir að áliti landgræðslustjóra, en hafa skulu landeigendur forgangsrétt að landsnytjum gegn sanngjörnu gjaldi, er svo fer fram um græðsluna, að landgræðslustjóri telur slíkt ráðlegt.

2. Með eignarnámi, ef nauðsynlegur umráðaréttur fæst ekki með öðru móti. Fer þá um eignarnám samkv. ákvæðum laga nr. 61 frá 14. nóv. 1917.

7. gr.

Ef eigandi eða ábúandi jarðar vill fá grætt í landareiegn sinni uppblásturssvæði, sem ekki hefur verið tekið til græðslu samkvæmt 6. gr., skal hann senda Landgræðslu Íslands beiðni um það og lætur fylgja greinilega skýrslu um allar aðstæður, og skal skýrslan staðfest af hlutaðeigandi héraðsráðunaut í jarðrækt. Skal þá landgræðslustjóri athuga landið, eða láta trúnaðarmenn sína athuga það, og gera síðan tillögur um framkvæmd verksins og taka ákvörðun um það. Kostnaður við girðingu, græðslu og viðhald landsins skal að ⅔ greiddur úr ríkissjóði, en að ⅓ af landeiganda, og skal ábyrgð hrepps eða sýslu fengin fyrir því, að landeigendur greiði sinn hluta kostnaðarins. Arði af landgræðslusvæðinu skal varið til greiðslu á kostnaði við græðsluna í hlutfalli við framlög aðila, þar til afhending hefur farið fram samkv. 12. gr. Ef greiðsla á gjaldi því, sem landeiganda ber að greiða, er látin ógreidd, getur landgræðslustjóri með samþykki ráðherra látið taka uppblásturssvæði eignarnámi samkv. 6. gr.

8. gr.

Úr landi jarða þeirra, er að landgræðslusvæðum liggja, er heimilt að taka efni til afnota við græðsluna, svo sem vatn, grjót, þara, leir fræ og annað, sem þurfa þykir. Þó skal ekki taka efni þannig, að landsspjöll verði að, nema brýna nauðsyn beri til. Eigandi lands eða notandi getur krafizt bóta eftir mati, ef samningar hafa ekki komizt á.

9. gr.

Ef sett er girðing fast við landgræðslugirðingu eða áföst henni, skulu á henni verið hlið eigi fjær en 50 m, svo að vinna megi tálmunarlaust að landgræðslugirðingunni og fara með henni til eftirlits.

10. gr.

Landgræðslugirðingar skulu minnst vera sexfaldar gaddavírsgirðingar eða úr öðru efni jafntryggu til vörzlu. Þær skulu vera svo vandaðar að frágangi, að þær séu vel fjárheldar.

Ef eigi verður hjá því komizt að leggja landgræðslugirðingu yfir alfaraleið, skal vera hlið á girðingunni, og skal það vera ristarhlið, ef um verulega umferð er að ræða, nema hentara þyki að girða meðfram veginum. Skylt er vegfarendum að loka hliðum, sem til þess eru gerð. Varðar sektum, ef út af er brugðið.

Að öðru leyti er umferð stranglega bönnuð um öll landgræðslusvæði nema með leyfi landgræðslustjóra og hultaðeigandi landgræðsluvarðar, og varðar sektum, ef út af er brugðið. Ef girðing skaddast eða slaknar, svo að hætta er á, að hún haldi eigi fé, skal sá, er þess verður var, gera hlutaðeigandi landgræðsluverði aðvart um gallana.

11. gr.

Ef búfénaður kemst inn á landgræðslusvæði, sem girt er fullgildri og ógallaðri girðingu, skal hlutaðeigandi sandgræðslvörður tilkynna það eigendum fjárins. Ef sömu skepnurnar komast þrásinnis inn á svæðið, og verði göllum á girðingu eigi um kennt, getur landgræðsluvörður krafizt þess, að hlutaðeigandi hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum þeirra í verð. Landgræðsla Íslands greiði síðan það, sem á kann að vanta, að eigendur fái fullt verð. Ef ágreiningur ris um þetta, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna.

12. gr.

Þegar land, sem Landgræðsla Íslands hefur tekið til græðslu með frjálsu samkomulagi, er svo gróið, að eigi er nauðsyn frekari aðgerða frá hendi landgræðslunnar, skal heimilt að afhenda það aftur eigendum þeirra jarða, sem í hlut eiga,

en setja skal landgræðslustjóri þá reglur um notkun landsins og hafa eftirlit með því, ef þurfa þykir.

Ef ríkissjóður selur land, sem tekið hefur verið til landgræðslu, skal eigandi jarðar þeirrar, er landið hefur áður fylgt, eiga forkaupsrétt að því. En ef hann notar eigi forkaupsrétt sinn, skal við söluna fylgt ákvæðum laga nr. 40 frá 5. apríl 1948, um forkaupsrétt á jörðum.

Ef ríkið á land það, sem tekið hefur verið til landgræðslu, getur Landgræðsla Íslands afhent það ábúendum, ef landið hefur áður verið í notum einstakra bænda, eða sveitarfélögum, ef landið hefur áður verið í notum sveitarfélaga, enda skal sveitarfélögum skylt að taka við landinu með þeim kvöðum, sem því fylgja samkv. lögum þessum.

13. gr.

Ef uppblástur byrjar að nýju, eftir að landeigandi hefur fengið landið til umráða og afnota samkv. 12. gr., þá er honum skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema hann sanni, að uppblásturinn sé ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna.

Ef hann vanrækir nauðsynlegar aðgerðir til varnar uppblæstri, hefur landgræðslustjóri rétt til þess að láta vinna verkið á hans kostnað eða taka landið eignarnámi, ef þörf gerist.

III. KAFLI

Um athugun á beitilöndum, gróðurvernd og ítölu.

14. gr.

Landgræðsla Íslands skal hafa eftirlit með því, hvernig beitilönd eru nytjuð, jafnt í afréttí sem heimahögum, og gæta þess, að gróður eyðist ekki fyrir ofbeit eða aðra óskynsamlega meðferð manna, svo sem að eigi sé skilið við stór opin flög við vegagerðir eða aðrar umbyltingar á landi. Hún skal einnig athuga vandlega allar skemmdir á landi við náttúruhamfarar og gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að við þær sé gert, hvarvetna þar sem því verður við komið.

15. gr.

Héraðsráðunautum skal skylt að gefa Landgræðslu Íslands árlega skýrslu um fjölda búfjár, er í afréttum gengur, og gera jafnframt grein fyrir því, hvar þeir telji mesta hættu á, að afréttir séu ofsetnar.

16. gr.

Ef eftirlit það, er um getur í 14. og 15. gr., leiðir í ljós, að hætta sé á gróðurskemmdum og jafnvel uppblæstri sökum ofbeitar, skal Landgræðsla Íslands tilkynna það skjallega sýslunefnd þeirri, er í hlut á, og leggja fram tillögur til úrbóta. Verði daufheyrzt við þeim tillögum, skal málið lagt fyrir landbúnaðarráðherra, er ákveða skal í samráði við landgræðsluna, hvað gera skuli.

17. gr.

Ef eftirlit landgræðslunnar leiðir í ljós, að hætta sé á gróðurskemmdum í heimahögum einstakra jarða eða sveita, skal það fyrst rætt við eigendur jarðanna eða sveitarfélögin, ef það varðar sveitina alla, og tillögur lagðar fram til úrbóta. Ef það ber ekki árangur, skal málið lagt fyrir landbúnaðarráðherra á sama hátt og þegar hætta er á gróðurskemmdum á afréttarlöndum.

18. gr.

Ef landgræðslustjóri telur hættu á gróðurskemmdum á afréttarlöndum eða heimahögum, getur hann, eftir að eigi hefur náðst samkomulag um aðrar aðgerðir, gert kröfu um ítölu, og fer þá um það samkv. ákvæðum laga nr. 39 frá 23. maí 1959.

19. gr.

Heimilt skal að skipa í sýslu hverri 5 manna landgræðslunefnd til samvinnu við Landgræðslu Íslands. Skal sú nefnd þá annast það hlutverk, sem ætlað er sýslunefnd skv. 16. gr.

IV. KAFLI
Tilraunastarf og rannsóknir.

20. gr.

Rannsóknir og tilraunastörf í þágu Landgræðslu Íslands skulu faldar tilraunaráði jarðræktar eins og önnur mál, er jarðrækt varða. Landgræðslustjóri skal eiga sæti í tilraunaráði.

21. gr.

Tilraunir og athuganir í þágu landgræðslu til þess að afla þar hagnýtrar fræðslu skulu gerðar í Gunnarsholti og á öðrum þeim stöðum, er bezt henta.

V. KAFLI
Um græðslu ógróins og gróðurlítils lands.

22. gr.

Landgræðsla Íslands skal í samráði við Búnaðarfélag Íslands og búnaðardeild Atvinnudeildar háskólans gera fyrir árslok 1965 tíu ára áætlun um eflingu gróðurs gróðurlítilla og ógróinna landssvæða í heimahögum og afrétti, og skal Landgræðslu Íslands falið að græða þau fyrir árið 1975. Þau landssvæði skulu að öðru jöfnu ganga fyrir, þar sem auðveldast er til græðslu, og þar næst þau, þar sem landþrengst er til búskapar og beitar.

23. gr.

Um öflun umráðaréttar á landi til græðslu samkv. 22. gr. gilda sömu ákvæði og um það land, sem tekið er til græðslu samkv. II. kafla þessara laga, um heftingu sandfoks og græðslu örfoka lands. Einnig skulu girðingar vegna þess lands, sem tekið er til græðslu samkv. 22. gr., hlíta sömu ákvæðum og sandgræðslugirðingar. En heimilt skal landgræðslustjóra að taka land til græðslu með sáningu og áburði eða með áburði einum svo og með áveitu án þess að girða landið, ef athuganir leiða í ljós, að slíkt er vænlegt til árangurs.

24. gr.

Bændur, félög einstakra bænda eða hreppsfélög geta efnt til landgræðslu í samráði við Landgræðslu Íslands. Skal þá landgræðslustjóri eða hlutaðeigandi landgræðsluvörður stjórna öllum framkvæmdum við græðsluna, og skal landið vera í vörzlu og umsjá landgræðslunnar eins lengi og landgræðslustjóri telur nauðsynlegt.

Um kostnað við þessa landgræðslu og afhendingu lands að lokinni græðslu gildir hið sama og um græðslu uppblásturssvæða samkv. 7., 12. og 13. gr. II. kafla þessara.

VI. KAFLI
Um öflun fjár til landgræðslu.

25. gr.

Meðan 10 ára áætlun sú um landgræðslu, sem fyrir er mælt í 22. gr, er framkvæmd, skal ríkissjóður auk launa fastra starfsmanna og skrifstofukostnaður Landgræðslu Íslands leggja fram fast árlegt framlag til landgræðslunnar, að upphæð 5 millj. króna miðað við verðlag 1964 og að viðlagðri hækkun framfærsluvísitölu hvers árs frá 1. janúar 1965.

Enn fremur skal lagður 15% verðtollur á alla fóðurvöru, er til landsins flyzt, og skal landgræðslan fá allan þann toll til ráðstöfunar.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

26. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs, 200—20000 krónum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. Með mál út af þeim skal farið sem önnur opinber mál.

27. gr.

Landbúnaðarráðuneytið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um landgræðsluna eða einstök atriði hennar samkv. lögum þessum.

28. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 6 frá 15. febr. 1895, um heimild fyrir sýslunefndir til að gera samþykktir um hindrun og heftingu sandfoks og sandgræðslu, lög nr. 18 frá 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, og lög nr. 76 frá 10. nóv. 1943, um breyting á lögum nr. 18 frá 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

29. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1965.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er ekki nýr gestur hér á Alþingi. Það er í öllum höfuðgreinum sama frumvarpið og Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri flutti á aðalþinginu 1958—1959 og þeir Gísli Guðmundsson og Björn Fr. Björnsson fluttu síðan á þingum síðasta kjörtímabils. Frumvarp þetta var upphaflega samið af milliþinganefnd, sem skipuð var af þáverandi landbúnaðarráðherra, Hermanni Jónassyni, 24. júlí 1957, og áttu sæti í þeirri nefnd Björn Kristjánsson fyrrverandi alþingismaður og kaupfélagsstjóri á Kópaskeri, og var hann formaður nefndarinnar, Árni G. Eylands stjórnarráðsfulltrúi, Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri, Arnór Sigurjónsson og Páll Sveinsson sandgræðslustjóri. Nefnd þessi skilaði áliti sínu í marzmánuði 1958, og flutti Steingrímur Steinþórsson óbreytt frumvarp það, er nefndin hafði samið. Frumvarpið kom seint fram á þinginu, og varð því ekki útrætt, enda voru stjórnarskipti og miklar breytingar á meðferð þingmála á næsta leiti.

Er núverandi landbúnaðarráðherra tók við stjórn landbúnaðarmálanna, kvaddi hann nefnd þá, er um mál þetta hafði fjallað, saman að nýju til viðræðu og athugunar á málinu. Bæði einstakir nefndarmenn og nefndin í heild (að undanskildum Steingrími Steinþórssyni) ræddi þá við ráðherra um málið, og var það samhuga vilji nefndarmanna að taka til greina allar þær tillögur, er ráðherra hafði fram að bera í málinu, líka þá tillögu til fjáröflunar sandgræðslunni, er allir nefndarmenn voru á móti að hugsun sinni og skoðun á málinu, að leggja ákveðið gjald á hverja selda vínflösku. En því gekkst nefndin undir það að gera þá tillögu að sinni tillögu, að hún hugði, að ráðherra mundi þá bera frumvarpið fram heils hugar, annaðhvort sem stjórnarfrv. eða fela landbúnaðarnefnd annarrar hvorrar deildar Alþingis að flytja það. Nefndin treysti þá ráðherra svo vel til þess að bera málið fram til sigurs og unni honum þess einnig svo vel að hafa allan veg af því, að formaður nefndarinnar, Björn Kristjánsson, lagði sig fram til að koma í veg fyrir, að aðrir yrðu til að flytja frumvarpið, hvort sem væri breytt eða óbreytt, enda fékk hann því frestað, þar til hann var vonlaus orðinn um, að ráðherra mundi flytja málið í nokkurri mynd.

Í hvert sinn, er málið var flutt á síðasta kjörtímabili, lét landbúnaðarráðherra á sér skilja, að verið væri að hlaupa fram fyrir sig, en þó kom það ekki fram opinberlega að hann hefðist nokkuð að. Þó hefur það vitnazt, að hann hefur skipað tvær nefndir til að fjalla um málið, þá fyrri undir forsæti Pálma Einarssonar landnámsstjóra, hina síðari undir forsæti Hákonar Bjarnasonar skógræktarstjóra. Um aðra nefndarmenn skal það eitt sagt, að sandgræðslustjóri var í fyrri nefndinni, en undirritaði ekki tillögur nefndarinnar, enda verður að telja eðlilegt, að hann gerði það ekki.

Flutningsmaður hefur haft fréttir af, að landbúnaðarráðherra mundi ef til vill hafa nokkurn hug á að flytja á þessu þingi frumvarp til nýrra laga um sandgræðslu, og hafði upphaflega ætlað sér að veita því frumvarpi stuðning sinn, jafnframt því að leggja fram tillögur til breytinga, þær sem hann teldi æskilegar. En er flutningsmaður hafði séð í uppkasti frumvarp þeirra nefnda, er landbúnaðarráðherra hefur skipað og kallað sér til hjálpar í málinu, og frétti um afskipti hans af þeim tillögum, er þar komu fram, taldi flutningsmaður sér skylt að bera fram sínar tillögur í frumvarpsformi.

Það skal tekið fram, að frumvarp þetta er að mestu leyti frumvarp það, er sandgræðslunefndin 1957—1958 samdi. Þó hefur flutningsmaður tekið upp í þetta frumvarp tvær tillögur, er hann bar fram í sandgræðslunefndinni á sínum tíma, en þá voru báðar felldar þar af meiri hluta nefndarmanna. Önnur tillagan er, að stofnun sú, er annast gróðurvernd og græðslu lands, heiti Landgræðsla Íslands. Sú tillaga var felld í nefndinni með þeim rökstuðningi, að í henni fælist ágengni við Skógræktina. Nú hefur flutningsmaður sannfrétt, að skógræktarstjóri sé tillögu þessari hlynntur, og þá er röksemdin gegn henni fallin. Hin tillagan er sú, að 15% tollur verði lagður á innflutta fóðurvöru og þeim tolli varið óskiptum til landgræðslu. Þessi tillaga var á sínum tíma lögð fram í sandgræðslunefndinni frá 1957 af flutningsmanni og Árna G. Eylands með þeim rökstuðningi, að tollaívilnunum á innfluttri fóðurvöru væri beinlínis stefnt gegn innlendri fóðurframleiðslu, og þekktist slíkt ekki í nágrannalöndum, þar sem skilyrði til landbúnaðar væru svipuð og hér. Þannig hefðu t. d. Norðmenn mikla álagningu á innfluttri fóðurvöru og verðu þeir þeirri álagningu til þess að verðtryggja fóðurframleiðslu sína. — Tollur þessi á innflutta fóðurvöru er mjög lágur, eftir því sem tollar gerast hér á landi, enda hyggst flutningsmaður leggja síðar fram tillögur um stuðning við íslenzka kornrækt og grasmjölsframleiðslu og sé tekna til þess aflað með því að leggja önnur 15% sem toll á innflutta fóðurvöru.

Sþ. 46. Skýrsla

samgöngumálaráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1964.

I. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

Unnið hefur verið að framkvæmd vegáætlunar fyrir yfirstandandi ár eins og nánar greinir í eftirfarandi skýrslu. Vegagerð ríkisins hefur einnig annazt nær allar framkvæmdir á vegum sýsluvegasjóða. Sýslunefndir hafa verið aðstoðaðar við samningu samþykkta fyrir sýsluvegasjóði og gerð áætlun um framkvæmdir á vegum sjóðanna, svo og undirbúningur að fjögurra ára framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi.

Vegagerð ríkisins hefur einnig aðstoðað einstök kauptún og kaupstaði við framkvæmdir á þjóðvegum innan þessara staða.

Þá hefur Vegagerð ríkisins unnið að undirbúningi vegáætlunar fyrir næstu fjögur ár, en nánar verður vikið að því starfi í vegáætlun þeirri, sem lögð verður fram innan skamms.

Eins og kunnugt er hefur það tíðkazt mjög á undanförnum árum, að hreppsfélög og sýslufélög hafi lagt fram bráðabirgðalán til vegaframkvæmda til eins eða

tveggja ára. Námu lán þessi í heild háum upphæðum eins og greint var frá í greinargerð með till. til þingsályktunar fyrir vegáætlun 1964.

Í ár hefur undantekningarlítið verið fylgt þeirri meginreglu að heimila aðeins endurnýjun bráðabirgðalána til einstakra vega að hálfu eða í hæsta lagi ⅔ hlutum, þar sem sérstaklega hefur þótt aðkallandi að ljúka framkvæmdum við einstaka vegarkafla. Í nokkrum tilvikum hrukku fjárveitingar í vegáætlun ekki til endurgreiðslu bráðabirgðalána, og stendur afgangur þeirra til næsta árs.

Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreind bráðabirgðalán til hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta um áramót 1963 og áramót 1964:

	Áramót 1963.	Áramót 1964.
1. **Hraðbrautir.**		
Fyrirframgr. úr ríkissjóði	1 500 millj. kr.	–
2. **Þjóðbrautir:**		
a. Fyrirframgr. úr ríkissjóði	1 450 — —	0 200 millj. kr.
b. Bráðabirgðalán úr héraði	5 150 — —	2 340 — —
3. **Landsbrautir:**		
a. Fyrirframgr. úr ríkissjóði	1 850 — —	0 650 — —
b. Bráðabirgðalán úr héraði	13 350 — —	8 370 — —
	23 300 millj. kr.	11 560 millj. kr.

Hafa bráðabirgðalánin sem heild lækkað um liðlega helming samkvæmt ofangreindu yfirliti. Af lánum til þjóðbrauta og landsbrauta nú eru um ⅔ hlutar endurnýjun bráðabirgðalána frá s. l. ári.

Í eftirfarandi yfirliti yfir framkvæmd einstakra liða vegáætlunar fyrir yfirstandandi ár eru allar kostnaðartölur miðaðar við áætlanir þær er fyrir lágu, er tillaga um vegáætlun var lögð fram á Alþingi s. l. vor. Endanleg reikningsyfirlit um einstakar framkvæmdir verða ekki fyrir hendi fyrr en í byrjun næsta árs.

Verðbreytingar urðu nokkrar með nýjum kaupgjaldssamningum o. fl. hinn 1. júlí s. l. Hafa þær breytingar að sjálfsögðu í för með sér aukinn kostnað á þeim mannvirkjum, sem ljúka verður í einum áfanga, eins og t. d. byggingu einstakra brúa.

Eftir því sem næst verður komizt, þá hafa verðbreytingar frá marz til okt. haft eftirfarandi áhrif til hækkunar á vísitölu einstakra framkvæmdaliða:

	Marz	Okt.
Vegaviðhald	470	476
Vegagerð	448	452
Brúargerð	504	532

II. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

1. Viðhaldskostnaður þjóðvega.

Fjárveiting var 80.0 millj. kr. Í till. fyrir vegáætlun í ár var lagt til, að fjárveiting yrði 85.0 millj. kr. og var þá miðað við vístölu viðhaldskostnaðar 460. Vegna reikningsskekkju var þessi vísitala of lág. Rétt vísitala miðað við verðlag s. l. vetur var 470, og við kaupbreytingu 1. júlí s. l. hækkar hún í 476, og kemur þar einnig til bæði hækkað orlofsfé úr 6 í 7%, launaskattur og ýmis sérákvæði um greiðslur vegna lögboðinna helgidaga.

Kostnaður við vegaviðhald varð 70.4 millj. kr. árið 1963, og var vísitala viðhaldskostnaðar þá 412. Miðað við viðhaldsvísitölu 470 og lengingu akfærra vega úr 7800 km í 8628 km hefði viðhaldsfé þurft að vera um 88 millj. kr.

Þó að s. l. vetur hafi verið afar snjóléttur og kostnaður við snjómokstur því með minnsta móti, þá kemur þar á móti, að flestallir vegir voru opnir allan veturinn og þurftu því bæði heflun og annað viðhald.

Umferð á hinum fjölfarnari vegum um sumarmánuðina hefur aukizt mjög, og endist malarslitlag, sem sett er að vori, ekki út sumarið, og má sjá þess glögg merki á helztu aðalvegum út frá Reykjavík. Af þessum sökum er fyrirsjáanlegt, að fjárveiting til vegaviðhalds í vegáætlun í ár muni ekki hrökkva til óhjákvæmilegs viðhalds, en eins og er verður ekki sagt með vissu, hve mikill óhjákvæmilegur kostnaður verður.

2. Vegmerkingar skv. umferðarlögum.

Fjárveiting var 1.0 millj. kr. Unnið var aðallega að uppsetningu umferðarmerkja á Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi.

Er nú búið að merkja skv. reglugerð nr. 61/1959 eftirfarandi af einstökum flokkum vega skv. vegáætlun 1964:

Af	121 km	hraðbrauta eru merktar	121 km	eða	100%
—	2792 —	þjóðbrauta — —	2192 —	—	78.5%
—	5715 —	landsbrauta — —	908 —	—	16%
alls	8628 km		alls 3221 km		

Er því enn eftir að merkja 5407 km af akfærum þjóðvegum eða 63%.

III. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

1. Til hraðbrauta.

1. **Reykjanesbraut (A 2):**

Fjárveiting var kr. 6 778 millj. og var varið til greiðslu skulda. Íslenzkir Aðalverktakar luku samkvæmt samningum við undirbyggingu vegarins á Fitjum og frá Grindavíkurvegi inn á Strandarheiði, alls 8.4 km, og er kostnaður um kr. 25 millj. Sem stendur vinna Ísl. Aðalverktakar að undirbyggingu vegarins frá Kúagerði suður á Strandarheiði, 6.2 km, og er kostnaður áætlaður kr. 18.6 millj. Er þá aðeins ólokið undirbyggingu á 1.4 km kafla í Ytri-Njarðvík. Lagningu slitlags er hins vegar ólokið á 22 km kafla frá Kúagerði til Keflavíkur.

2. **Þrengslavegur (G 2):**

Fjárveiting var kr. 3 222 millj. og til greiðslu skulda var varið kr. 1513 þús. Vegurinn var byggður upp og lagfærður á 2.2 km kafla norðaustan Krossfjalla.

2. Til þjóðbrauta.

1. **Vesturlandsvegur (B 1):**

a. Um Þyril:

Fjárveiting var 1.9 millj. kr. Tekinn var til umferðar 1.5 km kafli um Þyril.

b. Í Miðdölum:

Fjárveiting var engin, en unnið fyrir lánsfé 100 þús. kr. Undirbyggður var 1.2 km kafli milli Grafar og Reykjadalsár.

c. Í Gilsfirði:

Fjárveiting var 835 þús. kr. en skuld frá fyrra ári 540 þús. kr. Tekinn var til umferðar 1.2 km kafli um Brekkuá og Grjótá, en hann var að nokkru leyti undirbyggður 1963.

d. Í Geiradal í Barðastrandarsýslu:

Unnið var fyrir lánsfé 250 þús. kr. að endurbyggingu snjóþungra kafla um Garpsdal 800 m og Gróustaði 600 m, auk þess var nú borið ofan í 300 m kafla í Slitrum, er lagður var 1963.

2. **Ólafsvíkurvegur (B 40):**
Fjárveiting var kr. 4.22 millj. og fór til greiðslu upp í skuldir vegna vegar um Ólafsvíkurenni. Skuldin var 15 261 300.00 kr. og standa eftir 11 041 300.00 kr. til næsta árs.

3. **Grundarfjarðarvegur (B 45):**
Fjárveiting var 1 245 millj. kr., en skuld frá fyrra ári 1 292 millj. kr. Unnið var fyrir lánsfé 1.08 millj. kr.
Unnið var í veginum fyrir ofan Kolgrafir og þar tekinn til umferðar 2.5 km kafli í framhaldi af kaflanum, sem unninn var 1963. Eftir er að bera ofan í veginn að nokkru leyti. Vestan Mjósunda er verið að undirbyggja 2.0 km kafla að Helgafellssveitarvegi.

4. **Vestfjarðavegur (C 1):**
a. Sunnan Þingmannaheiðar, Eiði — Mjóafjarðarbotn:
Fjárveiting var kr. 800 þús. og var varið í kaflann frá Eiði við Skálmarfjörð meðfram Kerlingafirði, inn í botn Mjóafjarðar. Alls eru þetta 4.8 km. Þar af var fulllokið 2.0 km, en undirbyggðir eru 2.8 km.
b. Sunnan í Breiðadalsheiði, frá Kinn um Kerlingahól:
Fjárveiting var 600 þús. kr. Fjárveitingu varið til að byggja 900 m veg um Kerlingahól og ýta upp vegi á 600 m kafla.

5. **Barðastrandarvegur (C 10):**
Fjárveiting var 500 þús. kr. Fjárveitingu varið til greiðslu á 310 þús. kr. skuld og til að fullgera 1.0 km veg á Kleifaheiði og 2.0 km veg um Tungumúla á Barðaströnd.

6. **Strandavegur (C 35):**
Fjárveiting var 500 þús. kr. Fjárveitingu var varið til að greiða 100 þús. kr. skuld og byggja nýjan veg um Húsavíkurkleif, að vegamótum Heiðabæjarvegar, alls 1.5 km.

7. **Norðurlandsvegur (D 1, E 1):**
a. Í Langadal:
Fjárveiting 140 þús. kr. Henni var varið til að fullgera 300 m vegarkafla norðan Æsustaða.
b. Í Reykjadal:
Fjárveiting 150 þús. kr. Fór hún til greiðslu upp í skuld. Eftirstöðvar skuldar 103 þús. kr.
c. Á Mývatnsheiði:
Fjárveiting var 160 þús. kr. Fór hún til greiðslu upp í skuld. Eftirstöðvar skuldar 115 þús. kr.
d. Við Helluvaðsá:
Fjárveiting 300 þús. kr. Verið er að vinna fyrir þessa fjárveitingu í sambandi við byggingu brúar á Helluvaðsá.

8. **Siglufjarðarvegur (D 38):**
Fjárveiting 1.5 millj. kr. Lán tekið til vegarins skv. sérstakri fjáröflun ríkisstjórnarinnar að upphæð 3 millj. kr. Fjárveitingu var ráðstafað á eftirfarandi hátt:
a. Á Lambanesás:
Greidd var 70 þús. kr. skuld, sem hvíldi á þessum kafla, og ruddur vetrarvegur um þann hluta ássins, sem ekki var búið að undirbyggja.

b. Fyrir Stráka:
Til greiðslu á vöxtum og afborgun af láni frá 1963 fóru kr. 372 þús. og til greiðslu á skuld 500 þús. kr.
Að öðru leyti var fjárveitingu og láni varið til að undirbyggja að mestu leyti veg frá Mánárskriðum, um Máná, Herkonugil, Engidalsá og Sauðanes að Landsendagjá, alls um 6 km.

9. **Ólafsfjarðarvegur (D 53):**
a. Hjá Ketilási:
Fjárveiting 150 þús. kr. Greitt var 73 þús. kr. lán og eftirstöðvum fjárveitingar varið til að undirbyggja um 300 m langan vegarkafla.
b. Um Ólafsfjarðarmúla:
Fjárveiting 1 350 millj. kr. Lán til vegarins skv. sérstakri fjáröflun ríkisstjórnarinnar að upphæð 2 millj. kr. Til greiðslu á afborgun og vöxtum af láni frá 1963 fóru 162 þús. kr. og til greiðslu á skuld kr. 40 þús. Að öðru leyti fór fjárveiting til undirbyggingar 5 km langs kafla frá Sauðá að Flagi.
c. Í Arnarneshreppi:
Fjárveiting 150 þús. kr. Fjárveiting fór upp í 300 þús. kr. skuld.

10. **Þingeyjarsýslubraut (E 23):**
a. Sunnan Húsavíkur:
Fjárveiting 500 þús. kr. Fór hún til greiðslu upp í skuld. Eftirstöðvar skuldar 308 þús. kr.
b. Á Tjörnesi:
Fjárveiting 500 þús. kr. Til greiðslu á skuld fóru 235 þús. kr. en eftirstöðvum fjárveitingar var varið til að undirbyggja veg um Skeifárgil. Er því verki ekki lokið.
c. Kelduhverfi til Þórshafnar:
Fjárveiting 750 þús. kr. Af fjárveitingu fóru 350 þús. kr. til greiðslu á skuld.
Að öðru leyti var fjárveitingu varið til mölburðar á 3 km löngum vegarkafla í Kelduhverfi. Eftirstöðvar skuldar nú 300 þús. kr.
d. Á Ytrihálsi:
Fjárveiting 400 þús. kr. Fullgerður var um 2 km langur kafli norðan Kollavíkur.

11. **Austurlandsvegur (F 1):**
a. Í Möðrudal:
Fjárveiting kr. 800 þús. Fyrir fjárveitinguna voru undirbyggðir 5.7 km um vestari Möðrudalsfjallgarð.
b. Á Jökuldal:
Fjárveiting 100 þús. kr. Mölborinn var undirbygging frá 1963 innan við Hjarðarhaga 0.9 km að lengd. Enn fremur endurbyggður 0.2 km kafli um Hvanná.
c. Um Hróarstungu:
Fjárveiting 500 þús. kr. Fjárveitingu var varið til að grafa skurði með veginum norður frá Lagarfljótsbrú, lagfæra veginn, ýta upp nýjum vegi á köflum og mölbera. Lokið er að mestu við skurðgröft og endurbætur á 4 km kafla og mölburð á 2.5 km.
d. Í Skriðdal:
Fjárveiting 500 þús. kr. Greidd var skuld 100 þús. kr. Fé að öðru leyti varið til vegagerðar á 0.6 km kafla gegnum tún á Stóra-Sandfelli.

e. Í Breiðdal:
Fjárveiting 450 þús. kr. Fjárveitingu var varið til vegagerðar milli Höskuldsstaða og Höskuldsstaðasels. Lokið var við 1 km og með því var smábrú, er byggð var á Selá, tekin í umferð.

f. Í Berufirði:
Fjárveiting 600 þús. kr. Fjárveitingu varið til vegagerðar í botni Berufjarðar og um Hvannabrekku. Var alls lokið við 2.6 km og undirb. 0.4 km.

g. Í Geithellnahreppi:
Fjárveiting 400 þús. kr. Lokið var við undirbyggingu 3 km kafla um Melrakkanes, sem byrjað var á 1962, og kaflinn síðan mölborinn. Enn fremur byggður 0.3 km kafli austur frá Selárbrú í Hamarsfirði.

h. Í Lóni:
Fjárveiting 300 þús. kr. Fjárveitingu var varið til vegagerðar um Brunná, þar var byggð smábrú. Var lokið við 2 km kafla, en hann var að nokkru leyti undirbyggður 1963.

12. **Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur (F 2):**
Á Hellisheiði:
Fjárveiting var 600 þús. kr. Fjárveitingu var varið til áframhaldandi undirbyggingar báðum megan Hellisár. Var unnið á 1.5 km löngum kafla en undirbyggingu ekki lokið. Þá voru grafnir vegskurðir og undirbyggðir 0.4 km upp frá Dalsá í Vopnafirði. Loks var unnið að því að gera jeppafæran ruðningsveg norðan í Hellisheiði.

13. **Norðfjarðarvegur (F 31):**
a. Um Fagradal:
Fjárveiting 430 þús. kr. Lokið var við 0.7 km kafla ofan við Biskupshlaup, sem byrjað var á 1963. Enn fremur undirbyggður að mestu leyti kafli neðan við hlaupið, 1.6 km að lengd.

b. Í Eskifirði:
Fjárveiting 250 þús. kr. Fjárveitingu var varið til greiðslu upp í skuld að upphæð 360 þús. kr.

c. Í Reyðarfirði:
Fjárveiting 400 þús. kr. Samkvæmt beiðni þingmanna Austurlandskjördæmis var heimilað að nota fjárveitingu til brúargerðar á Búðará í Reyðarfirði, sbr. greinargerð um brú á Kotá í Öræfum.

14. **Suðurfjarðavegur (F 39):**
Fjárveiting 750 þús. kr. Greidd var skuld að upphæð 420 þús. kr. Fjárveitingu að öðru leyti varið til að ljúka við tvo kafla í Fáskrúðsfirði, sem byrjað var á 1963. Þá var mölborinn 1 km kafli um Kambanes, sem undirbyggður var 1961 og þá aðeins mölborinn lítið.

15. **Suðurlandsvegur (G 1):**
a. Í Mýrdal:
Fjárveiting var 500 þús. kr. Fjárveitingu var varið til að lengja ræsi í Miðaftansgili, hækka og breikka veg þar, til að breikka og lagfæra veginn þaðan og á gamla veginn ofan Grafargils, jafna kanta og mölbera allan kaflann, alls 1.3 km.

b. Í Holtum:
Fjárveiting var 900 þús. kr. Fjárveitingu var varið til að fullgera 1.3 km kafla um Hárlaugsstaði. Kaflinn var grafinn 1963.

16. **Þingvallavegur (G 3):**
Fjárveiting var 600 þús. kr. og var varið til greiðslu á 500 þús. kr. skuld. Hrútlæk var veitt í Öxará með skurði og fyrirhleðslum, og til að ljúka því verki voru 200 þús. kr. endurlánaðar til næsta árs.

3. Til landsbrauta.

1. **Grindavíkurvegur (A 6):**
Fjárveiting 300 þús. kr. og var henni varið til að undirbyggja að mestu 1.2 km kafla vestan Grindavíkur.

2. **Kjósarskarðsvegur (A 24):**
Fjárveiting 265 þús. kr. og henni varið til að fullbyggja 1.0 km kafla frá Hækingsdalsvegi að Hálsá.

3. **Skorradalsvegur (B 3):**
Fjárveiting var 250 þús. kr. og fóru 57 þús. kr. til greiðslu skuldar frá fyrra ári. Tekinn var til umferðar 1.0 km kafli milli Stóra-Gils og Merkigils.

4. **Dragavegur (B 2):**
Fjárveiting var 250 þús. kr. Tekinn var til umferðar 0.5 km kafli meðfram Geitabergsvatni og 0.3 km kafli inn Kornahlíð undirbyggður.

5. **Lundarreykjadalsvegur (B 10):**
Fjárveiting var 200 þús. kr., en auk þess var unnið fyrir lánsfé 100 þús. kr. Haldið var áfram undirbyggingu vegarins milli Arnþórsstaða og Lundar og henni lokið. Er þar nú 4.2 km kafli tilbúinn til ofaníburðar.

6. **Reykdælavegur (B 14):**
Fjárveiting var 150 þús. kr. og inneign frá fyrra ári 20 þús. kr. Tekinn var til umferðar 2.3 km kafli milli Rauðsgils og Búrfells, sem undirbyggður var að nokkru leyti 1963.

7. **Svínadalsvegur (B 4):**
Fjárveiting var 150 þús. kr. og fóru 100 þús. kr. til greiðslu á skuld, sem var á veginum. Grafnir voru vegskurðir í 700 m kafla um Hurðarbak, en ekki jafnað úr ruðningum.

8. **Melasveitarvegur (B 8):**
Fjárveiting var 45 þús. kr. og fór hún til að greiða upp skuld frá fyrri ári.

9. **Þverárhlíðarvegur (B 18):**
Fjárveiting var 200 þús. kr. og fóru 198 þús. kr. til greiðslu á skuld frá fyrra ári, en 2 þús. kr. voru geymdar til næsta árs.

10. **Norðurárdalsvegur (B 17):**
Fjárveiting var 100 þús. kr. Undirbyggður var 1.5 km kafli milli Hárekssstaða og Hóls og grafnir vegskurðir á 400 m kafla í Hólslandi. Borið var ofan í veg milli Glitstaða og Skarðshamra 0.8 km.

11. **Ferjubakkavegur (B 16):**
Fjárveiting var 180 þús. kr. og fóru 16 þús. kr. til greiðslu á skuld. Verið er að undirbyggja 1.4 km kafla milli Ferjubakka og Ölvaldsstaða, en verkinu er ekki lokið.

12. **Álftaneshreppsvegur (B 26):**
Fjárveiting var 45 þús. kr. og fór til greiðslu upp í 120 þús. kr. skuld frá fyrra ári. Eftir stendur 75 þús. kr. skuld til næsta árs.

13. **Hraunhreppsvegur (B 27):**
Fjárveiting var 400 þús. kr. og fóru 40 þús. kr. til greiðslu á skuld. Tekinn var til meðferðar 1.7 km kafli milli Miklholts og Hamra og undirbyggðir 2.0 km.

14. **Staðarhraunsvegur (B 30):**
Fjárveiting var 45 þús. kr. og fóru 43 þús. kr. til greiðslu á skuld, en 2 þús. kr. geymast til næsta árs.

15. **Kolviðarnesvegur (B 34):**
Fjárveiting var 100 þús. kr. og var borið ofan í veg, undirbyggðan 1963, fyrir þá upphæð.

16. **Útnesvegur (B 42):**
Fjárveiting var 130 þús. kr. Fór hún til að greiða niður 290 þús. kr. skuld frá fyrra ári. Er þá eftir 160 þús. kr. skuld sem færist til næsta árs.

17. **Framsveitarvegur (B 46):**
Fjárveiting var 50 þús. kr. og fór til að greiða upp skuld frá fyrra ári.

18. **Skógarstrandarvegur (B 50):**
Fjárveiting var 800 þús. kr. og fór til greiðslu upp í 1.38 millj. kr. skuld frá fyrra ári. Unnið var fyrir lánsfé 600 þús. kr. Teknir voru til umferðar 1.4 km kafli milli Stóru-Langadalsár og Setbergsár og 0.7 m kafli um Harrastaði í Dölum.

19. **Heydalsvegur (B 32):**
Fjárveiting var 480 þús. kr. og geymt fé frá fyrra ári 180 þús. kr. 420 þús. kr. var ráðstafað til greiðslu skulda í Skógarstrandarvegi skv. ákvörðun þingmanna kjördæmisins. Lokið var undirbyggingu á 2.5 km kafla, þar sem búið var að grafa vegskurði.

20. **Hlíðarvegur (B 54):**
Fjárveiting var 175 þús. kr. og fór til greiðslu upp í 185 þús. kr. skuld frá fyrra ári. Unnið var fyrir lánsfé 170 þús. kr.

21. **Hörðudalsvegur (B 52):**
Fjárveiting var 100 þús. kr. og fór til greiðslu upp í 110 þús. kr. skuld frá fyrra ári. Unnið var fyrir lánsfé 275 þús. kr. Undirbyggður var 0.4 km kafli um brú hjá Tungu og borið ofan í veg um Blönduhlíð ca. 2.0 km.

22. **Laxárdalsvegur (B 56):**
Fjárveiting var 175 þús. kr. og fór til að greiða niður 320 þús. kr. skuld frá fyrra ári, og standa eftir af henni 145 þús. kr. Veitt var heimild til að láta vinna fyrir 200 þús. kr. lán í Laxárdal og var ákveðið að leggja það fé í að bera ofan í veg frá Hjarðarholti að Lambastöðum, sem heitir Hjarðarholtsvegur B 57. Verkinu er ekki lokið.

23. **Klofningsvegur (B 59):**
Fjárveiting var 920 þús. kr. og skuld frá fyrra ári 1 420 þús. kr. Unnið er fyrir lánsfé 900 þús. kr. Þar er verið að vinna í 3.0 km kafla um Nípur á Skarðs-

strönd. Er undirbyggingu að verða lokið, en eftir er að bera ofan í ca. 2.0 km. Er áformað að taka veginn til umferðar í vetur þó yfirbygging verði ekki fullgerð.

Efribyggðavegur (B 60):

Heimilað var að láta vinna fyrir lánsfé í Efribyggðavegi B 60, og er áformað að láta ýta upp skurðruðningi og setja pípuræsi í 1.3 km kafla frá brú á Flekkudalsá að Svínaskógi.

24. **Kollsvíkurvegur (C 14):**

Fjárveiting var 150 þús. kr. og lánsfé 150 þús. kr., notað til breikkunar vegar á 4.8 km kafla, frá Gjögri um Hænuvíkurhlíðar.

25. **Suðureyrarvegur (C 16):**

Fjárveitingin var 100 þús. kr. Fjárveitingu varið til greiðslu á 41 þús. skuld og til að ljúka yfirbyggingu vegarins. Telst lagningu þessa vegar nú lokið.

26. **Bíldudalsvegur (C 15):**

Í Tálknafirði, framhald Mikladalsvegar:

Fjárveiting var 200 þús. kr. og lánsfé 700 þús. kr. Fjárveitingu varið til endurbyggingar 3.3 km langs vegar um Víðieyrardal og Hálsgötu. Vegur var aðeins lítils háttar yfirbyggður.

27. **Bíldudalsvegur (C 15):**

Frá Trostansfirði í Helluskarð:

Fjárveiting var 1.5 millj. kr. og lánsfé 500 þús. kr. Fjárveitingu varið til greiðslu á 1.198 millj. kr. skuld og til 10.9 km langs vegar, sem var í byggingu úr Trostansfirði upp á Vestfjarðaveg. Ræsi voru sett í allan veginn og lokið að fullu við 1.5 km langan veg. Í 9.4 km kaflanum frá Sunnudalsá í Helluskarð var borið ofan í á stöku stað, og varð allur vegurinn fær.

28. **Svalvogavegur (C 19):**

Fjárveiting var 115 þús. kr. og er geymd.

29. **Ingjaldssandsvegur (C 21):**

Fjárveiting var 120 þús. kr. Fjárveitingu varið í 1.7 km langan veg, sem í byggingu er milli Núps og Alviðru, og var lokið við 300 m snjóþungan kafla um Alviðru.

30. **Valþjófsdalsvegur (C 22):**

Fjárveiting var 60 þús. kr. Fjárveitingu varið til greiðslu upp í 90 þús. kr. lán frá 1963 vegna endurbóta á vegi í Valþjófsdalsófæru.

31. **Flateyrarvegur (C 23):**

Fjárveiting var 200 þús. kr. og 100 þús. kr. geymslufé. Fjárveitingu varið til að endurbyggja veg á 600 m kafla milli Hvilftar og Sólbakka og undirbyggja veg á 300 m.

32. **Súgandafjarðarvegur (C 24):**

Fjárveiting var 400 þús. kr. og nýtt lán 55 þús. kr. Fjárveiting fór til greiðslu á 55 þús. kr. skuld frá 1963 og til 1.5 km vegar, sem er í byggingu um Kvíanes. Steypt var 4.0 m ræsi í Kvíanesá og sett 5 ræsi, full uppýtt vegi á 1380 m og lítils háttar borið í allan veginn svo hann yrði vetrarfær.

33. **Djúpvegur (C 28):**

a. Í Álftafirði og Seyðisfirði:

Fjárveiting var 1.3 millj. kr. og fóru 807 þús. kr. til greiðslu á skuld. Unnið var fyrir 493 þús. kr. og 850 þús. kr. nýtt lánsfé að 10.9 km löngum vegi úr Álftafirði að Eyri við Seyðisfjörð. Lokið var nú að fullu undirbyggingu á 5.9 km kafla og gerð þar öll ræsi, svo og ýtt upp vegi á 5.0 km kafla.

b. Í Skötufirði:

Fjárveiting var 700 þús. kr. og fóru 487 þús. kr. til greiðslu á skuld. Unnið var fyrir 213 þús. kr. og 240 þús. kr. nýtt lánsfé. 200 m kafli hjá Garðsstöðum var endurbættur, 2.0 km vegur næst við Ögur var yfirbyggður. Af vegi sem undirbúinn var 1963, var nú 1.0 km mikið endurbættur og sett 5 pípuræsi og ýtt upp alveg vegi á 2.0 km.

34. **Snæfjallastrandarvegur (C 33):**

Fjárveiting var 200 þús. kr. Fjárveitingu var varið til að ljúka 2 km vegagerð um Kaldalón að brú á Mórillu, lagfæra undirbyggingu og yfirbyggja veginn.

Auk þess var leið út með hlíðum norðan Mórillu lagfærð og gerð jeppafær í sambandi við lagðan veg á Snæfjallaströnd.

35. **Vatnsfjarðarvegur (C 29):**

Fjárveiting var 350 þús. kr. Fjárveitingu var varið til að greiða 250 þús. kr. skuld og til að bera ofan í veginn milli Skálavíkur og Keldu og setja ræsi á bæjarlækinn á Keldu.

36. **Strandavegur (C 36):**

Fjárveiting var 700 þús. kr. Fjárveiting fór til greiðslu á 250 þús. kr. skuld. Fyrir afganginn, 450 þús. kr. og 330 þús. kr. lánsfé, var unnið á tveim stöðum.

a. Í Veiðileysufirði var ruddur mjór jeppafær vegur frá Skarfadalsá í skriðuofan við Veiðileysukleif, um Seljaá, um mela utan við Veiðileysu, á alls um 4 km kafla. Einnig var malborinn ruðningsvegurinn frá Kaldbaki út fyrir Kolbeinsvík á 5 km kafla.

b. Í Reykjarfirði var lokið við undirbyggingu vegarins frá Selvíkurhöfða inn að Reykjarfjarðará á 4 km kafla.

37. **Drangsnesvegur (C 40):**

Fjárveiting var 375 þús. kr. Fjárveiting fór til greiðslu á 370 þús. kr. skuld. Fyrir afganginn, 5 þús. kr. og 150 þús. kr. lánsfé, var vegur yfirbyggður, meira og minna frá Sandnesi að Hálsgötu á Bjarnarfjarðarhálsi á 4.0 km kafla.

38. **Vatnsnesvegur (D 7):**

Fjárveiting var 310 þús. kr. Greitt var lán 115 þús. kr. en unnið fyrir afganginn og 80 þús. kr. nýtt lán.

a. Undir- og yfirbyggður var 250 m vegkafli við Kárastaðalæk.

b. Undir- og yfirbyggður var 1200 m vegkafli norðan Illugastaða og undirbyggður 800 m vegkafli á sama stað.

39. **Miðfjarðarvegur (D 4):**

Fjárveiting var 330 þús. kr. Greitt var lán 98 þús. kr. og afgangur notaður til:

a. Yfirbyggingar 560 m vegkafla framan við Vesturárbrú.

b. Yfirbyggingar 3700 m vegkafla frá Merkjalæk að Urriðaá á Austursíðu.

40. **Vesturárdalsvegur (D 5):**
Fjárveiting var 70 þús. kr. og var notuð til undirbyggingar á 1160 m vegkafla nærri Húki í Vesturárdal.

41. **Heggstaðanesvegur (D 3):**
Fjárveiting var 145 þús. kr. og var notuð til að ljúka 1400 m vegkafla og undir- og yfirbyggja 700 m vegkafla frá Norðurlandsvegi norðan Melstaðar að Svertingsstaðaá.

42. **Fitjavegur (D 4):**
Fjárveiting var 55 þús. kr. Greitt var lán 40 þús. kr. og afgangur notaður til að lagfæra 2 snjóþunga vegkafla við Messuhól og norðan Hrísa.

43. **Vatnsdalsvegur (D 12):**
Fjárveiting var 375 þús. kr. og fór öll í greiðslu upp í 770 þús. kr. skuld.

44. **Reykjabraut (D 15):**
Fjárveiting var 70 þús. kr. Greitt var lán 40 þús. kr. og afgangur notaður til að lagfæra og undirbyggja við vegamót Svínadalsvegar og Reykjabrautar.

45. **Svartárdalsvegur (D 22):**
Fjárveiting var 230 þús. kr. Greitt var lán 160 þús. kr. og afgangur notaður til að fullgera veg um Leifsstaðaklif að Skottustöðum.

46. **Svínadalsvegur (D 19):**
Fjárveiting var 300 þús. kr. Greitt lán frá fyrra ári 117 þús. kr., en unnið fyrir afganginn og 25 þús. kr. nýtt lán. Fullgerður var 650 m vegur við Reykjaból og undirbyggður 500 m vegkafli á sama stað.

47. **Skagavegur (D 23):**
Fjárveiting var 285 þús. kr. Greitt var lán 50 þús. kr. og afgangur notaður:
a. Tenging á brú á Gauksstaðaá.
b. Breyting og lagfæring á vegi við nýja brú á Fossá.

48. **Skagafjarðarvegur (D 30):**
Fjárveiting var 450 þús. kr. Greitt lán 220 þús. kr. og afgangur notaður til endurbyggingar 1100 m vegkafla neðan Tungukots.

49. **Reykjastrandarvegur (D 27):**
Fjárveiting var 300 þús. kr. og fór öll til greiðslu upp í 500 þús. kr. skuld.

50. **Efribyggðarvegur (D 31):**
Fjárveiting var 50 þús. kr. Greitt var lán 48 þús. kr., afgangur geymdur til næsta árs.

51. **Kjálkavegur (D 35):**
Fjárveiting var 250 þús. kr. og var notuð til að undirbyggja 5800 m vegkafla frá Flatatungu að Keldulandi.

52. **Ólafsfjarðarvegur eystri (E 2):**
Fjárveiting var 170 þús. kr. og var öll notuð til greiðslu upp í 310 þús. kr. skuld.

53. **Hörgárdalsvegur (E 8):**
Fjárveiting: 250 þús. kr. Af fjárveitingu fóru 50 þús. kr. til greiðslu skuldar en 200 þús. kr. til endurbyggingar á 1.0 km löngum vegarkafla sunnan Dunhaga og til undirbyggingar á 0.8 km löngum kafla hjá Möðruvöllum.

54. **Eyjafjarðarbraut (E 12):**
Fjárveiting: 600 þús. kr. Fyrir fjárveitinguna var fullgerður 1.3 km langur kafli norðan Þverár, og eftirstöðvar verða notaðar til undirbyggingar vega sunnan Brunnár.

55. **Svalbarðsstrandarvegur (E 15):**
Fjárveiting 470 þús. kr. Fjárveiting fór til greiðslu upp í 830 þús. kr. skuld. Eftirstöðvar 360 þús. kr.

56. **Fnjóskadalsvegir (E 16—17):**
Fjárveiting 500 þús. kr. Fjárveiting fór til greiðslu upp í 1 415 þús. kr. skuld. Eftirstöðvar 915 þús. kr.

57. **Útkinnarvegur (E 20):**
Fjárveiting 80 þús. kr. Fjárveitingin fór til greiðslu á skuld að sömu upphæð.

58. **Bárðardalsvegir (E 21—22):**
Fjárveiting 330 þús. kr. Fjárveiting fór til greiðslu skuldar að upphæð 186 þús. kr. og til malburðar á 6 km löngum kafla. Til að ljúka malburðinum voru endurlánaðar 120 þús. kr.

59. **Hólsfjallavegur (E 36):**
Fjárveiting 500 þús. kr. Fjárveitingin var notuð til að mölbera 5 km langan vegarkafla milli Grímsstaða og Hólssels og til að undirbyggja rúmlega 1 km langan kafla frá norðurenda vegarins.

60. **Langanesvegur (E 42):**
Fjárveiting 200 þús. kr. Fjárveitingin fór til mölburðar og lagfæringar á veginum milli Heiðar og Skoruvíkur.

61. **Vopnafjarðarvegir (F 5—9):**
Fjárveiting 1.1 millj. kr. Greidd skuld 430 þús. kr. Fjárveitingu að öðru leyti varið sem hér segir:
a. Undirbyggðir 3.2 km á Sunnudalsvegi austan brúar á Hofsá, sem byggð var á árinu.
b. Mölbornir 2.4 km á Vesturdalsvegi, sem undirbyggðir voru 1963.
c. Undirbyggður og mölborinn að nokkru leyti 0.8 km kafli á Torfastaðavegi.
d. Grafinn vegskurður á Ytri-Hlíðarvegi 0.4 km að lengd.

62. **Jökuldalsvegur efri (F 12):**
Fjárveiting 480 þús. kr. Greidd var skuld 85 þús. kr. Fjárveitingu að öðru leyti varið til vegagerðar utan við Búðará. Var lokið við 2.7 km kafla, sem byrjað var á 1963.

63. **Hróarstunguvegur eystri (F 15):**
Fjárveiting 380 þús. kr. Greidd var skuld 30 þús. kr. Þá var mölborin 1 km undirbygging frá 1963 við Kirkjubæ. Grafnir vegskurðir um Urriðavatn og Skógargerði, alls 2.0 km að lengd, og unnið er að undirbyggingu við Urriðavatn.

64. **Upphéraðsvegur (F 19):**

Fjárveiting 600 þús. kr. Greidd var skuld 20 þús. kr. Fjárveitingu að öðru leyti varið til vegagerðar um Klifárgil, en framkvæmdum er ekki lokið, þar sem brúargerð á gilið stendur enn þá yfir.

65. **Seyðisfjarðarvegur (F 24):**

Fjárveiting 460 þús. kr. Greidd skuld 163 þús. kr. Lokið við 1.5 km kafla á suðurströnd Seyðisfjarðar. Til þess að ljúka kaflanum voru endurlánaðar 50 þús. kr.

66. **Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur (F 25):**

Fjárveiting 1.0 millj. kr. Greidd var skuld 286 þús. kr. Fjárveitingu að öðru leyti varið til áframhaldandi vegagerðar um Eiða. Var byggður 1.2 km kafli utan við Eiða, og unnið er að yfirkeyrslu kaflanna frá 1962 og 1963.

Loks voru byggðir smákaflar við brýr á Hvannagilsár í Njarðvík, alls 0.3 km.

67. **Loðmundarfjarðarvegur (F 30):**

Fjárveiting 100 þús. kr. Yfirkeyrður 1.5 km kafli utan við Hólaland í Borgarfirði, svo og unnið að áframhaldandi ruðningsgerð um Húsavíkurheiði og Nesháls til Loðmundarfjarðar.

68. **Mjóafjarðarvegur (F 32):**

Fjárveiting 100 þús. kr. Unnið var að endurbótum ruðningsvegarins á Mjóafjarðarheiði.

69. **Dalavegur í Fáskrúðsfirði (F 41):**

Fjárveiting 80 þús. kr. Lokið var að mestu leyti undirbyggingu á 0.7 km kafla utan við Ljótunnará, sem byrjað var á 1963.

70. **Axarvegur (F 45):**

Fjárveiting 150 þús. kr. Unnið að endurbótum ruðningsins um Öxi, í því skyni að gera hann jeppafæran.

71. **Austurlandsvegur í Skaftafellssýslu (F 1):**

Fjárveiting 520 þús. kr. Fjárveitingu var varið til vegagerðar á Mýrum og í Öræfum. Á Mýrum var lokið að mestu við 0.7 km kafla hjá Viðborðsseli. Í Öræfum er unnið að undirbyggingu um Kotá, svo og skurðgreftri vestan Kvíár, en framkvæmdum er ekki lokið.

72. **Suðurlandsvegur (G 1):**

a. Eldhraun að austanverðu:

Fjárveiting var 400 þús. kr. Fjárveitingu var varið til að mölbera 1.8 km kafla, sem undirbyggður var 1963, og í undirbyggingu á 1.0 km kafla austast í Dyngjum.

b. Eldhraun að vestanverðu:

Fjárveiting var 300 þús. kr. Fjárveitingu var varið til að byggja ca. 0.7 km vegarkafla báðum megin við hina nýju brú á Eldvatnskvísl, og í varnargarða við kvíslina.

73. **Biskupstungnabraut (G 10):**

Fjárveiting var 400 þús. kr. Fjárveitingu varið til mölburðar á 3.1 km kafla frá Kiðjabergsvegamótum í átt að Keri.

74. **Grafningsvegur (G 11):**

Fjárveiting var 150 þús. kr. Fjárveitingu varið til greiðslu á 100 þús. kr. skuld og byggingu á ræsi sunnan Torfastaða.

75. **Geysisvegur (G 20):**
Fjárveiting var 500 þús. kr. Fjárveiting notuð til að ljúka skurðgreftri á kaflanum Geysir—Gullfoss, til endurbóta á gamla Gullfossvegi, til varnargarða við Stakksá, skurða með vegi neðan Neðra-Dals og til hækkunar á vegi milli vegamóta við Múla og Neðra-Dal.

76. **Auðsholtsvegur (G 28):**
Fjárveiting var 190 þús. kr. Fjárveiting notuð til að byggja tvo varnargarða rétt neðan við brú á Stóru-Laxá.

77. **Gaulverjabæjarvegur (G 14):**
Fjárveiting var 200 þús. kr. Fjárveitingu varið til mölburðar á 1.5 km kafla vestan Stokkseyrar og til að girða með vegi í nefndum kafla.

78. **Bugavegar (G 48):**
Fjárveiting var 200 þús. kr. Fjárveitingu varið til greiðslu á 200 þús. kr. skuld.

79. **Þykkvabæjarvegur (G 49):**
Fjárveiting var 100 þús. kr. Fjárveitingu varið til skurðgraftar milli Ægissíðugils og Hrafntófta.

80. **Árbæjarvegur (G 54):**
Fjárveiting var 200 þús. kr. Fjárveitingu varið til mölburðar á veginum milli Snjallsteinshöfða og Sels í Botnahrauni.

81. **Rangárvallavegur (G 55):**
Fjárveiting var 220 þús. kr. Fjárveitingu varið til mölburðar 2.8 km kafla frá Stokkalæk vestur fyrir Keldur, og til að undirbyggja 1.3 km vegarkafla milli Reyðarvatns og Keldna.

82. **Út-Landeyjavegur (G 62):**
Fjárveiting var 400 þús. kr. Fjárveitingu varið til að undirbyggja og mölbera kaflann milli Sigluvíkur og Skúmsstaða, alls 3.0 km.

83. **Álftaversvegur (G 83):**
Fjárveiting var 60 þús. kr. Fjárveitingu varið til vegagerðar við nýja brú á Landbrotsá.

84. **Meðallandsvegur (G 86):**
Fjárveiting var 520 þús. kr. Fjárveitingu varið til greiðslu á 350 þús. kr. skuld. Afgangi var varið í mölburð á 5.0 km kafla vestan Syðri-Fljóta.

85. **Prestbakkavegur (G 90):**
Fjárveiting var 50 þús. kr. Fjárveitingu varið í girðingu með vegi yfir Prestbakkatún og í túnbætur þar.

Ísólfsskálavegur (A 7):
Fjárveiting var engin en sýslan lagði fram 150 þús. kr., sem var varið til að fullbyggja 0.9 km kafla ofan Þórkötlustaðahverfis.

IV. TIL FJALLVEGA, REIÐVEGA OG FERJUHALDS

1. Til aðalfjallvega.

1. **Kaldadalsvegur:**

Fjárveitingunni, sem var 80 þús. kr., var eingöngu varið til venjulegs viðhalds á veginum.

2. **Kjalvegur:**

Fjárveitingunni, sem var 130 þús. kr., var varið til venjulegs viðhalds og einnig var breytt vaði á Seyðisá norðan Hveravalla, svo að nú þarf einungis að fara einu sinni yfir ána í stað þrisvar áður.

3. **Sprengisandsleið:**

Fjárveitingunni, sem var 1.0 millj. kr., var varið svo sem hér segir: Til merkingar á allri leiðinni og óverulegra lagfæringa á veginum upp að Haldi, upp úr Eyjafirði og upp úr Bárðardal var varið um 100 þús. kr.

Til uppsetningar á kláfferju hjá Haldi var varið um 900 þús. kr. Heildarkostnaður við kláfferjuna er áætlaður 1.6 millj. kr., og hefur fjár verið aflað svo sem hér segir:

1.	Framlag í fjárlögum 1963	350 þús. kr.
2.	— frá raforkumálastjóra	200 — —
3.	— frá Ása- og Djúpárhreppum	150 — —
4.	— í vegaáætlun 1964	900 — —
		Alls 1600 þús. kr.

Kláfferja þessi getur flutt 3.5 tonna þungar bifreiðar og við fjárflutninga um 50 kindur. Ferjan var tekin í notkun um miðjan júlí. Hefur ferjan síðan verið notuð töluvert við flutning á bifreiðum og fé og þótt gefa góða raun.

4. **Fjallabaksvegur nyrðri:**

Fjárveitingunni, sem var 90 þús. kr., var varið til venjulegs viðhalds á veginum.

2. Til annarra fjallvega.

Fjárveitingunni, sem var 800 þús. kr., var skipt í eftirtalda 32 staði:

1.	Vegur að Skíðaskála Ármanns í Jósefsdal	80 þús. kr.
2.	Vegur inn á Arnarvatnsheiði frá Húsafelli	15 — —
3.	Kollafjarðarheiði í Austur-Barðastrandarsýslu	50 — —
4.	Keflavíkurvegur í Vestur-Barðastrandarsýslu	15 — —
5.	Til ferðamannaskýlis á Kleifaheiði	10 — —
6.	Skíðaskálavegur á Ísafirði	10 — —
7.	Víðidalstunguheiði	20 — —
8.	Vatnsnesfjall	10 — —
9.	Grímstunguheiði úr Vatnsdal	20 — —
10.	Vegur um Kiðaskarð	20 — —
11.	Vegur um Flateyjardalsheiði	15 — —
12.	Ýmsir fjallvegir í Suður-Þingeyjarsýslu (8 vegir)	30 — —
13.	Dettifossvegur að sunnan og norðan	40 — —
14.	Vegur að Öskju	40 — —
15.	Ýmsir fjallvegir í Norður-Þingeyjarsýslu (6 vegir)	30 — —
16.	Fagridalsvegur í Vopnafirði	10 — —
17.	Smjörvatnsheiði	40 — —

18.	Brúarvegur á Jökuldal	15 þús. kr.
19.	Fljótsdalsheiði	20 — —
20.	Norðurdalsvegur í Breiðdal	10 — —
21.	Fossárdalsvegur í Berufirði	10 — —
22.	Afréttarvegir í Geithellnahreppi (9 vegir)	30 — —
23.	Afréttarvegur á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu	10 — —
24.	Lakavegur í Vestur-Skaftafellssýslu	20 — —
25.	Vegur á Fimmvörðuháls	10 — —
26.	Vegur að Eyjafjallajökli	10 — —
27.	Fjallabaksvegur syðri	20 — —
28.	Þjórsárdalsvegur	20 — —
29.	Lyngdalsheiði (skuld frá 1963)	140 — —
30.	Ferðafélag Akureyrar (sæluhús)	10 — —
31.	Ferðafélag Íslands (sæluhús)	10 — —
32.	Viðgerð sæluhúsa	10 — —
		Alls 800 þús. kr.

3. Til reiðvega.

Fjárveitingunni, sem var 200 þús. kr., var skipt af stjórn Landssambands hestamanna eins og hér segir:

I.	Biskupstungnahr., lagfæring Konungsvegar og brú á Brúará ..	kr.	20 000.00
II.	Selfoss, út frá kauptúninu	—	15 000.00
III.	Hafnarfjörður, leiðir út úr bænum	—	25 000.00
IV.	Reykjavík:		
	a. Með Vesturlandsvegi, malarhreinsun, sandburður kr. 15 000.00		
	b. Með Austurvegi, frá Rauðavatni að Geithálsi, sandburður, malarhreinsun — 23 000.00		
	c. Með Austurvegi, ný leið frá Geithálsi, Lækjarbotnum, Kolviðarhól, ruðningur með ýtu .. — 22 000.00		
		—	60 000.00
V.	Borgarnes, með þjóðvegi frá kauptúni að Hamri	—	15 000.00
VI.	Sauðárkrókur	—	10 000.00
VII.	Akureyri, leiðir úr bænum	—	30 000.00
VIII.	Kjósarsýsla, með Vesturlandsvegi	—	25 000.00
		Kr.	200 000.00

Framkvæmdum fyrir mest af þessu fé er lokið, en á nokkrum stöðum hefur þó orðið að ráði að geyma framlagið til næsta árs í von um frekara framlag svo að ná mætti einhverjum árangri.

4. Til ferjuhalds.

Fjárveiting í vegáætlun 1964	15 þús. kr.
Geymt fé frá 1963	8 — —
	Til ráðstöfunar 23 þús. kr.

Fjárveitingu og geymslufé hefur verið ráðstafað svo sem hér segir:

1.	Greitt til lögferja í Norður-Múlasýslu	kr.	5 000.00
2.	Greitt til lögferja hjá Þjórsárholti	—	375.00
3.	Ógreiddur kostnaður við ferjuhald á Jökulsá á Breiðamerkursandi og óráðstafað fé	—	17 625.00
		Alls kr.	23 000.00

V. TIL BRÚARGERÐA

1. Til stórbrúa.

1. **Brú á Mórillu í Kaldalóni:**

Fjárveiting var 2 100 þús. kr. Byggð var 50 m löng stálbitabrú með timburgólfi, en stöplar eru steyptir. Byggðir voru einnig 1270 m langir varnargarðar og urðu þeir 270 m lengri en upphaflega var áætlað, m. a. vegna þess, að hentugra þótti að byggja brúna á þurru og veita síðan ánni undir hana. Þessum framkvæmdum var lokið seint í september. Aka má nú út fyrir Kaldalón á fjöru á jeppum.

2. **Brú á Miðfjarðará á Norðurlandsvegi:**

Fjárveiting var 1 480 þús. kr., en heildarkostnaður áætlaður 5.2 millj. kr. Gerður hefur verið akfær vegur austan að brúnni og lokið steypu allra sökkla undir stöpla og einnig hluta af landstöplum. Þessum framkvæmdum lýkur í október.

3. **Brú á Blöndu hjá Blönduósi:**

Fjárveiting var 200 þús. kr. Lokið var öllum frágangi við brúna og greiðslu á erlendum verkfræðikostnaði.

4. **Brú á Hofsá í Vopnafirði:**

Fjárveiting var alls 3 100 þús. kr., en þar af geymslufé frá 1957 og 1958 480 þús. kr. Brú þessi er 72 m löng með stálbitum og steyptu gólfi. Brúargerðinni er lokið, að undanskilinni málun bita, sem fresta varð vegna veðráttu. Verður brúin opnuð fyrir umferð í október.

5. **Brú á Steinavötn í Suðursveit:**

Fjárveiting var 4 800 þús. kr. Brú þessi er 102 m löng, steypt bitabrú og við hana verða 4.7 km af varnargörðum, en af þeim voru 2.5 km byggðir á s. l. ári. Byggingu brúarinnar er lokið og nú unnið að byggingu varnargarða og lagningu vegar við brúna, og er áætlað, að því verki verði lokið í nóvember.

6. **Brú á Hólmsá í Skaftártungu:**

Fjárveiting var 200 þús. kr. Sjálfri brúnni var lokið á s. l. ári, en eftir var ýmiss konar frágangur, sem lokið var s. l. vor.

7. **Brú á Tungufljót hjá Snæbýli:**

Fjárveiting var 1 600 þús. kr. Brúin er 50 m löng stálbitabrú með timburgólfi og steyptum stöplum. Brúargerðinni var lokið á miðju sumri.

2. Til brúa 10 m og lengri.

1. **Brákarsundsbrú:**

Fjárveiting 440 þús. kr. Fjárveitingunni var varið til viðgerðar á brúargólfi og stoðmúrum norðan brúar, sem voru að hruni komnir. Brúin, sem var byggð árið 1930, er á þjóðvegi innan þéttbýlis í Borgarneshreppi.

2. **Kaldárbrú:**

Fjárveiting 320 þús. kr. Brú þessi er á sýsluvegi í Kolviðarneshreppi og var byggð árið 1963 fyrir lánsfé.

3. **Brú á Núpsá:**
Fjárveiting 600 þús. kr. Brú þessi er á Stykkishólmsvegi og var byggð 1963 og kostaði alls 830 þús. kr., en fjárv. þá var aðeins 230 þús. kr.

4. **Brú á Hörðudalsá:**
Fjárveiting 800 þús. kr. Brú þessi er 20 m löng steinsteypt brú á Hörðudalsvegi (B 52). Brúargerðinni er lokið.

5. **Brú á Grjótá í Gilsfirði:**
Fjárveiting var 985 þús. kr. Brú þessi er á Vesturlandsvegi og er 20 m löng steinsteypt brú, sem byggð var sumarið 1963 gegn fjárveitingu í vegaáætlun 1964.

6. **Brú á Tunguá hjá Tröllatungu:**
Fjárveiting var 420 þús. kr. í vegáætlun 1964, en geymslufé 200 þús. kr. frá 1963. Brúin er á veginum um Tröllatunguheiði (C 4) og er úr steinsteypu 12 m löng. Brúargerðinni var lokið fyrrihluta sumars.

7. **Brú á Kaldbaksós:**
Fjárveiting var 200 þús. kr. Brú þessi var byggð 1963, en 200 þús. kr. vantaði á fulla fjárveitingu.

8. **Brú á Norðdalsá í Bitru:**
Fjárveiting var 200 þús. kr., en 30 þús. kr. fjárv. af samgöngubótafé 1963 var þá veitt til brúarinnar. Brúin er á sýsluvegi 12 m löng stálbitabrú með timburgólfi á stauraokum. Brúin var fullgerð fyrrihluta sumars.

9. **Brú á Reyðarlæk hjá Bjarghúsum:**
Fjárveiting var 505 þús. kr. Brúin er á sýsluvegi 10 m löng og steinsteypt. Brúargerðinni var lokið fyrrihluta sumars.

10. **Brú á Svartá hjá Steiná:**
Fjárveiting var 200 þús. kr. Brúin var byggð 1963, en 200 þús. kr. vantaði á fulla fjárveitingu.

11. **Brú á Svínadalsá hjá Rútsstöðum:**
Fjárveiting 530 þús. kr. Brú þessi er á sýsluvegi, er 12 m löng og byggð úr steinsteypu. Brúargerðinni var lokið snemma sumars.

12. **Brú á Gauksstaðaá á Skaga:**
Fjárveiting var 555 þús. kr. Brúin er á Skagavegi (D 23) 12 m löng og úr steinsteypu. Brúargerðinni var lokið á miðju sumri.

13. **Brú á Fossá á Skaga:**
Fjárveiting var 900 þús. kr. Brú þessi er á Skagavegi (D 23) og kemur í stað gamallar trébrúar. Brúin er 32 m löng og steinsteypt. Brúargerðinni er lokið fyrir skömmu, en vegna erfiðs tíðarfars verður ekki unnt að ganga frá vegi að brúnni fyrr en næsta vor.

14. **Brú á Fjarðará í Siglufirði:**
Fjárveiting var 250 þús. kr. Brúin er á vegi innan Siglufjarðarkaupstaðar og greiðir kaupstaðurinn helming kostnaðar (250 þús. kr.) sbr. 53. gr. vegalaga. Brúin er 10 m löng úr steinsteypu. Brúargerðinni verður lokið í október.

15. **Brú á Köldukvísl á Sprengisandsleið:**

Fjárveiting var 390 þús. kr. Brúin var byggð 1963, en 390 þús. kr. vantaði á fulla fjárv.

16. **Brú á Helluvaðsá:**

Fjárveiting var 450 þús. kr. Brúin er á Norðurlandsvegi og kemur í stað gamallar trébrúar. Brúin er 10 m löng steinsteypt og verður fullgerð í lok október.

17. **Brú á Gilsbakkaá í Norður-Þingeyjarsýslu:**

Fjárveiting var 530 þús. kr. Brú þessi er á Gilhagavegi (E 37) er 18 m löng, stálbitar með timburgólfi á steyptum stöplum. Brúargerðinni var lokið fyrir skömmu.

18. **Brú á Klifárgil á Héraði:**

Fjárveiting var 1 450 þús. kr. Brúin er á Upphéraðsvegi (F 19) 40 m löng stálbitabrú með steyptu gólfi og stöplum. Brúargerðin var hafin fyrir nokkru, en ekki fullvíst, hvort takast muni að ljúka verkinu í ár vegna veðráttu.

19. **Brú á Búðará í Reyðarfirði:**

Brú þessi er á Norðfjarðarvegi í Búðareyrarkauptúni við Reyðarfjörð og kemur í stað gamallar mjórrar brúar og er á þjóðvegi í þéttbýli.

Engin fjárveiting er til þessarar brúar í vegáætlun 1964. Brúin er byggð fyrir eindregin tilmæli allra þingmanna Austurlandskjördæmis. Til þess að standa straum af kostnaði við brúargerðina var frestað byggingu brúar á Kotá í Öræfum og framkvæmdum við Norðfjarðarveg í Reyðarfirði (liður III 13 c í vegáætlun), en allur kostnaður við brúargerðina er áætlaður 1 570 þús. kr. Brú þessi er 16 m löng með 7 m akbraut og 2×1.50 m gangstétt beggja vegna akbrautar. Brúargerðinni er lokið.

20. **Brú á Eldvatnskvísl í Eldhrauni:**

Fjárveiting var 560 þús. kr. Brú þessi er á Suðurlandsvegi og kemur í stað gamallar trébrúar. Brúin er 14 m löng, steypt, en með burðarbitum úr stáli. Brúargerðinni er lokið.

21. **Brú á Landbrotsvatn:**

Fjárveiting var 425 þús. kr. Brú þessi er á Álftaversvegi (G 83), 11 m löng, stálbitar með timburgólfi en steyptum stöplum. Brúargerðinni er lokið.

22. **Brú á Klifanda hjá Felli:**

Fjárveiting var 400 þús. kr. Brú þessi er á sýsluvegi í Mýrdal og var byggð 1963 gegn væntanlegri fjárveitingu í vegáætlun 1964. Brúin er 30 m löng stálbitabrú með timburgólfi og á stauraokum.

23. **Brú á Eystri-Rangá hjá Keldum:**

Fjárveiting var 470 þús. kr. Brú þessi er á sýsluvegi og er 26 m löng járngrindarbrú á steyptum stöplum. Var hluti af gömlu brúnni á Ytri-Rangá hjá Hellu notaður við brúargerðina. Brúargerðinni er lokið.

3. Til smábrúa (4—9 m).

Fjárveiting var 6.0 millj. kr. Fjárveitingunni var varið til byggingar eftirtalinna smábrúa, en nokkrar þeirra voru byggðar á árinu 1963, en kostnaði ávísað

á fjárveitingu í vegáætlun 1964. Áætlaður heildarkostnaður er 424 þús. kr. hærri en fjárveiting, en fjármálaráðuneytið hefur fallizt á, að álíka upphæð af fé því, sem ávísað var fyrir fram til smábrúa 1963, bíði endurgreiðslu af smábrúafé í vegáætlun 1965.

	Heiti	Kjörd.	Vegur	Lengd m	Áætl. kostn. í þús. kr.	Athugas.
1.	Kaldagil á Uxahr.v.	Vesturl.	B 11	5	276	
2.	Hólkotsá í Laxárdal	—	B 56		276	Byggð 1963
3.	Brekkuá í Gilsfirði	Vestfj.	B 1	8	514	Byggð að nokkru '63
4.	Otradalsá	—	C 15		378	Byggð 1963
5.	Þernudalsá	—	C 15		366	Byggð 1963
6.	Hjarðardalsá á Ögurvegi	—	C 28	5	420	
7.	Kolbeinsá á Ströndum	—	C 36	5	395	Endurbygging
8.	Hvammsá í Svartárd.	Norðurl. v.	D 22	8	342	
9.	Máná á Siglufj.v.	—	D 38	4	300	
10.	Engidalsá á Siglufj.v.	—	D 38	4	300	
11.	Sauðá á Múlavegi	Norðurl. e.	D 53	4	200	
12.	Skeifá á Tjörnesi	—	E 23	4	300	
13.	Ytri Hvannagilsá	Austurl.	F 25	4	210	
14.	Innri Hvannagilsá	—	F 25	5	303	
15.	Selá í Breiðdal	—	F 1	6	324	
16.	Brunná í Lóni	—	F 1	4	243	
17.	Gaddst.síki Slv.	Suðurl.	G 1	5	495	Endurbygging
18.	Stakksá á Geysisv.	—	G 20	5	306	
19.	Sigluvíkurá á Sigluv.v.	—	G 62	9	161	
20.	Kaldagil hjá Þverf.	Borgarf.	Sýsluv.	5	50	¼ hl. kostnaðar
21.	Grjótá á Hítardalsv.	Mýras.	—	5	10	— — —
22.	Hofsá hjá Steiney.st.	A.-Hún.	—	4	91	— — —
23.	Selá í Fljótshverfi	V.-Skaft	—	6	54	— — —
24.	Svínhagagil í Rang.	Rang.	—	7	50	— — —
25.	Reykjadalsl. í Hrunam.hr.	Árness.	—	7	60	— — —
					Samtals 6 424	

VI. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Í greinargerð með till. til þingsályktunar um vegáætlun fyrir 1964 var áætlað að heildartekjur sýsluvegasjóða skv. 21. og 23. gr. vegalaga yrðu 4.86 millj. kr., þegar tekið hafði verið tillit til frádráttar einstakra kauptúna skv. 26. gr. Var því heildarframlag til sýsluvegasjóða skv. 28. gr. vegalaga í vegáætlun í ár miðað við 10.0 millj. kr. Heildartekjur sýsluvegasjóða skv. 21. og 23. gr. vegalaga verða í ár 4.96 millj. kr. og verður því framlag skv. þessum lið eins og lögin gera ráð fyrir.

Samkv. ákvæði 28. gr. vegalaga gaf ráðuneytið hinn 17. apríl út reglugerð nr. 62/1964 um skiptingu á framlagi ríkissjóðs skv. vegáætlun.

Skipting á framlagi ríkissjóðs skv. téðri reglugerð, svo og áætlaðar tekjur skv. 21. og 23. gr. vegalaga er sýnt á eftirfarandi yfirliti:

Sýsluvegir. — Fjárveitingar 1964.

Sýsla:	Heildar-mannfjöldi 1. des. 1963	Fjöldi greiðenda	Frádráttur, ½ mannfjöldi kaupstaða og mann-fjöldi eyjahreppa	Áætlað framlag samkvæmt 21. gr., kr.	Áætlað framlag samkvæmt 23. gr., kr.	Áætlað heimaframlag, alls kr.	Áætluð heildarfjár-veiting, kr.	Ríkisframlag, kr.	Áætluð lengd sýslu-vega, km	Þús. kr. á km	Fé til umráða 1963, þús. kr.	Sýslu- og hreppafjöldi í árslok 1963	
1. Gullbringu	6038	2058	3980	338380	50000	388380	195000	583380	15	38.9	332	13+	35
2. Kjósar	2814	763	2051	174376	30000	204376	194000	398376	39	10.2	–	0+	50
3. Borgarfjarðar ...	1465	–	1465	124554	3119	127673	244000	371673	64	5.8	239	83+	29
4. Mýra	1969	465	1504	127870	66467	194337	519000	713337	132	5.6	339	147+	12
5. Snæfellsnes	3870	1145	2725	231680	–	231680	481000	712680	103	6.9	217	126+	21
6. Dala	1167	–	1167	99218	1768	100986	249000	349986	51	6.9	141	80+	29
7. A.-Barðastrandar	523	74	449	38174	956	39130	246000	285130	47	6.1	64	112+	99
8. V.-Barðastrandar	2037	493	1544	131271	1996	133267	325000	458267	60	7.6	128		
9. V.-Ísafjarðar	1844	–	1844	156777	4238	161015	323000	484015	59	8.2	190	57+	35
10. N.-Ísafjarðar	1931	–	1931	164173	7625	171798	269000	440798	55	8.0	137	62+	46
11. Stranda	1526	–	1526	129741	–	129741	481000	610741	98	6.2	163	81+	46
12. V.-Húnavatns ...	1406	174	1232	104745	1504	106249	478000	584249	132	4.4	198	123+	36
13. A.-Húnavatns ...	2374	635	1739	147850	19823	167673	512000	679673	128	5.3	314	132+	38
14. Skagafjarðar	2622	155	2467	209744	25831	235575	665000	900575	136	6.6	379	64+	192
15. Eyjafjarðar	3848	845	3003	255315	7945	263260	383000	646260	65	9.9	415	95+	75
16. S.-Þingeyjar	2758	60	2698	229384	17468	246852	556000	802852	112	7.2	330	149+	59
17. N.-Þingeyjar	1946	465	1481	125915	4843	130758	413000	543758	95	5.7	231	140+	50
18. N.-Múla	2453	–	2453	208554	5000	213554	773000	986554	180	5.5	270	215+	57
19. S.-Múla	4604	908	3696	314234	2405	316639	565000	881639	109	8.1	399	120+	44
20. A.-Skaftafells ...	1458	359	1099	93437	3799	97236	179000	276236	35	7.9	84	19+	31
21. V.-Skaftafells ...	1348	–	1348	114607	4566	119173	467000	586173	109	5.4	148	97+	43
22. Rangárvalla	2984	–	2984	253700	3655	257355	635000	892355	154	5.8	430	205+	18
23. Árnes	7288	–	7288	619626	200000	819626	848000	1667626	224	7.4	1399	270+	94
Alls	60273	8599	51674	4393325	463008	4856333	10000000	14856333	2202	67.5	6547	2390+	1139

VII. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Fjárveiting í vegaáætlun kr. 30 262 500.00, sem skiptist eins og nú skal greina:
Mannfjöldi 1. des. 1963 samkvæmt endanlegu manntali Hagstofu Íslands 20. júlí 1964:

Kaupstaðir	126 566 íbúar
Kauptún með yfir 300 íbúa	25 503 —
Samtals	152 069 íbúar

Framlag í vegáætlun, lið VII	kr. 30 262 500.00
Frá dregst samkvæmt 34. gr. 10%	— 3 026 250.00
Til skipta	kr. 27 236 250.00

$$\text{Skiptitala á hvern íbúa kr. } \frac{27\,236\,250.00}{152\,069.00} = \text{kr. } 179.10$$

Kaupstaðir:	Íbúatala:		Framlag:	
Reykjavík	76 401	kr.	13 683 419.10	
Kópavogur	7 684	—	1 376 204.40	
Hafnarfjörður	7 630	—	1 366 533.00	
Keflavík	4 919	—	880 992.90	
Akranes	4 088	—	732 160.80	
Ísafjörður	2 715	—	486 256.50	
Sauðárkrókur	1 326	—	237 486.60	
Siglufjörður	2 573	—	460 824.30	
Ólafsfjörður	1 029	—	184 293.90	
Akureyri	9 398	—	1 683 181.80	
Húsavík	1 752	—	313 783.20	
Seyðisfjörður	786	—	140 772.60	
Neskaupstaður	1 444	—	258 620.40	
Vestmannaeyjar	4 821	—	863 441.10	
				kr. 22 667 970.60

Kauptún:	Íbúatala:		Framlag:
Grindavík	844	kr.	151 160.40
Sandgerði	808	—	144 712.80
Njarðvíkur	1 418	—	253 963.80
Garðahreppskauptún	1 075	—	192 532.50
Seltjarnarnes	1 526	—	273 306.60
Borgarnes	928	—	166 204.80
Hellissandur	515	—	92 236.50
Ólafsvík	844	—	151 160.40
Grafarnes	448	—	80 236.80
Stykkishólmur	941	—	168 533.10
Patreksfjörður	988	—	176 950.80
Bíldudalur	373	—	66 804.30
Þingeyri	367	—	65 729.70
Flateyri	554	—	99 221.40
Suðureyri	435	—	77 908.50
Bolungarvík	913	—	163 518.30

Hnífsdalur	303	kr.	54 267.30	
Hólmavík	423	—	75 759.30	
Hvammstangi	339	—	60 714.90	
Blönduós	656	—	117 489.60	
Skagaströnd	624	—	111 758.40	
Hofsós	305	—	54 625.50	
Dalvík	944	—	169 070.40	
Raufarhöfn	479	—	85 788.90	
Þórshöfn	447	—	80 057.70	
Vopnafjörður	419	—	75 042.90	
Egilsstaðir	380	—	68 058.00	
Eskifjörður	853	—	152 772.30	
Búðareyri í Reyðarfirði	479	—	85 788.90	
Búðir í Fáskrúðsfirði	658	—	117 847.80	
Djúpivogur	312	—	55 879.20	
Höfn í Hornafirði	719	—	128 772.90	
Vík í Mýrdal	334	—	59 819.40	
Stokkseyri	404	—	72 356.40	
Eyrarbakki	470	—	84 177.00	
Selfoss	1 957	—	350 498.70	
Hveragerði	674	—	120 713.40	
Þorlákshöfn	347	—	62 147.70	
				kr. 4 567 587.30
Mismunur				— 692.10
Samtals 152 069 íbúar				kr. 27 236 250.00

Af framlagi skv. 34. gr. vegalaga hefur Selfosshreppur fengið 1.2 millj. kr. til Suðurlandsvegar um Selfoss og hafa þegar verið malbikaðir 400 m af þeim vegi. Kópavogskaupstað hefur verið gefið fyrirheit um afganginn af þessu fé til Reykjanesbrautar í Kópavogi og nemur sú upphæð 1.8 millj. kr.

Flest allir kaupstaðir og mörg kauptún hafa í ár hafið framkvæmdir við varanlega gatnagerð fyrir framangreint framlag skv. V. kafla vegalaga.

Reglugerðir um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum skv. 30. gr. vegalaga og notkun á ríkisframlaginu skv. 35. gr. verða gefnar út innan skamms.

VIII. TIL VÉLA- OG ÁHALDAKAUPA

Til véla- og verkfærakaupa var fjárveiting 11 millj. kr.

Þessu fé hefur verið ráðstafað, svo sem hér segir:

1.	Afborgun af skuld við sölunefnd varnarliðseigna	1.57	millj. kr.
2.	Greiðslur vegna vélakaupa 1963	4.08	— —
3.	Vélakaup skv. Eximb.láni	9.60	— —
4.	Önnur vélakaup	3.40	— —
	Alls	18.65	millj. kr.

Vélakaup umfram fjárveitingu eru greidd af afskriftafé véla, svo og sölu gamalla véla og bíla, sem nam um 500 þús. kr. á árinu.

Af nýjum vélum skv. lið 3 og 4 voru keypt eftirfarandi tæki:

1 jarðýta, 6 vegheflar, 2 vélskóflur, 5 jeppar og 1 sendiferðabíll.

Auk þessa ýmsar smærri vélar, svo sem rafstöðvar fyrir vinnuflokka, umferðateljarar o. s. frv.

IX. TIL TILRAUNA VIÐ VEGA- OG GATNAGERÐ

Fjárveiting var kr. 1 210 500.00.

Til undirbúnings tilrauna með olíumöl rannsakaði Statens Väginstitut í Stokkhólmi sýnishorn af möl, sem til greina kom að nota í olíumöl hér. Þessar rannsóknir leiddu í ljós, að þetta efni var ekki talið hentugt miðað við reynslu Svía. Hins vegar sé ekki hægt að kveða upp endanlegan dóm um það atriði, nema með lagningu slitlags á tilraunakafla.

Er nú í undirbúningi, að slíkir tilraunakaflar verði lagðir næsta sumar í samvinnu milli Vegagerðarinnar, nokkurra sveitarfélaga og einstaklinga.

Þá voru í samvinnu við Veðurstofu Íslands og með aðstoð þýzks sérfræðings settar upp netagirðingar við Suðurlandsveg í Svínahrauni til þess að reyna áhrif netanna við heftingu snjófoks á vegi.

X. IÐGJALD TIL SLYSATRYGGINGA

Fjárveiting var 560 þús. kr. Iðgjöld til slysatrygginga fyrir s. l. ár munu hækka verulega, sbr. reglugerð nr. 7/1964. Reikningsskil liggja ekki fyrir enn þá.

XI. GJÖLD SKV. LÖGUM UM ORLOF VERKAMANNA

Fjárveiting var 3.0 millj. kr. og var miðað við 6% og reynslu s. l. árs og framkvæmdafé í ár.

Þar sem orlof hækkaði almennt hinn 1. júlí s. l. í 7%, mun þessi fjárveiting ekki hrökkva til greiðslu orlofsfjár. Áætlað er að þessi hækkun á orlofi muni hækka heildarútgjöld á þessum lið um 300 þús. kr.

XII. ATVINNULEYSISTRYGGINGAGJÖLD

Fjárveiting var 270 þús. kr. Gjöld þessi munu hækka eitthvað meira en fjárveitingu nemur, en reikningsskil liggja ekki fyrir enn þá.

Sþ. 47. Fyrirspurnir. [43. mál]

I. Til forsætisráðherra varðandi húsnæðismál Alþingis.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvenær má vænta álits forseta þingsins, sem þeim var samkvæmt ályktun Alþingis 28. marz 1961, falið að gera í samvinnu við fulltrúa frá þingflokkunum um framtíðarhúsnæði Alþingis?

II. Til menntamálaráðherra um umferðarkennslu.

Frá Jóni Skaftasyni.

a. Hvernig hefur verið framkvæmt ákvæði 83. gr. umferðalaga nr. 26 frá 2. maí 1958, um kennslu í umferðarmálum í barna- og unglingaskólum landsins?
b. Hversu miklu fé hefur verið varið úr ríkissjóði til þessarar fræðslu, frá því að lögin tóku gildi?

III. Til póst- og símamálaráðherra um sjálfvirkan síma í Hafnahreppi í Gullbringusýslu.

Frá Jóni Skaftasyni.

Hvenær verður innansveitarsíminn í Hafnahreppi tengdur sjálfvirka símakerfinu á Suðurnesjum?

IV. Til samgöngumálaráðherra um Keflavíkurveg og Vesturlandsveg.

Frá Jóni Skaftasyni.

a. Hvenær er áætlað, að lokið verði að steypa Keflavíkurveginn nýja?
b. Hefur verið ákveðið um varanlega gatnagerð á Vesturlandsvegi út frá Reykjavík, og sé svo, hvenær hefjast þá framkvæmdir?

Nd. 48. Frumvarp til laga [44. mál]

um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Birgir Finnsson, Sigurður Bjarnason, Sigurvin Einarsson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

Stofna skal menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.
Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Það er markmið skólans að efla þroska nemenda sinna, veita þeim framhaldsmenntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám.

3. gr.

Í skólanum eru 4 ársbekkir.

4. gr.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skólann.

5. gr.

Almenn inntökuskilyrði eru þessi:

1. Að nemandi, sem tekinn er í 1. bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót. Aldursákvæði samkvæmt þessu gilda um inntöku í aðra bekki. Skólastjórn getur þó veitt undanþágu frá þessum ákvæðum.
2. Að nemandinn hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti að meini orðið.
3. Að hann sé siðferðilega óspilltur.
4. Að hann leggi fram vottorð þau, sem reglugerð ákveður.

6. gr.

Rétt til inngöngu í 1. bekk skólans veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.

7. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki skólans verður nemandi að hafa staðizt miðskólapróf í bóknámsdeild með tilskilinni lágmarkseinkunn og árspróf næsta bekkjar fyrir neðan þann, er hann sækir um inntöku í. Auk þess verður hann að sýna, annaðhvort með prófi eða skilríkjum, er skólastjórn tekur gild, að hann hafi numið það, sem kennt er í þeim bekkjum, er hann kann að hafa hlaupið yfir.

8. gr.

Í skólanum skal kenna: íslenzku og íslenzk fræði, dönsku, ensku, þýzku, frönsku (latínu), sögu og félagsfræði, kristinfræði, bókfærslu, íþróttir og söng. Heimilt er stjórn skólans að fjölga kennslugreinum eða fækka að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

9. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok hvers skólaárs, og er próf 4. bekkjar stúdentspróf. Árspróf veitir nemanda, er stenzt það, rétt til að setjast í næsta bekk fyrir ofan. Það getur verið lokapróf í einstökum greinum, eftir því sem fyrir verður mælt í reglugerð.

10. gr.

Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í háskóla með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.

11. gr.

Við árspróf dæma kennarar skólans um úrlausnir hver hjá öðrum. En við stúdentspróf og próf í þeim greinum, sem fyrr er lokið og til þess teljast, dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómendur, skipaðir af yfirstjórn skólans, að fengnum tillögum háskólaráðs og forstöðumanns skólans. Nánar verður kveðið á um próf og einkunnir í reglugerð skólans.

12. gr.

Forstöðumaður skólans og fastir kennarar hans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þeir skulu skipaðir af forseta Íslands. Leita skal áður umsagnar skólastjórnar. Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn fastur kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild. Forstöðumaður ræður stundakennara og annað starfsfólk skólans með samþykki fræðslumálastjórnar.

13. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. — Þeir skulu einnig hafa numið uppeldisfræði og stundað kennsluæfingar.

Undanþágu frá þessu ákvæði má þó veita, ef sérstaklega stendur á.

14. gr.

Skylt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, en fækka má þó kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og í 17 stundir, er hann verður sextugur.

Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við forstöðumann og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætið átt við 45 mínútna kennslustund.

15. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til þess að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur greinargerðina fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt ársorlof nema einu sinni. Beiðni um ársorlof skal senda ráðherra með árs fyrirvara.

Menntamálaráðuneytið veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir, að orlofsári loknu, að gefa fullnægjandi skýrslu um orlofið — að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Þess skal gætt, að framkvæmd orlofs trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

Nánari ákvæði um réttindi og skyldur kennara verða sett með reglugerð.

16. gr.

Skólinn heyrir beint undir menntamálaráðherra. Forstöðumaður skólans og fastir kennarar skipa skólastjórnina, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

Greinargerð.

Á þinginu 1946 fluttu þeir Hannibal Valdimarsson og Páll Zóphóníasson í Ed. frv. til l. um breyt. á l. um menntaskóla á þann veg, að menntaskólar í landinu skyldu vera 4: í Reykjavík, á Akureyri, á Ísafirði og að Eiðum.

Í þessu formi fluttu þeir Hannibal og Páll frv. einnig á þingunum 1947 og 1948.

Á þinginu 1959 fluttu þeir Hannibal Valdimarsson, Birgir Finnsson og Sigurður Bjarnason frv. til l. um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði, og hefur það frv. verið endurflutt síðan óbreytt á þingunum 1960, 1962 og 1963. Ávallt var því yfir lýst, að þeir þingmenn Vestfirðinga, sem sæti ættu í Ed., stæðu einnig að flutningi frv. Er frv. var flutt á þinginu 1963, höfðu þeir Sigurvin Einarsson og Matthías Bjarnason tekið sæti í Nd., og urðu þeir þá einnig flutningsmenn frv.

Þannig hefur frv. til l. um stofnun menntaskóla á Ísafirði verið flutt 8 sinnum á Alþingi, fyrstu þrjú skiptin af fulltrúum tveggja flokka, en nú í fimm seinustu skiptin af fulltrúum allra flokka. Hefur því á þessu máli sannazt, að ei fellur eik við fyrsta högg. Þingmenn Vestfirðinga komast naumast hjá að flytja það, þangað til Alþingi gerir það að lögum.

Lengi vel var latínuskólinn, síðar menntaskólinn í Reykjavík, eini skólinn hér á landi, sem brautskráði stúdenta.

Þá hófu Norðlendingar baráttu fyrir því, að gagnfræðaskólinn á Akureyri fengi réttindi að lögum til að kenna undir stúdentspróf og brautskrá stúdenta, og lauk þeirri baráttu með stofnun menntaskólans á Akureyri árið 1927.

Þegar sá sigur vannst í skólamáli Norðlendinga, ritaði einn fyrrverandi nemandi gagnfræðaskólans á Akureyri þessi orð, sem reynslan hefur sannað: „Eftir stofnun menntaskóla Norðurlands er íslenzk menning orðin einu vígingu auðugri.“

Þessu næst veitti ráðherra Verzlunarskóla Íslands rétt til þess að brautskrá stúdenta.

Þá hófst barátta fyrir því, að stofnaður yrði menntaskóli í sveit. — Menntaskólinn á Laugarvatni er árangur þeirrar menningarbaráttu og veldur ekki lengur ágreiningi.

Í ræðu, sem hinn gagnmerki skólamaður, Sigurður Guðmundsson skólameistari, flutti við skólaslit vorið 1928, er hann brautskráði fyrstu stúdentana frá menntaskóla Akureyrar, sagði hann m. a. þetta:

„Það liggur í augum uppi, að hverjum skóla er ætlað að vera menningarvígi eða menningarmiðstöð. Hvert skyldi annars vera markmið þeirra? Slíkar menningarstöðvar mega eigi allar vera á einum stað. Menningarblóðið verður að renna um allar æðar þjóðarlíkama vors.“

Þetta eru orð að sönnu. Það er í fullu samræmi við álit þessa mæta og merka

skólamanns, að þeirri skoðun hefur mjög vaxið fylgi hin síðari árin, að stofna beri einnig menntaskóla á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Hafa menn gert sér þess fulla grein, hvernig menntaskólum er nú skipað í landinu? Jú, Norðlendingar hafa sinn stúdentaskóla og Sunnlendingar sinn, Laugarvatnsskólann. — Og Reykjavík hefur þrjá skóla, sem rétt hafa til að brautskrá stúdenta: hinn almenna menntaskóla, Verzlunarskóla Íslands og Kennaraskólann. Og nú beita sterk öfl sér fyrir því í höfuðborginni, að reistur verði fjórði stúdentaskólinn í Reykjavík. — Er þess nú nokkur von, að Vestfirðingar og Austfirðingar vilji una því að vera settir svo hrapallega hjá í menningarmálum?

Höfuðástæðan til þess, að þetta frumvarp er flutt, er sú skoðun flutningsmanna, að skapa beri ungu hæfileikafólki hvarvetna á landinu sem jafnasta aðstöðu til að geta aflað sér stúdentsmenntunar án tillits til efnahags, aðeins ef hugur stendur til.

Fyrir nokkrum árum fékk Gagnfræðaskólinn á Ísafirði heimild menntamálaráðuneytisins til að starfrækja framhaldsdeild, er samsvaraði 1. bekk menntaskóla. Þetta varð til þess, að ýmsir efnilegustu nemendur skólans, sem ella hefðu ekki haft efni á að hefja langskólanám, hófu nám í þessari deild og brutust síðan áfram til stúdentsprófs, þó að nokkrir hættu námi sökum efnaskorts eftir veturinn.

Deild þessi starfaði þrjá vetur að því sinni með góðum árangri að dómi menntaskólanna í Reykjavík og á Akureyri, sem við nemendunum tóku. En þá vildi menntamálaráðherra sá, er þá kom, ekki veita samþykki sitt fyrir áframhaldandi starfsemi deildarinnar, þar eð til þess skorti lagaheimild.

Þannig lagðist þessi kennsla í námsgreinum 1. bekkjar menntaskóla á Ísafirði niður um sinn.

En áhugi manna á stofnun menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði var ekki kistulagður þar með.

Menn úr öllum stjórnmálaflokkum og margvísleg félagssamtök tóku málið upp á ný. Og á árinu 1959 heimilaði menntamálaráðherra gagnfræðaskólanum á Ísafirði loks með bréfi að hefja aftur starfrækslu framhaldsdeildar, er jafngilti 1. bekk menntaskóla.

Þetta var mikilsverður áfangi, en því miður barst bréf menntamálaráðherra svo seint, að nemendur höfðu þá fyrir löngu ráðstafað sér í aðra skóla. Gat framhaldsdeildin því ekki starfað veturinn 1959—1960.

Þá sótti fræðsluráð Ísafjarðar um ráðherraleyfi fyrir starfrækslu framhaldsdeildarinnar næsta vetur, 1960—1961, og var sú heimild veitt. Próf frá deildinni voru fyrst viðurkennd af menntaskólanum á Akureyri, en nú hafa bæði menntaskólinn í Reykjavík og menntaskólinn á Laugarvatni einnig viðurkennt próf deildarinnar. En 1. bekkur menntaskóla einn fullnægir ekki kröfum Vestfirðinga. Og það, sem einu sinni hefur gerzt, getur gerzt aftur. Þessa menningarstarfsemi er hægt að stöðva aftur, hvenær sem er, meðan hún hvílir ekki á lagagrundvelli.

Þess vegna er nauðsynlegt, að lög verði sett um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði. Meðan lagagrundvöllinn vantar, mun ávallt reynast erfitt að tryggja hæfa kennslukrafta, þar sem óvissa um áframhald hlyti að torvelda, að hinir hæfstu menntamenn ærðu að ráða sig til kenslunnar.

Það er enn ein sönnun þess, að Vestfirðingar una því ekki lengur, að frumvarpið um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði sé sífellt svæft og drepið á Alþingi, að fólk svo að hundruðum skiptir úr öllum byggðarlögum Vestfjarðakjördæmis hefur á þessu hausti sent beinskeyttar áskoranir á þingmenn Vestfirðinga um að láta nú til skarar skríða í málinu, vinna því fylgi í öllum þingflokkum og fá það samþykkt sem lög á þessu þingi.

Æska Reykjavíkur á mjög greiðan aðgang að menntaskólanámi, svo sem fyrr segir. Sama er að segja um Norðlendinga og Sunnlendinga. — En vestfirzkur æskulýður — og austfirzkur — er stórum verr settur í þessu tilliti. — Á því fer tvímælalaust verr en flestu öðru, að nokkur einokunarblær sé á menningar- og menntunaraðstöðu þegnanna. Þess vegna er það rétt stefna, að menntaskólar rísi af grunni í öllum landsfjórðungum.

Vegna hins mikla áhuga Vestfirðinga í menntaskólamálinu og þeirrar byrjunar, sem þar hefur áður verið gerð með góðum árangri, telja flutningsmenn þessa frumvarps eðlilegt, að næsta skrefið að þessu takmarki verði stofnun menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði. Viljum við því vænta, að málið fái góðar undirtektir og greiðan framgang.

Þeir Vestfjarðaþingmenn, sem sæti eigi í efri deild, standa einnig að flutningi málsins.

Ed. 49. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Aftan við 11. gr. laganna komi ný mgr., svo hljóðandi:

Kostnaður við störf ferðamálaráðs greiðist af fé því, sem veitt er til ferðamálasjóðs samkv. 1. mgr. 27. gr., samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

2. gr.

2. mgr. 34. gr. laganna orðist þannig:

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt, að dómi ráðherra, og vera með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af samgöngumálanefnd efri deildar að beiðni samgöngumálaráðherra. Nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að hafa óbundnar hendur í afstöðu til frumvarpsins. Af hálfu samgöngumálaráðuneytisins fylgdu frumvarpinu svofelldar skýringar:

Í gildandi lögum um ferðamál þykir ekki nægilega skýr heimild til að greiða ýmsan kostnað við starfsemi ráðsins, svo sem almennan skrifstofukostnað, né heldur til ráðningar starfsliðs, ef nauðsynlegt þykir.

Með 1. gr. frv. þessa er tekinn af allur vafi í þessu efni og lagt til, að ýmis kostnaður við störf ferðamálaráðs greiðist af hinu fasta ríkisframlagi til ferðamálasjóðs.

Önnur meginbreytingin með frv. þessu er sú, að heimilt skuli að veita vísitölubundin lán úr ferðamálasjóði, og er þessu ákvæði ætlað að stuðla að eflingu sjóðsins í framtíðinni, svo að honum verði kleift að gegna sem bezt hlutverki sínu.

Nd. 50. Frumvarp til laga [46. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 frá 1950.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Björn Pálsson, Halldór E. Sigurðsson, Jón Skaftason, Halldór Ásgrímsson, Sigurvin Einarsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Laun héraðsráðunauta og ferðakostnaður þeirra greiðist að ⅔ hlutum úr ríkissjóði, en ⅓ hluta af hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

Þóknun mælingamanna greiðist á sama hátt, enda samþykki landbúnaðarráðherra launagreiðslur búnaðarsambandanna vegna starfsemi þeirra.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir:

I. Framræsla vegna túna-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir og handgrafnir opnir skurðir, svo og hvers konar lokuð ræsi):
Framlag 85% kostnaðar.

II. Jarðrækt:
a. Frumvinnsla lands vegna grænfóðurs- og kornræktar.
b. Túnrækt á söndum.
c. Túnrækt á valllendi, móum og melum.
d. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi.
e. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis.
f. Grjótnám.
Framlag 25% kostnaðar.

III. Girðingar um ræktunarlönd:
a. Sex strengja gaddavírsgirðing.
b. Fimm strengja gaddavírsgirðing.
c. Þriggja strengja gaddavírsgirðing á skurðbakka.
d. Vírnetsgirðing með einum gaddavírsstreng.
Framlag 25% kostnaðar.

IV. Þurrheyshlöður úr varanlegu efni:
Framlag 15% kostnaðar.

V. Votheyshlöður úr varanlegu efni:
Framlag 25% kostnaðar.

VI. Áburðargeymslur:
a. Safnþrær.
b. Áburðarhús, haugstæði og kjallarar.
Framlag 25% kostnaðar.

VII. Súgþurrkunarkerfi með eða án blásara:
Framlag 40% kostnaðar.

VIII. Garðávaxtageymslur steyptar með þaki úr varanlegu efni:
Framlag 15% kostnaðar.

Búnaðarfélag Íslands og Teiknistofa landbúnaðarins láta sérfræðinga sína meta árlega kostnað hverrar tegundar framkvæmda, sem upp eru taldar í grein þessari.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um fjörutíu ára skeið hafa hér á landi verið í gildi lög um stofnframlag ríkisins til jarðræktar og fleiri framkvæmda í sveitum. Framlög þessi hafa verið talin sjálfsögð þátttaka þjóðarheildarinnar í kostnaði við það landnám, sem hér hefur átt sér stað á þessu tímabili.

Svipaðar reglur hafa gilt og gilda enn hjá grannþjóðum vorum um opinberan stuðning við landbúnað, þó að um eiginlegt landnám eða útfærslu hins ræktaða lands sé þar yfirleitt ekki að ræða. Almennt er litið svo á, að stofnframlög ríkis til landbúnaðar geri hvort tveggja í senn að örva til framkvæmda og framleiðslu búvöru og

geri jafnframt kleift að halda verðlagi hennar lægra en ella og borgi sig þannig ríflega fyrir þjóðarheildina, þegar til lengdar lætur.

Gildandi lagaákvæði um ríkisframlög til jarðræktar og húsabóta í sveitum eru úrelt orðin. Í þeim er gert ráð fyrir, að framlagið sé ákveðin upphæð í krónutölu á hverja framkvæmdaeiningu að viðbættri verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu. En þar sem vísitala hefur ekki verið látin verka á peningagreiðslur, síðan lög um efnahagsmál voru sett 1960, þá hefur síhækkandi ræktunar- og byggingarkostnaður valdið því, að ríkisframlagið hefur farið hlutfallslega lækkandi ár frá ári.

Vísitalan, sem framlögin eru miðuð við, hefur staðið föst síðan 1960, og þess vegna hefur jarðræktarframlagið verið aðeins kr. 1223.60 á ha., en ef það væri í sama hlutfalli við ræktunarkostnað og það var 1959, þá ætti það að vera kr. 3047.50 á ha.

Í frumv. þessu eru gerðar nokkrar breytingar á gildandi lögum.

Á I. kafla er gerð sú breyting, að ríkissjóði er ætlað að greiða ⅔ hluta launa héraðsráðunauta í stað helmings nú, en auk þess er það nýmæli, að ríkissjóður greiði einnig ⅔ ferðakostnaðar ráðunauta, sem búnaðarsamböndin greiða nú ein. Er þetta ákvæði í samræmi við eindregnar óskar búnaðarsambandanna, sem flest hver hafa mjög takmörkuð fjárráð.

Á II. kafla er gerð sú meginbreyting, að í frumv. er ríkisframlag til jarða- og húsabóta bundið við ákveðið hlutfall af áætluðum kostnaði við framkvæmdirnar, er metinn sé árlega af trúnaðarmönnum Búnaðarfélags Íslands og Teiknistofu landbúnaðarins. Er það gert til að fyrirbyggja, að aukning verðbólgu rýri enn ríkisframlagið hlutfallslega. Þá eru framlögin hækkuð verulega frá því, sem nú er, og verða samkvæmt frumv. hlutfallslega nokkru hærri en ákveðið var, þegar gildandi lög voru sett.

Þurrkun lands er undirstöðuatriði vegna ræktunar og til að auka beitarþol. Þeir, sem þurrkunina framkvæma, njóta fæstir nema skamman tíma þeirra landbóta, sem hún veitir. Það mikla fé sem einstaklingar leggja fram til landþurrkunar, má segja að þeir gefi komandi kynslóðum. Slíkum framkvæmdum má líkja við líftryggingu eða sparisjóðsbók, sem ber háa vexti.

Það sýnist vera mjög nauðsynlegt, að landþurrkunin verði framkvæmd á skipulegum grundvelli og eftir fyrirframgerðum áætlunum, og eðlilegt, að þjóðfélagið taki í sífellt stærra mæli þátt í þeim kostnaði, sem af slíku leiðir. Hér í þessu frumv. er gert ráð fyrir, að hlutur ríkisins verði 85% af kostnaði. Er hér um 30% hækkun að ræða frá því, sem nú er í lögum. Þótt hér sé ekki gerð tillaga um meiri hækkun á ríkisframlagi til landþurrkunar, er það þó skoðun flutningsmanna, að stefna beri að því, að ríkið greiði allan kostnað við landþurrkunina.

Til jarðræktar er nú kr 1223.60 á ha. eða um 10% af kostnaði, en verður samkv. frv. 25% eða rúmlega kr. 3000.00 á ha.

Til girðinga en nú kr. 1.84 á metra eða nálægt 11% kostnaðar, en verður samkv. frumv. 25% eða nálægt 5 krónum á metra.

Til þurrheyshlaða er nú á m^3 kr. 6.12 á steyptar hlöður, en kr. 4.59 á hlöður úr öðru efni, og er þetta talið að vera um 2.3% af kostnaði. Samkvæmt frumv. verður framlagið 15% eða sennilega nálægt 50 krónum á rúmmetra.

Til votheyshlaða er nú á m^3 kr. 33.65 eða um 8.5%, en verður samkv. frumv. 25% eða um 125 krónur á m^3.

Til áburðargeymsla er nú m^3 kr. 30.59 á áburðarhús og kr. 18.35 á haugstæði eða um 8.5% kostnaðar. Samkv. frumv. verður framlagið 25% eða um 50 krónur á m^3 í áburðarhúsi.

Til súgþurrkunarkerfa miðað við gólfflöt er nú á fermetra kr. 91.77, og er það talið að vera um 10% af kostnaði við súgþurrkunarkerfi með fasttengndum blásara. Samkvæmt frumvarpinu verður framlagið 40% af kostnaði.

Til garðávaxtageymsla er nú á m^3 kr. 33.65 eða 8.5% kostnaðar, en verður samkv. frumv. 15%, eða nálægt 50 krónum á m^3.

Nd. 51. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. nóv. 1964.

Birgir Finnsson. form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson.
Guðl. Gíslason.	Sverrir Júlíusson.	Jón Skaftason.
	Lúðvík Jósefsson.	

Sþ. 52. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um uppsetningu radarspegla á suðurströnd landsins.

Flm.: Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram athugun á því, hvort unnt sé að auka öryggi sjófarenda við suðurströnd landsins með því að merkja hana með radarspeglum, þar sem hún er lægst. Reynist sú athugun jákvæð, verði slík radarmerki sett upp hið allra fyrsta.

Greinargerð.

Um langan aldur hefur verið reynt að auka öryggi sjófarenda með því að staðsetja ljósvita og önnur leiðarmerki á sjávarströndum. Á þann hátt hefur mörgu sjóslysi verið forðað. Nútímatækni hefur aukið mjög öryggi þeirra, sem sigla með ströndum fram, og koma þar einkum til afnot radartækja, sem sýna stjórnendum skipa strandlínuna og önnur kennileiti ofar í landinu. Þó koma þessi tæki ekki að fullu haldi, þar sem svo hagar til, að ströndin er mjög lág. Þar sem strönd Íslands er lægst og aðgrynni mikið, hafa hlotizt miklir skipsskaðar og manntjón, en á þeim slóðum koma radartækin ekki að sama gagni og annars staðar. Líklegt er, að stórlega mætti auka not stjórnenda skipa af radartækjum sínum með því að merkja þessa hættulegu strönd stöngum með sérstökum radarspeglum, sem koma fram á sjónskífum radara, þótt ströndin geri það ekki. Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að hið fyrsta verði rannsakað, hvort slíkir radarspeglar kæmu að haldi til slysavarna og þeir settir upp, ef athugun reynist jákvæð.

Sþ. 53. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um framtíðarstaðsetningu skóla og eflingu Akureyrar sem skólabæjar.

Flm.: Ingvar Gíslason, Karl Kristjánsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera áætlun um framtíðarstaðsetningu hinna ýmsu sérskóla og annarra menningarstofnana, sem ætla má að þjóðin þarfnist. — Skal m. a. að því miðað að efla Akureyri sem skólabæ og stefnt að því, að háskóli taki þar til starfa í náinni framtíð.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur frændþjóðum okkar á Norðurlöndum orðið tíðrætt um hinn öra vöxt og útþenslu höfuðborga sinna. Hefur sú þróun þó fram undir þetta verið látin afskiptalítil, að höfuðborgirnar soguðu til sín fólk, fjármagn og áhrifastofnanir, en nú sjá menn, að óðum stefnir í öngþveiti. Ofvöxtur höfuðborga er að verða alþjóðlegt vandamál, sem reynt er að spyrna gegn með ýmsu móti. M. a. eru uppi tillögur um það á Norðurlöndum, og raunar víðar, að dreifa þurfi ríkisstofnunum meira um löndin en verið hefur.

Nú s. l. vetur, til dæmis að taka, skilaði norsk þingkjörin nefnd áliti um þessi mál og mælir með því að flytja nær 20 ríkisstofnanir frá Ósló. Að vísu hefur komið fram viss andstaða gegn flutningi þessara ríkisstofnana í Noregi, einkum frá viðkomandi starfsmönnum. Halda andstöðumenn því m. a. fram, að flutningur stofnananna hafi í för með sér þá annmarka, að örðugra verði að fá hæft starfsfólk utan Óslóarborgar, einkum ýmiss konar aukavinnufólk, og auk þess sé verið að slíta stofnanirnar úr eðlilegum tengslum við aðrar ríkisstofnanir. Ekki skal frekar rætt um þetta að sinni, en í sambandi við þá þingsályktunartillögu, sem hér er fram borin, þykir okkur rétt að geta þess, að hin norska þingnefnd telur næsta lítil vandkvæði á að flytja ýmsar menntastofnanir, og þá sérstaklega sérskóla, frá höfuðborginni og staðsetja þá í öðrum bæjum eða borgum Noregs. Helzta vandamálið gæti orðið það, að skortur yrði hæfra stundakennara, en nefndin telur bezt fyrir slíkt girt með því að koma upp sérstökum „skólamiðstöðvum“, þ. e. skólabæjum, þar sem fleiri skólar en einn yrðu starfandi og staðsettir.

Við flutningsmenn erum þeirrar skoðunar, að Íslendingum sé ekki síður en nágranna- og frændþjóðum nauðsyn að gefa gaum því víðtæka vandamáli, sem fylgir ofvexti einnar borgar. Er enda augljóst, að ef Ósló er orðin Noregi of stór höfuðborg, þá er Reykjavík Íslendingum ofvaxin. Við teljum því brýna nauðsyn bera til þess, að m. a. verði farið að vinna að því af alvöru að dreifa um landið opinberum skrifstofum og stofnunum, fyrst og fremst í þjónustuskyni og til hagsbóta fyrir almenning og atvinnuvegi úti um land, en einnig til þess að létta á höfuðborginni sem slíkri, enda takmörk fyrir því, hversu mikill vöxtur henni er hollur. Einkum ber að hafa þetta sjónarmið í huga, þegar um er að ræða nýjar ríkisstofnanir eða endurskipulagningu ríkisstofnana.

Um það ætti tæpast að geta orðið verulegur ágreiningur, að engin knýjandi nauðsyn sé á því, að sérskólar séu endilega staðsettir í höfuðborgum. Mun reynsla annarra þjóða sízt styðja slíkt fyrirkomulag, og Íslendingar hafa sjálfir nokkra reynslu í þessu efni, sem sannar, að skólastarf fer ekki síður vel úr hendi utan Reykjavíkur en innan. Á næstu árum og áratugum mun skólakerfi Íslendinga, ef að líkum lætur, fara stórvaxandi og spanna yfir víðara svið en verið hefur hingað til. Allar þjóðir, stórar og smáar, fátækar og auðugar, líta á það sem einn nauðsynlegasta þáttinn í framförum og atvinnuuppbyggingu að efla skólahald í margs konar myndum. Þær þjóðir, sem enn eru aftur úr í efnahagslegu tilliti, eiga ekki við verra vandamál að etja en menntunarleysið, sem hamlar því, að þær geti fært sér í nyt þá möguleika, sem nútímaþekking og tækni býður fram. Meðal stórþjóðanna, t. d. Bandaríkjamanna, er menntunarleysið aðalorsök fátæktar og umkomuleysis stórra þjóðarbrota, svo að bandarískir stjórnmálamenn telja það einn svartasta blettinn á þjóðlífi sínu, sem nauðsynlegt sé að bæta úr með hröðum aðgerðum og miklu fjármagni. Sem betur fer eigum við Íslendingar ekki við nein slík vandamál að stríða sem hinar nýsjálfstæðu þjóðir í austri og suðri né einstök þjóðabrot í Ameríku. Miðað við aðrar þjóðir er almenn menntun á háu stigi á Íslandi og áreiðanlega sambærileg við það, sem gerist á Norðurlöndum, í Vestur-Evrópu og Englandi. En þessar þjóðir telja þó flest standa til bóta í skólamálum sínum. Það er ekki lengur markmið þeirra að binda sig við það eitt að gera alla læsa og skrifandi. Því marki er löngu náð, svo sem er hér á landi. Nú er það hins vegar

keppikefli að veita sem flestum framhaldsmenntun og sérfræðimenntun á ýmsum sviðum. Þessar háþróuðu þjóðir í almennri menntun og verkkunnáttu (sem yfirleitt fer saman) telja einsýnt, að „bókvitið verði látið í askana". Það kemur alltaf betur og betur í ljós, að atvinnuvegirnir hafa ört vaxandi þörf fyrir sérmenntað fólk. Skortur á slíkum starfsmönnum stendur ævinlega í vegi fyrir framförum í atvinnulegu tilliti og efnahagslegum vexti. Þessar staðreyndir verða Íslendingar einnig að gera sér ljósar, enda mun varla vera ágreiningur um það í sjálfu sér meðal þeirra, sem leiða hugann að þessum málum og þeirri framtíð, sem okkar ætti að bíða.

Með tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórnin láti gera áætlun um framtíðarstaðsetningu hinna ýmsu sérskóla og fleiri menningarstofnana, sem ætla má að þjóðin þarfnist fyrr eða síðar, og í því sambandi verði miðað að því að efla Akureyri sem skólabæ og stefnt að því, að þar verði reistur háskóli í náinni framtíð. Eins og ljóst má vera, liggur sá höfuðtilgangur að baki þessari tillögu, að skólum og menntastofnunum verði dreift um landið framar því, sem nú er, og einkum þó að Akureyri og hennar grennd verði efld sem skólasvæði. Er æskilegt, að sú stefna verði mörkuð í tæka tíð, enda munu fáir eða engir staðir hafa betri skilyrði til þess að verða skólamiðstöðvar en Akureyri. Menntaskólinn yrði að sjálfsögðu aðalvaxtarbroddur slíkrar þróunar, en skjótlega mætti efla þar aðra skóla og efna til nýrra, ef rétt er á haldið, m. a. ýmiss konar iðnskóla, tækniskóla, tónlistarskóla, verzlunarskóla, sjómannaskóla o. fl. Loks þarf að stefna að því, eins og tillagan fjallar um, að koma upp háskóla á Akureyri með meiri eða minni deildaskiptingu.

Því fyrr sem þjóðin og ráðamenn hennar gera sér grein fyrir framtíðarþróun og stefnu í þessum málum, því betra. Með það í huga er þessi tillaga fram borin.

Nd. 54. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 16. febr. 1957, um breyt. á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (JR) var fjarverandi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 4. nóv. 1964.

Guðl. Gíslason. form., frsm.	Birgir Finnsson. fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Hannibal Valdimarsson.	Ágúst Þorvaldsson.	Jón Skaftason.

Sþ. 55. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

um endurskoðun laga um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Flm.: Alfreð Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara endurskoðun laga um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Skal þeirri endurskoðun hraðað og breytingartillögur í frumvarpsformi lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má.

Greinargerð.

Tilgangurinn með lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla 1936 var sá að setja í heildarkerfi lög og reglur, sem áður giltu um beina sjúkrahjálp ríkisins, og gera þá hjálp nokkru fyllri og víðtækari. Lögin voru sett um sama leyti og lög um alþýðutryggingar, enda allt í þeim samræmt ákvæðum um sjúkratryggingar.

Á tryggingalögum hafa orðið margar og miklar breytingar með árunum, en lögin um ríkisframfærslu hafa staðið nærri óbreytt allar götur síðan 1936. Fyrir þessa misþróun hefur upprunalegt samræmi farið út um þúfur og í þess stað komið misrétti, sem vægast sagt er blettur á íslenzkri löggjöf um sjúkrahjálp.

Fyrstu ár sjúkratrygginga nutu ekki hlunninda aðrir en þeir, sem höfðu árstekjur undir ákveðnu hámarki. Þá nutu efnaðir borgarar ekki réttinda í sjúkrasamlögum. Í samræmi við þetta var sjúkrahjálp ríkisins einnig takmörkun háð. Hún var ekki veitt þeim, sem sæmilega þóttu efnum búnir.

Síðar var skerðingarákvæði þetta numið burt úr tryggingalögum, en í lögum um ríkisframfærslu stendur það óhaggað enn í dag.

Sjúkrasamlög veita nú ókeypis vist í sjúkrahúsum eins lengi og nauðsyn krefur og án tillits til efnahags. Frá þessari gullvægu reglu er þó gerð undantekning, og sú undantekning er óhjákvæmileg, einmitt vegna ákvæða í hinum stöðnuðu ríkisframfærslulögum.

Sjúkratryggingarnar greiða sem sé ekki sjúkrahúsvist lengur en í fimm vikur fyrir þá ógæfusömu menn, sem þjást af vissum sjúkdómum og örkumlum, nánar tilgreindum í lögunum um ríkisframfærslu. Eftir þann tíma verða almannatryggingar að vísa þessu fólki á dyr, og er þá undir hælinn lagt, hvernig fer.

Þeir þessara sjúklinga, sem eru sæmilega eða vel efnum búnir, njóta engra hlunninda hjá ríkisframfærslunni, enda þótt sjúkdómar þeirra flokkist undir hana. Þeir verða sjálfir að greiða spítala- eða hælisvist að liðnum þeim fimm vikum, sem ákvæði tryggingalaga taka til. Þannig fer það eftir sjúkdómsheitinu einu, hverra hlunninda bjargálna fólk nýtur í langvinnum veikindum.

Ef *langlegusjúklingur eða framfærandi hans er efnalítill*, þá er von til þess, en ekki vissa, að ríkissjóður samkvæmt framfærslulögunum greiði sjúkrahúsvist að ⅘ hlutum. Afganginum verður hann sjálfur í öllu falli að standa skil á, en fara á sveitina að öðrum kosti.

Úrskurðir um ríkisframfærslu virðast mjög tilviljunarkenndir, og á óljóst orðalag lagaákvæða vafalaust mesta sök á því. Þannig ber það oft við, þegar í sama hæli dveljast samtímis fátækir menn með sama sjúkdóm á svipuðu stigi, að sumir þeirra njóti ríkisframfærslu, en aðrir ekki. Þessi mismunun veldur sársauka. Reglurnar, sem hún byggist á, draga að vísu úr kostnaði ríkissjóðs, en auka hins vegar útgjöld einstaklinga og sveitarfélaga að sama skapi.

Þessi lög um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla hefur fyrir löngu dagað uppi í tryggingakerfinu. Þau eru úrelt og ranglát, og því ber að lagfæra þau sem allra fyrst. Þjóðfélagið má ekki mismuna sjúklingum né skipta þeim í misréttháa hópa eftir sjúkdómsheitunum einum.

Tvennt er hér hugsanlegt til úrbóta, og er annar kosturinn sá að endurbæta gildandi lög, samræma þau kröfum tímans og láta ríkisframfærsluna haldast. Hinn er að leggja ríkisframfærsluna niður og fela mál hennar almannatryggingum, þannig að ein heildarlög gildi um alla sjúkrahjálp, hverju nafni sem sjúkdómarnir eða örkumlin nefnast.

Hér skal ekki lagður dómur á, hvora leiðina beri að fara, enda er nákvæm athugun lífeyris- og sjúkratryggingamála nauðsynlegur undanfari þess. Hvað kostnaðarhliðina snertir, virðist eðlilegt, að ríkissjóður standi eftir sem áður undir byrðinni, hvor kosturinn sem tekinn yrði. Engin sanngirni mælir með því, að sveitarsjóðir eða hinir tryggðu taki á sínar herðar framfærslubyrði, sem ríkissjóður hefur borið í hartnær 30 ár og raunar lengur.

Að lokum skal á það bent, að þeir, sem bezt þekkja til tryggingamála í landinu, munu á einu máli um ágalla ríkisframfærslulaganna og þörfina á endurskoðun. Skal hér aðeins vísað til ummæla þeirrar nefndar, sem undirbjó lög nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, en í þeirri nefnd áttu sæti þessir menn: Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður, Gunnar J. Möller hæstaréttarlögmaður, frú Jóhanna Egilsdóttir, frú Sigríður J. Magnússon og Sverrir Þorbjörnsson forstjóri.

Í greinargerð fyrir frv. til áðurnefndra laga ræðir nefndin ríkisframfærsluna allýtarlega. Hún kemst að þeirri niðurstöðu, að núverandi skipan þessara mála geti „hvorki talizt réttlát né hagkvæm“ og „að æskilegt sé, að ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla verði lögð niður með öllu og mál hennar lögð undir sjúkra- og lífeyristryggingarnar“. Um skoðanir nefndarinnar að öðru leyti vísast til kaflans um ríkisframfærslu í fyrrnefndri greinargerð, og er hann prentaður hér á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Kafli úr athugasemdum við frv. til laga um almannatryggingar (lagt fyrir Alþingi 1962—63).

Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla. Lögin um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla voru mikil réttarbót fyrir fjölmarga þá, sem dveljast þurftu langdvölum í sjúkrahúsum eða á hælum. Jafnframt tók ríkissjóður á sig byrðar, sem áður höfðu getað orðið þungbærar fámennum sveitarfélögum.

Eftir að komið var á lögboðnum sjúkratryggingum fyrir alla landsmenn, breyttust viðhorfin. Samkvæmt almannatryggingalögum njóta menn nú ótakmarkaðan tíma og án tillits til efnahags ókeypis vistar í sjúkrahúsum, sem sjúkrasamlög hafa samning við. Undanteknir þessu ákvæði eru þó þeir, sem haldnir eru ellikröm eða alvarlegum langvinnum sjúkdómi, sem lögin um ríkisframfærslu taka til. Í slíkum tilfellum greiðir sjúkrasamlag ekki sjúkrahúsvist lengur en 5 vikur alls, en síðan fer fram mat samkvæmt ríkisframfærslulögum á efnahag sjúklings. Verði ekki talið, að um ríkisframfærslu geti orðið að ræða af efnahagsástæðum, falla allar greiðslur vegna sjúkrahúsdvalar niður, einungis vegna þess, að um einhvern þeirra alvarlegu, langvinnu sjúkdóma er að ræða, sem nefnd lög taka til. Jafnvel þótt umsækjandi reyndist styrkhæfur, greiðir ríkissjóður ekki nema ⅘ dvalarkostnaðar, en sveitarfélög eða sjúklingar sjálfir verða að greiða afganginn. Þrátt fyrir þetta er mikil ásókn í að koma sjúklingum á ríkisframfærslu. Stafar sú ásókn af tvennu, annars vegar því, að ýmis hæli eru viðurkennd af ríkisframfærslunni, þótt ekki sé um að ræða greiðslu dvalar af hálfu sjúkratryggingarinnar, svo og af hinu, að sjúkrahúskostnaður eins einasta langlegusjúklings getur reynzt ofviða fámennu sjúkrasamlagi. M. a. að þessu leyti er það augljós galli á sjúkratryggingunum íslenzku, hve sjúkrasamlög eru mörg og flest fámenn.

Á því leikur ekki vafi, að núverandi skipan þessara mála getur hvorki talizt réttlát né hagkvæm. Fyrir hina tryggðu er það meginókosturinn, að greiðsla fyrir sjúkrahúsvist skuli algerlega geta fallið niður eftir 35 daga legu, sé um tiltekna alvarlega langvinna sjúkdóma að ræða. Verður að telja fráleitt, að trygging sjúkrahúsvistar geti fallið niður eftir svo stuttan tíma vegna efnahags hins tryggða, ekki sízt, þegar þess er gætt, að stöðugt er stefnt í þá átt að gera bótarétt óháðan efnahag. Má á það benda í þessu sambandi, að hinir tryggðu eru að þessu leyti nú mun verr settir en á fyrstu árum alþýðutryggingalaga, þegar allir, sem tryggðir voru í samlögum, áttu rétt á 6 mánaða sjúkrahúsvist án tillits til sjúkdóms og efnahags. Í sambandi við umsóknir og úrskurðun um ríkisframfærslu er lögð mikil vinna af hálfu umsækjenda sjálfra eða aðstandenda þeirra, lækna og starfsmanna sveitarfélaga, ríkis og sjúkrasamlaga í samningu efnahagsskýrslna og læknisvottorða svo og með-

höndlun þessara gagna, og ósjaldan snýst málið um það eitt, hvaða opinberir aðilar skuli bera útgjöldin vegna sjúkrahúsvistar viðkomandi manns.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að æskilegast sé, að ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla verði lögð niður með öllu og mál hennar verði lögð undir sjúkra- og lífeyristryggingarnar. Af þeirri ástæðu lét nefndin árið 1961 fara fram rækilega athugun á skiptingu ríkisframfærslusjúklinga eftir því, í hvaða bæjar- eða sýslufélagi þeir væru heimilisfastir. Var þetta gert til þess að fá úr því skorið, hvort viðunandi jöfnun áhættunnar af langvarandi sjúkrahúsdvöl fengist með því að láta kaupstaða- og héraðssamlög tryggja sjúkrahúsvist að miklu eða öllu leyti. Athugun þessi leiddi í ljós, að byrðarnar mundu koma mjög misjafnt niður, enda þótt héraðssamlög bæru þær í stað hinna fjölmörgu fámennu hreppasamlaga. Var því horfið frá þessari hugmynd, en tvær aðrar leiðir ræddar. Sú fyrri er að takmarka ríkisframfærsluna við *fávita, berklaveika og geðveika menn, láta lífeyristryggingarnar taka* við framfærslu ellikramarsjúklinga, en sjúkrasamlögin við öðrum, en þó skuli framfærslu drykkjusjúkra manna utan viðurkenndra sjúkrahúsa komið fyrir með sérstökum hætti. Síðari leiðin er í því fólgin að afnema ríkisframfærsluna með öllu í núverandi mynd og hverfa jafnframt að mestu leyti frá því að greina á milli sjúkdóma, heldur skuli gamalt fólk dveljast í sjúkrahúsum eða hælum á kostnað lífeyristrygginga, ef dvölin er nauðsynleg af heilsufarsástæðum, og sama gildi um varanlega öryrkja, sem vegna örorku sinnar þarfnast slíkrar dvalar. Að öðru leyti taki sjúkratryggingarnar að sér sjúkrahústryggingu þeirra, sem nú eiga rétt á ríkisframfærslu. Þar eð ekki er gert ráð fyrir, að breyting þessi hafi í för með sér greiðslu af hálfu sjúkratrygginganna fyrir vist á annars konar stofnunum en nú hafa viðurkenningu sem sjúkrahús, þyrfti að gera sérstakar ráðstafanir vegna drykkjumannahæla, ef leið þessi yrði valin.

Um hvoruga leiðina treystir nefndin sér til að gera tillögur á þessu stigi, en hún telur, að svo mikill ávinningur gæti orðið að síðari leiðinni, að rétt sé að kanna hana til hlítar, og skal því hér nánar að henni vikið.

Í fyrsta lagi hlýtur sú lausn að vera æskilegust, að ríkisframfærslan verði lögð algerlega niður, en þeir, sem hennar hafa notið, komi inn í hið almenna tryggingakerfi að svo miklu leyti, sem unnt er. Vegna skipulags sjúkratrygginganna verður *hins vegar, eins og áður segir, miklum erfiðleikum bundið að láta þá grein trygg*inganna taka við meginhluta byrðanna. Slíkt mundi enn fremur verða örðugleikum bundið vegna þess, að ýmsar þær stofnanir, sem viðurkenndar hafa verið af ríkisframfærslunni, eru ekki viðurkenndar sem sjúkrahús, og má sem dæmi nefna sjúkradeildir elliheimila og fávitahæli. Hvorugum þessara agnúa er til að dreifa, ef lífeyristryggingar taka á sig þyngstu byrðarnar.

Í öðru lagi yrði aðeins hálfur ávinningur að breytingunni fyrir þá aðila, sem framkvæmd þessara mála annast, ef t. d. gamla fólkið yrði flutt af ríkisframfærslu yfir á lífeyristryggingarnar. Gera yrði ráð fyrir, að jafnframt yrði efnahagsviðmiðun hætt í sambandi við úrskurði, og mundi það bæði vera réttarbót og spara vinnu. Hins vegar mundi læknisfræðilega hliðin verða jafnflókin og áður, og í stað deilna milli einstakra sjúkrasamlaga og ríkisframfærslunnar mundu sjúkrasamlög og lífeyristryggingar deila um það, hvorum aðilanum bæri að greiða sjúkrahúsvist í einstökum tilfellum. Læknisfræðilega er oft miklum erfiðleikum bundið að skera úr um slík atriði, og kæmi því til álita, hvort heppilegra væri, að fá til úrskurðar mikinn fjölda mála, þar sem um skamma sjúkrahúslegu er að ræða, eða láta sjúkrasamlög ætíð bera kostnað af legu nokkurn tíma, en slíkt veldur aukinni vinnu við að fylgjast með sjúkrahúsvist samlagsmanna. Framkvæmdin hlyti því að verða miklum mun auðveldari, ef öll sjúkrahúsvist ásamt nauðsynlegri hælisvist yrði á vegum lífeyristrygginga, hafi viðkomandi náð tilteknum aldri. Hið sama er að segja um þá, sem yngri eru, einfaldara hlýtur að vera að greina á milli þess, hvort viðkomandi er varanlegur öryrki eða ekki, en fara eftir sjúkdómsgreiningu og láta sjúkrasamlög e. t. v. greiða fyrst tiltekið tímabil, áður en lífeyristryggingarnar taka við. Hins vegar

er sennilega ekki að sama skapi og með gamla fólkið ástæða til að láta alla sjúkrahúsvist öryrkja hvíla á lífeyristryggingunum, þar eð hér er um takmarkaðri hóp að ræða og hjá mörgum öryrkjum er ekki ástæða til að ætla, að um sjúkrahúsvist þurfi fremur að verða að ræða en hjá starfhæfu fólki.

Megingallinn við framkvæmd slíkrar breytingar, sem hér um ræðir, virðist vera sá, að mörkin milli sjúkradeilda og almennra deilda elliheimila séu víða hvergi nærri skýr, og þar af leiðandi verði enn erfiðara en nú að skera úr um réttinn til greiðslu fulls dvalarkostnaðar, þegar sami aðili á að kveða á um slíkt og hækkun samkvæmt 23. grein núgildandi almannatryggingalaga. Þessi galli kæmi að sjálfsögðu einnig fram, þótt hin leiðin, sem að framan er getið, yrði valin.

Eins og áður er nefnt, yrði nauðsynlegt að gera ráðstafanir vegna hæla fyrir drykkjusjúka menn, þar eð hvorki Gunnarsholt, Úlfarsá né Bláa bandið eru viðurkennd sjúkrahús og ekki munu vera nema fáir varanlegir öryrkjar meðal vistmanna þar. Ýmislegt fleira þarf gaumgæfilegrar athugunar við, áður en að svo mikilvægri skipulagsbreytingu yrði horfið. M. a. er þörf upplýsinga um fjárhagsleg atriði í sambandi við slíka breytingu, ef ekki á að verða röskun á fjárhagsgrundvelli tryggingganna og heildarframlögum ríkissjóðs og sveitarfélaga til sjúkrasamlaga, lífeyristrygginga og ríkisframfærslu. Hefur nefndin því miðað frumvarpið við, að lögin um ríkisframfærslu haldist óbreytt um sinn, en væntir þess, að á þessum málum reynist innan skamms unnt að finna viðunandi lausn.

Nd. 56. Frumvarp til laga [50. mál]

um breyting á lögum um verndun fornmenja, nr. 40 16. nóv. 1907.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

Á eftir e-lið bætist einn nýr liður, er verður f-liður, svo hljóðandi:

Öll þau hús, sem byggð eru fyrir 1874.

2. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi, og verði hún 10. gr. og breytist töluröð greinanna samkv. því:

Þegar um er að ræða hús, sem byggð eru fyrir 1874 og notuð eru enn, skal sú skylda hvíla á eiganda að halda þeim við. Séu slík hús eigi notuð eða sé viðhald þeirra vanrækt, er það réttur og skylda ríkisins að halda þeim við á sinn kostnað, svo og að gera á þeim þær endurbætur, er í engu spilli gildi þeirra sem söguminjum, en nauðsynlegar eru til viðhalds.

Sé um að ræða hús, sem um leið eru vel fallin til að sýna þau sem sögulegar minjar, skal eiganda skylt að semja við ríkisstjórnina um slíka sýningaraðstöðu.

Óski ríkisstjórn eftir að kaupa slík hús, sem um ræðir í f-lið 2. gr., til varðveizlu eða óski eigandi eftir að selja þau ríkinu, skal fara um mat á þeim eftir 6. gr. laga þessara.

Þó er þjóðminjaverði heimilt, ef sérstaklega stendur á að hans áliti, að leyfa, að slík hús séu flutt, ef þess er sérstaklega óskað, eða jafnvel rífa þau, ef þjóðminjavörður álítur einskisvirði að halda þeim við.

Greinargerð.

Land vort er fátækt að fornmenjum, og meir og meir eyðileggst með ári hverju af þeim fáu húsum og mannvirkjum, sem reist voru á fyrstu 1000 árum Íslandsbyggðar.

Sú mikla og hraða þjóðfélagsbylting, sem gerzt hefur á þessari öld og gerbreytt þjóð vorri úr rótgróinni bændaþjóð í borgaþjóð, sem enn er í deiglu, veldur því, að líta verður allt öðrum augum á fornmenjar en gert var 1907, er núgildandi lög voru sett. Fyrstu þúsund árin af Íslandsbyggð hafa svo margt sameiginlegt, að óhjákvæmilegt er að reyna að vernda öll mannvirki frá þeim tíma eins og oss frekast er unnt, og er þó því miður hætta á, að um margt sé nú orðið um seinan. Vitað er, að sögulega dýrmæt hús liggja víða undir skemmdum eða eru jafnvel rifin, og eru það vissulega helgispjöll, sem eigi má þola. Sama gildir og þegar verið er að gerbreyta gömlum listrænt búnum húsum svo, að þau samsvari smekkleysi nýríkrar yfirstéttar eða þjóni verzlunarhagsmunum kaupmanna. Allt á slíkt skylt við að nota skinnhandrit til skóbóta, nema hvað fátæktin er ekki lengur til afsökunar.

Því er það lagt til í þessu frv., að öll hús byggð fyrir 1874 séu tekin inn undir lög um fornmenjar, sett á skrá yfir fornleifar af þjóðmenjaverði og farið með þau að lögum um verndun fornmenja.

Ed. 57. Frumvarp til laga [51. mál]

um hreppstjóra.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Hreppstjóri skal vera einn í hverjum hreppi.

2. gr.

Þá er starf hreppstjóra losnar, skal sýslunefnd kjósa hlutbundinni kosningu, ef óskað er, þrjá íbúa í hlutaðeigandi hreppi til hreppstjórastarfs, og skipar sýslumaður einn þeirra hreppstjóra.

3. gr.

Engan má skipa hreppstjóra nema hann uppfylli eftirtalin skilyrði:

1. Sé svo andlega og líkamlega hraustur, að hann geti gegnt stöðunni.
2. Sé 21 árs að aldri.
3. Sé lögráða og hafi forræði á fé sínu.
4. Sá íslenzkur ríkisborgari.

4. gr.

Nú uppfyllir hreppstjóri eigi lengur skilyrði 3. gr., og skal sýslumaður þá leysa hann frá störfum. Enn fremur skal sýslumaður leysa hreppstjóra frá störfum, ef hann flytzt brott úr hreppnum.

Í reglugerð, sem dómsmálaráðherra setur, skal heimilt að ákveða aldurshámark fyrir hreppstjóra, að fenginni umsögn sýslunefnda þar um.

5. gr.

Nú losnar starf hreppstjóra og sýslunefnd hefur eigi gert tillögur samkvæmt 2. gr. Skal sýslumaður þá setja einhvern þann, sem uppfyllir skilyrði 3. gr. sbr. 4. gr., til að gegna starfinu. Á sama hátt getur sýslumaður sett mann til að gegna hreppstjórastarfi um stundarsakir í forföllum hreppstjóra eða til að fara með einstök mál, sem hreppstjóri má eigi fara með.

6. gr.

Hreppstjórar eru umboðsmenn sýslumanns, hver í sínum hreppi. Fara þeir með lögregluvald, annast innheimtu opinberra gjalda, fógetagerðir og fleiri störf í umboði sýslumanns, svo og þau önnur störf, sem nánar kann að vera kveðið á um í lögum eða reglugerðum.

7. gr.

Hreppstjórar taka laun úr ríkissjóði í hlutfalli við íbúatölu umdæmis síns miðað við 1. desember næsta ár á undan. Reiknast launin þannig, að í hreppi með 100 íbúa eða færri eru þau 7500 kr. á ári, í hreppi með 101—150 íbúa 8400 kr., og svo framvegis, þannig að launin hækki um 900 kr. fyrir hverja 50 íbúa.

Fjármálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sýslumanns, að ákveða hreppstjóra hærri laun en segir í 1. mgr., ef hann fer með sýslan í kauptúni, þar sem eru fleiri en 400 íbúar og lögreglustjóri er eigi búsettur í því kauptúni.

Nú leggur hreppstjóri niður sýslan eða deyr, og ber honum eða búi hans þá ½2 árslauna fyrir hvern mánuð eða mánaðarhluta, sem hann hefur gegnt hreppstjórastarfi.

Sýslumenn annast greiðslu launanna, og greiðast þau eftir á, 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

8. gr.

Nú verða almennar breytingar á launum starfsmanna ríkisins, og er fjármálaráðherra þá heimilt að breyta launum hreppstjóra að sama skapi.

9. gr.

Auk hinna föstu launa samkvæmt 7. gr. hafa hreppstjórar þóknun fyrir einstök verk eftir því sem nánar segir í lögum og reglugerðum.

10. gr.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð frekari ákvæða um hreppstjóra, störf þeirra og kjör.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá 1. júlí 1964 fer um laun hreppstjóra eftir ákvæðum þessara laga.

Jafnframt eru úr gildi numin lög um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl., nr. 85 11. júní 1938, 1., 7.—9., 12. og 13. gr., sbr. lög nr. 57 7. maí 1940 og lög nr. 75 5. júní 1947.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í gildandi löggjöf hefur skort heildarákvæði um störf hreppstjóra. Aðalákvæði um hreppstjóra er að finna í reglugerð fyrir hreppstjóra frá 29. apríl 1880, en sú reglugerð er af augljósum ástæðum orðin mjög úrelt. Hér og þar í lögum er að finna ákvæði um einstök störf hreppstjóra, en almenn ákvæði um hreppstjóra eru engin. Hefur þetta valdið óþægindum við skipulagningu starfa hreppstjóra. Því hefur orðið að ráði, að samið yrði frumvarp til laga um hreppstjóra. Í frumvarp þetta eru tekin helztu meginatriði, sem gilda skulu um hreppstjóra. Til útfyllingar og frekari leiðbeiningar er svo gert ráð fyrir því, að sett verði ný reglugerð um hreppstjóra, störf þeirra og kjör. Jafnframt hefur þótt rétt að endurskoða ákvæði laga frá 1938 um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl., en laun hreppstjóra hafa dregizt verulega afturúr á síðustu árum. Er gert ráð fyrir því í frumvarpi þessu, að þetta sé lagfært.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir rétt að taka þetta fram:

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að hreppstjóri sé einn í hverjum hreppi. Er það í samræmi við þær reglur, sem farið hefur verið eftir. Í hreppstjórareglugerðinni frá 1880 er þó gert ráð fyrir því, að hreppstjórar geti verið fleiri en einn í hreppi, en það tíðkast eigi lengur.

Um 2. gr.

Ákvæði þetta er í samræmi við þær meginreglur, sem nú er farið eftir. Til að taka af tvímæli er sett ákvæði um það, að skylt sé að viðhafa hlutfallskosningu, ef þess er óskað.

Um 3. gr.

Hér er um að ræða hin almennu skilyrði til skipunar í hreppstjórastarf, og þarfnast ákvæðið ekki frekari skýringa.

Um 4. gr.

Hér segir hversu leysa skuli hreppstjóra frá starfi. Starf hreppstjóra er í eðli sínu aukastarf, og gilda því ekki um hreppstjóra reglur um aldurshámark opinberra starfsmanna. Þó verður að telja, að störf þeirra séu það þýðingarmikil, að til athugunar komi að ákveða aldurshámark fyrir hreppstjóra. Áður en af slíku getur orðið þarf þó að kanna betur vilja þeirra, sem gerzt geta um þetta borið, sýslunefndanna, og er þess vegna gert ráð fyrir því, að í reglugerð verði kveðið á um þetta efni, að fenginni umsögn sýslunefnda þar um. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 5. gr.

Rétt hefur þótt að setja ákvæði um setningu hreppstjóra, bæði þegar starf losnar og einnig þegar setja þarf menn vegna fjarveru hreppstjóra eða annarra orsaka, t. d. vegna vanhæfisreglna.

Um 6. gr.

Störf hreppstjóra eru margs konar. Fyrst og fremst annast þeir ýmis störf fyrir sýslumenn, og í umboði þeirra. Eru ákvæði um það, hver störf hreppstjóri fer með, í ýmsum lögum. Sem dæmi má nefna, að hreppstjórar fara með lögregluvald, annast ýmsar fógetagerðir, uppskriftir búa og halda uppboð. Hreppstjórar eru og úttektarmenn, þeir standa fyrir utankjörfundarkosningu, og eru oddvitar undirkjörstjórna. Jafnframt annast hreppstjórar fjölmörg önnur störf, sem varða héraðsmálefni almennt. Ekki þykir ástæða til að setja í frumvarpið tæmandi upptalningu á því, hver störf hreppstjórar fari með. Verður um það efni að vísa til gildandi laga og reglugerða hverju sinni. Í 10. gr. frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir því, að sett verði reglugerð um hreppstjóra, og í þeirri reglugerð yrði gerð frekari grein fyrir því, hver störf hreppstjóra skuli vera.

Um 7. gr.

Laun hreppstjóra fyrir fardagaárið 1963—1964 voru 5778 kr. fyrir hreppstjórastarf í hreppi með 100 íbúa eða færri, en hækkuðu um 693 kr. fyrir hverja byrjaða 50 íbúa. Fram á síðasta ár voru launin hækkuð í samræmi við almennar launabreytingar ríkisstarfsmanna, en eftir að launaákvæði kjaradóms komu til framkvæmda hafa launin verið hækkuð um 15% til bráðabirgða. Vegna launahækkana opinberra starfsmanna á s. l. ári, hefur þótt rétt að endurskoða laun hreppstjóra, og er hér lagt til, að lægstu launin hækki í 7500 kr., en hækkun vegna hverra 50 íbúa verði 900 kr. Gert er ráð fyrir því, að launin miðist við íbúatölu hrepps 1. desember árið á undan.

Haldið er ákvæði um heimild til þess að hækka laun hreppstjóra í kauptúnahreppum með yfir 400 íbúa, ef sýslumaður hefur eigi búsetu þar.

Þá er gert ráð fyrir því, að laun hreppstjóra greiðist misserislega eftir á miðað við almanaksár í stað þess að nú eru þau greidd einu sinni á ári miðað við fardagaár.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að fjármálaráðherra fái heimild til að breyta launum hreppstjóra til samræmis við almennar breytingar á launum ríkisstarfsmanna, þannig að eigi þurfi lagabreytingu í hvert sinn, sem laun ríkisstarfsmanna breytast.

Um 9. gr.

Hreppstjórar hafa löngum tekið sérstakar greiðslur fyrir einstök verk, og eru ákvæði um þær greiðslur í ýmsum lögum og reglugerðum. Er gert ráð fyrir því, að sérákvæði þessi haldist.

Um 10. gr.

Eigi þykir unnt að setja í lög tæmandi ákvæði um hreppstjóra, störf þeirra og kjör. Er þess vegna gert ráð fyrir því, að sett verði reglugerð, þar sem nánar verði kveðið á um þessi efni.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir því, að lög nr. 85 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl., falli úr gildi. Til skýringar skal tekið fram, að ákvæði er svara til 8. og 9. gr. þeirra laga, eru nú í lögum um meðferð einkamála í héraði og lögum um meðferð opinberra mála. Að því er varðar 4.—6. gr. laganna er þess að geta, að samhliða þessu frumvarpi eru flutt tvö önnur frumvörp, um breyting á lögum um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 1936, og um breyting á lögum um skipti á dánarbúum og félagsbúum, o. fl., nr. 3 1878, og koma ákvæði þessara frumvarpa í stað þeirra greina.

Ed. 58. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Aftan við 89. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Dómsmálaráðuneytið ákveður í gjaldskrá þóknun til stefnuvotta fyrir hverja birtingu. Þóknun ásamt endurgjaldi fyrir ferðakostnað greiðir sá, sem beiðst hefur birtingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi numin 5. gr. laga nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæði um þóknun til stefnuvotta er nú að finna í lögum um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl. Við endurskoðun þeirra laga hefur orðið að ráði að flytja sérstakt frumvarp til laga um hreppstjóra. Ákvæði um þóknun til stefnuvotta þykja eigi eiga heima í slíkum lögum, enda eru hreppstjórar eigi lengur stefnuvottar af sjálfu sér. Fer bezt á, að ákvæði þetta sé meðal annarra almennra ákvæða um stefnuvotta í lögum um meðferð einkamála í héraði. Eðlilegt þykir, að þóknun til stefnuvotta sé ákveðin í gjaldskrá, en ekki bundin í lögum, og er það efni frumvarps þessa.

Ed. 59. Frumvarp til laga [53. mál]

um breyting á lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Við 1. mgr. 16. gr. bætist tveir nýir málsliðir, svo hljóðandi:

Hreppstjóra ber þóknun fyrir að annast gerðir þessar, og skal hún vera hálfu hærri en laun votta. Skiptaráðandi ákveður laun votta og sérstakra virðingarmanna. Ferðakostnað skulu þessir aðilar fá greiddan eftir reikningi, sem skiptaráðandi úrskurðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi 4. og 6. gr. laga nr. 85 11. júní 1938, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum um laun hreppstjóra og aukatekjur m. fl. hefur verið að finna ákvæði um greiðslur til hreppstjóra, þegar hann fyrir hönd sýslumanns stendur fyrir uppskrift eigna eða virðingargerð. Þar hefur og verið að finna ákvæði um greiðslur fyrir skoðunar- og matsgerðir. Við endurskoðun laga þessara hefur orðið að ráði að flytja sérstakt frumvarp til laga um hreppstjóra. Er í því frumvarpi byggt á því, að ákvæði um aukagreiðslur til hreppstjóra séu í viðkomandi lögum eða reglugerðum. Er þess vegna lagt til, að í 16. gr. skiptalaga sé tekið upp ákvæði um greiðslur til hreppstjóra, þegar þeir fyrir hönd sýslumanns standa fyrir uppskrift eigna eða virðingargerð og er á því byggt, að þessar greiðslur verði hálfu hærri en laun votta við gerðirnar.

Samkvæmt lögum nr. 33 26. apríl 1963, um breyting á lögum um meðferð einkamála í héraði, ákveður dómari nú laun þingvotta. Gildir það um votta, sem virða eignir fyrir skiptaráðanda. Vottar, sem virða fyrir hreppstjóra, falla hins vegar ekki beinlínis undir það ákvæði, en eðlilegt þykir, að sömu reglur gildi þar, og er því lagt til, að skiptaráðandi ákveði greiðslur til þeirra. Loks er gert ráð fyrir því, að þar sem sérstakir virðingarmenn eru tilnefndir, þá ákveði skiptaráðandi laun þeirra. Er það í samræmi við ákvæði laga nr. 33/1963, um greiðslur til dómkvaddra matsmanna.

Sþ. 60. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um fyrirmyndar fiskiðjuver við Rifshöfn.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hafa forgöngu um, að stofnsett verði við landshöfnina í Rifi á Snæfellsnesi fyrirmyndar fiskiðjuver, sem að stærð og vinnslutækni jafnist á við nýjustu og beztu fiskiðjuver annarra þjóða. Verði leitað samstarfs sem flestra aðila um málið, ríkis og sveitarfélaga, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, sjómanna, útgerðarmanna og annarra einstaklinga.

Greinargerð.

Framkvæmdum miðar vel við landshöfnina í Rifi á Snæfellsnesi, eftir að útvegað var fé til stórátaks þess, sem hafið var á síðasta ári. Skapast innan skamms

aðstaða fyrir mikinn bátafjölda í höfninni, og á næstu árum má stækka hana verulega.

Eitt lítið fiskiðjuver er í Rifi. Frystihús er á Hellissandi og tvö frystihús í Ólafsvík, en þar er einnig verið að stórbæta hafnarskilyrði. Er því sjálfsagt, að við hina nýju Rifshöfn rísi innan skamms ný fiskiðjuver til að taka við þeim fiski, sem þar kemur á land.

Í þessum efnum er um tvær stefnur að velja. Önnur er sú að láta málið afskiptalaust og treysta því, að einstaklingar eða félög komi upp fiskvinnslu við Rifshöfn. Mundu þá smám saman rísa þar mörg, en smá fyriræki.

Hin stefnan er að reisa með sameiginlegu átaki stórt fyrirmyndar fiskiðjuver, sem gæti hagnýtt nýjustu tækni og beitt ýtrustu hagræðingu, sem þekkist í heiminum. Deila mætti um rekstrarform slíks fyrirtækis, en farsælast yrði án efa, miðað við núverandi aðstæður í landinu, að þarna tækju saman höndum opinberir aðilar, einkafyrirtæki og samvinnufyrirtæki.

Máli þessu er hreyft í þeirri von, að ríkisstjórn taki frumkvæði og kanni, hvort ekki er unnt að mynda þau samtök, sem tillagan fjallar um, og hrinda í framkvæmd málinu.

Nd. 61. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm. (LJós) hefur óbundnar hendur um afstöðu til málsins.

Alþingi, 5. nóv. 1964.

Davíð Ólafsson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Einar Ágústsson
Skúli Guðmundsson.	Axel Jónsson.	Jónas G. Rafnar

Nd. 62. Frumvarp til laga [55. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn verksmiðjunnar skal skipuð fimm mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar. Verksmiðjustjórnin hefur á hendi stjórn verksmiðjunnar.

Þegar verksmiðjustjórn samkv. 8. gr. þessara laga áætlar og ákveður kostnaðarverð á áburði, skulu taka sæti í stjórn verksmiðjunnar tveir menn til viðbótar þeim fimm, sem kosnir eru samkv. 1. málsgr. þessarar greinar. Skulu þessir tveir menn tilnefndir, annar af stjórn Stéttasambands bænda, hinn af stjórn Búnaðarfélags Íslands. Þeir skulu hafa atkvæðisrétt um verðlagningu áburðarins og að-

stöðu til þess að kynna sér forsendur hennar. Þá skulu þeir og hafa ákvörðunarrétt um, hvaða tegundir áburðar skuli framleiddar í verksmiðjunni.

2. gr.

13. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Hlutabréf annarra hluthafa, er hlutabréf hafa keypt í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjan h/f, er ríkissjóði skylt að innleysa á nafnverði að viðbættum sparisjóðsvöxtum af upphæðinni, frá því þau voru keypt. Þó skal ríkisstjórninni heimilt að greiða hærra verð, ef hluthafar krefjast þess, enda hafi þá sérstök þingnefnd, skipuð einum manni frá hverjum þingflokki, rannsakað allt, sem varðar tæknilegt gildi og efnahagslegan rekstur verksmiðjunnar, jafnvel frá upphafi, ef þurfa þykir, og síðan samþykkt að greiða hærra en nafnverð mótatkvæðalaust.

Umboð núverandi stjórnar áburðarverksmiðjunnar fellur niður, enda sé kosin ný verksmiðjustjórn samkvæmt 4. gr. laganna á yfirstandandi þingi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umræður um áburðarvinnslu á Íslandi hófust fyrst fyrir alvöru árin 1934—1937, þegar skipulagsnefnd atvinnumála var að störfum. Lét hún gera allmiklar rannsóknir á möguleikum til framleiðslu tilbúins áburðar hér á landi.

Stjórnarfrumvarp um byggingu lítillar verksmiðju til framleiðslu köfnunarefnis var flutt á Alþingi 1944. Var frumvarpinu vísað til nýbyggingarráðs og því falið málið til frekari rannsókna. Á grundvelli rannsókna þeirra, er það lét gera, var aftur flutt stjórnarfrumvarp um byggingu áburðarverksmiðju á þinginu 1947, sem ekki náði þó afgreiðslu. Haustið 1948 var þetta frumvarp aftur flutt á Alþingi nokkuð breytt og verður að lögum vorið 1949.

Í öllum þeim miklu umræðum og athugunum, sem fram höfðu farið í sambandi við alla meðferð málsins í hálfan annan áratug, hafði enginn maður svo mikið sem imprað á því, að nokkur annar en ríkið ætti að eiga þetta fyrirtæki, enda lá það ljóst fyrir öllum, að fjármagn til byggingar þess yrði ríkið að útvega annaðhvort með framlögum eða lánum. Það var fyrst á síðustu stigum málsins í önnum síðustu þingdaga vorið 1949, að flutt var í efri deild breytingartillaga þess efnis, að verksmiðjan skyldi vera rekin sem hlutafélag. Var breytingartillaga þessi samþykkt sem 13. gr. frumvarpsins.

Eins og lögin líta út núna, er svo ákveðið í 3. gr., að verksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. En í 13. gr. er ákveðið, að ríkisstjórninni sé heimilt að leita eftir þátttöku félaga eða einstaklinga um hlutafjárframlög og ef slík framlög nema minnst 4 millj. kr., skuli ríkissjóður leggja fram það, sem á vantar, til þess að hlutafé nemi 10 millj., og skuli þá verksmiðjan rekin sem hlutafélag.

Þannig standa ákvæði laganna, þar sem þessu síðara ákvæði hefur verið fylgt. Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, en rekin sem hlutafélag.

Nú veit það hver maður, sem eitthvað þekkir inn í venjulegan hlutafélagarekstur, að hluthafi er eigandi að jafnstórum hlut í viðkomandi hlutafélagi og hlutabréfaeign hans segir til um. Það virðist einnig sýnilegt, að þá reglu eigi að nota til þess að koma eignarrétti yfir áburðarverksmiðjunni í hendur þessa hlutafélags, þótt 3. gr. laganna kveði skýrt á um, að hún eigi að vera sjálfseignarstofnun.

Á næstu árum eftir samþykkt frv. í þessari mynd gerðust svo þau tíðindi, að tveir forustumenn Framsóknarflokksins, þeir Hermann Jónasson, er þá var um

nokkurt skeið landbúnaðarráðherra, og Eysteinn Jónsson, er löngum var fjármálaráðherra, tóku að lýsa yfir því úr ráðherrastóli á Alþingi, að verksmiðjan væri eign hlutafélagsins, þótt skýrum orðum stæði í lögunum, að hún væri sjálfseignarstofnun. Var þessum yfirlýsingum strax harðlega mótmælt og átalið, að ráðherrar væru að reyna að breyta skýrum lagaákvæðum með yfirlýsingum á Alþingi, er bakað gætu ríkinu stórtjón.

Áburðarverksmiðjan mun hafa kostað um 130 millj. kr. Þar af nemur hlutaféð 10 millj., og skulu aðrir hluthafar en ríkið eiga ⅔ hluta þess, eða 4 millj. kr. Allt hitt fjármagnið verður ríkið að leggja fram sem hlutafé eða lán. Þessi lán, sem samkvæmt þessu mundu nema um 120 millj., eiga að greiðast af notendum áburðarins í áburðarverðinu. Það liggja einnig fyrir ráðherrayfirlýsingar um það. Fjármagn þetta, sem að nokkru leyti er fé mótvirðissjóðs, er ríkið lánar verksmiðjunni, eða lán, sem ríkið tekur erlendis og endurlánar fyrirtækinu, á að greiðast á 20 árum með 5—6% vöxtum.

Óhætt mun að fullyrða, að áburðarverksmiðjan sé nú um 350 milljón króna virði. Þeir menn, sem halda því fram, að einkahluthafar, sem á sínum tíma lögðu fram 4 millj. kr. í hlutafé, eigi verksmiðjuna, eru í huga sínum að gefa þessum einkahluthöfum 140 milljóna króna eign, þegar afskriftum er lokið.

Áburðarverksmiðjan er reikningslega gott fyrirtæki. Hreinar tekjur verksmiðjunnar 1961 eru, ef farið er að lagafyrirmælum, um 12 milljónir króna.

Það má því ekki seinna vera en nú, að Alþingi taki af öll tvímæli um, að ríkið eigi þessa miklu verksmiðju að fullu. Meðan núverandi 13. gr. er látin haldast, vofir meira að segja alltaf yfir sú hætta, að allri verksmiðjunni sé stolið úr eign ríkisins með því að selja einstökum einkahluthöfum einnig hlutabréf ríkisins. Má í því sambandi minna á þá yfirlýsingu, er núverandi bankastjóri Framkvæmdabankans gaf á fundi fjárhagsnefndar efri deildar á þingi 1952, að tilætlunin væri að selja hlutabréf ríkisins í áburðarverksmiðjunni síðar meir.

Ég dreg mjög í efa, að allir þeir þingmenn, er léðu breytingartillögu þeirri, er varð 13. gr., fylgi sitt á síðustu stigum málsins vorið 1949, hafi þá ætlazt til þess, að breytingin yrði notuð til þess að afhenda verksmiðjuna einkaaðilum til eignar að einhverju eða jafnvel öllu leyti. Miklu fremur er líklegt, að þeir hafi litið svo á, að ummæli 3. gr. um, að verksmiðjan væri sjálfseignarstofnun, yrðu hin raunverulega gildandi ákvæði um eignarrétt hennar.

Það er ekki fyrr en nokkru eftir að lögin voru samþykkt, að ráðherrar fara að lýsa yfir þeim skilningi, að verksmiðjan sé eign hlutafélagsins, þvert ofan í skýlaus ákvæði 3. gr.

Það er því sjálfsagt, að Alþingi breyti þessum lögum í það horf, sem ætlað var fyrirhugað þangað til á allra síðustu stundu málsins í þinginu, felli burt 13. gr. þeirra og sýni þar með ákveðið þann vilja, að þetta fyrirtæki eigi ekki að komast í eign einkaaðila.

Það er því aðalatriðið í þessu frv. að slá föstu, svo að ekki verði framar umdeilt, eignarrétti ríkisins á verksmiðjunni.

Þó hef ég í þetta sinn bætt við 4. gr. ákvæðum, sem veita bændum nokkuð aukinn rétt í viðskiptum sínum við verksmiðjuna sem kaupendum afurða hennar: vald við verðlagningu og ákvörðun áburðartegunda. Eru ákvæði þessi nýmæli í lögum og rétt, að þau séu reynd við þetta mikla ríkisfyrirtæki.

Það mun ætlun yfirvalda að þrefalda framleiðslu áburðar fram til ársins 1980. Er þá því meiri nauðsyn á, að áður en slíkar ákvarðanir séu endanlega teknar, sé allt komið á hreint um eignarrétt ríkisins á verksmiðjunni, svo og gert öruggt, að þar verði framleiddar þær áburðartegundir, sem bændur vilja og landbúnaðurinn þarfnast.

Ég hef áður flutt frv. um þetta mál og flyt það nú í nokkuð nýrri mynd, og skulu ástæður til þess skýrðar nánar í framsögu.

Nd. **63. Frumvarp til laga** [56. mál]

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

Flm.: Einar Ágústsson, Óskar Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Menntaskólar eru fjórir, tveir í Reykjavík, einn á Akureyri og einn á Laugarvatni. Stofna skal auk þessa einn menntaskóla á Austurlandi og einn á Vestfjörðum, þegar fé er veitt til þeirra á fjárlögum.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum er aðeins einn menntaskóli í Reykjavík, og er hann til húsa í gömlu menntaskólabyggingunni við Lækjargötu, svo sem kunnugt er. Það hús var tekið í notkun árið 1846, og voru nemendur Latínuskólans þá 60. Nú eru nemendur Menntaskólans í Reykjavík rúmlega 900, og er því augljóst, að þetta gamla hús er orðið allt of lítið fyrir starfsemi skólans og óhjákvæmilegt að byggja nýtt skólahús til viðbótar. Að vísu hafa framkvæmdir verið hafnar að auknum byggingum í grennd við gamla skólahúsið. Þær framkvæmdir geta þó ekki nema að mjög litlu leyti bætt úr þeim húsnæðisvandræðum, sem þarna er um að ræða, en bæta fyrst og fremst úr brýnni þörf á sérkennslustofum fyrir ýmsa verklega kennslu.

Þá er almennt viðurkennt, að Menntaskólinn í Reykjavík sé nú þegar orðinn a. m. k. nægilega stór og því rangt að stefna að fjölgun nemenda í honum. Íslenzkir skólamenn munu flestir þeirrar skoðunar, að slíkur skóli eigi ekki að vera fyrir fleiri en 500—600 nemendur. Miðað við þann nemendafjölda gætu tveir menntaskólar verið fullsetnir í Reykjavík innan eins til tveggja ára.

Ýmsir nefna miklu lægri tölu um fjölda nemenda, allt niður í 300—350. Allir munu hins vegar sammála um, að 800—900 sé allt of hátt, jafnvel þótt aðstæður væru hinar beztu.

Vegna þessara ástæðna þarf að fjölga menntaskólum í Reykjavík í tvo hið allra fyrsta og hefja byggingu nýs skólahúss eins fljótt og við verður komið.

Á undanförnum þingum hafa nokkrum sinnum verið fluttar tillögur um stofnun menntaskóla á Austurlandi og Vestfjörðum. Þær tillögur hafa verið fluttar vegna mikils áhuga í þessum byggðarlögum fyrir því, að aðstaða unglinga til framhaldsnáms væri jöfnuð svo sem verða mætti. Virðist það sanngirniskrafa, að íbúar Austurlands og Vestfjarða yrðu að þessu leyti settir við sama borð og íbúar á Suður- og Norðurlandi. Þess vegna er í þessu frumvarpi einnig gert ráð fyrir stofnun menntaskóla á Austurlandi og Vestfjörðum, þegar fé verður veitt til þeirra á fjárlögum.

Menntaskólarnir á Akureyri og Laugarvatni hafa þegar starfað árum saman samkvæmt heimild í framangreindum lögum. Sú breyting, sem hér er lögð til, er því aðeins formbreyting til samræmingar.

Breyttir þjóðfélagshættir auka þörfina á sérmenntuðu fólki til starfa í margvíslegum greinum. Batnandi þjóðarhagur byggist í vaxandi mæli á því, að vísindi og tækni verði tekin í þjónustu atvinnuveganna. Þess vegna er nauðsynlegt að greiða fyrir því, að sem allra flestir eigi kost á að afla sér þeirrar menntunar, sem nauðsynleg er til að geta orðið virkur þátttakandi þessarar framtíðaruppbyggingar.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og var þá vísað til ríkisstjórnarinnar.

Það er skoðun flutningsmanna, að ekki megi dragast, að Alþingi veiti þá lagaheimild, sem til þarf til þess að koma menntaskólamálunum í viðunandi horf, og þess vegna er frumvarpið endurflutt.

Ed. 64. Frumvarp til laga [57. mál]

um eftirlit með útlendingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Heimilt er dómsmálaráðherra að ákveða með reglugerð, að útlendingar, sem koma til landsins eða fara þaðan, skuli hafa vegabréf eða önnur kennivottorð.

Dómsmálaráðherra getur kveðið á um, hvort í vegabréfi (kennivottorði) skuli vera áritun (visum) um heimild til að koma til landsins.

Samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, má gefa út sérstök ferðaskilríki handa útlendingi, sem eigi getur með öðrum hætti aflað sér vegabréfs eða annars kennivottorðs.

2. gr.

Hver sá, sem kemur til landsins eða fer þaðan, er skyldur til, samkvæmt reglum, sem dómsmálaráðherra setur, að gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið, sýna vegabréf sitt eða annað kennivottorð og veita þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru.

Stjórnendur skipa og loftfara eru skyldir til að fara eftir reglum um framkvæmd vegabréfaskoðunar.

3. gr.

Útlending, er kemur hingað á íslenzku eða erlendu skipi eða loftfari og heyrir til áhöfn skipsins eða loftfarsins, má eigi afskrá, nema með leyfi dómsmálaráðherra. Stjórnandi farartækisins ber ábyrgð á, að afskráning fari ekki fram án leyfis. Ef ætlunin er að skrá útlending á íslenzkt eða erlent skip eða loftfar hér á landi, ber tafarlaust að tilkynna það lögreglunni. Stjórnandi farartækisins skal ganga úr skugga um, hvort útlendingurinn hafi nauðsynlegt atvinnuleyfi.

Skipstjóri, útgerðarmaður eða umboðsmaður hans hér á landi eru skyldir til að endurgreiða þann kostnað, sem brot á framangreindum reglum kann að valda hinu opinbera vegna ólöglegrar dvalar útlendingsins og heimsendingar hans, svo og kostnað vegna heimsendingar skipverja, sem strokið hefur í land eða orðið þar eftir, eða flutning hans um borð í skipið aftur. Dómsmálaráðherra getur sett reglur um skyldur skipstjóra, útgerðarmanns eða umboðsmanns hans hér á landi til að endurgreiða kostnað, er fallið hefir á hið opinbera vegna dvalar laumufarþega hér á landi og heimsendingar þeirra.

Reglur 2. málsgr. gilda eftir því sem við á um flugstjóra, flugfélög eða umboðsmenn þeirra hér á landi.

4. gr.

Dómsmálaráðherra veitir leyfi þau, sem þarf til landgöngu og dvalar samkvæmt lögum þessum. Hann getur veitt lögreglustjórum heimild til útgáfu slíkra leyfa, svo og sendiherrum og ræðismönnum Íslands erlendis.

5. gr.

Útlendingar, sem þurfa sérstaka heimild til landgöngu samkv. ákvæðum 2. málsgr. 1. gr. (visum), mega ekki dvelja hér lengur en vegabréfsáritun segir til um, nema sérstakt leyfi komi til.

Öðrum útlendingum er óheimilt án sérstaks leyfis að dvelja hér á landi lengur en þrjá mánuði í senn frá því að þeir koma til Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar frá einhverju öðru landi. Draga ber frá nefndu þriggja mánaða tímabili þann tíma, er nemur dvöl útlendingsins í framangreindum löndum á síðustu sex mánuðum fyrir seinustu komu hans hingað. Ef sá tími samanlagður er lengri en þrír mánuðir, er landganga óheimil án sérstaks leyfis.

Nú hefir útlendingur, sem 2. málsgr. tekur til, hlotið dvalarleyfi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, og skal honum þá heimilt meðan það leyfi er í gildi að dvelja hér á landi án sérstaks leyfis í allt að þrjá mánuði frá komudegi að telja. Frá þriggja mánaða tímabilinu ber þó að draga þann tíma, sem útlendingur hefir dvalið hér á síðustu sex mánuðum fyrir seinustu komu hans hingað. Nemi sú dvöl meiru en þremur mánuðum, þarf útlendingurinn sérstakt leyfi til landgöngu.

6. gr.

Um rétt útlendings til þess að ráða sig í vinnu, stöðu eða starf, vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki hér á landi, gilda ákvæði laga nr. 39 15. marz 1951, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

7. gr.

Í samninga við önnur ríki má setja ákvæði um gagnkvæmar undanþágur frá reglum um dvalarleyfi.

8. gr.

Heimilt er dómsmálaráðherra að ákveða með reglugerð, að þeir, sem hýsa útlendinga gegn greiðslu eða ókeypis, skuli tilkynna það lögreglunni og veita þær upplýsingar um útlendinginn, sem nauðsynlegar eru.

Ráðherra getur ákveðið, að þeir, sem hýsa útlendinga gegn greiðslu, skuli, auk tilkynninga þeirra, er að framan greinir, eða í stað þeirra, halda löggilta gestabók, sem lögreglan hefir aðgang að. Bókina skal geyma a. m. k. í tvö ár eftir að hún er fullskráð.

9. gr.

Útlendingur er skyldur til að færa sönnur á, að hann sé sá, er hann segist vera, ef lögreglan krefst þess í tilefni af upplýsingum, sem veittar hafa verið samkv. 8. gr. eða af öðrum ástæðum.

Dómsmálaráðherra getur sett sérstakar reglur um tilkynningarskyldu útlendinga meðan þeir dvelja hér á landi, svo og fyrirskipað, að þeir skuli ávallt bera vegabréf eða önnur kennivottorð og sýna þau lögreglunni, ef krafizt er. Í reglugerð má kveða á um skyldu þjóðskrár og sjúkrasamlaga til þess að láta lögreglunni í té upplýsingar um útlendinga.

10. gr.

Meina ber útlendingi landgöngu:

1. Ef hann fullnægir ekki þeim reglum, sem settar eru samkv. 1. gr. um ferðaskilríki og vegabréfsáritun, svo og samsvarandi reglum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, ef hann ætlar að ferðast til þeirra landa.
2. Ef ætla má, að hann hafi eigi nægileg fjárráð sér til framfærslu hér á landi eða í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, ef hann ætlar að fara til þeirra landa, svo og til heimferðar.
3. Ef ætla má, að hann hafi í hyggju að ráða sig í vinnu hér á landi eða í Danmörku, Finnlandi Noregi eða Svíþjóð, án þess að hafa aflað sér leyfis til þess fyrirfram.
4. Ef ætla má, að hann muni vinna fyrir sér hér á landi, í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð á ólögmætan eða óheiðarlegan hátt.
5. Ef hann hefir verið dæmdur hér á landi eða erlendis í refsivist eða ætla má af öðrum ástæðum, að hann muni fremja refsiverðan verknað hér á landi eða í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

6. Ef ætla má af fyrri hegðun hans eða af öðrum ástæðum, að tilgangur hans með komu hingað til lands eða til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar sé að fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða ólöglega upplýsingastarfsemi.
7. Ef honum hefir verið vísað héðan úr landi eða úr Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, og hann reynir að koma aftur án leyfis.

Heimilt er enn fremur að meina útlendingi landgöngu, ef nauðsynlegt er talið af öðrum ástæðum en þeim, er í 1. málsgr. segir.

Lögreglustjóri kveður upp úrskurð um synjun landgönguleyfis eins fljótt og unnt er eftir komu útlendings til landsins.

Nú ber útlendingur, að hann hafi orðið að leita sér hælis sem pólitískur flóttamaður, enda teljist framburður hans sennilegur, og má lögreglan þá eigi meina honum landgöngu. Leggja ber málið án tafar fyrir dómsmálráðherra til úrskurðar.

Samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra má meina útlendingi landgöngu, ef ætla má af öðrum ástæðum en um ræðir í 1. málsgr., að hann sé kominn hingað til starfa eða athafna, sem eru ólöglegar, ósæmilegar eða hættulegar hagsmunum ríkis eða almennings, eða högum útlendingsins er að öðru leyti svo háttað, að vist hans hér á landi megi teljast hættuleg eða bagaleg hagsmunum ríkis eða almennings. Nú telur lögreglustjóri, að meina beri útlendingi landgöngu af ástæðum, sem raktar eru í þessari málsgr., og ber þá að leggja málið undir úrskurð ráðherra svo fljótt sem því verður við komið.

Dómsmálaráðherra getur sett sérstakar reglur um synjun landgönguleyfis fyrir laumufarþega.

11. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að vísa útlendingi úr landi:

1. Ef meina hefði mátt útlendingnum landgöngu af ástæðum, sem raktar eru í 1. málsgr. 10. gr. og þær ástæður eru enn fyrir hendi.
2. Ef hann, af ásettu ráði eða þrátt fyrir aðvörun lögreglunnar, vanrækir ítrekað tilkynningarskyldu samkvæmt lögum þessum.
3. Ef hann brýtur gegn reglum um vegabréfsáritun, dvalarleyfi eða atvinnuleyfi eða skilyrðum, sem þau eru bundin. Sama gildir, ef hann hefir aflað sér leyfis með vísvitandi röngum upplýsingum eða með því að leyna í blekkingarskyni atvikum, er máli skipta.
4. Ef áframhaldandi dvöl hans hér á landi telst hættuleg hagsmunum ríkisins eða almennings, eða vist hans er óæskileg af öðrum ástæðum.

Nú er heimilt að vísa útlendingi úr landi, og getur dómsmálaráðherra þá, ef ástæður mæla með því, lagt fyrir hann að verða brott úr landi innan ákveðins frests, sem ráðherra tiltekur, enda sjái lögreglan um, að þeim fyrirmælum verði hlýtt.

12. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að vísa útlendingi úr landi:

1. Ef hann hefir komizt inn í landið án þess að gefa sig fram við íslenzka, danska, finnska, norska eða sænska vegabréfaeftirlitið.
2. Ef honum hefir áður verið vísað héðan úr landi og hann er kominn til landsins aftur án tilskilins leyfis.

Lögreglustjóri getur enn fremur vísað úr landi útlendingi, sem ekki er danskur, finnskur, norskur eða sænskur ríkisborgari, ef honum hefir áður verið vísað úr landi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð og bannað að koma þangað aftur, en kemur til Íslands án þess að hafa fengið leyfi til komu þangað eða til þess eða þeirra landa, er að framan greinir.

Ef um er að ræða tilvik, er falla undir 4. málsgr. 10. gr., getur lögreglustjóri þó eigi vísað manni úr landi, en leggja ber þá málið undir úrskurð dómsmálaráðherra svo fljótt sem unnt er.

13. gr.

Nú hefir útlendur maður setzt að hér á landi og skal þá vísa honum burt, ef hann verður, áður en hann hefir dvalizt hér full fimm ár samfleytt, sekur að laga-

dómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti. Skal þá tekið fram í refsidómi, að sökunautur skuli verða af landi burt, þegar hann hefir þolað refsingu samkvæmt dómnum.

14. gr.

Nú hefir ákvörðun verið tekin um að vísa útlendingi úr landi, samkv. 11., 12. eða13. gr., og má þá jafnframt ákveða, að lagt sé fyrir hann bann gegn endurkomu til landsins, annaðhvort um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Bannið skal bóka í gerðarbók um útlendinga, og skal þar getið um refsiábyrgð þá, er leiðir af broti gegn banninu.

Heimilt er dómsmálaráðherra að fella niður bann, samkv. 1. málsgr., ef ástæður mæla með því.

15. gr.

Lögreglunni ber að tryggja návist útlendings, þar til úrskurður fellur um það, hvort meina beri honum landgöngu eða vísa úr landi, svo og til framkvæmdar slíkrar ákvörðunar. Í þeim tilgangi má leggja fyrir útlendinginn að mæta hjá lögreglunni á ákveðnum tímum eða banna honum för úr ákveðnu takmarki. Nú verður eigi talið, að ráðstafanir þessar veiti fullnægjandi öryggi fyrir návist útlendings, og er þá heimilt að færa hann í gæzlu, samkv. reglum IX. kafla laga um meðferð opinberra mála, nr. 82 21. ágúst 1961, með þeim tilslökunum, er leiða af eðli málsins.

Ef dráttur verður á framkvæmd brottflutnings fram yfir fjórtán daga, ber lögreglustjóra án tafar að skýra ráðherra frá ástæðum fyrir því.

16. gr.

Allur kostnaður, sem leiðir af því, að útlendingi er meinuð landganga eða vísað úr landi, samkv. heimild í lögum þessum, þar á meðal kostnaður af fæði, húsnæði, nauðsynlegum fatnaði og gæzlu, greiðist af honum sjálfum. Ef fé hans hrekkur eigi fyrir kostnaði, greiðist það, sem á vantar, úr ríkissjóði.

17. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi, allt að sex mánuðum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu skal sá hljóta, sem:

1. Aflar sér vegabréfs eða annars ferðaskilríkis á ólögmætan hátt með því að gefa yfirvaldi rangar upplýsingar eða leyna vísvitandi staðreyndum eða veldur því, að vegabréf eða annað ferðaskilríki er ekki með réttu nafni hans eða fæðingardegi.
2. Aflar sér í ólögmætum tilgangi fleiri en eins vegabréfs eða ferðaskilríkis, sem gefið er út á nafn hans.
3. Breytir eða fjarlægir í ólögmætum tilgangi hluta úr vegabréfi eða ferðaskilríki eða áritanir, sem þar eru.
4. Kemst í land eða úr landi án þess að hafa samband við íslenzka, danska, finnska, norska eða sænska vegabréfaeftirlitið.
5. Á hlutdeild í að leyna útlendingi fyrir lögreglunni, ef hann veit eða á að vita, að útlendingurinn hefir komizt í land án þess að hafa samband við íslenzka, danska, finnska, norska eða sænska vegabréfaeftirlitið, eða dvelur hér á landi ólöglega af öðrum ástæðum.
6. Brýtur gegn fyrirmælum, sem gefin eru samkv. heimild í 14. gr. þessara laga eða ákvæðum eldri útlendingalöggjafar.

Tilraun til brota á lögum þessum og hlutdeild í þeim er refsiverð.

Sá, sem á hlutdeild í því, að útlendingur kemst inn í landið án þess að hafa samband við vegabréfaeftirlitið, skal, auk refsiábyrgðar, skyldur til að greiða þann kostnað, sem fellur á hið opinbera vegna ólöglegrar dvalar útlendingsins hér á landi og heimsendingar hans.

18. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara með að hætti opinberra mála.

Ef halda þarf ella dómsrannsókn um hagi útlendra manna hér vegna einhverra atriða varðandi framkvæmd laga þessara, skal hún fara að hætti opinberra mála.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

19. gr.

Enginn á kröfu á upplýsingum um yfirlýsingar, sem gefnar eru vegna umsóknar um leyfi til landgöngu, dvalar eða atvinnu, né um mál, er varða synjun um landgöngu, brottvísun eða niðurfellingu fyrirskipunar um vísan úr landi.

20. gr.

Sérstök stofnun, útlendingaeftirlitið, sem lögreglustjórinn í Reykjavík veitir forstöðu og lýtur yfirstjórn dómsmálaráðuneytisins, er ráðuneytinu til aðstoðar við framkvæmd laga þessara eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

Lögreglustjórar fara með útlendingaeftirlit, hver í sínu umdæmi, með aðstoð löggæzlumanna. Í hverju lögsagnarumdæmi skal halda skrá yfir útlendinga, er þar dvelja. Heildarskrá yfir útlendinga skal vera í útlendingaeftirlitinu.

21. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara setur ráðherra með reglugerð.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 59 23. júní 1936, um eftirlit með útlendingum.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær ákvæði 2. og 3. málsgr. 5. gr., 1. málsgr. 10. gr., 1. og 2. málsgr. 12. gr. og 4. og 5. tölul. 2. málsgr. 17. gr. koma til framkvæmda gagnvart Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í ágústmánuði 1963 var Sigurjóni Sigurðssyni, lögreglustjóra, Eliasi I. Eliassyni, deildarstjóra, og Jóni Sigurpálssyni, fulltrúa, falin endurskoðun laga um eftirlit með útlendingum nr. 59 1936, og reglugerðar um sama efni nr. 52 1937, sérstaklega með tilliti til fyrirhugaðrar aðildar Íslands að samningi hinna Norðurlandanna um afnám vegabréfaeftirlits við landamæri milli Norðurlandanna frá 12. júlí 1957, en samningurinn er prentaður hér á eftir í íslenzkri þýðingu sem fylgiskjal, ásamt þremur þargreindum fylgiskjölum.

Nefndin hefir samið lagafrumvarp þetta.

Í 14. gr. fyrrnefnds samnings er gert ráð fyrir, að Ísland geti gerzt aðili að samningnum. Á 8. fundi Norðurlandaráðs, sem haldinn var í Reykjavík árið 1960, var einróma samþykkt ályktun þess efnis, að Ísland gerðist aðili að áðurnefndum samningi. Til þess að það megi verða er nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á gildandi lögum um eftirlit með útlendingum, en þar sem þau lög eru orðin allgömul og úrelt á ýmsan hátt, þótti rétt að endurskoða þau í heild sinni.

Samningurinn frá 12. júlí 1957 er liður í þeirri viðleitni að auðvelda samgöngur milli Norðurlandanna innbyrðis. Hann miðar að því að koma á sameiginlegu norrænu vegabréfaeftirlitssvæði, þannig að útlendingar séu ekki háðir vegabréfaeftirlitsskyldu við landamæri milli Norðurlanda, heldur eingöngu við norræn útmörk svæðisins.

Árið 1954 voru ríkisborgarar Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar leystir undan skyldunni til að hafa í höndum vegabréf og dvalarleyfi við dvöl í öðru norrænu landi en heimalandinu. Ísland gerðist aðili að því samkomulagi árið 1955, sbr. auglýsingu nr. 76 1955.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

1. málsgr. hefir að geyma efnislega svipað ákvæði og er í 11. gr. gildandi laga um eftirlit með útlendingum. Auk vegabréfa tekur málsgreinin þó einnig til kennivottorða, en með kennivottorðum er t. d. átt við sjóferðabækur og sérstök nafnskírteini, sem nú eru í notkun í nokkrum Evrópulöndum.

Í 2. málsgr. eru heimildarákvæði fyrir ráðherra til þess að setja reglur um vegabréfsáritanir. Fer það fyrst og fremst eftir samningum Íslands við önnur ríki, hvort vegabréfsáritunar er krafizt eða ekki. Sjá og 4. gr. Norðurlandasamnings frá 12. júlí 1957.

Ákvæði 3. málsgr. er nýmæli, sem rétt þykir að taka upp, m. a. vegna aðildar Íslands að alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna, sbr. auglýsingu nr. 74 1955.

Um 2. gr.

Greinin er að efni til samhljóða reglum, sem nú eru í reglugerð um eftirlit með útlendingum. Eðlilegt þykir, að kveðið sé á í sjálfum útlendingalögunum um skyldu til að gefa sig fram við vegabréfaeftirlitið, þegar komið er til landsins eða farið þaðan.

Um 3. gr.

Greinin geymir að efni til sams konar ákvæði og eru í 3. gr. gildandi laga, en er þó mun víðtækari. M. a. er kveðið á um, hvernig fara eigi að, ef útlendingur er skráður á skip eða loftfar hérlendis. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 4. gr.

Hér eru lögfestar reglur, sem tíðkazt hafa í framkvæmd og byggjast að nokkru leyti á gildandi reglugerð og fyrirmælum frá 16. október 1937, um framkvæmd eftirlits með útlendingum. Greinin tekur til vegabréfsáritana og dvalarleyfa.

Um 5. gr.

Í greininni er fjallað um það, hvenær útlendingur er skyldur til að afla sér dvalarleyfis.

1. málsgr. þarfnast ekki skýringa.

Reglur 2. og 3. málsgr. er nauðsynlegt að lögfesta vegna ákvæða áðurnefnds Norðurlandasamnings, sbr. 5. grein hans. Í upphafi 2. málsgr. er lögfest regla, sem yfirleitt hefir verið farið eftir, þegar samið hefir verið um afnám vegabréfsáritana, en þá hefir undanþága frá visumskyldu að jafnaði verið látin ná til dvalar, allt að þremur mánuðum.

Um 6. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Rétt þykir að hafa í lögum heimildarákvæði um gagnkvæmar undanþágur frá reglum um dvalarleyfi. Ísland er aðili að einum slíkum samningi, þ. e. samkomulagi hinna Norðurlandanna frá 22. maí 1954, sbr. auglýsingu nr. 76 1955.

Um 8. gr.

Hér eru svipuð ákvæði og í 10. gr. gildandi laga, en ákvæði 8. gr. eru nokkuð víðtækari, þ. e. taka einnig til þess, ef útlendingur er hýstur án endurgjalds.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 9. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er nýmæli, sem sjálfsagt þykir að hafa í lögunum, sbr. og 8. gr. Norðurlandasamningsins.

2. málsgr. geymir heimildarákvæði fyrir ráðherra til að kveða á um tilkynn-

ingarskyldu útlendinga á svipaðan hátt og er um þá, sem útlendinga hýsa, sbr. ákvæði 8. gr.

Lokaákvæði 2. málsgr. miða að því að auðvelda lögreglunni eftirlit með útlendingum, sem hér dvelja.

Um 10. gr.

Greinin svarar til 6. greinar gildandi laga, en er þó mun víðtækari vegna 6. gr. Norðurlandasamningsins. Gert er m. a. ráð fyrir, að hægt sé að meina útlendingi landgöngu hér, ef koma hans til einhvers hinna Norðurlandanna telst óæskileg.

Ákvæði 4. málsgr. er nýmæli. Rétt þykir, að ráðherra taki ákvörðun um, hvort leyfa skuli landgöngu pólitískum flóttamönnum.

Um 11. gr.

Í 1. málsgr. eru svipuð ákvæði og í 8. grein gildandi laga. Þó er ákvæði 3. tölul. nýmæli, en heimild til brottvísunar af ástæðum, sem þar eru greindar, þykir rétt að hafa í lögunum.

Rétt þykir, að ráðherra hafi heimild þá, sem um getur í 2. málsgr. Eigi ber ávallt nauðsyn til að fyrirskipa tafarlausa brottför útlendings, þótt vísan hans úr landi hafi verið ákveðin.

Um 12. gr.

Það er nýmæli, að lögreglustjóri taki ákvörðun um brottvísun. Ekki þykir þó varhugavert að fela lögreglustjórum ákvörðunarvaldið um brottvísun í þeim tilfellum, er greinin tekur til, enda eru þau augljós og byggjast á eftirliti lögreglustjóranna með útlendingum.

2. málsgr. byggist á 9. gr. Norðurlandasamningsins.

3. málsgr. þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Greinin er samhljóða 2. tölul. 7. gr. gildandi laga.

Um 14. gr.

Í 3. málsgr. 12. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir svipaðri meðferð í sambandi við brottvísun og í þessari grein.

Um 15. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli í lögunum. Í 16. gr. fyrirmæla frá 16. október 1937, um framkvæmd eftirlits með útlendingum, eru efnislega svipuð ákvæði um tryggingu návistar útlendings meðan fullnaðarákvörðun er ekki tekin um, hvort honum skuli leyfð landvist. 15. grein frumvarpsins tekur einnig til brottvísunar útlendings. Rétt þykir að lögfesta ákvæði um þessi efni í samræmi við þær reglur, sem farið hefir verið eftir í framkvæmd í þeim tilvikum, er greinin fjallar um.

Um 16. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 2. málsgr. 9. gr. gildandi laga, að því er varðar útlending, sem vísað er úr landi. Rétt þykir, að sömu reglur gildi um kostnað, sem kann að leiða af því, að manni er meinuð landganga.

Um 17. gr.

1., 3. og 4. málsgr. þarfnast ekki skýringa. Ákvæði 2. málsgr. er nýmæli. Hér eru mæltar refsiverðar tilteknar athafnir. Sumar varða misferli með vegabréf, sbr. 1.—3. tölul. Aðrar þykir rétt að taka upp vegna væntanlegrar aðildar að Norðurlandasamningnum, sbr. 4. og 5. tölul. Loks er 6. tölul. nauðsynlegur vegna ákvæðis 14. gr.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli. Hér mundi yfirleitt vera um að ræða upplýsingar um einkamál manna, og er ákvæðinu ætlað að sporna við því, að hver og einn eigi skilyrðislausan aðgang að þeim.

Um 20. gr.

Rétt þykir að taka fram í lögunum, að útlendingaeftirlitið aðstoði ráðuneytið við framkvæmd laganna, enda í samræmi við það, sem tíðkazt hefir um árabil, sbr. fyrirmæli um framkvæmd útlendingaeftirlitsins frá 16. október 1937, 1. grein.

Um 21. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Ákvæði 1. málsgr. þarfnast ekki skýringa.

Ætlazt er til, að þau ákvæði frumvarpsins, er taka til þeirrar samvinnu, sem Norðurlandasamningurinn frá 12. júlí 1957 gerir ráð fyrir, komi ekki til framkvæmda, fyrr en samningurinn hefir verið fullgiltur af Íslands hálfu.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um afnám vegabréfaskoðunar við landamæri milli Norðurlandanna.

Aðildarríkin,

sem álíta að það sé æskilegt að auðvelda ferðalög milli Norðurlandanna,

sem áður hafa algerlega afnumið vegabréfaskyldu fyrir ríkisborgara Norðurlandanna,

sem eru sammála um að leyfa útlendingum að ferðast beint frá einu landi til annars innan Norðurlandanna á landamærastöð, sem er viðurkennd til ferða inn í landið og til útlanda, án þess að vera háðir vegabréfaskoðun, og

sem vilja í meginatriðum stefna að því að samræma kröfur um vegabréfsáritun og vilja leitast við að koma á samræmdum venjum að því er snertir veitingu vegabréfaáritana fyrir verzlunarferðir, námsferðir, skemmtiferðir og aðrar ferðir, sem taka álíka skamman tíma, hafa orðið sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Í þessum samningi er með orðinu útlendingur átt við hvern þann, sem er ekki ríkisborgari í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

Með orðunum norræn ríki eða Norðurlöndin er í þessum samningi átt við Danmörku (að Grænlandi og Færeyjum undanteknum), Finnland, Noreg (að Svalbarða og Jan Mayen undanteknum) og Svíþjóð.

Með orðunum norræn útmörk er í þessum samningi átt við:

a) landamæri milli norræns ríkis og ríkis utan Norðurlandanna,
b) flugvöll í norrænu ríki, sem hefur reglulegar flugsamgöngur við ríki utan Norðurlandanna,
c) höfn í norrænu ríki, sem hefur reglulegar skipa- eða ferjusamgöngur við ríki utan Norðurlandanna,
d) höfn eða fulgvöll í norrænu ríki, sem skip og flugvélar frá ríki utan Norðurlandanna koma óreglulega til, eða þaðan sem skip eða flugvélar fara til ríkis utan Norðurlandanna.

2. gr.

Sérhvert aðildarríkjanna á að framkvæma vegabréfaskoðun við hin norrænu útmörk sín. Vegabréfaskoðunina skal framkvæma í samræmi við þau fyrirmæli, sem gefin eru í fylgiskjali nr. 1 við þennan samning.

Öll aðildarríkin eiga að nota skráningarspjöld (komuspjöld og brottfararspjöld) sem hjálpargögn við eftirlit með:

a) útlendingum með vegabréf, sem eru áritunarskyld í einhverju aðildarríkjanna, ef þetta aðildarríki krefst skráningarspjalda,
b) útlendingum, sem eitthvert aðildarríkjanna hefur, í sambandi við ákvörðun um brottvísun úr landi, tilkynnt bann við að komi aftur til þess ríkis, án sérstaks leyfis.

Skráningarspjöldin (komuspjöld og brottfararspjöld) skulu, bæði að því er snertir stærð og innihald, vera eins og sagt er til um í fylgiskjali nr. 2.

3. gr.

Það ríki, sem komið er til, skal geyma komuspjaldið. Geti útlendingurinn, samkvæmt leyfi, sem skráð er í vegabréfið, dvalið í öðru norrænu ríki í lengri tíma en 3 mánuði, skal senda þessu ríki komuspjaldið. Ef það sézt af vegabréfinu, að útlendingurinn hefur fengið slíkt leyfi hjá fleirum Norðurlandanna, á að senda komuspjaldið til þess ríkis, þar sem leyfið rennur síðast út.

Ef eitt aðildarríkjanna leyfir útlendingi að dveljast í því ríki lengur en þrjá mánuði, eftir að útrunninn er sá dvalartími, sem leyfður var við komuna til einhvers Norðurlandanna, á að senda spjaldið til þess ríkis.

Því ríki, sem geymir skráningarspjaldið, er skylt að hafa eftirlit með því, að ekki sé dvalizt lengur en leyfilegt er. Brottfararspjaldið skal senda því ríki, sem hefur með höndum eftirlit með hlutaðeigandi útlendingi, þegar hann fer úr landi.

4. gr.

Vilji eitthvert aðildarríkjanna afnema eða koma á áritunarskyldu á vegabréf gagnvart ríki utan Norðurlandanna eða gera aðrar verulegar breytingar á samkomulagi sínu um áritanir við ríki utan Norðurlandanna, skal hið fyrrnefnda ríki fyrirfram tilkynna aðildarríkjunum um hinar fyrirhuguðu ráðstafanir, svo framarlega sem ekki eru brýnar ástæður fyrir hendi, sem gera það nauðsynlegt að framkvæma þessar ráðstafanir strax. Ef svo stendur á, skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um framkvæmd þessara ráðstafana eins fljótt og auðið er, þegar þeim er lokið.

Það, sem sagt er í 1. málsgrein, á einnig við um setningu annarra almennra ákvæða um komu og brottför útlendinga og dvöl í hlutaðeigandi ríki.

5. gr.

Sérhvert aðildarríkjanna skal krefjast þess, að útlendingur, sem ber vegabréf, sem ekki er áritunarskylt, og óskar að dveljast í hlutaðeigandi ríki lengur en 3 mánuði, eftir að hann er kominn inn í norrænt ríki frá ríki utan Norðurlandanna, skuli sækja um dvalarleyfi í því norræna ríki, sem hann dvelst í, þegar þriggja mánaða tímabilið rennur út.

Hafi útlendingur fengið dvalarleyfi í norrænu ríki, gildir leyfið aðeins fyrir dvöl í því ríki. Innan þess tímabils, sem dvalarleyfið gildir fyrir, skulu hin aðildarríkin, þar sem útlendingurinn er ekki skyldur til að útvega sér áritun á vegabréf sitt, leyfa honum að dvelja í landinu í 3 mánuði án dvalarleyfis. Þetta á ekki við, ef útlendingurinn ætlar að dvelja í ríkinu lengri tíma en þessa 3 mánuði eða hyggst leita eftir atvinnu eða taka við starfi eða reka sjálfstæðan atvinnurekstur þar, svo framarlega sem þess er krafizt samkvæmt löggjöf hlutaðeigandi ríkis að sækja skuli um dvalarleyfi fyrr en við lok þriggja mánaða tímabilsins.

Þegar beitt er ákvæðum í 1. málsgrein, skal telja það tímabil, sem dvalarleyfis er ekki krafist fyrir, frá og með komudegi, þó skal, ef útlendingurinn hefur, áður en hann kom síðast inn í landið, dvalizt í norrænu ríki, draga frá því tímabili, sem hann má dvelja þar án dvalarleyfis, það tímabil, sem útlendingurinn hefur dvalizt í norrænu ríki á síðustu 6 mánuðum, áður en hann síðast kom til landsins.

Þegar beitt er ákvæðum í 2. málsgrein, skal telja það tímabil, sem dvalarleyfis er ekki krafist fyrir, frá og með komudegi í hlutaðeigandi ríki, þó skal, ef útlendingurinn hefur, áður en hann síðast kom til landsins, dvalizt áður í þessu landi, draga frá því tímabili, sem hann má dvelja þar án dvalarleyfis, það tímabil, sem útlendingurinn hefur dvalizt í þessu landi á síðustu 6 mánuðum, áður en hann síðast kom til landsins.

6. gr.

Aðildarríkin eiga að vísa burt við hin norrænu útmörk sín sérhverjum útlendingi,

a) sem ekki hefur í höndum gilt vegabréf eða annað ferðaskírteini, sem hlutaðeigandi yfirvöld í aðildarríkjunum geta viðurkennt, sem gilt vegabréf,
b) sem hvorki hefur nauðsynlegt leyfi til að fara inn í hlutaðeigandi ríki eða vinna þar, né slík leyfi í hinu eða hinum norrænu ríkjunum, sem útlendingurinn ætlar að ferðast til,
c) sem álíta verður, að hvorki hafi nauðsynlegt fé til að dvelja í þessu ríki né þeim öðrum aðildarríkjanna, þar sem hann ætlar að dveljast, ásamt fé til heimferðarinnar,
d) sem álíta verður, að ekki muni vinna fyrir sér á heiðarlegan hátt,
e) sem áður hefur verið dæmdur til fangelsisvistar, og gera má ráð fyrir að muni fremja hegningarverðan verknað í norrænu ríki, eða sem vegna fyrri athafna sinna eða af öðrum ástæðum má búast við að muni fremja skemmdarverk, stunda njósnir eða ólöglegt fréttastarf í einhverju aðildarríkjanna,
f. sem í einhverju aðildarríkjanna er færður á skrá yfir útlendinga, sem vísað hefur verið úr landi.

Að öðru leyti er hægt að hafna hvaða útlendingi sem er, þegar af öðrum ástæðum á ekki að veita honum leyfi til að koma inn í eitt eða fleiri af aðildarríkjunum.

Ákvæðin í bókstafsliðunum b)—f) eiga ekki við um útlending, sem ætlar að ferðast til eins af aðildarríkjunum, sem hann hefur leyfi til að ferðast til, eða þar sem hann hefur dvalarleyfi, sem gefur honum heimild til að koma inn í það land.

7. gr.

Ákvæðin í 2. og 6. grein eiga ekki við um útlendinga, sem koma frá ríki utan Norðurlandanna, sem einn af áhöfn skips. Ákvæðið í 2. grein á heldur ekki við um útlendinga, sem ferðast til ríkis utan Norðurlandanna, sem einn af áhöfn skips. Þó skal við komuna til landsins fara með útlending, sem kemur frá ríki utan Norðurlandanna, og er einn af áhöfn skips, og er afskráður í norrænu ríki, samkvæmt ákvæðunum í 2. og 6. grein. Enn fremur skal við brottförina fara með útlending, sem í norrænu ríki er skráður á skip, sem er ekki eingöngu í ferðum milli norrænna ríkja, í samræmi við reglurnar í 2. grein.

Hvert um sig af aðildarríkjunum á rétt á því að ákveða, að maður af áhöfn skips megi án sérstaks leyfis dvelja í landi, meðan skipið dvelur í höfn vanalegan tíma.

Ákvæði þessarar greinar eiga á sama hátt við um fólk, sem tilheyrir útlendri áhöfn flugvélar.

8. gr.

Ef eitthvert aðildarríkjanna gerir af handahófi athugun á ferðamanni við landamæri sín og annars norræns ríkis, má gera útlendingi það að skyldu að sýna vegabréf sitt og gefa þær upplýsingar, sem óskað er eftir.

Sérhvert aðildarríkjanna getur við landamæri að öðru aðildarríki hafnað hvaða útlendingi sem er, sem ekki hefur leyfi til að fara inn í hlutaðeigandi ríki.

9. gr.

Aðildarríki má ekki leyfa útlendingi, sem annað aðildarríki hefur vísað úr landi, að koma inn í landið án sérstaks leyfis. Slíks leyfis er þó ekki krafist, ef aðildarríkið vill senda útlending, sem það hefur vísað úr landi, gegnum yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

Hafi útlendingur, sem vísað hefur verið úr landi í einu Norðurlandanna, dvalarleyfi í einhverju af hinum Norðurlöndunum, er síðarnefnda landið skyldugt til að taka við útlendingnum, ef þess er óskað.

10. gr.

Sérhvert aðildarríkjanna skuldbindur sig til að taka aftur við útlendingi, sem í samræmi við 6. grein, bókstafsliðina a) og b), að því er snertir leyfi til að koma inn í landið, eða samkvæmt bókstafslið f) hefði átt að vera hafnað af hlutaðeigandi ríki við útmörk þess, og sem án leyfis hefur ferðast frá þessu ríki til annars norræns ríkis.

Sömuleiðis skuldbindur sérhvert aðildarríkjanna sig til þess að taka aftur við útlendingi, sem án fullgilds vegabréfs og án sérstaks leyfis, þar sem þess er krafizt, hefur ferðast beint frá hlutaðeigandi ríki til annars norræns ríkis.

Þær reglur, sem eru gefnar í 1. og 2. málsgrein, eiga ekki við um útlending, sem dvalizt hefur í því ríki, sem krefst endursendingar, í að minnsta kosti 1 ár talið frá þeim tíma, þegar hann á ólöglegan hátt kom inn í ríkið, eða sem eftir að vera kominn ólöglega inn í ríkið, hefur fengið dvalar- og/eða vinnuleyfi þar.

11. gr.

Sérhvert aðildarríkjanna skuldbindur sig til að veita hinum aðildarríkjunum upplýsingar og framkvæma leit í samræmi við þær reglur, sem gefnar eru í 3. fylgiskjali við þennan samning.

12. gr.

Það, sem í þessum samningi er tilgreint um útlendinga, sem vísað hefur verið úr landi, á einnig við um útlendinga, sem samkvæmt finnskum eða sænskum lögum „förvisats“ eða „förpassats“ og hefur verið bannað koma aftur án sérstaks leyfis.

13. gr.

Í þeim tilgangi að samræma eftirlitið með útlendingum í aðildarríkjunum og að öðru leyti bera fram og ræða atriði, sem snerta hið sameiginlega vegabréfaeftirlitssvæði á Norðurlöndunum, skal skipa samvinnunefnd (Det nordiske udlændingsudvalg). Í nefndinni skal eiga sæti einn fulltrúi fyrir hvert aðildarríkjanna. Fulltrúarnir geta kvatt sérfróða menn sér til aðstoðar, ef nauðsyn krefur.

14. gr.

Að undangengnum samningum getur ríkisstjórn Íslands gerzt aðili að þessum samningi. Að undangengnum samningum má einnig bæta því ákvæði við þennan samning, að hann nái til Færeyja og Grænlands.

15. gr.

Samninginn skal fullgilda og koma fullgildingarskjölunum fyrir í Kaupmannahöfn til geymslu.

Samningurinn öðlast gildi strax og öllum fullgildingarskjölum hefur verið komið fyrir til geymslu, þó ekki fyrr en 1. janúar 1958.

Sérhvert aðildarríkjanna getur sagt samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara.

Sérhvert aðildarríkjanna getur fyrirvaralaust fellt samninginn úr gildi, að því er snertir eitt eða fleiri af hinum ríkjunum, þegar stríð kemur eða hætta er á stríði, eða ef sérstakar aðstæður aðrar, annaðhvort í því ríki sjálfu eða erlendis, gera þetta nauðsynlegt. Þegar svo stendur á, skal tafarlaust tilkynna ríkisstjórnum hinna ríkjanna um þær ráðstafanir, sem hafa verið gerðar.

Til staðfestingar á ofanrituðu hafa fulltrúar hlutaðeigandi ríkja undirskrifað samninginn og sett innsigli sitt undir.

Gert í Kaupmannahöfn 12. júlí 1957 í eintaki á dönsku, finnsku, norsku og sænsku og skal danska utanríkisráðuneytið fá ríkisstjórnum hinna aðildarríkjanna staðfest afrit.

Fylgiskjal I.

Almennar leiðbeiningareglur fyrir vegabréfaeftirlit.

Eftirlit með komu og brottför ferðamanna skal við landamæri framkvæma á þeim vegabréfaskoðunarstöðvum, sem þar eru staðsettar. Ferðamönnum í járnbrautarlestum má einnig veita vegabréfaskoðun á meðan járnbrautarlest er á ferð að landamærum eða frá. Farþegum skipa og flugvéla skal veita vegabréfaskoðun í þeirri Norðurlandahöfn eða -flughöfn, þar sem farþegi fer um borð eða frá borði. Þegar farþegi til ríkis utan Norðurlandanna fer um hafnir eða flugvelli innan Norðurlandanna, skal í síðustu Norðurlandahöfn eða -flughöfn líta eftir því, að hann hafi hlotið brottfararafgreiðslu.

Við framkvæmd komueftirlits skal vegabréfaeftirlitsmaður grandskoða vegabréfið og veita sérstaka athygli gildistíma þess, svo og hvort það gildi fyrir það eða þau Norðurlandanna, sem vegabréfshafi ætlar sér að heimsækja, og enn fremur, að vegabréfshafi sé sami maður og vegabréfið er gefið út til handa. Honum ber enn fremur að athuga, að vegabréfið kann að vera falskt eða falsað. Sé krafizt komuleyfis, ber honum að ganga úr skugga um, að það sé fyrir hendi, og gæta þess, að ferðamaður afhendi komuspjald, þar sem þess er krafizt, eða veiti þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til útfyllingar spjaldinu. Vegabréfaeftirlitsmaður skal enn fremur rannsaka, hvort ferðamaður er færður í einhverju aðildarríkjanna á skrá um útlendinga, sem vísað hefur verið úr landi. Slíkt eftirlit þarf þó ekki að framkvæma, að því er varðar menn, sem eiga heima á landamærasvæðinu, né aðra menn, sem eru vegabréfaeftirlitsmönnum vel kunnugir, né heldur að því er varðar menn, sem augljóst er um, að slíks eftirlits gerist ekki þörf. Vegabréfaeftirlitsmanni ber einnig að gefa gaum gildandi komusynjunarákvæðum og, svo framarlega sem ástæða þykir til þess, að spyrja ferðamenn eða gera aðrar ráðstafanir til að skera úr um, hvort heimila skuli landgöngu. Sé landganga heimiluð, er vegabréfið stimplað með komustimpli, er sýni dagsetningu og heiti eftirlitsstaðar. Sé ferðamanni synjað um landgöngu, má skrá áritun um það í vegabréf hans.

Við brottfarareftirlit ber vegabréfaeftirlitsmanni að grandskoða vegabréfið og, ef sérstök ástæða þykir til, að rannsaka, hvort lýst hefir verið eftir ferðamanni, eða hvort ástæða er til af öðrum sökum að hefta brottför hans. Sé brottför leyfð, er vegabréf ferðamannsins stimplað með brottfararstimpli, er sýni heiti brottfararstaðar og dagsetningu.

Fylgiskjal II.

Eftirlit við komu og brottför.

Eyðublað fyrir komu- og brottfararspjald skal gert í tveim hlutum samföstum um rifgötun. Annar hlutinn er komuspjald, en hinn hlutinn brottfararspjald. Hvor hluti um sig skal vera í sömu stærð, 105×148 mm. Eyðublaðið skal prentað á hvítan kartonpappír og að öðru leyti vera með því efni og af þeirri gerð, er að neðan greinir:

Notið stóra upphafsstafi! En grands caractères latins! In block letters! In Blockschrift!	Föðurnafn — Nom de famille — Surname — Familienname
Ríkisborgararéttur — Nationalité actuelle — Citizenship — Staatsangehörigkeit	Skírnarnafn (-nöfn) — Tous les prénoms — Cristian names in full — Sämtliche Vornamen
Vegabréfsnúmer — Numéro du passeport — Number of passport — Passnummer	Fæðingardagur og ár — Né(e) le — Date of birth — Geboren am
Ásamt ..... börnum Enfants qui accompagnent l'intéressé: Number of accompanying children: Anzahl der mitfolgenden Kinder:	Fæðingarstaður — Lieu de naissance — Place of birth — Geburtsort
Útfyllist af vegabréfaeftirlitinu Leyfi fyrir	Atvinna — Profession — Occupation — Beruf

	Komustimpill
Danmark	
Finland	
Norge	
Sverige	

Notið stóra upphafsstafi! En grands caractères latins! In block letters! In Blockschrift!	Föðurnafn — Nom de famille — Surname — Familienname	U
Ríkisborgararéttur — Nationalité actuelle — Citizenship — Staatsangehörigkeit	Skírnarnafn (-nöfn) — Tous les prénoms — Cristian names in full — Sämtliche Vornamen	
Vegabréfsnúmer — Numéro du passeport — Number of passport — Passnummer	Fæðingardagur og ár — Né(e) le — Date of birth — Geboren am	
Ásamt ..... börnum Enfants qui accompagnent l'intéressé: Number of accompanying children: Anzahl der mitfolgenden Kinder:	Fæðingarstaður — Lieu de naissance — Place of birth — Geburtsort	

Brottfararstimpill	Komustimpill

Á komuspjald ber vegabréfaeftirlitsmanni að stimpla með komustimpli og rita upphafsstaf heitis á ríki því, sem samkvæmt ákvæðum 3. greinar ber að varðveita spjaldið (D: Danmörk, F: Finnland, N: Noregur og S: Svíþjóð). Jafnframt skal gera sams konar merkingu, bæði á vegabréfið og brottfararspjaldið.

Við brottför skal stimpla brottfararspjaldið með brottfararstimpli og rita upphafsstaf heitis þess ríkis, sem senda ber spjaldið til samkvæmt ákvæðum 3. greinar.

Framsendingu á spjaldi ber að framkvæma fljótt og með þeim hætti, sem hverju ríki þykir hentugast fyrir sitt leyti.

Brottfararspjaldið ber ferðamanni að varðveita í vegabréfi sínu, á meðan hann dvelur á Norðurlöndum.

Fylgiskjal III.

LEIÐBEININGAR UM TILKYNNINGAR OG LEIT MILLI HINNA ÝMSU RÍKJA.

I. Tilkynningar.

Aðildarríkin skulu senda hvert öðru tilkynningar í þeim tilvikum, er að neðan greinir:

1. Þegar útlendingur, er um ræðir í 2. grein a) og b) sækir, á meðan hann dvelst í norrænu ríki, um framlengingu vegabréfsáritunar eða um dvalarleyfi í öðru ríki en því, sem er eftirlitsskylt (eftirlitsríkinu), ber því ríki, sem tekur við umsókninni að tilkynna eftirlitsríkinu það. Þegar ákvörðun hefir verið tekin um umsóknina, ber að skýra eftirlitsríkinu frá niðurstöðunni. Ef umsókn er tekin til greina, og það hefur í för með sér, að eftirlitið samkvæmt ákvæðum 3. greinar færist yfir til þess ríkis, sem veitt hefir leyfið, skal það jafnframt tilkynnt.

   Ef slíkum útlendingi er, án þess að honum sé veitt leyfi, haldið eftir eða ef honum er leyfð áframhaldandi dvöl í öðru landi en í eftirlitslandinu, ber einnig að tilkynna síðastnefndu landi það.
2. Ef útlendingur, sem um ræðir í 1. tölulið og dvelur í norrænu ríki, fær vegabréfsáritun í fyrsta skipti um leyfi til dvalar í öðru norrænu ríki, skal það ríki, sem leyfið veitir, tilkynna eftirlitsríkinu það. Ef umsókn um vegabréfsáritun er tekin til greina, og það hefir í för með sér, að eftirlitið færist yfir til þess ríkis, er veitt hefir leyfið, skal jafnframt staðfesta það.
3. Ef útlendingi, sem vísað hefur verið brott úr einhverju hinna norrænu ríkja, er veitt komuleyfi til annars norræns ríkis, skal ríkið tilkynna það því eða þeim ríkjum, sem útlendingurinn hefur verið vísað brott úr.
4. Hafi norrænt ríki með flutningstilkynningu eða á annan hátt fengið vitneskju um, að útlendingur hafi ferðast til annars norræns ríkis til þess að dveljast þar til frambúðar, ber að tilkynna síðarnefndu ríki það.
5. Ef útlendingur, annar en þeir, er um getur í 1. tölulið, sækir um dvalarleyfi í norrænu ríki og hefur dvalarleyfi í öðru norrænu ríki eða hefur haft það skömmu áður, ber að tilkynna það síðarnefndu ríki.
6. Í tilkynningu um, að útlendingur óskast færður í skrár hinna ríkjanna um útlendinga, sem vísað hefur verið brott eða strikaður út af þeim skrám, skal eftir því sem við verður komið greina í stuttu máli ástæðuna til þess.

II. Leit.

A. Útlendingar, sem skila skulu eftirlitsspjaldi.

Ef brottfararspjald berst eigi eftirlitsríki í tæka tíð, og tilkynning er eigi heldur fyrir hendi um, að útlendingurinn hafi sótt um leyfi til að dveljast í einhverju hinna norrænu ríkja, skal eftirlitsríkið gera ráðstafanir til að framkvæma leit að útlendingnum. Fyrst í stað skal beina fyrirspurn um útlendinginn til þess ríkis, þar

sem líklegt er, að hann dvelji samkvæmt gögnum, er fyrir liggja. Skorti gögn um útlendinginn í því ríki, sem fyrirspurnin beinist til, og eigi er heldur líklegt, að hann dvelji í eftirlitsríkinu, skal halda áfram leitinni með fyrirspurnum til hinna norrænu ríkjanna. Ef útlendingurinn finnst í einhverju ríkjanna, eða ef fram koma upplýsingar, er gera það líklegt, að hann hafi yfirgefið norrænu ríkin, ber án tafar að skýra öllum ríkjum, sem fyrirspurnum hefur verið beint til, frá því.

Leit skal framkvæma:

1. með beinni fyrirspurn til einstaks ríkis innan viku frá því að leyfi er fallið úr gildi,
2. en að öðru leyti,
   a) ef um er að ræða útlending, sem er skyldugur til að hafa vegabréfsáritun til allra Norðurlandanna eða útlending, er um ræðir í 9. grein en er ekki vegabréfsáritunarskyldur, sem hefur sérstakt komuleyfi til eins eða fleiri hinna norrænu ríkja, innan 14 daga frá því að það leyfi, er lengst gilti, féll úr gildi,
   b) ef um er að ræða útlending, sem aðeins er skyldugur til að hafa vegabréfsáritun til einstaks eða einstakra Norðurlandanna, innan 4 mánaða frá komu til norræns ríkis.

Í fyrirspurn skal greina upplýsingar um nafn útlendingsins, fæðingardag og ár, fæðingarstað, ríkisfang og starf, komudag til norræns ríkis, vegabréfsáritanir eða leyfi, svo og aðrar upplýsingar, er máli skipta. Ríki, sem fengið hefur fyrirspurn varðandi útlending, ber tafarlaust að gera ráðstafanir til leitar að honum (lýsa eftir honum).

B. Útlendingar aðrir en þeir, er greinir í staflið A.

Samkvæmt beiðni frá aðildarríki er hinum ríkjunum skylt að framkvæma leit einnig að öðrum útlendingum en þeim, er greinir í staflið A. Leitin skal gerð tafarlaust, er beiðni um hana hefur komið fram.

Í beiðni um leit skal veita eins fullkomnar upplýsingar um útlendinginn og unnt er.

Ed. 65. Frumvarp til laga [58. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Skuldabréfin og spariskírteinin, svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 70 1962, svo og undanþegin erfðafjárskatti, sbr. lög nr. 30 1921.

4. gr.

Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskírteina skv. 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt í samráði við fjárveitinganefnd að verja til framkvæmda á vegum ríkisins og til greiðslu á skuldum ríkissjóðs og Ríkisábyrgðasjóðs.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að gefa út ný verðbréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því, sem á þarf að halda, vegna innlausnar á þeim er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr. að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur um mörg undanfarin ár aflað fjár til ýmissa framkvæmda ríkisins og ríkisstofnana með lántökum. Verulegur hluti þessarar fjáröflunar, einkum til stórframkvæmda, hefur farið fram með erlendum lántökum. Að öðru leyti hefur fjárins verið aflað hér innanlands með samningum við lánsstofnanir. Þannig hefur ríkisstjórnin s. l. tvö ár gert heildarsamninga við viðskiptabankana og stærstu sparisjóðina um þátttöku þeirra í fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar. Aftur á móti hefur fjáröflun með útgáfu ríkisskuldabréfa ekki verið reynd svo heitið geti hér á landi um margra ára skeið. Ástæðurnar eru að sjálfsögðu þær, að eðlilegur verðbréfamarkaður hefur lagzt niður að mestu síðustu tvo áratugina vegna þrálátrar verðbólguþróunar.

Tilgangur þessa frumvarps er sá, að veita ríkisstjórninni heimild til þess að hefja að nýju útgáfu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina, en flestir munu sammála um það, að það sé eðlilegasta leið ríkisins til fjáröflunar til framkvæmda. Með verðbréfasölu yrði tryggt, að hluti heildarsparnaðar almennings gengi beint til opinberra framkvæmda. Er það miklu heilbrigðari háttur en að ríkissjóður taki lán hjá lánsstofnunum, sem aftur fá sparifé frá almenningi. Skipuleg verðbréfasala gæti einnig orðið til þess að draga úr þörfinni fyrir erlent lánsfé til opinberra framkvæmda.

Til þess að gera þessi nýju skuldabréf ríkisins seljanlegri er ráðgert, að þau verði verðtryggð þannig, að vextir og afborganir af þeim verði bundin vísitölu. Slík bréfaútgáfa mundi því jafnframt gefa almenningi kost á nýju sparnaðarformi, sem yrði tryggt gegn verðhækkunaráhættu. Ekki er nánar kveðið á um kjör þessara bréfa að öðru leyti í frumvarpinu, enda verður að ákveða þau með tilliti til allra aðstæðna, þegar útboð fer fram. Er mikilvægt að fá úr því skorið, hvort líklegt sé, að útgáfa verðtryggðra bréfa geti orðið mikilvægur þáttur í sparifjármyndun þjóðarinnar í framtíðinni og þannig orðið grundvöllur heilbrigðrar fjáröflunar til framkvæmda.

Lagt er til skv. 4. gr. frv., að ríkisstjórnin hafi samráð við fjárveitinganefnd um ráðstöfun þess fjár, sem aflað verður með þessu móti, en sá háttur hefur verið hafður á áður, þegar um almenna lánsfjáröflun ríkissjóðs hefur verið að ræða.

Þar sem hér er um það að ræða að brjóta nýjar brautir í lánsfjáröflun, má búast við því, að fyrstu verðbréfin, sem gefin verði út, þurfi að vera með hagkvæmum kjörum og ekki til mjög langs tíma. Í fimmtu grein frumvarpsins eru því ákvæði, er heimila ráðherra að gefa út ný bréf í stað þeirra, sem út verða dregin eða endurgreidd. Með því yrði lánsfjáröflunin til lengri tíma frá sjónarmiði ríkissjóðs.

Samkvæmt frumvarpinu er einnig lagt til, að þessi ríkisskuldabréf verði skattfrjáls á sama hátt og sparifé, en það verður að teljast óhjákvæmileg ráðstöfun, ef þau eiga að seljast að nokkru verulegu ráði til almennings. Einnig hefur það nýmæli verið tekið upp í frumvarpið, að bréfin verði einnig undanþegin erfðafjárskatti.

Sþ. 66. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um dreifingu framkvæmdavalds og eflingu á sjálfstjórn héraða.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Ragnar Arnalds, Arnór Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna milliþinganefnd, sem hafi það verkefni að athuga, með hvaða hætti bezt verði unnið að dreifingu framkvæmdavalds til fleiri staða en nú er og til eflingar á sjálfstjórn í landsfjórðungunum eða öðrum stórum landssvæðum.

Nefndin athugi sérstaklega um möguleika á að flytja að meira eða minna leyti ýmsar ríkisstofnanir eða mikilvægar þjónustustofnanir frá höfuðborginni til staða úti á landi í þeim tilgangi að auðvelda afgreiðslu mála og skapa meira jafnvægi í landinu.

Þá verði einnig athugað gaumgæfilega um möguleika á að veita héraðsstjórnum rétt til fjármálalegrar yfirstjórnar og ráðstöfunar á tilteknum fjárveitingum, sem varða viðkomandi hérað eða umdæmi.

Tillögur nefndarinnar skulu við það miðast, að dregið verði úr því mikla miðstöðvarvaldi, sem orðið er í Reykjavík, og komið í veg fyrir áframhaldandi ofvöxt þess.

Nefndin skal skila tillögum sínum og álitsgerð til Alþingis fyrir 1. janúar 1966.

Allur kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Mikið hefur verið rætt að undanförnu um jafnvægisleysið í byggð landsins. Allir virðast vera á þeirri skoðun, að hinn öri vöxtur höfuðborgarinnar og nágrannabyggða hennar á kostnað ýmissa byggðarlaga úti á landi sé ekki æskilegur. Ýmsar tillögur hafa verið uppi um það, hvað tiltækilegast væri að gera til þess að hamla gegn fólksflutningum úr vissum byggðarlögum.

Oftast hefur því verið haldið fram, að fólksflutningarnir utan af landi til höfuðborgarinnar og nágrennis hennar stöfuðu af ótryggri atvinnu, lægri launum eða verri lífskjörum úti á landi, en hér væru í þéttbýlinu við Faxaflóa. Mörg dæmi eru þó til, sem sýna á ótvíræðan hátt, að þessar ástæður eru ekki fyrir hendi, þar sem byggðin úti á landi á þó greinilega í vök að verjast fyrir aðdráttarafli höfuðborgarinnar.

Opinberar skýrslur sýna t. d., að atvinnutekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna hafa verið hærri í nokkur undanfarin ár í ýmsum byggðarlögum úti á landi en í Reykjavík. Vöxtur þeirra byggðarlaga hefur þó ekki orðið teljandi á þessum árum og lítill í samanburði við nágrannabyggðir Reykjavíkur. Þó að á þessar staðreyndir sé bent, skal ekki úr því dregið á neinn hátt, að auðvitað hefur atvinnuöryggi og góð lífsafkoma úrslitaáhrif á þróun hvers byggðarlags. En fram hjá hinu má ekki líta, að ýmis önnur atriði en launakjörin og atvinnumöguleikar hafa einnig mikil áhrif á vaxtarskilyrði nútímabyggðar. Góðar samgöngur hafa mikil áhrif. Skilyrði til menntunar skipta líka máli. Og yfirleitt skiptir miklu máli aðstaðan til þess að lifa menningarlífi og til þess að geta komið áhugamálum sínum og hugðarefnum fram.

Aðstaðan í þessum efnum er í mörgum tilfellum mjög léleg úti á landi og allt önnur og verri enn í Reykjavík og nágrannabyggðum hennar. Þróunin hefur orðið sú um nokkurra ára skeið, að í Reykjavík hefur setzt að svo að segja allt miðstöðvar- og framkvæmdavald landsins. Þar eru allir stjórnendur fræðslumála, vegamála og hafnarmála. Þar er tryggingastofnun alls landsins. Þar eru lánveitingasjóðir alls landsins. Og þar eru miðstöðvar allra samgangna. Í Reykjavík er fjárveitingavaldið og allar framkvæmdastofnanir þess.

Samþjöppun þessa mikla valds í Reykjavík hefur í ýmsum tilfellum leitt til algerrar ofstjórnar, sem sárlega hefur hvílt á athafnasemi þess fólks, sem heima á úti á landi. Skýrt dæmi um slíka ofstjórn er sú skipan, sem nú er ráðandi í úthlutun og afgreiðslu íbúðarhúsalána, landbúnaðarlána og stofnlána sjávarútvegsins.

Nú er t. d. þannig um hnútana búið varðandi úthlutun og afgreiðslu íbúðarlána, að lánsumsækjandi, sem býr í smáþorpi austur á landi eða vestur á fjörðum, verður að senda vandútfyllta skýrslu um fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir sínar til stofnunar í Reykjavík. Sú stofnun þarf fyrst að samþykkja bygginguna, stærð, gerð og skipulag, áður en til lánveitingar getur komið. Þessi byggingarlánastofnun í Reykjavík getur síðan ákveðið, að Páll Pálsson á Raufarhöfn skuli fremur fá umbeðið lán en Jón Jónsson á Flateyri. Þegar byggingarlánastofnunin hefur ákveðið að veita umsækjanda íbúðarlán, verður hann enn á ný að senda margvísleg skjöl og skilríki og umboð til einhvers aðila í Reykjavík, til þess að þar sé hægt að ganga formlega frá láninu og greiða lánið út; annars staðar virðist ekki vera mögulegt að ganga formlega frá því.

Allt er þetta skipulag með þeim hætti, að líkast er því, að verið sé að hræða fólk úti á landi frá því að sækja um lán til íbúðarhúsabygginga.

Svipað fyrirkomulag þessu er einnig ríkjandi hjá stofnlánasjóðum landbúnaðar og sjávarútvegs, sem krefjast þess skilyrðislaust, að aðeins hér í Reykjavík sé formlega gengið frá öllum lánum þeirra sjóða.

Reglur sem þessar eru til orðnar í samræmi við hina ríku tilhneigingu til samþjöppunar valds í Reykjavík og til þess, að hér skuli öll stjórnun og öll framkvæmdastjórn vera. Hér er um ofstjórnun að ræða, sem veldur þeim, sem heima eiga fjarri Reykjavík, margvíslegum erfiðleikum. Oft leiðir skipulag eins og þetta til þess, að fólk úti á landi nýtur í framkvæmd minni réttar en þeir, sem auðveldast eiga með að sækja til framkvæmdavaldsins.

Full ástæða er til, að komið verði upp því lánveitingakerfi, sem geri það mögulegt, að íbúar í hverjum landsfjórðungi eða hverri sýslu geti í sínu heimahéraði gengið frá almennum lánum og fengið þau þar greidd út.

Vissulega kæmi til greina að haga veitingu íbúðarhúsalána þannig, að yfirstjórn húsnæðismálalána í Reykjavík veitti hverju sinni heildarlánveitingarfjárhæð í hvert lánaumdæmi (sem mættu vera nokkur í landinu) og síðan úthlutaði sérstök nefnd í hverju umdæmi lánunum þar á milli umsækjenda í umdæminu.

Nú er öll yfirstjórn vegagerðar ríkisins staðsett í Reykjavík. Í Reykjavík eru allar brýr, sem ráðgert er að byggja, teiknaðar, og hið sama er að segja um önnur mannvirki, sem vegagerðin sér um. Allir, sem ræða vilja við yfirvöldin um framkvæmdir í vegamálum, verða að leggja leið sína til Reykjavíkur. Auðvitað væri hægt að hafa undirbúnings- og framkvæmdaskrifstofur vegagerðarinnar á nokkrum stöðum á landinu. Hvers vegna ætti t. d. ekki að vera hægt að hafa sérstaka vegagerðarskrifstofu staðsetta á Norður- eða Austurlandi fyrir þau verkefni, sem þessum landshlutum tilheyra? Þar ætti að teikna þær brýr, sem þar eiga að byggjast, og undirbúa á verkfræðilegan hátt þau verk, sem þar eiga að vinnast. Aðalskrifstofa vegamálastjóra gæti eftir sem áður verið í Reykjavík.

Hið sama er að segja um skipulag vitamálaskrifstofunnar. Hún gæti einnig verið í nokkrum deildum, tengd við hin ýmsu landssvæði.

Nú er öll yfirstjórn fræðslumála staðsett í Reykjavík. Margt sýnist mæla með því, að framkvæmdastjórn þeirra mála yrði skipt í landsfjórðungadeildir undir einni yfirstjórn úr höfuðborginni.

Þannig mætti nefna margar aðrar greinar framkvæmdavaldsins, sem nú hafa alla yfirstjórn í Reykjavík, en æskilegt og eðlilegt væri að deila niður í nokkur umdæmi.

Staðsetning menntastofnana getur haft mikið að segja um þróun byggðarinnar í landinu. Samþjöppun framhaldsskólanna í Reykjavík hefur verið allt of mikil og í mörgum tilfellum óeðlileg.

Þegar menntaskóla var komið á fót á Akureyri, var talsverð andstaða gegn því hjá ýmsum aðilum í Reykjavík. Sams konar andstaða gerði vart við sig, þegar menntaskóli var stofnaður að Laugarvatni. Þá var því beinlínis haldið fram, að menntaskóli í sveit hlyti að verða lélegur skóli. Nú er sótt um, að komið verði upp menntaskólum á Vestfjörðum og Austurlandi. Andstaða er gegn því, og enn hefur það mál ekki fengið stuðning ríkisvaldsins, þó að á sama tíma sé talið sjálfsagt að koma upp tveimur menntaskólum í Reykjavík til viðbótar þeim, sem fyrir eru.

Í tillögu þeirri, sem hér er flutt, er lagt til, að Alþingi kjósi 7 manna millibinganefnd, sem taki til sérstakrar athugunar, með hvaða hætti mætti draga úr óeðlilegri samþjöppun valds í Reykjavík og með hvaða hætti yrði bezt unnið að dreifingu valds og framkvæmdastjórnar í ýmsum málefnum til staða úti á landi. Jafnframt er lagt til, að nefndin athugi, hvernig helzt megi efla sjálfstjórn héraða eða stærri umdæma úti á landi.

Meginverkefni nefndarinnar yrði að gera tillögur um leiðir til þess að draga úr hinu mikla miðstöðvar- og framkvæmdavaldi í Reykjavík og til þess að snúa við þeirri þróun, að svo að segja allar meiri háttar þjónustustofnanir, opinber fyrirtæki, skólar og menningarstofnanir á vegum ríkisins séu staðsettar í höfuðborginni.

Tillaga þessi er á engan hátt flutt vegna fjandskapar við höfuðborgina. Flutningsmenn gera sér fulla grein fyrir því óhjákvæmilega forustuhlutverki, sem hún hlýtur að hafa, og því gildi, sem glæsileg höfuðborg getur haft fyrir landið allt. En ofvöxtur höfuðborgarinnar og of mikil samþjöppun valds þar er jafnhættuleg hér og í öðrum löndum, en sama vandamál og um er rætt í þessari tillögu er nú mjög á dagskrá í mörgum löndum.

Nd. 67. Frumvarp til laga [60. mál]

um endurálagningu útsvars og tekjuskatts einstaklinga árið 1964.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Geir Gunnarsson, Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal hlutast til um, að endurálagning fari fram á útsvari og tekjuskatti ársins 1964 samkvæmt reglum þeim, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Endurálagning gjalda samkv. 1. gr. skal fara fram þannig:

Endurreikna skal álögð útsvör og tekjuskatt einstaklinga árið 1964 á þann hátt, að lagðir séu til grundvallar útsvars- og tekjuskattsstigar árið 1960. Breyta skal síðan tekjutölum þeirra útsvars- og tekjuskattsstiga, sem þá giltu, í réttu hlutfalli við breytingu á meðalvísitölu vöru og þjónustu, sem varð frá árinu 1959 til 1963.

Umreikna skal á sama hátt persónufrádrátt og annan heimilaðan frádrátt, sem veittur var 1960, til samræmis við breytingu vísitölu vöru og þjónustu frá 1959 til 1963.

Nú kemur í ljós, að gjöld, sem á voru lögð fyrr á árinu 1964, hafa í einhverju tilfelli verið lægri en samkvæmt endurálagningu eftir þessari grein, og skal þá fyrri álagningin gilda.

3. gr.

Sá mismunur, sem fram kemur á álagningu útsvara samkv. reglum 2. gr. og á álögðum útsvörum einstaklinga árið 1964, skal greiðast bæjar- og sveitarfélögum

úr ríkissjóði, þannig að þau fái útsvörin greidd með venjulegum gjalddögum. Samsvarandi mismunur á tekjuskatti falli niður

4. gr.

Ríkisstjórnin getur sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fá dæmi munu vera til um jafnalmenna og mikla gremju út af álagningu opinberra gjalda og upp reis á s. l. sumri meðal launafólks í landinu, eftir að kunnugt varð um útsvör og tekju- og eignarskatta þessa árs.

Miklar umræður urðu strax um hin óvenjulega háu gjöld, sem á höfðu verið lögð. Fjölmenn félagasamtök mótmæltu hinum háu álögum og kröfðust þess, að ríkisstjórnin gerði þegar í stað ráðstafanir til lækkunar og til þess að gera skiptingu gjaldanna réttlátari á milli hinna einstöku skattgreiðenda.

Í hópi þeirra, sem slíkar samþykktir gerðu, voru m. a. stærstu launþegasamtökin í landinu, eins og Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Blöð allra stjórnmálaflokka í landinu tóku þátt í umræðunum um þessi mál, og fljótlega kom að því, að öll stóðu blöð þessi saman um þann dóm, að óhjákvæmilegt væri að breyta gildandi útsvars- og skattalögum, þar sem augljóst væri, að gjöld almennra launþega samkvæmt þeim væru orðin allt of há. Jafnvel ríkisstjórnin sjálf lýsti yfir svipaðri skoðun og lofaði að beita sér fyrir endurskoðun laganna. Þessi afstaða ríkisstjórnarinnar og stuðningsblaða hennar var í sjálfu sér mjög athyglisverð, þegar það er haft í huga, að nokkrum mánuðum áður en útsvör og skattar voru á lagðir á þessu sumri, höfðu farið fram breytingar á útsvars- og skattalögunum á Alþingi og ríkisstjórnin og hennar stuðningslið haldið því fram, að verið væri að stórlækka þessi gjöld á almennum launatekjum. Þá stóð ríkisstjórnin fast gegn öllum tillögum, sem fluttar voru af stjórnarandstöðunni um leiðréttingar á útsvars- og skattalögunum.

Það voru tvær ástæður, sem mestu réðu um þá óánægju, sem upp kom út af sköttunum s. l. sumar.

Í fyrsta lagi var augljóst, að opinber gjöld flestra launþega höfðu stórhækkað frá s. l. ári og voru nú yfirleitt hærri hundraðshluti af kaupi en áður hafði verið. Gjöldin, sem lofað var að skyldu lækka, höfðu þvert á móti stórhækkað og voru nu í mörgum tilfellum orðin óbærileg með öllu.

Í öðru lagi hafði nú komið fram skýrar en oft áður, hve óréttlátlega útsvör og tekjuskattar dreifast á skattþegnana. Nú blasti við sú staðreynd, að flestir launþegar áttu að greiða háa skatta, enda hafði verið þannig um hnútana búið, að nær allar tekjur þeirra hlytu að koma fram til skattlagningar. Hins vegar var ekki um að villast, að flestir þeir, sem einhvern rekstur höfðu með höndum eða voru miklir ráðamenn í stórfyrirtækjum eða höfðu mikil umsvif í kaupum og sölu fasteigna, sluppu ótrúlega léttilega undan skattgreiðslum til bæjar og ríkis.

Það vandamál, sem við er að glíma í skattamálunum, er í rauninni tvíþætt. Annars vegar er óhjákvæmilegt, að gerðar séu bráðabirgðaráðstafanir vegna þeirra gjalda, sem álögð voru s. l. sumar og augljóst er að margir gjaldendur geta ekki risið undir að greiða á tilskildum tíma. Hins vegar liggur svo fyrir að breyta útsvars- og tekju- og eignarskattslögunum þannig, að gjöld á launafólki verði hófleg og að tryggt verði, að allir skattþegnar í landinu sitji við sama borð varðandi skattskyldu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, miðar einvörðungu að því, að leysa til bráðabirgða þann vanda, sem upp kom við álagningu útsvars og skatta á s. l. sumri Sú leið, sem gert er ráð fyrir samkv. frumvarpinu að farin verði til þess að lækka hin

óhóflega háu gjöld einstaklinga, sem lögð voru á s. l. sumar, er, að öll útsvör einstaklinga og allur tekjuskattur þeirra verið umreiknaður og skatt- og útsvarsstigar þeir, sem gildandi voru árið 1960, verði lagðir til grundvallar, en tekjutölum þeirra skatt- og útsvarsstiga breytt samkvæmt breytingu á meðalvísitölu vöru og þjónustu frá 1959 til 1963. Þá er einnig gert ráð fyrir, að persónufrádráttur og annar frádráttur, sem heimilaður var árið 1960 við útsvars- og skattálagningu, verði einnig umreiknaður á sama hátt.

Verði þessi regla viðhöfð við ákvörðun útsvars og tekjuskatts einstaklinga á þessu ári, ættu gjöldin að verða hlutfallslega hin sömu nú og þau voru árið 1960, þegar tillit hefur verið tekið til tekjubreytinga og verðlagsbreytinga.

Árið 1960 var gerð allveruleg breyting á skattalögunum og þá að því stefnt samkvæmt yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar, að almennar launatekjur yrðu tekjuskattsfrjálsar. Á því ári var skattheimtu ríkisins einnig breytt í ýmsum grundvallaratriðum. Það sýnist því ekki óeðlilegt að leggja til grundvallar við skattlagningu nú þær skattareglur, sem settar voru 1960, og miða við það, að beinu skattarnir hækki ekki frá því, sem þá var, nema í hlutfalli við hækkaðar tekjur umfram hækkaða dýrtíð. Verði endurálagning útsvars og tekjuskatts þessa árs gerð samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps, yrði komið í veg fyrir, að gjöld þessi hækkuðu frá þeim grundvelli, sem gilti 1960, vegna dýrtíðarinnar, sem síðan hefur átt sér stað.

Umreikningur gjaldanna á þennan hátt mundi að sjálfsögðu lækka bæði útsvar og tekjuskatt einstaklinga mjög verulega í mörgum tilfellum. Hér skulu nefnd dæmi, sem sýna þessa breytingu:

Útsvar og tekjuskattur samkv. gildandi lögum 1964.

Tekjur:		Einhleypur:	Hjón:	Hjón + 1 barn:	Hjón + 2 börn:	Hjón + 3 börn:
65000	Útsvar	7280	5460	4650	3640	2730
	Tekjusk.	0	0	0	0	0
90000	Útsvar	14105	11375	10010	8645	7280
	Tekjusk.	2525	0	0	0	0
120000	Útsvar	22295	19565	18200	16835	15470
	Tekjusk.	8585	2929	1616	303	0
180000	Útsvar	38675	35945	34580	33215	31850
	Tekjusk.	26765	18887	14948	11009	7070
220000	Útsvar	49595	46865	45500	44135	42770
	Tekjusk.	38885	31007	27068	23129	19190

Útsvar er reiknað skv. útsvarsstiga Reykjavíkurborgar 1964 ÷ 9% lækkun, eins og framtalsnefnd Reykjavíkur lækkaði stigann við álagningu. Útsvar fyrra árs er ekki dregið frá tekjum.

Útsvar og tekjuskattur samkv. frumvarpinu.

Tekjur:		Einhleypur:	Hjón:	Hjón + 1 barn:	Hjón + 2 börn:	Hjón + 3 börn:
65000	Útsvar	5825	4702	3299	1756	18
	Tekjusk.	0	0	0	0	0
90000	Útsvar	11076	9918	8551	7008	5321
	Tekjusk.	700	0	0	0	0
120000	Útsvar	17981	16858	15455	13912	12225
	Tekjusk.	3650	680	0	0	0
180000	Útsvar	33118	31995	30592	29049	27362
	Tekjusk.	13950	7990	5710	3570	2050
220000	Útsvar	44194	43071	41668	40125	38438
	Tekjusk.	24200	16250	12830	9790	7150

Persónufrádr. til tekjusk.:	Einstaklingur	kr. 50000 + 52%	= 76000
	Hjón	— 70000 + 52%	= 106400
	Barn	— 10000 + 52%	= 15200

Fjölskyldufrádr. frá útsvari fyrir konu	.....	kr. 800 + 52%	= 1216
— — — — — + 1 b.	.....	— 1800 + 52%	= 2736
— — — — — + 2 b.	.....	— 2900 + 52%	= 4408
— — — — — + 3 b.	.....	— 4100 + 52%	= 6232

Eftir að útsvar hefur verið fundið út, er það lækkað um 7.7%, sbr. lækkun Njn. 1960.

Samkvæmt frumv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður verði að taka á sig þann mismun, sem fram kemur við útreikning gjaldanna á þennan hátt. Ríkissjóður getur auðveldlega tekið þennan mismun á sig, þar sem vitað er, að hann hefur haft verulegan greiðsluafgang á undanförnum árum.

Nd. 68. Frumvarp til laga [61. mál]

um aðstoð ríkisins við rekstur og byggingu almennra barnaheimila og um fóstruskóla.

Flm.: Einar Olgeirsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Ríkið skal aðstoða þá aðila, sem reka almenn barnaheimili: vöggustofur, dagheimili og vistheimili svo og sumardvalarheimili fyrir börn, svo sem hér segir:

Ríkið greiðir viðkomandi aðila a. m. k. 600 kr. á mánuði fyrir hvert barn sem rekstrarstyrk til barnaheimilisins, en þó að jafnaði eigi minna en þriðjung kostnaðar við rekstur heimilisins.

Aðilar geta verið hvort heldur er sveitarfélag, áhugafélag, opinber stofnun eða atvinnufyrirtæki.

Félagsmálaráðuneytið ákveður með reglugerð, hve mikinn hluta áætlaðs rekstrarkostnaðar aðstandendur barna, ef einhverjir eru, skuli greiða, og skal þar höfð sú regla, að greiðsla fari eftir efnahag og aðstæðum aðstandenda, allt frá því að vera ókeypis fyrir þá aðstandendur, sem við erfiðastar aðstæður búa, og upp í að vera ⅔ rekstrarkostnaðar fyrir þá, sem beztar aðstæður hafa, en þó skal ætíð taka tillit til barnafjölda frá sömu fjölskyldu.

Félagsmálaráðuneytið skal fela trúnaðarmönnum sínum eftirlit með barnaheimilum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Ríkið skal aðstoða sveitarfélög, sem hafa yfir 1000 íbúa og byggja barnaheimili, eftir að lög þessi öðlast gildi, svo sem hér segir:

Ríkið leggur fram helming kostnaðar við slíka byggingu og tilheyrandi tæki, enda hafi félagsmálaráðuneytið samþykkt teikningu.

Heimilt er og ríkisstjórn að veita slíkt framlag til kaupa á húsi til rekstrar barnaheimilis, ef sveitarstjórn óskar þess frekar og félagsmálaráðuneytið álítur hús heppilegt til slíks rekstrar.

Ríkisstjórninni er og heimilt að ábyrgjast byggingarkostnað eða kaupverð.

Greiðslu á framlagi ríkisins í þessu skyni skal lokið innan fimm ára, frá því að bygging er hafin.

Nú byggir eða kaupir einn þeirra aðila, sem um ræðir í 1. gr. 3. málsgr., barnaheimili, sem þessi grein gerir ráð fyrir, og er þá ráðherra heimilt að láta þann aðila njóta slíks styrks, er þessi grein ákveður, ef viðkomandi sveitarstjórn mælir með því.

3. gr.

Nú óskar sveitarfélag með undir 1000 íbúum að verða þess réttar aðnjótandi, sem ákveðinn er í 2. og/eða 3. gr., og skal þá félagsmálaráðuneytið athuga ósk þá sérstaklega, og er heimilt að verða við henni, ef aðstæður eru þannig að mati ráðuneytisins að nauðsyn sé á þessu fyrir sveitarfélagið.

4. gr.

Ríkið skal reka fóstruskóla í Reykjavík, þ. e. skóla til þess að kenna þeim, er búa sig undir störf við barnaheimili.

Ríkisstjórnin skal með reglugerð ákveða fyrirkomulag skólans. Skal í þeirri reglugerð ákveðið, að við hann skuli starfa skólastjóri og minnst tveir fastir kennarar. Námstími skal vera a. m. k. 24 mánuðir samanlagt, miðað við 6 stunda kennslu á dag.

Ríkisstjórninni heimilast að leigja húsnæði undir skólann, meðan ekki hefur verið reist skólahús.

Ríkisstjórninni er heimilað að kaupa hús eða láta byggja hús til þessarar skólastarfsemi og taka lán til þess að standast þann kostnað, allt að 4 — fjórum — milljónum króna.

Greinargerð.

Vér verðum að horfast í augu við þá þjóðfélagslegu byltingu, sem breytt hefur íslenzku þjóðfélagi á örskömmum tíma úr hinu forna bændaþjóðfélagi í bæjar- og borgaþjóðfélag með öllum þess kostum og löstum. Vér verðum að glíma við þau þjóðfélagslegu vandamál, sem þetta nýja mannfélag skapar, og ráða við þau.

Eitt af hinum miklu vandamálum þessa bæjaþjóðfélags er barnauppeldið sökum þeirrar gerbreytingar, sem orðin er á fjölskyldulífinu og þjóðfélagslegri aðstöðu kvenna. Konan vinnur nú í sívaxandi mæli utan heimilis, bæði við að mennta sig og þjálfa til starfs og síðan við starfið sjálft. Uppeldi barnanna verður í æ ríkara mæli verkefni þjóðfélagsins. Þetta er viðurkennt með sjálfri skólalöggjöfinni hvað snertir börnin 7 ára og eldri. En þetta á í æ ríkari mæli við börnin undir þeim aldri. Í þessum efnum er að gerast þróun, sem verður ekki stöðvuð, hvort sem mönnum þykir betur eða verr. Verður að horfast í augu við það af fullri djörfung og taka afleiðingunum með því að framkvæma þær félagslegu endurbætur, sem þetta ástand kallar á.

Fyrir margar mæður er það bein, óhjákvæmileg nauðsyn að geta komið börnum innan 7 ára á vöggustofur og dagheimili, bæði vegna vinnu, er þær stunda, máske sem eina fyrirvinnan, sem og vegna náms. En fyrir allar þær mæður, er stunda vinnu utan heimilis, er þetta einnig nauðsyn og gott fyrir þjóðfélagsheildina, er nýtur góðs af vinnu þeirra. Þessi nauðsyn er þegar viðurkennd af öllum stærstu bæjarfélögum landsins, og fjöldi kvenna hefur unnið mikið og fórnfúst starf við að halda uppi barnaheimilunum sem fóstrur, gott og nytsamt starf hefur verið af hendi leyst til að halda uppi kennslu fóstranna við erfiðar aðstæður og mikið sjálfboðaliðsstarf verið unnið bæði af konum og karlmönnum vegna þessara barnaheimila. Það er því tími til kominn, að farið sé að festa þetta fyrirbrigði: barnaheimilin, í löggjöf með því að byrja á að ákveða aðstoð ríkisins við þau, eigi ósvipað og þegar er gert með barnaskólana. Erlendis er þessi mikla nauðsyn þegar viðurkennd í löggjöf. Sérstaklega eru Danir og Svíar til fyrirmyndar í þessum efnum.

Það er lagt til í þessu frv., að undir væntanleg lög heyri almenn barnaheimili, þ. e. a. s.: 1) dagheimili fyrir börn, 2—6 ára, þar sem þau eru frá morgni til kvölds og borða á heimilinu; 2) vistheimili fyrir börn, sem geta ekki dvalizt heima hjá sér; 3) vöggustofur fyrir börn undir 2 ára (eða eins og nú er kallað víða vöggustofur og skriðdeild); 4) sumardvalarheimili fyrir börn. Hins vegar mundu

ekki heyra undir þessi lög barnaheimili fyrir vangefin börn, taugaveikluð eða þau, sem að öðru leyti þurfa að vera undir hendi lækna eða sérfræðinga. Þarf sérstök lög um slík heimili.

Í Reykjavík er þetta vandamál barnaheimilanna eðlilega brýnast sökum stærðar bæjarfélagsins, og þar hefur þegar verið hafizt handa og eru miklar fyrirætlanir um framkvæmdir á næstu árum. En þar er þörfin svo gífurleg, að ekki er unnt að leysa nema úr örlitlum hluta vandans með þeirri aðstöðu, sem þegar er sköpuð. Eftirspurnin er svo mikil eftir að koma börnum að á barnaheimilum, að ekki þykir einu sinni taka því að setja fólk á biðlista.

Á þrem vöggustofum (og „skriðdeild") er rúm fyrir 68 börn. Á sex dagheimilum er rúm fyrir 330 börn. Vistheimili fyrir þau börn, sem aðeins geta treyst á bæjarfélagið sem aðstandanda sinn, hefur aðeins verið eitt, að Silungapolli, fyrir 30 börn, — og er þeirri vistarveru mjög ábótavant, — og svo fyrir slík börn á skólaskyldualdri eitt að Reykjahlíð. En nú er verið að reisa upptökuheimili fyrir slík börn að Dalbraut.

Reykjavíkurborg hefur þegar keypt 5 hús fyrir dagheimili og greitt sjálf. Barnavinafélagið Sumargjöf hefur unnið gott brautryðjandastarf í þessum málum, svo og Verkakvennafélagið, Mæðrafélagið, Thorvaldsensfélagið o. fl.

Reykjavíkurborg hefur þegar gert áætlanir um að verja á næstu 4 árum allt að 12 milljónum króna á ári — eins og er á fjárhagsáætlun í ár — til þess að byggja 2 hús fyrir barnaheimili á ári, sjá fylgiskjal I. Vart mun þó sú áætlun verða framkvæmd til fulls, nema til aðstoðar komi annars staðar frá. Framlag samkvæmt þessum lögum mundi hins vegar tryggja, að farið yrði fram úr þessari áætlun, og þess er full þörf.

Í kaupstöðum úti um land er verið að berjast við að koma upp barnaheimilum, og þarf að létta undir með bæjarfélögunum í þeirri baráttu. Í Kópavogi, Hafnarfirði, Akureyri, Siglufirði, Akranesi, Ísafirði og víðar er þörfin brýn og ýmsar framkvæmdir hafnar, en fjárskortur háir alls staðar.

Það er lagt til, að ríkið greiði einn þriðja rekstrarkostnaðar við barnaheimilin. Hann er talinn í Reykjavík um 1800 krónur á mánuði. Væri þá eðlilegt, að bæjarfélagið greiddi þriðjung og aðstandendur þriðjung, þó þannig, að það færi eftir efnum og ástæðum, eins og reglugerð félagsmálaráðuneytisins mælti fyrir. Mæður, sem einar berjast fyrir að framfleyta börnum sínu, eiga ekkert að greiða, en hjón, sem vinna bæði utan heimilis á góðu kaupi, ættu að greiða ⅔ kostnaðar, en síðan væru ýmis millistig. Hafa Danir og Svíar gott skipulag á þessu, er taka mætti til fyrirmyndar.

Þá er lagt til, að ríkið greiði hálfan kostnað við byggingu barnaheimila, sem reist eru, eftir að lög þessi öðlast gildi. Er að öllu leyti eðlilegt, að um byggingu barnaheimila fari eins og um barnaskóla.

Þótt fyrst og fremst sé gert ráð fyrir, að sveitarfélög með yfir 1000 íbúa þurfi á þessari aðstoð að halda, þá er þó með 3. gr. heimilað að veita minni sveitarfélögum einnig slíka aðstoð.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir, að rekstrarstyrkinn geti eftirfarandi aðilar fengið:

1) Sveitarfélögin sjálf, og verður það eðlilega höfuðreglan.

2) Áhugafélög. Eins og fyrr er getið, hafa ýmiss konar áhugafélög í þessu efni víða brotið ísinn, jafnt verkakvennafélög og kvenfélög sem barnavinafélög og Thorvaldsensfélagið. Það er því rétt að gera ráð fyrir því, að þau njóti slíks styrks, þó að þróunin verði víðast hvar sú, að bæirnir taki síðan reksturinn að sér.

3) Opinberar stofnanir. Það er rétt að gera ráð fyrir, að opinberar stofnanir, eins og háskólinn og ríkisbankarnir o. fl., vilji koma upp barnaheimilum vegna þeirra, sem vinna þar og nema. Er hin brýnasta þörf á þessu, ekki sízt við háskólann, ef jafnrétti kvenna til æðri mennta á að verða raunveruleiki.

4) Atvinnufyrirtæki. Þá er og eðlilegt, að stórfyrirtæki, ekki sízt þau, sem

hafa margt kvenna starfandi hjá sér, komi upp barnaheimilum við verksmiðjur. Slíkt tíðkast víða erlendis, ekki sízt í sósialistísku ríkjunum. Hefur og verið gerð nokkur tilraun með slíkt hér, og er rétt að ýta undir það.

Vistheimili, þar sem börn dveljast alveg, eru orðin mikil nauðsyn, eins og þjóðfélagsþróunin er. Ríkið og bæjarfélögin, ekki sízt höfuðborgin, eiga að setja stolt sitt í það að gera slík heimili vel úr garði. Þau börn, sem eru svo ógæfusöm að geta ekki notið foreldra af einni eða annarri ástæðu, eiga að finna það, að þjóðfélagið getur verið þeim góður aðstandandi. Ísland er nú svo ríkt, að það á að setja sóma sinn í það að búa sem bezt að slíkum börnum. Þau fara nógu mikils á mis samt.

En öll þessi barnaheimili verða ekki rekin án kennara frekar en barnaskólarnir. Ríkið verður því að taka að sér að koma upp föstum skóla fyrir fóstrurnar. Sá skóli hefur verið á hrakhólum, engan fastan samastað átt og ýmsa erfiðleika átt við að stríða. Þess vegna mælir 4. gr. fyrir um stofnun slíks skóla, en meðan hann er í mótun, er eðlilegt, að ríkisstjórnin ráði skipan hans meira með reglugerð, byggðri á þessum lögum, en að nákvæm lög séu sett síðar. Svipað var gert um tækniskóla á síðasta þingi. Rétt væri og, að ríkisstjórnin tæki það til alvarlegrar athugunar, hvort hægt væri, annaðhvort í sambandi við fóstruskólann eða kennaraskólann, að koma upp leiðsögn eða kennslu fyrir þá, sem verða vilja tómstundakennarar, æskulýðsleiðbeinendur eða starfsfólk vegna þjóðfélagslegra vandamála (social workers), þannig að það fólk fengi undirbúning hér undir fullkomnara nám erlendis.

Skiptar eru skoðanir um, hvort hentugra væri, að fóstruskóli yrði deild í kennaraskólanum, og þarf m. a. að athuga það mál, áður en fóstruskóli er endanlega mótaður. En starfsemi hans verður að efla og tryggja nú þegar, því að skortur á fóstrum háir starfsemi barnaheimilanna tilfinnanlega. Skólastjóri fóstruskólans, frú Valborg Sigurðardóttir, sagði í ræðu, sem hún hélt við skólaslit 25. maí 1963: „Mér telst svo til, að til þeirra barnaheimila, sem byggja skal hér í borg á næstu 5 árum, þurfi minnst milli 50 og 60 sérmenntaðar fóstrur. Reikna ég hér eingöngu með fóstrum í stöður forstöðukvenna og deildargæzlu. Ef fullnægja á þessum lágmarkskröfum til starfsliðs, þarf að auka og efla fóstruskólann að miklum mun. Skoðun mín er sú, að tómt mál sé að tala um að fjölga barnaheimilum hér á landi, ef fóstruskólinn er ekki efldur að sama skapi.“ Í fóstruskólanum höfðu alls 88 lokið námi þá, er skólastjórinn hélt þessa ræðu, en þá voru 14 útskrifaðar, svo að alls hafa 102 lokið námi.

Það er því hin brýnasta nauðsyn að efla fóstruskólann, fá til hans nýja nemendur, auglýsa skólann sem bezt og hvetja efnilegar stúlkur til þessa náms. Nú er ástandið þannig, að í þrem af sex barnaheimilum í Reykjavík eru engar fóstrur starfandi nema sem forstöðukonur. Þyrfti einnig að athuga viðvíkjandi framtíðarstarfi á þessum vettvangi að gera þeim, sem sérstökum trúnaðarstörfum gegna, fært að nema við erlenda sérskóla eða stofnanir í þessum efnum, sem eru ágæt á Norðurlöndum.

Frv. þetta var fyrst flutt á síðasta þingi og fylgdi því sú greinargerð, sem hér er að framan. Kom þá þegar í ljós, hver áhugi var á því hjá þeim samtökum, er helzt þekkja til, að frv. yrði samþykkt. M. a. gerðu eftirfarandi samtök samþykktir, sem birtar eru hér á eftir sem fylgiskjöl:

1. Menningar- og friðarsamtök ísl. kvenna, fylgiskjal III.
2. Stjórn Kvenréttindafélags Íslands, fylgiskjal IV.

Þá hafa og eftirfarandi samtök gert samþykktir um þessi mál án þess að vitna sérstaklega til þessa frv.:

3. Kvenréttindafélag Íslands, fundur haldinn 21. apríl 1964, fylgiskjal V.
4. Bandalag kvenna í Reykjavík, aðalfundur haldinn 2.—3. nóv. 1964, fylgiskjal VI.

Það er ljóst, að framganga þess máls, sem þetta frv. fjallar um, þolir ekki langa bið.

Fylgiskjal I.

Áætlun um byggingu dagheimila og leikskóla í Reykjavík 1964—1968.
Lögð fram í borgarstjórn Reykjavíkur vorið 1963.

Árið 1964. Heildarupphæð 6 millj.
Dagheimili við Rauðalæk, fullgert, kostnaður 6 millj. kr.

Árið 1965. Heildarupphæð 9 millj.
Leikskólar í Vogahverfi og Hvassaleiti, fullgerðir, kostnaður samtals 5 millj.
Dagheimili í Vogahverfi og leikskóli við Safamýri, byrjunarframkvæmdir, samtals 4 millj.

Árið 1966. Heildarupphæð 9 millj.
Leikskóli við Safamýri og dagheimili í Vogahverfi, lokaframkvæmdir, samtals 4.5 millj. Dagheimili í Háteigshverfi, fullgert, hluti borgarsjóðs 3 millj. (reiknað með 3 millj. frá öðrum aðilum). Leikskóli við Rauðalæk, byrjunarframkvæmdir, 1.5 millj.

Árið 1967. Heildarupphæð 9 millj.
Leikskóli við Rauðalæk, lokaframkvæmdir, 1 millj. Dagheimili við Árbæjarblett, fullgert, 6 millj. Dagheimili í Hvassaleiti, byrjunarframkvæmdir 2 millj.

Árið 1968. Heildarupphæð 9 millj.
Dagheimili við Vesturborg, byrjunarframkvæmdir, 3.75 millj. Dagheimili í Hvassaleiti, lokaframkvæmdir, 4 millj. Leikskóli í Háteigshverfi, fullgerður, hluti borgarsjóðs 1.25 millj. (gert ráð fyrir jafnháu framlagi annars staðar frá).

Fylgiskjal II.

Áætlun um byggingu vistheimila 1963—1968.

1963. Upptökuheimili við Dalbraut, byrjun, 1.5 millj.

1964. Upptökuheimili við Dalbraut, lokið, 4.5 millj.

1965. Fjölskylduheimili (byggt eða keypt), lokið, 1.5 millj.
Upptökuheimili við Hlíðarenda, byrjað, 1.5 millj.

1966. Upptökuheimili við Hlíðarenda, lokið, 1.5 millj.
Vistheimili fyrir 12—16 börn (2—7 ára), byrjað, 1.5 millj.

1967. Vistheimili fyrir 12—16 börn (2—7 ára), lokið, 2 millj.
Unglingaheimili 5—8 pilta, byrjað, 1 millj.

1968. Unglingaheimili 5—8 pilta, lokið, 1 millj.
Unglingaheimili 5—8 stúlkna, lokið, 2 millj.

Fylgiskjal III.

12. marz 1964.

Til hæstvirtst Alþingis.

Aðalfundur Menningar- og friðarsamtaka íslenzkra kvenna, haldinn 25. febr. 1964, styður framkomið frumvarp til laga, á þingskjali nr. 215, um aðstoð ríkisins við byggingar og til rekstrar barnaheimila og fóstruskóla.

Sú gagngera bylting, sem orðið hefur á atvinnuháttum þjóðarinnar og á lífskjörum hennar öllum, krefst þess, að í hendur haldist félagslegar framkvæmdir á öllum sviðum.

Nútímaþjóðfélag kallar á æ fleiri hendur til starfa, enda æ fleiri störf, sem konur sérhæfa sig til að takast á hendur. Enda hafa konur haft sama rétt og karlar til náms og starfa á landi hér síðan árið 1911.

En áhrif kvenna á félagslega starfsemi þjóðfélagsins hafa ekki verið í réttu hlutfalli við réttindi þeirra. Þjóðfélagið hlýtur að taka það á sig, að koma upp þeim félagslegum stofnunum, sem gera konum kleift að stunda atvinnu utan heimilis, en rækja þó jafnframt móðurskyldur sínar.

Fundurinn væntir þess eindregið, að hið háa Alþingi samþykki þetta frumvarp, og leggur áherzlu á, að þau ákvæði, sem það felur í sér, verði sem fyrst að veruleika.

Virðingarfyllst,

f. h. Menningar- og friðarsamtaka ísl. kvenna,
María Þorsteinsdóttir.

Fylgiskjal IV.

KVENRÉTTINDAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 2. marz 1964.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands skorar á háttvirt Alþingi að samþykkja nú á þessu þingi fram komið frumvarp til laga um aðstoð ríkisins við rekstur og byggingu almennra barnaheimila og fóstruskóla, þingskjal 215.

Fylgiskjal V.

Fundur Kvenréttindafélags Íslands, haldinn 21. apríl, gerði svofelldar ályktanir:

a. Að leikskólavist hluta úr degi hverjum sé uppeldisleg nauðsyn og öryggi börnum, sem eru yngri en 7 ára, ef þau alast upp í borgum og bæjum. Þess vegna telur fundurinn, að fjölga þurfi slíkum stofnunum mikið frá því, sem nú er.

b. Að fjölga þurfi fullkomnum dagheimilum fyrir börn frá smábarnaaldri til skólaskyldualdurs, svo að konur, sem þurfa eða vilja, geti stundað vinnu utan heimilis, þótt þær eigi börn á þeim aldri, og einstæðar mæður, sem vilja ala börn sín upp og til þess eru hæfar, þurfi eigi að láta þau frá sér sökum skorts á slíkum stofnunum.

c. Að ávallt sé séð um, að þau börn, sem óhjákvæmilega þurfa að alast upp á uppeldisheimilum, njóti þar góðs og heimilislegs aðbúnaðar, bæði af hálfu hins opinbera og starfsfólks heimilanna.

d. Að brýn nauðsyn sé að koma á fót heimavistarskólum fyrir börn á skólaskyldualdri, sem af heimilisástæðum, hegðunarvandkvæðum eða öðrum orsökum eigi, að áliti sérfræðinga, ekki samleið með öðrum skólabörnum.

e. Að stofnsettur sé sem fyrst fullkominn uppeldisskóli fyrir ungar stúlkur, er lent hafa á glapstigum, svo að barnaverndarnefndir og aðstandendur stúlkna þessara geti þar leitað hjálpar við enduruppeldi þeirra til að gera þær að nýtum þjóðfélagsþegnum.

f. Að lögbinda þurfi ríflegt framlag til byggingar og reksturs allra uppeldisstofnana landsins, til þess að bæta úr þörfum þjóðfélagsins í uppeldismálum, auk þess sem starf fóstruskólans sé svo eflt og aukið, að hann hafi aðstöðu til að sjá leikskólum og öðrum uppeldisstofnunum landsins fyrir nægilega mörgu sérmenntuðu starfsfólki, sbr. samþykkt fundar K. R. F. Í. 17. marz síðastliðinn.

Fylgiskjal VI.

Aðalfundur Bandalags kvenna í Reykjavík, haldinn dagana 2.—3. nóv. 1964, skorar á menntamálanefnd Alþingis að beita sér fyrir því, að Fóstruskólinn verði tekinn inn í fræðslukerfi ríkisins, aukinn og endurskipulagður, svo að hann verði fær um að sjá þjóðfélaginu fyrir sérmenntuðu starfsfólki við hinar ýmsu samfélagsstofnanir landsins (sósialstofnanir).

Greinargerð.

Fundurinn álítur það óviðunandi ástand, að meiri hluti alls starfsfólks dagheimila, vistheimila, leikskóla og annarra samfélagsstofnana landsins skuli ekki hafa menntun til starfa síns. Fóstruskólinn hefur gert mjög mikið gagn, en þar sem hann er einkaskóli með takmarkaða getu, er ekki nein von, að hann anni þjóðarþörfum.

Það er álit fundarins, að þessi mál komist aldrei í viðunandi ástand, nema ríkið reki fullkominn skóla til menntunar alls þess fólks, sem við þessi störf vinnur.

Fundinum er kunnugt um, að margir mundu læra til þessara starfa, ef þeir ættu þess kost hér á landi, og getur ekki skilið þann sofandaháttt, sem í þessum málum ríkir hjá ráðamönnum þjóðfélagsins.

Fyrir hönd stjórnar Bandalags kvenna í Reykjavík,

Aðalbjörg Sigurðardóttir, formaður.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Sþ. 69. Fyrirspurnir. [62. mál]

I. Til utanríkisráðherra um kjarnorkuflota Atlantshafsbandalagsins.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til fyrirhugaðs kjarnorkuflota Atlantshafsbandalagsins (MLF — Multilateral force)?
2. Hvernig hyggst ríkisstjórnin beita atkvæði Íslands á ráðherrafundi NATO, ef áformin um kjarnorkuflota Atlantshafsbandalagsins verða borin þar undir atkvæði?

II. Til heilbrigðismálaráðherra um héraðslækna.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess, að öll lögákveðin læknishéruð landsins verði skipuð héraðslæknum?

Nd. 70. Frumvarp til laga [63. mál]

um breyting á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Flm.: Oddur Andrésson, Sverrir Júlíusson, Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Síðasta málsgrein 11. gr. laganna orðist svo:

Laun ráðskonu og önnur vinnulaun, sem þarf til matseldar í heimavistum við barna- og unglingaskóla skyldunámsins, greiðir ríkissjóður að öllu leyti.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til að taka af öll tvímæli um vilja löggjafans, að sama fyrirgreiðsla frá hendi ríkissjóðs gildi um allt skyldunám. Síðasta málsgrein 11. greinar laga þeirra, sem breytingin tekur til, hljóðar svo:

„Laun ráðskonu í heimavistarbarnaskólum greiðir ríkissjóður að öllu leyti."

Þetta er í rauninni óheppilegt orðaval, því að barnapróf er tekið við 12 ára aldur, en unglingapróf 15 ára, er skyldunámi lýkur.

Í sveitum landsins hefur óvíða verið hægt að veita skólaæskunni aðstöðu til að ljúka skyldunámi í sinni heimasveit. Unglingarnir hafa því annaðhvort farið á mis við þá fræðslu, sem ætlazt er til með námsskyldu til 15 ára, eða þeir hafa orðið að leita til fjarlægra staða, í kaupstaði eða héraðsskóla, og þá með mjög miklum aukakostnaði.

Nú hefur í einstaka fræðsluhéraði verið tekinn upp sá háttur að koma á fót heimavistum við heimangönguskóla, þar sem þéttbýliskjarnar eru, og leysa á þann hátt framangreind vandkvæði.

Þetta hefur t. d. verið gert í Stykkishólmi fyrir sveitirnar þar í grennd og við Brúarlandsskólann í Mosfellssveit fyrir upphreppa Kjósarsýslu, Kjós og Kjalarnes.

Mjög víða um landið eru þessir möguleikar fyrir hendi, að koma upp heimavistum við skóla í þorpum og þéttbýli fyrir unglinga úr dreifbýlinu umhverfis. Slíkt mundi efla viðkomandi skóla og orsaka betri nýtingu kennslukrafta. Þá mun og aðsókn ungra nemenda að héraðsskólunum af létt, og gætu þeir þá betur sinnt hlutverki sínu sem miðskólar og héraðsskólar.

Sþ. 71. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um ræktun skjólbelta.

Flm.: Oddur Andrésson, Sigurður Bjarnason, Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um stuðning við kerfisbundna ræktun skjólbelta í landinu.

Greinargerð.

Íslendingar hafa búið við gott árferði um fjóra tugi ára. Hafís hefur ekki lagzt að landi, og eldgos, þótt tíð hafi verið, hafa lítinn usla gert. Vart er þó að

treysta því, að saga fyrri tíma endurtaki sig ekki. Er því ástæða til að vera við öllu búinn, m. a. með því að gera það, sem kleift er, til að auka og tryggja uppskeruna.

Reynslan hefur sýnt, að það er ekki vandkvæðum bundið að koma upp skjólbeltum á Íslandi. Til eru nú 42 ára gömul skjólbelti á Hallormsstað, sem eru yfir 10 metra á hæð. Og á Sámsstöðum hefur Klemenz Kristjánsson ræktað skjólbelti undanfarin 17 ár. Hann hefur gert nákvæmar mælingar á uppskeruauka á skýldu landi miðað við skjóllaust land. Kemur þá í ljós, að aukning mjölvis í byggi er allt frá 18—60% í skjóli. Þessar tilraunir voru gerðar í 7 ár, og árið 1952, þegar næturfrost komu um miðjan ágúst, nam mjölvisaukningin 60%. Sýnir þetta glöggt, að vinningurinn er mestur, þegar sumur eru stutt.

Tilraunir á Jótlandi, sem gerðar hafa verið um tugi ára, sýna, að uppskera eykst að meðaltali frá 15—25%, þar sem skjóls nýtur, og munurinn er ávallt mestur í hörðum árum.

Frá 1957 hefur Skógrækt ríkisins haft nokkra fjárveitingu ár hvert til skjólbeltatilrauna. Þær hafa sýnt, að vandalaust er að koma upp skjólbeltum, ef vandvirkni er gætt. Árangur tilraunanna eru 5 km löng skjólbelti á nokkrum stöðum í landinu.

Við ræktun garðávaxta og korns eru skjólbelti fullkomin nauðsyn. Allar þjóðir um norðanverða Evrópu láta sér ekki til hugar koma að erja jörð án skjólbelta á næðingssömum stöðum. Mun nauðsyn skjóls enn ríkari hér á landi. Uppskerubrestur kartaflna og korns á s. l. sumri hefði ekki orðið nærri eins tilfinnanlegur og raun varð á, ef skjólbelti hefðu verið um akurlöndin.

Flm. þessarar tillögu leggja því til, að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa ráðstafanir og tillögur um aukinn stuðning við skjólbeltarækt hér á landi. Er það skoðun þeirra, að hér sé um mikið nytjamál að ræða, er verðskuldi skilning og stuðning alþjóðar.

Sþ. 72. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um vigtun bræðslusíldar.

Flm.: Matthías Bjarnason, Sverrir Júlíusson, Pétur Sigurðsson, Guðlaugur Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa fimm manna nefnd til þess að athuga möguleika á því, að síld, sem lögð er í síldarverksmiðjur til bræðslu, verði keypt eftir vigt.

Skal nefndin kynna sér, á hvern hátt sé hentugast að koma þessari skipan á, og láta framkvæma áætlun um kostnað, er leiddi af þessari breytingu, og leggja álit sitt og tillögur fyrir ríkisstjórnina eigi síðar en 1. október 1965. Ef álit nefndarinnar verður á þann veg, að vigtun bræðslusíldar verði tekin upp, verði að því stefnt, að hin nýja skipan verði komin í framkvæmd fyrir sumarsíldveiðar árið 1966.

Landssamband íslenzkra útvegsmanna, Sjómannasamband Íslands, síldarverksmiðjusamtök Austur- og Norðurlands og Síldarverksmiðjur ríkisins skulu hvert fyrir sig tilnefna einn mann í nefndina, en fimmti maður skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar fjölmargar samþykktir í útvegsmannafélögum um allt land, á aðalfundum Landssambands ísl. útvegsmanna og félagssam-

tökum sjómanna þess efnis, að öll síld, sem seld er til bræðslu í síldarverksmiðjur á Norður- og Austurlandi, verði vegin, en ekki mæld. Það er álit allra þessara aðila, að mæling bræðslusíldar sé ónákvæm og sé hallað á seljendur í þessum viðskiptum.

Á Suðvesturlandi og við Faxaflóa er öll síld seld eftir vigt, og er flutningsmönnum þessarar þingsályktunartillögu ekki kunnugt um, að í þeim viðskiptum ríki ágreiningur um landað síldarmagn. Hins vegar er það almenn skoðun útvegsmanna og sjómanna, að mikillar ónákvæmni gæti í sambandi við mælingu síldar í verksmiðjur á Norður- og Austurlandi, og hefur það styrkt álit þessara aðila, að einstakar nýjar verksmiðjur á Austfjörðum, sem byrjuðu starfrækslu sína með því að vigta alla innlagða síld, hafa komið upp mælitækjum, en aka eftir sem áður síldinni á bílum í þrær verksmiðjanna og í sumum tilfellum fram hjá viktum á þessum stöðum.

Þrátt fyrir samþykktir og áskoranir félagssamtaka seljenda síldar í mörg ár um, að vigtun bræðslusíldar verði upp tekin, hafa síldarverksmiðjur ekki, svo að vitað sé, látið fara fram athugun á því, hvort tiltækilegt sé hvað kostnað snertir að gera breytingu hér á, að upp verði tekin vigtun síldar, og enginn mismunur er gerður á verði síldar, sem er vegin, og þeirrar, sem er mæld.

Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins hefur svarað þessum kröfum síldarseljenda, að erfitt og kostnaðarsamt sé að koma fyrir vigtum á bryggjum verksmiðjanna, sem eru úr tré, því að hætta sé á, að vigtirnar bili vegna hristings á bryggjunni og vegna súgs, sem oft er við bryggjurnar.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að mikillar ónákvæmni gæti við mælingu síldar, og þar sem síldarverksmiðjurnar hafa ekki fengizt að að gera athuganir á þessu máli í öll þau ár, sem þær óskir og kröfur hafa verið fram bornar af útvegsmönnum og sjómönnum, teljum við það orðið tímabært, að Alþingi láti þetta mál til sín taka og beiti sér fyrir, að það verði kannað til hlítar, og er þessi tillaga því flutt.

Nd. 73. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til laga um vaxtalækkun o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Undirritaðir mæla með því, að frumvarp þetta verði samþykkt. Efni þess er:

1. Lækkun útlánsvaxta, svo að þeir verði ekki hærri en þeir voru um áramótin 1959—1960.
2. Bundnar innstæður innlánsstofnana hjá Seðlabankanum verði ekki auknar frá því, sem þær verða við gildistöku laganna.

Mál þetta hefur legið fyrir Alþingi síðustu árin, en jafnan mætt andstöðu stuðningsflokka ríkisstjórnarinnar. Á síðasta þingi var frumvarp framsóknarmanna um vaxtalækkun o. fl. óútrætt í þinglokin. Í því frumvarpi voru m. a. ákvæði um lækkun vaxta af lánum til íbúðarhúsabygginga. Fulltrúar stjórnarflokkanna í fjárhagsnefnd neðri deildar skiluðu áliti um frumvarpið 2. maí síðastl. og lögðu til, að það yrði fellt. Einum mánuði síðar gerði þó ríkisstjórnin samning um mikla vaxtalækkun á lánum frá byggingarsjóði húsnæðismálastofnunarinnar. Þá loks fengust valdhafarnir til að viðurkenna, að húsnæðiskostnaðurinn væri orðinn óviðráðanlegur fyrir mikinn fjölda manna vegna gífurlegrar hækkunar á byggingarkostnaði og óhóflega hárra vaxta.

Fyrirheit ríkisstjórnarinnar um lækkun vaxta af byggingarlánum húsnæðismálastofnunarinnar er aðeins fyrsta skrefið til leiðréttingar á vöxtunum. Enn eru

vextir af öðrum stofnlánum og rekstrarlánum óhæfilega háir. Til skýringar á því máli er hér gerður samanburður á núgildandi vöxtum við þá, sem greiddir voru fyrir daga núverandi ríkisstjórnar.

	Vextir nú	Vextir 1959
Af lánum til íbúðarhúsabygginga í sveitum	6%	3½%
Af lánum til ræktunar og útihúsabygginga í sveitum	6½—	4—
Af fasteignaveðslánum frá fiskveiðasjóði	8—	5½—
Af skipakaupalánum frá fiskveiðasjóði	6½—	4—
Af afurðalánum	7¼—	5—5½—

Með flutningi frv., sem hér liggur fyrir, er stefnt að því, að vextir af framannefndum lánum og útlánsvextir yfirleitt verði færðir í hið fyrra horf.

Öllum má vera ljóst, að sú mikla hækkun útlánsvaxta, sem núverandi ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar hafa komið á, hefur átt mikinn þátt í vexti dýrtíðarinnar og valdið miklum erfiðleikum fyrir fjölda einstaklinga og atvinnufyrirtækja. Vaxtahækkunin hefur orðið þungbær fyrir sjávarútveg og landbúnað og gert mörgum innlendum iðnaðarfyrirtækjum mjög örðugt að keppa við fyrirtæki annarra landa, sem búa við langtum hagstæðari lánakjör. Og með háu vöxtunum hafa á síðustu árum verið lagðar þungar klyfjar á unga fólkið, sem hefur verið að stofna heimili og hefja atvinnurekstur.

Þegar vaxtahækkunin mikla var ákveðin, snemma árs 1960, var því haldið fram, að hækkun inn- og útlánsvaxta væri gerð til þess að koma á jafnvægi í peningamálum innanlands. Þetta jafnvægi hefur ekki náðst, þrátt fyrir háu vextina. Eftirspurn eftir lánsfé er nú langtum meiri en framboðið. Þá var því einnig haldið fram, að hækkun innlánsvaxta yrði til þess að bæta hag sparifjáreigenda. En sú gífurlega dýrtíðaraukning, sem efnahagsmálastefna núverandi ríkisstjórnar hefur haft í för með sér, hefur komið ákaflega illa við sparifjáreigendur. Á þeim tæpum 5 árum, sem liðin eru, síðan vaxtahækkunin kom til framkvæmda, hefur ekki aðeins vaxtahækkunin, sem þeir fengu, heldur allir vextirnir af sparifénu og ríflegur hluti af höfuðstólnum að auki horfið í dýrtíðarhítina. Reynslan hefur þannig sannað, að hagsmunum sparifjáreigenda verður ekki borgið með háum vöxtum, þegar verðgildisrýrnun peninganna er svo stórkostleg sem hún hefur orðið síðustu árin.

Annað aðalatriði frv. er ákvæði þess um, að bundnar innstæður innlánsstofnana hjá Seðlabankanum skuli ekki hækka. Samkvæmt síðustu hagskýrslum er frysta fé hjá Seðlabankanum nú orðið nálægt 1000 millj. kr. Er vissulega mál að linni slíkum fjárkröfum á hendur innlánsstofnunum um land allt, þar sem skortur á lánsfé stendur í vegi fyrir nauðsynlegum framkvæmdum og atvinnurekstri. M. a. skortir víða lánsfé til að koma á nýjungum í rekstri atvinnufyrirtækja og auka framleiðslu þeirra. Útlán sparifjárins hafa ekki verðbólguhættu í för með sér.

Eins og áður segir, er það tillaga minni hluta fjárhagsnefndar, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 10. nóv. 1964.

Skúli Guðmundsson, frsm. Einar Ágústsson. Lúðvík Jósefsson.

Nd. **74. Frumvarp til laga** [66. mál]

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1000—2000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestum brúttó að stærð, en 20000—40000 kr., ef skipið er 200 til 600 rúmlestir brúttó að stærð, og 40000—70000 kr., ef skipið er yfir 600 rúmlestir brúttó að stærð. Skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs, upptæk. Óheimilt skal að selja eða láta af hendi upptæk veiðarfæri fyrr en að minnsta kosti mánuður er liðinn frá uppkvaðningu dóms.

Brot gegn 2. gr. varða sektum, 200—1000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestir brúttó að stærð, en 4000—20000, ef skipið er yfir 200 rúmlestir brúttó að stærð. Um upptekt afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., ef um ítrekað brot er að ræða.

Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum í landhelgi né undirbúningur gerður í því skyni, og má þá lúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum, 400—4000 kr.

Allar sektir samkvæmt grein þessari eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

Nú reynist ekki kleift að ná í skipstjóra þess skips, sem tekið hefur verið að ólöglegum veiðum í landhelgi, eða hann neitar að mæta fyrir rétti, og er þá heimilt að stefna útgerðarfélagi skipsins, sem bera skal alla ábyrgð á brotinu.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 5 29. jan. 1951.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að gerðar verði þrjár breytingar á gildandi lögum um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi:

Í fyrsta lagi er lagt til, að sektir fyrir landhelgisbrot verði hækkaðar verulega.

Í öðru lagi er lagt til, að bannað verði að láta af hendi eða selja upptæk veiðarfæri þeirra, sem sekir hafa gerzt um botnvörpuveiðar í landhelgi, fyrr en í fyrsta lagi einum mánuði eftir að sektardómur hefur verið kveðinn upp.

Í þriðja lagi er lagt til, að sett verði ótvíræð ákvæði í lögin um það, að náist ekki í sekan skipstjóra á veiðiskipi, sem tekið hefur verið að ólöglegum veiðum, sé heimilt að dæma útgerðarfyrirtæki skipsins og gera það á allan hátt ábyrgt fyrir landhelgisbrotinu.

Skal nú vikið nokkru nánar að hverri þessari breytingu um sig.

Ákvæði um sektir fyrir landhelgisbrot eru í lögum frá árinu 1951. Þau eru tvímælalaust orðin úrelt og ekki í samræmi við þær breytingar, sem orðið hafa á verðgildi fiskiskipa og verðmæti þess afla, sem skipin nú flytja á markað.

Þegar þær sektarupphæðir, sem nú eru í lögum, voru ákveðnar, voru flestir togarar, sem veiðar stunduðu hér við land, 300—500 rúmlesta skip. Nú er mikill

hluti togaraflotans, sem hér stundar veiðar, 600—1000 rúmlesta skip og útbúin margfalt fullkomnari og dýrmætari fastatækjum til veiðanna en þá þekktust. Skip þau, sem aðallega leita til ólöglegra fiskveiða í íslenzkri landhelgi nú, eru því margfalt verðmeiri tæki en þau skip voru, sem hér stunduðu veiðar fyrir 12—15 árum og landhelgissektirnar þá voru miðaðar við. Svipað er að segja um verðmæti þess fiskafla, sem skipin nú hafa möguleika á að veiða.

Að vísu má segja, að sektir fyrir landhelgisbrot hafi hækkað allmikið á síðustu árum, þar sem sektirnar eru miðaðar við gullkrónur og hækka þannig í samræmi við breytt gengi krónunnar. En verðmæti aflans hefur hækkað um meir en sem nemur beinni verðbreytingu íslenzku krónunnar, og verðmæti skipanna hefur þó breytzt enn meir.

Nú eru algengustu landhelgissektir togara um 240—260 þús. kr., auk upptektar á afla og veiðarfærum. Sektarfjárhæð þessi er mjög lág, þegar þess er gætt, að verðmæti margra þeirra skipa, sem tekin eru að ólöglegum veiðum, er orðið 40—50 millj. kr., og þegar þess er gætt, að aflaverðmæti eins fiskitúrs er orðið 1.5—2 millj. kr.

Tökur brezkra togara að ólöglegum veiðum eru orðnar ótrúlega tíðar. Lítill vafi er þó á því, að eins margir togarar, sem verið hafa að ólöglegum veiðum, sleppa undan réttmætri refsingu landhelgisgæzlunnar eins og þeir, sem teknir eru. Landhelgisbrot erlendra togara eru því vafalítið orðin mjög algeng og valda þegar miklu tjóni á fiskimiðum bátanna. Sektarfjárhæðin er því tvímælalaust orðin of lág og refsingin sem heild orðin svo væg, að hún býður jafnvel upp á aukinn ágang veiðiþjófa.

Í gildandi lögum eru sektarákvæði miðuð við tvo stærðarflokka fiskiskipa, þ. e. a. s. skip undir 200 rúmlestum brúttó og skip yfir 200 rúmlestir brúttó. Í frumvarpi þessu er lagt til, að miðað verði við þrjá stærðarflokka: skip undir 200 rúmlestum, skip 200—600 rúmlestir að stærð brúttó og skip yfir 600 rúmlestir. Í frumvarpi þessu er lagt til, að sektir skipa 200—600 rúmlestir að stærð verði 20000—40000 gullkrónur, en fyrir skip yfir 600 rúmlestir að stærð verði sektir 40000—70000 gullkrónur. Hér er um verulega hækkun að ræða, þar sem í gildandi lögum er miðað við, að sektir skipa yfir 200 rúmlestir séu 10000—20000 gullkrónur. Samkvæmt frumvarpinu yrðu sektir togara, sem eru yfir 600 rúmlestir að stærð, miðað við núverandi gullgengi íslenzkrar krónu, 780—1365 þús. kr. Sektir togara, sem eru 200—600 rúmlestir að stærð, yrðu samkv. frumv. 390—780 þús. kr.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að sett verði skýrt bann við því, að upptæk veiðarfæri landhelgisbrjóts verði látin af hendi eða seld fyrr en í fyrsta lagi mánuði eftir að dómur er uppkveðinn. Nú er sá háttur venjulega á hafður, að upptekt veiðarfæra og afla er í framkvæmd aðeins nafnið tómt. Hin upptæku veiðarfæri landhelgisbrjótsins eru metin til verðs, venjulega mjög lágt, og aflinn sömuleiðis, en síðan setur útgerðarfélag veiðiþjófsins tryggingu fyrir því, að verðmæti veiðarfæranna og aflans verði greitt, fari svo, að hæstiréttur staðfesti undirréttardóminn. Strax eftir að slík trygging hefur verið sett, heldur landhelgisbrjóturinn út á miðin aftur með hin upptæku veiðarfæri og aflann og heldur fiskveiðunum áfram.

Með því að banna með öllu að láta af hendi upptæk veiðarfæri að minnsta kosti um mánaðartíma, verður hinn seki í flestum tilfellum að hætta öllum frekari veiðum að sinni og halda til heimahafnar sinnar á ný. Slík framkvæmd laganna væri hin þyngsta refsing fyrir veiðiþjófinn, og er ekki ósennilegt, að hún mundi hafa sín áhrif á að draga úr veiðiþjófnaði.

Þá er í frumvarpinu lagt til, að skýr ákvæði séu sett um ábyrgð útgerðarfélags skips í þeim tilfellum, þegar sekum skipstjóra tekst að komast undan ábyrgð, enda þótt skip hafi verið staðið að ólöglegum veiðum.

Enn er í fersku minni dæmið um skipstjórann á enska togaranum Milwood, sem brezkt herskip skaut á laun undan íslenzkri réttvísi. Togaranum var haldið hér um nokkurn tíma vegna sektarinnar, en síðan sleppt úr haldi, og enn er allt í óvissu

um, hvernig réttarfarsleg lok þess máls verða. Enginn vafi er á, að svo getur farið oftar, að sekur skipstjóri komist á einn eða annan hátt undan, þó að fiskiskipið hafi verið tekið. Nauðsynlegt er því að hafa skýr lagaákvæði um það, að í slíkum tilfellum megi lögsækja útgerðarfélag skipsins og gera það ábyrgt fyrir lögbrotinu.

Með frumvarpi þessu er að því stefnt að gera refsingar við því að brjóta lög og reglugerðir um bann við togveiðum í landhelgi þyngri en nú er. Þungar refsingar mundu tvímælalaust draga úr ásókn veiðiþjófa á fiskimið landhelginnar.

Fiskimiðin við strendur landsins eru dýrmætustu auðlindir þjóðarinnar. Þeirra verður því að gæta vel. Fyrsta og sjálfsagðasta skylda okkar er sú að haga refsingum við brotum á fiskveiðilöggjöfinni á þann hátt, að allir, sem hlut eiga að máli, forðist sem mest að hætta á að brjóta lögin.

Sþ. 75. Tillaga til þingsályktunar [67. mál]

um opnun vegasambands milli Fljótshverfis og Suðursveitar, þannig að vegakerfið myndi órofa hringleið um landið.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort unnt sé og hvað kosta mundi að opna á tveimur næstu árum akvegasamband milli Fljótshverfis í Vestur-Skaftafellssýslu og Suðursveitar í Austur-Skaftafellssýslu, þannig að vegakerfið myndi órofa hringleið um landið.

Athugun þessi skal vera við það miðuð, að gerðar verði varanlegar brýr á þau fallvötn þessarar leiðar, sem enn eru óbrúuð, en ef slíkar brýr á Núpsvötn, Skeiðará og aðrar vatnakvíslar á Skeiðarársandi teljast bundnar miklum tæknilegum annmörkum eða vera sérlega kostnaðarsamar, má við það miða, að á þær ár verði byggðar trébrýr af tiltölulega ódýrri gerð, sem þá gæti þurft að endurbyggja eftir meiri háttar jökulhlaup.

Niðurstöður athugunar þessarar skulu lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem kostur er á.

Greinargerð.

Samhljóða tillögu þessari flutti ég á síðasta þingi. Á næsta þingi áður höfðum við Karl Guðjónsson flutt sams konar tillögu, og fylgdi henni svo hljóðandi greinargerð:

Í vegalögum er gert ráð fyrir því, að Suðurlandsvegur nái frá Reykjavík til Lónsheiðar í Austur-Skaftafellssýslu. En svo sem kunnugt er, hefur þessi vegur enn ekki verið fullgerður. Eins og málum er nú komið, má segja, að um 120 km kafli þessarar leiðar sé ýmist í ófullnægjandi eða engum tengslum við það heildarþjóðvegakerfi landsins, sem Suðurlandsvegur ýmist er eða á að verða hluti af. Þetta er kaflinn frá Núpsvötnum við Lómagnúp til Steinavatna í Suðursveit.

Með því að ákveðið er, að Steinavötnin verði brúuð á þessu ári, má þó telja, að eftir næsta sumar styttist hinn sambandslausi kafli nefndrar leiðar í tæpa 100 km, því að þá muni samfelldur akvegur austan frá ná að Jökulsá á Breiðamerkursandi. Ekki er heldur talið neinum verulegum vandkvæðum bundið að brúa það vatnsfall, og mun nú ákveðið, að Jökulsárbrú á Breiðamerkursandi verði byggð fyrir fé úr brúasjóði rétt á næstunni. Í Öræfum og Suðursveit eru enn nokkrar minni ár óbrúaðar, en sem óleyst vandamál má ætla að ekki standi annað eftir af leið þessari að tveimur árum liðnum en spölurinn milli Lómagnúps og Öræfa, eða svo sem 30 km vegalengd, þótt ekki yrðu gerðar neinar sérstakar ráðstafanir

til að flýta samgönguframkvæmdum á þessum slóðum umfram það, sem venjulegt er.

En þótt spölurinn úr Fljótshverfinu í Öræfin sé ekki langur, er hann þó ærið erfiður til vegagerðar. Þar er um að ræða Skeiðarársandssvæðið, með Núpsvötnum, Skeiðará og ýmsum fleiri vatnakvíslum. Þótt jafnaðarlega séu þetta engin ógnar vatnsföll, er hitt þó alkunna, að einmitt þarna verða öðru hverju mikil jökulhlaup. Það hefur því til þessa verið talið óvinnandi verk að brúa þetta vatnasvæði, svo að von væri til, að sú mannvirkjagerð gæti staðið af sér jökulhlaupin.

Nú hafa jöklar landsins minnkað á hinum síðustu árum, svo að nokkur ástæða er til að ætla, að jökulhlaup á þessum slóðum séu ekki orðin eins tröllaukin og þau áður voru, og eins mun nú orðið líða lengri tími milli þeirra. Það er því af þessum sökum eðlilegt, að sérfræðileg athugun sé látin fram fara á því, hvort nú muni ekki kleift að brúa vatnsföll þessa svæðis, þannig að varanlegt sé.

En jafnvel þótt til þess teldust ekki möguleikar með viðráðanlegum kostnaði, þá er hér um að ræða svo mikilvægan þátt í samgöngukerfi landsins, sem sé opnun hringleiðar um landið, að vel hlýtur að koma til mála að brúa Núpsvötn, Skeiðará og aðrar vatnakvíslar þessa svæðis með tiltölulega ódýrum staurabrúm, sem þá yrði máske að endurbyggja eftir meiri háttar jökulhlaup að einhverju eða öllu leyti.

Ávinningurinn við það að gera Suðurlandsveg allan akfæran er svo mikill og margvíslegur, að engin ástæða er til að skera fjárveitingar til hans við nögl.

Má þar fyrst til nefna, að með opnun Suðurlandsleiðarinnar mundi heill landsfjórðungur, Austurland, komast í stöðugt vegasamband við Suðurlandsbyggðirnar og Reykjavík, en núverandi vegasamband Austurlands við aðrar byggðir getur vart talizt nothæft nema helming ársins. Akvegasamband allra syðri byggða Austfirðingafjórðungs við Reykjavík mundi og styttast til mikilla muna. Frá Höfn í Hornafirði mundi leiðin til Reykjavíkur t. d. styttast nærfellt um helming, eða úr 980 km í 500 km.

Næst mætti nefna það til, að ýmsar þær sveitir og byggðir, sem að þessari leið liggja og nú eru næsta afskekktar, mundu komast í þjóðbraut, en það sannar öll reynsla, að fátt er jafnlíklegt til að færa líf og blóma í byggðarlag og slík umskipti.

Þá er það ekki að efa, að sú leið, sem þarna opnaðist, yrði einkar vinsæl og fjölfarin bæði af innlendum og erlendum ferðamönnum.

Með tilliti til alls þess, sem hér hefur nefnt verið, og raunar af enn fleiri ástæðum verður að teljast fullkomlega tímabært, að sú athugun, sem tillaga þessi ráðgerir, verði látin fara fram á sumri komanda og í framhaldi af því verði gerðar ráðstafanir til þess að opna hringleiðina um Ísland á næstu tveimur árum, ef rannsóknir leiða í ljós, að möguleikar séu til þess.

Sþ. 76. Tillaga til þingsályktunar [68. mál]

um, að framfylgt verði lögum um það hlutverk Seðlabankans að tryggja atvinnuvegunum hæfilegt lánsfé.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að Seðlabanki Íslands kappkosti að fullnægja því hlutverki, sem honum er ætlað í lögum frá 24. marz 1961, að vinna að því, að framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, að „framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt".

Greinargerð.

Í lögum um Seðlabanka Íslands frá 24. marz 1961 er honum ætlað það m. a. sem aðalhlutverk að koma í veg fyrir, að atvinnuvegirnir búi við lánsfjárskort. 2. gr. laganna hefst á þessa leið:

„Hlutverk Seðlabanka Íslands er:

1. að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt."

Það er kunnara en rekja þurfi, að atvinnuvegir landsins búa við stórfelldasta lánsfjárskort og stendur hann framar öðru í vegi þess, að framleiðslugeta þeirra „sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt".

Þessi mikli lánsfjárskortur atvinnuveganna stafar ekki af því, að lánsfé vanti, heldur hinu, að ríflegur hluti sparifjársins — eða um 1000 millj. kr. — hefur verið frystur í Seðlabanka Íslands. Seðlabanki Íslands er því vel mögulegt að fullnægja miklu betur en nú á sér stað því hlutverki sínu að vinna að því, að framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, „að framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt." Það er því meira en ærin ástæða til þess fyrir Alþingi að beina athygli ríkisstjórnar og bankastjórnar að þessu hlutverki bankans.

Rétt er að geta þess, að sparifjárfrystingin hefur stundum verið rökstudd með því, að hún stuðli að því að halda verðlagi stöðugu. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að verðþensla hefur aldrei verið meiri en síðan frystingin kom til sögunnar, og hefur hún því bersýnilega engan árangur borið á því sviði. Hins vegar hefur hún orsakað þann lánsfjárskort, sem stendur auknum afköstum og aukinni framleiðni atvinnuveganna meira fyrir þrifum en nokkuð annað.

Sþ. 77. Tillaga til þingsályktunar [69. mál]

um lýsisherzluverksmiðju.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Gunnar Gíslason, Ólafur Jóhannesson, Einar Ingimundarson, Björn Pálsson, Jón Þorsteinsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar kanna möguleika á sölu hertrar síldarfeiti á erlendum mörkuðum og gera að öðru leyti rækilegar rannsóknir á því, hvort nú sé orðið tímabært að byggja á Siglufirði verksmiðju til herzlu síldarlýsis, samkv. ákvæðum laga nr. 93 frá 1942. Sýni rannsóknirnar hagstæða útkomu, skal þegar hefja byggingu verksmiðjunnar.

Greinargerð.

Sumarið 1942 samþykkti Alþingi lög um að reisa nýjar síldarverksmiðjur. Í niðurlagi 1. gr. þeirra laga er svo hljóðandi ákvæði:

„Enn fremur lætur ríkið reisa verksmiðju til herzlu síldarlýsis, þegar rannsóknir sýna, að það sé tímabært."

Árin liðu, en verksmiðjan var ekki reist. Á Alþingi 1944 flutti Sigurður Kristjánsson, þá 7. þm. Reykvíkinga, svo hljóðandi tillögu til þingsályktunar um þetta mál:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að framkvæma svo fljótt sem auðið er fyrirmæli síðari málsgr. 1. gr. laga nr. 93 25. sept. 1942."

Tillaga þessi var samþykkt í sameinuðu Alþingi 5. jan. 1945. Á næstu árum var keypt eitthvað af vélum til væntanlegrar lýsisherzluverksmiðju, en verksmiðjan var ekki reist. Hinn 18. nóv. 1948 urðu umræður um málið í sameinuðu Alþingi, í tilefni af fyrirspurn frá Áka Jakobssyni, þáv. þm. Siglfirðinga.

Árið 1961 bar Björn Pálsson, 5. þm. Norðurlandskjördæmis vestra, og 3 aðrir þingmenn, fram tillögu á Alþingi um málið. Hún var á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar fara fram rannsókn á því, hvort tímabært sé að reisa verksmiðju til herzlu síldarlýsis, sbr. 1. gr. laga nr. 93 25. sept. 1942."

Tillögu þessari var vísað til þingnefndar til athugunar, en hlaut þar ekki afgreiðslu.

Dagana 19. og 20. sept. 1964 var haldin á Siglufirði ráðstefna um atvinnumál að tilhlutan verkalýðsfélaganna þar. Á ráðstefnunni var gerð eftirfarandi ályktun:

„Ráðstefna verkalýðsfélaganna á Siglufirði um atvinnumál Siglufjarðar skorar eindregið á ríkisstjórn að undirbúa framkvæmd laga um byggingu lýsisherzluverksmiðju og láta reisa hana á Siglufirði.

Leggur ráðstefnan áherzlu á, hve afar mikla þýðingu það hafi, jafnt fyrir atvinnuuppbyggingu bæjarins sem efnahagslíf landsins, að slík verksmiðja yrði reist hér."

Nú eru liðin 22 ár síðan lögin um lýsisherzluverksmiðju voru samþykkt á Alþingi, en verksmiðjan hefur enn ekki verið reist. Flutningsmenn þessarar tillögu telja rétt, að nú sé gerð gangskör að því að kanna markaðsmöguleika fyrir útfluttar afurðir frá lýsisherzluverksmiðju og rannsaka að öðru leyti, hvort nú sé orðið tímabært að reisa slíka verksmiðju á Siglufirði. Þá er lagt til, að bygging verksmiðjunnar skuli hafin án tafar, ef rannsóknirnar sýna hagstæða útkomu.

Ed. 78. Frumvarp til laga [70. mál]

um búfjárrækt.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

I. KAFLI

Um starfsemi búfjárræktardeilda, búnaðarsambanda og héraðsráðunauta í búfjárrækt.

1. gr.

Búnaðarsambandi er heimilt að setja sér samþykkt um að vinna að umbótum í búfjárrækt á sambandssvæðinu. Samþykkt skal gerð eftir fyrirmynd frá Búnaðarfélagi Íslands og staðfest af stjórn þess.

2. gr.

Búnaðarsamband, sem setur sér búfjárræktarsamþykkt sbr. 1. gr., ræður til sín ráðunaut — héraðsráðunaut —. Héraðsráðunautar skulu hafa lokið kandidatsprófi í búfræði. Búnaðarfélag Íslands samþykkir ráðningu þeirra.

Sé svæði það, er búnaðarsamband nær yfir, eigi stærra en svo að dómi Búnaðarfélags Íslands, að einn ráðunautur geti annazt leiðbeiningastörf bæði í búfjárrækt og jarðrækt, skal hann ráðinn með tilliti til þess. Ráða má fleiri en einn ráðunaut í búfjárrækt, sé sambandssvæðið það stórt að dómi Búnaðarfélags Íslands, að einn maður fái ekki annað þeim störfum, er um getur í 3. gr.

3. gr.

Verkefni héraðsráðunauta í búfjárrækt er sem hér segir:

1. Vinna að því, að ákvæðum búfjárræktarlaganna sé framfylgt; að búnaðarfélögin geri búfjárræktina ásamt með jarðræktinni að höfuðverkefni sínu, eða að stofnuð séu sérstök búfjárræktarfélög, ef vænlegra þykir til árangurs; hafa eftirlit með þeim félögum og sjá um úrvinnslu úr skýrslum þeirra.
2. Fara um meðal bænda, svo sem við verður komið, skoða búfé þeirra og leiðbeina um kynbætur, fóðrun og hirðingu og hafa yfirumsjón með forðagæzlu, sbr. 62. gr., svo og veita leiðbeiningar og aðstoð við kaup og sölu kynbótagripa.
3. Hafa umsjón með sæðingarstöðvum, afkvæmaprófunum og uppeldisstöðvum kynbótagripa.
4. Sækja aðalfundi búnaðar- og búfjárræktarfélaga eftir því sem tök eru á, og flytja þar erindi um búfjárrækt og félagsstarfsemi í þeirri grein.
5. Hafa samráð og samvinnu við búfjárræktarráðunauta Búnaðarfélags Íslands um kynbótastarfsemi, framkvæmd búfjársýninga o. fl.

4. gr.

Laun héraðsráðunauta í búfjárrækt skulu ákveðin af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, og skal höfð hliðsjón af launakerfi starfsmanna ríkisins. Launin greiðast að 65 hundraðshlutum úr ríkissjóði og að 35 hundraðshlutum af hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

5. gr.

Búnaðarfélag Íslands annast greiðslu á framlagi ríkissjóðs til búnaðarsambandanna samkvæmt kafla þessum.

II. KAFLI

Um nautgriparækt.

6. gr.

Eftir hverjar sveitar- og bæjarstjórnarkosningar kýs sveitarstjórn þriggja manna kynbótanefnd, þar sem búnaðarfélag hefur ekki sett sér nautgriparæktarsamþykkt samkvæmt lögum þessum, né heldur er starfandi nautgriparæktarfélag, sem fengið hefur lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands. Stjórn nautgriparæktarfélags, sem í er meiri hluti kýreigenda, er sjálfkjörin kynbótanefnd.

Setji búnaðarfélag sér nautgriparæktarsamþykkt eftir að kosin hefur verið kynbótanefnd, eða stofnað er sérstakt nautgriparæktarfélag, sbr. fyrri málsgrein, fellur starf nefndarinnar niður, en við tekur stjórn þess félags. er samþykktina setti, eða þeir menn, er félagið kýs til þess sérstaklega.

7. gr.

Kynbótanefnd sér um, að til séu hæfilega mörg kyngóð og efnileg naut til afnota á starfssvæðinu, enda sé ekki aðstaða til sæðinga.

Heimilt er kynbótanefnd að kaupa naut, taka á leigu eða semja um það á annan hátt, eftir því sem bezt þykir henta.

Kynbótanefndum tveggja eða fleiri sveitarfélaga er heimilt að hafa samvinnu um kynbætur, þar sem önnur lög hamla ekki (sbr. lög um sauðfjárveikivarnir). Verði breytingar á nautahaldi, ber að tilkynna það eftir þörfum.

Kostnaður við þessa starfsemi, svo sem landleigu, fóður, girðingu, afborganir og vexti af lánum o. s. frv., greiða kýreigendur í hlutfalli við kúafjölda í byrjun hvers árs. Lausir við þátttöku í kostnaði þessum eru þeir, sem óhægt eiga um vik, að dómi ráðunautar, vegna vegalengda eða torleiðis, enda noti þeir önnur naut en þau, sem kynbótanefnd velur.

Kynbótanefnd bókar gerðir sínar. Á fundum hennar ræður afl atkvæða. Löglega boðaður nefndarfundur er ályktunarfær þótt einn nefndarmanna vanti, ef hinir tveir eru sammála. Formaður nefndarinnar gerir árlega reikning yfir tekjur og gjöld nautahaldsins og ber að endurskoða hann ásamt með reikningum sveitarsjóðs. Þóknun til kynbótanefndar, ef um er að ræða, ákveður hreppsnefnd, og telst hún með öðrum gjöldum sveitarsjóðs. Heimilt er kynbótanefnd, ef samþykkt er af meiri hluta kýreigenda, að láta greiða nautstolla með fóðrun eða heyi, að nokkru leyti eða öllu, enda gangi það hlutfallslega jafnt yfir alla.

8. gr.

Öll naut, 7 mánaða eða eldri, ber að gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu. Nú sleppur naut og tjón hlýzt af, og ber þá sá ábyrgð á, er vörzluna skyldi annast, og er hann skaðabótaskyldur. Taka má slíkt naut utan heimahaga eiganda eða ábyrgðarmanns og fara með sem óskilafénað. Sé nautið á vegum kynbótanefndar eða hafi hlotið viðurkenningu sem kynbótanaut, ber þeim, sem handsamar það, að gera kynbótanefnd þegar aðvart, en hún tekur nautið svo fljótt, sem við verður komið, og greiðir áfallinn kostnað. Hafi nautið ekki verið í ábyrgð kynbótanefndar, á hún rétt á endurgreiðslu frá þeim, sem ábyrgðina bar. Vitji kynbótanefnd ekki nautsins innan tveggja sólarhringa frá því er henni var gert aðvart, ber þeim, sem tók nautið í hald, að afhenda það hreppstjóra, sem þá selur það á opinberu uppboði með eins mánaðar innlausnarfresti.

9. gr.

Búnaðarfélag getur sett sér samþykkt um að vinna að kynbótum nautgripa á félagssvæðinu, enda sé þar ekki starfandi nautgriparæktarfélag, sem í er meiri hluti kýreigenda. Hafi slík samþykkt eigi verið sett, geta 6 bændur hið fæsta í einu sveitarfélagi eða fleirum, ef saman liggja, stofnað með sér nautgriparæktarfélag til að vinna að þessum málum, sbr. 7. gr. Samþykktir búnaðarfélaga og nautgriparæktarfélaga ber að sníða eftir fyrirmynd, sem Búnaðarfélag Íslands lætur þeim í té, og taka gildi, er hlotið hafa staðfestingu Búnaðarfélags Íslands.

10. gr.

Búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta, fær styrk til starfsemi sinnar eins og hér greinir á hverja reiknaða árskú, en tala þeirra á hverju búi er fundin með því að leggja saman skýrsludaga allra kúnna og deila í þá útkomu með 365:

1. Kr. 9.60, sé fitumagn mjólkur rannsakað sjaldnar en 6 sinnum á ári.
2. Kr. 13.30, sé fitumagn mjólkur rannsakað minnst annan hvern mánuð.
3. Kr. 18.60, sé fitumagn mjólkur rannsakað mánaðarlega.

Styrkurinn greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslur í því formi, er það krefst og nánara skal kveðið á um í reglugerð.

11. gr.

Búnaðarfélög og nautgriparæktarfélög fá, auk framlags þess, sem getur í 13. gr., aðstoð til nautahalds, ef þau nota naut, sem eru að minnsta kosti tveggja ára gömul og hafa hlotið I. eða II. verðlaun á nautgripasýningu, eða verið viðurkennd þess verð af nautgriparæktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands. Framlag þetta, sem greiðist úr ríkissjóði, er kr. 1200.00 á tveggja til fjögurra ára naut, kr. 2660.00 á eldri naut, hafi þau hlotið II. verðlaun, en kr. 4200.00 á I. verðlauna naut.

Framlagið greiðist árlega meðan nautið nýtur þessara viðurkenninga. Heimilt er enn fremur að greiða allt að 25% hærra framlag á naut, sem alið er inni að sumrinu.

Félög þau, sem hafa aðstöðu til að fá flestar kýr sínar sæddar frá sæðingarstöð, að dómi nautgriparæktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands, fá ekki þetta framlag vegna nautahalds.

12. gr.

Hafi búnaðarsamband ekki sett sér búfjárræktarsamþykkt, geta nautgriparæktarfélög á sambandssvæðinu stofnað samband, ef þau hafa 1000 kýr minnst. Slíku sambandi er heimilt að ráða sér ráðunaut með sömu kjörum og getur í 4. gr. og nýtur til þess sama framlags úr ríkissjóði, enda starfi það samkvæmt samþykkt og reglum, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Í samþykkt sé meðal annars kveðið á um sameiginlegt eftirlit félaganna, ættbókarfærslu, framkvæmd fitumælinga, er eigi skulu sjaldnar vera en annan hvern mánuð, svo og spjaldskrárfærslu þeirra kúa, sem á skýrslu eru. Nú setur búnaðarsamband sér búfjárræktarsamþykkt, og gerist þá nautgriparæktarsamband, ef til er í umdæminu, aðili að búfjárræktardeild búnaðarsambandsins.

13. gr.

Þar sem búnaðarsamband eða samband nautgriparæktarfélaga hefur sett sér búfjárræktarsamþykkt, er heimilt að afkvæmaprófa naut, þótt uppeldi gripanna fari fram á búum einstakra bænda, enda sé farið eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur. Framlag til þessara prófana greiðist úr ríkissjóði, allt að kr. 850.00 fyrir hvern grip, sem skráður er.

14. gr.

Búnaðarsambönd, sem sett hafa sér búfjárræktarsamþykkt, svo og nautgriparæktarsambönd þau, sem um getur í 12. gr., njóta árlega framlags úr ríkissjóði sem hér greinir:

1. Kr. 16.00 á hverja reiknaða árskú, sem skýrsla er send um til Búnaðarfélags Íslands, enda hafi viðkomandi samband ráðunaut sbr. 2. og 13. gr.
2. Til uppeldis nauta fá samböndin framlag, er nemur kr. 1330.00 á hvern nautkálf, sem þau hafa í eldi, enda séu kálfarnir valdir í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt.
3. Sæðingarstöð fær fóðurstyrk á öll naut, sem notuð eru á stöðinni hverju sinni, á I. og II. verðlauna naut samkvæmt ákvæðum 11. gr., en á ung naut, sem verið er að reyna, sama fóðurstyrk og á II. verðlauna naut samkvæmt ákvæðum sömu gr., enda séu þau valin í samráði við nautgriparæktarráðunaut, sbr. 2. tölulið.

15. gr.

Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands ber að halda nautgripasýningu fjórða hvert ár í hverju búnaðarfélagi, sem hefur sett sér nautgriparæktarsamþykkt, svo og í hverju nautgriparæktarfélagi. Landið skiftist í fjögur sýningarsvæði, og eru sýningar haldnar í þeim til skiftis að loknu úrvali gripanna heima fyrir á hverju býli. Úrvalið skal framkvæmt af héraðsráðunaut. Á sýningum þessum fá kýr viðurkenningu eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur. I. verðlaun á naut kr. 1330.00 og II. verðlaun kr. 530.00 greiðast úr ríkissjóði. I. verðlaun fá þau naut ein, sem sýnd eru með ágætum afkvæmum. Veita má einstökum kúm heiðursverðlaun, ef afkvæmi þeirra sýna, að þær hafi verulegt kynbótagildi. Verðlaun eru kr. 665.00 á kú og greiðast úr ríkissjóði. Nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands er formaður dómnefnda, lýsir dómum og úthlutar verðlaunum. Stjórnir viðkomandi félaga sjá um sýningahald og kveðja til meðdómendur.

Vegna kostnaðar við sýningahald samkvæmt þessari grein leggur ríkissjóður fram kr. 3.00 á hvern framtalinn grip á sýningarsvæðinu, gegn jöfnu framlagi annars staðar frá.

Búnaðarfélag Íslands heldur aukasýningu á nautum milli aðalsýninga sé þess óskað og ráðunautur Búnaðarfélags Íslands telur ástæðu til. Kostnaður við framkvæmd þessara sýninga greiðist úr ríkissjóði, kr. 25.00 á hvern sýndan grip gegn jöfnu framlagi annars staðar frá, þó ekki á fleiri en 20 afkvæmi með hverju nauti.

16. gr.

Búnaðarfélag, er sett hefur sér nautgriparæktarsamþykkt, eða nautgriparæktarfélag, getur komið sér upp girðingu til geymslu nauta. Slík girðing nýtur stofnframlags úr ríkissjóði allt að kr. 5300.00, enda sé hún gerð í samræmi við fyrirmæli IV. kafla, 40. gr. laga þessara að breyttu breytanda. Eigi greiðist framlag til fleiri en einnar girðingar í sama sveitarfélagi, nema kýr séu fleiri en 300.

17. gr.

Telji nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands ástæðu til að hafa sérstakt eftirlit með einstökum kúabúum vegna þess, að afköst kúnna bendi til, að þar kunni að vera álitlegar nautamæður, er heimilt að taka upp slíkt eftirlit. Kemur þá eftirlitsmaður að minnsta kosti 6 sinnum á ári á viðkomandi bú, er viðstaddur mjaltir kvöld og morguns, vegur mjólk úr hverri kú og tekur sýnishorn til fiturannsókna, allt eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur.

Ríkisjóður greiðir framlag til slíks aukaeftirlits á allt að 30 búum á ári, kr. 640.00 á hvert bú, þó eigi yfir helming kostnaðar.

III. KAFLI
Um sauðfjárrækt.

18. gr.

Búnaðarfélag, þar sem ekki er starfandi sauðfjárræktarfélag, getur sett sér samþykkt um að vinna að kynbótum sauðfjár á félagssvæðinu, enda séu aldrei færri en 6 félagsmenn, er fullnægja þeim skilyrðum, er samþykkt áskilur.

Hafi sauðfjárræktarsamþykkt eigi verið sett, geta minnst 6 menn í hreppi stofnað með sér sauðfjárræktarfélag til að vinna að kynbótum sauðfjár. Taka má í félagið menn úr öðrum hreppi, ef ástæða þykir til.

Eigi má félagsmaður hafa færri félagsær en 12, né heldur má hann eiga meira en helming félagsfjárins.

Í samþykkt fyrir sauðfjárræktarfélag skal kveða á um:

1. Að halda skuli ættbók fyrir kynbótafé og hver kind merkt sínu sérmerki.
2. Að haldnar séu afurða- og vigtarskýrslur um allt félagsfé. Fella má þó niður að vega sláturlömb áður en lógað er, enda lækkar þá framlagið um allt að 75%.
3. Hversu haga skuli skýrsluhaldi, til þess að fá megi sem öruggasta vitneskju um erfðaeðli hvers einstaklings.
4. Önnur atriði, er varða félagsstarfið.

Samþykkt, sem sett er samkvæmt þessari grein, skal sníða eftir fyrirmynd frá Búnaðarfélagi Íslands, og tekur hún gildi, er hlotið hefur staðfestingu stjórnar félagsins.

19. gr.

Sauðfjárræktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta af Búnaðarfélagi Íslands, fær árlegt framlag úr ríkissjóði, sem greiðist eftir á, er félagið hefur sent Búnaðarfélaginu skýrslur fyrir umliðið ár. Framlagið nemur kr. 5.30 á hverja félagsá, kr. 300.00 á hvern hrút, sem hlotið hefur I. verðlaun og kr. 1330.00 á hrút, sem fengið hefur góðan dóm við afkvæmaprófun. Framlög öll renna í félagssjóð.

Sæðingarstöðvar, sem stofnaðar eru og reknar samkvæmt VI. kafla þessara laga, fá árlega framlag úr ríkissjóði, er nemur kr. 300.00 á hvern hrút, sem þar er notaður með samþykki sauðfjárræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands.

20. gr.

Veita má framlag til stofnræktunar sauðfjár hjá einstökum bændum eða á ríkisbúum, er nemur kr. 53.00 fyrir hverja á, skýrslufærða í stofnræktun. Aldrei má þó greiða framlag til stofnfjárræktar á fleirum en einu búi í hverri sýslu eða fjárskiptahólfi, nema fleiri sýslur en ein séu í sama hólfi. Framlag skal því aðeins greitt, að sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands leggi það til og stjórn búnaðarsambands í því héraði, þar sem búið er rekið, svo og héraðsráðunautur, mæli með, enda greiðist 20% framlagsins af viðkomandi sauðfjárræktarsambandi, búnaðarsambandi eða sýslusjóði, en 80% úr ríkissjóði.

Skylt er þeim, er framlags þessa njóta, að fara að ráðum og hlíta umsjá sauðfjárræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands um ræktunarstarfið, svo og skila skýrslum til Búnaðarfélags Íslands samkvæmt fyrirmælum þess.

21. gr.

Eigi má láta hrúta ganga lausa frá 5. nóvember til 20. apríl ár hvert. Finnist gæzlulaus hrútur á þessu tímabili, er þeim, sem hrútinn sér, skylt að tilkynna það ábúanda, sem þá tekur hann í vörzlu. Eigi hann ekki hrútinn, ber honum að gera eiganda aðvart svo fljótt, sem verða má. Skal þá eigandi vitja hrútsins eða ráðstafa honum innan viku frá því, er hann fékk tilkynningu um hann. Geri hann það ekki, skal farið með hrútinn sem óskilafé.

22. gr.

Hrútasýningar ber að halda í hverjum hreppi fjórða hvert ár. Landið skiptist í fjögur sýningarumdæmi og eru sýningar í þeim til skiptis. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um sýningar þessar, og skal þar m. a. kveðið á um viðurkenningu fyrir beztu hrúta. Ráðunautur félagsins er sjálfkjörinn formaður dómnefndar, en hreppsnefnd kýs tvo meðdómendur og annast undirbúning sýningar.

Þegar liðin eru tvö ár frá reglulegum hrútasýningum geta fjárræktarfélög þau, sem þess óska, haldið sýningu á félagshrútum til þess að fá úr því skorið, hverjir þeirra séu fyrstu verðlauna verðir. Á sýningum þessum skulu tveir dómnefndarmenn tilnefndir af félagsstjórn, en viðkomandi búnaðarsamband kveður til og kostar oddamann dómnefndar, enda samþykki sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands val hans.

23. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að láta halda afkvæmasýningar fyrir sauðfé annað hvert ár. Á sýningum þessum má aðeins sýna ær og hrúta frá þeim bændum, sem að dómi sauðfjárræktarráðunautar halda fullkomnar ættartölubækur og afurðaskýrslur. Til verðlauna á sýningum þessum greiðir ríkissjóður allt að:

a.	Fyrir	I.	verðlauna	hrút	.....	kr. 300.00
b.	—	II.	—	—	.....	— 150.00
c.	—	III.	—	—	.....	— 75.00
d.	—	I.	—	á	.....	— 80.00
e.	—	II.	—	—	.....	— 40.00
f.	—	III.	—	—	.....	— 20.00

Enn fremur má veita heiðursverðlaun fyrir hrúta, allt að kr. 535.00 fyrir hvern.

Framlag ríkissjóðs samkvæmt þessari grein er bundið því skilyrði, að viðkomandi búnaðarsamband eða sýslusjóður leggi á móti eigi lægri fjárhæð.

Um önnur skilyrði fyrir veitingu verðlauna svo og um tilhögun afkvæmasýninga skal kveða á í reglugerð.

24. gr.

Búnaðarfélög, er sett hafa sér samþykkt um sauðfjárrækt, og sauðfjárræktarfélög á svæði, þar sem búnaðarsamband hefur gert samþykkt um búfjárrækt, geta myndað samband, er vera skal aðili að búfjárræktardeild viðkomandi búnaðarsambands.

25. gr.

Sauðfjárræktarsamband setur sér samþykkt og starfsreglur, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Í samþykkt skal kveðið á um verksvið, sem meðal annars sé fólgið í að gera samanburð á systrahópum undan álitlegustu hrútum félaganna á sambandssvæðinu, gera yfirlitsskýrslur sauðfjárræktarfélaganna, færa ættarskrár og afurðaskýrslur beztu einstaklinga o. fl. Sauðfjárræktarráðunautur viðkomandi búnaðarsambands hefur umsjón með starfseminni og vinnur úr skýrslum fjárræktarfélaganna.

26. gr.

Sauðfjárræktarfélög þau, sem mynda sauðfjárræktarsamband, greiða árlega til búfjárræktardeildar viðkomandi búnaðarsambands 20% af framlagi því, er þau fá úr ríkissjóði samkvæmt 19. gr.

27. gr.

Sauðfjárræktarsambönd og búnaðarsambönd, sem sett hafa sér búfjárræktarsamþykktir skulu, í samráði við sauðfjárræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, vinna að afkvæmarannsóknum úrvals hrúta, annað hvort á sérstökum afkvæmarannsóknarstöðvum eða hjá einstökum bændum. Við samanburð afkvæmahópa skal rannsaka vaxtarhraða lambanna, kjötgæði sláturlamba og ullargæði, afurðagetu, þrif og þol dætranna til þriggja vetra aldurs, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð svo og reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur.

Framlag til afkvæmarannsókna greiðist úr ríkissjóði, kr. 53.00 á ári fyrir hverja á, sem skýrslufærð er í rannsóknum þessum, enda séu settar á eigi færri en 10 gimbrar undan hverjum hrút, er rannsaka skal. Eigi er þó skylt að greiða slíkt framlag vegna fleiri hrúta en svo, að hafin sé rannsókn ár hvert á einum hrúti fyrir hverjar 3000 framtaldar kindur innan sýslu eða fjárskiptahólfs. Annar kostnaður við rannsóknir þessar greiðist af viðkomandi fjárræktarfélagi, fjárræktarsambandi og eigendum hrútanna, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð.

Framlag ríkissjóðs greiðist, er skýrslur um starfsemina hafa borizt Búnaðarfélagi Íslands og sauðfjárræktarráðunautur félagsins viðurkennt þær.

28. gr.

Búnaðarfélag Íslands sér um, að geitfjárstofni þeim, sem til er í landinu, verði haldið við. Ríkissjóður greiðir þeim bændum, sem geitfé eiga, árlegt framlag, allt að kr. 400.00 á hverja geit, sem þeir hafa á fóðrum, þó ekki á fleiri geitur en 200. Skylt er þeim, er geitfé eiga og framlags njóta, að senda Búnaðarfélagi Íslands árlega skýrslur um geitfjárstofninn eftir reglum, sem sauðfjárræktarráðunautur félagsins setur.

IV. KAFLI

Um hrossarækt.

Í kafla þessum merkir orðið „stóðhestur“ ógeltan hest 1½ árs og eldri.

29. gr.

Að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum kýs hreppsnefnd þriggja manna hrossakynbótanefnd, þar sem búnaðarfélag hefur ekki sett sér hrossaræktarsamþykkt samkvæmt lögum þessum, né heldur er starfandi hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda. Ef búnaðarfélag setur sér hrossaræktarsamþykkt eða stofnað er hrossaræktarfélag með þátttöku meiri hluta hrossaeigenda, þeirra sem jörð hafa til ábúðar í hreppnum, eftir að kosin hefur verið kynbótanefnd, fellur starf nefndarinnar niður, en við tekur stjórn þess félags, er samþykktina setti, eða þeir menn, er félagið felur það sérstaklega.

Hrossakynbótanefnd annast þau störf, sem stjórn búnaðarfélags eða hrossaræktarfélags eru annars ætluð. Farist kosning kynbótanefndar fyrir, ber hreppsnefnd að annast störf hennar.

30. gr.

Kynbótanefnd, stjórn búnaðarfélags eða hrossaræktarfélags, sér um að árlega séu nógu margir stóðhestar, samþykktir af hrossaræktarráðunaut, til afnota fyrir hrossaeigendur. Stjórnin útvegar girðingar fyrir stóðhesta, kemur þeim í fóður og sér um annan kostnað, er af starfseminni leiðir. Þegar keyptur er hestur eða reist er girðing, er sveitarsjóði skylt að greiða að minnsta kosti helming kostnaðar, enda sé framkvæmdin nauðsynleg að dómi héraðsráðunautar. Öðrum kostnaði, sem leiða kann af kynbótastarfseminni innan hreppsins, ber að jafna niður á hrossaeigendur, nema fjárins sé aflað á annan hátt. Gjald það, sem jafnað er niður, er lögtakskræft.

31. gr.

Sé enginn stórhestur til í hreppi, geta hrossaeigendur krafizt þess, að þeim séu tryggð afnot hests í öðrum hreppi eða leyft að fá sér stóðhest til notkunar.

32. gr.

Óheimilt er að láta stóðhest ganga lausan, sbr. þó 35. gr. Verði vart við slíkan hest, ber að handsama hann þegar og færa til þess hreppstjóra, sem næstur er í því lögsagnarumdæmi, þar sem hesturinn var tekinn. Skal þá hreppstjóri taka hann í gæzlu og standa skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við handsömun. Verði ágreiningur um greiðslu, geta aðilar skotið þeim ágreiningi til úrskurðar dómkvaddra manna. Sömu ákvæði gilda um hesta, sem ekki er hægt að gelda vegna skapnaðargalla.

Heimilt er kynbótanefnd eða stjórn hrossaræktarfélags að banna, að ógeltir hestar á öðru ári gangi lausir, enda liggi fyrir samþykkt ⅔ hluta hrossaeigenda á viðkomandi svæði.

33. gr.

Sé stóðhestur, merktur með bókstafnum K eða LK á hægri lend, sbr. 34. gr., handsamaður utan vörzlu, skal eiganda hans þegar gert viðvart. Náist ekki til eiganda innan viku, skal nálægum sýslumönnum tilkynnt um hestinn og hvaða mark sé á honum; er þeim þá skylt að gera markeiganda aðvart. Jafnframt skal hesturinn auglýstur í útvarpi með marki og öllum einkennum. Gefi eigandi sig fram innan hálfs mánaðar frá auglýsingardegi, ber að afhenda honum hestinn gegn greiðslu á áföllnum kostnaði, enda sanni hann heimild sína til að merkja hestinn sem kynbótahest.

Finnist ómerktur stóðhestur, eða merktur sem kynbótahestur samkvæmt 34. og 35. gr., án heimildar, ber hreppstjóra að selja hann á opinberu uppboði með fjögurra mánaða innlausnarfresti. Vitji eigandi andvirðisins innan 6 mánaða frá söludegi, skal honum greitt það að frádregnum áföllnum kostnaði, en rennur ella í sjóð búnaðarfélags þess hrepps, þar sem hesturinn var tekinn. Sömu ákvæði gilda um merkta stóðhesta, sem ekki er vitjað á tilsettum tíma frá auglýsingardegi samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar. Sé sami hestur tekinn á víðavangi öðru sinni eða oftar, skal eigandi sæta sektum.

34. gr.

Þegar stóðhestur hefur hlotið I. eða II. verðlaun á héraðssýningu eða afkvæmasýningu, gefur hrossaræktarráðunautur eiganda skriflega heimild til að merkja hestinn kynbótahestamerki, sem er K á hægri lend. Komi í ljós, að merktur kynbótahestur reynist ekki kynbótahæfur, að dómi hrossaræktarráðunautar, fellir hann heimildina niður. Kynbótanefnd getur veitt leyfi til að merkja stóðhest sem kynbótahest, þótt eigi hafi á sýningu komið og verðlaun hlotið, en samþykkja verður hrossaræktarráðunautur leyfið. Sá, er uppvís verður að því að merkja stóðhest heimildarlaust, skal sæta sektum samkvæmt 81. gr. þessara laga.

35. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að veita hreppsfélagi, einu eða fleirum sameiginlega, undanþágu frá ákvæðum um einangrun stóðhesta á tímabilinu frá 1. maí til 1. október, ef félagið telur, að beitilönd þau, þar sem hestarnir ganga, séu svo einangruð, að öruggt megi teljast. Slíka undanþágu getur Búnaðarfélag Íslands numið úr gildi með eins árs fyrirvara.

Eigi verður undanþága veitt, nema fyrir liggi umsókn frá hlutaðeigandi hreppsnefnd, enda hafi málið þá verið rætt á almennum hreppsfundi og samþykkt þar með ⅔ hlutum greiddra atkvæða hrossaeigenda og síðan hlotið samþykki sýslunefnda þeirra, er hlut eiga að máli. Enn fremur skal fullnægt eftirgreindum skilyrðum: Stóðhestar þeir, sem lausir ganga, mega ekki yngri vera en þriggja vetra, og skulu eigendur fá sérstakt leyfi fyrir hvern hest. Ber þá að merkja hestinn greinilega með stöfunum LK á hægri lend og númeri, sem hrossaræktarráðunautur ákveður, á hina vinstri.

36. gr.

Valdi stóðhestur, sem gengur laus eða sleppur úr vörzlu, tjóni á búfé eða öðrum eignum annarra (en eigenda), er eigandi skaðabótaskyldur eftir mati dómkvaddra manna, ef ekki næst samkomulag um bætur. Er viðkomandi sveitarsjóður skyldur að inna af hendi bótagreiðslur, ef krafizt er.

37. gr.

Búnaðarfélag getur sett sér samþykkt um að vinna að kynbótum hrossa í hreppnum, enda sé þar ekki starfandi hrossaræktarfélag. Hafi hrossaræktarsamþykkt eigi verið sett, geta 6 bændur í hreppi, hið fæsta, stofnað hrossaræktarfélag. Samþykktir búnaðarfélaga og hrossaræktarfélaga ber að sníða eftir fyrirmynd, sem Búnaðarfélag Íslands lætur í té, og taka gildi, er hlotið hafa staðfestingu stjórnar félagsins.

38. gr.

Búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag, er fengið hefur samþykkt sína staðfesta af Búnaðarfélagi Íslands, fær framlag úr ríkissjóði til kaupa á tveggja og þriggja vetra kynbótahestum undan I. verðlauna hryssum sem hér segir:

Til kaupa á þriggja vetra hesti:

Kr. 5300.00, sé hann undan hesti, sem fengið hefur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi

Kr. 4000.00, sé hann undan hesti, er fengið hefur I. verðlaun fyrir afkvæmi.

Kr. 3325.00, sé hann undan hesti, er fengið hefur heiðursverðlaun á héraðssýningu.

Kr. 2660.00, sé hann undan hesti, sem fengið hefur I. verðlaun á héraðssýningu.

Framlag til kaupa á tveggja vetra hesti er kr. 1330.00 lægra í hverjum flokki. Framlagið er bundið því skilyrði, að þriggja vetra hesturinn hafi hlotið I. verðlaun, en tveggja vetra hesturinn II. verðlaun á héraðssýningu, eða hrossaræktarráðunautur hafi viðurkennt hann slíkra verðlauna verðan.

Framlag samkvæmt þessari grein skal aðeins veita í eitt skipti til kaupa á sama hesti.

39. gr.

Búnaðarfélög og hrossaræktarfélög fá, auk framlags þess, sem um getur í 38. gr., styrk til stóðhestahalds, ef þau nota hest, sem hlotið hefur heiðursverðlaun, I. eða II. verðlaun á afkvæmasýningu. Styrkur þessi er kr. 1600.00 á heiðursverðlaunahest, kr. 1060.00 á I. verðlauna hest og kr. 530.00 á II. verðlauna hest. Styrkurinn greiðist árlega meðan hesturinn er notaður og nýtur þessarar viðurkenningar.

40. gr.

Hreppsfélag, búnaðarfélag eða hrossaræktarfélag, er kemur upp girðingu vegna kynbótastarfsemi, fær allt að kr. 15000.00 í stofnframlag úr ríkissjóði að verki

loknu, þó aldrei meira en nemur andvirði efnis, enda sé fullnægt eftirgreindum skilyrðum:

1. Að hrossaræktarráðunautur viðurkenni nauðsyn girðingarinnar.
2. Að land það, sem girt er, sé eign þess aðila, er styrksins nýtur, eða honum tryggð full afnot af landinu með leigusamningi, er gildi eigi skemur en 15 ár.
3. Að land sé vel fallið til hrossabeitar að dómi hrossaræktarráðunautar eða annars trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að girðingin sé minnst sjöþætt gaddavírsgirðing eða gerð af öðru jafngildu efni, og ekki lægri en 135 cm.
5. Að styrkþegi skuldbindi sig með skriflegri yfirlýsingu til að halda girðingunni við í 15 ár hið skemmsta.

41. gr.

Hrossaræktarfélög geta myndað með sér samband til þess að vinna sameiginlega að kynbótum hrossa á sambandssvæðinu, ef eftirgreind skilyrði eru fyrir hendi:

1. Að sambandið nái yfir að minnsta kosti 5 hreppa með eigi færri en 500 hryssum fjögurra vetra og eldri.
2. Að sambandið hafi sett sér lög um starfsemi sína og fengið þau samþykkt af Búnaðarfélagi Íslands.

Búnaðarsamband svo og hrossaræktarsamband, sem stofnað er samkvæmt lögum þessum, fær árlega úr ríkissjóði aukaframlag á hvern stóðhest, sem sambandið notar eða hefur á leigu, kr. 2660.00 á hvern. Framlag þetta leggst í sérstakan sjóð, er stjórn sambandsins ávaxtar og notar aðeins til kaupa á kynbótahestum í stað þeirra, sem felldir eru eða seldir, og rennur andvirði þeirra einnig óskipt í sjóðinn.

Ríkissjóður greiðir árlega kr. 50.00 á hverja hryssu, sem leidd er til kynbótahests og færð er á skýrslu til Búnaðarfélags Íslands. Stjórn sambandsins ákvarðar hverju sinni, hvort ástæða sé til að skipta um hest eða fjölga hestum, enda liggi hvort tveggja fyrir, að rétt sé að farga hestinum og að hestur sá, er kaupa skal, sé taminn og helzt reyndur kynbótahestur að dómi ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt, enda samþykki hann kaupin. Þó má víkja frá þessu skilyrði, ef um er að ræða hest, sem að dómi ráðunautar er af úrvalskyni og vel gerður.

Eigi skal veita framlag á fleiri stóðhesta en svo, að 50 hryssur minnst, fjögurra vetra og eldri, verði um hvern. Þó má, þar sem hérað er einangrað, víkja frá þessu skilyrði, enda komi til samþykki Búnaðarfélags Íslands.

Hrossaræktarsambönd senda Búnaðarfélagi Íslands ársreikninga sína til endurskoðunar og úrskurðar.

42. gr.

Kynbótanefnd og stjórn hrossaræktarfélags heldur gerðabók, þar sem ritaðir eru reikningar, ályktanir og aðrar gerðir. Skulu reikningar lagðir fram ár hvert og endurskoðaðir með sveitarsjóðsreikningum.

43. gr.

Hrossaræktarráðunautur ferðast um, svo sem hann frekast má, og leiðbeinir um val á stóðhestum og hryssum til undaneldis. Hann mætir á sýningum er hann má því við koma, ella sá, er stjórn Búnaðarfélags Íslands kveður til í hans stað. Hrossaræktarráðunautur er sjálfkjörinn formaður dómnefndar, en meðdómendur til kvaddir af stjórn þeirra samtaka, er til sýningar efnir. Meðdómendur geta ekki veitt hrossi verðlaun gegn atkvæði ráðunautar, né heldur getur hann veitt verðlaun nema helmingur meðdómenda samþykki.

44. gr.

Landið skiptist í fjögur sýningarsvæði og skulu héraðssýningar haldnar á þeim til skiptis fjórða hvert ár. Um fjölda sýninga í hverju umdæmi skal kveða á í reglugerð. Heimilt er að sameina fjórðungsmót Landssambands hestamannafélaga

héraðssýningu, og annast þá viðkomandi búnaðarsamband eða -sambönd um þann þátt, sem varðar sýningu kynbótagripa, í samráði við stjórn Landssambandsins.

45. gr.

Til verðlauna á sýningum þeim, sem haldnar eru samkvæmt 44. gr., leggur ríkissjóður fram 15 aura á hvert framtalið hross á því svæði, sem sýning er fyrir, gegn jöfnu framlagi frá viðkomandi búnaðarsambandi (-samböndum) eða öðrum aðiljum. Skal fénu varið til að verðlauna hryssur á héraðssýningum. Mega verðlaun ekki vera hærri en hér greinir:

Heiðursverðlaun á hryssu	.....	kr. 800.00
I. verðlaun – —	.....	— 265.00
II. — – —	.....	— 160.00
III. — – —	.....	— 80.00
III. — – stóðhest	.....	— 320.00

Verðlaun á stóðhest greiðast úr ríkissjóði, heiðursverðlaun kr. 2120.00, I. verðlaun kr. 1060.00 og II. verðlaun kr. 650.00. Heiðursverðlaun má aðeins veita hrossum, sem afkvæmi eru sýnd með. Skulu tvö afkvæmi fylgja hryssu hverri, en stóðhesti fjögur, og mega yngst vera tveggja vetra.

46. gr.

Heimilt er að halda afkvæmasýningu fyrir stóðhesta, ef óskir koma fram um það og Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Sýna skal undan hverjum stóðhesti tólf afkvæmi hið fæsta, þriggja vetra og eldri, og fylgi mæður þeirra á sýningu. Verðlaun fyrir afkvæmi greiðast úr ríkissjóði og eru sem hér segir:

Heiðursverðlaun	.....	kr. 1900.00
I. verðlaun	.....	— 1060.00
II. —	.....	— 640.00
III. —	.....	— 425.00

Eigi má greiða heiðursverðlaun fyrir afkvæmi, nema helmingur þeirra sé taminn og sýni verðmæta kosti.

Afkvæmasýningu má endurtaka einu sinni, að fjórum árum liðum, fyrir þá stóðhesta, er hlotið hafa I. og II. verðlaun.

Umsókn um afkvæmasýningu sé komin til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. marz.

Stjórn viðkomandi búnaðarsambands tilnefnir tvo meðdómendur á afkvæmasýningu og greiðir þeim þóknun fyrir starf þeirra, en eigandi stóðhesta sér um sýningarstað.

Hrossaræktarráðunautur getur metið stóðhest til afkvæmaverðlauna, ef aðstæður torvelda sýningu, en þó því aðeins, að hesturinn sé í eign búnaðarsambands eða hrossaræktarsambands.

47. gr.

Samtökum hestamannafélaga er heimilt að halda landssýningu þriðja hvert ár, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands, er einnig samþykkir sýningarstað og tilhögun sýningar. Verðlaun á landssýningu greiðast úr ríkissjóði gegn jöfnu framlagi annars staðar frá. Um fjárhæð verðlauna og önnur skilyrði fer samkvæmt ákvæðum 45. og 46. gr. eftir því, sem við getur átt, svo og reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur. Umsókn um sýningarleyfi ásamt með fullnægjandi upplýsingum skal hafa borizt Búnaðarfélagi Íslands fyrir 15. marz það ár, er sýning skal haldin.

Samtök hestamannafélaga, þeirra er gangast fyrir og stjórna landssýningu, tilnefna tvo meðdómendur á sýningu. Skrá skal sérstaka ættbók fyrir reiðhross, sem verðlaun hljóta á landssýningu.

48. gr.

Heimilt er að reka á kostnað ríkissjóðs tvö hrossaræktarbú, annað á Norðurlandi, hitt á Suðurlandi, þar sem fram fer stofnræktun, afkvæmaprófanir og tamn-

ing. Búnaðarfélag Íslands hefur umsjón með hrossaræktarbúum þessum, og skulu þau starfa samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

V. KAFLI
Um svínarækt og alifugla.

49. gr.

Þegar Búnaðarfélag Íslands hefur ráðið til sín ráðunaut í svína- og alifuglarækt, er landbúnaðarráðherra heimilt að efna til kynbótabús í þessum greinum á bændaskólabúi eða öðru ríkisbúi, eftir því sem bezt þykir henta að dómi Búnaðarfélags Íslands.

50. gr.

Á kynbótabúinu skal hreinrækta þau hænsnakyn og svína, sem ráðunauturinn telur rétt að rækta hér á landi. Á búinu skal vera aðstaða til framleiðslu á kynbótahænsnum til sölu.

51. gr.

Færa skal ættarskýrslur og afurða yfir svín og alifugla á kynbótabúinu undir eftirliti ráðunautar; þá skal og gera samanburðartilraunir um fóðurþörf og afurðagetu hinna ýmsu kynja.

52. gr.

Kynbótabúið hefur rétt til að flytja inn útungunaregg til kynbóta eða tilrauna, enda sjái ráðunauturinn um, að búið fullnægi óskum alifuglaeigenda um að hafa til sölu fugla af þeim kynjum, sem óskað er eftir og reynsla hefur sýnt, að hentug séu til ræktunar hér á landi.

53. gr.

Halda má einstaklings- og afkvæmasýningar fyrir svín og alifugla. Verðlaun á sýningum greiðast úr ríkissjóði eftir nánari fyrirmælum, sem ráðherra setur í reglugerð, eftir tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

VI. KAFLI
Um sæðingu búfjár.

54. gr.

Búnaðarsambönd, sem vinna að kynbótum búfjár með sæðisflutningum, svo og nautgriparæktarsambönd í þeim héruðum, þar sem búnaðarsambönd sinna ekki slíku verkefni, fá styrk úr ríkissjóði til þessarar starfsemi sem hér segir:

1. Stofnframlag, ⅓ hluti byggingarkostnaðar sæðingarstöðvar, þar með talin verkfæri og allur búnaður, þó ekki yfir kr. 190000.00 á stöð.
2. Rekstrarstyrk, helming árslauna sérfræðings í búfjársæðingum, er starfar við sæðingarstöð, samanber næstu málsgrein. Laun þessara sérfræðinga skulu ákveðin af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, og skal höfð hliðsjón af launakerfi starfsmanna ríkisins. Enn fremur skal ríkissjóður greiða kr. 25.00 á hverja sædda kú, sem fang fær, og kr. 2.50 á hverja á, sem sædd er. Styrkir þessir skulu þó eigi greiddir, nema notuð séu naut og hrútar, sem búfjárræktarráðunautar mæla með.

Sé starfssvæði sæðingarstöðvar það stórt, að reka verði jafnframt dreifingarstöð, eina eða fleiri, nýtur hún sama stofnframlags til bygginga og búnaðar eins og aðalstöð, þ. e. ⅓ hluta stofnkostnaðar, þó aldrei hærra framlags en aðalstöðin. Sama gildir um flutning sæðis til héraða, sem eigi hafa aðstöðu til að koma upp sæðingarstöðvum.

Vinni sæðingarstöð að sæðingu fleiri búfjártegunda en sauðfjár og nautgripa, greiðir ríkissjóður til þess styrk, sem landbúnaðarráðherra ákveður að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

55. gr.

Stofnframlag og rekstrarstyrkur til sæðingarstöðvar greiðist því aðeins, að fyrir liggi meðmæli Búnaðarfélags Íslands. Framlag má því aðeins veita fleirum en einni sæðingarstöð í sýslu, að Búnaðarfélag Íslands mæli með því og samþykki landbúnaðarráðherra komi til hverju sinni. Sama gildir um dreifingarstöð.

VII. KAFLI

Um ræktun erlendra búfjárkynja og blöndun þeirra við innlent búfé.

56. gr.

Búfé af erlendum kynjum, sem flutt hefur verið til landsins samkvæmt lögum um innflutning búfjár nr. 74 23. apríl 1962 og einangrað hefur verið á sóttvarnarstöð ríkisins nægilega lengi samkvæmt ákvæðum sömu laga, skal hagnýtt sem hér segir:

1. Landbúnaðarráðunaueytið sér um, að aðstaða verði á einu eða fleiri ríkisbúum eða tilraunabúum til að mynda búfjárkyn eða kynbæta þau, sem fyrir eru í landinu, með endurtekinni notkun búfjársæðis frá sóttvarnarstöðinni, eða semur við eitt eða fleiri búnaðarsambönd eða búfjárræktarsambönd um að taka að sér þetta viðfangsefni. Leita skal umsagnar og tillagna Búnaðarfélags Íslands um staðarval og alla tilhögun.
2. Heimilt er bændum að vinna að myndun búfjárkynja með endurtekinni notkun búfjársæðis frá sóttvarnarstöðinni, enda hlíti þeir fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands um allt, er varðar framkvæmd ræktunarinnar.
3. Heimilt er, að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands, að láta bændum í té búfjársæði frá sóttvarnarstöðinni til einblendingsræktunar og framleiðslu sláturgripa svo og til ásetnings.

57. gr.

Skylt er sóttvarnarstöðinni að hafa samráð við búfjárræktarráðunauta Búnaðarfélags Íslands um dreifingu búfjársæðis frá stöðinni svo og að safna skýrslum um sædda gripi samkvæmt fyrirmælum þeirra. Þeir skera úr um það, hver í sinni grein, úr hvaða karldýrum á sóttvarnarstöðinni nota skuli sæði til frjóvgunar tiltekinna kvendýra á búum þeim, sem vinna að kynbótum og myndun kynja samkvæmt 1. og 2. tölulið 56. gr.

Á búum þessum ber að hlíta fyrirmælum búfjárræktarráðunauta Búnaðarfélags Íslands um hvernig vinna skuli að myndun hins nýja kyns eða kynja, merkingu gripanna og ættbókarfærslu. Búin senda árlega Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um starfsemina á eyðublöðum, sem félagið lætur þeim í té.

Ráðunautum eða fulltrúum þeirra ber að hafa nákvæmt eftirlit með ræktunarstarfinu, skoða árlega kynblendingsgripi á kynbótabúunum, fylgjast með merkingu þeirra, ættbókarfærslu og skýrsluhaldi. Þeir skulu dæma gripina, lýsa ræktun þeirra og skrá athugasemdir sínar í gerðabók.

58. gr.

Þegar ráðunautur telur ræktun gripa af nýju kyni svo langt á veg komna, að ávinningur sé að nota þá til einblendingsræktunar, viðurkennir hann gripina hæfa til slíkrar notkunar utan kynbótabúsins. Aðra gripi af erlendum kynjum á kynbótabúinu má eigi selja til lífs eða nota utan þess nema samþykki ráðunautar komi til, og þá aðeins til búa, er starfa samkvæmt ákvæðum 1. og 2. töluliðs 56. gr.

Noti sæðingarstöðvar eða búfjárræktarfélög kynblendingsgripi, sem ekki hafa hlotið viðurkenningu ráðunautar, til einblendingsræktunar, skulu framlög úr ríkissjóði samkvæmt lögum þessum eigi greidd vegna notkunar slíkra gripa.

Heimilt er búnaðarsamböndum, búfjárræktar- og nautgriparæktarsamböndum, að setja sér samþykktir, er kveði nánar á um blöndun erlendra búfjárkynja við

hina innlendu stofna. Samþykktir þessar ber að senda Búnaðarfélagi Íslands og öðlast gildi, er stjórn þess hefur samþykkt þær.

59 gr.

Telji ráðunautur, að innlent búfjárkyn sé blandað erlendu á þann hátt, að hætta sé á, að spillt sé kostum hins innlenda kyns, leggur hann málið fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands. Fallist stjórnin á rökstuðning ráðunautarins, felur hún honum að loka ættbók hins innlenda búfjárkyns til að halda því hreinu.

60. gr.

Meðan lög nr. 74 frá 28. apríl 1962 koma ekki til framkvæmda, er heimilt að nota til einblendingsræktar gripi af holdanautastofni þeim, sem til er í landinu, að fengnu leyfi Búnaðarfélags Íslands hverju sinni.

Þá skal landbúnaðarráðherra hlutast til um að komið verði á fót sérstöku búi, þar sem ræktað sé úrval af þessum stofni. Búið standi undir umsjá og eftirliti Búnaðarfélags Íslands.

VIII. KAFLI

Um forðagæzlu og fóðurbirgðafélög.

Í kafla þessum merkir orðið „forðagæzlumaður" þann, er hefur á hendi eftirlit með ásetningi búfjár, fóðrun og hirðingu, hvort heldur er á vegum hreppsnefndar eða fóðurbirgðafélags.

61. gr.

Í hreppi hverjum skal vera forðagæzlumaður, einn eða fleiri, er hafi eftirlit með ásetningi búfjár, fóðrun og hirðingu. Heimilt er, ef forðagæzlumenn eru fleiri en einn, að skipta hreppi í forðagæzluumdæmi, og hefur þá hver forðagæzlumaður sitt umdæmi til umsjónar.

62. gr.

Að loknum hreppsnefndarkosningum hverju sinni kýs eða ræður hreppsnefnd forðagæzlumann, einn eða fleiri, til næstu fjögurra ára, og jafnmarga til vara. Skal þess jafnan gætt að velja til þá menn, sem þekktir eru að gætilegum ásetningi og góðri meðferð búfjár. Sé í hreppnum starfandi fóðurbirgðafélag, ræður stjórn þess forðagæzlumann.

63. gr.

Búnaðarsambönd hafa á hendi eftirlit með forðagæzlu og fóðrun, hvert á sínu sambandssvæði, og annast það ráðunautur sambandsins í búfjárrækt, svo sem við verður komið. Nú annar ekki ráðunautur starfinu að fullu vegna annarra verkefna, og ræður þá stjórn sambandsins hæfan mann honum til aðstoðar. Stjórnin semur við aðstoðarmenn um þóknun og greiðist hún að 65 hundraðshlutum úr ríkissjóði og 35 hundraðshlutum af búnaðarsambandinu.

64. gr.

Skylt er forðagæzlumanni að fara minnst tvisvar um hreppinn á vetri hverjum. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. nóvember, en hinni síðari fyrir lok aprílmánaðar. Skal forðagæzlumaður athuga vandlega húsakost, fóðurbirgðir og fóðrun búpenings.

Þegar að lokinni skoðun ber forðagæzlumaður niðurstöður sínar undir trúnaðarmann búnaðarsambandsins. Komi í ljós, að búfjáreiganda skorti hús eða fóður fyrir fénað sinn, vanfóðri hann eða vanhirði, skal forðagæzlumaður tilkynna það hreppsnefnd þegar í stað. Er þá hreppsnefnd skylt að aðvara þegar þann, er hlut á að máli, og gefa honum einnar viku frest til úrbóta. Hafi hann, að þeim tíma

liðnum, ekki gert þær ráðstafanir, sem hreppsnefnd og trúnaðarmaður búnaðarsambandsins telja fullnægjandi, ber hreppsnefnd að útvega honum fóður, ráðstafa fénaði hans til fóðrunar eða lóga, ef ekki er annars úrkosta.

Búfjáreigandi, sá er hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Skylt er sýslumanni að veita hreppsnefnd stuðning við þessar framkvæmdir, ef með þarf.

65. gr.

Forðagæzlumaður gerir skýrslu um tölu búpenings, ásetning, fóðrun og fyrningar. Búnaðarfélag Íslands lætur honum eyðublöð í té. Skýrslan er gerð í tvíriti, undirrituð af forðagæzlumanni og trúnaðarmanni viðkomandi búnaðarsambands. Sendir forðagæzlumaður annað eintak skýrslunnar Búnaðarfélagi Íslands þegar að lokinni skoðun, en hitt eintakið til sýslumanns, er leggur skýrsluna fram á næsta aðalfundi sýslunefndar og sendir hana að því búnu Hagstofu Íslands.

Hreppsnefnd semur um þóknun fyrir forðagæzlu, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

66. gr.

Heimilt er sveitarfélagi að stofna fóðurbirgðafélag. Tilgangur fóðurbirgðafélags er að tryggja það, að til sé á haustnóttum sá fóðurforði fyrir búpening félagsmanna, að nægi í harðasta vetri, svo og að rannsaka hversu fóðra beri búfé svo að gefi sem mestan arð, miðað við tilkostnað.

Stjórn fóðurbirgðafélags sér um, að fóðurbirgðir séu skoðaðar eins oft og þurfa þykir. Skal hin fyrsta skoðun ætíð fara fram fyrir 1. nóvember.

67. gr.

Þegar stofna skal fóðurbirgðafélag, boðar sveitarstjórn til almenns sveitarfundar með nægum fyrirvara og leggur fram uppkast að samþykkt fyrir félagið. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir, sem fénað hafa á fóðrum. Sé fundur lögmætur og nái uppkastið samþykki ⅔ hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal stofna félagið, og er þá uppkastið bindandi fyrir alla hreppsbúa, enda hafi verið tekið fram í fundarboði, að þetta mál yrði rætt og um það greitt atkvæði. Samþykkt fundarins skal leggja fyrir næsta sýslufund. Fallist sýslufundur á samþykkt fóðurbirgðafélagsins óbreytta, sendir sýslumaður hana landbúnaðarráðuneytinu til staðfestingar. Breyti sýslufundur samþykktinni, skal bera hana með áorðnum breytingum undir atkvæði á lögmætum hreppsfundi á sama hátt og hið fyrra sinni. Fallist fundurinn á samþykktina þannig breytta, skal hún endursend sýslumanni, er framsendir hana til ráðuneytisins. Að öðrum kosti er samþykktin fallin, nema gerðar séu á henni breytingar, og skal þá leggja hana fyrir sýslufund að nýju og fara með á sama hátt og ný samþykkt væri.

Telji landbúnaðarráðherra samþykkt, sem honum hefur verið send til staðfestingar, brjóta í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, endursendir hann samþykktina án staðfestingar og færir til synjunarástæður. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er búa í því sveitarfélagi, sem hún er gerð fyrir.

Samþykkt, sem ráðherra hefur staðfest, má ekki breyta nema með sé farið á sama hátt og til nýrrar skyldi efnt.

68. gr.

Fóðurbirgðafélagi stýrir þriggja manna stjórn. Eru tveir kosnir af aðalfundi félagsins til fjögurra ára og jafnmargir varamenn; hinn þriðja kýs hreppsnefnd til sama tíma, og er hann formaður félagsins. Stjórn félagsins sér um allar fjárreiður þess og framkvæmdir, og eru skuldbindingar hennar bindandi fyrir félagið. Hún færir til bókar reikninga félagsins, ályktanir og aðrar gerðir.

69. gr.

Fóðurbirgðafélag, sem stofnað er samkvæmt lögum þessum og fullnægir fyrirmælum þeirra, nýtur árlegs framlags úr ríkissjóði, kr. 120.00 á hvern félagsmann. Þá leggur og sveitarsjóður fram kr. 550.00 á hvern félagsmann, og greiðist það framlag með jöfnum greiðslum á eigi lengri tíma en 10 árum. Enn fremur greiða búfjáreigendur árlega gjald til félagsins sem hér segir:

a.	Fyrir hvern nautgrip	kr. 8.00
b.	— hvert hross	— 4.00
c.	— hverja sauðkind	— 1.00

Gjöld þessi eru lögtakskræf.

70. gr.

Skylt er fóðurbirgðafélagi að stofna sjóð og leggja í hann tekjuafgang hvers árs. Stjórn félagsins veitir félagsmönnum lán úr sjóðnum til fóðurkaupa, ef þörf er á. Hrökkvi sjóður félagsins ekki til, er félaginu heimilt lán úr Bjargráðasjóði til þess, er á skortir, þó ekki meira en nemur séreign hreppsins í sjóðnum, gegn 5% ársvöxtum og endurgreiðslu innan 5 ára.

Hreppsnefnd ábyrgist bráðabirgðalán og rekstrarlán fyrir félagið.

Til tryggingar láni, er stjórn fóðurbirgðafélags eða hreppsnefnd veitir félagsmönnum eða hreppsbúum til bjargar bústofni þeirra frá yfirvofandi felli, er bústofn að lögveði fyrir láninu, unz það er að fullu greitt, þó ekki lengur en 2 ár frá lántökudegi. Eigi má lánþegi selja bústofn sinn eða ráðstafa á annan hátt úr eigu sinni frekar en svo, að eftir sé næg trygging í eftirstöðvum hans með vöxtum og kostnaði. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum veðböndum.

71. gr.

Gjalddagi iðgjalda er 1. desember. Reikningsár félagsins er almanaksár, en skýrsluár frá 1. október til jafnlengdar næsta ár.

72. gr.

Þegar sjóður félagsins er orðinn það gildur, að hann nemur kr. 4000.00 á hvern félagsmann, er félaginu heimilt með aðalfundarsamþykkt að létta af iðgjöldum samkvæmt 68. gr. að nokkru eða öllu leyti.

73. gr.

Fyrir lok júlímánaðar ár hvert sendir stjórn fóðurbirgðafélags Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um félagsstarfið, eftir því sem tekið er fram í samþykkt félagsins og Búnaðarfélag Íslands ákveður. Framlag ríkissjóðs greiðist þegar er reikningar og skýrslur félagsins hafa borizt Búnaðarfélagi Íslands. Skýrslur ber einnig að senda sýslumanni, er leggur þær fram á sýslufundi, sbr. ákvæði 65. gr.

74. gr.

Búnaðarfélag Íslands getur, ef ráðherra óskar, krafið forðagæzlumenn hvenær sem er um skýrslur varðandi fóðuröflun og fóðurbirgðir.

75. gr.

Vilji búfjáreigandi eigi hlíta ráðstöfunum forðagæzlumanns, hreppsnefndar eða stjórnar fóðurbirgðafélags, eða hefur þær að engu, en fénaður hans líður eða fellur, sakir fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi, að áliti forðagæzlumanns, eða trúnaðarmanns búnaðarsambandsins, er þessum aðiljum skylt að tilkynna það sýslumanni tafarlaust, ásamt öllum málavöxtum, eða hreppstjóra, sem tilkynnir það aftur sýslumanni þegar í stað.

76. gr.

Sá, er sekur verður um illa meðferð á skepnum samkvæmt 75. gr., skal sæta sektum frá kr. 5000.00 til kr. 50000.00 eða einföldu fangelsi allt að 6 mánuðum. Vanræki forðagæzlumaður, hreppsnefnd eða stjórn fóðurbirgðafélags að gera sýslumanni eða hreppsstjóra aðvart um ómannúðlega meðferð á skepnum, sem þessir aðilar verða áskynja um, varðar það sektum.

IX. KAFLI
Almenn ákvæði.

77. gr.

Halda má héraðssýningar fyrir búfé, annað en hross, þegar búnaðarsamband eða búfjárræktarsamband óskar þess og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Verðlaun á héraðssýningum greiðast að ⅔ hlutum úr ríkissjóði, en að ⅓ hluta af ræktunarsamtökum viðkomandi búfjártegundar, ef til eru, ella úr sýslusjóðum. Búnaðarfélag Íslands setur reglur, er ráðherra staðfestir, um skipan héraðssýninga.

78. gr.

Á framlög þau, er ákveðin eru í lögum þessum, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1964. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll vísitölu þessarar í samráði við Búnaðarfélag Íslands og reiknar hún hana síðan árlega miðað við meðalkostnað hvers árs.

Fyrirmæli fyrri málsliða þessarar gr. um greiðslu verðlagsuppbótar á framlög gilda frá og með framkvæmdum ársins 1965.

79. gr.

Landbúnaðarráðherra setur, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, reglugerð, er kveður nánara á um framkvæmd laga þessara.

80. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum þessara laga, sker landbúnaðarráðherra úr, og er það fullnaðarúrskurður. Ákvæði laga þessara varðandi hreppa og hreppsnefndir taka og til bæjarfélaga og bæjarstjórna að breyttu breytanda.

81. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum kr. 5000.00 til kr. 50000.00, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektarfé rennur í sjóð þess búnaðarfélags, þar sem brot var framið.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

82. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt, svo og lög nr. 81 9. des. 1957 og lög nr. 37 16. maí 1964, um breyting á búfjárræktarlögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í almennum athugasemdum með frumvarpi þessu er gerð grein fyrir aðdraganda að samningu þessa frumvarps að nýjum búfjárræktarlögum. Samráð var haft við landbúnaðarráðuneytið um skipun nefndar þeirrar, sem frumvarpið samdi. Í með-

förum búnaðarþings voru gerðar breytingar á frumvarpi nefndarinnar, sem ráðuneytið getur í veigamiklum atriðum ekki fallizt á, og er frumvarp þetta því byggt á tillögum nefndarinnar að öðru leyti en nú skal greina:

Í 4. gr. og 54. gr. var gert ráð fyrir, að héraðsráðunautar og sérfræðingar í búfjársæðingum tækju laun samkvæmt tilgreindum launaflokkum í núgildandi launakerfi ríkisstarfsmanna. Launakerfi þetta er tímabundið og breytingum háð og því óhagkvæmt að binda laun þessara starfsmanna í lögum, eins og téð ákvæði gera ráð fyrir. Í þess stað er ákveðið, að landbúnaðarráðherra ákveði launin að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Þá er breytt út af reglu gildandi búfjárræktarlaga, og launin greiðist 65% úr ríkissjóði og 35% af hlutaðeigandi búnaðarsambandi. Þá er ekki gert ráð fyrir, að sú regla verði upp tekin, að ríkissjóður taki þátt í skrifstofukostnaði og ferðakostnaði héraðsráðunautanna. Búnaðarsamböndunum er ætlaður sérstakur styrkur í fjárlögum til starfsemi sinnar, kr. 850000.00 í fjárlögum 1964, og virðist eðlilegast, að við ákvörðun þessa styrks, sé tekið tillit til útgjalda búnaðarsambandanna, þar á meðal þess kostnaðar, sem hér um ræðir.

48. gr. frumvarpa nefndarinnar og búnaðarþings gera ráð fyrir, að tvö hrossaræktarbú séu rekin á vegum ríkisins. Undanfarin ár hefur verið rekið hrossaræktarbú við bændaskólann á Hólum, og hrossaræktarbú að Kirkjubæ á Rangárvöllum nýtur styrks úr ríkissjóði. Landbúnaðarráðuneytið telur réttara að frumvarpsgreinin heimili, að rekin verði tvö hrossaræktarbú á kostnað ríkissjóðs, annað á Norðurlandi en hitt á Suðurlandi.

Sektarákvæði 76. gr. frumvarps nefndarinnar er breytt í samræmi við tillögur búnaðarþings.

Fram að árinu 1960 var á greiðslur samkvæmt II. kafla jarðræktarlaga greidd verðlagsuppbót samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, og svo var eins um greiðslur samkvæmt búfjárræktarlögum. Í samræmi við fyrirmæli 23. gr. efnahagsmálalaga, nr. 4/1960, féll niður útreikningur kaupgreiðsluvísitölu, og hefur því verðlagsuppbót á greiðslur samkvæmt jarðræktarlögum og búfjárræktarlögum haldizt óbreytt síðan þá. Nú er lagt til, að þessar greiðslur breytist framvegis samkvæmt vísitölu, og að reiknuð verði sérstök vísitala framkvæmdakostnaðar til þeirra nota. Skal hún sýna hækkun meðaltilkostnaðar framkvæmda á hverju ári frá því, sem var á árinu 1964. Fjárhæðir framlaga samkvæmt frv. eru grunnupphæðir og miðaðar við tilkostnað á árinu 1964, og getur fyrst orðið um að ræða greiðslu verðlagsuppbótar á framlög vegna framkvæmda á árinu 1965. Lagt er til, að Hagstofan reikni þessa nýju vísitölu, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og landnámsstjóra.

Framlög ríkisins samkvæmt gildandi lögum um búfjárrækt, nema, miðað við áætlaðar greiðslur 1964, kr. 3 012 453. Búnaðarfélag Íslands hefur reiknað út útgjaldaaukningu ríkissjóðs samkvæmt frumvarpi nefndarinnar, og með framangreindum breytingum ráðuneytisins mun útgjaldaaukningin nema kr. 1 470 000.00, eða nál. 47.3% aukning.

Að öðru leyti vísast til athugasemda nefndarinnar um frumvarpið í heild og einstakar greinar þess.

I. Almennar athugasemdir.

Fyrir Búnaðarþingi 1963 lá erindi frá tveim þingfulltrúum, þeim Gunnari Guðbjartssyni og Sigurði Snorrasyni, þar sem þess var farið „á leit við ... Búnaðarþing, að búfjárræktarlögin, og sérstaklega kaflinn um fóðagæzlu, fóðurbirgðir og fóðurbirgðafélög, verði tekinn til endurskoðunar og breytinga fyrir næsta Búnaðarþing".

Færa flutningsmenn rök fyrir nauðsyn þess, að búfjárræktarlögin séu endurskoðuð, og þá einkum þau ákvæði laganna, er fjalla um fóðurbirgðir og ásetning. Telja þeir, „að reynsla undanfarinna ára bendi til þess, að ásetningur á fóður sé ekki svo góður sem vera ætti og muni það sjálfsagt hafa í för með sér, að bændur fá ekki þann arð af búfé sínu, er væri annars, ef fóðrun væri í góðu lagi."

Búnaðarþing tók erindi þetta til meðferðar og vísaði því til búfjárræktarnefndar, sem ræddi það og athugaði vandlega. Var málið síðan afgreitt frá Búnaðarþingi með svofelldri ályktun, er samþykkt var einum rómi:

„Búnaðarþing telur nauðsynlegt að endurskoða „Lög um búfjárrækt" frá 5. júní 1957 og felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að kveðja til þess þrjá menn og sé endurskoðun lokið fyrir árslok 1963. Skulu þegar að endurskoðun lokinni væntanlegar breytingartillögur sendar fulltrúum Búnaðarþings til yfirlits, en síðan lagðar fyrir Búnaðarþing 1964."

Samkvæmt þessari ályktun hófst stjórn Búnaðarfélags Íslands handa um framkvæmdir og kvaddi til þrjá menn að endurskoða búfjárræktarlögin: Einar Gestsson, Gísla Magnússon og Sigurð Snorrason, og var hann skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin hefur lokið samningu „Frumv. til laga um búfjárrækt, forðagæzlu o. fl." Er þetta allmikill bálkur í 9 köflum, 82 greinum. Við samningu frumvarpsins naut nefndin aðstoðar og ráða góðra manna. Ber þar einkum til að nefna búnaðarmálastjóra og búfjárræktarráðunauta Búnaðarfélags Íslands, er allir voru reiðubúnir að veita aðstoð og upplýsingar þær, er um var beðið.

Eigi verður sagt, að nefndin hafi í frumvarpi sínu gert tillögur til stórvægilegra breytinga á búfjárræktarlögunum frá 1957, né heldur tekið upp mörg nýmæli. Hún taldi þó rétt, að athuguðu máli, að umsemja lögin í heild, en afgreiða ekki málið í formi breytingartillagna, sem vissulega hefðu þá orðið æði margar. Með þessum hætti verða lögin stórum aðgengilegri en ella og mun handhægari fyrir alla þá, sem þurfa að kynna sér ákvæði þeirra.

Löggjöf um búfjárrækt var fyrst sett árið 1931 (lög nr. 52 8. sept. 1931). Þau lög voru endurskoðuð og ný lög um búfjárrækt sett 1948 (lög nr. 19, 22. marz 1948), enda höfðu á þeim tíma, er liðinn var frá setningu hinna eldri laga, ýmsar breytingar verið á þeim gerðar. Enn voru lögin endurskoðuð og ný lög um búfjárrækt sett 1957 (lög nr. 54 5. júní 1957). Loks er svo sú endurskoðun, er nú hefur farið fram að tilhlutan Búnaðarþings og þess vænzt, að hún leiði til setningar enn nýrra búfjárræktarlaga eigi síðar en á næsta reglulegu Alþingi. Hefur þannig æ skemmri tími liðið í milli þess sem lögin hafa verið endurskoðuð og ný löggjöf sett. Verður þetta raunar að teljast næsta eðlilegt. Búpeningsrækt, ásamt með grasræktinni, sem undir henni stendur, er gildastur þáttur landbúnaðar á Íslandi. Því er fyrir öllu að vinda þann þátt svo, að sem traustastur megi reynast og haldbeztur. Þróun er ör. Hagnýtum vísindum fleygir fram með hverju ári. Þær framleiðslugreinar, sem ekki taka vísindin í þjónustu sína og notfæra sér niðurstöður þeirra, hljóta að dragast aftur úr. Og þó að rannsóknir og tilraunir í þágu íslenzks landbúnaðar eigi við að búa mikinn fjárskort og óhæga aðstöðu á ýmsa lund, þá verður að ætla, að smám saman rakni úr og mál þess öll færist til réttara horfs. Því er eigi kyn, þótt endurskoða þurfi á fárra ára fresti þá lagabálka, sem eru og eiga að vera máttugastir burðarásar allrar þróunar í íslenzkum landbúnaði, þ. e. búfjárræktarlög og jarðræktarlög, til að samræma lögin breyttum viðhorfum og marka ný. Er og borin von, að landbúnaðurinn fái valdið því hlutverki að vera sú kjölfesta í þjóðfélaginu, sem honum er áskapað að vera, ef honum er ekki veitt viðhlítandi aðstaða til æ vaxandi þróunar í öllum greinum.

Á undanförnum árum hafa bændur landsins kostað óhemju fé til að reisa hús yfir fénað og fóður. Á árunum 1951—1960 reistu þeir t. d. útihús fyrir 909 millj. kr., miðað við verðlag ársins 1960 (sbr. Árbók landbúnaðarins 1961, 3. h.).

Nefndin hefur ekki handbærar tölur um byggingarkostnað 1961—1963, en eigi þarf að efa, að þar sé um háar upphæðir að ræða.

Þetta eru miklir fjármunir, sem bændur hafa þannig fest í varanlegum húsum yfir fénað sinn og fóður, og ekki fengið til þess teljandi aðstoð af opinberri hálfu aðra en fyrirgreiðslu um lán úr Ræktunarsjóði, — lán, sem þeir að sjálfsögðu

verða sjálfir að standa undir. Enn fer því fjarri, að fullnægt sé byggingarþörfinni, ef svo verður fyrir séð, að landbúnaðurinn megi taka eðlilegum þroska. Þó má telja sennilegt, að framkvæmdir á þessum áratug verði eitthvað minni en á hinum fyrri, m. a. vegna þess, hversu kostnaður allur við að koma upp byggingum hefur hækkað. En einmitt fyrir þær sakir eru næsta litlar líkur til þess, að framlög bænda til þessara mála verði öllu minni, í krónum talin, en áður.

Hið mikla fjármagn, sem fest er í peningshúsum, gefur ekki beinan arð. Því veltur á miklu, að sjálfur fénaðurinn sé arðgæfur, svo sem bezt má verða. Arðsemi búpenings er undir tvennu komin: fóðrun og hirðingu annars vegar, kynbótum hins vegar. Hvort tveggja þetta þarf að fara saman, ef sæmilegur árangur á að nást, og er þó skynsamleg og góð fóðrun undirstaða þess, að kynbætur komi að fullu gagni og nái tilgangi sínum.

Hér skortir mikið á, að búfjárræktin, þessi höfuðframleiðslugrein íslenzks landbúnaðar, sé almennt þar á vegi stödd, sem vera þyrfti, þótt víst hafi nokkuð miðað til réttrar áttar. Sá er að sjálfsögðu tilgangur laga um búfjárrækt, að marka stefnuna og kveða á um nauðsynlega aðstoð af opinberri hálfu. Er þess að vænta, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, megi verða til þess, að áfram sækist hraðar en hingað til.

Árlega kosta bændur of fjár til fóðuröflunar og bygginga. Verður því að telja sanngjarnt og eðlilegt, að hið opinbera veiti þeim nokkurn stuðning til tryggingar því, að þeirra eigin framlög og erfiði allt vegna búfjárræktar komi að tilætluðum notum, — stuðning, sem þó getur aldrei orðið annað en smámunir einir á móts við allan kostnað.

Samkvæmt frumvarpinu falla nokkrir útgjaldaliðir niður. Á hinn bóginn hljóta flestir liðir að hækka nokkuð frá því, sem kveðið er á í lögunum frá 1957. Annað væri kák eitt og óraunhæft með öllu, eins og nú er háttað gildi alls gjaldmiðils. Þótti þó einsætt að fara þar svo hóflega í sakir, sem frekast var talið fært. Skal og í því sambandi bent á, að yfirleitt hefur verið fylgt þeirri stefnu, að leggja til að hækkuð séu þau framlög ein, sem veitt eru vegna sameiginlegra þarfa á félagslegum grundvelli. Má hiklaust telja, að þannig komi féð að meiri og almennari notum en ella mundi.

Eigi verður ætlað á um það með nokkurri vissu, hversu miklu mundi nema árleg útgjaldaaukning ríkissjóðs samkvæmt þessu frumvarpi, ef að lögum verður. Þó má leiða að því verulegar líkur.

Framlög ríkissjóðs samkvæmt gildandi lögum um búfjárrækt voru árið 1962 kr. 1 716 111.13. Eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, má gera ráð fyrir, að útgjaldaaukning ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu, ef að lögum verður, mundi geta numið ca. 1.2 millj. kr.

Með hliðsjón af því, hversu lág eru framlög ríkissjóðs samkvæmt lögunum frá 1957, verður naumast með réttu talið, að hér sé freklega til fjárins seilzt. Hins vegar er þess að vænta, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, örvi og auki alla starfsemi á sviði búfjárræktar í landinu á ýmsan hátt, en aukin starfsemi krefst að sjálfsögðu aukinna framlaga af opinberri hálfu. Um slíkt verður engin áætlun gerð, en í náinni framtíð getur þar naumast orðið um háar fúlgur að ræða.

II. Athugasemdir við einstaka kafla og greinar.

Um I. kafla.

Um starfsemi búfjárræktardeilda, búnaðarsambanda og héraðsráðunauta í búfjárrækt.

Um 1. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Vel getur búnaðarsamband náð yfir svo takmarkað svæði, að ekki sé ofætlan einum manni að annast leiðbeiningar bæði í búfjárrækt og jarðrækt. Er þá einsætt að ráða, ef kostur er, mann, er sé jafnvígur á hvort tveggja starfið. Hins vegar getur og búnaðarsamband spannað svo víðlent svæði, eða fjöldi búfjár slíkur, að einn ráðunautur í búfjárrækt fái eigi annazt áskilin störf, og er þá sjálfsagt að hafa heimild í lögum til að ráða fleiri.

Felld eru inn í þessa grein ákvæði 4. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Lagt er til, að héraðsráðunautar fái laun sín greidd að ⅔ hlutum úr ríkissjóði í staðinn fyrir að helmingi, svo sem nú er. Þá er einnig lagt til, að skrifstofu- og ferðakostnaður ráðunautanna greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en nú standa búnaðarsamböndin straum af þeim kostnaði öllum. Verður þessi breyting að teljast sanngjörn og eðlileg.

Rétt þykir að geta þess, að í nágrannalöndum okkar er þessum málum hagað á þann veg, að í Bretlandi er leiðbeiningarþjónusta landbúnaðarins, hverju nafni sem nefnist, öll greidd af opinberu fé. Danir, Norðmenn og Svíar greiða héraðsráðunautum helming launa úr ríkissjóði — og Danir þó að vísu meir, því að þeir verja nokkrum hluta af niðurgreiðslum ríkisins á búvöru „til þess að gera ráðunautaþjónustuna ódýrari", eins og það er orðað. En þess ber að gæta, að búnaðarsamtök þessara grannþjóða — en þau greiða helming launa héraðsráðunauta, sbr. þó Dani — eru gömul og gróin og svo miklum mun öflugri en sambærileg samtök íslenzk, að þar kemur ekki neinn jöfnuður til greina. Hafa þó búnaðarsamböndin íslenzku unnið furðuleg stórvirki, svo fátæk og fjárvana, sem þau eru.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um II. kafla.

Um nautgriparækt.

Um 6. gr.

Hér er sú breyting á, að lagt er til, að nýkjörin sveitarstjórn kjósi kynbótanefnd í stað þess, sem nú er kveðið á, að um kosningu í nefndina skuli fara „eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd". Sú er reynslan, að kosning kynbótanefndar á almennum kjörfundi til sveitarstjórnarkosninga hefur oft og einatt farizt fyrir. Er og meiri trygging fyrir því, að í nefndina veljist menn, er til starfans séu fallnir, ef til eru kvaddir eða kosnir af sveitarstjórn.

Um 7. gr.

Einsætt er að slá þann varnagla við samstarfi tveggja eða fleiri sveitarstjórna um kynbætur, að slíkt samstarf sé því aðeins leyfilegt, að sóttvarnargirðingar hamli ekki. Þá er og í greininni kveðið nánara á en áður um starfsemi kynbótanefndar, greiðslu kostnaðar o. fl., og ákvæði 7., 11. og 12. gr. gildandi laga dregin saman.

Um 8. gr.

Felld er niður heimild kynbótanefndar til að leyfa lausgöngu nauta. Dregin eru saman fyrirmæli 8., 9. og 10. gr. gildandi laga um það, hversu með skuli fara, ef naut sleppur úr haldi.

Um 9. gr.

Greinin er að efni til óbreytt frá 13. gr. gildandi laga.

Um 10. gr.

Framlag vegna starfsemi nautgriparæktarfélaga er hækkað lítils háttar frá því, sem kveðið er á um í 14. gr. gildandi laga, en jafnframt hert á skilyrðum fyrir því, að framlag sé greitt, þ. e. fjölgað fitumælingum.

Um 11. gr.

Framlag til nautgriparæktarfélaga vegna nautahalds er hækkað nokkuð, sbr. 15. gr. laganna. Verður sú hækkun að teljast næsta hófleg, þegar þess er gætt, að kostnaður við fóðrun og hirðing á fullorðnu nauti nemur varla minna en 10 þús. á ári. Með tilkomu sæðingarstöðva fækkar og nautum svo mjög, að hér verður aðeins um tiltölulega fá naut að ræða.

Um 12. gr.

Hér er sú breyting helzt frá því, sem nú er (sbr. 16. gr. búfjárræktarlaganna), að lagt er til að færðar séu á spjaldskrá allar kýr, þær sem á skýrslu eru, en spjaldskrárfærsla sé ekki bundin við það, að kýrin „gefi yfir 13000 fitueiningar árlega". — Felld eru niður úr þessari grein ákvæði síðari málsgreinar 16. gr. gildandi laga, sem greinin annars svarar til.

Um 13. gr.

Hér er upp tekið það nýmæli, að heimilt sé að afkvæmaprófa naut á búum einstakra bænda og til þess veitt nokkurt framlag, enda sé að því unnið á félagslegum grundvelli (nautgriparæktarsamband, búnaðarsamband). Er þessi skipan talin geta borið góðan árangur og vel henta, ef vissar aðstæður eru fyrir hendi.

Um 14. gr.

Greinin svarar til 17. gr. gildandi laga og er efnislega óbreytt, en lagt til, að framlög hækki nokkuð.

Um 15. gr.

Felld eru niður ákvæði tilsvarandi — 18. — greinar búfjárræktarlaganna um framlög til kúaverðlauna á hreppasýningum eða búnaðarfélaga, enda geta þau aldrei orðið það há, að nokkru nemi. Hins vegar þykir rétt að veita viðurkenningu fyrir beztu kýrnar, og þá í því formi, sem Búnaðarfélag Íslands ákveður. Um leið falla þá og niður framlög ríkissjóðs vegna kúaverðlauna á sýningum þessum. Aftur á móti er tekið inn framlag vegna sýningahalds, en sýningar reynast nú orðið kostnaðarsamar sakir bílflutninga á gripum o. fl. I. og II. verðlaun fyrir naut eru hækkuð lítils háttar, svo og heiðursverðlaun fyrir kýr, sem nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands telur að naumast fái fleiri hlotið en ein af hverjum 6 þúsund.

Um 16. gr.

Hér er lagt til, að sú breyting sé gerð á 19. gr. gildandi laga, að hámark stofnframlags ríkissjóðs til nautagirðingar hækki um allt að kr. 600.00.

Um 17. gr.

Í greininni er lagt til, að sú efnisbreyting ein sé gerð á 20. gr. gildandi laga, að búum þeim, sem þar er fjallað um, sé fækkað um 20, en kostnaður vegna eftirlits hækki lítils háttar.

Um III. kafla.

Um sauðfjárrækt.

Um 18. gr.

Greinin svarar til 21. gr. búfjárræktarlaganna. Efnisbreytingar eru ekki aðrar en þær, að eigi má félagsmaður í sauðfjárræktarfélagi færri ær hafa skýrslufærðar en 12 í stað 8, sem nú er, og að felld er niður, sbr. 2. tölulið, skylda til að vega sláturlömb áður en lógað er, enda lækkar þá framlagið um 75%. Þykir rétt, eftir atvikum, að heimila þessa undanþágu sakir þess, að ýmsir telja tormerki á að vega lömb vegna manneklu og mikilla anna í sláturtíð.

Um 19. gr.

Í þessari grein er lagt til að hækkuð séu nokkuð framlög til sauðfjárræktarfélaga frá því, sem kveðið er á í 22. gr. gildandi laga. Framlag á I. verðlauna hrút helzt óbreytt, en hafi hrútur fengið góðan dóm við afkvæmaprófun, greiðast á hann kr. 1330.00 og er það nýmæli.

Um 20. gr.

Hér er upp tekið það nýmæli að veita megi nokkurt framlag til stofnræktunar sauðfjár, kr. 10.00 á hverja á, skýrslufærða í stofnræktun, og greiði ríkissjóður 80% framlagsins en annar aðili, einn eða fleiri, 20%. Þurfa til að koma tillögur og meðmæli þriggja aðilja, svo sem kveðið er á í greininni; eru skilyrði því allströng. Stofnræktun er kostnaðarsöm og verður eigi hafin eða framkvæmd nema á allstóru fjárbúi. Þarf því naumast að ætla, að framlög verði mikil hennar vegna fyrst um sinn.

Fellt er niður ákvæði 23. gr. búfjárræktarlaganna um framlag ríkissjóðs til sauðfjárræktarbúa, tveggja í hverjum landsfjórðungi. Verður að líta svo á, að fjárræktarfélögin hafi tekið við hlutverki sauðfjárræktarbúanna, og því sé ekki brýn þörf að leggja þeim fé.

Um 21. gr.

Í greininni eru dregin saman meginatriði 25. og 26. gr. búfjárræktarlaganna. Felld er niður heimild til að „láta hrúta ganga með ám eftir 20. desember", enda naumast á valdi hreppstjóra um að dæma „hvort hrútar þessir geti ekki valdið öðrum fjáreigendum tjóni", eins og segir í 25. gr. laganna. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 22. gr.

Fellt er niður ákvæði 27. gr. gildandi laga um framlag ríkissjóðs til verðlauna á hreppasýningum, sbr. og 15. gr. þessa frumvarps. Hins vegar þykir rétt að veita viðurkenningu fyrir góða hrúta eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur.

Um 23.—26. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 28.—31. gr. gildandi laga og þarfnast ekki skýringa.

Um 27. gr.

Greinin fjallar um afkvæmarannsóknir. Í henni felast nokkur nýmæli, sem eigi er þörf að skýra. Lagt er til, að framlag á hverja á, sem skýrslufærð er í afkvæmarannsóknum, hækki lítils háttar.

Um 28. gr.

Þessi grein fjallar um varðveizlu geitfjárstofnsins í landinu. Hvað sem er um gagnsemi geitahalds, mundi vera að sjónarsvipir, ef geitin væri horfin úr fáskrúðugu dýralífi landsins. Búnaðarþing 1960 leit og þannig á. Samþykkti þingið ályktun um viðhald geitfjárstofnsins. Er grein þessi efnislega samhljóða ályktun Búnaðarþings. Þykir bezt á því fara, að greininni sé hnýtt aftan í kaflann um sauðfjárrækt.

Um IV. kafla.

Um hrossarækt.

Um 29. gr.

Lagt er til, að hrossakynbótanefnd sé kosin af nýkjörinni sveitarstjórn hverju sinni, sbr. 6. gr. Að öðru leyti er greinin efnislega samhljóða 33. gr. búfjárræktarlaganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 30. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 34. gr. gildandi laga að öðru en því, að lagt er til, að „öðrum kostnaði“ vegna kynbótastarfs innan hrepps sé jafnað niður á eigendur hrossa eða fjárins aflað á annan hátt, án þess að einskorðað sé við tölu fæddra folalda.

Um 31. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Greinin er fyllri en tilsvarandi (36.) grein gildandi laga. Tekin eru af tvímæli um það, hvert færa beri lausgönguhest, ógeltan, sem handsamaður hefur verið, sem og um hitt, hversu heimta skuli gjald vegna fyrirhafnar og kostnaðar við handsömun, ef eigi semst.

Um 33.—37. gr.

Greinarnar eru sama efnis og 37.—40. gr. og 42. gr. búfjárræktarlaganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 43. gr. gildandi laga, en framlag til hrossaræktarfélaga vegna stóðhestakaupa hækkað allverulega, enda mjög hátt verð á góðum stóðhestum.

Um 39. gr.

Greinin er sama efnis og 44. gr. gildandi laga, en lagt til, að framlag til hrossaræktarfélaga vegna stóðhestahalds hækki eðlilega.

Um 40. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 45. gr. gildandi laga, en lagt til, að framlag vegna girðingar hækki í hlutfalli við hækkað verðlag, enda tilskilið, að girðing sé sjöföld.

Um 41. gr.

Greinin er í nokkrum meginatriðum breytt frá tilsvarandi (46.) grein búfjárræktarlaganna. Í fyrsta lagi er kveðið svo á, að stofna megi hrossaræktarsamband, þótt eigi nái yfir fleiri hreppa en 5, né heldur hafi innan sinna vébanda fleiri en 500 hryssur fullorðnar. Er þetta mikil breyting frá þeim ákvæðum, sem nú gilda, þar sem miðað er við sem lágmark 10 hreppa og 1000 hryssur. Þykir ekki rökstudd ástæða til að banna stofnun hrossaræktarsambands með fullum réttindum og skyldum, þótt í smærri sniðum sé, og fyrirmuna því að njóta þeirra hlunninda, er lögin áskilja samböndunum til handa. Eru og uppi nokkrar raddir um það, að hin stóru hrossaræktarsambönd kunni að reynast þung í vöfum. Þykir því sjálfsagt að liðka hér til og láta reynslu skera úr um það, hvað bezt muni henta til frambúðar.

Í annan stað er kveðið á um árlegt framlag, kr. 50.00 á hverja skýrslufærða hryssu, sem leidd er til kynbótahesta.

Í þriðja lagi er lagt til, að breytt sé því ákvæði gildandi laga, að aldrei skuli „veita styrk á fleiri stóðhesta en svo, að minnst 100 hryssur, fjögurra vetra og eldri, verði um hvern“. Þetta er með öllu óraunhæf tala. Þykir hæfilegt að binda lágmarkið við 50 hryssur.

Um 42.—44. gr.

Greinarnar eru sama efnis og 48.—50. gr. búfjárræktarlaganna og þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr.

Í greininni er lagt til, að framlag ríkissjóðs, sem og annarra tilgreindra aðilja, til verðlauna á sýningum þeim, sem haldnar eru samkv. 44. gr., hækki hlutfallslega.

Þá er og lagt til, að hin ýmsu verðlaun fyrir hryssur og stóðhesta hækki hlutfallslega frá því, sem kveðið er á í 51. gr. gildandi laga, eftir flokkun gripanna og gæðum.

Um 46. gr.

Lagt er til, að heiðursverðlaun á afkvæmasýningum fyrir stóðhesta verði tvöfölduð, sbr. 52. gr. gildandi laga. Þá er og gerð sú breyting á, að umsókn um afkvæmasýningu skuli vera komin til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. marz. Slíkar sýningar eru að öllum jafnaði haldnar að vorinu, og veitir ekki af verulegum tíma til undirbúnings.

Um 47. gr.

Í greininni er heimilað, samkvæmt ósk aðalfundar Landssambands ísl. hestamannafélaga 1963, að halda landssýningu fyrir reiðhesta þriðja hvert ár. Í 53. gr. gildandi laga er heimildin bundin við fjórða hvert ár. Þykir ekki ástæða til að ganga í gegn óskum aðalfundar Landssambandsins, og því er heimildarákvæðinu breytt. Landssýning þarf langan undirbúningstíma, og því er kveðið svo á, að umsókn um sýningarleyfi skuli hafa borizt Búnaðarfélagi Íslands fyrir 15. marz.

Um 48. gr.

Greinin felur í sér það nýmæli, að ríkið skuli reka tvö hrossaræktarbú, annað norðanlands, hitt sunnan, til stofnræktunar góðhestakynja og afkvæmaprófunar.

Þótt íslenzki hesturinn gegni nú orðið ekki að öllu hinu sama hlutverki og áður fyrr, þá er hann um alla hluti þvílíkur kjörgripur og hefur á liðnum árum og öldum verið þjóðinni allri þess virði, að hann á það meira en skilið, að honum sé sómi sýndur og áherzla á það lögð, að varðveita hans beztu kosti, sem með réttu mega kallast ómetanlegir. En stofnræktun hrossakynja er bæði vandasöm og dýr. Því er naumast við að búast, að einstakir menn gangist undir þá ábyrgð og áhættu, er stofnræktun íslenzka góðhestsins hlýtur að fylgja, né heldur hafi bolmagn til. Þykir því einsætt, að hið opinbera verði þar til að koma og taka málið í sínar hendur.

Hér verður að sjálfsögðu um nokkur útgjöld fyrir ríkissjóð að ræða. En í því sambandi ber þess að gæta, að árum saman hafa tvö hrossaræktarbú notið nokkurs opinbers styrks. Má ætla, að hin nýju hrossaræktarbú yfirtækju þessi eldri bú, enda annað þeirra ríkiseign. Yrði því ekki að öllu um ný útgjöld að ræða af hálfu ríkissjóðs.

Um V. kafla.

Um svínarækt og alifugla.

Þessi kafli allur, 49.—53. gr., er tekinn hér upp úr búfjárræktarlögunum frá 1957, 55.—59. gr., óbreyttur að efni til.

Um VI. kafla.

Um sæðingu búfjár.

Um 54. gr.

Í greininni eru framlög hins opinbera færð til raunhæfara horfs en 60. gr. búfjárræktarlaganna kveður á. Lagt er til, að hámark stofnframlags til sæðingar-

stöðvar hækki verulega frá því, sem kveðið er á um í gildandi lögum og verði þó aldrei yfir þriðjung stofnkostnaðar. Sæðisflutningar fara æ vaxandi; verður því ekki komizt hjá að reka dýrar dreifistöðvar. Því er lagt til, að dreifistöð njóti sama stofnframlags og aðalstöð, þ. e. þriðjungs stofnkostnaðar.

Þá er lagt til, að rekstrarstyrkur til sæðingarstöðvar hækki úr ⅓ í ⅔ hluta árslauna starfandi sérfræðings í búfjársæðingum; enn fremur að framlag á hverja sædda kú, sem fang fær, hækki um kr. 2.00 og framlag á hverja á, sem sædd er, hækki um 70 aura.

Ekki er ósennilegt, að sæðingar verði, er stundir líða, notaðar við frjóvgun fleiri tegunda búfjár en sauðfjár og nautgripa. Þykir því rétt að kveða á um, að greitt skuli framlag í því skyni, ef til kemur.

Um 55. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 61. gr. búfjárræktarlaganna og þarfnast ekki skýringa.

Um VII. kafla.

Um ræktun erlendra búfjárkynja og blöndun þeirra við innlent búfé.

Um 56.—59. gr.

Greinarnar eru samdar af nefnd þeirri, stjórnskipaðri, er samdi lög um innflutning búfjár frá 1962, og sniðnar til samræmis við þau, og síðan samþykkt á Búnaðarþingi 1962.

Um 60. gr.

Meðan lög um innflutning búfjár nr. 74 28. apríl 1962 koma ekki til framkvæmda, þykir rétt að lögfesta heimild til að hagnýta til einblendingsræktar undir eftirliti Búnaðarfélags Íslands, holdanautastofn þann, sem til er í landinu.

Þá er lagt til, að sett verði saman bú úrvalsgripa af stofni þessum, enda mætti þá hagnýta stofninn, þegar áðurgreind lög koma til framkvæmda.

Um VIII. kafla.

Um forðagæzlu og fóðurbirgðafélög.

Um 61. gr.

Fellt er niður það ákvæði í 66. gr. búfjárræktarlaganna, að sýslunefnd skuli kveða á um tölu forðagæzlumanna í hverjum hreppi, enda mun naumast almennt hafa eftir því ákvæði verið farið.

Um 62. gr.

Í greininni er lagt til, að hreppsnefnd ráði vali forðagæzlumanns, sbr. athugasemd við 6. og 29. gr. frumv.

Um 63. gr.

Í greininni felst nýmæli. Ekki leikur á tveim tungum, að ásetningur búfjár svo og eftirlit með fóðurbirgðum og fóðrun er víða ekki í því lagi, sem vera ber. Er því brýn nauðsyn á traustara og öruggara eftirliti. Hér er svo mikið í húfi, að eigi tjóar að horfa í, þótt af leiði lítils háttar aukin útgjöld. Þykir einna tiltækilegast og vænlegast til árangurs að binda búnaðarsamböndin í málið og fela ráðunautum þeirra að hafa yfirumsjón með forðagæzlu og fóðrun búfjár, hverjum í sínu umdæmi. Til frekara öryggis skal ráðunautur eða trúnaðarmaður hans undirrita allar forðagæzluskýrslur ásamt með forðagæzlumanni, sbr. þriðju málsgr. 64. gr.

Telji stjórn búnaðarsambands nauðsyn bera til að ráða sérstakan trúnaðarmann ráðunaut til aðstoðar við eftirlitið, þykir rétt, að þóknun til hans greiði búnaðarsambandið að ⅓ og ríkissjóður að ⅔ hlutum.

Um 64.—68. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa, enda lítið breyttar að efni til frá 68.—72. gr. búfjárræktarlaganna.

Um 69. gr.

Lagt er til, að tvöfölduð séu gjöld öll, þau er kveðið er á um í 73. gr. gildandi laga, hvort heldur ríkissjóður, sveitarsjóður eða eigandi búfjár greiðir gjaldið af hendi.

Um 70.—71. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 72. gr.

Í 77. gr. gildandi laga er svo kveðið á, að létta megi iðgjöldum af félagsmönnum, þegar sjóður fóðurbirgðafélags er orðinn það gildur, að hann nemur kr. 800.00 á hvern. Eins og nú er komið gildi peninga, er þetta fráleitt með öllu, og því lagt til, að lágmarkið sé hækkað upp í kr. 4000.00.

Um 73.—76. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um IX. kafla.

Almenn ákvæði.

Um 77.—82. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 79. Breytingartillögur [29. mál]

við frv. til laga um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.

Frá Óskari Jónssyni.

1. Við 10. gr. Síðari málsgrein orðist svo:
   Laun fastakennara skulu ákveðin samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.
2. Við 11. gr. Síðasta málsgreinin falli burt.
3. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Yfirstjórn skólans hefur samgöngumálaráðuneytið.
4. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Kostnaður við stofnun skólans og rekstur greiðist úr ríkissjóði.
5. Við 14. gr. Síðari málsliður falli burt.

Ed. 80. Breytingartillögur [58. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 3. gr. Orðin „svo og undanþegin erfðafjárskatti, sbr. lög nr. 30 1921“ í niðurlagi gr. falli niður.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „vegna innlausnar á þeim, er upphaflega verða útgefin“ komi: í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin.

Nd. 81. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til laga um launaskatt.

Frá Birni Pálssyni og Jóni Skaftasyni.

1. málsgr. 1. gr. breytist þannig. Á eftir orðunum „öðrum en tekjum af landbúnaði“ komi: og tekjum skráðra sjómanna á fiskiskipum.

Ed. 82. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á 4 fundum.

Mætti fjármálaráðherra á einum fundi n. og upplýsti þar meðal annars, að fyrirhuguð lengd lánstíma væri 3—10 ár, gert væri ráð fyrir 6% vöxtum fyrstu árin, en síðan hækkandi, þannig að meðalvextir fyrir 10 ára tímabil yrðu 7.2%, og yrði þeim hluta lánsins, er varið yrði til verklegra framkvæmda, varið til raforkuframkvæmda, hafna, vega, sjúkrahúsa- og skólabygginga, kísilgúrverksmiðju og atvinnubótasjóðs.

Nefndin flytur öll brtt. á sérstöku þingskjali. Að öðru leyti mælir undirritaður meiri hl. með samþykkt frv., en þeir HB og KK áskilja sér þó rétt til að fylgja brtt. BJ skilar séráliti.

Alþingi, 12. nóv. 1964.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Helgi Bergs.
Magnús Jónsson.	Karl Kristjánsson.	Þorv. G. Kristjánsson.

Nd. 83. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frumvarpið, og mælir undirritaður meiri hluti hennar með, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (SkG) tekur ekki afstöðu til frumv., og tveir nefndarmenn (MB og RA) voru fjarstaddir, þegar frumv. var afgreitt.

Alþingi, 10. nóv. 1964.

Einar Ingimundarson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Óskar Jónsson.
	Pétur Sigurðsson.	

Ed. 84. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er lagt til að heimila ríkisstjórninni að bjóða út innanlands 75 millj. kr. skuldabréfalán, og skal lánsfé þessu varið samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar til ótiltekinna framkvæmda á vegum ríkisins og til greiðslu á skuldum ríkisins og Ríkisábyrgðasjóðs. Skuldabréf þessi skulu verðtryggð þannig, að vextir og afborganir verði bundnar ótiltekinni vísitölu, sem ráðherra ákveður.

Frumvarpið felur því ekki í sér nein ákvæði um lánskjör, lánstíma né heldur ákvæði um, til hvaða framkvæmda fénu skuli varið. Nokkrar upplýsingar um þessi atriði hafa fengizt við athugun málsins í fjhn. eða öllu heldur um það, hvaða hugmyndir hv. ríkisstjórn hefur á þessu stigi málsins gert sér um lánskjör og úthlutun lánsfjárins. Engu að síður verður að telja harla óviðfelldið og óeðlilegt, að Alþingi afsali sér ákvörðunarrétti um lánskjör og veitingavaldi á því fé, sem ríkissjóður fær hér að láni. Er undirritaður því eindregið andvígur og mun flytja brtt. lútandi að því, að Alþingi ráði bæði lánskjörum og úthlutun fjárins.

Við umræðu um málið í n. er upplýst, að fyrirhugað er, að meðalvextir skuldabréfalánsins verði 7.2% og að auki leggist á vexti og afborganir verðbætur samkv. vísitölu byggingarkostnaðar. Er hér því greinilega um að ræða óhagstæðari lánskjör en nokkru sinni hafa áður þekkzt við lántökur ríkissjóðs, og einnig felst í aðferð þessari greinileg vísbending um það, að halda eigi fast við hina háu vexti, sem ríkisstjórnin hefur komið á í lánakerfinu. En vaxtahæðin, sem nú gildir, er orðin enn meiri og hættulegri fásinna, eftir að tímabil verðstöðvunar hófst með samningum verkalýðshreyfingarinnar við atvinnurekendur og ríkisstjórn á s. l. vori.

Í frv. er lagt til, að skuldabréfin svo og vextir af þeim og verðbætur skuli undanþegin framtalsskyldu. Er hér um nýmæli að ræða í skattamálum, að því er verðbréf áhrærir, og að áliti minni hl. fjhn. mjög varhugavert með tilliti til nauðsynlegs skattaeftirlits. Enda mun ekkert samráð hafa verið haft við skattayfirvöld um nýmæli þetta.

Með frv. þessu er því slegið föstu af hálfu hv. ríkisstjórnar, að þrátt fyrir þá gífurlegu skattheimtu, sem hún hefur beitt sér fyrir og fengið framgengt, sé fjárhagur ríkissjóðs ekki betri en svo, að brýn þörf sé á því orðin að taka lán, sem síðar verði endurgreidd með enn hækkuðum sköttum almennings á næstu árum, og enn fremur, að nauðsynlegt sé, að slík lántaka fari fram við afarkosti og í kapphlaupi við viðskiptabankana um það innstæðufé, sem ella rynni til rekstrar atvinnuveganna og framkvæmda þeirra. Er slík óbein yfirlýsing hv. ríkisstjórnar vissulega allrar athygli verð, jafnvel þótt gildi hennar sé dregið í efa.

Minni hl. fjhn. viðurkennir fullkomlega nauðsyn þeirra framkvæmda, sem ætlað mun að styðja með lánsfé því, sem hér ræðir um, og mun því ekki ganga gegn því, að fyrirhugað lánsútboð fari fram, þótt önnur úrræði séu vafalaust fyrir hendi. Hins vegar telur hann óhjákvæmilegt, að breytingar verði gerðar á frv. í samræmi við framanritað, og mun flytja till. þar að lútandi.

Alþingi, 12. nóv. 1964.

Björn Jónsson.

Ed. 85. Breytingartillögur [58. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá Birni Jónssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., skulu verðtryggð þannig, að greiðslur vaxta af þeim og afborganir skulu bundnar vísitölu byggingarkostnaðar.
   Lánstími skal vera allt að 10 ár og vextir 4%—5% eftir nánari ákvörðun ráðherra.
2. Við 3. gr. Niður falli orðin „framtalsskyldu og".
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskírteina skv. 1. gr., skal varið til framkvæmda á vegum ríkisins eftir ákvörðun Alþingis.

Nd. 86. Frumvarp til laga [71. mál]

um menntaskóla Austurlands á Eiðum.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Jónas Pétursson, Halldór Ásgrímsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Stofna skal menntaskóla Austurlands á Eiðum.
Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Það er markmið skólans að efla þroska nemenda sinna, veita þeim framhaldsmenntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám.

3. gr.

Í skólanum eru fjórir ársbekkir.

4. gr.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skólann.

5. gr.

Almenn inntökuskilyrði eru þessi:
1. Að nemandi, sem tekinn er í 1. bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót. Aldursákvæði samkvæmt þessu gilda um inntöku í aðra bekki. Skólastjórn getur þó veitt undanþágu frá þessum ákvæðum.
2. Að nemandi hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti að meini orðið.
3. Að hann sé siðferðilega óspilltur.
4. Að hann leggi fram vottorð þau, sem reglugerð ákveður.

6. gr.

Rétt til inngöngu í 1. bekk skólans veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.

7. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki skólans verður nemandi að hafa staðizt miðskólapróf í bóknámsdeild með tilskilinni lágmarkseinkunn og árspróf næsta bekkjar fyrir neðan þann, er hann sækir um inntöku í. Auk þess verður hann að sýna, annaðhvort með prófi eða skilríkjum, er skólastjórn tekur gild, að hann hafi numið það, sem kennt er í þeim bekkjum, er hann kann að hafa hlaupið yfir.

8. gr.

Í skólanum skal kenna þessar námsgreinar: íslenzku og íslenzk fræði, dönsku, ensku, þýzku, frönsku, latínu, sögu og félagsfræði, kristinfræði, bókfærslu, íþróttir og söng. Heimilt er stjórn skólans að fjölga námsgreinum eða fækka að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

9. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok hvers skólaárs, og er próf 4. bekkjar stúdentspróf. Árspróf veitir nemanda, er stenzt það, rétt til að setjast í næsta bekk fyrir ofan. Það getur verið lokapróf í einstökum greinum, eftir því sem fyrir verður mælt í reglugerð.

10. gr.

Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í háskóla með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.

11. gr.

Við árspróf dæma kennarar skólans um úrlausnir hver hjá öðrum. Við stúdentspróf og próf í þeim greinum, sem fyrr er lokið og til þess teljast, dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómendur, skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum háskólaráðs og forstöðumanns skólans. Nánar verður kveðið á um próf og einkunnir í reglugerð skólans.

12. gr.

Forstöðumaður skólans og fastir kennarar hans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þeir skulu skipaðir af forseta Íslands. Leita skal áður umsagnar skólastjórnar. Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn fastur kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild. Forstöðumaður ræður stundakennara og annað starfsfólk skólans með samþykki fræðslumálastjórnar.

13. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. Þeir skulu einnig hafa numið uppeldisfræði og stundað kennsluæfingar.

Undanþágu frá þessu ákvæði má þó veita samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð, ef sérstaklega stendur á.

14. gr.

Skylt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, en fækka má þó kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og í 17 stundir, er hann verður sextugur.

Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við forstöðumann og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætíð átt við 45 mínútna kennslustund.

15. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum eitt ár til þess að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur greinargerðina fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt ársorlof nema einu sinni. Beiðni um ársorlof skal senda ráðherra með árs fyrirvara.

Menntamálaráðuneytið veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir, að orlofsári loknu, að gefa fullnægjandi skýrslu um orlofið að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Þess skal gætt, að framkvæmd orlofs trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

Nánari ákvæði um réttindi og skyldur kennara verða sett með reglugerð.

16. gr.

Menntamálaráðuneyti hefur á hendi yfirstjórn skólans. Forstöðumaður skólans og fastir kennarar skipa skólastjórn, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er eitt af skilyrðum þess, að byggðin í landinu þróist með eðlilegum hætti, að ríkisvaldið styðji sem víðtækasta starfsemi í hverjum landsfjórðungi og beiti sér fyrir framkvæmdum í því skyni.

Miklu máli skiptir, að skólar og aðrar menntastofnanir séu efldar í hverjum landshluta og nýjum komið á fót.

Með skólalöggjöfinni, sem í gildi er, var stefnt að því að gera aðstöðu ungmenna til framhaldsnáms hvarvetna á landinu sem jafnasta, þannig að í kaupstöðum og hinum fjölmennari héruðum landsins gætu nemendur í skólum gagnfræðastigsins lokið prófi, er gilti sem inntökupróf í menntaskóla. Þetta hefur greitt götu margra æskumanna á námsbraut, þótt ekki hafi tekizt alls staðar að ná settu marki, þar sem orðið hefur sökum þrengsla í héraðsskólunum að synja um skólavist allmörgum, er sótt hafa um inntöku í þá skóla. Þannig er því farið um hina merku menntastofnun Austurlands, Eiðaskóla.

Skólaárið 1963—64 voru samt við nám í Eiðaskóla 131 nemandi. Í gagnfræðaskóla Neskaupstaðar sátu þá 79 nemendur. Og í unglingaskólum á ýmsum stöðum í Austurlandskjördæmi stunduðu þá nám 200 nemendur. Í þessum landsfjórðungi voru þá nemendur á gagnfræðastiginu samtals 410.

En æskumönnum á Austurlandi gefst ekki kostur á menntaskólanámi heima í fjórðungnum. Allir þeir, er sækja vilja um inntöku í menntaskóla, verða að leita þaðan burt.

Þörfin á því að fjölga menntaskólum hér á landi er mikil og almennt viðurkennd. Reynslan sýnir, að árangur námsins verður betri, ef skólarnir eru ekki mjög stórir, í stað þess að safna saman á einn stað mörgum hundruðum nemenda. Þessi reynsla styður það, að menntaskólar starfi í öllum landsfjórðungum.

Þegar menntaskólar voru settir á stofn á Akureyri og á Laugarvatni, var nokkur andstaða gegn því að fjölga menntaskólum. Reynslan af starfsemi þeirra hefur fyrir löngu sannað, að sú ráðstöfun var rétt að koma á fót þeim menntastofnunum. Svipuð mun þróunin verða, ef stofnaður yrði menntaskóli á Austurlandi.

Að dómi flutningsmanna þessa frv. er eðlilegt og réttmætt, að stofnaður verði sem fyrst menntaskóli á Austurlandi, enda mjög mikilvægt, að slík menntastofnun verði reist og starfi í landsfjórðungnum.

Í 1. gr. þessa frv. er svo fyrir mælt, að stofna skuli menntaskóla Austurlands á Eiðum og að kostnaður við stofnun hans og rekstur greiðist úr ríkissjóði. Vissulega geta þó aðrir staðir komið til greina, svo sem Egilsstaðakauptún. Að öðru leyti eru í frv. almenn ákvæði um starfsemi skólans, og eru þau að öllu leyti hliðstæð ákvæðum í gildandi lögum um menntaskóla.

Allir þingmenn Austurlands standa að flutningi málsins.

Ed. 87. Frumvarp til laga [72. mál]

um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðherra ákveður laun matsstjóra og matsmanna. Skulu laun þeirra greidd úr ríkissjóði. Síldarsaltandi skal greiða til síldarmats ríkisins tímakaup matsmanna fyrir þann tíma, sem þeir vinna við mat, eftirlit og annað í þágu síldarsaltanda. Til að standast kostnað við matið að öðru leyti, svo sem ferðakostnað matsmanna o. fl., skal heimilt að taka af hverri útflutningsmetinni tunnu matsjald, er nemi kr. 6.00. Gjald þetta skal innheimt af lögreglustjóra, ásamt útflutningsgjaldi.

Síldarmatsmenn skulu starfa undir stjórn síldarmatsstjóra og bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Um kaup síldarmatsmanna, ferðakostnað, dagpeninga, vinnutíma o. fl., skal nánar ákveðið í erindisbréfi þeirra.

2. gr.

Aftan við 5. gr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Um kostnað við frjálst mat á síld fer samkvæmt 3. grein.

3. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 23 23. apríl 1957, um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkeðri síld.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp, samhljóða því, sem hér er lagt fram, var lagt fram á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu. Í athugasemdum með frumvarpinu sagði þá m. a.:

„Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er samhljóða lögum um sama efni, sem nú gilda, nr. 23/1957, að öðru leyti en því, að matsgjald af hverri útflutningsmetinni tunnu er ákveðið kr. 6.00 í stað kr. 0.50. Gjald þetta var upphaflega ákveðið með lögum nr. 53/1938, kr. 0.25 á tunnu.

Tilkostnaður við síldarmatið hefur stórhækkað á undanförnum árum, svo að tekjur þess af matsgjaldi og seldri tímavinnu eru orðnar óverulegur hluti gjaldanna. Auk almennra hækkana á tilkostnaði við síldarmatið, launum, ferðakostnaði o. s. frv., er þess að gæta, að saltsíldarverkun hefur hin síðustu ár hafizt á fjölmörgum stöðum, þar sem hún áður var óþekkt.

Í stað þess að síldarsöltun var lengi takmörkuð við Siglufjörð og Eyjafjarðarhafnir, var á s. l. sumri saltað á 21 stað á svæðinu frá Siglufirði til Djúpavogs, auk

13 staða á svæðinu frá Grindavík til Ísafjarðar að vetrinum. Þessi útþensla veldur að sjálfsögðu miklum kostnaðarauka, en ekki tekjuaukningu að sama skapi.

— — —

Vegna hugsanlegs samanburðar við aðrar greinar ríkismats á fiskafurðum, greiða framleiðendur freðfisks, skreiðar og saltfisks allan undirmatskostnað. Þar kemur hins vegar ekki eins mikið til greiðslu ferðakostnaðar og dagpeninga eins og þegar síldarmat á í hlut.“

Ekki verður talin nokkur minnsta ástæða til að ríkissjóður greiði miklar fjárhæðir með starfsemi eins og mati á saltsíld og því er frumvarp þetta flutt.

Gjaldið kr. 6.00 pr. tunnu miðast við, að það hrökkvi nokkurn veginn fyrir útgjöldum.

Ed. 88. Frumvarp til laga [58. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. nóv.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Skuldabréfin og spariskírteinin, svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 70 1962.

4. gr.

Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskírteina skv. 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt í samráði við fjárveitinganefnd að verja til framkvæmda á vegum ríkisins og til greiðslu á skuldum ríkissjóðs og Ríkisábyrgðasjóðs.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að gefa út ný verðbréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því, sem á þarf að halda, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr., að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 89. Breytingartillaga [45. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

Frá samgöngumálanefnd.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsliður:
Endurlán með gengisákvæði á erlendu lánsfé skulu eigi vísitölubundin.

Ed. 90. Breytingartillögur [45. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

Frá Páli Þorsteinssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

34. gr. laganna orðist þannig:

Lánstími er allt að 15 árum. Lánin má veita afborgunarlaust fyrstu tvö árin, enda greiðist þau eftir það með jöfnum afborgunum. Ráðherra ákveður vaxtafót lánanna. Vextir af lánum með vísitöluákvæði skulu þó ekki vera hærri en 4%.

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt, að dómi ráðherra.

Nú tekur ferðamálasjóður lán með vísitöluákvæði eða fær til starfsemi sinnar vísitölutryggt fé, skv. 27. gr., og skal þá sá hluti af lánum úr sjóðnum, er samsvarar hinu vísitölutryggða fé, vera með vísitölukjörum, þannig að greiðsla afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar.

Nd. 91. Frumvarp til laga [73. mál]

um afnám laga nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna, o. fl.

Flm.: Einar Olgeirsson, Lúðvík Jósefsson, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Lög nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna, eru úr gildi fallin.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal í samráði við stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og stjórnir þeirra sérfélaga þess, er málið sérstaklega varðar, undirbúa frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmannafélaga, er gegna þess háttar störfum, að framkvæmd þeirra varði líf og heilsu almennings. Skal frumvarpið miða að því að tryggja rétt þessa starfsfólks til hagsmunabaráttu, eins og frekast samræmist öryggi um líf og heilsu almennings. Þegar samkomulag hefur náðst um slíkt frumvarp milli samtaka þessara og ríkisstjórnar, skal leggja það fyrir Alþingi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögin frá 1915, er banna opinberum starfsmönnum verkföll, eru löngu úrelt. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur hvað eftir annað krafizt fulls samningsfrelsis, þ. e. réttar opinberra starfsmanna til verkfalla.

Það takmarkaða frelsi, er opinberir starfsmenn fengu með lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þar sem hins vegar kjaradómur hafði gerðardómsvald, hefur sýnt sig að vera algerlega ófullnægjandi fyrir starfsfólk hins opinbera. Er því nauðsynlegt, að stigið verði sporið áfram til fulls frelsis þessa hluta launþega, sem vissulega eiga rétt á að njóta sömu réttinda og verkalýðssamtökin þegar hafa aflað sér.

Hvað snertir þau félög starfsmanna, sem gegna störfum, sem líf og heilsa almennings ríður á að gegnt sé að vissu marki, svo sem störf lækna, hjúkrunarfólks,

slökkviliðs o. fl., þá er rétt, að B. S. R. B. og þessi félög þess semji við ríkisstjórn um frv., er ákveði skyldur og réttindi þessa fólks í hagsmunabaráttunni. Launþegafélög, er slíkum störfum gegna, hafa sýnt það í hagsmunabaráttunni, að þau vilja taka rétt tillit í þessum málum, og er því bezt, að um þau sé gerður eins konar samningur, er öðlist lagagildi.

Nd. 92. Lög [2. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Afgreidd frá Nd. 16. Nóv.)

Samhljóða þskj. 2.

Ed. 93. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Flm.: Magnús Jónsson.

1. gr.

Á eftir síðari mgr. 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Tóbaksauglýsingar hvers konar eru bannaðar.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Lengi hefur verið í gildi bann við að auglýsa áfengi, þar eð almennt hefur verið viðurkennt, að þjóðfélagsleg nauðsyn væri að sporna gegn áfengisnautn. Nú þykir óvefengjanlega sannað af vísindamönnum, að tóbak hafi að miklum mun skaðlegri áhrif en áður hefur verið talið og eigi m. a. ríkan þátt í myndun krabbameins, eins hins geigvænlegasta sjúkdóms, er nú herjar þjóðina, svo sem flestar aðrar þjóðir. Víða hafa veruleg átök verið gerð í því skyni að vinna gegn tóbaksnautn, fyrst og fremst vindlingareykingum, sem taldar eru skaðvænlegasta tóbaksnotkunin. Hér á landi hefur sala vindlinga minnkað verulega, en nú þykir sækja í hið fyrra horf. Augljóst er, að íhuga þarf af fullri alvöru tiltækileg úrræði til þess að hefja nýja baráttu gegn reykingum, ekki sízt meðal unglinga. Er þess að vænta, að fræðsluyfirvöld beiti sem verða má áróðri í skólum í þessum tilgangi og heilbrigðisyfirvöld athugi aðrar leiðir, er til greina geti komið. Þessu frumvarpi er eingöngu ætlað að stemma stigu við auglýsingum tóbaksvara. Getur naumast valdið ágreiningi, að sú ráðstöfun sé sjálfsögð.

Nd. 94. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um verðtryggingu launa.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frv. og m. a. rætt við hagstofustjóra um nokkur atriði þess, og kom það m. a. fram, að ákvæði 4. gr. frv. ber að skilja þannig, að reikna

skuli verðlagsuppbót á vinnuliði verðlagsgrundvallar landbúnaðarvara eftir sömu reglum og á laun samkv. frv.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 17. nóv. 1964.

Davíð Ólafsson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Einar Ágústsson.
Lúðvík Jósefsson.	Skúli Guðmundsson.	Jónas G. Rafnar.
	Oddur Andrésson.	

Sþ. 95. Tillaga til þingsályktunar [75. mál]

um afréttamálefni.

Flm.: Karl Kristjánsson, Sigurður Bjarnason, Hermann Jónasson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við Búnaðarfélag Íslands gera yfirlit um þá sauðfjárafrétti í landinu, sem eru svo víðáttumiklir, að fullnægjandi haustleitir á þeim eru vegna mannfæðar ofviða þeim sveitum, er að standa. Að fengnu því yfirliti — eða samhliða öflun þess — láti ríkisstjórnin, einnig í samráði við B. F. Í., gera athugun á því, hvernig haganlegast verði fyrir komið nauðsynlegri og sanngjarnri þátttöku ríkisins í fjárhreinsun þessara afrétta.

Ríkisstjórnin leggi skýrslu um málið fyrir Alþingi, svo fljótt sem við verður komið.

Kostnaður við athugun þessara mála, skv. þingsályktun þessari, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Einhverjar allra fyrstu samfélagskvaðir á Íslandi voru fjallskilaskyldur. Búfé rásaði um víðerni ógirtra sumarhaga, og eigendur gátu ekki náð því heim til sín á haustin, nema með víðtækum samtökum og samhjálp.

Á umliðnum öldum hafa fjallskilaskyldur verið inntar af höndum um allar byggðir landsins með föstu skipulagi og yfirleitt ströngu, mótuðu af þörfum og hefð, og víðast hvar, er tímar liðu, studdu með reglugerðum, er samdar hafa verið af héraðsstjórum, miðaðar við staðhætti, og staðfestar af landsstjórninni.

Á þennan hátt varð til — og þróaðist án mikillar löggjafar — fjallskilakerfi um land allt, þar sem hver sveit hefur sitt svæði að annast ein eða með öðrum eftir því, hvernig afréttarlöndin liggja og fé sækir á þau.

Með þessu tókst að tryggja allvel fjárheimtur og skipta með nokkrum jöfnuði leitarkvöðinni milli manna.

Nú er fjallskilakerfið að rofna á sumum stöðum vegna fólksfækkunar þar.

Þegar fólki fækkar í einhverri sveit, minnkar afréttur sveitarinnar ekki, en færri verða til að smala hann, göngurnar þyngjast, verða erfiðari vegna mannfæðarinnar og sauðfjárheimturnar ótryggari.

Er nú svo komið, að til er, að erfið aðstaða í þessum efnum er með gildum rökum talin veigamikil ástæða til brottflutnings úr byggðarlögum.

Hér verður þjóðfélagsheildin að leggja lið, svo að þessir örðugleikar slíti ekki bólfesturætur fólks, — eða verði sumum um megn.

Dæmi um sveitir, sem hafa sérstaklega erfiða aðstöðu í þessum efnum, má nefna á Norðurlandi: Hólsfjöll, og sums staðar á Vestfjörðum, t. d. á Snæfjallaströnd.

Hver sá, er lítur á Íslandskortið, getur séð, þó að staðkunnugleika skorti, hversu gífurlegar víðáttur fáliðarnir, sem nú búa á Hólsfjöllum (Efrafjall með talið), þurfa að smala.

Hinir fáu bændur á Snæfjallaströnd verða nú í vaxandi mæli að gera leitir að fé sínu í lönd Grunnavíkurhrepps, síðan hann fór í eyði, auk þess að smala sín eigin lönd.

Vel má vera, að fleiri byggðir séu sambærilegar að erfiðleikum við þessar tvær, sem hér eru sérstaklega nefndar, og áreiðanlega eru ýmsar fleiri illa settar. Tillaga okkar er einmitt sú, að þetta verði rannsakað. Rannsóknin nái til landsins alls. Yfirlit verði gert um það, hvar úrbóta er þörf, og athugað, hvað bezt má gera til nauðsynlegrar liðveizlu og jöfnunar innan hins langþróaða fjallskilakerfis, sem orðið hefur fyrir undirstöðuröskun sökum búsetubreytingar þjóðarinnar, en er þó óhjákvæmilega nauðsynlegt í aðalatriðum eftir sem áður.

Í þessum efnum liggur ljóst fyrir, að þjóðfélagsheildin verður að leggja til það, sem á skortir, að fáliðarnir séu þess megnugir — án ofraunar — að fylla skarð þeirra, er brott fóru, svo að fé náist úr afréttunum, — fé þeirra sjálfra og annarra. Vegna þess, hve sauðkindin rásar víða, má ekki láta neinn afrétt ógenginn á hausti, jafnvel þótt hlutaðeigandi sveit sé orðin sauðlaus og mannlaus.

Sauðfjárheimtur eru hagsmunamál fjáreigenda, en auk þess er það rík mannúðarskylda að láta ekki búfé verða úti — eða líða nauð — á afréttum.

Nd. 96. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frumv. þessu er lagt inn á nýja braut til fjáröflunar fyrir ríkissjóð. Lagt er til, að ríkið bjóði út 75 milljón króna skuldabréfalán innanlands og taki þar með upp samkeppni við banka og sparisjóði um sparifé landsmanna. Núverandi ríkisstjórn hefur gengið lengra en aðrar ríkisstjórnir hafa gert í því að hlutast til um með beinum og óbeinum afskiptum, hvernig peningastofnanir þjóðarinnar ráðstafa því fé, sem þær hafa yfir að ráða. Með útgáfu þess skuldabréfaláns, sem frumv. fjallar um, mundi ríkisstjórnin enn draga til sín meira fé frá sparisjóðum og bönkum landsins.

Það eru einkum þrjú efnisatriði frumv., sem ég tel að breyta þurfi.

Í fyrsta lagi tel ég, að rétt sé að ákveða í aðalatriðum lánskjör þessa skuldabréfaláns. Vextir ættu ekki að vera hærri en 4—5%, þar sem gengið er út frá, að lánið verði verðtryggt. Þau lánskjör, sem upplýst er að ríkisstjórnin hefur hugsað sér á láninu, þ. e. 7.2% meðaltalsvextir og auk þess verðtrygging, tel ég að nái engri átt. Slík lánskjör væru miklu óhagstæðari fyrir ríkissjóð en dæmi eru til um áður um lántökur hans. Ég tel líka augljóst, að ýmsir aðilar muni draga sparifé sitt út úr bönkum og sparisjóðum, þegar slík lánskjör eru í boði.

Í öðru lagi tel ég, að fella eigi niður ákvæði í 3. gr. frv. um, að skuldabréf og spariskírteini þessa útboðsláns eigi að vera undanþegin framtalsskyldu. Skuldabréf eru nú undantekningarlaust framtals- og skattskyld. Ég tel undanþágu í þessum efnum samkv. frumvarpinu mjög draga úr möguleikum skattayfirvalda til þess að geta veitt nægilegt aðhald um rétt skattaframtöl.

Í þriðja lagi tel ég, að breyta þurfi ákvæðum 4. gr. um ráðstöfun lánsfjárins. Ég tel, að sú tilhögun ein sé eðlileg um ráðstöfun fjárins, að Alþingi geri um það samþykkt á líkan hátt og um aðrar fjárveitingar.

Ég flyt á sérstöku þingskjali breytingartillögur við málið, sem ganga í framangreinda átt.

Alþingi, 18. nóv. 1964.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 97. Breytingartillögur [58. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., skulu verðtryggð þannig, að greiðslur vaxta af þeim og afborganir skulu bundnar vísitölu byggingarkostnaðar.
   Lánstími skal vera allt að 10 ár og vextir 4%—5% eftir nánari ákvörðun ráðherra.
2. Við 3. gr. Niður falli orðin „framtalsskyldu og".
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskírteina skv. 1. gr., skal varið til framkvæmda á vegum ríkisins eftir ákvörðun Alþingis.

Nd. 98. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Fjármálaráðherra mætti á fundi með nefndinni og upplýsti m. a. ýmislegt í sambandi við framkvæmd fyrirhugaðrar lántöku og ráðstöfun á lánsfénu.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv., og mun LJós skila séráliti.

Í 3. gr. frv. er vísað til l. nr. 70 1962. Eftir breytingar, sem gerðar voru á þeim lögum á síðasta Alþingi, voru lögin gefin út að nýju svo breytt, sem l. nr. 55 1964. Vegna þessa verður að telja eðlilegra að vísa til þeirra laga.

Undirritaður meiri hl. n. mælir því með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað „70 1962" í 3. gr. komi: 55 1964.

Þeir EÁ og SkG áskilja sér þó rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., er fram kunna að koma.

Alþingi, 18. nóv. 1964.

Davíð Ólafsson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Skúli Guðmundsson.
Einar Ágústsson.	Oddur Andrésson.	Jónas G. Rafnar.

Nd. 99. Frumvarp til laga [76. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Miðhús í Gufudalshreppi.

Flm.: Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Samúel Zakaríassyni bónda í Djúpadal í Gufudalshreppi í Austur-Barðastrandarsýslu eyðijörðina Miðhús í sama hreppi fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í Djúpadal í Gufudalshreppi í Austur-Barðastrandarsýslu er eyðibýlið Miðhús. Er þetta lítið kot, sem búið er að vera í eyði það sem af er þessari öld. Er það ríkiseign. Skilyrði til búrekstrar í Miðhúsum eru af svo skornum skammti, að ekki er um það að ræða, að þar hefjist sjálfstæður búrekstur að nýju. Kot þetta hefur verið nytjað af ábúendum Djúpadals um 30 ára skeið, en Djúpidalur er næsta býli.

Annar bóndinn í Djúpadal, Samúel Zakaríasson, hefur lengi haft Miðhús til afnota. Nú óskar hann eftir því að fá kotið keypt, og hreppsnefnd Gufudalshrepps mælir með því, að Alþingi heimili þessa sölu. Samúel bóndi mun hafa hug á að bæta verulega þetta litla og löngu yfirgefna kot, fái hann það keypt.

Nd. 100. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Í stað orðanna „Í þessa nefnd kýs þingið 5 menn, eftir reglum um nefndarkosningar“ í 1. málsgr. 4. gr. laganna komi: Í þessa nefnd kýs þingið 7 menn, eftir reglum um nefndarkosningar.

Nd. 101. Frumvarp til laga [58. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. nóv.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 75 millj. kr.

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Skuldabréfin og spariskírteinin, svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55 1964.

4. gr.

Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskírteina skv. 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt í samráði við fjárveitinganefnd að verja til framkvæmda á vegum ríkisins og til greiðslu á skuldum ríkissjóðs og Ríkisábyrgðasjóðs.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að gefa út ný verðbréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því, sem á þarf að halda, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr., að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 102. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um kvikmyndasýningar í sveitum.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara í samráði við sveitarstjórnir athugun á því, hvernig hagkvæmast sé að skipuleggja kvikmyndasýningar í sveitum landsins.

Greinargerð.

Því meir sem fólki fækkar í sveitum, því örðugra verður að halda þar uppi félags- og skemmtanalífi. Kvikmyndasýningar eru meðal vinsælustu og ódýrustu skemmtana. Ekki mun þykja arðvænlegt að starfrækja kvikmyndahús í dreifbýli. Þess vegna fara sveitirnar á mis við þá skemmtun og fróðleik, sem kvikmyndir geta veitt. Þörf sveitafólks fyrir þessa tegund skemmtana er þó síður en svo minni en þeirra, sem búa í þéttbýli. Af þessu leiðir, að fólkið sækir þessar skemmtanir til bæjanna, eftir því sem við verður komið, einkum yngra fólkið. Er þetta eitt af mörgu, sem dregur fólkið úr dreifbýli til þéttbýlis. Þennan aðstöðumun sveita og bæja þarf að jafna.

Varla er við því að búast, að venjulegum kvikmyndahúsum verði komið upp í sveitum. Hins vegar má telja líklegt, að koma megi á skipulegum kvikmyndasýningum í félagsheimilum eða einkahúsnæði í dreifbýli, ef miðað er við fáa sýningargesti. Auðvitað yrði ekki um daglegar kvikmyndasýningar að ræða, en t. d. gætu nokkrar sýningar yfir veturinn haft verulega þýðingu til skemmtunar, fróðleiks og aukinna félagslegra samskipta. Ætla má, að sveitarfélög eða félagssamtök innan þeirra vildu eitthvað á sig leggja til þess að glæða á þennan hátt skemmtana- og félagslíf byggðanna, ef aðstoð hins opinbera kæmi til.

Nd. 103. Breytingartillaga [58. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá Einari Ágústssyni og Skúla Guðmundssyni.

Við 3. gr. bætist: Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nöfn eigenda.

Ed. 104. Frumvarp til laga [78. mál]

um breyting á lögum nr. 40 frá 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum.

Flm.: Jón Þorsteinsson, Jón Árnason.

1. gr.

Aftan við 1. málslið 2. mgr. 1. gr. laganna komi:

Ráðuneytinu er og heimilt að fengnum tillögum hlutaðeigandi vörubifreiðarstjórafélags og meðmælum sýslunefndar að takmarka fjölda leigubifreiða til vöruflutninga í þeim sýslum landsins, þar sem starfandi er eitt stéttarfélag vörubifreiðarstjóra, er hefur að félagssvæði alla sýsluna og ekkert umfram það. Taki félagssvæðið einnig til kaupstaðar, sem staðsettur er í sýslunni, skal heimil takmörkun vörubifreiðafjöldans á félagssvæðinu í heild, enda komi til meðmæli bæjarstjórnar og sýslunefndar. Eigi er heimilt að takmarka sérstaklega fjölda leigubifreiða til vöruflutninga í kaupstöðum og kauptúnum með 700 íbúa eða fleiri, ef vörubifreiðarstjórar á þessum stöðum eru félagar í vörubifreiðarstjórafélagi, sem hefur heila sýslu eða sýslu og kaupstað að félagssvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk stjórnar Landssambands vörubifreiðarstjóra, og er efni frumvarpsins í samræmi við einróma ályktun, sem gerð var á þingi Landssambands vörubifreiðarstjóra haustið 1962. Samkvæmt gildandi lögum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum er einungis heimilt að takmarka bifreiðafjöldann í kaupstöðunum og þeim kauptúnum, þar sem íbúar eru 700 eða fleiri. Að því er vörubifreiðarstjórastéttina snertir er þessi takmörkunarheimild ófullkomin og tillitslaus gagnvart félagslegu skipulagi stéttarinnar. Það er grundvallarregla, sem víðast hvar hefur verið framfylgt, að allir vörubifreiðarstjórar í sömu sýslu skuli vera í einu og sama stéttarfélagi og sé sýslan öll vinnusvæði þeirra. Þar sem kaupstaður er staðsettur innan sýslunnar, er það venja, að vörubifreiðarstjórarnir í sýslunni og kaupstaðnum séu saman í einu félagi, og er þá kaupstaðurinn og sýslan sameiginlegt vinnusvæði þeirra allra.

Frumvarp þetta stefnir að því að gera þá breytingu á lögunum um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, að heimildin til takmörkunar á fjölda vöruflutningabifreiða verði sem mest miðuð við félags- og vinnusvæðin í heild, en það er nauðsynlegt, til þess að verulegt gagn sé að þessari heimild fyrir vörubifreiðarstjórana og samtök þeirra. Eftir gildandi lögum er einungis unnt að takmarka fjölda leigubifreiða til vöruflutninga í kaupstöðum og hinum stærri kauptúnum, en í rauninni er það út í hött að framkvæma slíka takmörkun í þeim mörgu tilfellum, þar sem kaupstaðir eða kauptún eru aðeins hluti af miklu stærra félags- og vinnusvæði. Úr þessum annmörkum er frumvarpinu ætlað að bæta með því að leyfa takmörkun vörubifreiðafjöldans í heilli sýslu eða sýslu og kaupstað saman, þegar um er að ræða eitt samfellt félagssvæði, enda verði þá eigi heimilt að beita hinni sérstöku takmörkun gildandi laga fyrir kaupstaði og kauptún innan þessara svæða.

Ed. 105. Lög [58. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

(Afgreidd frá Ed. 19. nóv.)

Samhljóða þskj. 101.

Sþ. 106. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]

um ökuskóla.

Flm.: Pétur Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa löggjöf, svo fljótt sem verða má, um ökuskóla. Miða skal við að stórauka verklegt og bóklegt nám þeirra, sem ganga undir ökupróf og fá ökuskírteini. Löggjöf þessi skal undirbúin í samráði við lögreglustjóra og bifreiðaeftirlitið.

Greinargerð.

Hinir tíðu árekstrar og umferðaóhöpp, svo að ekki sé talað um hin alvarlegu umferðarslys, hljóta að eiga rót sína að rekja til einhverra orsaka. Ég held, að langlíklegustu orsakirnar séu kæruleysi og vanþekking ökumanna. Auðvitað er oft um óviðráðanleg slys að ræða, en að sá aragrúi árekstra, sem hér verður daglega, geti talizt eðlilegur, held ég, að sé alveg útilokað. Ég held, að fjöldamargir geri sér ekki ljóst, hvað það er raunverulega vandasamt verk að aka bifreið.

Þegar um er að ræða fjöldamarga ökukennara víðs vegar um landið, getur ekki hjá því farið, að þeir hafi mismunandi kennsluaðferðir og mismunandi sjónarmið varðandi kennsluna. Ég tel þess vegna nauðsynlegt, að komið sé á fót sérsökum ökuskólum. Það mætti hugsa sér, að slíkir skólar væru reknir af einkaaðilum, en sett væri ströng löggjöf um kennsluna og sérstök leyfi væru gefin út af viðkomandi ráðuneyti til þeirra, sem taldir væru hæfir til slíks skólahalds. Lögregla og bifreiðaeftirlit ættu að hafa veruleg áhrif á það, hvernig kennslunni væri hagað, og taka jafnvel að sér vissa þætti hennar.

Ég tel, að með strangri og vel skipulagðri kennslu, bæði í ökutækni og umferðarreglum, ætti aðgát og öryggi bifreiðastjóra að verða meira en nú er, og þegar frá líður hlýtur slík kennsla að verða til bóta varðandi umferðina.

Það er allmikið verk að semja slíka löggjöf sem þessa og hana þarf vel að vanda. Ég hef því valið þá leið að flytja þingsályktunartillögu nú til að hrinda málinu af stað, en ég legg áherzlu á, að því sé hraðað, svo sem kostur er.

Ed. 107. Frumvarp til laga [6. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

(Eftir 3. umr. í Nd., 23. nóv.)

1. gr.

Í stað orðanna „Í þessa nefnd kýs þingið 5 menn, eftir reglum um nefndarkosningar“ í 1. málsgr. 4. gr. laganna komi: Í þessa nefnd kýs þingið 7 menn, eftir reglum um nefndarkosningar.

2. gr.

Í stað orðanna „Skal þingmönnum í hvorri deild skipt í þessar nefndir, og mega ekki vera fleiri en 5 í hverri nefnd“ í 4. mgr. 16. gr. laganna komi: Skal þingmönnum í hvorri deild skipt í þessar nefndir, og mega ekki vera fleiri en 7 í hverri nefnd.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 108. Nefndarálit [31. mál]

um frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haldið allmarga fundi um málið. Hún hefur kynnt sér umsagnir þeirra leikfélaga og annarra, sem umsagnir hafa sent, rætt við formann undirbúningsnefndar og framkvæmdastjóra Bandalags ísl. leikfélaga.

Nefndin flytur nokkrar breytingartillögur á sérstöku þingskjali, flestar í samráði við undirbúningsnefndina.

Nefndin telur vafalaust, að frv., ef að lögum verður, geti að mjög verulegu leyti orðið til að auka starfsemi áhugamanna um leiklist, sérstaklega í strjálbýlinu.

Í 9. gr. frv. er gert ráð fyrir, að bæjar- og sveitarsjóðum sé skylt að greiða jafnhá framlög í A-flokki eins og ríkið á að gera samkv. frv., en a. m. k. 50% í B- og C-flokkunum. Eru þar með tryggðar viðbótartekjur til leikstarfseminnar umfram það, sem ríkissjóður greiðir.

Breytingartillögur nefndarinnar miðast fyrst og fremst við tvö aðalatriði:

Í fyrsta lagi að stórauka áhuga leikfélaga á því að sýna barnaleikrit, en það telur nefndin mjög þýðingarmikið.

Í öðru lagi að auka áhuga á flutningi íslenzkra leikrita, bæði nýrra og eldri, með því að heimilt sé að styrkja þær sýningar sérstaklega.

Nefndin mælir síðan einróma með frumvarpinu, en SE og ÓskJ áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 23. nóv. 1964.

Pétur Pétursson, form., frsm. — Gunnar Gíslason, fundaskr. — Sigurvin Einarsson.

Einar Olgeirsson. — Davíð Ólafsson. — Óskar Jónsson.

Einar Ingimundarson.

Nd. 109. Breytingartillögur [31. mál]

við frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna.

Frá menntamálanefnd.

1. Á undan síðustu málsgrein 1. gr. komi:
   C-flokkur:
   1. að sýna a. m. k. eitt leikrit á ári, sem sérstaklega er ætlað börnum og sé fullgild sýning.
2. Aftan við 2. gr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi:
   Auk þess er heimilt að styrkja sérstaklega sýningar á öðrum íslenzkum leikritum.
3. 3. málsgr. 5. gr. verði þannig:
   Sýni félag umfram þá leikritatölu, sem getur í 1. gr., A- og B-flokki, leikrit, sem sérstaklega er ætlað börnum og er fullgild sýning, skal styrkja það aukalega með allt að 30 þús. kr.
4. Niðurlag 9. gr. verði þannig: en á móti styrkjum í B- og C-flokki komi a. m. k. 50% frá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

Ed. 110. Frumvarp til laga [80. mál]

um breyting á lögum nr. 25 16. apríl 1962, um aðstoð við fatlaða.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Í stað „kr. 3.00“ í 1. gr. 1. mgr. komi: kr. 3.50.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Sjöunda hluta af fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til aðstoðar við blinda, en ⅚ hlutum skal varið til byggingar og rekstrar vinnustofnana fyrir fatlað fólk.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lögin um aðstoð við fatlaða voru samin af nefnd, sem Alþingi kaus á árinu 1959, til þess að rannsaka og gera heildartillögur um lausn á atvinnumálum og félagslegum vandamálum öryrkja í landinu. Frumvarpi nefndarinnar var þó breytt nokkuð og var helzta breytingin sú, að nefndin lagði til að gjaldið skyldi renna til Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra. Í lögunum segir hins vegar, að gjaldið renni í Styrktarsjóð fatlaðra, er vera skuli í vörzlu félagsmálaráðuneytisins. Í reglugerð um sjóðinn nr. 86 29. maí 1962 segir, að ráðuneytið ráðstafi fé sjóðsins, að fengnum tillögum Landssambands fatlaðra.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að gjald samkvæmt 1. gr., verði hækkað um sjötta part, þ. e. úr kr. 3.00 í kr. 3.50 og að þessum tekjuauka, þ. e. sjöunda hluta af heildarárstekjum sjóðsins, verði varið til aðstoðar við blinda. Blinda fólkið er vissulega ekki síður fatlað, en flestir þeir, sem líða vegna annarrar fötlunar. Núgildandi lög um aðstoð við fatlaða taka í raun og veru til blindra eins og annarra fatlaðra, en tildrögin að setingu laganna, og ákvæði reglugerðarinnar um tillögurétt Landssambands fatlaðra, sem blindir eru ekki aðilar að, benda til þess, að ætlunin hafi ekki verið sú, að aðstoða blinda af þessu fé. Nauðsyn á aðstoð við þá er þó mjög brýn og er því lagt til, að þeim verði veitt aðstoð með þeim hætti, sem áður segir.

Nefnd sú, sem undirbjó núgildandi lög um aðstoð við fatlaða, gerði ráð fyrir, að árlegar tekjur af gjaldinu næmu ca. kr. 1 250 00.00. Tekjur þessar nema nú ca. kr. 1 440 000.00 á ári og mundu sennilega hækka um ca. kr. 240 000.00 vegna hækkunar á gjaldinu, úr kr. 3.00 í kr. 3.50 Þessum tekjuauka yrði þá árlega varið til aðstoðar við blinda.

Sþ. 111. Fyrirspurnir. [81. mál]

I. Til fjármálaráðherra um innheimtu á stóreignaskatti.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni.

a. Hve mikið hefur verið innheimt á árinu 1964 af stóreignaskatti, sem á var lagður samkvæmt lögum nr. 44 3. júní 1957?
b. Hve mikið er eftir óinnheimt af skattinum?
c. Hvenær er gert ráð fyrir, að innheimtu hans ljúki?

II. Til ríkisstjórnarinnar um Aflatryggingasjóð.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hve mikið fé hefur verið greitt úr Aflatryggingasjóði á undanförnum fjórum árum: a) í heild, b) úr hverri einstakri deild sjóðsins?
2. Hver er eign Aflatryggingasjóðs nú og hverrar einstakrar deildar?
3. Hverjar eru áætlaðar árstekjur hverrar deildar um sig?

III. Til samgöngumálaráðherra um rannsókn á möguleikum til að stytta landleiðina til Vestur- og Norðurlands.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 30. maí 1958 um rannsókn á möguleikum til að stytta landleiðina frá Reykjavík um Borgarfjarðarhérað til Vestur- og Norðurlands?

Nd. 112. Breytingartillaga [31. mál]

við frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna.

Frá Sigurvin Einarssyni, Óskari Jónssyni og Ingvari Gíslasyni.

Við 5. gr. Aftan við 1. málsl. 1. mgr. bætist: svo og tillögum frá Bandalagi íslenzkra leikfélaga.

Ed. 113. Frumvarp til laga [82. mál]

um breyting á landskiptalögum, nr. 46 27. júní 1941.

Flm.: Karl Kristjánsson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Meðan skógarhögg, mótak, möl, sandur eða annað verðmætt jarðefni er í sameign í óskiptu landi, má enginn eigenda, án samþykkis allra hinna, hagnýta þessi verðmæti, nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta felur í sér þá breytingu á gildandi landskiptalögum, að ákvæði 17. gr. laganna verði ljós um það, að enginn eigandi sameignarlands megi, án samþykkis hins, eða hinna, ef fleiri eru, sem landið eiga, hagnýta óskipt verðmæt jarðefni sameignarinnar, hver sem þau eru, nema til heimilisnota fyrir sjálfan sig. Vafalaust hefur vakað fyrir löggjafanum, að svo ætti að vera, þótt ekki sé hreinlega fram tekið. Þegar lögin voru sett, var sala á jarðefnum ekki jafnalgeng og nú, svo sem möl, sandi og grjóti, og því hefur sézt yfir að nefna þessar söluvörur og hafa greinina ljósari.

Upp á síðkastið hefur hin takmarkaða upptalning í greininni stundum valdið deilum milli sameigenda. Frumvarpið er flutt til þess að koma í veg fyrir slíka árekstra.

Nd. 114. Frumvarp til laga [83. mál]

um veitingu prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Þegar prestakall losnar og prestur er eigi kallaður til embættisins (sbr. 6. gr.), auglýsir biskup kallið með hæfilegum umsóknarfresti.

2. gr.

Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup prófasti hlutaðeigandi prófastsdæmis, sé hann eigi umsækjandi, svo og sóknarnefndum prestakallsins, skrá yfir þá, er sótt hafa, ásamt skýrslu um aldur þeirra, náms- og embættisferil og störf. Jafnframt sendir hann prófasti nægilega marga atkvæðaseðla með nöfnum umsækjenda og felur honum að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan tiltekins tíma. Kjörmenn eru: Sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar prestakallsins (aðalmenn). Fyrsti varamaður tekur sæti aðalmanns, ef forfallaður er. Sé prófastur héraðsins umsækjandi um kallið, nefnir biskup annan prófast í hans stað.

3. gr.

Á kjörmannafundi skulu umsóknir ásamt umsögnum biskups liggja frammi til athugunar. Fundurinn er lokaður, og stýrir prófastur honum. Ef meiri hluti kjörmanna samþykkir, að kjör skuli fram fara, skal það framkvæmt með þeim hætti, sem segir í 4. gr. Að öðrum kosti ráðstafar kirkjumálaráðherra embættinu samkvæmt tillögu biskups.

4. gr.

Ef samþykkt er, að kjör fari fram, ákveður prófastur kjörfund kjörmanna þá þegar eða næsta dag hið síðasta. Kjörfundur er lokaður, og stýrir prófastur honum. Fer þar fram leynileg, skrifleg atkvæðagreiðsla um umsækjendur. Prófastur afhendir hverjum kjörmanna einn atkvæðisseðil, og setur kjörmaður kross framan við nafn þess, er hann kýs. Prófastur skilar atkvæði á sama hátt. Að lokinni atkvæðagreiðslu eru atkvæði innsigluð og send biskupi í póstábyrgð, ásamt afriti af gerðabók kjörfundar. Verði ágreiningur um undirbúning eða framkvæmd kosningar eða hún kærð, fellir kjörstjórn úrskurð um málið. Kjörstjórn skipa, auk biskups, 2 menn, er kirkjumálaráðuneytið skipar til 5 ára í senn.

5. gr.

Þegar kjörstjorn hefur kynnt sér niðurstöður kjörfundar, sendir biskup afrit af bókun hennar til kirkjumálaráðherra, ásamt rökstuddri tillögu sinni um veitingu. Biskup styður með tillögu sinni þann umsækjanda, er hlotið hefur ⅔ atkvæða kjörmanna. Skal veita honum embættið, enda telst hann hafa hlotið lögmæta kosningu. Nái umsækjandi ekki ⅔ atkvæða kjörmanna, telst kosningin ólögmæt, og mælir biskup þá með tveimur umsækjendum, ef um fleiri en einn er að ræða, er hann telur, þegar tillit er tekið til allra aðstæðna, standa næst því að hljóta embættið, og í þeirri röð, sem næst liggur að hans dómi. Veitir ráðherra því næst embættið öðrum hvorum þessara tveggja.

6. gr.

Heimilt er kjörmönnum að kalla prest. Ef ¾ kjörmanna prestakallsins eru einhuga um að kalla tiltekinn prest eða guðfræðikandidat án umsóknar, gera þeir prófasti viðvart um það í tæka tíð, en hann tilkynnir biskupi, sem felur þá prófasti að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan viku, og er þá embættið

eigi auglýst. Samþykki ¾ kjörmanna að kalla tiltekinn mann til embættisins, sem lögum samkvæmt á rétt til prestsembættis í íslenzku þjóðkirkjunni, skal biskup birta köllunina þeim presti eða kandidat, sem í hlut á. Taki hann köllun, skal veita honum embættið, ella er embættið auglýst til umsóknar.

7. gr.

Prestsembættin að Skálholti, Hólum og Þingvöllum veitir forseti Íslands samkvæmt tillögu biskups og kirkjuráðs.

8. gr.

Setja má reglugerð, er kveði nánar á um framkvæmd þessara laga.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta samkvæmt ósk dóms- og kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér allan rétt í afstöðu sinni til málsins og hafa um það óbundnar hendur.

Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

Frumvarp þetta er óbreytt frá frumvarpi, er flutt var af menntamálanefnd neðri deildar Alþingis á 83. löggjafarþingi, 1962—1963, 188. mál, þingskjal 362.

Frumvarpið var sent menntamálanefnd neðri deildar aftur af kirkjumálaráðherra 23. október 1964 með tilmælum um, að nefndin flytti það, þegar fengin væri umsögn kirkjuþings um málið, en það hafði ekki hlotið afgreiðslu á 83. löggjafarþingi.

IV. kirkjuþing var háð í Reykjavík dagana 25. október til 6. nóvember 1964.

Frumvarpið var lagt fyrir kirkjuþingið, sem samþykkti það óbreytt eftir tvær umræður og athugun í nefnd milli umræðna.

Að lokinni 2. umræðu voru greinar frumvarpsins bornar upp hver fyrir sig, en síðan frumvarpið í heild. Atkvæði féllu þannig:

1. gr.	samþykkt	með	13	atkvæðum	gegn	0
2. —	—	—	12	—	—	1
3. —	—	—	11	—	—	0
4. —	—	—	11	—	—	0
5. —	—	—	9	—	—	5
6. —	—	—	14	—	—	0
7. —	—	—	10	—	—	1
8. —	—	—	10	—	—	0
9. —	—	—	10	—	—	0

Frumvarpið í heild var síðan samþykkt með 10 atkvæðum gegn 4.

Við 2. umræðu kom fram breytingartillaga frá einum kirkjuþingsmanni (leikmanni) á þá leið, að niðurlag 5. greinar yrði breytt í það horf, að ef umsækjandi um prestakall fær ekki ⅔ atkvæða kjörmanna, skuli fara fram almenn prestskosning með þeim hætti, er nú tíðkast. Breytingartillagan var felld með 8 atkvæðum gegn 5.

Eins og segir í greinargerð á þskj. 362 frá 83. löggjafarþingi, var mál það, sem frumvarpið fjallar um, borið undir héraðsfundi í öllum prófastsdæmum landsins að loknu II. kirkjuþingi, sem háð var árið 1960. Ályktanir um málið voru gerðar á héraðsfundum í 13 prófastsdæmum af 21.

Tafla um ályktanir þessar fylgir hér með (fskj. I). Samkvæmt þessu voru 6 héraðsfundir samþykkir frumvarpinu, eins og það lá fyrir, 4 vildu afnema prestskosningar með öllu, 1 vildi halda óbreyttu ástandi (hafa áfram almennar prestskosningar), en 2 vildu leita atkvæða almennings um það, hvort breyta skyldi núverandi fyrirkomulagi (með almennum prestskosningum). Frá héraðsfundum í eftirtöldum prófastsdæmum bárust engar ályktanir um málið:

Kjalarnesprófastsdæmi.

Mýraprófastsdæmi.

V.-Ísafjarðarprófastsdæmi.
Strandaprófastsdæmi.
Húnavatnsprófastsdæmi.
N.-Þingeyjarprófastsdæmi.
A.-Skaftafellsprófastsdæmi.
V.-Skaftafellsprófastsdæmi.

Af þessu er ljóst, að fullnægjandi upplýsingar um vilja þeirra, er sæti eiga á héraðsfundum, í þessum efnum eru ekki fyrir hendi. Hins vegar mun sú skoðun, að afnema beri prestskosningar, að líkindum eiga vaxandi fylgi að fagna meðal almennings.

Ályktunin í Reykjavíkurprófastsdæmi, hin eina, sem var á þá leið, að haldast skyldi óbreytt ástand, var gerð á árinu 1962, en síðan hafa orðið verulegar breytingar á prestakallaskipun í Reykjavík, og hefur fulltrúum á héraðsfund fjölgað til muna.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar á ofannefndu þingskjali 362 frá 83. löggjafarþingi, og fylgir hún hér með (fskj. II).

Fylgiskjal I.

Ályktanir héraðsfunda um veitingu prestakalla.

	Halda status qvo	Afnema kosningar algerlega	Frv. biskups lítt breytt eða óbreytt	Endurskoðun nauðsynleg, en engar tillögur	Vísa brtt. til atkvæða almennings
Rang. 1961					×
Árnes. 1961		×			
Rvík 1962	×				
Borg. 1961		×			
Snæf. 1961			×		
Dala. 1961					×
Barð. 1961			×		
N.-Ís. 1962			×		
Skag. 1961		×			
Eyjaf. 1962		×			
S.-Þing. 1962			×		
N.-Múl. 1961			×		
S.-Múl. 1961			×		
Samtals	1	4	6	0	2

Fylgiskjal II.

Greinargerð með frumvarpi til laga um veitingu prestakalla, fluttu á Alþingi 1962—63.

Frumvarp þetta var samþykkt á 3. kirkjuþingi þjóðkirkju Íslands 1962, en þar var það flutt af biskupi og kirkjuráði. Er frumvarpið nú flutt samkvæmt ósk biskups, og hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytinu borizt svo hljóðandi greinargerð frá honum:

„Lögin um veitingu prestakalla (lög nr. 32 3. nóv. 1915) hafa staðið óbreytt í nálega hálfa öld. Þau hafa þó sætt gagnrýni og mikil óánægja komið fram með þetta fyrirkomulag á veitingu prestakalla. Hefur þessi gagnrýni og óánægja farið sívaxandi. Einkum hefur í því sambandi verið bent á það tvennt, að prestkosningar í núverandi mynd reynast einatt illkynjuð þolraun fyrir söfnuðina og að þær geri prestum óeðlilega erfitt að færa sig til á starfssviði sínu.

Mál þetta hefur mjög verið rætt á kirkjulegum fundum á undanförnum árum, og benda umræður og samþykktir mjög í þá átt, að tímabært sé og nauðsynlegt að breyta lögum um veitingu prestakalla. Á hinum almenna kirkjufundi, sem haldinn

var í Reykjavík í október 1961, var þetta eitt aðalumræðuefnið, og var samþykkt svo hljóðandi ályktun í málinu: „með rúmlega tveim þriðju hlutum greiddra atkvæða“ (sbr. fundargerð):

„Hinn almenni kirkjufundur leikmanna og presta 1961 telur nauðsynlegt að breyta núgildandi lögum um veitingu prestakalla í það horf, að prestskosningar leggist niður, en forseti Íslands veiti prestaköllin samkvæmt tillögum biskups.“

Á prestastefnum undanfarinna ára hefur þetta mál oftar en einu sinni verið á dagskrá. Var það annað aðalmál prestastefnu 1960 og afgreitt þá með svo hljóðandi ályktun, er samþykkt var í einu hljóði:

„Prestastefnan telur brýna nauðsyn bera til að endurskoða gildandi lög um veitingu prestsembætta. Beinir prestastefnan því til biskups og kirkjuþings að athuga gaumgæfilega, með hvaða hætti þetta sé tiltækilegast, sérstaklega hvað læra má af erlendri reynslu.“

Með tilliti til þessarar samþykktar samdi biskup frumvarp um veitingu prestakalla og lagði fyrir kirkjuþing 1960. Lýsti kirkjuráð sig samþykkt frumvarpinu í meginefnum. Kirkjuþing afgreiddi málið með ályktun um að bera undir álit héraðsfunda tillögur um veitingu prestakalla, þ. e. a. s. í fyrsta lagi frumvarp biskups með smávægilegum breytingum, en auk þess í öðru lagi tillögu „um veitingu prestakalla án kosningar.“ Var síðarnefnda tillagan fram komin vegna tilmæla frá stjórn Prestafélags Íslands, er taldi, að frumvarp biskups mundi ekki, þótt að lögum yrði, rýmka nægilega um möguleika presta til þess að flytja sig til. Fyrir því benti hún á það úrræði, að í annað eða þriðja hvert skipti, sem prestsembætti verður laust, yrði það veitt án þess, að fram færi kosning. Var gert ráð fyrir, að núverandi skipan héldist að öðru leyti.

Samkvæmt þessu hefur málið verið ýtarlega rætt á héraðsfundum, og hafa flestir þeirra skilað áliti. Vann kirkjuráð úr álitsgerðum héraðsfundanna, og hlaut sú hugmynd mestan stuðning að breyta fyrirkomulaginu í líkt form og þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Einn héraðsfundur skilaði áliti, eftir að málið hafði verið undirbúið af kirkjuráði og kirkjuþing var tekið til starfa. Það var héraðsfundur Kjalarnessprófastsdæmis, er lagði til, að núverandi fyrirkomulag skyldi haldast.

Kirkjuráð gerði nokkrar breytingar á frv. biskups frá 1960, og lagði biskup frv. í því formi fyrir kirkjuþing 1962. Gerði þingið nokkrar breytingar á frv., og var það síðan samþykkt með 10 atkvæðum gegn 5.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er þannig komið frá kirkjuþingi, og má samkvæmt því, sem áður segir, telja öruggt, að sú breyting, sem það miðar að, eigi fylgi að fagna með meiri hluta þeirra manna, leikra og lærðra, sem gegna trúnaðarstörfum í söfnuðum landsins.

Frumvarpið miðar að því að bæta úr þeim meinbugum, sem fylgja gildandi lögum um veitingu prestakalla. Samkvæmt því skulu almennar prestskosningar lagðar niður, en íhlutun safnaðanna um val á prestum sínum tryggð á annan veg, þ. e. með því, að þeir menn, sem söfnuðirnir velja til forgöngu í málefnum sínum, sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar, fjalli um málið og greiði atkvæði um umsækjendur. Eðlilegt er, að héraðsprófastur hafi umsjón með framkvæmd þessarar kosningar og hafi atkvæðisrétt, enda er líkur háttur hafður í Danmörku og Noregi, þar sem sóknarnefndir gera tillögur um veitingu prestsembætta á hliðstæðan hátt og hér er gert ráð fyrir. Skv. 5. gr. frv. skal veita þeim umsækjanda embættið, er hlýtur ⅔ atkvæða fyrrnefndra kjörmanna, og verður þá aðstaða veitingavaldsins hin sama og skv. gildandi lögum, þegar kosning er lögmæt. Hljóti enginn umsækjenda slíkan stuðning kjörmanna, mælir biskup með tveimur umsækjendum, ef um fleiri en einn er að ræða, eftir því sem hann telur eðlilegast, en kirkjumálaráðherra veitir öðrum hvorum embættið.

Skv. 6. gr. geta trúnaðarmenn kallað prest án umsóknar, ef nægilega margir þeirra eru einhuga um að kveðja tiltekinn mann til þjónustunnar. Þykir eðlilegt að gera ráð fyrir þessum möguleika, og má ætla, að vel gæfist.

Í þjóðkirkjum nágrannalandanna eru allmörg prestsembætti undanþegin almennum ákvæðum um veitingu. Veldur því bæði eðli embættanna sjálfra og svo hitt, að kirkjunni er nauðsyn að hafa einhver embætti til ráðstöfunar handa sérstökum verðleikamönnum. Þykir eðlilegt, að slík sérstaða sé lögákveðin um prestsembættin á hinum fornu biskupssetrum og á Þingvöllum.“

Nd. 115. Frumvarp til laga [84. mál]

um breyting á lögum nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

3. málsgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Sóknarprestur og safnaðarfulltrúi skulu starfa með sóknarnefnd og sitja fundi hennar. Fundur er lögmætur, ef ⅔ sóknarnefndarmanna sitja hann, enda hafi hann verið boðaður með nægilegum fyrirvara. Sóknarnefnd kýs sér oddvita úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Oddviti boðar fundi og stýrir þeim.

2. gr.

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Sóknarnefndarmenn eru 3 í sóknum, sem færri hafa sóknarmenn en 500, ella 5, unz tala sóknarmanna er 1000 eða fleiri, þá skal kjósa tvo menn í viðbót í sóknarnefnd fyrir hver full tvö þúsund sóknarmanna, sem við bætast. Þó skulu aldrei fleiri í sóknarnefnd en 11 alls. Kjósa skal jafnmarga varamenn.

3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Kosningin gildir fyrir 6 ár. Á fyrsta aðalsafnaðarfundi, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal kjósa sóknarnefndir eftir þeim í öllum sóknum. Að 3 árum liðnum skal minni hluti kjörinna nefndarmanna, svo og varamanna, ganga úr nefndinni samkvæmt hlutkesti, en hinn hlutinn að 6 árum liðnum. Samkvæmt þessu fara síðan ávallt hinar tvær deildir nefndarmanna frá þriðja hvert ár á víxl.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta samkvæmt ósk dóms- og kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér allan rétt í afstöðu sinni til málsins og hafa um það óbundnar hendur.

Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð:

Frumvarp þetta var lagt fyrir 4. kirkjuþing, sem háð var í Reykjavík 25. október til 6. nóvember 1964, af biskupi og kirkjuráði. Var það samþykkt með nokkrum breytingum eftir tvær umræður á kirkjuþingi og meðferð í nefnd.

Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Lögin um sóknarnefndir frá 1907 eru orðin það gömul, að eðlilegt er, að þau samsvari ekki að öllu leyti kröfum breyttra tíma. Sú breyting á lögunum, sem hér er lögð til, miðar að því, að sóknarnefndir geti orðið virkari starfsaðili í safnaðarlífinu, einkanlega í hinum fjölmennari prestaköllum, og jafnframt með tilliti til þeirrar auknu ábyrgðar, sem þeim yrði fengin, ef lögum um veitingu prestakalla yrði breytt á þann veg, sem lagt er til í frv. því um það efni, sem kirkjuþing 1962 samþykkti.

Frumvarpið er lagt fyrir eins og kirkjuþing gekk endanlega frá því. Það felur í sér tvær meginbreytingar á gildandi lögum:

1. Lagt er til, að sóknarprestar og safnaðarfulltrúar sitji fundi sóknarnefnda, en hafi þó ekki atkvæðisrétt á fundunum.
2. Gert er ráð fyrir fjölgun sóknarnefndarmanna í fjölmennum prestaköllum í allt að 11 menn (auk safnaðarfulltrúa og sóknarprests).

Frumvarp þetta er tengt frumvarpi til laga um veitingu prestakalla, en í því er gert ráð fyrir, að sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúi (auk prófasts) verði kjörmenn við prestskosningar.

Sþ. 116. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna.

Flm.: Jón Skaftason, Ólafur Jóhannesson, Helgi Bergs, Gísli Guðmundsson, Einar Ágústsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til þess að athuga í samráði við fulltrúa atvinnuveganna, á hvern hátt megi efla markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuvega þjóðarinnar, svo og bæta gæðaeftirlit, þannig að sem beztum árangri verði náð með minnstum tilkostnaði, og leggja niðurstöður fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd. Fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

Íslendingar eiga mikið undir því, að útflutningsverzlunin sé rekin á sem hagkvæmastan og árangursríkastan hátt. Aukið framleiðslumagn og fjölbreyttari framleiðslutegundir krefjast þess, að beitt sé vísindalegum aðferðum í markaðsleit og í auglýsinga- og kynningarstarfsemi. Stöðugt vaxandi samkeppni um kaupmátt neytendanna og háþróuð tækni í vörukynningarstarfsemi hinna voldugu verzlunarhringa gerir aðstöðu þeirra, sem hafa ekki bolmagn eða þekkingu til að fylgjast með þróuninni, stöðugt erfiðari.

Ekki verður hjá því komizt, að við Íslendingar nýtum nýjustu sölutækni fyrir útflutningsafurðir okkar, og sömuleiðis hlýtur stofnun nýrra fyrirtækja að grundvallast meira en verið hefur á ýtarlegum markaðsrannsóknum. Að vísu hafa stærstu útflutningsgreinar fiskiðnaðarins unnið gott starf á þessu sviði, a. m. k. á einstökum mörkuðum, en hins vegar er aðstaða smærri framleiðenda mjög erfið að þessu leyti, enda er útflutningsiðnaður okkar Íslendinga tiltölulega smár, jafnvel miðað við einstök fyrirtæki erlendis. Rétt virðist því að athuga, hvort ekki komi til greina einhvers konar sameiginleg þjónusta í markaðsrannsóknum, markaðsleit og auglýsingastarfsemi, a. m. k. fyrir þær útflutningsatvinnugreinar og þau útflutningsfyrirtæki, sem versta aðstöðu hafa til slíkrar starfsemi á eigin spýtur.

Hið opinbera getur veitt mikla og dýrmæta aðstoð í þessum efnum með því að standa fyrir þeirri athugun, sem hér er lögð til, og með því að efla hvers konar upplýsingastarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna, bæði innanlands og á vegum utanríkisráðuneytisins, svo sem flestar menningarþjóðir hafa gert um áratuga skeið með miklum árangri. Við sendiráð flestra ríkja eru starfandi verzlunarfulltrúar, sérmenntaðir um markaðsmál, er vinna að öflun og útbreiðslu alls konar upplýsinga. Telja má, að nokkrum árangri megi ná með slíkri þjónustu.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að skipulegar markaðsrannsóknir og starfsemi til þess að vinna nýja markaði og nýta betur hina eldri, fullkomin upplýsinga-, kynningar- og auglýsingaþjónusta, ásamt sérhæfðri sölustarfsemi, séu forsendur fyrir

arðbærri framleiðslu og undirstaða þess, að hún sé í sem fyllstu samræmi við kröfur markaðanna. Slík starfsemi er hins vegar ekki á færi einstakra smærri útflytjenda, og er því nauðsynlegt að athuga, á hvern hátt má veita þeim þessa nauðsynlegu þjónustu.

Komið gæti til greina að setja á fót stofnun, sem veitti þessa þjónustu þeim, sem þess óskuðu, með markaðsrannsóknum, markaðsleit og auglýsingastarfsemi. Slík stofnun þyrfti að hafa á að skipa færustu sérfræðingum, og ætti hverjum útflytjanda að vera frjálst að leita þjónustu hennar fyrir hæfilegt gjald. Stofnun sem þessi, ef sett verður á fót, ætti fyrst og fremst að vera frjáls rannsóknarstofnun undir sérstakri stjórn, óháð beinum afskiptum ríkisvaldsins og án skuldbundinnar þátttöku atvinnuveganna, en veitti þeim útflytjendum þjónustu, sem þess óskuðu. Vel má vera, að stærstu útflytjendur sjávarafurða þyrftu ekki á slíkri þjónustu að halda, en því er alls ekki svo farið um marga hina minni og sérstaklega ýmsar iðngreinar, sem verið er að reyna að koma á fót til útflutningsframleiðslu. Sú athugun, sem hér er lagt til að gerð verði, ætti að leiða í ljós, hvort æskilegt sé að koma á fót slíkri stofnun, og nánar, hvert verksvið hennar ætti að verða, eða á hvern hátt annan sameina má kraftana í markaðsrannsókn, markaðsleit og sölutækni með nýjustu aðferðum.

Einnig er lagt til, að athugað sé, á hvern hátt má auka gæðaeftirlit. Ekki er það hugmynd flutningsmanna, að setja þurfi upp nýja stofnun, sem annist allt gæðaeftirlit á útflutningsvörum landsmanna. Hins vegar virðist eðlilegt, ef niðurstaðan verður sú að setja upp sameiginlega stofnun, eins og að ofan greinir, sem veiti þjónustu í markaðsrannsóknum, markaðsleit og auglýsingastarfsemi, að sú stofnun gangi úr skugga um gæði þeirrar framleiðslu, sem flutt kann að verða út fyrir hennar tilstilli. Gæti hún þá stuðzt við það gæðaeftirlit, sem fyrir er í landinu, og stuðlað á einn hátt eða annan að endurbótum og eflingu gæðaeftirlits, þar sem þess er þörf. Stofnanir sem þessar eru algengar erlendis, og leggja framleiðendur þá oft mikla áherzlu á að fá viðurkenningu slíks aðila á framleiðslu sinni, t. d. með því að prenta viðurkenningu stofnunarinnar á smekklegan hátt á merki framleiðslunnar. Gæti það orðið mjög þýðingarmikill þáttur í útflutningi íslenzkrar framleiðslu, ef einhver slíkur aðili gæti áunnið sér viðurkenningu erlendis sem tryggingu fyrir gæðum framleiðslunnar.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu leggja áherzlu á, að máli þessu sé hraðað og niðurstöður séu lagðar fyrir næsta Alþingi.

Sþ. 117. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um raforkumál.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Gísli Guðmundsson, Sigurvin Einarsson, Páll Þorsteinsson. Ágúst Þorvaldsson, Halldór E. Sigurðsson, Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela raforkumálastjóra og raforkuráði að ljúka hið allra fyrsta framkvæmdaáætlun um rafvæðingu allra sveitaheimila, sem ekki hafa nú þegar rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, og sé áætlunin við það miðuð, að rafvæðingunni verði að fullu lokið á árinu 1968. Í áætluninni sé stefnt að því, að raforkuþörf heimilanna verði fullnægt með línum frá samveitum, að svo miklu leyti sem fært þykir, en fyrir þau heimili, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja til þeirra raflínur frá samveitum, og ekki hafa hagstæð skilyrði til vatnsaflsvirkjunar, setji rafmagnsveitur ríkisins upp dísilstöðvar, er leigðar séu með þeim kjörum, að notendur þeirra njóti a. m. k. ekki minni stuðnings af opinberri hálfu heldur en þeir, sem fá rafmagn

frá samveitum. Einnig verði þeim, er koma upp vatnsaflsstöðvum til heimilisnota utan samveitusvæðanna, veitt sambærileg aðstoð, t. d. með auknum og hagstæðum lánum.

Greinargerð.

Um þessar mundir mun mega telja, að vinna sé hafin við síðustu raflínulagnirnar um sveitir landsins samkvæmt svonefndri 10 ára rafvæðingaráætlun, er unnið hefur verið að framkvæmd á frá og með árinu 1954. En þegar því verki verður að fullu lokið, væntanlega á næsta ári, munu þau sveitabýli á landinu, sem hvorki hafa rafmagn frá samveitum né sérstökum vatnsaflsstöðvum, verða hátt á annað þúsund. Hins vegar hafa öll heimili í kaupstöðum og kauptúnum fengið raforku frá samveitum.

Í tillögunni, sem hér er flutt, er lagt til, að lokið verði **hið allra fyrsta** áætlun um áframhaldandi framkvæmdir við rafvæðingu sveitanna, og sé áætlunin við það miðuð, að því verki verði að fullu lokið á árinu 1968. Er þegar orðinn óeðlilega langur dráttur á því að ljúka slíkri framkvæmdaáætlun.

Raforkuþörf sveitaheimilanna á að fullnægja með línum frá samveitum, að svo miklu leyti sem mögulegt er, því að á þann hátt fá þau bezta og öruggasta þjónustu.

Hinn 31. marz s. l. lagði raforkumálastjóri fram framhaldsáætlanir um rafvæðingu sveitanna. Þær áætlanir eru um raflínulagnir um svæði, þar sem meðalvegalengd milli býla er allt að 2 km. Til viðbótar ætti nú þegar að gera áætlanir um, hvað kosta mundi að leggja rafmagnslínur um byggðir, þar sem meðalvegalengd milli býla væri:

Í fyrsta lagi allt að ..... 2.5 km.
Í öðru lagi allt að ..... 3 —

Þegar þeirri áætlunargerð væri lokið, ætti strax að taka ákvörðun um, að hve miklu leyti rafmagnsþörfinni verður fullnægt með línum frá samveitum.

Fyrir þau heimili, sem ekki geta fengið rafmagn frá samveitum vegna fjarlægðar frá þeim, koma til greina sérstakar vatnsaflsstöðvar eða dísilstöðvar. Rannsaka þarf vandlega möguleika til að koma upp litlum vatnsaflsstöðvum til raforkuframleiðslu fyrir slík heimili, eitt eða fleiri saman, og þeim framkvæmdum ætti að veita meiri stuðning en nú er gert. t. d. með auknum og hagstæðum lánum. En þar sem skilyrði til að setja upp slíkar stöðvar eru ekki fyrir hendi, ættu rafmagnsveitur ríkisins að setja upp dísilstöðvar, sem yrðu leigðar með þeim kjörum, að notendur þeirri fái a. m. k. ekki minni stuðning af opinberri hálfu heldur en þeir, sem njóta ragmagns frá samveitum.

Mikill meiri hluti landsmanna hefur þegar fengið raforku til heimilisþarfa og annarra nota, að langmestu leyti frá virkjunum og orkuveitm, sem komið hefur verið upp af ríkinu eða með stuðningi þess. Hinir, sem enn eru án rafmagnsins, eiga einnig fyllsta rétt á því, að bætt verði úr þörfum þeirra í þessu efni, svo fljótt sem mögulegt er. Og þeir eiga rétt á að fá, án frekari tafar, vitneskju um, hvers þeir megi vænta.

Sú hætta vofir yfir, að mörg heimili og jafnvel heilar sveitir leggist í auðn, ef þess verður langt að bíða, að fólkið, sem þar býr, fái notið þeirra mikilsverðu þæginda, er raforkan veitir. Rafvæðingu sveitanna þarf að ljúka á svo skömmum tíma sem mögulegt er.

Ed. 118. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um verðtryggingu launa.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 26. nóv. 1964.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Karl Kristjánsson. Magnús Jónsson. Helgi Bergs.
Björn Jónsson.

Ed. 119. Nefndarálit [40. mál]

um frv. til girðingalaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. á þremur fundum og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali. Einn nefndarmanna (BJ) var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. nóv. 1964.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sig. Ó. Ólafsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason. Jón Árnason. Jón Þorsteinsson.

Ed. 120. Breytingartillögur [40. mál]

við frv. til girðingalaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist:
   Gerð ristarhliða skal ákveða í reglugerð, er landbúnaðarráðherra setur.
2. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
   Nú vill ábúandi eða eigandi jarðar, sem er í ábúð, girða land sitt, og hefur hann þá rétt til að krefjast, að sá eða þeir, sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði, greiði hálfan girðingarkostnaðinn að jöfnu að tiltölu við lengd girðingar fyrir landi hvers og eins. En annar helmingur girðingarkostnaðar skiptist eftir því, hvert gagn hver um sig hefur af girðingunni. Verði ekki samkomulag um þau skipti, skera matsmenn úr þeim ágreiningi, sbr. 6. gr. Eigi síðar en ári áður en verk er hafið skal sá, er samgirðingar krefst, bera fram kröfu sína. Hver aðili hefur rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í hlutfalli við þátttöku í kostnaðinum. Neiti sá, er samgirðingar er krafinn, þátttöku í undirbúningi eða framkvæmd verksins, getur sá, er girða vill, sett hana upp, og á hann þá kröfurétt á endurgreiðslu á þeim hluta kostnaðar, er hinum ber að greiða.

2. Við 7. gr. 1. málsl. orðist svo:
   Vilji meiri hluti ábúenda eða eigenda jarða, er liggja að afrétt, girða milli afréttarinnar og heimalanda sinna, skulu eigendur eða notendur afréttarinnar greiða 4/5 hluta stofnkostnaðar girðingarinnar, en eigendur eða ábúendur hlutaðeigandi jarða 1/5.
3. Við 8. gr.
   a. Í stað orðanna „er lög þessi hafa sett reglur um“ í 1. málsgr. komi: er lög þessi mæla fyrir um
   b. 2. málsgr. orðist þannig:
      Nú er ekki þörf á slíkri girðingu til varnar útbreiðslu búfjársjúkdóma og enginn gefur kost á að kaupa hana eða halda henni við, og er þá ríkinu skylt að láta taka hana upp. Hafi þessi skylda verið vanrækt í eitt ár eða lengur, eftir að lög þessi öðlast gildi, er viðkomandi sveitar- eða upprekstrarfélagi heimilt að láta taka girðinguna upp á kostnað ríkisins.
4. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist nýr málsl., svo hljóðandi:
   Nú eiga tvö eða fleiri sveitarfélög eða sýslur hlut að máli og ágreiningur rís um greiðslu kostnaðar við að setja ristarhlið á veg, þar sem girðingartraðir hafa myndazt, og skal þá skera úr þeim ágreiningi samkvæmt ákvæðum 6. gr., eftir því sem við á.
5. Við 11. gr. Greinin orðist þannig:
   Skylt er að halda öllum girðingum svo vel við, að búfé stafi ekki hætta af þeim.
   Samgirðingu, sem lögð er samkvæmt ákvæðum 5. og 7. gr., er skylt að halda við, þannig að hún sé fjárheld, svo fljótt sem verða má, eftir að snjóa leysir af henni að vorinu og þar til snjó leggur á hana að hausti eða vetri. Vanræki annar hvort aðili viðhald hennar að sínum hluta, er hinum heimilt að gera við hana á kostnað eiganda. Nú sýnir eigandi samgirðingar stórfellt hirðuleysi í þessu efni, svo að sameigandi hans í girðingunni eða annar aðili verður af þeim sökum fyrir sannanlegu tjóni, og á hann þá rétt til bóta frá þeim, sem olli.
   Valdi vanræksla í þessu efni skaða á búfé, varðar það sektum og skaðabótum til fénaðareiganda.
   Nú er hætt að nota girðingu og jafnframt að halda henni við, og er þá girðingareiganda skylt að taka hana upp, svo að hún valdi ekki tjóni.
6. Við 22. gr. Greinin orðist þannig:
   Öllum leiguliðum, er búið hafa á sömu jörð í 5 ár eða lengur, að öðrum kosti jarðareigendum, er skylt að hreinsa burtu af landi sínu, er búfénaður gengur um, ónothæfar vírgirðingar og girðingaflækjur, sem vera kunna í landi jarða þeirra. Nú vanrækir landeigandi þessi fyrirmæli í eitt ár, eftir að lög þessi öðlast gildi, og er þá ábúanda skylt að framkvæma verkið á kostnað jarðareiganda.
   Ef um eyðijörð er að ræða, þar sem þessi skylda er vanrækt, ber hlutaðeigandi sveitarstjórn að láta framkvæma verkið á kostnað jarðareiganda eða þess, er nytjar jörðina. Hið sama gildir, ef ábúandi jarðar vanrækir skyldu sína í þessu efni.

Ed. 121. Breytingartillaga [45. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

Frá Páli Þorsteinssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 2. gr. Meginmál greinarinnar orðist svo:
Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt, að dómi ráðherra. Nú tekur ferðamálasjóður lán með vísitöluákvæði eða fær til starfsemi

sinnar vísitölutryggt fé, sbr. 27. gr., og skal þá sá hluti af lánum úr sjóðnum, er samsvarar hinu vísitölutryggða fé, vera með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu. Vextir af lánum með vísitöluákvæði skulu ekki vera hærri en 4%.

Ed. 122. Breytingartillögur [45. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Ráðning starfsliðs er háð samþykki ráðherra.
2. Við 2. gr.
   a. Orðið „framfærslukostnaður“ í niðurlagi greinarinnar falli niður.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      Nú tekur ferðamálasjóður erlent lán, og skal það þá endurlánað með gengistryggingu, en eigi vera vísitölubundið.

Sþ. 123. Tillaga til þingsályktunar [87. mál]

um hækkun íbúðarhúsalána hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins og um lækkun vaxta.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Ágúst Þorvaldsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Stofnlánadeild landbúnaðarins færi hámark íbúðarhúsalána úr 150 þús. kr. upp í a. m. k. 280 þús. kr. og veiti slík lán með 3½% vöxtum. Hækkun þessi nái til þeirra lána, sem veitt eru út á fullgerð íbúðarhús 1964.

Greinargerð.

Byggingarkostnaður hefur hækkað stórkostlega á undanförnum árum. Meðalíbúðarhús í sveit mun varla kosta minna en 700 þús. kr. Hámark lána, er Stofnlánadeild landbúnaðarins veitir út á íbúðarhús í sveitum, er nú 150 þús. kr. Flm. þessarar tillögu telja, að lán þessi þurfi að hækka í a. m. k. 280 þús. kr. og að það verði framkvæmt þegar á þessu ári.

Fram til 1960 voru vextir af íbúðarhúsalánum í sveitum 3½%, en eru nú 6%. Telja flm. rétt, að þessir vextir verði nú aftur lækkaðir niður í 3½%, enda hefur nú þegar verið samið um, að vextir af almennum íbúðalánum verði lækkaðir.

Nd. 124. Frumvarp til laga [31. mál]

um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. nóv.)

1. gr.

Félög, sem koma til greina við veiting styrks samkvæmt lögum þessum, skulu fullnægja skilyrðum í A-, B- eða C-flokki hér á eftir:

A-flokkur:

1. að sýna a. m. k. tvö leikrit á ári, sem hvort um sig sé fullkomin kvöldsýning,
2. að fullgildur leikstjóri setji leikritið á svið,
3. að félagið hafi ráð á húsnæði og sviðbúnaði, sem nægi til sýninga á þeim leikritum, sem valin eru til flutnings,
4. að sýnandi leikrits sé félag, sem eingöngu fæst við leiklist og ver ágóða, sem verða kann af sýningum, eingöngu til leiklistarstarfsemi sinnar.

B-flokkur:

1. að sýna a. m. k. eitt leikrit á ári sem sjálfstæða sýningu og sé það fullkomin kvöldsýning eða styttra leikrit með öðru menningarlegu efni, svo sem upplestri, söng, hljóðfæraslætti o. fl.

C-flokkur:

1. að sýna a. m. k. eitt leikrit á ári, sem sérstaklega er ætlað börnum og sé fullgild sýning.

Tala leikrita hér að framan miðast einungis við leikrit, sem frumsýnd hafa verið á leikárinu, en leikrit, sem haldið er áfram sýningum á frá fyrra leikári, teljast eigi með.

2. gr.

Ef tekin eru til sýningar ný íslenzk leikrit eða íslenzk leikrit, sem eigi hafa áður verið sýnd á leiksviði, er heimilt að greiða vegna þeirra sérstakan aukastyrk af fé því, sem veitt er í fjárlögum hverju sinni til leiklistarstarfsemi, samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins. Auk þess er heimilt að styrkja sérstaklega sýningar á öðrum íslenzkum leikritum.

3. gr.

Stefnt skal að því, að leikrit, sem sýnd eru á vegum félaga, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, séu menningarlegs eðlis, en eigi sýnd eingöngu eða fyrst og fremst til fjáröflunar.

4. gr.

Félög, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, skulu senda menntamálaráðuneytinu fyrir 1. júní ár hvert endurskoðaðan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir þann þátt starfsemi sinnar, sem fellur undir 1. gr. laga þessara, svo og skýrslu um leikstarfsemina á síðastliðnum vetri, og starfsáætlun fyrir næsta vetur, ef unnt er, annars strax og slík starfsáætlun hefur verið gerð. Ráðuneytið getur ákveðið, í hvaða formi skýrslur þessar skuli vera.

5. gr.

Fjárframlög ríkisins til leiklistarstarfsemi áhugamanna skulu ákveðin í fjárlögum árlega, og skal fjárhæðin eigi lægri vera en ein milljón króna, sem menntamálaráðuneytið síðan skiptir, að fengnum umsóknum og áskildum upplýsingum. Styrkir til félaga í A-flokki skulu nema frá 30—100 þús. krónum, en í B-flokki frá 10—30 þúsund krónum á ári.

Hafi félag sýnt þrjú leikrit eða fleiri á síðasta leikári, er heimilt að veita því aukastyrk.

Sýni félag umfram þá leikritatölu, sem getur í 1. gr., A- og B-flokki, leikrit, sem sérstaklega er ætlað börnum og er fullgild sýning, skal styrkja það aukalega með allt að 30 þús. kr.

Auk einnar milljón króna lágmarksfjárveitingar til leiklistarstarfsemi áhugamanna, skal ákveða sérstaklega í fjárlögum hverju sinni styrk til Leikfélags Reykjavíkur og Bandalags ísl. leikfélaga.

6. gr.

Þegar nægilegt fé er veitt til þess í fjárlögum eða á annan hátt, skal Bandalag íslenzkra leikfélaga í samráði við Þjóðleikhúsið og Leikfélag Reykjavíkur koma á fót og reka búninga-, leiktjalda- og leikmunasafn til afnota fyrir leikfélög landsins. Safnið hafi í þjónustu sinni leiktjaldamálara og búningateiknara.

Þangað til safni þessu hefur verið komið á fót, skal Þjóðleikhúsið leigja leikfélögum leiktjöld, búninga o. fl., eftir því sem stjórn Þjóðleikhússins telur við verða komið. Skemmdir á hinu leigða skulu leigutakar bæta Þjóðleikhúsinu að fullu eftir mati þess.

7. gr.

Ríkisútvarpið aflar sér til flutnings leikrita hjá leikfélögum víðs vegar um land, eftir því sem ástæða virðist til að dómi dagskrárstjórnar, og komi þá venjulegt gjald fyrir hið notaða efni.

8. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að veita styrk til opinberra leiksýninga skólafélaga, svo sem til greiðslu hluta af kostnaði við leikstjórn. Er hér átt við skóla, sem reknir eru eða styrktir af ríkinu.

9. gr.

Á móti styrkveitingum í A-flokki skulu koma a. m. k. jafnhá framlög frá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði, en á móti styrkjum í B- og C-flokki komi a. m. k. 50% frá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóði.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 125. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

(Eftir 3. umr. í Ed., 30. nóv.)

1. gr.

Aftan við 11. gr. laganna komi tvær nýjar mgr., svo hljóðandi:

Kostnaður við störf ferðamálaráðs greiðist af fé því, sem veitt er til ferðamálasjóðs samkv. 1. mgr. 27. gr., samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Ráðning starfsliðs er háð samþykki ráðherra.

2. gr.

2. mgr. 34. gr. laganna orðist þannig:

Lánin skulu tryggð með veði í fasteign eða á annan jafntryggan hátt, að dómi ráðherra, og vera með vísitölukjörum, þannig að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu.

Nú tekur ferðamálasjóður erlent lán, og skal það þá endurlánað með gengistryggingu, en eigi vera vísitölubundið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 126. Fyrirspurn. [88. mál]

til landbúnaðarráðherra um útflutning á dilkakjöti.

Frá Jónasi Péturssyni.

Hvað hefur verið gert að frumkvæði ríkisstjórnarinnar til að framkvæma ályktun Alþingis frá 16. apríl 1962 um tilraunir með útflutning á dilkakjöti?

Nd. 127. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til laga um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og leitað umsagnar um málið hjá eftirtöldum aðilum: skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Landssambandi ísl. útvegsmanna.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frv.

Jón Skaftason áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Tveir nefndarmanna voru fjarstaddir afgreiðslu málsins, þeir Gísli Guðmundsson og Sverrir Júlíusson.

Alþingi, 30. nóv. 1964.

Birgir Finnsson, form. Pétur Sigurðsson, fundaskr., frsm. Guðl. Gíslason.
Lúðvík Jósefsson. Jón Skaftason.

Ed. 128. Frumvarp til laga [89. mál]

um breyting á lögum nr. 12 30. janúar 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Fé því, sem rennur í erfðafjársjóð samkvæmt 1. gr., skal varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni, að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Er heimilt að veita sveitarfélögum, öðrum félögum og einstökum mönnum lán og styrki úr sjóðnum í þessu skyni, en þó fari samanlagar upphæðir lána og styrkja eigi fram úr ⅔ af stofnkostnaði stofnunarinnar.

Ef fjárhagur sjóðsins leyfir, er enn fremur heimilt að veita framangreindum aðilum lán úr sjónum með sömu skilmálum til þess að koma upp elliheimilum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 25 14. maí 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breyting sú, sem felst í frumvarpi þessu frá núgildandi lögum er fólgin í rýmkun á hlutverki sjóðsins. Núgildandi lög hafa ekki verið talin taka ótvírætt til endurhæfingarstöðva öryrkja. Með breytingu þeirri, sem hér um ræðir, mundi vera heimilt að veita lán eða styrk samkvæmt lögunum til endurhæfingastöðva, þar eð slíkar stöðvar mundu teljast til annarra stofnana fyrir öryrkja, sem stuðla að því að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Nauðsynlegt er, að slíkar stöðvar geti notið aðstoðar samkvæmt lögunum. Erfðafjársjóður hefur til þessa jafnan haft nokkurt handbært fé, sem ekki hefur verið ráðstafað, svo að sú rýmkun á starfssviði sjóðsins, sem hér er gert ráð fyrir, getur ekki talist varhugaverð.

Síðari málsgreinin er samhljóða ákvæðum laga nr. 25 14. maí 1960.

Sþ. 129. Tillaga til þingsályktunar [90. mál]

um síldarflutninga og síldarlöndun.

Flm.: Björn Jónsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir stofnun samtaka með síldarverksmiðjum og söltunarstöðvum um rekstur flutningaskipa, er annast gætu flutninga síldar til verksmiðja og söltunarstöðva, þegar þeir henta betur en flutningar veiðiskipanna á eigin afla. Jafnframt verði athugað, hvort ekki sé nauðsynlegt, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um samstarf eigenda söltunarstöðva og síldarverksmiðja og útvegsmanna um, að komið verði á fót miðstöð, sem stjórni allri löndun síldveiðiskipanna með tilliti til sem fyllstrar nýtingar á afkastagetu vinnslustöðvanna og á veiðimöguleikum síldveiðiflotans.

Greinargerð.

Þáttur síldveiða og síldariðnaðar í atvinnulífi þjóðarinnar hefur mjög farið vaxandi á síðustu árum, og bendir margt til þess, að sú þróun haldi áfram um fyrirsjáanlega framtíð. Ný tækni í veiðiaðferðum, gerð fiskiskipanna, flutningum og vinnslu aflans hefur stóraukið líkur fyrir því, að þessi atvinnugrein verði árvissari og arðvænlegri en áður. Skilyrði fyrir því eru þó vafalaust þau m. a., að fullrar hagsýni sé gætt bæði varðandi nýtingu þeirrar miklu fjárfestingar, sem nú þegar liggur í þessum atvinnurekstri, og einnig varðandi framkvæmdir í framtíðinni, sem líklegt er að verði miklar. En í þessum efnum er við meiri vanda að etja en í flestum öðrum atvinnugreinum, annars vegar vegna breytileika og óvissu um veiðisvæði, en hins vegar þarfar á staðbundinni fjárfestingu í verksmiðjum og vinnslustöðvum.

Til nokkurrar glöggvunar á þessu vandamáli er rétt að rekja í aðalatriðum, hvernig þróun síldveiða og síldariðnaðar hefur verið hér á landi. Á síðari hluta 19. aldar var veidd allmikil síld á Austfjörðum og söltuð til útflutnings. Úr þessum veiðum dró mjög undir aldamótin, og færðust þær nú til Norðurlandsins og mest til Eyjafjarðar. Um líkt leyti hófust síldveiðar úti á rúmsjó, og hélzt svo um hríð, að síldveiðar voru mestar út af Norðurlandi. Í kjölfar þessa voru síldarverksmiðjur reistar á Siglufirði og við Eyjafjörð, sem þá lágu bezt við síldarmiðunum. Um skeið var þó veiði mikil á Húnaflóa, út af Hornströndum og jafnvel allt vestur að Ísafjarðardjúpi. Síldarverksmiðjur voru þá reistar á Önundarfirði

og á Hesteyri við Jökulfirði, og fengu verksmiðjur þessar mikið magn síldar um árabil. Þá var og byggð verksmiðja við Reykjarfjörð á Ströndum.

Samhliða miklum skipakaupum til síldveiða eftir heimsstyrjöldina síðari voru byggðar 4 stórar síldarverksmiðjur á Norðurlandi, þar af 2 á Siglufirði, 1 á Skagaströnd og 1 á Ingólfsfirði. Verksmiðjurnar í Krossanesi og á Raufarhöfn voru þá einnig stækkaðar mikið.

Nú mun afkastageta hinna 11 síldarverksmiðja á Norðurlandi vera a. m. k. 50 þús. mál síldar á sólarhring og 2 verksmiðja á Ströndum um 7 þús. mál. Söltunarstöðvar eru rúmlega 40 á Norðurlandi.

Undanfarin sumur hefur síldveiði mjög tregazt út af Norðurlandi, en jafnframt aukizt út af Austfjörðum, mest djúpt út af landinu. Þessi breyting á veiðunum hefur svo orðið undirstaða þess, að ráðizt hefur verið í byggingu margra síldarverksmiðja og fjölda söltunarstöðva. Er talið, að verksmiðjurnar á Austfjörðum geti nú unnið 22—23 þús. mál á sólarhring. Afkastageta allra síldarverksmiðja á Norður- og Austurlandi er því nú orðin yfir 70 þús. mál á sólarhring.

Af síldveiðunum við Suður- og Suðvesturland er ekki ólíka sögu að segja. Veiðisvæðin hafa verið mjög breytileg, bæði eftir árstímum og frá ári til árs. Í Hvalfirði og Kollafirði var uppgripaveiði í tvo vetur, og voru þá byggðar nýjar síldarverksmiðjur með mikilli afkastagetu, en veiðin brást síðan í mörg ár. S. l. 4—5 ár hefur síldveiði verið stunduð við Suður- og Suðvesturland á nokkuð á annað hundrað skipum, og hafa veiðisvæðin helzt verið út af Faxaflóa og Snæfellsnesi, en einnig s. l. vetur út af Suðausturlandi og hélzt nokkur veiði þar einnig s. l. sumar. Síldveiðar fyrir Suður- og Suðvesturlandi s. l. 4—5 ár hafa ýtt af stað miklum framkvæmdum í byggingum síldarverksmiðja og söltunarstöðva sunnanlands. Er þar nú orðinn slíkur verksmiðjukostur, að hann getur unnið allan bræðslusíldaraflann, miðað við síðustu vertíð, á einum mánuði eða tæplega það.

S. l. sumar varð því nær engin síldveiði vestan Melrakkasléttu, en hins vegar varð mjög mikil veiði út af Austurlandinu lengst af 40—200 mílur frá landi. Meðan veiðin var í hámarki, hlóðst meiri afli á land á Austfjörðum en nokkrir möguleikar voru þar til að vinna í bræðslu og söltun. Veiðiskipin urðu því að bíða löndunar langtímum saman eða sigla til Norðurlandshafna, sem oftast mun hafa valdið viðkomandi skipum 2—3 sólarhringa töfum frá veiðum hverju sinni. Meðan þessu fór fram, stóðu flestar síldarverksmiðjurnar á Norðurlandi verkefnalitlar þrátt fyrir sína miklu afkastagetu og nægan mannafla. Og enn var þó ástandið verra hjá söltunarstöðvunum þar, sem flestar voru reknar með geigvænlegu tapi, enda nær verkefnalausar.

Nokkur tilraun var gerð til þess að bjarga rekstri sumra verksmiðjanna á Norðurlandi og um leið verðmætum með flutningastarfsemi 5 erlendra skipa, og einnig var tilraun gerð með tankskipinu Þyrli til þess að dæla síld úr skipum á miðum úti og flytja til síldarverksmiðjunnar í Bolungarvík. Mun sú tilraun hafa sannað hæfni nýrrar tækni við dælingu síldar úti í rúmsjó, en bæði Þyrill og hin erlendu flutningaskip munu hafa reynzt langtum of lítil, til þess að rekstur þeirra væri hagstæður.

Enda þótt ekki sé enn fengin nægilega mikil reynsla af því, hvernig síldarflutningum verði bezt hagað, og nauðsynlegt sé að afla hennar, virðast líkurnar miklar fyrir því, að slíkir flutningar geti komið að miklu gagni í ýmsu tilliti og leyst margan vanda samhliða öðrum nauðsynlegum framkvæmdum. Trúlega þarf að byggja bræðslusíldarflutninga á stórum tankskipum, en hugsanlega flutninga söltunarsíldar á smærri skipum, t. d. togurum, sem ella lægju ónotaðir. Með stórauknum síldarflutningum beint af miðum eða frá sérstökum geymslustöðvum í landi mundi eftirfarandi sennilega vinnast:

1. Spöruð yrði að einhverju leyti ný fjárfesting í verksmiðjum og vinnslustöðvum og hráefnisverði til útvegsmanna og sjómanna þannig haldið hærra en ella.

2. Rekstur síldarverksmiðja og söltunarstöðva mundi betur tryggður en áður og atvinnuöryggi aukast í síldarbæjunum, en á því er brýn þörf, sem ella yrði víða að mæta með öðrum hætti.
3. Veiðimöguleikar síldveiðiflotans sem heildar mundu aukast.
4. Rekstrarmöguleikar minni bátanna, sem nú eiga erfiðast uppdráttar, mundu batna verulega, einkum ef reynsla yrði góð af flutningum beint af miðunum.
5. Breytileiki veiðisvæða mundi ekki hafa áhrif á gagnsemi fjárfestingar í þessum framkvæmdaþætti síldariðnaðarins.

Með þáltill. þessari er stefnt að því, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um stofnun samtaka um rekstur flutningaskipa. Telja flm., að með sameign og sameiginlegum rekstri fengist betri nýting slíks skipastóls og að meiri líkur yrðu fyrir æskilegum árangri. Í annan stað er svo lagt til, að athugað verði, hvort ekki sé tímabært orðið, að allri löndun síldveiðiflotans verði í framtíðinni stýrt frá einni miðstöð, sem ávallt byggi yfir fullri vitneskju um vinnslumöguleika á hverjum stað og öðru, sem máli skiptir til þess að ákvarða sem öruggastar og tafaminnstar siglingar veiðiskipanna.

Ed. 130. Frumvarp til girðingarlaga. [40. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. des.)

1. gr.

Girðingar í lögum þessum, þegar annars er ekki getið, eru 6 strengja gaddavírsgirðingar, 1.10 metrar á hæð frá jafnsléttu og ekki lengra milli jarðfastra stuðla (stólpa) hennar en 4 metrar, eða girðing, er jafngildi henni að vörzlunotum, þar með taldir skurðir með þremur eða fleiri gaddavírsstrengjum á skurðbakka. Gerð ristarhliða skal ákveða í reglugerð, er landbúnaðarráðherra setur.

2. gr.

Þegar lögð er girðing af leiguliða, fer um skyldur jarðeiganda við burtför ábúandans eftir sömu reglum og um hús á jörðinni sé að ræða, sbr. 13. gr. ábúðarlaga.

Girðingar, sem ríkistillag hefur verið greitt vegna eða lán veitt til með veðrétti á jörðu, skulu jafnan fylgja jörðinni og þeim við haldið, meðan lánið er ekki að fullu greitt (eða styrkur ekki endurgreiddur), en heimilt er að fengnu samþykki lánveitanda að flytja girðingar þangað, sem þær koma jörðinni að meira gagni.

3. gr.

Nú fer jörð í eyði, sem ekki á að byggjast aftur, sbr. 4. kafla jarðræktarlaga, og verða eigi lengur nein not af girðingunni fyrir jörðina, skal þá eiganda girðingarinnar skylt að taka hana upp.

Nú telja þeir, er dæma jörðina ekki ábúðarhæfa, að nágrannajörð eða jarðir geti haft not af girðingunni eða hluta úr henni, og skal þá viðhaldsskyldan að þeim hluta færast yfir á ábúanda þeirrar jarðar, enda á hann rétt á að kaupa girðinguna eða þann hluta hennar, er hann hefur gagn af, eftir mati úttektarmanna.

4. gr.

Vilji eigandi eða notandi ræktunarlanda í þorpum og bæjarfélögum girða land sitt, skal hann með árs fyrirvara tilkynna það öllum þeim, er land eiga á móti því landi, sem hann vill girða. Þeim, sem eiga þannig aðliggjandi, útmældar ræktunarlóðir, er skylt að taka þátt í kostnaði við girðinguna til jafns við þann,

sem vill girða, ef um vírgirðingu er að ræða, að tiltölu við lengd girðingarinnar fyrir landi hvers eins. Þetta gildir þó ekki um það land, sem liggur að götu í bæ eða kauptúni.

5. gr.

Nú vill ábúandi eða eigandi jarðar, sem er í ábúð, girða land sitt, og hefur hann þá rétt til að krefjast, að sá eða þeir, sem land eiga að hinu fyrirhugaða girðingarstæði, greiði hálfan girðingarkostnaðinn að jöfnu að tiltölu við lengd girðingar fyrir landi hvers og eins. En annar helmingur girðingarkostnaðar skiptist eftir því, hvert gagn hver um sig hefur af girðingunni. Verði ekki samkomulag um þau skipti, skera matsmenn úr þeim ágreiningi, sbr. 6. gr. Eigi síðar en ári áður en verk er hafið skal sá, er samgirðingar krefst, bera fram kröfu sína. Hver aðili hefur rétt til að leggja fram efni, flutning og vinnu í hlutfalli við þátttöku í kostnaðinum. Neiti sá, er samgirðingar er krafinn, þátttöku í undirbúningi eða framkvæmd verksins, getur sá, er girða vill, sett hana upp, og á hann þá kröfurétt á endurgreiðslu á þeim hluta kostnaðar, er hinum ber að greiða.

6. gr.

Nú verða aðilar ekki ásáttir um, hvers konar girðingu skuli setja, eða um aðra framkvæmd verksins, og skulu þá úttektarmenn hreppsins og jarðræktarráðunautur hlutaðeigandi héraðs skera úr um ágreininginn. Liggi girðing í hreppamörkum, skal hvor aðili tilnefna úttektarmann úr sínum hreppi til að jafna ágreininginn ásamt hlutaðeigandi jarðræktarráðunaut. Liggi girðingin í mörkum lögsagnarumdæma, tilnefna hlutaðeigandi lögreglustjórar eða sýslumenn sinn manninn hvor, en stjórn Búnaðarfélags Íslands tilnefnir einn af jarðræktarráðunautum félagsins. Jarðræktarráðunautarnir skulu jafnan vera oddamenn og afl atkvæða ráða úrslitum.

Kostnað við matið greiða aðilar eftir sömu hlutföllum og girðingarkostnaðinn, og ákveða matsmenn, hverju hann nemur.

7. gr.

Vilji meiri hluti ábúenda eða eigenda jarða, er liggja að afrétt, girða milli afréttarinnar og heimalanda sinna, skulu eigendur eða notendur afréttarinnar greiða ⅘ hluta stofnkostnaðar girðingarinnar, en eigendur eða ábúendur hlutaðeigandi jarða ⅕. Ef ágreiningur verður um framkvæmd verksins, fer um það eins og segir í 5. gr. Viðhaldskostnaður allra girðinga greiðist í sömu hlutföllum og stofnkostnaður nema þeirra girðinga, er vegagerðin setur upp (sbr. 9. gr.), þar bera viðkomandi bændur viðhaldskostnaðinn, nema girðingin sé eingöngu í þágu vegarins, sbr. 9. gr.

Nú er landamerkjagirðing, sem kostuð hefur verið eftir öðrum hlutföllum en um getur í 5. gr., og skal þá viðhald hennar falla undir fyrirmæli 5. gr., eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi.

8. gr.

Nú eru lagðar girðingar fyrir ríkisfé til varnar útbreiðslu búfjársjúkdóma, án framlags frá ábúendum eða eigendum viðkomandi jarða, og einstaklingum eða sveitarfélögum er gefinn kostur á þeim girðingum, og gilda þá sömu reglur um greiðslu á andvirði þeirra og viðhald, eftir því sem við á, eins og um aðrar þær girðingar, er lög þessi mæla fyrir um.

Nú er ekki þörf á slíkri girðingu til varnar útbreiðslu búfjársjúkdóma og enginn gefur kost á að kaupa hana eða halda henni við, og er þá ríkinu skylt að láta taka hana upp. Hafi þessi skylda verið vanrækt í eitt ár eða lengur, eftir að

lög þessi öðlast gildi, er viðkomandi sveitar- eða upprekstrarfélagi heimilt að láta taka girðinguna upp á kostnað ríkisins.

9. gr.

Nú er vegur lagður gegnum tún, ræktunarland, engjar eða girt beitiland, og skal þá sá, sem veginn leggur, girða báðum megin vegarins eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði, ef vegamálastjóri telur það hentugra. Sama gildir, ef girðing er lögð umhverfis slík lönd, er vegur liggur um. Eigendum vega er heimilt að girða meðfram vegum sínum, þótt ekki sé þess krafizt af landeiganda. Þó skal vegareiganda skylt að setja hlið á slíka girðingu, ef þörf er að dómi matsmanna.

Nú er girðing lögð milli afréttar og heimalands, er liggur yfir vegi, eða vegir eru lagðir í gegnum hana, og telja matsmenn girðinguna nauðsynlega, og ber þá þeim, er veginn annast, að leggja til hlið, en hlið og ristarhlið á aðalfjallvegi, og annast viðhald þeirra

Nú myndast langar girðingartraðir með vegi, og er þá hlutaðeigandi bændum skylt að gæta þess eftir föngum, að búfénaður þeirra sleppi ekki inn á veginn.

Ef reynslan sýnir, að búfénaður, af óviðráðanlegum ástæðum, leggur leið sína um langa vegu eftir slíkum tröðum, er eiganda vegarins skylt, ef þess verður krafizt af hlutaðeigandi sveitarstjórn, að hefta rennsli búfjárins með ristarhliði, enda greiði hreppsfélagið helming kostnaðar. Nú eiga tvö eða fleiri sveitarfélög eða sýslur hlut að máli og ágreiningur rís um greiðslu kostnaðar við að setja ristarhlið á veg, þar sem girðingartraðir hafa myndazt, og skal þá skera úr þeim ágreiningi samkvæmt ákvæðum 6. gr., eftir því sem við á.

10. gr.

Nú er girðing gerð á landamerkjum, og skal hún þá svo reist, að á hvorugan sé gengið, sem land á að henni. Innlent efni skal, eftir því sem með þarf, taka að jöfnu úr þeim löndum, sem að henni liggja.

Nú ræður landamerkjum krókóttur vatnsfarvegur eða merki liggja í smákrókum af öðrum ástæðum, en landeigandi vill girða beint, og vill sá eigi samþykkja, er land á á móti, þá skal það þó heimilt, ef matsmenn (sbr. 6. gr.) meta, að eigi séu gildar ástæður til að banna girðinguna, skulu þeir þá ákveða girðingunni stað, og skal það gert þannig, að sem jafnast sneiðist bæði löndin. Nú fer þó svo, að meira sneiðist annað landið, og skal þá meta skaðabætur þeim, er landið missir.

Réttur til hvers konar hlunninda, jarðhita eða námuverðmæta helzt þó óbreyttur, nema samkomulag verði um, að girðingin skipti löndum til fullnustu.

11. gr.

Skylt er að halda öllum girðingum svo vel við, að búfé stafi ekki hætta af þeim.

Samgirðingu, sem lögð er samkvæmt ákvæðum 5. og 7. gr., er skylt að halda við, þannig að hún sé fjárheld, svo fljótt sem verða má, eftir að snjóa leysir af henni að vorinu og þar til snjó leggur á hana að hausti eða vetri. Vanræki annar hvor aðili viðhald hennar að sínum hluta er hinum heimilt að gera við hana á kostnað eiganda. Nú sýnir eigandi samgirðingar stórfellt hirðuleysi í þessu efni, svo að sameigandi hans í girðingunni eða annar aðili verður af þeim sökum fyrir sannanlegu tjóni, og á hann þá rétt til bóta frá þeim, sem olli.

Valdi vanræksla í þessu efni skaða á búfé, varðar það sektum og skaðabótum til fénaðareiganda.

Nú er hætt að nota girðingu og jafnframt að halda henni við, og er þá girðingareiganda skylt að taka hana upp, svo að hún valdi ekki tjóni.

12. gr.

Um fjarlægð girðinga frá vegum skal fara eftir reglum, sem settar verða samkvæmt heimild í vegalögum.

13. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg með hliði á veginum án leyfis vegamálastjóra, nema um einkaveg sé að ræða, sbr. þó 9. gr. Sama bann gildir þar, sem mælt og markað hefur verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynnt jarðarábúanda, hvar mælt hefur verið.

14. gr.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minnsta kosti 4 metrar á breidd, þannig gerð, að hún haldist opin af sjálfu sér, meðan ekið er um hliðið. Skylt er vegfarendum að loka hliðinu á eftir sér.

Vegamálastjóra er heimilt að afturkalla með eins árs fyrirvara gefið leyfi til þess að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum.

15. gr.

Skylt er að halda við girðingum, svo að aldrei geti þær hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki þessa ekki gætt, er vegagerðinni heimilt að framkvæma viðgerð á kostnað þess, sem að réttu ber að halda girðingunni við.

Vegagerðinni er heimilt að flytja girðingar og fjarlægja tré og annan gróður, ef nauðsyn ber til af öryggisástæðum eða til framkvæmdar viðhaldi, svo sem snjómokstri.

16. gr.

Nú liggur vegur, stígur eða götutroðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg, með hliði á veginum, en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema sveitarstjórn leyfi.

Ákvörðun sveitarstjórnar, samkv. 1. mgr., má leggja undir úrskurð vegamálastjóra.

17. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu um samgirðingar til varnar gegn ágangi búfjár, um tilhögun þeirra, stofnkostnað og viðhald og um beit innan girðingarinnar.

18. gr.

Nú koma fyrir sýslunefnd óskir um að gera samþykkt samkv. 17. gr. Telji hún þær hafa við sterk rök að styðjast, skal hún þá eða oddviti hennar kveðja til fundar með nægum fyrirvara á svæði því, er samþykktinni er ætlað að ná yfir. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir, sem á nefndu svæði hafa jörð eða jarðarhluta til afnota. Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin kýs til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi.

19. gr.

Á fundi þeim, er um getur í 18. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktar, er áður hefur verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundurinn á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ hlutum atkvæða, þeirra er fundinn sækja og samþykktin nær til, sendir sýslumaður það til stjórnarráðsins til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þó að fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með ⅔ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefnd ekki fallast á breytingartillögur, er samþykktarfundur gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með ⅔ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyrr segir.

20. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að gera samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og til er tekið í 17. gr. Er öll meðferð samþykktar þá hin sama og 18. og 19. gr. skipa fyrir um, nema hreppsnefnd kemur þá hvarvetna í stað sýslunefndar og oddviti hreppsnefndar í stað oddvita sýslunefndar.

21. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþykktin þá endursend ásamt synjunarástæðum stjórnarráðsins.

Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Upp frá því er hún skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa á því svæði, er hún nær yfir.

22. gr.

Öllum leiguliðum, er búið hafa á sömu jörð í 5 ár eða lengur, að öðrum kosti jarðareigendum, er skylt að hreinsa burtu af landi sínu, er búfénaður gengur um, ónothæfar vírgirðingar og girðingaflækjur, sem vera kunna í landi jarða þeirra. Nú vanrækir landeigandi þessi fyrirmæli í eitt ár, eftir að lög þessi öðlast gildi, og er þá ábúanda skylt að framkvæma verkið á kostnað jarðareiganda.

Ef um eyðijörð er að ræða, þar sem þessi skylda er vanrækt, ber hlutaðeigandi sveitarstjórn að láta framkvæma verkið á kostnað jarðareiganda eða þess, er nytjar jörðina. Hið sama gildir, ef ábúandi jarðar vanrækir skyldu sína í þessu efni.

23. gr.

Brot gegn lögum þessum svo og girðingarsamþykktum sýslu- og sveitarfélaga (sbr. 17. og 20. gr.) varða sektum allt að 100 þúsund krónum.

24. gr.

Með brot móti lögum þessum og samþykktum, sem gerðar kunna að verða samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála.

25. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin girðingarlög, nr. 24 1. febr. 1952, l. nr. 28/1964, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Ed. 131. Lög [5. mál]

um verðtryggingu launa.

(Afgreidd frá Ed. 3. des.)

Samhljóða þskj. 5.

Nd. 132. Frumvarp til laga [91. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1963 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

	Innborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt	2. gr.	fjárlaga	kr. 1 848 000 000.00	kr. 2 125 904 479.45
2.	— —	3. — A.	— —	324 900 000.00	— 360 836 549.81
3.	— —	3. — B.	— —	75 000.00	— 152 813.39
4.	— —	4. —	— —	2 000 000.00	— 14 539 158.53
5.	— —	5. —	— —	20 000 000.00	— 16 013 970.39
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr.		fjárlaga	— 3 100 000.00	— 61 508 340.85
				kr. 2 198 075 000.00	kr. 2 578 955 312.42

	Útborganir:			Áætlun:	Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt	7. gr.	fjárlaga	kr. 10 616 216.00	kr. 4 396 782.20
2.	— —	8. —	— —	1 611 933.00	— 1 815 918.56
3.	— —	9. —	— —	12 635 500.00	— 15 800 287.65
4.	— —	10. — I.	— —	24 632 070.00	— 35 859 969.98
5.	— —	10. — II.	— —	21 318 234.00	— 23 276 482.24
6.	— —	10. — III.	— —	4 767 970.00	— 6 254 036.03
7.	— —	11. — A.	— —	96 785 658.00	— 124 312 149.26
8.	— —	11. — B.	— —	32 069 592.00	— 47 728 087.51
9.	— —	11. — C.	— —	2 200 000.00	— 2 692 228.63
10.	— —	12. —	— —	67 606 841.00	— 86 242 461.00
11.	— —	13. — A.	— —	121 666 511.00	— 133 273 163.49
12.	— —	13. — B.	— —	18 300 000.00	— 32 162 849.16
13.	— —	13. — C.	— —	41 987 778.00	— 43 929 805.05
14.	— —	13. — D.	— —	12 754 088.00	— 20 654 039.15
15.	— —	13. — E.	— —	5 210 452.00	— 6 850 278.16
16.	— —	13. — F.	— —	6 927 519.00	— 9 166 754.97
17.	— —	14. — A.	— —	258 737 523.00	— 313 008 014.86
18.	— —	14. — B.	— —	18 565 018.00	— 20 419 890.55
19.	— —	15. —	— —	16 646 866.00	— 17 564 122.17
20.	— —	16. — A.	— —	100 420 319.00	— 101 815 587.83
21.	— —	16. — B.	— —	54 579 771.00	— 61 880 761.45
22.	— —	16. — C.	— —	5 826 520.00	— 6 452 549.37
23.	— —	16. — D.	— —	31 912 394.00	— 31 614 224.85
24.	— —	16. — E.	— —	14 427 894.00	— 15 569 199.29
25.	— —	17. —	— —	506 040 274.00	— 511 848 045.86
26.	— —	18. —	— —	43 066 840.00	— 51 199 037.17
27.	— —	19. — 1.	— —	430 000 000.00	— 429 162 912.31
28.	— —	19. — 2.	— —	5 000 000.00	— 6 325 219.60
29.	— —	19. — 3.	— —	8 000 000.00	— –
30.	— —	19. — 4.	— —	13 000 000.00	— 16 396 295.71
31.	— —	19. — 5.	— —	65 000 000.00	— –
32.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr.		fjárlaga	— 137 077 307.00	— 277 729 810.64
	Mismunur			— 8 683 912.00	— 123 554 347.72
				kr. 2 198 075 000.00	kr. 2 578 955 312.42

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1963, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Sþ. **133. Frumvarp til fjáraukalaga** [92. mál]

fyrir árið 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Til viðbótar við þau gjöld, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1963, eru veittar kr. 394 633 233.61 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1.	Póstur og sími	kr.	33 045 551.28
	af kr. 33 083 530.68 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
2.	Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins	—	52 394 475.60
	af kr. 85 680 550.06 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
3.	Ríkisútvarp	—	5 864 670.34
	en tekjur fóru kr. 8 000 117.67 fram úr fjárlagaáætlun.		
4.	Viðtækjaverzlun	—	843 552.61
	en tekjur fóru kr. 1 964 635.30 fram úr fjárlagaáætlun.		
5.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	1 686 415.06
	af kr. 2 391 469.90 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
6.	Áburðarsalan	—	1 856 205.20
	af kr. 3 992 632.87 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7.	Landsmiðjan	—	1 098 845.49
	af kr. 1 356 947.29 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
8.	Tunnuverksmiðjur	—	4 953 246.27
	af kr. 4 953 246.27 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9.	Innkaupastofnun	—	1 993 310.06
	af kr. 2 517 433.06 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
10.	Bessastaðabú	—	468 675.34
	en tekjur fóru kr. 158 652.00 fram úr fjárlagaáætlun.		
11.	Hvanneyrarbú	—	672 934.62
	en tekjur fóru kr. 492 144.56 fram úr fjárlagaáætlun.		
12.	Hólabú	—	997 684.74
	en tekjur fóru kr. 516 498.11 fram úr fjárlagaáætlun.		
13.	Vífilsstaðabú	—	62 330.34
	af kr. 194 338.41 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
14.	Kópavogsbú	—	117 440.72
	en tekjur fóru kr. 100 008.16 fram úr fjárlagaáætlun.		
		Kr.	106 055 337.67

Til viðbótar við gjöldin í 8. gr.	eru veittar	kr.	203 985.56
— — — — - 10. — I.	— —	—	11 227.899.98
— — — — - 10. — II.	— —	—	1 958 248.24
— — — — - 10. — III.	— —	—	1 486 066.03
— — — — - 11. — A.	— —	—	27 526 491.26

Til	viðbótar	við	gjöldin	í	11. gr.	B.	eru	veittar	.....	kr.	15 658 495.51
—	—	—	—	-	11. —	C.	—	—	.....	—	492 228.63
—	—	—	—	-	12. —		—	—	.....	—	18 635 620.00
—	—	—	—	-	13. —	A.	—	—	.....	—	11 606 652.49
—	—	—	—	-	13. —	B.	—	—	.....	—	13 862 849.16
—	—	—	—	-	13. —	C.	—	—	.....	—	1 942 027.05
—	—	—	—	-	13. —	D.	—	—	.....	—	7 899 951.15
—	—	—	—	-	13. —	E.	—	—	.....	—	1 639 826.16
—	—	—	—	-	13. —	F.	—	—	.....	—	2 239 235.97
—	—	—	—	-	14. —	A.	—	—	.....	—	54 270 491.86
—	—	—	—	-	14. —	B.	—	—	.....	—	1 854 872.55
—	—	—	—	-	15. —		—	—	.....	—	917 256.17
—	—	—	—	-	16. —	A.	—	—	.....	—	1 395 268.83
—	—	—	—	-	16. —	B.	—	—	.....	—	7 300 990.45
—	—	—	—	-	16. —	C.	—	—	.....	—	626 029.37
—	—	—	—	-	16. —	E.	—	—	.....	—	1 141 305.29
—	—	—	—	-	17. —		—	—	.....	—	5 807 771.86
—	—	—	—	-	18. —		—	—	.....	—	8 132 197.17
—	—	—	—	-	19. —	2.	—	—	.....	—	1 325 219.60
—	—	—	—	-	19. —	4.	—	—	.....	—	3 396.295.71

Kr. 308 602 613.72

Til eignaaukningar skv. 20. gr. Út eru veittar ..... — 86 030 619.89

Inn fóru kr. 58 408 340.85 fram úr fjárlagaáætlun.

Samtals kr. 394 633 233.61

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1963. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1963 sýnir.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1963.

Ed. 134. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Leggur undirritaður meiri hl. til, að það verði samþ. óbreytt, en tveir nm., þeir HermJ og ÓlJ, hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins.

Alþingi, 7. des. 1964.

Eggert G. Þorsteinsson, form. Ólafur Björnsson, fundaskr., frsm. Alfreð Gíslason, með fyrirvara.

Magnús Jónsson. Sigurður Ó. Ólafsson.

Ed. 135. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 4. des. 1964.

Eggert G. Þorsteinsson, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Alfreð Gíslason.
Ólafur Jóhannesson.	Hermann Jónasson.	Sigurður Ó. Ólafsson.
	Magnús Jónsson.	

Ed. 136. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 4. des. 1964.

Eggert G. Þorsteinsson, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Alfreð Gíslason.
Ólafur Jóhannesson.	Hermann Jónasson.	Sigurður Ó. Ólafsson.
	Magnús Jónsson.	

Ed. 137. Nefndarálit [16. mál]

á frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8. 16. febr. 1957, um breyt. á lögum nr. 16. 26. febr. 1943, um orlof.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 7. des. 1964.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Alfreð Gíslason.	Karl Kristjánsson.	Ásgeir Bjarnason.
	Bjartmar Guðmundsson.	

Ed. 138. Nefndarálit [80. mál]

á frv. til l. um breyting á lögum nr. 25 16. apríl 1962, um aðstoð við fatlaða.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 7. des. 1964.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Alfreð Gíslason.	Karl Kristjánsson.	Ásgeir Bjarnason.
	Bjartmar Guðmundsson.	

Sþ. 139. Fyrirspurn [93. mál]

til sjávarútvegsmálaráðherra um Tunnuverksmiður ríkisins.

Frá Birni Jónssyni og Ragnari Arnalds.

1. Hvað er fyrirhugað um tunnusmíði í Tunnuverksmiðjum ríkisins nú í vetur:
   a. í Akureyrarverksmiðjunni,
   b. í Siglufjarðarverksmiðjunni?
2. Hvað líður undirbúningi að byggingu tunnugeymslu við Akureyrarverksmiðjuna?

Sþ. 140. Tillaga til þingsályktunar [94. mál]

um kaup síldarleitarskipa.

Flm.: Jón Skaftason, Ingvar Gíslason, Eysteinn Jónsson, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að ákveða nú þegar að kaupa eða láta smíða a. m. k. tvö vel útbúin síldarleitarskip til þess að annast síldarleit allan ársins hring umhverfis landið. Enn fremur að efla fjárhag síldarleitarinnar, svo að unnt verði að taka leitarskip á leigu yfir mesta annatímann á sumar- og haustsíldveiðum.

Greinargerð.

Nú má telja, að örugg vitneskja sé fengin fyrir því, að síldin haldi sig á miðunum umhverfis landið árið um kring. Mikið ríður á að afla sem mestrar vitneskju um göngu hennar og hvar hún hefst við á hverjum árstíma.

Í þessu skyni hefur skipulögð síldarleit verið stunduð hér við land á vegum sjávarútvegsmálaráðuneytisins í rúman áratug. Alþjóð er kunnur hinn mikli árangur, sem náðst hefur í þessum efnum, og er ekki ofmælt, þótt fullyrt sé, að síldarleitinni megi að verulegu leyti þakka þann mikla síldarafla, sem borizt hefur á land síðustu árin og nemur nú um helming heildaraflans.

Þrátt fyrir þessa staðreynd hefur af hálfu hins opinbera ekki verið nægilega vel búið að þessari starfsemi þau 11 árin, sem hún hefur verið stunduð. Má þar til nefna, að leitin hefur ávallt þurft að notast við misvel útbúin leiguskip frá ári til árs, sem oft hefur reynzt erfitt að útvega og búa góðum leitartækjum.

Við svo búið má ekki lengur standa, ef stórtjón á ekki af að hljótast fyrir þjóðina.

Með tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórnin ákveði strax að láta smíða tvö vel útbúin síldarleitarskip eða kaupi til þessarar starfsemi hentug skip, sem búið er að smíða.

Reynslan hefur sýnt, að hin svonefndu 250 lesta austurþýzku stálskip henta að flestu leyti vel til síldarleitar vegna góðrar sjóhæfni, hæfilegrar stærðar og hóflegs rekstrarkostnaðar. Telja kunnáttumenn á sviði síldarleitar, að ef ríkið keypti tvö þessara skipa og byggi þau hinum beztu leitartækjum, væri stórt skref stigið til eflingar síldarleitinni og þar með síldarútveginum.

Þótt tvö vel útbúin skip mundu þannig verða til mikilla hagsbóta, er ljóst, að enn sem fyrr yrði að styðjast við leiguskip til viðbótar yfir háannatímann, þegar síldveiði er stunduð á mörgum stöðum samtímis allt í kringum landið og mikillar leitar er þörf.

Sþ. 141. Tillaga til þingsályktunar [95. mál]

um skiptingu landsins í fylki, er hafi sjálfstjórn í sérmálum.

Flm.: Karl Kristjánsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa á árinu 1965 tíu manna nefnd til þess að athuga og rannsaka, hvort ekki sé rétt að skipta landinu í fylki með sjálfstjórn í sérmálum. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu, að þetta sé rétt, skal hún gera tillögur um fylkjaskipunina.

Í fylkjunum verði fylkisþing og fylkisstjórar, er fari með sérmál fylkjanna og taki þar með við nokkru af störfum Alþingis og ríkisstjórnar, enda verði í tillögunum ýtarlega um það fjallað, hver sérmálin skuli vera og eftir hvaða reglum fylkin skuli fá ríkisfé til ráðstöfunar.

Fjórir nefndarmennirnir skulu skipaðir eftir tilnefningu þingflokkanna, einn frá hverjum flokki.

Aðrir fjórir skulu skipaðir samkv. tilnefningu landsfjórðunganna, einn frá hverjum fjórðungi. Í þeim landsfjórðungum, sem hafa Fjórðungssambönd og fjórðungsþing, skulu menn þessir tilnefndir af fjórðungsþingunum, en annars af sýslunefndum og bæjarstjórnum sameiginlega í fjórðungi hverjum.

Reykjavík tekur ekki þátt í tilnefningunni með sínum landsfjórðungi, en borgarstjórnin tilnefnir einn fulltrúa af hennar hálfu.

Félagsmálaráðuneytið skipar tíunda manninn í nefndina, án tilnefningar, og er hann formaður.

Nefndin skili áliti og tillögum svo fljótt sem henni er unnt.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á næsta ári eru 1000 ár liðin síðan hin forna skipting landsins í landsfjórðunga var lögtekin á Alþingi á Þingvöllum við Öxará. Sú skipan hélzt um aldir, og enn er allríkt í hugum manna að vilja líta á landsfjórðungana sem einhvers konar sjálfstæðar heildir, þótt nú í seinni tíð hafi fólksfjöldahlutföllin mjög raskazt milli fjórðunganna og um stjórnarfarslegar heildir hafi ekki verið að ræða.

Öllum hugsandi mönnum um framtíðarhag þjóðarinnar er orðið það mikið áhyggjuefni, hve þungur, áhrifamikill og óheillavænlegur sá straumur er, sem ber fólkið til búsetu í höfuðborg landsins og hennar grennd frá öðrum landsvæðum. Sú búseturöskun er blóðtaka og máttarlömun fyrir þá landshluta, er fólkið missa, en Reykjavík ekki ávinningur að sama skapi, nema síður sé.

Margt hjálpaðist að við að efla þennan örlagaríka straum. Samdráttur valdsins er ein af höfuðástæðunum. Allt ríkisvaldið er að heita má staðsett í Reykjavík.

Íslendingabók segir frá því, að hinn málsnjalli Breiðfirðingur, Þórður gellir, hafi beitt sér fyrir skiptingu landsins í fjórðunga. Þar stendur skráð í því sambandi:

> „Þá taldi Þórður gellir tölu um at Lögbergi, hve illa mönnum gegndi at fara í ókunn þing at sækja of víg eða harma sína, ok taldi, hvat honum varð fyrir, áður hann mætti því máli til laga koma, ok kvað ýmissa vandræði mundu verða, ef eigi réðusk bætur á."

Segja má, að saga sú, sem Þórður talar um, endurtaki sig á 20. öldinni, þótt ástæður hafi breytzt og menn þurfi ekki lengur að mæla eftir frændur sína, er vegnir hafi verið, sem í fornöld. Mönnum reynist langsótt og oft ekki harmlaust að leita samfélagsréttar síns og nauðsynlegrar og réttmætrar aðstoðar til valdstöðva ríkisins í höfuðborginni, eins og nú verður að gera í allt of mörgum efnum. Þetta færist ört í aukana eftir því, sem þjóðfélagið þróast til fjölþættara samfélags og framkvæmdavald ríkisins nær til fleiri málaflokka.

Það getur verið örðugt að koma á framfæri hjá opinberum stofnunum og embættismönnum ríkisins í Reykjavík sérsjónarmiðum landshlutanna og þeirra, sem eiga heima fjarri höfuðborginni. Nákunnugleiki valdhafanna nær eðlilega alls ekki til þeirra. Á þá löngum við, þó að í lýðræðislandi sé, gamli málsháttur: „Það er löng leiðin til keisarans."

Annað er þó ekki síður umhugsunarvert í þessu sambandi. Samanþjöppun þjóðfélagsvaldsins og framkvæmdastofnana þess í Reykjavík dregur til sín eins og segull fólk, sem nútíminn þarfnast alltaf meir og meir: sérfræðinga og kunnáttumenn, sem menntun hafa hlotið til starfs, svo og marga aðra, sem af einni eða annarri ástæðu telja sig hafa skilyrði til forustu eða einhvers konar frama í félagsmálum, viðskiptum, atvinnulífi, lærdómslistum og vísindum. En að sama skapi vex hættan á því, að fólk skorti í þessum efnum annars staðar í landinu. Dæmi um þetta eru deginum ljósari.

Séu athugaðar búsetubreytingar innan þjóðfélagsins síðustu ár, virðist glöggt mega sjá, að valdasetrin og þjónustustöðvarnar umhverfis þau hafi einnig haft mikil aðdráttaráhrif á almenning. Fleira virðist þurfa til að koma en aukin framleiðsla og hráefnisöflun. Fólk fer t. d. gjarnan að sunnan í síldarvinnu um veiðitímann norður og austur, en tekur sér fátt bólfestu þarna, þó að vel veiðist.

Það er nauðsynlegt að efla atvinnulíf allra landshluta. En það eitt virðist þó ekki vera nóg til byggðajafnvægis, og tekst varla, nema eflt sé stjórnarfarslegt vald landshlutanna um leið. Það þarf að gefa landshlutunum rétt til verulegrar heimastjórnar í ýmsum sérmálum, sem þeim „gegnir illa at fara í ókunn þing at sækja", dreifa að nokkru til landshlutanna hinu mikla miðstöðvarvaldi, sem setzt er upp í höfuðborginni, án þess að hún þarfnist þess, óski eftir því eða hafi af því velfarnað.

Vert er að athuga vel og rækilega, hvort endurtekningu sögunnar frá fornöld á vandræðunum, sem Þórður gellir talaði um, sé ekki ráðlegt að mæta með endurtekningu í höfuðatriðum á úrræðunum, sem þá var til gripið.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja rétt, að Alþingi kjósi nefnd til þess að athuga sérstaklega, hvort ekki sé vænlegast, eins og nú standa sakir, að dreifa valdinu með því að skipta landinu í nokkur fylki, er hafi sjálfstjórn í sérstökum, tilgreindum málum, fylkisþing og fylkisstjóra, — og fer ekki illa á, að sú athugun sé gerð 1965, þegar fjórðungaskiptin gömlu eiga sitt 1000 ára afmæli. Flutningsmenn vitna til sögu Íslands um fornu fjórðungaskiptin, af því að sagan er jafnan lærdómsrík, þótt að sjálfsögðu sé hún ekki óyggjandi fyrirmynd, af því að tímar breytast og menn og þjóðir með.

Hins vegar er einnig auðvelt í þessu sambandi að taka dæmi sem fyrirmyndir úr nútímanum frá náskyldum þjóðum okkur Íslendingum.

Í Noregi eru 20 fylki starfandi, sem ná yfir allan Noreg samanlögð, og Svíar skipta sínu landi í 25 lén (Stokkhólmur þá meðtalinn), sem eru hliðstæð fylkjunum í Noregi. Talið er, að þessar þjóðir telji þessa skipan gefast vel og séu ánægðar með hana. Er sjálfsagt, að umrædd nefnd kynni sér ýtarlega fyrirkomulagið í Noregi og Svíþjóð og ef til vill víðar erlendis.

Stundum heyrist sagt, að af því að við Íslendingar séum fámennari en flestar aðrar þjóðir, eigum við að geta komizt af með einfaldara stjórnarkerfi en þær. En þau rök nægja ekki til mótmæla, þegar um þetta er að ræða, vegna þess að við búum í hlutfallslega stóru landi, sem okkur greinir nú orðið ekki á um að við verðum að leggja kapp á að halda öllu í byggð. Skilyrði landshlutanna eru sundurleit og hæfir ekki einn og sami stakkur. Verða landshlutarnir því, hvað sem fólksfjölda þjóðarinnar í heild líður, að fá vald til að sníða sér sjálfir stakkana að talsverðu leyti.

Til þess að þjóðfélag okkar nái að standa traustum fótum, þarf að grundvalla byggðajafnvægið með dreifingu valds í föstum, skipulegum formum, er myndi

undirstöður heimastjórnar í landshlutum (fylkjum) og safni um sig fólki, er hafi þar viðfangsefni fyrir hæfileika sína og annað, er til nútíma lífsþarfa heyrir, svipað og á öðrum stöðum og myndi sterkar samtakaheildir, er verði í senn liðfylking og kjölfesta þjóðarskútunnar.

Tilraunir hafa verið gerðar heima fyrir í sumum landsfjórðungum í þessa átt með því að stofna svonefnd Fjórðungssambönd. Þau hafa í mörg undanfarandi ár verið starfandi a. m. k. á Vestfjörðum, Norðurlandi og á Austurlandi. Þau eru greinilegur vottur þess, að fólkið í þessum landshlutum finnur til náttúrlegrar samtakaþarfar sín á milli, og eru því tvímælalaus meðmæli með því, að lögleidd verið fylkjaskipun.

Fjórðungssamböndin hafa haldið fulltrúasamkomur (fjórðungsþing), sem rætt hafa málefni síns landshluta og samþykkt áskoranir til valdhafanna. En þau hefur skort vald til annars gagnvart ríkinu og orðið þess vegna að láta sér nægja að bera fram bænaskrár í formi áskorana, sem venjulega virðast hafa farið í hinar stóru bréfakörfur miðstöðvarvaldsins, — því miður.

Fjórðungssamböndin hafa þó með starfsemi sinni undirbúið jarðveginn fyrir fylkjaskipun í landinu.

Fyrir hálfum öðrum áratug eða svo báru Fjórðungssamböndin á Austur- og Norðurlandi fram tillögur um, að landinu yrði skipt í fimm eða sex fylki, og gáfu út á prenti með skilmerkilegri greinargerð. (Fjórðungssambandið á Vestfjörðum var og meðmælt þeim tillögum). Tillögurnar virtust eiga mikinn hljómgrunn hjá almenningi víða um land, en á „hærri stöðum“ var þeim fálega tekið og goldin að mestu þögn við þeim.

Einhverjir sögðu, að með fylkjaskipun mundi verða aukning mannahalds við stjórnarstörf, sem þegar væri þó orðið um of. Þessum athugasemdum var svarað með því, að ef rétt væri á tekið, ætti að mega flytja starfsmenn frá ríkisstofnunum með verkefnunum til fylkjanna, — og í öðru lagi, að fólki mundi hvort sem væri halda áfram að fjölga við opinber störf, þó að við sama skipulag sæti, og þá um leið vaxa ójafnvægið enn meir.

Nú er einn og hálfur áratugur liðinn. Öfugþróunin í byggðajafnvæginu hefur haldið áfram og stórlega aukizt. Starfsliði ríkisins hefur fjölgað, þó að vinnustöðum þess hafi ekki verið dreift um landið með fylkjaskipan. Sogkraftur þéttbýlisins við Faxaflóa hefur dregið fólkið að sér til búsetu með sjálfvirkum hætti. Snotrar fjárveitingar aukreitis úr ríkiskassa eða lánaútveganir til uppbyggingar og útvegunar atvinnutækja eða annað því um líkt á einstökum stöðum, sem eiga í vök að verjast, skal ekki meta lítils. En stundum er þetta samt eins og að sá í sand, sem fýkur, sé ekki meira gert. Það þarf að girða fyrir fokið með skjólgörðum. Slíkir skjólgarðar ættu valdastöðvar fylkjanna að geta orðið.

Reynslan af þjóðfélagsþróuninni, síðan Fjórðungssamböndin komu fram með tillögurnar um skiptingu landsins í fylki, mælir sterklega með því, að fylkjaskipun verði upp tekin, að dómi okkar flutningsmanna þessarar tillögu, — og einkennilegt teldum við, ef nokkur risi gegn því, að Alþingi kveðji menn til athugunar á því sérstaklega.

Í tillögum sínum gerðu fjórðungsþingin ráð fyrir því, að fylkisþingin kysu menn þá, er skipa efri deild Alþingis, en til neðri deildar væri kosið í einmenningskjördæmum, og hefði því þurft stjórnarskrárbreytingu við lögtöku þeirra. Þetta felst alls ekki í tillögu okkar. Hún snertir ekki skipun Alþingis og gæti að okkar áliti orðið framkvæmd með einföldum lögum.

Við leggjum heldur ekkert til um það, hve fylkin eigi að vera mörg. Það er matsatriði.

Fleira var og í tillögum Fjórðungssambandanna, er við tökum ekki upp.

Að öðru leyti er þessi tillaga efnislega, það sem hún nær, sams konar tillaga og Fjórðungssamböndin báru fram, enda fyrri flutningsmaður hennar einn þeirra, er

stóðu að tillögugerð Fjórðungssambandanna. Hún er studd sömu rökum og þeirra, að viðbættri sterkri áherzlu frá reynslu síðustu ára og líðandi stundar.

Augljóst er, að sú dreifing þjóðfélagsvaldsins, sem hér um ræðir, mundi, ef hún kemst í framkvæmd, skapa byggðafestu, hafa sín áhrif á fjármagnsdreifinguna innan þjóðfélagsins og miða að því að tryggja not og viðhald þeirra föstu verðmæta, sem þegar er búið að staðsetja víðs vegar um land.

Í höfuðborginni, Reykjavík, og umhverfi hennar mun fólkinu halda áfram að fjölga, þótt landinu verði skipt í fylki. Það skipulag hamlar aðeins gegn ofvexti hennar. Þjóðinni þykir vænt um borgina fríðu við „sundin blá", þar sem „fornar súlur flutu á land" og byggð hófst á landi hér, og vill veg hennar mikinn og gengi hennar traust. En ofvöxtur er höfuðborginni sjálfri ekki hollur. Hann veldur því, að borgin verður ekki eins vel úr garði gerð og vera þyrfti, og á þetta yfirleitt við um bæi, sem við hann eiga að stríða, hvar sem er. Ráðamenn glíma að jafnaði við óleysanlegan vanda, og almenningur sýpur af seyði.

Höfuðborgarbúum er eins og öðrum landsmönnum bezt til farsældar, að byggð eflist og blómgist um land allt. Þetta er líka höfuðborgarbúum ljóst, eins og öðrum landsmönnum. Þjóðinni í heild er það lífsnauðsyn, að landið allt sé byggt, þar sem búsetuhæft er, ef hún vill halda áfram að vera sjálfstæð þjóð og eiga landið með fullum rétti.

Skipting landsins í fylki mundi tryggja sjálfstæði þjóðarinnar stórlega.

Til frekari áherzlu því, sem áður er sagt um starfsmannahald hins opinbera í sambandi við fylkjaskipunarfyrirkomulagið, skal fram tekið, að þegar fylkin fengju sérmál sín til meðferðar að nokkru leyti, mætti ætla, að Alþingi þyrfti skemmri tíma en ella til sinna starfa ár hvert og að starfsmönnum ríkisstjórnar og ríkisstofnana þyrfti ekki að fjölga eins og ella mundi verða, jafnframt því sem þjóðin og þjóðarbúskapurinn stækkar. Verulegur hluti af því sérmenntaða fólki, sem ella ílendist í höfuðborginni, mundi starfa á vegum fylkisstjóranna og stofnana fylkjanna og sennilega hafa þar fyllri verkefni oft og einatt.

Margt það, sem nú er reynt að gera til að hamla móti straumnum í byggðajafnvægismálum, kæmi af sjálfu sér, eftir að búið væri að byggja upp fylkjaskipun.

Flutningsmenn leggja til, að 10 menn verði í nefndinni, sem ríkisstjórnin skipi til þess að athuga, hvort ekki sé ráðlegt að skipta landinu í fylki, og gera síðan, komist hún að jákvæðri niðurstöðu, tillögur til löggjafar um það. Níu nefndarmennirnir verði tilnefndir af öðrum, en einn — formaður — án tilnefningar.

Fulltrúum þeim, sem þingflokkarnir tilnefna, er ætlað að túlka sjónarmið Alþingis.

Aðrir fjórir skulu tilnefndir af Fjórðungssamböndunum eða þar, sem þau eru ekki, af þeim aðilum, sem kjósa fulltrúa til fjórðungsþinga.

Þá eigi höfuðborgin sinn fulltrúa í nefndinni og ríkisstjórnin einnig sinn fulltrúa, er fari með verkstjórn í nefndinni.

Virðist með þessari skipun séð eðlilega fyrir því, að í nefndinni komi fram viðhorf þeirra, er stendur næst að leita úrræðanna.

Nd. 142. Frumvarp til laga [96. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1960 og lögum nr. 51/1962, um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

2. töluliður 37. gr. laga nr. 60/1957 orðist svo:

2. í læknadeild 13.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Háskóli Íslands hefur samið áætlun um fjölgun prófessorsembætta við háskólann næstu 10 ár. Meðal embætta, sem ráðgert er að stofna samkvæmt þeirri áætlun, er prófessorsembætti í lífeðlisfræði. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir stofnun slíks embættis.

Í greinargerð háskólarektors um stofnun prófessorsembættis í lífeðlisfræði, dags. í ágúst s. l., segir svo:

„Í 10 ára áætlun um fjölgun prófessora við Háskóla Íslands er einu prófessorsembætti í læknisfræði skipað á fyrsta árið, 1964. Samkvæmt upplýsingum deildarforseta er það ósk deildarinnar, að þetta embætti verði í lífeðlisfræði, þannig að núverandi prófessorsembætti í lífeðlis- og lífefnafræði verði skipt í tvö embætti, prófessorsembætti í lífefnafræði og prófessorsembætti í lífeðlisfræði. Jafnframt leggur læknadeild áherzlu á, að dósentsstörfum í fæðingarhjálp og kvensjúdómum svo og röntgenfræðum verði breytt í prófessorsembætti. Vil ég eindregið styðja þau tilmæli, enda verður ekki séð, að neinn sérstakur kostnaðarauki sé samfara þeirri breyttu embættaskipan, sbr. bréf mitt, dags. 29. júní 1964, út af 10 ára áætluninni. Enn vil ég leyfa mér í því sambandi að árétta ábendingu mína í nýnefndu bréfi um breytingu á dósentsstarfi í lyfjafræði lyfsala í prófessorsembætti. Sáralítill kostnaðarauki er samfara þeirri breytingu, en hins vegar er það mikið nauðsynjamál fyrir lyfjafræðideildina, að þar fáist prófessor í greininni til forstöðu og skipulagningar.

Um skiptingu prófessorsembættis í lífefnafræði og lífeðlisfræði í tvö prófessorsembætti skal þegar á það bent, að óskað var eftir slíkri skipan með bréfi Háskólans frá 26. marz 1962. Fylgdi því bréfi greinargerð prófessors Davíðs Davíðssonar, sem hér með er vísað til. Í nýrri greinargerð, er prófessor Davíð hefur nú samið að ósk minni, er bæði vikið að nauðsyninni á hinni breyttu skipan svo og að húsnæðismálum og aukinni verklegri aðstoð í sambandi við þessi embætti. Fer greinargerð prófessorsins hér á eftir í heild sinni:

„Þegar undirritaður réðist að læknadeild Háskóla Íslands sem prófessor í lífeðlis- og lífefnafræði haustið 1957, var strax bent á nauðsyn þess að skipta þessu starfi í 2 prófessoröt. Þessu til rökstuðnings var m. a. sú staðhæfing, að það er hverjum einstökum manni um megn að annast kennslu í jafn víðfeðmum rannsóknar- og kennslugreinum og hér um ræðir, einfaldlega sakir skorts á nægri þekkingu og skorts á nægilegri starfsþjálfun. Þessar greinar krefjast mjög ólíks starfsundirbúnings, enda mun það óþekkt í dag, að þær séu við nokkurn háskóla tengdar í eitt embætti, enda þótt margir aðstoðarkennarar taki þátt í kennslu.

Lífeðlisfræði fjallar um starfshætti lífvera, eins og þeir eru rannsakaðir og skýrðir með eðlisfræðilegum aðferðum og lögmálum.

Lífefnafræði fjallar um efnafræðilega starfshætti lífvera.

Báðar þessar greinar eru tilraunavísindi. Kennsla í þeim verður því **fyrst og fremst** að byggjast á hnitmiðuðum verklegum tilraunum. Án verklegra tilrauna mótast námið um of af kennisetningum (dogma). Verkleg kennsla krefst aðstoðarfólks.

Húsnæði.

Fyrir 6 árum var innréttað húsnæði í kjallara Háskólans til verklegrar kennslu í lífeðlis- og lífefnafræði. Þetta húsnæði hefur að mestu verið ónotað til þessarar kennslu, þar sem ekki hefur enn fengizt fé til kennslutækjakaupa eða til greiðslu fastrar aðstoðar. Verkleg kennsla, svo nauðsynleg sem hún er, hefur því nánast verið engin. Aftur á móti hefur verið reynt að veita stúdentum nokkra verklega kennslu í lífefnafræði, en hún hefur farið fram í rannsóknarstofum Landspítalans, þegar daglegri vinnu hefur verið lokið þar. Hún hefur farið fram á tímabilinu kl. 3.30—8 e. h. Hefur notið þar hjálpar aðstoðarfólks rannsóknarstofanna og aðstoð-

arlæknis. Notuð hafa verið rannsóknartæki spítalans, sem eru þó óheppileg til kennslu.

Aðstaða til þessarar verklegu kennslu á Landspítalanum er ekki lengur fyrir hendi.

Kennslutæki.

Ekki verður lengur hjá því komizt að afla tækja til verklegrar kennslu bæði í lífefnafræði og líffræðisfræði. Enn fremur þarf að tryggja næga aðstoð við verklega kennslu.

Tækjakostnaður á 1. ári til að hægt sé að hefja þessa kennslu er ca. kr. 200 000.00 til líffræðisfræði og sama upphæð til lífefnafræði. Er hér aðeins miðað við brýnustu nauðsynjar og óhjákvæmilegt að auka tækjakost árlega næstu ár.

Sjálfsagt er að skipta stúdentum í hópa í verknáminu. Það sparar bæði tæki og aðstoðarfólk. Umrætt húsnæði í kjallara fullnýtist til þessarar kennslu alla virka daga vikunnar. Reiknað er með jöfnum afnotum þessara tveggja kennslugreina.

Aðstoð.

Ráða þarf strax þjálfaða rannsóknarstúlku til aðstoðar við verkkennsluna, og væri það fullt starf yfir háskólaárið. Eðlilegt væri að fá slíka aðstoð frá Landspítalanum gegn greiðslu, en stúlkan gæti síðan unnið við sumarafleysingar á rannsóknarstofu hans.

Enn fremur verður að gera ráð fyrir að fá lífefnafræðing eða efnafræðing til að leiðbeina stúdentum við tilraunir í lífefnafræði, gæti það verið sem stundakennsla, svipað og nú er haft við verklega kennslu í efnafræði.

Varla er um tilsvarandi aðstoð að ræða í líffræðisfræði fyrst um sinn, en líklegt að hægt verði að nota aðstoð góðra stúdenta, þegar þeir hafa lokið námskeiðinu.

Hér að ofan hefur verið lýst í nokkrum orðum ástandi því, sem ríkir í kennslu líffræðis- og lífefnafræði við læknadeild Háskóla Íslands. Enn fremur tillögur um skiptingu núverandi prófessorsembættis og bent á brýnustu þarfir um kennslutæki og aðstoð.“

Til viðbótar þeim athugasemdum, sem að framan greinir, vil ég leyfa mér að setja fram nokkur sjónarmið í sambandi við prófessorsembætti í líffræðisfræði frá sjónarmiði Háskólans í heild sinni. Mér virðist ljóst, að mikil þörf verði á kennslu í líffræðisfræði, ekki eingöngu í læknadeild, heldur og í þágu annarra greina. Á ég þar við náttúrufræði, sem stofnað mun verða til kennslu í á næstunni, ef að líkum lætur, svo og e. t. v. síðarmeir í greinum eins og landbúnaðarvísindum (fyrri hluta) og greinum eins og haffræði og ýmsum greinum fiskifræði, en allar horfur tel ég vera á því, að slíkar greinar verði kenndar eftir stutt árabil hér við Háskólann. Líffræðisfræði er grundvallargrein í slíkum fræðum öllum, og ber brýna nauðsyn til að setja á stofn hið fyrsta prófessorsembætti í þessari grein.“

Þess skal getið, að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1965 er gert ráð fyrir fjárveitingu til að launa væntanlegan prófessor í líffræðisfræði og 500 þús. kr. fjárveitingu til stofnkostnaðar líffræðisfræðideildar við læknadeild.

Nd. 143. Frumvarp til laga [97. mál]

um heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ákveða skal heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík og gerð þeirra höfuðbygginga, sem ákveðið verður að reisa þar, með þeim hætti, er segir í lögum þessum.

Gera skal uppdrátt af heildarskipulaginu, svo og teikningu af öllum höfuðbyggingum, er þar skulu vera. Skal uppdráttur sá gerður með hvort tveggja fyrir augum að varðveita gamlar, sögulegar byggingar miðbæjarins og svip hans, eftir því sem við á, og að tryggja fegurð og samræmi í þeim byggingum, sem reistar verða, sérstaklega þó hinum opinberu byggingum.

Heildarskipulag þetta skal miðast við svæði, sem takmarkast af Hringbraut að sunnan, af Suðurgötu og Garðastræti að vestan, af Tryggvagötu að norðan og af Sóleyjargötu, Skothúsvegi, Þingholtsstræti og (frá Bankastræti) Ingólfsstræti og Sölfhólsgötu að austan.

2. gr.

Ákvörðun þessa heildarskipulags skal sérstök nefnd annast: skipulagsnefnd miðbæjarins. Skal hún skipuð með þeim hætti, er hér segir:

1. 4 menn skulu skipaðir af Alþingi, einn tilnefndur af hverjum þingflokki.
2. 4 menn tilnefndir af ríkisstjórn.
3. 4 menn tilnefndir af borgarstjórn Reykjavíkur, einn frá hverjum flokki.
4. 4 menn tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands.

Þá skulu og eftirfarandi menn eiga sæti í nefndinni án tilnefningar: skipulagsnefndarmenn ríkisins, borgarstjóri Reykjavíkur, þjóðminjavörður og skipulagsstjóri ríkisins.

Þessi nefnd skal kjósa sér framkvæmdanefnd. Heimilt er skipulagsnefnd miðbæjarins að ráða í þjónustu sína sérfræðinga og aðra starfsmenn, láta gera teikningar og líkön og gangast fyrir hugmyndasamkeppni, einnig með þátttöku erlendra manna. Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starf nefndarinnar. Hafa skal hún aðgang að öllum þeim teikningum, uppdráttum og öðru, sem unnið hefur verið að áður á þessu sviði. Kostnaður við nefndarstörf greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Skipulagsnefnd miðbæjarins skal alveg sérstaklega vinna að staðsetningu og teikningu alþingishúss — til viðbótar eða í stað hins núverandi, stjórnarráðshúss og ráðhúss Reykjavíkur, ef ráðlegt þykir, að allar þessar stórbyggingar verði innan þessa svæðis. Þá skal hún og ákveða, hvort ráðlegt sé að listasafn ríkisins og aðrar opinberar byggingar verði innan þessa svæðis. Það er og í hennar verkahring að ákveða um, hverjar einkabyggingar verði á þessu svæði, og að móta í aðalatriðum gerð þeirra, sem og torga þeirra og opinberra garða, er þar skal hafa.

Bannað er að rífa eða breyta hið ytra menntaskólahúsinu, alþingishúsinu, dómkirkjunni og stjórnarráðshúsinu, né nokkru því inni í þessum húsum, er raskar sögulegum minjum tengdum þeim.

Nefndin skal ákveða, hvaða aðrar gamlar byggingar skuli standa og bannað sé að fjarlægja eða rífa.

4. gr.

Þar til skipulagsnefnd miðbæjarins hefur lokið störfum og heildarskipulag miðbæjarins verið endanlega ákveðið, er bannað að reisa varanlegar byggingar innan þessa svæðis. Ljúka má þó byggingum þeim, sem byrjað var á fyrir 31. des. 1963.

Engar bráðabirgðabyggingar má reisa á þessu svæði, nema með einróma samþykki skipulagsnefndar miðbæjarins.

5. gr.

Þegar starfi nefndarinnar er lokið og endanlegar tillögur gerðar um allt heildarskipulag miðbæjarins og höfuðbygginga hans, skal nefndin leggja tillögur sínar fyrir Alþingi, ríkisstjórn og borgarstjórn Reykjavíkur. Fallist allir þessir aðilar á sömu tillögu, er heildarskipulagið þar með ákveðið. Verði ágreiningur milli þeirra,

tekur ríkisstjórn endanlega ákvörðun. Félagsmálaráðuneytið setur með reglugerð ströng skipulagsákvæði til þess að tryggja, að framkvæmd skipulagsuppdráttarins verði í föstum skorðum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sem stendur er um það rætt að byggja allar helztu opinberar byggingar ríkis og höfuðborgar, þær er venjulega þykja svipmestar í höfuðborgum, á einum og sama stað: í „kvosinni", hinum gamla miðbæ Reykjavíkur. Er hér um að ræða stjórnarráðshús, alþingishús og ráðhús Reykjavíkur. Eru starfandi sérstakar nefndir í öllum þessum byggingarmálum, ein í hverju. Hins vegar er enn ekkert heildarskipulag ákveðið.

Samtímis er það svo, að enn standa á þessu sama svæði sögulegar byggingar, sem hver menningarþjóð mundi setja stolt sitt í að varðveita sem bezt til síðari tíma án þess að breyta þeim. Er hér um að ræða hús eins og menntaskólahúsið, alþingishúsið, dómkirkjuna og stjórnarráðshúsið, eða af yngri byggingum Iðnó og gamla Búnaðarfélagshúsið, — sérkennilega fulltrúa horfins byggingarstíls, geymandi einnig sögulegar minjar. Öll þessi hús og ótal fleiri á þessum stað og víðar í Reykjavík, ekki sízt í Vesturbænum, mundu aðrar þjóðir reyna að varðveita sem lengst á þeim stað, þar sem þau eru. Komandi kynslóðir verða ekki í neinum vandræðum með að byggja hús, þær munu búa við allsnægtir í þeim efnum, sem við vart gerum okkur grein fyrir. En eitt geta þær ekki gert: þær geta ekki byggt gömul hús. Þau sögulegu hús, sem nú verða rifin, verða aldrei byggð aftur. Núverandi kynslóð er stundum orðhvöss gagnvart fátækum forfeðrum, er glatað hafi dýrmætum skrifuðum söguminjum, en hún má gæta þess, að komandi kynslóðir dæmi hana ekki harðar fyrir að hafa vísvitandi eyðilagt í bráðræði, steigurlæti eða gróðabraski sögulegar minjar, sem eigi verða endurheimtar.

Það þarf að vanda það vel, hvernig miðbærinn gamli í Reykjavík verður, hvernig hið gamla, sem á að haldast, og hið nýja, sem á að rísa, fari bezt saman, án þess að eyðileggja öll hlutföll og skemma heildarmynd. Það er algerlega ófært að ákveða skipulag hvers húss út af fyrir sig án þess að hafa þegar ákveðið heildarmyndina. Þess vegna er höfuðtilgangur þessa frv. að gera ráðstafanir til þess, að slíkt heildarskipulag sé ákveðið fyrir miðbik höfuðborgarinnar, áður en farið er að gera óafturkallanlegar ráðstafanir um einstök hús. Er því m. a. lagt til að banna að reisa varanlegar byggingar í miðbænum, unz heildarskipulag hefur verið ákveðið.

Það er þegar búið að spilla mikið útliti Reykjavíkur sökum skorts á yfirsýn, og miðbærinn hefur ekki heldur farið varhluta af slíkri eyðileggingu.

Allar menningarþjóðir sýna höfuðborg sinni sérstaka rækt í þessum efnum. Vér Íslendingar eigum að gera það líka. Og það eru síðustu forvöð að taka í taumana.

Það kann vel svo að fara, ef þetta frv. verður samþykkt, að lóðir í miðbænum kynnu að lækka nokkuð í verði, þegar bannað yrði um nokkurt skeið að reisa varanlegar byggingar á þeim.

Áætlað er, að söluverð aðeins lóðanna við Austurstræti, Bankastræti og upp að Laugaveg 99 sé a. m. k. 335 millj. kr. (hins vegar eru allar jarðir á landinu líklega undir 200 millj. kr. virði til sölu). Lóðaverðið í miðbænum er baggi á heilbrigðu efnahagslífi. Það væri því til góðs fyrir heildina, ef bann um tíma við byggingum í aðalmiðbænum gæti orðið til að draga úr miskunnarlausu gróðabraski með lóðir þar, svo að ekki sé talað um, að það gæti ef til vill orðið til þess að forða Reykjavíkurborg frá því a. m. k. um tíma að kasta út hundruðum milljóna króna í eyðslu, sem sumir mundu kalla flottræfilshátt, en eyðilegði um leið óafturkallanlega þá aðstöðu, sem þorra bæjarbúa er nú mjög kær við tjarnarendann hjá Vonarstræti.

En þetta eru góðar afleiðingar, sem af samþykkt frv. gætu orðið auk aðaltilgangsins: að tryggja í senn fegurð og þjóðlega ræktarsemi í miðbæ höfuðborgarinnar.

Sþ. 144. Tillaga til þingsályktunar [98. mál]

um símagjöld á Suðurnesjum.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nú þegar eða eigi síðar en um næstu áramót verði fyrirkomulag símtala á Suðurnesjum og gjald vegna þeirra samræmt þannig, að allar stöðvar í símasókn þeirri, er hefur leiðartöluna 92, — en þær eru sjálfvirku stöðvarnar í Keflavík, Njarðvík, Gerðum, Sandgerði, Grindavík og stöðvarnar í Höfnum og Vogum, sem báðar verða væntanlega sjálfvirkar á næsta ári, — verði eitt gjaldsvæði varðandi aðra landshluta, en innbyrðis komi ein greiðslueining fyrir hvert símtal án tillits til lengdar þess.

Greinargerð.

Tillaga sú, sem hér um ræðir, var einnig flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Tillögunni fylgdi þá svofelld greinargerð:

Fyrir fáum árum var hafin bylting í símamálum hér á landi. Sjálfvirknin látin vinna verk margra handa. Markvisst unnið að því að bæta og auka símaþjónustuna og gera hana jafnframt hagkvæmari.

Reykjanesskaginn — Suðurnes — er fyrsti landshlutinn, þar sem sjálfvirkni símans heldur innreið sína, eftir að hafa fengið góða reynslu í höfuðborginni og tveimur stærstu bæjum landsins.

Ýmsir byrjunar- og fyrirkomulagsörðugleikar hafa eðlilega átt sér stað, og telja Suðurnesjabúar sig hafa orðið fyrir þungum búsifjum af þeim sökum.

Tillaga þessi er því fram komin, ef verða mætti til þess að bæta hér nokkuð úr og leiðrétta misræmi.

Afnotagjöld og frísímtöl eru alls staðar hin sömu, hvort heldur notendafjöldi stöðvarinnar er mikill eða lítill.

Símanotkun við aðrar sjálfvirkar stöðvar er mjög aðgæzluverð, þar sem síminn gefur enga viðvörun um lengd símtals, svo sem áður var.

Þá má benda á sameiginlega viðskipta- og atvinnulega hagsmuni verstöðvanna á Suðurnesjum, með eina afskipunar- og útskipunarhöfn í Keflavík. Öll nýting sjávarafurða og þar með afkoma þessara fjölmennu byggða á mikið undir góðri og hagfelldri símaþjónustu.

Sþ. 145. Tillaga til þingsályktunar [99. mál]

um endurskoðun laga um lánveitingar til íbúðabygginga.

Flm.: Einar Ágústsson, Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason, Karl Kristjánsson, Jón Skaftason, Halldór Ásgrímsson, Halldór E. Sigurðsson, Ólafur Jóhannesson, Björn Fr. Björnsson.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd hlutbundinni kosningu til þess að endurskoða öll gildandi lög um lánveitingar til íbúðabygginga í landinu.

Nefndin skal gera tillögur að nýrri löggjöf í þessum efnum, er m. a. hafi það markmið:

að auka lánveitingar til byggingar nýrra íbúða, svo að unnt verði að lána til hverrar íbúðar af hóflegri stærð, hvar sem er á landinu, tvo þriðju hluta af byggingarkostnaði;

að jafna aðstöðu manna til lánsfjár þannig, að heildarlán geti orðið svipuð til hvers manns, miðað við sömu stærð íbúðar, hver sem hann er og hvar sem hann býr;

að greiða fyrir mönnum með lánveitingum til að endurbæta íbúðir svo og að kaupa íbúðir til eigin nota;

að lækka byggingarkostnaðinn í landinu;

að bæjar- og sveitarfélög byggi íbúðir til að leigja húsnæðislausu fólki.

Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Allir þurfa á húsnæði að halda, engu síður en fæði og klæði. Siðferðileg skylda ríkisvaldsins til að auðvelda mönnum að eignast þak yfir höfuðið er engu minni en að stuðla að nægilegri atvinnu og viðunandi lífskjörum að öðru leyti.

Það verður jafnan eitt af fyrstu viðfangsefnum þeirra, er stofna heimili, að reyna að eignast íbúð. Flestir eru ungir að árum, þegar þeir mynda eigið heimili, og fæstir þeirra eru miklum efnum búnir. Hins vegar kostar fjölskylduíbúð mikið fé, eins og nú er komið.

Meðalstærð íbúða, sem byggðar hafa verið í þéttbýli að undanförnu, mun vera um 375 rúmmetrar, en að sjálfsögðu nokkru meiri í sveitum. Slík íbúð kostaði í júnímánuði s. l. um 762 þús. kr. samkvæmt skýrslum Hagstofunnar og hefur því hækkað í verði um 332 þús kr. frá því í júní 1958, eða um 77% á 6 árum.

Á sama tíma hafa hámarkslán úr byggingarsjóði ríkisins hækkað aðeins um 50 þús. kr. á íbúð. Fyrir 6 árum þurfti sá maður, er byggði sér íbúð af fyrrnefndri stærð og fékk hámarkslán, að leggja fram úr eigin vasa til byggingarinnar 330 þús. kr. Nú þarf eigið framlag húsbyggjandans að vera um 612 þús. kr. miðað við hámarkslán, sömu stærð íbúðar og núverandi byggingarkostnað. Nærri má geta, hversu torvelt þetta er ungu og efnalitlu fólki.

Verðhækkanir á 375 rúmmetra íbúð hafa orðið frá ári til árs sem hér segir:

Júní	1958	til júní	1959	29.7	þús. kr.
—	1959	— —	1960	57.7	— —
—	1960	— —	1961	14.7	— —
—	1961	— —	1962	79.8	— —
—	1962	— —	1963	27.9	— —
—	1963	— —	1964	122.2	— —
			Samtals	332.0	þús. kr.

Samkvæmt samningi verkalýðssamtakanna við atvinnurekendur og ríkisstjórn síðastliðið vor eru fyrirheit gefin um það, að hámarkslán til íbúðar skuli hækka úr 150 þús. kr. í 280 þús. kr. Þetta er 130 þús. kr. hækkun, og er hún góðra gjalda verð. En engri byltingu veldur hún, þegar þess er gætt, að af þessum 130 þús. kr. fara 122 þús. kr. til að greiða verðhækkun frá því í fyrra. Af þessu má sjá, að nauðsynlegt er að stórhækka enn lán til hverrar íbúðar.

Þá eru möguleikar manna til lánsfjáröflunar mjög misjafnir, en að því ber að stefna, að allir geti eignazt húsnæði til eigin nota, og þurfa því heildarlán að vera svipuð til allra.

Hagkvæmt er að veita mönnum nokkurt lánsfé til endurbóta á gömlum húsum eða til að kaupa slík hús til eigin notkunar. Með því má hagnýta betur húsnæði, sem fyrir er, spara lánsfé, sem annars þyrfti í nýjar íbúðir, og koma í veg fyrir, að menn búi í óviðunandi íbúðum.

F	25— 3	Alþýðuskóla á Eiðum.
F	26— 1	Hjaltastaðarkirkju.
F	28— 1	Félagsheimili utan við Hjaltastað.
F	29— 1	Félagsheimili í Bakkagerði í Borgarfirði.
F	29— 2	Skóla í Bakkagerði.
F	29— 3	Kirkju við Bakkagerði.
F	30— 1	Húsavíkurkirkju.
F	30— 2	Klyppsstaðakirkju í Loðmundarfirði.
F	31— 1	Skóla hjá Skorrastað í Norðfirði.
F	32— 1	Brekkukirkju í Mjóafirði.
F	36— 1	Félagsheimili við Uxalæk á Völlum.
F	36— 2	Vallaneskirkju.
F	37— 1	Þingmúlakirkju.
F	39— 1	Skóla í Stöðvarfirði.
F	39— 2	Kirkju í Stöðvarfirði.
F	39— 3	Skóla nálægt Heydölum í Breiðdal.
F	40— 1	Kolfreyjustaðarkirkju.

G. Suðurlandskjördæmi.

a. Almennir vegir.

G	1	**Suðurlandsvegur:** Frá Reykjavík um Ölfus, Flóa, Holt, Rangárvelli, Hvolhrepp, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand og Mýrdal til Víkur, um Mýrdalssand, Skaftártungu, yfir Eldhraun, um Síðu og Fljótshverfi að sýslumörkum á Skeiðarársandi.
G	2	**Þrengslavegur:** Af Suðurlandsvegi í Svínahrauni um Þrengsli og Eldborgarhraun um Þorlákshafnarveg í Grímslækjarhrauni í Ölfusi, að Selfossi.
G	3	**Þingvallabraut:** Frá sýslumörkum, um Valhöll á Þingvöllum, um Gjábakka, austan Þingvallavatns, um Ljósafoss á Biskupstungnabraut skammt austan við Sogsbrú hjá Alviðru.
A	24	**Kjósarskarðsvegur:** Frá sýslumörkum í Kjósarskarði á Þingvallabraut.
G	4	**Uxahryggjavegur:** Af Þingvallabraut á Þingvöllum, um Víðivelli, Sandkluftir og Tröllháls, um Brunna að sýslumörkum austan Uxavatns.
A	3	**Krýsuvíkurvegur:** Frá sýslumörkum í Herdísarvíkurhrauni um Selvog á Þorlákshafnarveg nálægt Hlíðarenda.
G	5	**Selvogsvegur:** Af Krýsuvíkurvegi að túnum í Selvogi.
G	6	**Þorlákshafnarvegur:** Af Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði til Þorlákshafnar.
G	7	**Hafnarskeiðsvegur:** Frá Þorlákshöfn austur Hafnarskeið um brúarstæði hjá Óseyrarnesi og þaðan á þjóðveginn hjá Eyrarbakka.
G	8	**Reykjavegur í Ölfusi:** Af Suðurlandsvegi hjá Hveragerði að Reykjaskóla.
G	9	**Arnarbælisvegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Sandhóli að Ósgerði.
G	10	**Hvammsvegur:** Af Suðurlandsvegi vestan Kögunarhóls um nýbýlahverfi að Kvistum.
G	11	**Biskupstungnabraut:** Af Suðurlandsvegi undir Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur að Hvítá hjá Brúarhlöðum.
G	12	**Grafningsvegur:** Af Biskupstungnabraut hjá Alviðru, um Grafning hjá Úlfljótsvatni á Þingvallabraut nálægt Heiðarbæ, með álmu yfir Írafossbrú á Þingvallabraut hjá Syðri-Brú.
G	13	**Búrfellsvegur:** Af Þingvallabraut hjá Ásgarði um Búrfell og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
G	14	**Laugardalsvegur:** Af Þingvallabraut nálægt Þingvallavatni, um Laugardal hjá Laugarvatni á Geysisveg hjá Múla.

G 15 **Laugarvatnsvegur:** Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni að Laugardalsvegi hjá Laugarvatni.
G 16 **Eyjavegur:** Af Laugarvatnsvegi norðan við Djúpin að Útey.
G 17 **Böðmóðsstaðavegur:** Af Laugardalsvegi undan Efstadalsfjalli að Böðmóðsstöðum.
G 18 **Tjarnarvegur:** Af Biskupstungnabraut hjá Torfastöðum, um Tjörn, Kjaransstaði og Arnarholt á Biskupstungnabraut hjá Vatnsleysu.
G 19 **Reykjavegur:** Af Tjarnarvegi, nálægt Syðri-Reykjum og Efri-Reykjum á Laugardalsveg.
G 20 **Geysisvegur:** Af Biskupstungnabraut vestan Tungufljóts um Geysi að Gullfossi.
G 21 **Gullfossvegur:** Af Biskupstungnabraut vestan við Brúarhlöð á Geysisveg ofan við Brattholt.
G 22 **Kiðjabergsvegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Hraungerði, um væntanlega brú á Hvítá hjá Kiðjabergi, á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
G 23 **Sólheimavegur:** Af Biskupstungnabraut við Minni-Borg um Sólheima, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
G 24 **Bræðratunguvegur:** Af Biskupstungnabraut austan Tungufljóts að Bræðratungu.
G 25 **Skeiðavegur:** Af Suðurlandsvegi í Flóa upp Skeið hjá Reykjum um brú á Hvítá hjá Iðu, á Biskupstungnabraut austan við Brúará.
G 26 **Skeiðháholtsvegur:** Af Skeiðavegi við Kílhraun, um Skeiðháholt og Skeiðaveg að Ólafsvöllum.
G 27 **Vorsabæjarvegur:** Af Skeiðavegi hjá Brautarholti um Vorsabæ að Útverkavegi.
G 28 **Hrunamannavegur:** Af Skeiðavegi nálægt Reykjum um brú á Stóru-Laxá hjá Hrepphólum, Hruna og Skipholt á Biskupstungnabraut við Brúarhlöð.
G 29 **Auðsholtsvegur:** Af Hrunamannavegi austan Stóru-Laxár að Auðsholti.
G 30 **Langholtsvegur:** Af Auðsholtsvegi vestan við Langholtsfjall um brú á Litlu-Laxá hjá Flúðum á Hrunamannaveg vestan Kirkjuskarðs, með álmu um Flúðir á Hrunamannaveg.
G 31 **Hrunavegur:** Af Hrunamannavegi, um Hruna að Þverspyrnu.
G 32 **Tungufellsvegur:** Af Hrunamannavegi við Dalsá að Tungufelli.
G 33 **Gnúpverjavegur:** Af Hrunamannavegi á Sandlækjarholti, hjá Ásum og norðan Miðfells upp Þjórsárdal að Ásólfsstöðum.
G 34 **Hælsvegur:** Af Gnúpverjavegi neðan við Geldingaholt að Hæl.
G 35 **Mástunguvegur:** Af Gnúpverjavegi ofan við Ása, að Minni-Mástungum.
G 36 **Langholtsvegur í Flóa:** Af Suðurlandsvegi nálægt Túni, að Langholti.
G 37 **Ölvaðsholtsvegur:** Af Suðurlandsvegi við Kjartansstaði að vegamótum við Ölvaðsholt.
G 38 **Eyrarbakkavegur:** Af Suðurlandsvegi austan Ölfusárbrúar á Selfossi að Eyrarbakka.
G 39 **Votmúlavegur:** Af Eyrarbakkavegi hjá Geirakoti um Votmúla á Gaulverjabæjarveg við Smjördali.
G 40 **Kaldaðarnesvegur:** Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að Kaldaðarnesi.
G 41 **Gaulverjabæjarvegur:** Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri að Eyrarbakkavegi.
G 42 **Holtsvegur:** Af Gaulverjabæjarvegi nálægt Klængsseli um Holt að Stokkseyri.
G 43 **Vorsabæjarvegur í Flóa:** Af Gaulverjabæjarvegi móts við Seljatungu um Vorsabæ á Hamarsveg við Syðri-Velli.
G 44 **Hamarsvegur:** Af Gaulverjabæjarvegi norðan Gaulverjabæjar um Hamarsbæi og Skógsnes á Villingaholtsveg hjá Sýrlæk.
G 45 **Villingaholtsvegur:** Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt, suður með Þjórsá um Fljótshóla, á Gaulverjabæjarveg norðan Loftsstaða.

G 46 **Urriðafossvegur:** Af Suðurlandsvegi skammt vestan Þjórsár, um Urriðafoss, Villingaholt og Gafl á Hamarsveg hjá Skógsnesi.
G 47 **Hamravegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Einbúa að Hamrahóli.
G 48 **Bugavegur:** Af Suðurlandsvegi við Selsand um Ásmundarstaði, yfir Þykkvabæjarveg, um Hellnatún, um Vetleifsholtsbuga og Vetleifsholt á Suðurlandsveg vestan við Lyngás.
G 49 **Þykkvabæjarvegur:** Af Suðurlandsvegi við Landvegamót um Áshverfi, Sandhólaferju, Hálshverfi og Þykkvabæ á Suðurlandsveg vestan við Ytri-Rangá, með álmu að Bala.
G 50 **Heiðarvegur:** Af Suðurlandsvegi vestan við Einbúa um Heiði, Kamb og Gíslholt, yfir Hagabraut að Hreiðri.
G 51 **Landvegur:** Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Holt og Land, hjá Múla að Galtalæk.
G 52 **Hagavegur:** Af Landvegi ofan Lýtingsstaða um Haga og Stúfholt á Landveg neðan við Köldukinn.
G 53 **Lækjarvegur:** Af Hagavegi austan Stúfholts að vegamótum hjá Læk.
G 54 **Árbæjarvegur:** Af Suðurlandsvegi vestan Ytri-Rangár, um Árbæ, Snjallsteinshöfða og Lækjarbotna á Landveg hjá Þúfu.
G 55 **Rangárvallavegur:** Af Suðurlandsvegi vestan Varmadals, upp Rangárvelli, um Gunnarsholt og Keldur niður Rangárvelli á Suðurlandsveg vestan við Eystri-Rangá.
G 56 **Þingskálavegur:** Af Rangárvallavegi vestan Gunnarsholts um Geldingalæk og Þingskála að Kaldbak.
G 57 **Heklubraut:** Af Rangárvallavegi við Gunnarsholt yfir Brekknaheiði, um Haukadal að Næfurholti.
G 58 **Oddavegur:** Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Odda, með álmu að Oddhóli.
G 59 **Móeiðarhvolsvegur:** Af Suðurlandsvegi austan Djúpadals að Móeiðarhvoli.
G 60 **Fljótshlíðarvegur:** Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð um Múlakot að Barkarstöðum.
G 61 **Vallarvegur:** Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Velli.
G 62 **Út-Landeyjavegur:** Af Suðurlandsvegi sunnan við Þverárbrú niður með Þverá að Hólsá um Skúmsstaði, Sigluvík og Akurey, á Suðurlandsveg við Hemlu, með álmu um brú á Hólsá hjá Ártúni á Þykkvabæjarveg.
G 63 **Þúfnavegur:** Af Út-Landeyjavegi vestan Fróðárholts, um Þúfu á Út-Landeyjaveg vestan Skúmsstaða.
G 64 **Fíflholtsvegur:** Af Út-Landeyjavegi móts við Kálfsstaði að Gerðum í Fíflholtshverfi.
G 65 **Landeyjavegur syðri:** Af Út-Landeyjavegi nálægt Álfhólshjáleigu, um Arnarhól yfir Affallsbrú, um Úlfsstaði, austur Landeyjar, um Lágafell, Miðey, og Vomúlastaði á Suðurlandsveg austan við Affall.
G 66 **Hólmavegur:** Af Landeyjavegi syðri hjá Búðarhóli að Bakka.
G 67 **Hólmabæjavegur:** Af Landeyjavegi syðri nálægt Sandtjörn, um Svanavatn, Borgareyrar og Dalssel á Suðurlandsveg á Markarfljótsaurum.
G 68 **Dímonarvegur:** Af Suðurlandsvegi vestan Markarfljóts, norður Markarfljótsaura hjá Stóra-Dímon á Fljótshlíðarveg nálægt Eyvindarmúla.
G 69 **Þórsmerkurvegur:** Af Suðurlandsvegi austan Markarfljóts, um Stóru-Mörk inn með Markarfljóti í Húsadal í Þórsmörk.
G 70 **Sandhólmavegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Fitjamýri um Nýjabæ og Lambhúshól á Suðurlandsveg austan við Hvamm.
G 71 **Skálavegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Hvamm um Skálabæi á Suðurlandsveg vestan við Efstu-Grund.
G 72 **Hverfisvegur:** Af Suðurlandsvegi austan Írár, um Holtshverfi á Suðurlandsveg vestan við Holtsá.

G 73 **Leirnavegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Steina, um Leirnahverfi og Rauðsbakka á Suðurlandsveg vestan við Svaðbælisá.
G 74 **Raufarfellsvegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Svaðbælisá um Raufarfellsbæi á Suðurlandsveg vestan Kaldaklifsár.
G 75 **Eyvindarhólavegur:** Af Suðurlandsvegi vestan við Hrútafell að Eyvindarhólum.
G 76 **Skógaskólavegur:** Af Suðurlandsvegi austan Skógár að Skógaskóla.
G 77 **Péturseyjarvegur:** Af Suðurlandsvegi vestan Péturseyjar um Eyjarhóla og Pétursey á Suðurlandsveg austan Péturseyjar.
G 78 **Dyrhólavegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal um Loftsali að Dyrhólaey.
G 79 **Reynishverfisvegur:** Af Suðurlandsvegi á Fossholtum að Görðum í Reynishverfi.
G 80 **Þórisholtsvegur:** Af Reynishverfisvegi norðan Lækjarbakka um Þórisholt á Reynishverfisveg hjá Reyni.
G 81 **Heiðardalsvegur:** Af Suðurlandsvegi norðan við Reynisfjall um Rofamýri að Litlu-Heiði.
G 82 **Kerlingardalsvegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Fagradal, inn með Kerlingardalsá, yfir brú á Kerlingardalsá að heimreið í Kerlingardal.
G 83 **Álftaversvegur:** Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Hraunbæ, Þykkvabæjarklaustur og Jórvíkurhryggi á Álftaversveg nálægt Holti.
G 84 **Búlandsvegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu um Búland að Skaftárdal.
G 85 **Ljótarstaðavegur:** Af Búlandsvegi nálægt Gröf, um Gröf og Borgarfell, um brú á Tungufljóti undan Snæbýli að heimreið að Snæbýli.
G 86 **Meðallandsvegur:** Af Suðurlandsvegi í Skaftártungu um Ásabrú, Leiðvöll og Langholt í Meðallandi um Eldvatnsbrú hjá Syðri-Fljótum og upp Landbrot austanvert á Suðurlandsveg við Skaftárbrú.
G 87 **Suður-Meðallandsvegur:** Af Meðallandsvegi nálægt Strönd, um Strönd og Kotey á Meðallandsveg hjá Efri-ey.
G 88 **Holtsvegur á Síðu:** Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú hjá Heiði að Holti.
G 89 **Kirkjubæjarklaustursvegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri.
G 90 **Prestsbakkavegur:** Af Suðurlandsvegi í Prestsbakkavelli um Prestsbakka að Mörtungu.
G 91 **Stórhöfðavegur í Vestmannaeyjum:** Frá vegamótum ofan við kirkjuna um Ofanleitishverfi suður að vita á Stórhöfða.

b. Hliðarvegir vegna undanþáguákvæða 12. gr. um kirkjustaði, félagsheimili, opinbera skóla eða heilsuhæli og fullgerð raforkuver.

Nr.	Vegur að:
G 1— 1	Kotstrandarkirkju og skóla.
G 1— 2	Kapellu að Laugardælum.
G 1— 3	Þingborg í Flóa.
G 1— 4	Kálfholtskirkju.
G 1— 5	Skóla á Hellu.
G 1— 6	Strandarskóla.
G 1— 7	Hvoli, félagsheimili.
G 1— 8	Hemluskóla.
G 1— 9	Stóradalskirkju.
G 1—10	Seljalandsskóla.

Nr.	Vegur að:
G 1—11	Kapellu á Ytri-Sólheimum.
G 1—12	Skeiðflatarkirkju.
G 1—13	Skóla að Ketilsstöðum.
G 1—14	Skóla að Hemru.
G 1—15	Múlakotsskóla.
G 1—16	Kálfafellskirkju.
G 3— 2	Kirkju á Þingvöllum.
G 3— 3	Steingrímsstöð.
G 3— 4	Skóla á Ljósafossi.
G 5— 1	Strandarkirkju í Selvogi.
G 6— 1	Hjallakirkju í Ölfusi.
G 11— 1	Kirkju að Stóru-Borg í Grímsnesi.
G 11— 2	Félagsheimili að Stóru-Borg.
G 11— 3	Mosfellskirkju.
G 11— 4	Torfastaðakirkju.
G 11— 5	Félagsheimili og skóla í Aratungu.
G 12— 1	Kirkju á Úlfljótsvatni.
G 13— 1	Búrfellskirkju.
G 14— 1	Skólum á Laugarvatni.
G 14— 2	Kirkju í Miðdal.
G 14— 3	Úthlíð í Biskupstungum.
G 20— 1	Haukadalskirkju.
G 22— 1	Hraungerðiskirkju.
G 24— 1	Bræðratungukirkju.
G 25— 1	Félagsheimili og skóla í Brautarholti.
G 25— 2	Skálholtskirkju.
G 26— 1	Ólafsvallakirkju.
G 28— 1	Hrepphólakirkju.
G 30— 1	Flúðaskóla.
G 31— 1	Hrunakirkju.
G 32— 1	Tungufellskirkju.
G 33— 1	Stóranúpskirkju.
G 33— 2	Ásaskóla.
G 41— 1	Kirkju í Gaulverjabæ.
G 41— 2	Skóla í Gaulverjabæ.
G 45— 1	Kirkju í Villingaholti.
G 45— 2	Skóla í Villingaholti.
G 49— 1	Skóla í Þykkvabæ.
G 49— 2	Hábæjarkirkju.
G 51— 1	Laugalandsskóla.
G 51— 2	Kirkju í Marteinstungu.
G 51— 3	Kirkju á Skarði.
G 52— 1	Hagakirkju.
G 54— 1	Árbæjarkirkju.
G 55— 1	Kirkju að Keldum.
G 58— 1	Oddakirkju.
G 60— 1	Kirkju og skóla að Stórólfshvoli.
G 60— 2	Breiðabólsstaðarkirkju.
G 60— 3	Barnaskóla í Fljótshlíð.
G 60— 4	Hlíðarendakirkju.
G 62— 1	Akureyjarkirkju.
G 62— 2	Njálsbúð, félagsheimili.
G 65— 1	Gunnarshólma, félagsheimili.

Nr.	Vegur að:
G 65— 2	Kirkju að Krossi.
G 65— 3	Kapellu að Vomúlastöðum.
G 71— 1	Ásólfsskálakirkju.
G 75— 1	Eyvindarhólakirkju.
G 76— 1	Barnaskóla að Skógum.
G 79— 1	Reyniskirkju í Mýrdal.
G 79— 2	Eyrarlandi, félagsheimili.
G 83— 1	Skóla að Herjólfsstöðum.
G 83— 2	Þykkvabæjarklausturskirkju.
G 85— 1	Grafarkirkju í Skaftártungu.
G 86— 1	Skóla hjá Efri-Ey.
G 86— 2	Langholtskirkju.
G 86— 3	Skóla í Þykkvabæ.
G 89— 1	Félagsheimili á Kirkjubæjarklaustri.
G 90— 1	Prestsbakkakirkju.

2. Flokkun þjóðvega, samkv. III, 1, í undirflokka.

1. **Hraðbrautir A og B:**

A 1	Hafnarfjarðarvegur. — Reykjavík—Hafnarfjörður.
A 2	Reykjanesbraut. — Reykjavík—Keflavík.
B 1	Vesturlandsvegur. — Reykjavík—vegamót Þingvallavegar.
E 1	Norðurlandsvegur. — Akureyri—vegamót Ólafsfjarðarvegar.
G 1	Suðurlandsvegur. — Reykjavík—Þrengslavegamót.
G 2	Þrengslavegur. — Að Selfossi.

2. **Þjóðbrautir:**

B 1	Vesturlandsvegur. — Vegamót Þingvallavegar—vegamót Vestfjarðav.
A 2	Reykjanesbraut. — Annað en hraðbraut.
A 8	Miðnesheiðarvegur.
G 3	Þingvallabraut.
B 4	Akranesvegur.
B 24	Borgarnesbraut.
B 26	Stykkishólmsvegur.
B 37	Ólafsvíkurvegur.
B 42	Grundarfjarðarvegur.
C 1	Vestfjarðavegur.
C 10	Barðastrandarvegur.
C 37	Strandavegur. — Vegamót Norðurlandsvegar—Hólmavík.
E 1	Norðurlandsvegur. — Annað en hraðbraut.
D 28	Sauðárkróksbraut.
D 38	Út-Blönduhlíðarvegur.
D 39	Siglufjarðarvegur.
E 2	Ólafsfjarðarvegur.
E 20	Kinnarvegur.
E 25	Þingeyjarsýslubraut.
F 1	Austurlandsvegur. — Vegamót Norðurlandsv.—vegamót Hafnarv.
F 2	Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur.
F 31	Norðfjarðarvegur.
F 39	Suðurfjarðavegur.
F 50	Hafnarvegur.
G 1	Suðurlandsvegur. — Þrengslavegamót—Selfoss—Vík.

G 11 Biskupstungnabraut. — Vegamót Suðurlandsv.—vegamót Skeiðav.
G 25 Skeiðavegur.
G 38 Eyrarbakkavegur.
G 7 Hafnarskeiðsvegur.

3. **Aðrir þjóðvegir eru landsbrautir.**

3. Aðalfjallvegir.

1. **Kaldadalsvegur:**
Af Uxahryggjavegi (G 4) í Brunnum um Kaldadal á Hvítársíðuveg (B 18) hjá Húsafelli.

2. **Kjalvegur:**
Af Geysisvegi (G 20) hjá Gullfossi um Hvítanes, Hveravelli á Kjalveg (D 20) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal.

3. **Fjallabaksvegur nyrðri:**
Af Landvegi (G 51) hjá Galtalæk um Rangárbotna, Dómadalsháls, Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (G 84) hjá Búlandi.

4. **Sprengisandsleið:**
Af Fjallabaksvegi nyrðri í Rangárbotnum um Tungnaá hjá Haldi, Búðaháls, Þveröldu, Tómasarhaga, hjá Fjórðungsvatni um Hólafjall á Sölvadalsveg (E 15) hjá Þormóðsstöðum í Eyjafirði. Enn fremur með álmu norðan Fjórðungsvatns um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (E 23) hjá Mýri í Bárðardal.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

I. TEKJUÁÆTLUN

A. Benzíngjald.

Benzíngjaldið er innflutningsgjald, en greitt af seldu benzíni, þ. e. a. s. af því benzíni, sem afgreitt er af aðalgeymum til smærri dælustöðva. Olíufélögin hafa tveggja mánaða frest umfram sölumánuð á greiðslu gjaldsins til tollstjórans í Reykjavík. Er gjaldið yfirleitt greitt í byrjun þriðja mánaðar eftir sölumánuð, en er alltaf fært Vegagerðinni til tekna í öðrum mánuði. Þannig hefur Vegagerðin á gefnu ári tekjur af benzínsölunni nóvember og desember árið á undan og af sölu janúar—október sama ár.

Heimilt er að endurgreiða benzíngjald af benzíni, sem selt er til annarra nota en á bifreiðar. Fer endurgreiðsla sú fram ári eftir sölu benzínsins. Hér fer á eftir tafla, sem sýnir benzínsölu undanfarinna ára, tölurnar fyrir árið 1964 eru að nokkru áætlaðar. Salan er reiknuð út á grundvelli tekna ríkissjóðs og Vegagerðarinnar af benzíngjaldi og er því hér ekki um að ræða benzínsölu almanaksársins, heldur sölu frá byrjun nóvember til októberloka. Endurgreiðslan er miðuð við söluár en ekki endurgreiðsluár.

Benzínsala í millj. lítra 1961—1964.

	Benzínsala brúttó	Endurgreitt af	Benzínsala nettó	Aukning benzínsölu brúttó %	Aukning benzínsölu nettó %
1961	54.5	6.4	48.1		
1962	57.7	6.1	51.6	5.9	7.3
1963	60.8	6.1	54.7	5.4	6.0
1964	(61.5)	(6.1)	(55.4)	(1.2)	(1.3)

Áberandi er, hve miklu minni söluaukning er á árinu 1964 en árin á undan. Ef litið er á það, sem af er almanaksárinu 1964, í stað söluársins, sem taflan sýnir, er þessi lækkun enn meiri. Á tímabilinu janúar—ágúst 1963 voru, samkvæmt upplýsingum olíufélaganna, seld 30 263 tonn af benzíni. Á sama tímabili í ár var salan 29 585 tonn, eða 678 tonnum (2.2%) minni. Vegna verkfallsins í desember síðastliðnum og verðhækkunar benzíns 1. janúar 1964, mun nokkur hluti sölu, sem fram hefði átt að fara í janúar 1964, hafa farið fram í desember 1963, eða allt að 500 tonn. Enda þótt tillit væri tekið til þessa, myndi benzínsalan janúar—ágúst 1964 samt vera 100—200 tonnum minni en á sama tíma 1963.

Á árinu 1963 fjölgaði bifreiðum (bifhjól ekki meðtalin) um 3.739 eða 14.7%, og fjölgar í ár um 9—10%. Ætla mætti, að slík fjölgun bifreiða leiddi til stóraukinnar benzínnotkunar. En ýmislegt vegur þar á móti, eins og hér verður upp talið:

1) Mikill fjöldi gamalla bifreiða eru nú afskráðar á ári hverju. Er hér um að ræða bæði stórar ameríska fólksbifreiðir og vörubifreiðir með benzínvélum. Innfluttar fólksbifreiðir eru til jafnaðar minni og mun sparneytnari en þær eldri. Í stað hinna eldri vörubifreiða koma að mestu dieselknúnar vörubifreiðir. Síðastliðin tvö ár hafa bifreiðir verið teknar úr notkun sem hér segir:

Fólksbifreiðir	304	335
Vörubifreiðir	413	542
Samtals	717	877

Þótt gera megi ráð fyrir, að hinar elztu bifreiðir séu tiltölulega lítið notaðar síðustu ár áður en þær eru afskráðar, eyða þær svo margfalt meira benzíni á kílómetra en hinar nýrri, að verulega hlýtur að muna um skiptin. Er sennilegt að hinar 877 bifreiðir, sem teknar voru úr notkun 1963 hafi notað benzín á við 2500—3000 nýjar evrópskar fólksbifreiðir.

2) Nokkuð er enn um, að stórum bifreiðum með benzínvél sé breytt í dieselbifreiðir. Þó mun sú breyting nú langt komin, og mun talsvert færri bifreiðum hafa verið breytt 1964 en áður.
3) Einkabifreiðir eru nú mun stærri hluti bifreiða með benzínvél en áður. Þeim mun hins vegar ekið þrisvar til fjórum sinnum minna að meðaltali en atvinnubifreiðum.
4) Hækkun benzínverðsins mun hafa haft nokkur áhrif til minnkunar benzínsölu.

Af framangreindum ástæðum sýnist eðlilegt, að benzínsala aukist mun minna en fjölgun bifreiða nemur. Gildir þetta ekki einungis á líðandi ári, heldur og að líkindum næsta ár eða þar til hinir stóru bifreiðaárgangar frá stríðsárunum, frá árunum fyrst eftir stríðið og frá 1954—1955, hafa verið teknir úr notkun að mestu.

Vegna þróunar benzínsölunnar í ár, þykir ekki rétt að reikna með neinni aukningu benzínsölu á næsta ári. Til greina kemur, að hefja innflutning orkumeira benzíns en notað hefur verið hér undanfarið. Mikill meiri hluti bifreiða, sem nú eru fluttar til landsins, eru gerðar fyrir slíkt benzín. Myndi benzínnotkun þeirra minnka við tilkomu aflmeira eldsneytis. Benzíngjaldið er hins vegar bundið við ákveðna upphæð á hvern lítra, og hækkar því ekki þótt sjálft benzínið hækki í verði. Innflutningur aflmeira benzíns mun því hafa áhrif til lækkunar tekna af benzíngjaldi. Þó innflutningur slíks benzíns hefjist ekki á næsta ári, má telja nærri víst, að hann hefjist á áætlunartímabilinu 1965—1968.

Gert er ráð fyrir, að benzínsala fari aftur að aukast 1966, og aukist síðan örar 1967 og 1968 og hlutfallsleg aukning verði 2% 1966, 3.5% 1967 og 5% 1968, en breytingum benzínbíla í dieselbíla verði þá lokið.

Reiknað er með að benzíngjald verði endurgreitt af sama lítrafjölda öll árin. Er þetta byggt á því, að flest ný tæki, sem til greina koma við endurgreiðslu benzíngjalds, munu nú knúin dieselvélum.

B. Þungaskattur.

Tekjur af þungaskatti eru nú áætlaðar nokkru meiri 1964 en í fyrstu. Hækkunin stafar af því, að í samræmi við áorðna lagabreytingu er skatturinn nú greiddur fyrirfram en ekki eftir á. Þannig er nú í ár greiddur skattur í fyrsta sinn af bifreiðum innfluttum 1963 og 1964.

Reiknað er með, að tekjur af þungaskatti vaxi á svipaðan hátt og bifreiðafjöldi, eða um 9% á ári. Enn fremur, að diseljeppaeign bænda aukist um 100 á ári, en það samsvarar 850 þús. króna árlegri aukningu á endurgreiðslu þungaskatts.

C. Gúmmígjald.

Tekjur af gúmmígjaldi 1964 eru nú áætlaðar 2.2 millj. kr. lægri en í fyrstu. Um 80—85% gúmmígjaldsins er greitt af innfluttum hjólbörðum og slöngum, en afgangurinn af innfluttum bifreiðum.

Innflutningur á hjólbörðum og slöngum.

1958	661	tonn
1959	575	—
1960	528	—
1961	498	—
1962	740	—
1963	893	—
1963, jan.—sept.	682	—
1964, jan.—sept.	483	—

Innflutningur hjólbarða var gefinn frjáls í febrúar 1962. Hófst þá mikil samkeppni á milli innflytjenda hjólbarða, sem sjálfsagt hefur stuðlað að verulegri birgðasöfnun á árunum 1962 og 1963. Annað atriði, sem skýrir að nokkru hina miklu aukningu innflutnings hjólbarða 1962 og 1963 er, að þessi ár var almennt farið að nota sérstaka snjóhjólbarða á vetrum, sem í fyrstu hefur valdið stóraukinni sölu hjólbarða.

Það sem af er árinu 1964 hefur innflutningur hjólbarða verið mun minni en á sama tíma 1963, með þeirri afleiðingu að sennilegt er að tekjur af gúmmígjaldi 1964 verði mun lægri en áætlað var. Minni innflutningur bifreiða í ár en í fyrra hefur sömu áhrif.

Ástæður lækkunar þessarar geta verið mjög margar. Sennilegt er, að verulega hafi dregið úr birgðasöfnun á árinu 1964. Hjólbarðar hafa og verið geymdir ótollafgreiddir frá síðustu áramótum í húsnæði Tollvörugeymslunnar. Kann það að hafa gert innflytjendum kleift að draga úr eldri birgðum. Í ágúst síðastliðnum var lokið frágangi ýmissa formsatriða í sambandi við starfsemi Tollvörugeymslunnar, og frá þeim tíma eru vörur taldar innfluttar í skýrslum Hagstofunnar, þegar þær eru fluttar til geymslu þar, enda þótt tollur hafi ekki verið greiddur.

Önnur ástæða lækkunar innflutnings hjólbarða getur verið sú, að markaður fyrir snjóhjólbarða hafi mettazt.

Þótt sala hjólbarða sé að líkindum minni í ár en nokkurt undanfarinna ára, miðað við heildarþyngd, bendir ekkert til, að hún sé óeðlilega lág. Ending hjólbarða hefur að líkindum aukizt verulega, vegna tæknilegra framfara, og minni hjólastærð bifreiða dregur úr þyngd hverrar einingar, þar sem gúmmígjald er miðað við þyngd.

Reiknað er með 14% aukningu tekna af gúmmígjaldi 1965. Ástæðan er hinn mikli bifreiðainnflutningur 1963, en talið er sennilegt, að endurnýjun hjólbarða eigi sér almennt stað eftir tveggja ára noktun. Síðan er reiknað með jafnri aukningu, 9% á ári, svipaðri og áætlaðri fjölgun bifreiða.

D. Ríkisframlag skv. 89. gr. vegalaga.

Gert er ráð fyrir jafn háu árlegu framlagi úr ríkissjóði allt áætlunartímabilið og á árinu 1964.

E. Eftirstöðvar tekna frá 1964.

Tekjur vegasjóðs 1964 munu væntanlega verða 14.9 millj. kr. hærri en útgjöld á þessu ári samkvæmt vegáætlun, en um 13.5 millj. af endurgreiðslum samkvæmt 88. gr. vegalaga, vegna notkunar þetta ár á tækjum þeim, sem sérstaklega eru undanþegin benzínskatti og þungaskatti, koma ekki til greiðslu fyrri en 1965.

Eftirfarandi samanburður sýnir, hvernig tekjuhlið vegáætlunar 1964 hefur staðizt, eftir því sem bezt verður séð nú:

	Eldri áætlun (Marz 1964)		Ný áætlun (Okt. 1964)	
Óráðstafaðar tekjur vega- og brúasjóðs frá 1963 ..	13.5		15.0	
Tekjur af 147 au. gjaldi, 57.5 millj. lítra á kr. 1.47	84.5			
Tekjur af 130 au. gjaldi, 75% af 57.5 millj. á kr. 1.30	56.0			
Þegar innkomnar tekjur af benzíngjaldi í sept.lok '64			108.4	
Áætlaðar tekjur okt.—des. 1964			48.1	
Frádregið, endurgreiðsla v. gjaldfrjálsrar sölu 1963			9.0	
Benzíngjald, greitt af benzínbirgðum 1. jan. 1964			0.6	
Tekjur af benzíngjaldi alls		154.0		163.1
Tekjur af þungaskatti		31.0		39.0
Tekjur af gúmmígjaldi		10.0		7.8
Framlag á fjárlögum		47.1		47.1
Heildartekjur 1964		242.1		257.0

II. UM SKIPTINGU ÚTGJALDA.

I. Stjórn og undirbúningur.

1. Launagreiðslur:

Launagreiðslur fastra starfsmanna verða eins og sýnt er á fskj. I, en á fskj. I a eru sýndar launagreiðslur nýrra, fastra starfsmanna, sem ráðgert er, að ráðnir verði á árunum 1965—1968. Er áætlað, að þessir nýju starfsmenn verði fastráðnir eins og að neðan greinir:

	1965	1966	1967	1968
Aðalbókari	1			
Ritari	1			
Verkstjórar	2	2	2	2
Bókarar	1	1	1	1

Talið er nauðsynlegt að ráða 1 aðalbókara og 1 ritara til starfa á Vegamálaskrifstofunni, sakir mjög aukins reikningshalds vegna hinna nýju vegalaga. Skrifstofustjórinn hefur, í reynd, jafnframt gegnt starfi aðalbókara, en það er eigi framkvæmanlegt lengur.

Hjá Vegagerð ríkisins eru nú starfandi 48 verkstjórar við vegagerð og 9 verkstjórar við brúargerð. Af þessum 57 verkstjórum eru aðeins 4 aðalverkstjórar fastir starfsmenn, en hinir 53 lausráðnir starfsmenn, sem hafa engin önnur réttindi en þau, sem tiltekin eru í samningum milli Vegagerðar ríkisins og Verkstjórasambands Íslands.

Af þessum 53 lausráðnu verkstjórum er um helmingur, sem starfar hjá vegagerðinni allt árið og hafa ekkert annað starf. Flestir þessara manna hafa

starfað hjá vegagerðinni áratugum saman og að loknu starfi fá þeir eigi önnur eftirlaun en lítilsháttar styrk. Þetta atriði stendur þó til einhverra bóta, þar sem Verkstjórasamband Íslands hefur stofnað lífeyrissjóð fyrir meðlimi sína.

Hér er lagt til, að á næstu árum verði þriðjungur þessara manna fastráðinn. Er hér ekki um neina útgjaldaaukningu að ræða fyrir vegagerðina, þó að launaliðurinn hækki, þar sem fé til framkvæmda verður þeim mun drýgra, en kaup verkstjóranna er nú að sjálfsögðu greitt af fjárveitingum til einstakra framkvæmda.

Hjá vegagerðinni eru nú starfandi 6 bókarar við áhaldahúsin í Reykjavík, Borgarnesi, Akureyri og Reyðarfirði. Þessir menn eru á föstum mánaðarlaunum allt árið og eiga því lögum samkvæmt rétt á því að verða opinberir starfsmenn með aðild að lífeyrissjóði. Af þessum 6 bókurum er hér lagt til, að 4 verði fastráðnir á næstu 4 árum. Hér gildir það sama og um verkstjórana, að ekki er um aukin útgjöld að ræða, en aðeins tilfærslu, sem eykur launaliðina, en drýgir fé til framkvæmda að sama skapi.

Framangreind aukning á föstum starfsmönnum hefur í för með sér eftirfarandi breytingar á launagreiðslum:

	1965	1966	1967	1968
Núv. fastir starfsm. fskj. I	4239	4231	4257	4286
Nýir fastir starfsm. fskj. Ia	528	846	1170	1488
Alls	4767	5077	5427	5774

2. **Eftirlaunagreiðslur til fyrrv. vegaverkstjóra og ekkna þeirra:**

Hér er miðað við sömu upphæð næstu 4 ár og er í vegáætlun yfirstandandi árs. Alls njóta nú 17 fyrrv. verkstjórar og 7 ekkjur verkstjóra styrks af þessum lið. Þar sem nú er gert ráð fyrir að 8 verkstjórar verði ráðnir sem fastir starfsmenn á næstu 4 árum og stofnaður hefur verið sérstakur lífeyrissjóður verkstjóra, þá er áætlað að þessi upphæð hrökkvi til greiðslu styrkja í svipuðu formi og verið hefur.

3. **Skrifstofukostnaður:**

Skrifstofukostnaður er í vegáætlun yfirstandandi árs áætlaður 1.6 millj. kr. Í september s. l. flutti Vegamálaskrifstofan af Laugavegi 114 í nýtt húsnæði í Borgartúni 7. Húsnæði þetta er nokkuð stærra, en mun dýrara. Símakostnaður eykst einnig nokkuð og hækkar skrifstofukostnaður í heild af þessum sökum í 2.0 millj. kr. Á næsta ári er ráðgert að taka upp vélabókhald og eru 100 þús. kr. ætlaðar til kaupa á nauðsynlegum vélum í því skyni. Að öðru leyti er skrifstofukostnaður áætlaður óbreyttur næstu 4 ár.

4. **Verkfræðilegur undirbúningur framkvæmda:**

Fjárveiting á þessum lið er áætluð óbreytt næstu 4 ár, frá því sem hún er í vegáætlun yfirstandandi árs.

Beinn verkfræðikostnaður við allar stórframkvæmdir er færður beint á hlutaðeigandi verk. Verkfræðikostnaður við öll minni verk, svo og kostnaður við mælingar og rannsóknir allra framkvæmda, sem ráðgerðar eru, en hafa engar fjárveitingar, er greiddur af þessum lið.

II. Viðhald þjóðvega.

1. **Viðhaldskostnaður þjóðvega:**

Í tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir yfirstandandi ár var lagt til, að fjárveiting til vegaviðhalds í ár yrði 85.0 millj. kr. Var þá reiknað með

að vísitala viðhaldskostnaðar í ár yrði 460, en eins og nánar er greint frá í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar í ár, þá verður vísitala viðhaldskostnaðar 476 í ár.

Við afgreiðslu vegáætlunarinnar á Alþingi var tillagan um fjárveitingu til vegaviðhalds lækkuð um 5.0 millj. kr., eða niður í 80.0 millj. kr. Var það aðallega gert á þeirri forsendu, að kostnaður við snjómokstur s. l. vetur hafi verið með minnsta móti og er það út af fyrir sig rétt. Hins vegar hefur reynslan orðið sú, að kostnaður við vegheflun og bráðabirgðaviðgerðir, sem óhjákvæmilegt er að framkvæma á vegum, sem opnir eru fyrir umferð, hefur verið sízt minni en kostnaðurinn við beinan snjómokstur í meðalári.

Á fskj. II er í töfluformi sýnt yfirlit um viðhaldskostnað þjóðvega frá 1949 til 1964 og áætlun um viðhaldskostnað næstu 4 ár. Á yfirliti þessu sést, að viðhaldskostnaður þjóðvega varð 70.4 millj. kr. árið 1963 og var vísitala viðhaldskostnaðar það ár 412. Þegar tillaga að vegáætlun fyrir 1964 var lögð fram á s. l. vetri var vísitala viðhaldskostnaðar fyrir árið í ár áætluð 470 (í till. var hún vegna reikningsskekkju talin 460). Vegna kaupbreytinga í júlí s. l. hækkaði viðhaldsvísitalan í 476 stig. Til þess að halda í horfinu, miðað við raunverulegan viðhaldskostnað 1963, lengingu akfærra þjóðvega úr 7800 km í 8628 km og vísitölu 470, hefði fjárveiting til vegaviðhalds þurft að vera 88 millj. kr., en 90 millj. kr. miðað við vísitölu 476.

Umferðin á vegakerfinu er mikið til í beinu hlutfalli við bifreiðafjölda í landinu, sem aukast mun um 10% í ár. Þeir liðlega 800 km af akfærum vegum, sem bættust í þjóðvegatölu með samþykkt vegáætlunar fyrir yfirstandandi ár, voru að mestu leyti sýsluvegir, sem viðhald hafði verið vanrækt á árum saman vegna fjárskorts og raunar flestir byggðir af vanefnum í upphafi. Þegar þessi atriði eru höfð í huga, þá er ekki að undra, þótt viðhald þjóðvegakerfisins í ár hafi verið mun lakara en á s. l. ári. Á þetta ekki hvað sízt við um fjölförnustu vegina.

Eitt vandamál í sambandi við viðhald veganna eru hinir sívaxandi vöruflutningar með stórum vörubifreiðum frá Reykjavík til hinna fjarlægustu staða, eins og Ísafjarðar og Hafnar í Hornafirði. Þessir flutningar byggjast m. a. á óeðlilega lágum þungaskatti og einnig á því, að þessar bifreiðir eru að jafnaði hlaðnar langt yfir það, sem umferðarlögin leyfa, án þess að viðkomandi yfirvöld fái rönd við reist.

Samkvæmt umferðalögunum frá 1958 er leyfður 6 tonna öxulþungi á öllum opinberum vegum. Á örfáum aðalleiðum er leyfður nokkru hærri öxulþungi, samkv. sérstakri heimild í lögunum. Hins vegar hefur komið í ljós við eftirgrennslan vegalögreglunnar, að mikið af þeim bifreiðum, sem stunda vöruflutninga á langleiðum, eru með 8, 10, 12 tonna öxulþunga. Bifreiðir með slíkan öxulþunga rista beinlínis í sundur veikbyggða, gamla malarvegi, brjóta niður ræsi og brýr, sem byggðar voru fyrir allt annan þunga.

Vegalögreglan, sem annast skal eftirlit með því, að ákvæðum umferðarlaganna sé framfylgt, er alltof fáliðuð til þess að sinna því verkefni sem skyldi. Þar við bætist, að dómsvaldið hefur í flestum tilvikum dæmt svo lágar sektir vegna brota á ákvæðunum um öxulþunga, að það hefur ekki haft tilætluð varnaráhrif.

Verði ekki unnt að stemma stigu við þessari þróun, mun viðhaldskostnaður vega og brúa á ýmsum aðalleiðum vaxa úr hófi fram á næstu árum, en hvenær sem er geta hlotizt af þessu stór slys eins og öllum má ljóst vera.

Á fskj. II er sýnt yfirlit yfir áætlaðan viðhaldskostnað þjóðvega næstu 4 ár. Er sú áætlun miðuð við verðlag ársins í ár og vísitölu viðhaldskostnaðar 476.

Áætlaður viðhaldskostnaður á næsta ári er 90 millj. kr. og verður að telja þá upphæð algjört lágmark eins og vikið hefur verið að hér að framan. Kemur þar einnig til, að vinna þarf upp að einhverju leyti það, sem eigi reyndist unnt að

sinna í ár sökum fjárskorts. Miðað við árið 1964 hafa akfærir þjóðvegir lengst um 131 km og er það mest vegna nokkurrar leiðréttingar á flokkun vega.

Gert er ráð fyrir að akfærir þjóðvegir lengist um 20 km á ári næstu 4 ár, en þar er að sjálfsögðu um ágizkun að ræða, þar til Alþingi hefur afgreitt vegáætlunina.

Fjölgun bifreiða er byggð á áætlun Efnahagsstofnunarinnar og reiknað er með óbreyttri vísitölu vegaviðhalds eins og áður er vikið að.

Aukin fjárþörf til vegaviðhaldsins á áætlunartímabilinu úr 90 millj. kr. 1965 í 105 millj. kr. 1968 myndi skiptast á eftirtalda liði vegna vaxandi umferðar:

1.	Aukinn kostnaður við vegheflun vegna vaxandi umferðar	3.0 millj. kr.
2.	Aukin mölun og hörpun á efni í slitlag	5.0 — —
3.	Aukin rykbinding vega	3.0 — —
4.	Aukinn mölburður, breikkun ræsa	4.0 — —

Óhjákvæmilegt verður að auka til muna mölun og hörpun efnis í fjölförnustu vegina og rykbinda þá jafnframt til þess að verja slitlagið og gera þá þolanlega fyrir umferð.

Áætluð aukning fjár til mölburðar, breikkunar ræsa o. þ. h. er mun minni en vera þyrfti, eins og ástand veganna er nú.

Komi snjóþungir vetur á næstu 4 árum, mun kostnaður við snjómokstur aukast langt umfram það, sem verið hefur. Sama gildir, ef breytt verður reglum þeim um greiðslu kostnaðar við snjómokstur, sem gilt hafa síðan 1958.

Þegar litið er á dálk 8 á fskj. II sést, að viðhaldskostnaður á kílómetra, miðað við fast verðlag, mun hækka um það bil 10% á tímabilinu, sem ætti þá að koma fram í batnandi vegum. Sé hins vegar litið á dálk 10, sést að kostnaður við hvern ekinn kílómetra fer lækkandi, en miðað er við að hver bifreið aki um 10 þús. km á þjóðvegum.

III. Til þjóðvega.

1. Til hraðbrauta:

Samkvæmt vegáætlun eru áætlaðar 10 millj. kr. árlega til hraðbrauta á áætlunartímabilinu. Áætlað er, að af þessari fjárveitingu gangi sama upphæð og í vegáætlun 1964 til Reykjanesbrautar eða 6.8 millj. kr. á ári öll árin. Til annarra hraðbrauta verða því aðeins til ráðstöfunar í vegáætlun 3.2 millj. kr. á ári og verður litlum framkvæmdum áorkað með því fé.

Þar sem ráðgert er að ljúka lagningu Reykjanesbrautar árið 1965, verður að gera ráð fyrir, að unnið verði að lagningu Austurvegar og Vesturlandsvegar út frá Reykjavík á áætlunartímabilinu, en það verður ekki kleift, nema sérstaks fjármagns verði aflað til þeirra framkvæmda.

Kostnaður við lagningu Reykjanesbrautar verður um næstu áramót 143.7 millj. kr. Þar af eru vaxtagreiðslur 7.04 millj. kr.

Fjár til þessara framkvæmda hefur verið aflað, svo sem hér segir:

Föst umsamin lán	130.9 millj. kr.
Framlag varnarliðsins	6.0 — —
Fjárveiting í vegáætlun 1964	6.8 — —
Alls	143.7 millj. kr.

Vextir og afborganir fastra lána, sem tekin hafa verið til ársloka 1964 verða á áætlunartímabilinu eftirfarandi:

1965	19.1 millj. kr.
1966	21.4 — —
1967	22.9 — —
1968	22.6 — —

Unnið er nú að endurskoðun áætlana um kostnað við að ljúka lagningu vegarins á næsta ári. Verður því verki lokið innan skamms. Í athugun er einnig sérstök fjáröflun til þess að ljúka framkvæmdum og þá jafnframt haft til hliðsjónar, að hve miklu leyti verður hægt að standa straum af stofnkostnaði vegarins með sérstöku umferðargjaldi, samkv. heimild í 95. gr. vegalaga.

Af vegáætlun þeirri, sem nú er lögð fram, er ljóst, að fé það, sem fært þykir að ætla til lagningar hraðbrauta er langtum of lítið til þess að leysa þau verkefni, sem fyrir liggja. Er greinilegt, að sérstakra úrræða verður að leita til þess að leysa þann vanda.

2. Til þjóðbrauta.

Samkvæmt vegáætlun verða þjóðbrautir alls 2960.9 km eða um 31.5% af vegakerfinu.

Í skýrslu um framkvæmdir skv. vegáætlun 1964 var tilgreint, að bráðabirgðalán vegna framkvæmda við þjóðbrautir yrðu í lok þessa árs 2.54 millj. kr., en voru um s. l. áramót 6.6 millj. kr. Verður væntanlega hægt að greiða þessi bráðabirgðalán að fullu á næsta ári.

Föst lán til lengri tíma, sem tekin hafa verið 1963 og 1964 vegna framkvæmda við þjóðbrautir verða í árslok 1964, svo sem hér segir:

	Lán tekin			Vextir og afborganir			
	1963	1964	Eftirst. lána í árslok 1964	1965	1966	1967	1968
	Upphæðir í millj. kr.		kr.	Upphæðir í þúsundum kr.			
Ólafsvíkurvegur um Enni	12.2	3.0	11.90	4330	4180	870	830
Siglufjarðarvegur	2.3	3.0	5.15	870	810	780	740
Múlavegur	1.0	2.0	2.93	450	460	440	420
	15.5	8.0	19.98	5650	5450	2090	1990

Af framangreindum lánum eru allt innlend lán til 15 ára með 9½% ársvöxtum, nema 9.3 millj. kr. lán til Ólafsvíkurvegar um Enni frá 1963, sem er þriggja ára lán með 7% ársvöxtum.

Miðað við þær fjárveitingar til þjóðbrauta, sem tilgreindar eru í vegáætlun fyrir 1965—1968, svo og að bráðabirgðalán til þjóðbrauta í árslok 1964 verði greidd upp á árinu 1965, þá skiptist fé til framkvæmda í þjóðbrautum á áætlunartímabilinu svo sem hér segir. (Upphæðir í þús. kr.):

	1965	1966	1967	1968
1. Til greiðslu bráðabirgðalána	2.540			
2. Til greiðslu vaxta og afb. fastra lána	5.650	5.450	2.090	1.990
3. Til nýrra framkvæmda	16.610	16.350	20.210	22.015
Alls	24.800	21.800	22.300	24.000

Ráðgert er, að framkvæmdum við Ólafsfjarðarveg milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar verði lokið á næsta ári. Er kostnaður við þær framkvæmdir áætlaður 5.1 millj. kr. Er áætlað að tekið verði sérstakt framkvæmdalán að upphæð 4.0 millj. kr. í því skyni og þá miðað við svipaða fjárv. í vegáætlun 1965 og er í vegáætlun 1964 til vegarins um Múla.

Þá er áætlað, að framkvæmdum við Siglufjarðarveg verði lokið á árinu 1966 og vegurinn þá fullgerður milli Brúnastaða í Fljótum og Siglufjarðar. Beinn kostnaður við þær framkvæmdir er áætlaður 12.0 millj. kr. árið 1965 og 11.4

millj. kr. árið 1966. Ráðgert er, að tekin verði í þessu skyni sérstök framkvæmdalán bæði árin. Miðað við sömu fjárveitingar til vegarins í vegáætlun 1965 og 1966 og er í vegáætlun 1964, eða 1.5 millj. kr., þurfa framkvæmdalánin að vera 11.4 millj. kr. 1965 og 12.6 millj. kr. 1966.

Framkvæmdir við nokkra vegi, sem rætt er um hér að framan, eru því háðar, að ríkisstjórnin taki upp í framkvæmdaáætlun nægilega upphæð til að vinna að umræddum verkum samkvæmt því, sem hér er gert ráð fyrir.

Miðað við, að framkvæmdalán til framangreindra vega verði 15 ára lán með 9½% ársvöxtum, skiptast fjárveitingar í vegáætlun og lánsfé þannig á áætlunartímabilinu. (Upphæðir í þús. kr.):

	1965	1966	1967	1968
1. Til greiðslu bráðabirgðalána frá 1964	2.540			
2. Til gr. fastra framkvlána frá '63 og '64	5.650	5.450	2.090	1.990
3. Til greiðslu vaxta og afb. af framkvæmdalánum frá 1965 og 1966		2.470	4.420	4.220
4. Til nýrra framkv. af fé vegasjóðs ..	16.610	13.880	15.790	17.790
5. Til nýrra framkv. af lánsfé	15.400	12.600		
Alls	40.200	34.400	22.300	24.000

3. Til landsbrauta.

Samkvæmt vegáætlun verða landsbrautir alls 6272.1 km, eða 67% af vegakerfinu.

Í skýrslu um framkvæmdir samkv. vegáætlun 1964 var frá því greint, að bráðabirgðalán og fyrirframgreiðslur úr ríkissjóði til landsbrauta verði um næstu áramót 9.02 millj. kr., en voru um s. l. áramót 15.20 millj. kr.

Gert er ráð fyrir að bráðabirgðalánin verði greidd að fullu á næstu 2 árum. Miðað við það skiptast fjárveitingar til landsbrauta í vegáætlun þannig á áætlunartímabilinu. (Upphæðir í þús. kr.):

	1965	1966	1967	1968
1. Til greiðslu bráðabirgðalána	4.510	4.510		
2. Til nýrra framkvæmda	22.590	20.190	25.200	26.500
Alls	27.100	24.700	25.200	26.500

IV. Til fjallvega, reiðvega og ferjuhalds.

1. Til aðalfjallvega.

Aðalfjallvegir samkv. vegáætlun eru 444 km að lengd. Í vegáætlun 1964 var fjárveiting til þessara vega 1.3 millj. kr., þar af 900 þús. kr. til kláfferju á Tungnaá hjá Haldi.

Með tilliti til þess, að byggingu kláfferjunnar var lokið á s. l. sumri er lagt til, að fjárveiting þessi verði lækkuð í 900 þús. kr. Mikilla umbóta er þörf á aðalfjallvegum og m. a. verður nauðsynlega að koma upp sæluhúsi á Sprengisandsleið og gera umbætur á Fjallabaksleið nyrðri svo þar fáist örugg leið, ef til Kötlugoss kæmi.

2. Til annarra fjallvega.

Fjárveiting þessi var 800 þús. kr. í vegáætlun 1964. Lagt er til, að upphæð þessi verði hækkuð í 885 þús. kr. með tilliti til fjölda umsókna, sem alltaf berast um styrki til afréttarvega o. þ. h.

3. Til reiðvega.

Fjárveiting þessi var 200 þús. kr. í vegáætlun 1964. Lagt er til að fjárveitingin verði óbreytt.

4. **Til ferjuhalds.**

Fjárveiting þessi var 65 þús. kr. í vegáætlun 1964. Lagt er til að fjárveiting verði óbreytt næstu 4 ár.

V. Til brúargerða.

1. **Til stórbrúa.**

Mörkin milli stórbrúa og brúa 10 m og lengri eru hér miðuð við, að brýr sem kosta yfir 2.0 millj. kr. verði taldar til stórbrúa. Lagt er til að fjárveitingar verði alls 53.0 millj. kr. á áætlunartímabilinu eða um 13 millj. kr. að meðaltali, þó þannig skipt milli ára, að hægt verði að ljúka ákveðnum brúm ár hvert. Er þetta svipuð upphæð og veitt var til stórbrúa í vegáætlun 1964.

Með þessum fjárveitingum verður væntanlega hægt að byggja alls 12 brýr. Mikið verkefni er þó framundan við byggingu stórbrúa, því enn eru t. d. í notkun 9 stálbrýr 35—65 ára gamlar, sem teljast mega stórbrýr og endurbyggja þarf á næstu árum, auk margra steyptra brúa. Þar við bætast allmargar óbrúaðar ár, sem byggja þarf á stórbrýr.

2. **Til brúa 10 m og lengri.**

Lagt er til að fjárveiting til þessara brúa næstu 4 ár verði eins og greint er í áætlun. Verður heildarfjárveiting á áætlunartímabilinu 41.9 millj. kr. eða um 10.5 millj. kr. að meðaltali á ári. Skiptast fjárveitingar þessar nokkuð ójafnt á árin vegna þess, að ná þarf ákveðnum áföngum í byggingu stórbrúa og ekki þykir fært að hafa fjárveitingar til smábrúa minni en þær eru í vegáætlun 1964.

Mjög æskilegt væri að fjárveitingar til þessa flokks brúa væru hærri, því enn eru á vegum í þjóðvegatölu óbrúaðar 69 ár, sem þurfa brýr yfir 10 m lengd, sbr. fskj. VII. Á sýsluvegum eru óbrúaðar ár í þessum flokki 54 að tölu.

Mikið af gömlum brúm í þessum flokki þarf einnig að endurbyggja, þótt tæmandi yfirlit sé ekki fyrir hendi um það. Augljóst er þó, að brýr, sem orðnar eru 40 ára og eldri, voru alls ekki gerðar fyrir þá þyngd og breidd ökutækja, sem nú tíðkast.

Eftirfarandi yfirlit sýnir brýr á þjóðvegum 40 ára og eldri, sem eru yfir 10 m lengd:

	Aldur yfir 60 ár	Aldur 50—60 ár	Aldur 40—50 ár
Stálbrýr	1	5	5
Steyptar brýr		18	23
Alls	1	23	28

Það skal tekið fram, að af óbrúuðum ám á þjóðvegum eru margar á vegum sem eru ólagðir og því ekki aðkallandi að byggja þær fyrr en komið er að því að leggja þessa vegi.

3. **Til smábrúa.**

Lagt er til, að varið verði 6.0 millj. kr. á ári til smábrúa, næstu 4 ár. Á þjóðvegum eru enn óbyggðar 174 smábrýr og 80 smábrýr á sýsluvegum, sbr. fskj. VII. Nokkrar þessara brúa eru á vegum, sem enn hafa ekki verið lagðir, en fleiri eru þó á vegum sem teljast akfærir.

Mikið af smábrúm, bæði á þjóðvegum og sýsluvegum, þarfnast endurbyggingar, en tæmandi yfirlit um fjölda þeirra er ekki enn fyrir hendi.

Meðalverð smábrúa er nú um 300—350 þús. kr. og má því ætla, að hægt verði að byggja 70—80 smábrýr á áætlunartímabilinu.

VI. Til sýsluvegasjóða.

Framlag hreppa til sýsluvegasjóða samkv. 21. gr. vegalaga svo og tekjur samkv. 23. gr. vegalaga urðu á yfirstandandi ári eins og sýnt er á fskj. X. Tekjur samkv. 21. gr. urðu 4.487 þús. kr., en samkv. 23. gr. um 512 þús. kr. Heildartekjurnar urðu því 4.999 þús. kr.

Samkv. 28. gr. vegalaga á framlag vegasjóðs á næsta ári að vera 10.0 millj. kr. eða óbreytt frá því sem er í ár, en hins vegar verður framlag hreppanna á næsta ári innheimt miðað við tímakaup almennra verkamanna 1. des. n. k., sem verður kr. 33.81 og er það hækkun um kr. 5.47 eða 19.3%. Gjald miðað við íbúa hækkar því úr kr. 85.02 í kr. 101.43 á árinu 1965. Tekjur samkv. 23. gr. munu væntanlega lítið breytast á næstu árum.

Við áætlun um tekjur sýsluvegasjóðanna næstu fjögur ár er miðað við kaupgjald alm. verkamanna hjá Vegagerð ríkisins 1. des. n. k., að tekjur samkv. 23. gr. verði óbreyttar og að fólksfjölgun í sýslunum alls verði um 1% á ári, og er það svipuð aukning og verið hefur undanfarin 2 ár.

Samkvæmt þessum forsendum verða útgjöld vegasjóðs vegna sýsluvegasjóðanna og heildartekjur þeirra, svo sem hér segir. (Í þúsundum kr.):

	Tekjur samkv 21. gr.	Tekjur samkv. 23. gr.	Heimaframl. alls	Framlag vegasjóðs	Heildar-tekjur
1964	4.487	512	4.999	10.000	14.999
1965	5.407	512	5.919	10.000	15.919
1966	5.461	512	5.973	11.838	17.811
1967	5.516	512	6.028	11.946	17.974
1968	5.571	512	6.083	12.056	18.139

VII. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Samkvæmt 32. gr. skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum vera 12½% af heildartekjum vegasjóðs. Sömuleiðis skal ½% af heildartekjum vegasjóðs ganga til tilraunastarfsemi við vega- og gatnagerð samkv. 96. gr. Miðað við heildartekjur samkv. tekjuáætlun verður heildarframlag samkv. 32. gr., 10% frádráttur samkv. 34. gr. og framlag til skipta samkv. íbúatölu, svo sem hér segir:

	1965	1966	1967	1968
1. Framl. samkv. 32. gr. 12½% ... mkr.	32.72	31.76	33.05	34.75
2. Frádráttur skv. 34. gr. 10% .... —	3.27	3.17	3.30	3.47
3. Til skipta samkv. íbúatölu ..... —	29.45	28.59	29.75	31.28
4. Áætluð íbúatala til skipta	155.800	159.600	163.500	167.500
5. Áætluð upphæð á íbúa ..... kr.	189.02	179.14	181.96	186.75

Íbúar í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íb. voru 1. des. s. l. 152 069. Við áætlun á íbúafjölda þessara staða næstu 4 ár er gert ráð fyrir að öll fjölgun á íbúum landsins í heild, um 2%, lendi þar.

VIII. Til véla- og áhaldakaupa.

1. Til véla- og verkfærakaupa.

Á s. l. ári var á vegum hagskýrsludeildar ríkisendurskoðunarinnar gerð ítarleg athugun á aldurskiptingu, endurnýjunarþörf og endurnýjunarverðmæti véla í eign ríkisstofnana.

Samkvæmt þessari skýrslu var aldursskipting og endurnýjunarverðmæti véla vegagerðarinnar þá, svo sem hér segir. (Upphæðir í millj. kr.):

Aldur	Endurn. verðmæti
0— 4 ár	30.3
5— 9 —	20.5
10—14 —	34.8
15—19 —	47.2
20—23 —	73.2
Ótilgreindur aldur	14.6
Alls	220.6

Þegar haft er í huga, að eðlilegur afskriftatími vinnuvéla er 5—10 ár og að vinnuvélar úreldast yfirleitt á sama tíma, vegna framfara við byggingu þeirra, þá er augljóst mál, að vélakostur vegagerðarinnar er orðinn æði bágborinn. Endurnýjunarverðmæti véla 10 ára og eldri er um 170 millj. kr. og þyrfti nauðsynlega að endurnýja þessar vélar á næstu 4 árum, þar sem þær yngstu þeirra verða þá orðnar 15 ára.

Hins vegar er hér ekki talið fært að fara fram á hærri fjárveitingu en 11.0 millj. kr. árin 1965 og 1966, en 12 millj. 1967 og 13 millj. 1968, með hliðsjón af tekjuáætlun vegasjóðs.

Á s. l. ári var alls varið til vélakaupa 18.6 millj. kr., en þar af voru 5.6 millj. kr. til greiðslu lána vegna vélakaupa af sölunefnd varnarliðseigna 1960 og sérstaklega vélakaupa 1963, svo að til nýrra véla var varið 13 millj. kr., sem ekki eru taldar með í framangreindu yfirlit um aldursflokkun véla.

Miðað við framangreindar fjárveitingar og eðlilega afskrift hinna nýju véla, svo og sölu gamalla véla, þó ætti á næstu fjórum árum að vera hægt að ráðstafa til vélakaupa eftirfarandi upphæðum (upphæðir í millj. kr.):

	1965	1966	1967	1968
Afskrift og sala	7.0	9.0	10.0	12.0
Fjárveiting	11.0	11.0	12.0	13.0
	18.0	20.0	22.0	25.0
Greiðsla til Sölunefndar og vegna vélakaupa 1963	4.2	4.2	0.0	0.0
Til nýrra vélakaupa	13.8	15.8	22.0	25.0

Til endurnýjunar véla verða þá alls 76.6 millj. kr. næstu 4 ár. Þegar endurnýjun 1964 er talin með verður endurnýjun alls um 90 millj. kr. frá því er yfirlitið um aldursflokkun var gert og er það aðeins 53% af endurnýjun véla, sem 1963 voru 10 ára og eldri.

2. **Til bókasafns verkamanna:**

Til afnota fyrir vinnuflokka hefur vegagerðin um 40 bókakistur með 50—60 bókum í hverri. Vegna hækkaðs verðlags á bókum, þá þykir hæfilegt að áætla þennan lið næstu þrjú árin 5 þús. kr. hærri í ár, en síðan 10 þús. kr. hærri en 1964.

IX. Til tilrauna við vega- og gatnagerð.

Þessi upphæð en ½% af tekjum vegasjóðs samkv. 96. gr. vegalaga.

X. Iðgjald til slysatrygginga.

Iðgjald þetta er miðað við dagsverkafjölda næsta árs á undan innheimtuári. Samkvæmt reglugerð nr. 7/1964 hækkaði gjaldið um 50% að meðaltali í þeim áhættu-

flokkum, sem Vegagerðin greiðir eftir. Lætur nærri að gjaldið sé um 0.6% af beinu framkvæmdafé og föstum launagreiðslum ár hvert.

XI. Gjöld samkvæmt lögum um orlof verkamanna.

Upphæð orlofsfjár er miðað við reynslu s. l. ár og er tillit tekið til þess, að orlofsfé hækkaði í ár úr 6% í 7%. Lætur nærri að orlofsfé sé um 2.4% af beinu framkvæmdafé á ári hverju.

XII. Atvinnuleysistryggingagjald.

Gjald þetta er lögbundið og er miðað við dagsverkafjölda næsta árs á undan innheimtuári. Lætur nærri að gjaldið sé um 0.22% af beinu framkvæmdafé.

XIII. Til greiðslu halla á vegáætlun 1964.

Í skýrslu um framkvæmd vegáætlunar 1964 var tekið fram, að allar kostnaðartölur væru miðaðar við þær áætlanir, sem fyrir lágu, þegar vegáætlun var lögð fram á Alþingi á s. l. vori, þar sem endanleg reikningsskil um einstakar framkvæmdir yrðu ekki fyrir hendi fyrr en í byrjun næsta árs.

Verðbreytingar urðu nokkrar með nýjum kaupgjaldssamningum o. fl. hinn 1. júlí s. l. Eftir því sem næst verður komizt, þá hafa verðbreytingar frá apríl til október haft eftirfarandi áhrif til hækkunar á vísitölu einstakra framkvæmdaliða:

	Marz	Okt.	Hækkun í %
Vegaviðhald	470	476	0.9
Vegagerð	448	452	1.3
Brúargerð	504	532	5.6

Hækkunin er mest við brúargerð, þar sem vinnulaun eru hlutfallslega mest við þær framkvæmdir. Einnig kemur þar til nokkur hækkun á byggingarefni.

Þessar verðbreytingar hafa að sjálfsögðu í för með sér aukinn kostnað á þeim mannvirkjum, sem ljúka verður í einum áfanga, eins og t. d. byggingu einstakra brúa. Sama gildir og um framkvæmdir í vegaviðhaldi.

Af þessum sökum verður að gera ráð fyrir, að ýmsir liðir vegáætlunar fyrir 1964 hækki, en þeir eru:

II, 1	**Viðhaldskostnaður þjóðvega:**			
	a. Bein hækkun vegna verðbreytinga 1.3% af 80 millj. kr.	1.0 millj. kr.		
	b. Hækkun vegna óhjákvæmilegra viðgerða, sbr. greinargerð fyrir vegáætlun lið II, 1	1.4 — —		
			2.4	millj. kr.
V.	**Brúargerðakostnaður:**			
	Hækkun vegna verðbreytinga 5.6% af 31.7 millj. kr. ..		1.8	— —
XI.	**Gjöld samkv. lögum um orlof verkamanna:**			
	Hækkun vegna hækkunar á orlofi úr 6% í 7% 1. júlí ..		0.3	— —
X og XII.	**Iðgjöld til slysatrygginga og atvinnuleysistryggingagjald:**			
	Áætluð hækkun vegna kaupbreytinga o. fl.		0.25	— —
XIII.	**Launaskattur:**			
	Skattur þessi kemur á allt útborgað kaup eftir 1. júlí 1964 og er áætlaður ½ hluti af orlofi í vegáætlun 1964		0.25	— —
		Samtals	5.00	millj. kr.

Þessi hækkun útgjalda á vegáætlun 1964 færist til gjalda á vegáætlun 1965, þar sem kaupstaðir og kauptún eiga samkv. 32. gr. vegalaga að fá 12½% af heildartekjum vegasjóðs ár hvert.

III. UM FLOKKUN VEGA

Flokkun þjóðvega samkv. 12. gr. vegalaga nr. 71/1963 er að mestu eins og í vegáætlun 1964. Þessi flokkun hefur þó verið endurskoðuð og í því sambandi skal eftirfarandi tekið fram:

1. Felldar eru niður athugasemdir við einstaka vegi um það eftir hvaða lögum þeir urðu þjóðvegir.

   Þar sem enn hefur ekki verið gengið að fullu frá reglugerð samkv. 30. gr. um það, hvaða vegir í kaupstöðum og kauptúnum skuli teljast þjóðvegir, þá hefur ekki þótt fært að ákveða þessi mörk við skilgreiningu vega í vegáætlun. Mörkin hafa þó í nær öllum tilvikum verið ákveðin og lengd einstakra þjóðvega miðuð við þau, sbr. fskj. III—V. Lengd þjóðvega í þéttbýli á fskj. VIII er einnig miðuð við þau mörk, sem samkomulag hefur orðið um að sett yrðu í reglugerð skv. 30. gr.
2. Nokkrar breytingar hafa orðið á landsbrautum frá vegáætlun 1964, þar sem fullnægjandi upplýsingar voru ekki fyrir hendi við samningu þeirrar vegáætlunar um lengd einstakra sýsluvega eða býlafjölda á einstökum jörðum. Hafa þessi atriði verið könnuð rækilega í sambandi við ákvörðun sýsluvega í samþykktum einstakra sýsluvegasjóða, sem flestar liggja nú fyrir.

   Samkvæmt fskj. V verða landsbrautir nú 6272.1 km, en voru samkv. vegáætlun 1964 alls 6275.5 km. Stytting landsbrautanna í heild um 3.4 km stafar af því, að nokkuð af landsbrautum hefur farið í þjóðbrautaflokk samkv. skilgr. á þjóðbraut í 12. gr. vegalaga.
3. Vegir að skólum, kirkjum og félagsheimilum, samkv. undanþáguákvæði 12. gr. vegalaga, eru eins og í vegáætlun fyrir 1964 taldir upp sérstaklega eftir þjóðvegum í hverju kjördæmi. Nokkrir nýir slíkir vegir hafa bætzt við, sem fallið höfðu niður í vegáætlun fyrir 1964.
4. Á eftir yfirlitinu yfir þjóðvegi eftir kjördæmum, fylgir skrá yfir þá vegi, sem teljast skulu hraðbrautir A og B og þjóðbrautir.

   Á yfirstandandi ári hefur talning umferðar verið framkvæmd á fjölmörgum vegum. Þær upplýsingar, sem með því móti hafa fengizt, benda til þess, að nokkrir vegir eigi að koma í hraðbrautaflokk, umfram þá, sem taldir voru í vegáætlun fyrir 1964, samkv. skilgreiningu 12. gr. vegalaga. Upplýsingar þessar um umferð á einstökum vegum, þykja þó ekki nægjanlegar til þess, að endurskoða flokkun hraðbrauta að svo stöddu.

   Hins vegar hefur verið gerð nokkur breyting á hraðbrautum út frá Reykjavík, í samræmi við þær aðalumferðaræðar, sem ákveðnar hafa verið í sambandi við heildarskipulag Reykjavíkur og nágrennis, sem nú er á döfinni. Helzta breyting er sú, að ný hraðbraut er ráðgerð frá Elliðaám, um austanverðan Kópavog, Garðahrepp á Reykjanesbraut austan Hafnarfjarðar. Í upptalningu þjóðvega er þessi nýja álma talin til Reykjanesbrautar, en núverandi vegur frá Reykjavík, um Kópavog til Hafnarfjarðar nefndur Hafnarfjarðarvegur, enda hefur það nafn á þessum hluta Reykjanesbrautar jafnan verið notað í daglegu tali. Lengjast hraðbrautir af þessum sökum úr 131.0 km í vegáætlun 1964 í 148.5 km.

   Samkvæmt fskj. IV verða þjóðbrautir nú 2960.9 km, en voru í vegáætlun 1964 taldar 2857.3 km. Stafar lengingin aðallega af því, að Skeiðavegur og hluti Biskupstungnabrautar flytjast nú í þjóðbrautaflokk skv. 12. gr. eins og áður er vikið að.
5. Aðalfjallvegir eru taldir þeir sömu og í vegáætlun 1964.

Á fskj. III—V er tilgreind lengd hinna ýmsu vegaflokka. Á fskj. VI er skrá yfir bæi, sem hafa ekkert eða ófullkomið vegasamband og á fskj. VII eru taldar upp óbrúaðar ár á þjóðvegum. Á fskj. VIII eru taldir upp þjóðvegir í þéttbýli skv. 30. gr.

Á fskj. IX er loks heildaryfirlit yfir alla þjóðvegi aðra en þjóðvegi í þéttbýli. Samkvæmt því verða þjóðvegir alls 9 477.9 km 1. janúar 1965 að meðtöldum þjóðvegum í þéttbýli og er það lenging um 116.3 km frá vegáætlun 1964.

Á eftirfarandi yfirliti er sýnt, hvernig hinir ýmsu flokkar þjóðvega skiptast að því er varðar vegi, sem eru ekki akfærir, ruddir, lagðir eða með varanlegu slitlagi.

Yfirlit um þjóðvegi í árslok 1964.

	Ekki akfært km	Rutt og ófullg. km	Lagt km	Varanl. slitl. km	Alls km
Hraðbrautir A og B	36.0	91.9		20.6	148.5
Þjóðbrautir	49.9	598.4	2312.6		2960.9
Landsbrautir	536.5	1896.0	3839.6		6272.1
Þjóðvegir í þéttbýli			76.9	19.5	96.4
Samtals	622.4	2586.3	6229.1	40.1	9477.9
Í %	6.5	27.3	65.8	0.4	100

Af vegum þeim, sem taldir eru ekki akfærir í flokki landsbrauta er nokkuð af vegum, sem trúlegt er að verði aldrei lagðir en eru í þjóðvegatölu skv. bráðabirgðaákvæði í vegalögum, um, að enginn vegur, sem var í þjóðvegatölu skv. eldri lögum, skuli falla úr þjóðvegatölu næstu 5 ár.

Vegir með varanlegu slitlagi eru aðeins 0.4% af öllu þjóðvegakerfinu. Sé hins vegar litið á það, að eins og er, þá er aðeins stefnt að því, að hraðbrautir A og B og þjóðvegir í þéttbýli verði lagðir með varanlegu slitlagi, þá er nú komið varanlegt slitlag á 16.4% af þessum vegum, þó að endurbyggja þurfi suma þeirra vegna vaxandi umferðar.

Fylgiskjal I.

Áætlun um launagreiðslur fastra starfsmanna árin 1964—1968.

	Nafn launþega	Starf	Launafl.	Starfs-aldur	1964 kr.	1965 kr.	1966 kr.	1967 kr.	1968 kr.
1.	Sigurður Jóhannsson	vegamálastj.	27. fl.	hám.	226 440	226 440	226 440	226 440	226 440
2.	Ásgeir Ásgeirsson	skrifstofustj.	23. fl.	hám.	182 880	182 880	182 880	182 880	182 880
3.	Árni Pálsson	yfirverkfr.	25. fl.	hám.	203 520	203 520	203 520	203 520	203 520
4.	Snæbjörn Jónasson	yfirverkfr.	25. fl.[1])	hám.	197 290	203 520	203 520	203 520	203 520
5.	Björn Ólafsson	verkfr.	22. fl.	15/6 '61	155 760	160 730	164 280	164 280	164 280
6.	Helgi Hallgrímsson	verkfr.	22. fl.	1/1 '58	164 280	164 280	164 280	164 280	173 280
7.	Sigfús Ö. Sigfússon	verkfr.	22. fl.	1/1 '58	164 280	164 280	164 280	164 280	173 280
8.	Jón B. Jónsson	verkfr.	22. fl.	1/2 '63	60 000	155 760	163 570	164 280	164 280
9.	Guðmundur Arason	verkfr.	22. fl.	1/10 '63	149 640	155 760	157 890	164 280	164 280
10.	Steingrímur Arason	verkfr.	22. fl.	1/6 '59	164 280	164 280	164 280	164 280	164 280
11.	Jón J. Víðis	landmælingam.	21. fl.	hám.	164 280	164 280	164 280	164 280	164 280
12.	Erlingur Dagsson	aðalgjaldk.	17. fl.	hám.	11 000				
13.	Einar Kristjánsson	aðalendursk.	17. fl.[2])	1/11 '56	140 543	156 200	122 860	126 960	126 960
14.	Hörður Guðmundsson	fulltrúi	14. fl.	hám.	117 360	117 360	117 360	117 360	117 360
15.	Garðar Steinsen	endurskoðandi	14. fl.	1/7 '49	115 140	117 360	117 360	117 360	117 360
16.	Garðar Guðmundsson	endurskoðandi	14. fl.	1/4 '54	54 240				
17.	Eirík Eylands	vélaumsj.m.	17. fl.	1/6 '50	126 960	130 320	132 000	132 000	132 000
18.	Gunnar Kristjánsson	yfirteikn.	13. fl.	hám.	112 920	112 920	112 920	112 920	112 920
19.	Stefanía Sigurðardóttir	bókari	11. fl.	hám.	104 400	104 400	104 400	104 400	104 400
20.	Kristján Guðmundsson	birgðastj.	17. fl.	hám.	132 000	132 000	132 000	132 000	132 000
21.	Egill Jónsson	aðalverkstj.	16. fl.	hám.	126 960	126 960	126 960	126 960	126 960
22.	Elís Jónsson	aðalverkstj.	16. fl.	1/6 '57	117 360	117 360	117 360	120 480	122 040
23.	Guðmundur Benediktsson	aðalverkstj.	16. fl.	hám.	126 960	126 960	126 960	126 960	126 960
24.	Lýður Jónsson	aðalverkstj.	16. fl.	hám.	126 960	126 960	126 960	126 960	126 960
25.	Ástbjartur Sæmundsson	aðalgjaldk.	17. fl.	1/4 '52	95 220	126 960	126 960	130 740	132 000
26.	Sigurgeir Falsson	endurskoðandi	14. fl.	1/2 '58	36 160	108 480	108 480	108 480	112 550
27.	Hanna M. Tómasdóttir	bókari	11. fl.	1/2 '63	29 720	89 160	92 460	92 760	92 760
28.	Pálmi Vilhelmsson	bókari	11. fl.	(6 ár)		96 480	96 480	96 480	96 480
29.	Hákon Sigtryggsson	tæknifr.	18. fl.	(10 ár)	88 000	132 000	132 000	132 000	132 000
30.	Sigurður Oddsson	tæknifr.	18. fl.	(1 ár)		117 360	117 360	122 040	122 040
	Bókari og skjalavörður	(óráðnir)	11. fl.	(byrjl.)		171 600	178 320	178 320	182 520
	Ritari	(óráðinn)	9. fl.	(1 ár)		82 440	82 440	85 800	85 800
					3 494 553	4 239 010	4 230 860	4 257 300	4 286 390

1) 24. fl. til 1. ágúst 1964.

2) 23. fl. frá 22. ágúst 1964 til jafnlengdar 1965.

Fylgiskjal I a.

Áætlun um launagreiðslur nýrra fastra starfsmanna árin 1965—1968.

Starfsheiti	Launafl.	Starfsaldur	1965 kr.	1966 kr.	1967 kr.	1968 kr.
Aðalbókari ..	17. fl.	(hám.)	132 000.00	132 000.00	132 000.00	132 000.00
Ritari	6. fl.	(1 ár)	74 400.00	74 400.00	77 400.00	77 400.00
Verkstjóri ..	14. fl.	(10 ár)	112 920.00	112 920.00	112 920.00	112 920.00
— ..	12. fl.	—	104 400.00	104 400.00	104 400.00	104 400.00
Bókari	12. fl.	—	104 400.00	104 400.00	104 400.00	104 400.00
Verkstjóri ..	14. fl.	—		112 920.00	112 920.00	112 920.00
— ..	12. fl.	—		104 400.00	104 400.00	104 400.00
Bókari	11. fl.	—		100 320.00	100 320.00	100 320.00
Verkstjóri ..	14. fl.	—			112 920.00	112 920.00
— ..	12. fl.	—			104 400.00	104 400.00
Bókari	12. fl.	—			104 400.00	104 400.00
Verkstjóri ..	14. fl.	—				112 920.00
— ..	12. fl.	—				104 400.00
Bókari	11. fl.	—				100 320.00
			528 120.00	845 760.00	1 170 480.00	1 488 120.00

Fylgiskjal II.

Viðhaldskostnaður þjóðvega.

Ár	Vh.kostn. í millj. kr.		Eyðsla yfir fjárv.		Hlutfallst. viðh.k.	Lengd akf.þjv. í km	Vh.kostn. á km í kr.	Vh.kostn. á km í kr. miðað við 1949	Bílafj. í ársb.	Vh.kostn. á hvern ekinn km miðað við verðl. 1949 í aur/km
	Fjárv.	Kostn.	í millj. kr.	í % af fjárv.						
	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
1949	11.0	13.3	2.3	21.0	100	5350	2480	2480	10520	12.7
1950	12.8	13.9	1.1	8.6	118	5500	2520	2140	10680	11.0
1951	13.8	20.2	6.4	46.4	146	5650	3580	2450	10716	12.9
1952	17.4	19.4	2.0	11.5	168	6000	3230	1920	10634	10.9
1953	21.0	24.0	3.0	14.3	171	6150	3910	2280	10774	13.0
1954	20.5	29.1	8.1	39.5	181	6300	4620	2550	11216	14.3
1955	24.0	26.7	2.7	11.3	190	6500	4110	2160	12193	11.5
1956	29.0	33.4	4.4	15.2	225	7000	4700	2120	15611	9.5
1957	33.0	35.2	2.2	6.7	232	7150	4920	2120	16583	9.3
1958	33.0	41.0	8.0	24.2	270	7400	5540	2050	17802	8.3
1959	41.8	42.9	1.1	2.6	281	7500	5720	2040	18807	8.1
1960	50.0	51.7	1.7	3.4	344	7550	6850	1990	20256	7.4
1961	52.0	54.7	2.7	5.2	382	7600	7200	1875	21631	6.6
1962	58.0	62.1	4.1	7.1	392	7700	8070	2060	23300	6.8
1963	63.0	70.4	7.4	11.7	412	7800	9020	2180	25485	6.7
1964	80.0				476	8759	9150	1920	29244	5.8
1965	90.0				476	8780	10250	2150	32040	5.9
1966	95.0				476	8800	10800	2270	35150	5.7
1967	100.0				476	8820	11350	2380	38380	5.5
1968	105.0				476	8840	11860	2490	41390	5.3

Fylgiskjal III.

Hraðbraut A og B 1. jan. 1965.

Kjördæmi	Ekki bílf. km	Ófullg. km	Fullg. km	Hraðbr. alls km
A. Reykjaneskjördæmi	12.0	60.6	20.6	93.2
B. Vesturlandskjördæmi	0.0	0.0	0.0	0.0
C. Vestfjarðakjördæmi	0.0	0.0	0.0	0.0
D. Norðurlandskjördæmi vestra	0.0	0.0	0.0	0.0
E. Norðurlandskjördæmi eystra	0.0	10.0	0.0	10.0
F. Austurlandskjördæmi	0.0	0.0	0.0	0.0
G. Suðurlandskjördæmi	24.0	21.3	0.0	45.3
Alls	36.0	91.9	20.6	148.5

Fylgiskjal IV.

Þjóðbraut 1. janúar 1965.

Kjördæmi	Ekki bílf. km	Rutt km	Lagt km	Þjóðbr. alls km
A. Reykjaneskjördæmi		13.5	70.2	83.7
B. Vesturlandskjördæmi	2.0	27.2	432.4	461.6
C. Vestfjarðakjördæmi	31.4	118.5	342.1	492.0
D. Norðurlandskjördæmi vestra	1.0	29.8	321.6	352.4
E. Norðurlandskjördæmi eystra	2.0	128.2	443.1	573.3
F. Austurlandskjördæmi	1.5	276.5	405.7	683.7
G. Suðurlandskjördæmi	12.0	4.7	297.5	314.2
Alls	49.9	598.4	2312.6	2960.9

Fylgiskjal V.

Landsbraut 1. janúar 1965.

Kjördæmi	Ekki bílf. km	Rutt km	Lagt km	Landsbr. alls km
A. Reykjaneskjördæmi	11.7	60.0	165.2	236.9
B. Vesturlandskjördæmi	96.2	261.5	721.4	1079.1
C. Vestfjarðakjördæmi	179.8	374.7	484.0	1038.5
D. Norðurlandskjördæmi vestra	30.7	222.9	580.6	834.2
E. Norðurlandskjördæmi eystra	22.3	197.0	536.9	756.2
F. Austurlandskjördæmi	131.4	525.7	420.3	1077.4
G. Suðurlandskjördæmi	64.4	254.2	931.2	1249.8
Alls	536.5	1896.0	3839.6	6272.1

Fylgiskjal VI.

Bæir, sem hafa ekkert eða ófullkomið vegasamband 1. janúar 1965.

Kjördæmi	Alls ekki akfært	Erfiða á yfir að fara	Aðeins akfært á bryggju eða flugv.
A. Reykjaneskjördæmi	0	0	0
B. Vesturlandskjördæmi	1	24	0
C. Vestfjarðakjördæmi	18	1	23

Kjördæmi	Alls ekki akfært	Erfiða á yfir að fara	Aðeins akfært á bryggju eða flugv.
D. Norðurlandskjördæmi vestra	13	21	0
E. Norðurlandskjördæmi eystra	5	5	0
F. Austurlandskjördæmi	1	18	25
G. Suðurlandskjördæmi	3	2	0
Alls	41	71	48

Fylgiskjal VII.

Óbrúaðar ár á þjóðvegum 1. janúar 1965.

Kjördæmi	Lengd 4—10 m	Lengd 10 m
A. Reykjaneskjördæmi	2	2
B. Vesturlandskjördæmi	19	6
C. Vestfjarðakjördæmi	58	13
D. Norðurlandskjördæmi vestra	12	5
E. Norðurlandskjördæmi eystra	18	7
F. Austurlandskjördæmi	57	26
G. Suðurlandskjördæmi	8	10
Alls	174	69

Óbrúaðar ár á sýsluvegum.

Kjördæmi	Brýr 4—10 m	Brýr stærri en 10 m
A. Reykjaneskjördæmi	1	1
B. Vesturlandskjördæmi	14	8
C. Vestfjarðakjördæmi	17	13
D. Norðurlandskjördæmi vestra	8	14
E. Norðurlandskjördæmi eystra	11	2
F. Austurlandskjördæmi	18	12
G. Suðurlandskjördæmi	11	4
Alls	80	54

Fylgiskjal VIII.

Þjóðvegir í þéttbýli 1. janúar 1965.

Kjördæmi	Malarvegur km	Vegur með varanl. slitlagi km	Vegur alls km
A. Reykjaneskjördæmi	20.6	10.9	31.5
B. Vesturlandskjördæmi	5.5	2.0	7.5
C. Vestfjarðakjördæmi	12.5	0.9	13.4
D. Norðurlandskjördæmi vestra	9.0	1.1	10.1
E. Norðurlandskjördæmi eystra	9.0	2.4	11.4
F. Austurlandskjördæmi	13.3	0.8	14.1
G. Suðurlandskjördæmi	7.0	1.4	8.4
Alls	76.9	19.5	96.4

Fylgiskjal IX.

Yfirlit yfir þjóðvegi 1. janúar 1965.

Kjördæmi:	Þjóðvegir: Hraðbr. A og B km	Þjóðbr. km	Landsbr. km	Þjóðv. alls km	Óbrúaðar ár á þjóðv: 4–10 m	≧10 m	Bæir, sem hafa ekkert eða ófullk. vegasamb.: Alls ekki akfært	Erfiða á yfir að fara	Aðeins akfært á bryggju eða flugv
A. Reykjaneskjördæmi	93.2	83.7	236.9	413.8	2	2	0	0	0
B. Vesturlandskjördæmi ...	0.0	461.6	1079.1	1540.7	19	6	1	24	0
C. Vestfjarðakjördæmi	0.0	492.0	1038.5	1530.5	58	13	18	1	23
D. Norðurlandskjörd. vestra	0.0	352.4	834.2	1186.6	12	6	13	21	0
E. Norðurlandskjörd. eystra	10.0	573.3	756.2	1339.5	18	6	5	5	0
F. Austurlandskjördæmi ..	0.0	683.7	1077.4	1761.1	57	26	1	18	25
G. Suðurlandskjördæmi ...	45.3	314.2	1249.8	1609.3	8	10	3	2	0
Alls:	148.5	2960.9	6272.1	9381.5	174	69	41	71	48

Akfærir þjóðvegir (hraðbr., þjóðbr. og landsbr.) 8 759.1 km.

Fylgiskjal X.

Framlög til sýsluvega árið 1964.

	Framl. hreppa samkv. 21. gr. vegalaga	Tekjur af fasteignaskatti skv. 23. gr. vegalaga	Framl. hreppa alls	Framl. af tekjum vegamála skv. 28. gr. vegalaga	Framl. alls
1. Gullbringusýsla	318 867.51	46 132.49	365 000.00	195 000.00	560 000.00
2. Kjósarsýsla	174 468.53	30 000.00	204 468.53	194 000.00	398 468.53
3. Borgarfjarðarsýsla	123 873.00	11 569.00	135 442.00	244 000.00	379 442.00
4. Mýrasýsla	127 362.00	3 047.00	130 409.00	519 000.00	649 409.00
5. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	330 127.00	0.00	330 127.00	481 000.00	811 127.00
6. Dalasýsla	98 793.00	1 768.00	100 561.00	249 000.00	349 561.00
7. A-Barðastrandarsýsla	38 175.00	956.40	39 131.40	246 000.00	285 131.40
8. V-Barðastrandarsýsla	131 271.00	1 995.90	133 266.90	325 000.00	458 266.90
9. V-Ísafjarðarsýsla	156 775.00	4 238.00	161 013.00	323 000.00	484 013.00
10. N-Ísafjarðarsýsla	163 916.00	7 624.00	171 540.00	269 000.00	440 540.00
11. Strandasýsla	149 482.00	0.00	149 482.00	481 000.00	630 482.00
12. V-Húnavatnssýsla	104 762.00	1 478.00	106 240.00	478 000.00	584 240.00
13. A-Húnavatnssýsla	147 815.00	19 812.00	167 627.00	512 000.00	679 627.00
14. Skagafjarðarsýsla	209 695.00	25 880.00	235 575.00	665 000.00	900 575.00
15. Eyjafjarðarsýsla	247 554.00	17 746.00	265 300.00	383 000.00	648 300.00
16. S-Þingeyjarsýsla	234 485.16	17 547.00	252 032.16	556 000.00	808 032.16
17. N-Þingeyjarsýsla	125 914.80	4 843.20	130 758.00	413 000.00	543 758.00
18. N-Múlasýsla	208 554.06	5 000.00	213 554.06	773 000.00	986 554.06
19. S-Múlasýsla	314 268.00	0.00	314 268.00	565 000.00	879 268.00
20. A-Skaftafellssýsla	93 436.98	3 798.60	97 235.58	179 000.00	276 235.58
21. V-Skaftafellssýsla	114 606.96	4 566.00	119 172.96	467 000.00	586 172.96
22. Rangárvallasýsla	253 700.00	3 655.00	257 355.00	635 000.00	892 355.00
23. Árnessýsla	619 626.00	300 000.00	919 626.00	848 000.00	1 767 626.00
	4 487 528.00	511 656.59	4 999 184.59	10 000 000.00	14 999 184.59

Ed. 147. Frumvarp til laga [101. mál]

um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna.

2. gr.

Sjóðsfélagar eru í lögum þessum taldir allir þeir, sem skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, formaður Hjúkrunarfélags Íslands, landlæknir og einn maður tilnefndur af ríkisstjórninni til þriggja ára í senn, og er hann formaður stjórnarinnar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins heldur fund svo oft sem þörf er á, og skal hún halda gerðabók og skrá þar allar samþykktir sínar. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða. Ekkert fé má greiða úr sjóðnum nema með samþykki sjóðstjórnarinnar.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins hefur á hendi reikningshald sjóðsins, heimtir inn tekjur hans og annast greiðslur úr honum, hvort tveggja eftir tilvísun sjóðstjórnarinnar. Þóknun fyrir starf Tryggingastofnunarinnar fer eftir samkomulagi milli hennar og sjóðstjórnarinnar. Náist ekki samkomulag, ákveður félagsmálaráðherra þóknunina.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur skal birtur með ársreikningum Tryggingastofnunar ríkisins og endurskoðaður á sama hátt og þeir.

7. gr.

Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefur sérhver sjóðfélagi, sem hefur greitt iðgjöld til hans í 5 ár eða lengur og lætur af störfum sökum varanlegrar örorku eða elli. Rétturinn til að hætta störfum sökum elli miðast við 65 ára aldur, ef viðkomandi hefur makalífeyristryggingu í sjóðnum, en ella við 60 ára aldur.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

8. gr.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldsgreiðslutíma og launaflokki samkvæmt 1. málsgrein 13. greinar. Hann er 1.6% fyrir hvert ár, sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins í lægsta launaflokki og

hækkar um 0.02% við hvern flokk upp í 2% af launum fyrir hvert ár í hæsta flokki. Fyrir hvert námsár reiknast 1.6%. Fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri, bætist við 1% af launum í öllum flokkum, en 2% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og sjóðfélaginn hefur öðlast rétt til að fá ellilífeyri.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 60 til 67 ára uppbót á ellilífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Því til sönnunar ber viðkomanda að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins um heilsufar. Við ákvörðun um uppbót á lífeyri skal sjóðstjórnin hafa hliðsjón af heimilisástæðum viðkomandi sjóðfélaga og aðstöðu hans til að nýta þá starfskrafta, sem hann kann að hafa.

Til launa telst eigi aðeins laun greidd í peningum heldur og fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni, og skal verðmæti þeirra fríðinda talið hið sama og þau eru metin til skatts.

9. gr.

Sjóðfélagar, sem verða vegna örorku fyrir launalækkun, er nemur meira en 10% af launum, eða verða að hætta störfum sökum varanlegrar örorku eftir að þeir öðluðust aðild að sjóðnum, eiga rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda sé örorkan metin meiri en 10%.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 8. gr. að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til hjúkrunarstarfsins, skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til þess tíma, er hann hefði öðlast ellilífeyrisrétt. Áunninn lífeyrisréttindi skulu reiknast af launum í því starfi, sem sjóðfélaginn gegndi síðast, eins og þau eru á hverjum tíma. Ef um nema er að ræða, skal miða við laun almennra hjúkrunarkvenna eða hjúkrunarmanna á þeim spítala, sem viðkomandi starfaði.

Sé örorkan milli 10% og 50%, er örorku-lífeyririnn sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75% er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1%, sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri, greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatryggingganna. Þegar sjóðfélagi, sem er metinn undir 75% öryrki, nær 60 ára aldri, fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 8. greinar. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans, sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.

Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris. Örorkumatið skal framkvæmt af trúnaðarlækni sjóðsins, og skal það aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélagans til að gegna hjúkrunarstörfum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan ók, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja í sjóðnum hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn, er starfa í þeirra þjónustu.

Þrátt fyrir örorku getur enginn sjóðfélagi fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði, hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

10. gr.

Stjórn sjóðsins getur heimilað sjóðfélögum að tryggja maka sínum makalífeyri úr sjóðnum gegn því að viðkomandi sjóðfélagi öðlist ekki ellilífeyrisrétt fyrr en frá og með 65 ára aldri. Umsókn um slíkt verður sjóðfélaginn að hafa sent áður en hann nær 55 ára aldri. Sjóðfélagi, sem hefur þannig afsalað sér réttinum til að fá ellilífeyri frá 60 ára aldri, getur ekki öðlast þann rétt aftur. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir veitingu makalífeyristryggingar, að viðkomandi sjóðfélagi sé heilsuhraustur og afli að minnsta kosti eins mikilla peningatekna með vinnu sinni og maki hans. Stjórn sjóðsins getur krafizt þess, að umsækjandi leggi fram vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins um heilsufar sitt.

Nú andast sjóðfélagi, sem notað hefur heimildarákvæði þessarar greinar, og lætur eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum, samkvæmt þeim reglum, er fara hér á eftir.

Upphæð makalífeyris ákvarðast þannig, að samanlagður makalífeyrir úr sjóðnum og maka- og ellilífeyrir, sem makinn kann að eiga rétt á frá almannatryggingunum, er hundraðshluti af launum þeirra, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast. Ef starfstími sjóðfélagans hefur verið 30 ár eða skemmri, er hundraðshluti þessi 20% af greindum launum að viðbættu 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár. Fyrir hvert ár, sem hinn látni hafði starfað eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, en áður en hann öðlaðist rétt til ellilífeyris, hækkar makalífeyririnn um ½% af launum en um 1% fyrir hvert starfsár, eftir að iðfjaldagreiðslu var lokið og hann öðlaðist rétt til að taka ellilífeyri.

Sé makalífeyrir samkvæmt næstu málsgrein hér á undan lægri en tvöfaldur einstaklingslífeyrir almannatrygginganna, skal greiða úr sjóðnum þeim makalífeyrisþegum, sem rétt eiga á maka- eða ellilífeyri frá almannatrygingunum, það sem á vantar að samanlagður lífeyrir þeirra nái tvöföldum einstaklingslífeyri almannatrygginganna. Þó skal greiðsla sjóðsins aldrei fara fram úr hundraðshlutum þeim, sem nefndir eru í 3. málsgrein þessarar greinar.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

Þegar sjóðfélagi deyr, sem verið hefur tvígiftur, og lætur eftir sig tvo maka á lífi, skiptist makalífeyririnn milli þeirra, í beinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna sjóðfélaga á þeim tíma er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur, sé því hjónabandi slitið, enda veiti síðara hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum, eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir, séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

11. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni sjóðfélagi séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá sjóðfélagi lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri

en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafn margir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

12. gr.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu, sem hærra var launað.

Sama regla gildir, þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi, er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á sem í þessari málsgrein ræðir um, er viðkomandi heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafizt vottorðs trúnaðarlæknis sjóðsins til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

13. gr.

Sjóðfélagar skulu greiða iðgjöld til sjóðsins, er séu ákveðinn hundraðshluti af launum, mismunandi eftir upphæð launa. Hundraðshluti þessi getur verið lægstur 2¼ en hæstur 4¼ og skal hann ákveðinn á sama hátt og hjá sjóðfélögum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 29/1963.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Laungreiðendur greiði í iðgjöld til sjóðsins 6% af launum þeim, er sjóðfélagar taka hjá þeim. Laungreiðendum ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt eigin iðgjöldum til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna. Vanræki laungreiðandi að halda eftir iðgjaldi sjóðfélaga, er hann þrátt fyrir það ábyrgur fyrir öllu iðgjaldinu gagnvart lífeyrissjóðnum.

Iðgjöld skal reikna af föstum launum að meðtöldum fríðindum svo sem fæði og húsnæði, ef slík fríðindi fylgja stöðunni, sbr. 3. mgr. 8. greinar.

14. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd með vöxtum iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Stjórn sjóðsins ákveður vextina með hliðsjón af ávöxtun sjóðsins. Hafi hann verið sjóðfélagi í 5 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans, sbr. 8. gr., miðast þá við starfstíma hans og laun þau, er hann hafði, er hann lét af stöðu þeirri, er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra, eftir að taka lífeyris hefst. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 30 ár, skal barnalífeyrir ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 11. gr. skal margföldud með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlast rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlast rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu í 30 ár.

Sé staða eða starfi sjóðfélagans lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki, er staða

hans var í, er hún var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

Láti sjóðfélagi um stundarsakir af starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, er honum heimilt að greiða iðgjöld fyrir þann tíma, er hann var í burtu, enda hafi hann verið við framhaldsnám eða unnið að hjúkrunarstörfum, sem ekki veita aðgang að sjóðnum.

15. gr.

Nú flyzt sjóðfélagi, er verið hefur í þessum lífeyrissjóði, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi sjóðfélaga í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlast.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

Á tilsvarandi hátt er sjóðstjórninni heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðherra, að veita viðtöku, vegna sjóðfélaga, er gerist sjóðfélagi í þessum sjóði, fé því, er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði, tryggingafélagi eða stofnun, sem að framan greinir, og veita honum réttindi í samræmi við það.

Einnig getur stjórnin, þegar sérstaklega stendur á, og með samþykki fjármálaráðherra, heimilað réttindakaup aftur í tímann, þó að ekki sé um að ræða yfirfærzlu á réttindum annars staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum, að mælt sé með þeim af forstöðumanni þeirrar stofnunar, er sjóðfélaginn vinnur hjá, að gengið sé frá réttindakaupunum innan árs frá því hann var ráðinn og að hann sé eldri en 30 ára, þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum.

16. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingafræðingur hefur lagt til.

17. gr.

Allar hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn, sem vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir, sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skulu vera skyldutryggð í sjóði þessum. Heimilt er að taka í sjóðinn aðrar hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn, er starfa að hjúkrun, enda sé viðkomandi eigi ráðinn til skemmri tíma en eins árs, eða með að minnsta kosti þriggja mánaða uppsagnarfresti.

18. gr.

Ríkissjóður og aðrir aðilar, sem tryggja hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn í sjóði þessum, ábyrgjast hver fyrir sinn hóp greiðslur úr honum. Nú reynist einhver aðili, sem tryggt hefur hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn í sjóðnum, ekki fær um að standa við ábyrgðarskuldbindingu sína, og er ríkissjóður þá bakábyrgur.

Lífeyrir greiðist með 1/12 árslífeyris fyrirfram á hverjum mánuði.

19. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

20. gr.

Frá og með 1. janúar 1964 hafa allar hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn öðlast full réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar, og greiða frá sama tíma fullt gjald til þeirra. Stjórn sjóðsins semur við Tryggingastofnun ríkisins um uppgjör fyrir liðinn tíma í samræmi við ákvæði almannatryggingalaga um það atriði.

Hjúkrunarkonur, sem fengið hafa lífeyri fyrir gildistöku laga þessara skulu fá greiddan lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga frá gildistöku þeirra. Ríkissjóður og aðrir aðilar, sem tryggt hafa hjúkrunarkonur í sjóðnum, endurgreiða honum mismuninn á þeim lífeyri, sem þannig verður greiddur, og þeim lífeyri, er viðkomandi lífeyrisþegum bar samkvæmt eldri reglum.

21. gr.

Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna, sbr. 8., 9. og 10. gr., og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir aðilar, sem tryggt hafa hjúkrunarkonur og/eða hjúkrunarmenn í sjóðnum, honum þá hækkun, er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 65/1955 um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er samið að tilhlutan fjármálaráðuneytisins, eftir ósk stjórnar Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna. Fjármálaráðuneytið fól Kr. Guðmundi Guðmundssyni, tryggingafræðingi, að semja frumvarpið. Bréf ráðuneytisins þar að lútandi, sem er dagsett 21. apríl 1964, er svohljóðandi:

„Stjórn Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna hefur farið þess á leit, að ráðuneytið láti fara fram endurskoðun á lögum um lífeyrissjóðinn.

Er yður, herra forstjóri, falið að semja frumvarp til laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna í samráði við stjórn lífeyrissjóðsins, til samræmis við gildandi lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins."

Efnislegar breytingar frumvarpsins frá lögum nr. 65/1955 um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna miða að því að samræma þessi lög við lög nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins svo sem fyrir er mælt í framangreindu bréfi. Um efnisinnihald breytinganna vísast til greinargerðar fyrir einstökum greinum svo og greinargerðar fyrir frumvarpinu að lögum nr. 29/1963.

Við samningu fumvarpsins kom í ljós, að nauðsynlegt var að gera eina efnisbreytingu umfram þær, er leiddu af framangreindri samræmingu. Hún er að taka hjúkrunarmenn í sjóðinn. Að vísu gætu hjúkrunarmenn á ríkisspítölum og bæjarspítölum átt aðgang að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins eða lífeyrissjóði viðkomandi bæjarfélags. En hjúkrunarmenn á öðrum spítölum (t. d. Landakotsspítala) ættu hvergi aðgang að lífeyrissjóði. Það virtist því eðlilegast, að allir hjúkrunarmenn yrðu í þessum sjóði.

Um einstakar greinar skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Nafni sjóðsins er breytt úr „Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna“ í „Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna“, þar sem sjóðurinn tekur nú einnig til hjúkrunarmanna.

Um 2. gr.

Óbreytt.

Um 3. gr.

Óbreytt, nema að Félag íslenzkra hjúkrunarkvenna heitir nú Hjúkrunarfélag Íslands.

Um 4. gr.

Síðasta setning 1. málsgreinar sem áður var: „Stjórnin skal vinna kauplaust“, hefur verið felld niður. Hér er um það mikið ábyrgðarstarf að ræða, að ekki virðist sanngjarnt að það sé unnið kauplaust.

Að öðru leyti er þessi grein óbreytt.

Um 5. gr.

Óbreytt.

Um 6. gr.

Óbreytt.

Um 7. gr.

Hér eru þrjár breytingar. Í fyrri málsgreininni er í fyrsta lagi lágmarks iðgjaldagreiðslutími, sem gefur lífeyrisrétt, lækkaður úr 10 árum í 5 ár. Þetta er til samræmingar við gildandi lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Í öðru lagi er ákveðið, að rétturinn til að fá ellilífeyri miðist við 65 ára aldur, ef viðkomandi sjóðfélagi hefur makalífeyristryggingu í sjóðnum sbr. 10. gr., en ella við 60 ára aldur eins og áður var.

Í síðari málsgreininni er hámarks iðgjaldagreiðslutími lengdur úr 25 árum í 30 ár. Þetta er einnig til samræmis við gildandi lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Það virðast ekki heldur gildar ástæður til, að iðgjaldagreiðslutíminn sé styttri í þessum sjóði en öðrum, þegar þess er gætt, að rétturinn til að fara á eftirlaun miðast hér við 60 ára aldur, ef makalífeyrir er ekki með, en ella við 65 ára aldur eins og í flestum öðrum sjóðum.

Um 8. gr.

Þessi grein kemur í stað 8. og 9. gr. í lögum nr. 65/1955. 2. málsliður 1. mgr. 8. greinar þeirra laga er með nokkurri efnisbreytingu tekinn upp í 12. gr.

Megin breytingin, sem felst í þessari grein, er sú, að eftirlaun miðast nú við laun eins og þau eru á hverjum tíma, en voru áður miðuð við meðallaun síðustu 10 starfsára. Þetta er sama breyting og gerð var á lögunum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins (lög nr. 29/1963, 3. mgr. 12. gr.).

Ákvæði síðasta málsliðar 1. mgr. 8. greinar laga nr. 65/1955 um, að námstíminn veiti eftirlaunarétt, er látið halda sér.

2. mgr. þessarar greinar svarar til síðustu málsgreinar 12. gr. laga nr. 29/1963. Þar tekur uppbótarheimildin aðeins til tveggja ára, en hér til sjö. Hér gætu uppbæturnar því orðið mjög stór gjaldaliður, ef heimildin væri notuð allan tímann í flestum tilfellum. Þess vegna er tekið fram, að hafa skuli sérstaka hliðsjón af aðstæðum, þegar ákvörðun er tekin um, hvort nota skuli uppbótarheimildina.

Síðasta málsgrein þessarar greinar er 2. mgr. 8. gr., sem áður var, óbreytt.

Um 9. gr.

1. mgr. er upphaf 10. gr., sem áður var, óbreytt.

Í 2. mgr. er tekin upp óbreytt 2. mgr. 13. gr. laga nr. 29/1963. Síðasti málsliðurinn er nýr og segir til um, af hvaða launum skuli reikna örorkulífeyri, ef nemi verður varanlegur öryrki. Þetta ákvæði hefur ekki þýðingu í öðrum tilfellum en þeim, þar sem rekja má aðalorsök örorkunnar til starfsins, þar sem krafan um 5 ára iðgjaldagreiðslutíma mundi útiloka örorkulífeyrisrétt í öðrum tilfellum.

3. mgr. er samhljóða 3. mgr. 13. gr. laga nr. 29/1963. Ákvæði um, að ellilífeyrir taki við af örorkulífeyri við 60 ára aldur gerir það að verkum, að skerðing vegna þeirrar starfsorku, sem fyrir hendi hefur verið, fellur niður að því er tekur til áunnins lífeyrisréttar samkvæmt 8. gr. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til hjúkrunarstarfsins, yrði réttindatíminn þó reiknaður eftir 2. mgr. 9. greinar.

4. mgr., fyrri málsliður, er efnislega samhljóða 4. mgr. 13. gr. laga nr. 29/1963. Síðari málsliður svarar til síðustu málsgreinar 10. gr., sem áður var. Hér er ákveðið, að matið skuli framkvæmt af trúnaðarlækni sjóðsins, en var áður af tryggingayfirlækni, í samráði við landlækni. Vísan til landlæknis er hér óþörf, þar sem hann er í stjórn sjóðsins.

5. mgr. er efnislega samhljóða 5. og 6. mgr. 13. gr. laga nr. 29/1963.

6. mgr. er 2. mgr., 10. gr., sem áður var, óbreytt.

Um 10. gr.

Hér er um nýmæli að ræða í þessum sjóði. Makalífeyrir var ekki til í Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. Enda má segja, að meðan eingöngu voru hjúkrunarkonur í sjóðnum hafi ekki verið verulegt tilefni til þess. Það er aðeins í fáum tilfellum, sem giftar hjúkrunarkonur afla aðalpeningatekna hjónanna. Hins vegar má ætla, að hjúkrunarmennirnir, sem nú koma í sjóðinn, þurfi að eiga þess kost að tryggja maka sínum makalífeyri að sér látnum. Heimild sú, er felst í 1. mgr. þessarar greinar, má því gera ráð fyrir að komi til notkunar að því er tekur til hjúkrunarmanna og þeirra giftu hjúkrunarkvenna, sem afla að mestu leyti peningatekna hjónanna.

2. mgr. svarar til 1. mgr. 14. gr. laga nr. 29/1963.

3. til 7. mgr. eru samhljóða 2. til 6. mgr. 14. gr. laga nr. 29/1963.

Um 11. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 16. gr. laga nr. 29/1963, og vísast til greinargerðar fyrir henni í frumvarpi til þeirra laga.

Um 12. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 15. gr. laga nr. 29/1963. Hún kemur í stað 2. málsliðar 1. mgr. 8. greinar, sem áður var.

Um 13. gr.

Í fyrstu mgr. þessarar greinar eru iðgjöld hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna til sjóðsins ákveðin þau sömu og iðgjöld þeirra ríkisstarfsmanna, sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 10. gr. laga nr. 29/1963.

Í 3. mgr. er iðgjald laungreiðanda ákveðið 6% af launum eins og í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, en það var áður 4% af launum. Til þessa liggja ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi er iðgjald það, sem sjóðurinn fékk áður, fjarri því að vera nægjanlegt til að standa straum af skuldbindingum sjóðsins með þeim stöðugu launahækkunum, sem hér hafa verið undanfarna áratugi. Ef áframhald yrði á svipaðri þróun kaupgjaldsmála í framtíðinni væri það enn fjær lagi með því fyrirkomulagi, sem nú hefur verið tekið upp, að eftirlaunin hækki sjálfkrafa með

launanum. Í öðru lagi ber á það að líta, að margir aðrir aðilar en ríkissjóður tryggja hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn, er hjá þeim starfa, í sjóðnum, en hafa til þessa ekki borið ábyrgð á skuldbindingum hans, nema með iðgjaldagreiðslum sínum. Enda þótt ábyrgðin sé nú einnig færð yfir á þá skv. 18. gr., ber á það að líta, að sumir þeirra eru ekki mjög sterkir fjárhagslega, og varanleg tilvist annarra ekki örugg. Er því miklu heppilegra, að slíkir aðilar greiði nokkru hærri árleg iðgjöld heldur en eiga á hættu, að á þá falli í framtíðinni stórar skuldbindingar, sem þeir væru lítt eða ekki færir um að standa við.

Önnur atriði þessarar málsgreinar svara til 2. og 3. mgr. 12. gr., sem áður var.

Ákvæði 3. mgr. voru áður í 1. mgr. 12. greinar.

Um 14. gr.

1. og 2. mgr. þessarar greinar svara að efni til 17. gr. í lögum nr. 29/1963. Fyrsti málsliður hennar kemur í stað 16. gr., sem áður var. Efnislega er það sú breyting, að nú verða iðgjöldin endurgreidd með vöxtum. Vextir hafa hækkað svo mikið frá því lögin um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna voru fyrst sett 1943, að hið gamla ákvæði um að endurgreiða iðgjöldin vaxtalaus, er algerlega úrelt.

3. mgr. svarar til 2. mgr. 13. gr., sem áður var.

Um 15. gr.

Þessi grein er 19. gr. laga nr. 29/1963 með nauðsynlegum orðabreytingum, en þeim einum efnismun, að í síðasta málslið eru hér 30 ár í stað 35 ár þar. Hún kemur í stað 2. málsliðar 1. mgr. 13. gr. og 14. gr., sem áður var.

Um 16. gr.

Greinin er orðrétt eins og 9. gr. laga nr. 29/1963. Hún kemur í stað 15. gr., sem áður var.

Um 17. gr.

Óbreytt að öðru en því, að hjúkrunarmenn bætast við.

Um 18. gr.

Þessi grein svarar til 18. gr., sem áður var. Í henni er það nýmæli, að nú eru allir þeir aðilar, sem tryggja hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn í sjóðnum, gerðir ábyrgir fyrir greiðslu lífeyris úr honum, hver fyrir þá sjóðfélaga, er hjá honum hafa unnið. Trygging sjóðfélaganna fyrir greiðslu lífeyrisins, skerðist ekkert við þetta, þar sem ríkissjóður er bakábyrgur. Hætta á því að bakábyrgð falli á ríkissjóð ætti ekki að vera mjög mikil, þar sem iðgjöld laungreiðanda hafa verið hækkuð sbr. 13. gr. Helzt gæti hún komið til, ef heilbrigðisstofnun með sjálfstæðan fjárhag væri lögð niður, en eftir væru sjóðfélagar á lífeyri, sem unnið hefðu hjá viðkomandi stofnun.

Um 19. gr.

Óbreytt.

Um 20. gr.

Þessi grein er 24. gr. laga nr. 29/1963 með nauðsynlegum orðalagsbreytingum.

Um 21. gr.

Þessi grein er 25. gr. laga nr. 29/1963 með nauðsynlegum orðalagsbreytingum.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. **148. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1965.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	3. gr.	A. Sundurliðun. 1. (Póstur og sími).	
			a. Við I. 1. (Seld frímerki o. fl.). Fyrir „55 000 000“ kemur	58 000 000
			b. Við I. 4. (Símtalagjöld). Fyrir „74 000 000“ kemur	76 000 000
			c. Við I. 5. (Símaafnotagjöld). Fyrir „155 600 000“ kemur	165 600 000
			d. Við II. 6. (Stöðvarnar). Fyrir „70 700 000“ kemur	79 000 000
			e. Við II. 7. (Langlínurnar). Fyrir „37 000 000‘ kemur	42 500 000
			f. Við II. 8. (Til endurnýjunar og viðauka). Fyrir „31 200 000“ kemur	31 900 000
			g. Við II. 9. (Vextir). Fyrir „1 000 000“ kemur	1 500 000
2.	—	3. —	A. Sundurliðun. 2. (Áfengis- og tóbaksverzlun).	
			a. Við I. (Sala). Fyrir „651 760 000“ kemur	654 235 000
			b. Við II. 2. (Laun). Fyrir „10 100 000“ kemur	11 000 000
			c. Við II. 3. (Húsaleiga o. fl.). Fyrir „1 600 000“ kemur	2 300 000
			d. Við III. 1. (Laun). Fyrir „4 025 000“ kemur	4 900 000
3.	—	10. —	II. 4. b. (Sendiráðið í Washington, annar kostnaður). Fyrir „297 975“ kemur	397 975
4.	—	10. —	II. 6. a. (Sendiráðið í Osló, laun). Fyrir „1 426 863“ kemur	1 516 863
5.	—	10. —	III. 14. (Alþjóðastofnun til útgáfu tolllaga). Fyrir „22 700“ kemur	67 700
6.	—	10. —	III. 24. Nýir liðir:	
			a. Þátttaka í heimssýningu í Kanada 1967	500 000
			b. Bráðabirgðaaðild að GATT	100 000
7.	—	11. —	A. 1. (Hæstiréttur).	
			a. Við c. (Útgáfa hæstaréttardóma). Fyrir „555 000“ kemur	600 000
			b. Við f. (Ljósprentun hæstaréttardóma). Fyrir „220 000“ kemur	320 000
8.	—	11. —	A. 10. n. Nýr liður: Til umferðarlöggæzlu í Kópavogi	200 000
9.	—	11. —	A. 10. p. (Ýmis annar lögreglukostnaður). Fyrir „12 000 000“ kemur	12 400 000
10.	—	11. —	A. 12. (Bygging fangahúsa). Fyrir „475 000“ kemur	600 000

11. Við 11. gr. A. 14. (Til fangahjálpar).
Fyrir „270 000“ kemur 310 000

12. — 12. — F. (Geðveikrahælið á Kleppi).
a. Við 6. Nýr liður:
Til húsgagna- og áhaldakaupa 1 000 000
b. Við 7. (Annar kostnaður).
Fyrir „7 191 250“ kemur 6 941 250

13. — 12. — VII. b. (Byggingarstyrkur til St. Jósefsspítalans í Rvík).
Fyrir „1 950 000“ kemur 2 950 000

14. — 12. — VIII. (Heilsuverndarstöðvar, aðrir kaupstaðir).
Fyrir „475 000“ kemur 525 000

15. — 12. — IX. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa:

1. Álafoss	350 000	
2. Akranes	2 000 000	
3. Borgarnes	250 000	
4. Stykkishólmur	75 000	
5. Suðureyri	50 000	
6. Hvammstangi	250 000	
7. Blönduós	182 000	
8. Skagaströnd	200 000	
9. Sauðárkrókur	1 000 000	
10. Siglufjörður (læknisbústaður)	150 000	
11. Siglufjörður (sjúkrahús)	1 200 000	
12. Akureyri	500 000	
13. Húsavík (læknisbústaður)	200 000	
14. Húsavík (sjúkrahús)	1 300 000	
15. Þórshöfn	300 000	
16. Vopnafjörður	350 000	
17. Seyðisfjörður	300 000	
18. Neskaupstaður	200 000	
19. Eskifjörður	350 000	
20. Djúpivogur	250 000	
21. Höfn	50 000	
22. Vík	250 000	
23. Vestmannaeyjar	1 500 000	
24. Laugarás	300 000	
25. Selfoss	200 000	
26. Kópavogur	300 000	
27. Reykjavík	8 000 000	
		20 057 000

16. — 12. — XXIII. (Styrkur vegna læknishjálpar erlendis).
Fyrir „100 000“ kemur 300 000

17. — 12. — XXVI. (Námskeið fyrir embættislækna).
Fyrir „20 000“ kemur 50 000

18. — 13. — A. III. (Byggð og gisting handa ferðamönnum).
Fyrir „100 000“ kemur 140 000

19. — 13. — A. III. Nýir liðir:
a. Til nýbýlavega 200 000
b. Til Guðmundar Jónassonar til rekstrar snjóbifreiðar 25 000
c. Til rekstrar snjóbifreiðar á Fljótsdalshéraði 30 000

20. — 13. — C. II. a. (Laun vitavarða).
Fyrir „960 000“ kemur 1 200 000

21. Við 13. gr. C. III. a. (Vitaskipið).
Fyrir „4 400 000“ kemur 5 000 000

22. — 13. — C. V.
Orðin „og viðhald sæluhúsa“ falla niður.

23. — 13. — C. VII. Liðurinn orðist svo:
Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta:

1.	Akranes	700 000
2.	Akureyri	650 000
3.	Árskógssandur	100 000
4.	Bakkafjörður	50 000
5.	Blönduós	50 000
6.	Bolungarvík	400 000
7.	Borgarfjörður eystri	400 000
8.	Breiðdalsvík	100 000
9.	Búðareyri, Reyðarfirði	300 000
10.	Dalvík	250 000
11.	Drangsnes	100 000
12.	Eskifjörður	700 000
13.	Eyrarbakki	500 000
14.	Fáskrúðsfjörður	300 000
15.	Flatey á Skjálfanda	200 000
16.	Flateyri	400 000
17.	Gerðavör, Garði	200 000
18.	Grafarnes	500 000
19.	Grenivík	300 000
20.	Grímsey	200 000
21.	Hafnarfjörður	700 000
22.	Hauganes	200 000
23.	Hellnar	150 000
24.	Hofsós	400 000
25.	Hrísey	200 000
26.	Húsavík	400 000
27.	Hvammstangi	50 000
28.	Höfn í Hornafirði	500 000
29.	Ísafjörður	450 000
30.	Járngerðarstaðir	700 000
31.	Kópavogur	200 000
32.	Mjóifjörður	100 000
33.	Neskaupstaður	700 000
34.	Norðurfjörður	200 000
35.	Ólafsfjörður	300 000
36.	Ólafsvík	600 000
37.	Patreksfjörður	600 000
38.	Raufarhöfn	550 000
39.	Sandgerði	450 000
40.	Sauðárkrókur	100 000
41.	Seyðisfjörður	600 000
42.	Siglufjörður	400 000
43.	Stokkseyri	300 000
44.	Stykkisólmur	600 000
45.	Stöðvarfjörður	200 000
46.	Súðavík	150 000
47.	Suðureyri	400 000
48.	Tálknafjörður	100 000

	49. Vestmannaeyjar	700 000	
	50. Vogar	200 000	
	51. Vopnafjörður	600 000	
	52. Þingeyri	500 000	
	53. Þórshöfn	600 000	
	54. Ýmsar hafnargerðir	200 000	
			19 500 000
24. Við 13. gr.	C. VII. Nýr liður:		
	Ferjubryggjur:		
	1. Loðmundarfjörður	15 000	
	2. Skálavík við Mjóafjörð	100 000	
	3. Staður, Reykjanesi	100 000	
	4. Vigur	100 000	
	5. Æðey	100 000	
	6. Ögur við Ísafjarðardjúp	100 000	
			515 000
25. — 13. —	C. XI. Nýir liðir:		
	a. Til endurbóta og viðgerða á dýpkunarskipinu Gretti		1 500 000
	b. Kostnaður vegna þátttöku í ráðstefnu P.I.A.N.G.:		
	a. Þátttökugjald	50 000	
	b. Annar kostnaður	50 000	
			100 000
26. — 13. —	D. V. C. (Flugumferðarstjórn).		
	a. Við 1. b. (Reykjavík, aukavinna).		
	Fyrir „750 000“ kemur		810 000
	b. Við 2. d. (Akureyri, annar kostnaður).		
	Fyrir „265 000“ kemur		370 000
	c. Við 4. d. (Egilsstaðir, annar kostnaður).		
	Fyrir „130 000“ kemur		180 000
	d. Við 5. c. (Ísafjörður, annar kostnaður).		
	Fyrir „150 000“ kemur		200 000
27. — 13. —	E. I. B. (Veðurstofan á Reykjavíkurflugvelli).		
	a. Við 1. (Laun).		
	Fyrir „1 279 360“ kemur		1 306 360
	b. Við 2. (Aukavinna og vaktaálag).		
	Fyrir „674 500“ kemur		694 500
28. — 13. —	E. I. D. (Veðurfarsdeild).		
	a. Við 3. (Þóknun til veðurathugunarmanna).		
	Fyrir „265 000“ kemur		365 000
	b. Við 4. (Annar kostnaður).		
	Fyrir „500 000“ kemur		600 000
29. — 13. —	E. I. E. 4. (Veðurathuganir á hálendinu).		
	Fyrir „70 000“ kemur		440 000
30. — 13. —	F. I. ÷ Tekjur. (Ferðaskrifstofa ríkisins).		
	Fyrir „2 700 000“ kemur		2 400 000
31. — 13. —	F. II. (Skipaskoðun ríkisins).		
	a. Við 2. (Þóknun til skipaskoðunarmanna).		
	Fyrir „350 000“ kemur		400 000
	b. Við 5. (Útreikningar á stöðugleika fiskiskipa).		
	Fyrir „120 000“ kemur		180 000
32. — 13. —	F. III. (Stýrimannaskólinn).		
	a. Við 6. (Námskeið utan Reykjavíkur).		
	Fyrir „100 000“ kemur		250 000
	b. Við 7. (Annar kostnaður).		
	Fyrir „250 000“ kemur		100 000

33. Við 13. gr. F. VII. c. Nýr liður:
Til kaupa á tæki til sjómælinga og kortagerðar 200 000

34. — 13. — F. XII. (Gisti- og veitingastaðaeftirlit).
a. Við 1. (Laun).
Fyrir „147 600“ kemur 187 600
b. Við 2. (Annar kostnaður).
Fyrir „100 000“ kemur 80 000

35. — 14. — A. I. a. 1. (Háskólinn, laun).
Fyrir „11 651 020“ kemur 11 950 540

36. — 14. — A. I. a. 4. (Háskólinn, tannlækningastofa).
Fyrir „750 000“ kemur 1 299 000

37. — 14. — A. IV. a. (Fræðslumálastjóraembættið, laun).
Fyrir „1 488 480“ kemur 1 512 240

38. — 14. — A. VI. d. (Menntaskólinn á Akureyri, viðhald).
Fyrir „450 000“ kemur 600 000

39. — 14. — A. VIII. j. (Kennaraskólinn). Nýr liður:
Húsnæði utan skóla 300 000

40. — 14. — A. IX. b. (Tækniskólinn, undirbúningsdeild í Rvík).
Fyrir „663 000“ kemur 1 203 000

41. — 14. — A. XI. 1. c. (Iðnskólinn í Reykjavík, annar kostnaður).
Fyrir „2 000 000“ kemur 2 370 000

42. — 14. — A. XI. 2. c. (Iðnskólar utan Rvíkur, annar kostnaður).
Fyrir „1 130 750“ kemur 1 249 750

43. — 14. — A. XII. 23. a. Liðurinn orðist svo:

Skólahús í smíðum:

A. Greiðsluár 1956—1960:

Rvík, Breiðagerði	874 209
Njarðvík	93 333
Garðaskóli — Silfurtún	68 680
Höfn, Hornafirði	83 333
Mosvallaskólahverfi	150 000
Reykhólar	187 500
Húsavík	235 000
Patreksfjörður	232 794
Dalvík	11 000
Egilsstaðir	300 000
Laugaland, Holtum	340 000
Laugaland, Þelamörk	1 249 453
Keldunesskólahverfi	80 000

B. Greiðsluár 1957—1961:

Varmárskóli, Mosfellssveit	1 388 001
Rvík, Laugalækjarskóli	800 000
Þorlákshöfn	191 333
Eskifjörður, skólastjórabústaður	60 000
Bárðardalur	324 000
Rvík, Hamrahlíð, 1. áf.	400 000
Hafnarfjörður, viðb.	136 250
Kópavogur, Kársnes, 2. áf.	100 000
Vestmannaeyjar, viðb.	75 000
Seltjarnarnes, 1. áf.	355 884
Kleppjárnsreykir	375 483
Grafarnes	280 750

Nesjaskóli	475 000
Hvammstangi	50 000
Siglufjörður	270 000
Hella, Rangárv.	104 000
Eiðar, barnaskóli	107 313
Mývatnssveit	566 667
Leirárskóli	2 750 610
Hafnarfjörður, Öldutúnsskóli	425 000
Ólafsvík	399 697
Laugar, Dal., 2. áf.	1 819 408
Flateyri	307 334
Akureyri, Oddeyri, 2. áf.	733 334
Stöðvarfjörður	260 000
Laugardalur, Árnessýslu	186 786
Sandgerði	135 526
Reyðarfjörður	182 302
Tálknafjörður	550 000
Bíldudalur	200 000

C. Greiðsluár 1961—1967:

Rvík, Vogaskóli	1 069 500
Hafnarfjörður, íþróttahús	560 000
Grímsey	54 250
Kolviðarnes	4 056 810
Hallormsstaður	2 476 953
Öxarfjarðarskólahverfi	668 475
Öngulsstaðaskólahverfi	70 000
Rvík, Hamrahlíð, 3. áf.	520 000
— Álftamýri, 1. áf.	700 000
Bolungarvík	1 010 856
Reykdælaskóli, S-Þing.	244 000
Ýmsir skólar	150 000
Rvík, Álftamýri, 2. áf.	1 007 291
Hafnarfj., Öldutún, 2. áf.	728 000
Ísafjörður	1 460 375
Gerðaskóli, 2. áf.	721 875
Raufarhöfn	902 083
Vopnafjörður, 1. áf.	727 291
Reykir, A-Hún.	1 750 000
Flúðir, Árnessýslu	3 749 550
Akranes, 2. áf.	367 791
Borgarnes, 2. áf.	633 333
Ólafsvík, íþróttahús	537 500
Hvamms- og Dyrhólaskóli	552 600
Seltjarnarnes, 2. áf.	793 666
Dalvík, íþróttahús	715 625
Kópavogur, 1. áf.	612 625
Aðaldalur, 2. áf.	112 500
Hveragerði, íþróttahús	618 750
Laugar, Dal., skólastjórabúst.	92 500
Djúpárhr., skólastjórabúst.	134 687
Hella, skólastjórabúst.	134 687
Búðir, Fáskrúðsfirði	183 593
Flateyri, skólastjórabúst.	89 400

			Grindavík, skólastjórabúst.	153 437
			Hólmavík, skólastjórabúst.	183 062
			Seyðisfjörður, skólastjórabúst.	189 062
			Skjöldólfsst., skólastjórabúst.	100 000
			Keflavík, skólastjórabúst.	134 687
			Hvammstangi, skólastjórabúst.	165 781
			D. Greiðsluár 1964—1968:	
			Kirkjubæjarklaustur	1 325 000
			Kársnesskóli, 3. áf.	1 479 750
			Rvík, Hvassaleiti	500 000
			Mývatnssveit, 2. áf.	165 000
			Akranes, íþróttahús	1 487 500
			Svarfaðardalur	457 500
			Hraungerðisskólahverfi	325 000
			Varmaland, Borgarf., 2. áf.	658 750
			Neskaupstaður, íþróttahús	737 500
			Þorlákshöfn, 2. áf.	199 250
			Árskógsströnd	387 500
			Reykdælaskólahverfi, 2. áf.	712 500
			Rauðisandur	2 115 000
			Hellissandur, íþróttahús	600 000
			Skagaströnd, íþróttahús	668 750
			Njarðvík, 2. áf., íþróttahús	1 043 750
			Stykkish., yfirb. sundlaug	680 000
			Rvík, æfinga- og tilraunaskóli	2 090 000
			Hnífsdalur, skólastjórabúst.	135 000
			Selfoss, skólastjórabúst.	135 000
			Arnarnesskólahv., skólabíll	110 000
			Sandvíkurskólahv., skólabíll	67 500
			Sandgerði, skólabíll	67 500
			V.-Eyjafjöll	36 863
				63 232 188
44.	Við 14. gr.		A. XIII. 1. (Alþýðuskólinn á Eiðum).	
			a. Við d. (Viðhald).	
			Fyrir „600 000“ kemur	994 000
			b. Við h. Nýr liður:	
			Heimtaugargjald	69 000
45.	—	14. —	A. XIII. 3. f. (Héraðsskólinn að Núpi, viðhald).	
			Fyrir „400 000“ kemur	500 000
46.	—	14. —	A. XIII. 4. d. (Héraðsskólinn í Reykjanesi, annar kostnaður).	
			Fyrir „120 000“ kemur	160 000
47.	—	14. —	A. XIII. 5. f. (Héraðsskólinn að Reykjum, viðhald).	
			Fyrir „600 000“ kemur	800 000
48.	—	14. —	A. XIII. 7. f. (Héraðsskólinn að Skógum, viðhald).	
			Fyrir „600 000“ kemur	800 000
49.	—	14. —	A. XIII. 8. f. (Héraðsskólinn að Laugarvatni, viðhald).	
			Fyrir „750 000“ kemur	1 000 000
50.	—	14. —	A. XIII. 30. f. (Miðskólinn á Brúarlandi, viðhald).	
			Fyrir „125 000“ kemur	225 000
51.	—	14. —	A. XIII. 30. Nýr liður:	
			Vegna endurbóta á búningsklefum og sundlaug í Varmahlíð í Skagafirði	345 000

52. Við 14. gr. A. XIII. 37. a. Liðurinn orðast svo:

Skólahús í smíðum:		
Réttarholtsskóli, Rvík, 1. áf.	900 000	
Siglufjörður	224 853	
Reykir, Hrútafirði	450 000	
Neskaupstaður	358 259	
Keflavík	175 000	
Laugarvatn	450 000	
Miðskóli, Stykkishólmi	425 700	
Kópavogur	672 016	
Alþýðuskóli, Eiðum	1 525 000	
Héraðsskóli, Reykjanesi	2 308 334	
Akureyri	790 000	
Héraðsskóli, Laugum, 2. áf.	337 500	
Gagnfræðaskóli verknáms, Rvík	1 016 483	
Langholtsskóli, Rvík	620 000	
Vogaskóli, Rvík	650 000	
Hagaskóli, Rvík, 2. áf.	1 006 668	
Alþýðuskóli, Eiðum, 2. áf.	1 171 750	
Langholtsskóli, 2. áf.	725 000	
Réttarholtsskóli, 3. áf.	1 193 750	
Selfoss, 1. áf.	875 000	
Héraðsskóli, Núpi	4 219 250	
Héraðsskóli, Reykjum, 2. áf.	2 005 000	
Héraðsskóli, Reykjanesi, 2. áf.	2 256 700	
Héraðsskóli, Reykholti	836 250	
Héraðsskóli, Núpi, kennarab.	136 250	
Vogaskóli, íþróttahús o. fl.	2 450 000	
Rvík, Laugalækjarskóli	1 348 750	
Rvík, Sólvallaskóli	1 700 000	
Héraðsskóli, Skógum	1 421 250	
		32 248 763

53. — 14. — A. XIII. 40. (Unglingafræðsla eftir till. fræðslumálastjóra).
Fyrir „300 000“ kemur 450 000

54. — 14. — A. XIX. 1. (Íþróttakennaraskólinn).
a. Við d. (Námskeið fyrir íþróttakennara).
Fyrir „90 000“ kemur 120 000
b. Við g. (Íþróttavellir).
Fyrir „400 000“ kemur 50 000

55. — 14. — A. XIX. 4. (Lárus Rist).
Liðurinn fellur niður.

56. — 14. — A. XXXIV. (Til styrktar erlendum námsmönnum).
Fyrir „550 000“ kemur 581 500

57. — 14. — B. I. (Landsbókasafnið).
a. Við 1. (Laun).
Fyrir „1 920 000“ kemur 1 793 040
b. Við 6. Nýr liður:
Til endurbóta á landsbókasafnshúsi 536 000

58. — 14. — B. II. (Þjóðskjalasafnið).
a. Við 1. (Laun).
Fyrir „1 037 520“ kemur 1 164 480
b. Við 8. (Kaup á skjalaskápum o. fl.).
Fyrir „200 000“ kemur 400 000

59. Við 14. gr. B. III. (Þjóðminjasafnið).
a. Við 1. (Laun).
Fyrir „857 960“ kemur 878 420
b. Við 3. (Til rannsókna og ferðalaga).
Fyrir „50 000“ kemur 60 000

60. — 14. — B. VI. 2. (Fræðslumyndasafn) Liðurinn orðist svo:
Til kaupa, endurgerðar og framleiðslu á íslenzkum kvikmyndum og kyrrmyndum 300 000

61. — 14. — B. VIII. Nýr liður:
Til náttúrugripasafns í Vestmannaeyjum 50 000

62. — 14. — B. IX. (Hið ísl. náttúrufræðifélag).
Fyrir „25 000“ kemur 35 000

63. — 14. — B. XIII. a. 1. (Til bæjar- og héraðsbókasafna).
Fyrir „2 500 000“ kemur 2 700 000

64. — 14. — B. XIV. 3. (Fornleifafélagið).
Fyrir „40 000“ kemur 55 000

65. — 14. — B. XIV. 22. (Málnefnd, nýyrðasöfnun).
Fyrir „50 000“ kemur 75 000

66. — 14. — B. XIV. 23. (Orðabók háskólans).
a. Við a. (Laun).
Fyrir „690 840“ kemur 820 840
b. Við ÷ Framlag frá Sáttmálasjóði.
Liðurinn fellur niður.

67. — 14. — B. XIV. 34. (Útgáfa manntalsins frá 1890).
Liðurinn fellur niður.

68. — 14. — B. XIV. 35. (Útgáfa á Ættum Austfirðinga).
Fyrir „20 000“ kemur 50 000

69. — 14. — B. XIV. 40. (Til ísl. stærðfræðifélagsins).
Fyrir „20 000“ kemur 30 000

70. — 14. — B. XIV. 45. (Halldóra Bjarnadóttir).
Fyrir „50 000“ kemur 75 000

71. — 14. — B. XIV. 49. Nýr liður:
Til útgáfu handbókar fyrir kennara tornæmra barna .. 40 000

72. — 14. — B. XV. (Til skálda, rithöfunda og listamanna). Aftan við aths. bætist:
Að öðru leyti skal sjö manna úthlutunarnefnd, er Alþingi kýs hlutbundinni kosningu, annast skiptingu fjárveitingarinnar.

73. — 14. — B. XLIII. (Bandalag ísl. leikfélaga).
Fyrir „150 000“ kemur 200 000

74. — 14. — B. XLIV. 1. (Til tónlistarskóla samkv. lögum).
Fyrir „2 100 000“ kemur 2 300 000

75. — 14. — B. XLIV. 3. (Samband ísl. lúðrasveita).
Fyrir „40 000“ kemur 70 000

76. — 14. — B. XLIV. 6. (Samband ísl. karlakóra).
Fyrir „35 000“ kemur 70 000

77. — 14. — B. XLIV. 9. (Kirkjukórasamband Íslands).
Fyrir „60 000“ kemur 100 000

78. — 14. — B. XLIV. 12. Nýr liður:
Til tónlistarskóla til kaupa á hljómplötum og segulböndum 50 000

79. — 14. — B. XLIV. 15. Nýr liður:
Til Hauks Guðlaugssonar til starfa að tónlistarmálum 12 000

80. Við 14. gr. B. LXIX. (Vilhjálmur Ögmundsson).
Fyrir „20 000“ kemur 40 000
81. — 14. — B. LXXIII. (Listaverkagjöf Ásgríms Jónssonar).
Fyrir „159 000“ kemur 174 000
82. — 14. — B. LXXV. (Æviskrár Vestur-Íslendinga).
Fyrir „50 000“ kemur 100 000
83. — 14. — B. LXXVI. (Til minningarlunda og skrúðgarða).
Fyrir „60 000“ kemur 100 000
84. — 14. — B. XCV. (Iceland Review).
Fyrir „50 000“ kemur 80 000
85. — 14. — B. XCIX. Nýir liðir:
a. Til Félags íslenzkra myndlistarmanna, styrkur til sýningar í Þrándheimi 50 000
b. Til minnisvarða um Ara fróða að Staðarstað 15 000
c. Til útgáfu æviskráa Borgfirðinga 30 000
d. Til tímaritsins Eimreiðarinnar í tilefni 70 ára afmælis 25 000
e. Til kaupa á Linguaphone-námskeiðum Björns Björnssonar 50 000
f. Til dr. Sigurðar Jónssonar til rannsókna á sjávargróðri við strendur landsins 50 000
g. Til að varðveita gamla smiðju í Nýhöfn á Melrakkasléttu 50 000
h. Til umbóta á Reykhólum 25 000
i. Til endurbóta á húsi Bjarna riddara Sívertsens 100 000
j. Til að tryggja tveimur íslenzkum námsmönnum herbergi í nýjum alþjóðastúdentagarði í París 105 000
86. — 15. — I. (Biskupsembættið).
a. Við 3. (Risna).
Fyrir „25 000“ kemur 35 000
b. Við 4. (Skrifstofukostnaður).
Fyrir „300 000“ kemur 325 000
87. — 15. — II. 4. (Endurbætur á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum).
Fyrir „2 000 000“ kemur 3 500 000
88. — 15. — II. 5. (Húsaleigustyrkur presta).
Fyrir „180 000“ kemur 360 000
89. — 15. — VII. (Kirkjuráð).
Fyrir „25 000“ kemur 40 000
90. — 15. — VIII. (Álag vegna afhendingar kirkna).
Fyrir „300 000“ kemur 500 000
91. — 15. — X. (Málgagn fyrir hina íslenzku þjóðkirkju).
Fyrir „7 500“ kemur 12 000
92. — 15. — XIV. (Kristileg æskulýðsstarfsemi).
Fyrir „120 000“ kemur 200 000
93. — 15. — XVI. (Eftirlitsmaður með prestssetrum).
a. Við 1. (Laun).
Fyrir „112 920“ kemur 132 000
b. Við 2. (Annar kostnaður).
Fyrir „50 000“ kemur 95 000
94. — 15. — XVII. 2. (Umsjónarmaður með kirkjugörðum, annar kostnaður).
Fyrir „50 000“ kemur 95 000
95. — 15. — XX. (Til sjúkrahúsaprests).
Fyrir „30 000“ kemur 42 000

96. Við 15. gr. XXIII. (Sumarbúðir við Vestmannsvatn).
Fyrir „100 000“ kemur 150 000

97. — 15. — XXIV. (Sumarbúðir í Skálholti).
Fyrir „100 000“ kemur 150 000

98. — 16. — A. 1. (Búnaðarfélag Íslands).
Fyrir „8 306 000“ kemur 8 521 000

99. — 16. — A. 4. (Búreikningaskrifstofa).
a. Við a. (Laun).
Fyrir „173 000“ kemur 303 000
b. Við b. (Ferðakostnaður o. fl.).
Fyrir „130 000“ kemur 240 000

100. — 16. — A. 7. a. (Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, mælingar).
Fyrir „160 000“ kemur 200 000

101. — 16. — A. 15. b. (Fast framlag til Stofnlánadeildar).
Fyrir „4 000 000“ kemur 4 150 000

102. — 16. — A. 20. (Liðurinn orðist svo):
Til sjóvarnargarða:

a. Akranes	300 000	
b. Borgarfjörður eystri	50 000	
c. Búðardalur	50 000	
d. Eyrarbakki	100 000	
e. Flateyri	200 000	
f. Garðskagi	100 000	
g. Grenivík	50 000	
h. Grótta	100 000	
i. Seltjarnarnes	150 000	
j. Siglufjörður	100 000	
k. Eiðið, Vestmannaeyjum	100 000	
l. Þórshöfn	300 000	
		1 600 000

103. — 16. — A. 21. (Sandgræðsla).
a. Við b. (Sandgræðslustöðvar).
Fyrir „3 000 000“ kemur 3 200 000
b. Við g. Nýir liðir:
1. Til húsbygginga vegna bruna 200 000
2. Til fræ- og fóðurtilrauna í Gunnarsholti 400 000

104. — 16. — A. 26. (Veiðimálaskrifstofan).
a. Við b. (Útgáfukostnaður).
Fyrir „15 000“ kemur 30 000
b. Við c. (Annar kostnaður).
Fyrir „320 000“ kemur 350 000

105. — 16. — A. 27. Fyrir liðinn koma tveir nýir liðir:
a. Kostnaður við veiðimálanefnd og veiðieftirlit 170 000
b. Styrkir til fiskræktar samkv. l. nr. 112/1941 ..... 350 000

106. — 16. — A. 40. a. (Bændaskólinn á Hólum).
a. Við 7. (Viðhald og endurbætur).
Fyrir „500 000“ kemur 1 100 000
b. Við 10. Nýr liður:
Til borunar eftir heitu vatni 150 000

107. — 16. — A. 40. c. 9. (Garðyrkjuskólinn á Reykjum, annar kostnaður).
Fyrir „95 000“ kemur 115 000

108. Við 16. gr. A. 41. a. 3. (Varmaland, viðhald og annar kostnaður).
Fyrir „200 000“ kemur 277 000

109. — 16. — A. 41. b. 3. (Staðarfell, viðhald og annar kostnaður).
Fyrir „300 000“ kemur 1 335 000

110. — 16. — A. 41. c. 3. (Blönduós, viðhald og annar kostnaður).
Fyrir „200 000“ kemur 335 000

111. — 16. — A. 41. d. 3. (Löngumýri, viðhald og annar kostnaður).
Fyrir „200 000“ kemur 298 500

112. — 16. — A. 41. e. 3. (Laugaland, viðhald og annar kostnaður).
Fyrir „200 000“ kemur 220 000

113. — 16. — A. 41. f. 3. (Laugar, viðhald og annar kostnaður).
Fyrir „100 000“ kemur 183 000

114. — 16. — A. 41. g. 3. (Hallormsstaður, viðhald og annar kostnaður).
Fyrir „350 000“ kemur 435 375

115. — 16. — A. 41. h. 3. (Laugarvatn, viðhald og annar kostnaður).
Fyrir „300 000“ kemur 367 400

116. — 16. — A. 41. j. Liðurinn orðist svo:
Til byggingar skóla:

a. Eldri áfangar:		
1. Varmaland	890 000	
2. Staðarfell	60 000	
3. Blönduós	30 000	
4. Laugaland	120 000	
5. Laugar, S.-Þing.	37 500	
6. Hallormsstaður	50 000	
7. Laugarvatn	240 000	
b. Greiðsluár 1964—1968:		
1. Laugarvatn	2 737 500	
2. Blönduós, kennarab.	987 500	
3. Hallormsstaður	455 000	
		5 607 900

117. — 16. — A. 42. (Kvenfélagasamband Íslands).
Fyrir „290 000“ kemur 350 000

118. — 16. — A. 50. (Nýir liðir):
a. Til gróðurverndar í Búðahrauni á Snæfellsnesi 10 000
b. Til Húsown stjórnarkennarafélags Íslands vegna þinghalds sumarið 1965 ..... 40 000

119. — 16. — B. 2. (Námskeið í meðferð fiskileitartækja).
Fyrir „80 000“ kemur 105 000

120. — 16. — B. 14. Nýir liðir:
a. Til kaupa á nýju tæki fyrir rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands 600 000
b. Til starfsfræðslu sjávarútvegsins 50 000

121. — 16. — C. 11. b. (Öryggiseftirlit ríkisins). Nýr liður:
Til kaupa á hávaðamæli 60 000

122. — 16. — E. I. 2. a. (Byggingadeild, laun).
Fyrir „465 880“ kemur 613 480

123. — 16. — E. I. 3. a. (Fiskideild, laun).
Fyrir „3 753 270“ kemur 3 870 630

124. — 16. — E. I. 4. i. Nýr liður:
Til rannsókna á lifnaðarháttum gæsa 30 000

125. — 16. — E. III. 2. (Löggildingarstofnun, annar kostnaður).
Fyrir „600 000“ kemur 900 000

126. Við 16. gr. E. VII. (Starfsfræðsla utan Reykjavíkur).
Fyrir „80 000“ kemur 100 000
127. — 17. — I. 1. (Eftirlit með skipulagi bæja og sveitaþorpa).
a. Við c. (Mælingarkostnaður).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000
b. Við d. (Loftmyndataka).
Fyrir „500 000“ kemur 950 000
c. Við ÷ Tekjur.
Fyrir „3 138 800“ kemur 3 688 800
128. — 17. — I. 3. Nýir liðir:
a. Til vatnsöflunar fyrir Leirá í Melasveit 50 000
b. Til vatnsöflunar fyrir býlin Furubrekku og Foss 30 000
c. Til vatnsöflunar fyrir Arnarstapabýli 35 000
d. Til vatnsöflunar fyrir Grímsey 100 000
e. Til vatnsöflunar fyrir Vestmannaeyjar 1 000 000
129. — 17. — III. 6. (Iðnnemasamband Íslands).
Fyrir „30 000“ kemur 50 000
130. — 17. — III. 7. (Landssamband verzlunarmanna).
Fyrir „25 000“ kemur 50 000
131. — 17. — V. 7. Nýr liður:
Til sjúkraflugs í Árneshreppi 25 000
132. — 17. — V. 10. (Dagheimili).
a. Við b. (Kópavogur).
Fyrir „75 000“ kemur 100 000
b. Við e. Nýir liðir:
1. Á Selfossi 75 000
2. Í Húsavík 75 000
133. — 17. — V. 10. Nýr (rómv.) liður:
Til barnaheimilis að Kumbaravogi til umbóta á húsnæði 50 000
134. — 17. — V. 15. b. (Útgáfa bóka á blindraletri).
Fyrir „60 000“ kemur 100 000
135. — 17. — V. 17. (Félagsmálastofnunin).
Fyrir „75 000“ kemur 100 000
136. — 17. — V. 18. Nýr liður:
Til Fuglaverndunarfélags Íslands 25 000
137. — 17. — V. 19. a. (Til Ungmennafélags Íslands).
Fyrir „150 000“ kemur 200 000
138. — 17. — V. 19. b. (Til skógræktar í Þrastaskógi).
Fyrir „30 000“ kemur 45 000
139. — 17. — V. 19. d. (Bandalag ísl. farfugla).
Fyrir „25 000“ kemur 100 000
140. — 17. — V. 19. e. Nýr liður:
Til æskulýðsnefndar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu .. 25 000
141. — 17. — V. 19. f. Nýir liðir:
a. Til hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði vegna fiskasýningar 100 000
b. Til Bandalags íslenzkra skáta til kaupa á húsnæði 100 000
142. — 17. — V. 20. Nýir liðir:
a. Til Sviffflugfélags Íslands 75 000
b. Til sjómannaheimilis á Norðfirði 25 000
143. — 20. — Út. XIV. (Byggingar á prestssetrum).
Fyrir „3 500 000“ kemur 4 500 000

144. Við 20. gr. Út. XXVIII. (Embættisbústaðir dýralækna).
Fyrir „1 500 000“ kemur 2 000 000
145. — 20. — Út. XLIII. Nýir liðir:
a. Til byggingar útihúsa í Ólafsdal 200 000
b. Til kaupa á íbúð fyrir starfsfólk á Litla-Hrauni .. 125 000
146. — 22. — XIX. (Ríkisspítalarnir).
Fyrir „4 millj. kr.“ kemur: 11 millj. kr.
147. — 22. — XXIX. Nýir liðir:
a. Að selja prestssetrið Frumskóga 7 í Hveragerðishreppi.
b. Að selja gamalt póst- og símahús að Austurvegi 1 á Selfossi ásamt tilheyrandi lóð, ef viðunandi boð fæst.

Sþ. 149. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1965.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (HS, HÁ, IG).

1. Við 13. gr. A. I. (Framlag til vegamála).
Fyrir „47 000 000“ kemur 107 000 000
2. — 13. — C. IX. (Eftirstöðvar ríkissjóðsframlags til hafnarframkvæmda).
Fyrir „8 000 000“ kemur 18 000 000
3. — 14. — A. XIX. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „4 000 000“ kemur 8 000 000
Til vara 6 000 000
4. — 14. — A. XLVI. Nýr liður:
Til endurbóta á stúdentagörðunum 2 000 000
5. — 14. — A. XLVII. (Félagsheimili fyrir stúdenta).
Fyrir „1 000 000“ kemur 2 000 000
6. — 16. — A. 1. (Búnaðarfélag Íslands).
Fyrir „8 306 000“ kemur 9 000 000
7. — 16. — A. 6. (Sérstakt framlag til bænda).
Fyrir „5 000 000“ kemur 15 000 000
8. — 16. — A. 7. b. (Kaup á jarðræktarvélum).
Fyrir „1 250 000“ kemur 3 000 000
9. — 16. — B. 7. (Til fiskleitar, síldarrannsókna og veiðitilrauna).
Fyrir „17 645 500“ kemur 21 000 000
10. — 16. — D. IX. (Raforkusjóður).
Fyrir „14 250 000“ kemur 30 000 000
11. — 16. — D. X. (Jarðhitasjóður).
Fyrir „7 200 000“ kemur 10 000 000
12. — 16. — E. I. 1. (Iðnaðardeild).
a. Við b. (Hagnýtar jarðfræðirannsóknir og iðnaðarrannsóknir).
Fyrir „400 000“ kemur 800 000
b. Við ÷ Tekjur af rannsóknum.
Fyrir „800 000“ kemur 400 000
13. — 16. — E. I. 2. a. (Byggingadeild). Nýr liður:
Til sjálfstæðra byggingarannsókna 200 000
14. — 16. — E. I. 3. b. (Fiskideild, annar kostnaður).
Fyrir „2 000 000“ kemur 2 800 000

15. Við 16. gr. E. I. 4. B. (Búnaðardeild, annar kostnaður).
Fyrir „1 795 000“ kemur 2 000 000
16. — 16. — E. I. 5. c. (Atvinnudeild, til viðhalds húss).
Fyrir „105 000“ kemur 600 000
17. — 16. — E. II 3. (Rannsóknaráð). Nýr liður:
Til upplýsingaþjónustu 500 000
18. — 17. — III. 9. (Orlofssjóður húsmæðra).
Fyrir „550 000“ kemur 800 000
19. — 17. — III. 13. (Atvinnubótasjóður).
Fyrir „10 000 000“ kemur 25 000 000
20. — 20. — Út V. (Byggingar á jörðum ríkisins).
Fyrir „3 000 000“ kemur 4 000 000
21. — 20. — Út IX. (Flugvallagerð og flugöryggistæki).
Fyrir „15 220 000“ kemur 25 000 000
22. — 20. — Út X. (Sjúkraflugvellir).
Fyrir „500 000“ kemur 1 000 000
23. — 20. — Út XII. Nýir liðir:
a. Til byggingar rannsóknarstofnunar landbúnaðarins á Keldnaholti 8 000 000
b. Til byggingar veðurstofu 2 000 000
c. Til byggingar fiskirannsóknarskips 5 000 000
24. — 20. — Út XIII. 13. (Íþróttakennaraskólinn).
Fyrir „700 000“ kemur 3 000 000
25. — 22. — XXIV. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast allt að 100 millj. kr. lán til byggingar og endurbóta síldarverksmiðja, síldarumhleðslustöðva og síldarflutninga.
b. Að verja allt að 20 millj. kr. af greiðsluafgangi undanfarinna ára til styrktar nýjum síldariðnaði og markaðsleitar í því sambandi.
c. Að verja allt að 20 millj. kr. af greiðsluafgangi undanfarinna ára til félagsheimilasjóðs til greiðslu á eftirstöðvum vangoldinna framlaga til félagsheimila.
d. Að taka allt að 30 millj. kr. lán til byggingar eða kaupa á tveimur síldarleitarskipum.

Sþ. 150. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1965.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (GeirG).

1. Við 10. gr. II. 1. (Sendiráðið í Kaupmannahöfn).
Liðurinn fellur niður.
2. — 10. — II. 1. Nýr liður:
Sendiráð á Norðurlöndum 4 500 000
3. — 10. — II. 2. (Sendiráðið í Stokkhólmi).
Liðurinn fellur niður.
4. — 10. — II. 6. (Sendiráðið í Osló).
Liðurinn fellur niður.
5. — 10. — II. 10. (Ferðakostnaður).
Liðurinn fellur niður.

6. Við 10. gr. II. 10. Nýr liður:
Til ferðakostnaðar og kostnaðar utanríkisráðuneytisins af samningum við erlend ríki og þátttöku í alþjóðaráðstefnum 2 500 000

7. — 10. — II. 11. (Samningar við erlend ríki á vegum utanrrn.).
Liðurinn fellur niður.

8. — 10. — II. 12. (Þátttaka í alþjóðaráðstefnum á vegum utanrrn.).
Liðurinn fellur niður.

9. — 10. — III. 21. (Þingmannasamband Atlantshafsbandalagsins).
Liðurinn fellur niður.

10. — 11. — A. 10. b. Liðurinn orðist svo:
Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli 4 000 000

11. — 11. — A. 21. (Til almannavarna).
Fyrir „2 728 800“ kemur 500 000

12. — 12. — IV. D. 8. (Heilsuhælið á Vífilsstöðum, annar kostnaður).
Fyrir „5 400 000“ kemur 6 900 000

13. — 13. — A. I. (Framlag til vegamála).
Fyrir „47 000 000“ kemur 78 500 000

14. — 13. — C. VII. (Hafnarmannvirki).
Fyrir „17 550 000“ kemur 30 000 000

15. — 14. — A. XIII. 45. Liðurinn orðist svo:
Til listkynningar í skólum 300 000
Þar af 100 þús. kr. til myndlistarmanna, sem kynna skólanemendum sýningar sínar.

16. — 14. — A. XIX. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „4 000 000“ kemur 6 500 000

17. — 14. — B. XV. Liðurinn orðist svo:
Til skálda, rithöfunda og listamanna 3 500 000
Af fé þessu skulu Gunnar Gunnarsson, Halldór Kiljan Laxness, Jóhannes S. Kjarval, Jóhannes úr Kötlum, Páll Ísólfsson, Tómas Guðmundsson og Þórbergur Þórðarson njóta 75 þús. kr. heiðurslauna hver.
Að öðru leyti skal sjö manna úthlutunarnefnd, er Alþingi kýs hlutbundinni kosningu, annast skiptingu fjárveitingarinnar.

18. — 14. — B. LXXIII. Nýr liður:
Til Félags íslenzkra myndlistarmanna til byggingar sýningarskála 1 000 000

19. — 16. — B. 3. Nýr liður
Til námskeiðs fyrir viðgerðarmenn fiskileitartækja .. 105 000

20. — 16. — B. 14. (Til styrktar útgerð togara).
Fyrir „40 000 000“ kemur 48 000 000

21. — 16. — E. I. 1. b. (Iðnaðardeild, hagnýtar jarðfræðirannsóknir og iðnaðarrannsóknir).
Fyrir „400 000“ kemur 800 000

22. — 16. — E. I. 2. a. (Byggingadeild). Nýr liður:
Til sjálfstæðra byggingarannsókna 200 000

23. — 17. — II. 2. (Byggingarsjóður verkamanna).
Fyrir „7 000 000“ kemur 10 000 000

24.	Við 17. gr.	V. 9. (Sumardvalarheimili, dagheimili o. fl.).		
		Fyrir „450 000“ kemur		900 000
		Til vara		600 000
25.	— 17. —	V. 20. Nýr liður:		
		Til félagsheimilasjóðs		3 000 000

Ed. 151. Frumvarp til jarðræktarlaga. [102. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

I. KAFLI
Um stjórn ræktunarmála.

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af 3 manna stjórn, sem kosin er af Búnaðarþingi, hefur á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem ríkisframlag er veitt til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Um kosningarrétt og kjörgengi til Búnaðarþings, tölu fulltrúa, kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag innan hvers kjördæmis fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð jarðræktarráðunauta félagsins, héraðsráðunauta og trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands undir yfirstjórn félagsstjórnarinnar.

4. gr.

Héraðsráðunautar í jarðrækt og meðferð og notkun landbúnaðarvéla skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og starfssvæði.

Heimilt er að fela sama manni að gegna ráðunautarstarfi bæði við jarðrækt og búfjárrækt, enda fær hann þá greidd laun að jöfnu frá hvorri búgrein.

Héraðsráðunautar (í jarðrækt eða búfjárrækt) skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna og hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit með ræktunarframkvæmdum hver á sínu sambandssvæði í þeim greinum, er lög þessi ná yfir. Héraðsráðunautar skulu árlega skila starfsskýrslum.

Stjórnir búnaðarsambandanna skulu semja starfsáætlun fyrir komandi ár. Áætlanir þessar ásamt starfsskýrslum héraðsráðunautanna skulu hafa borizt Búnaðarfélagi Íslands fyrir 1. febrúar ár hvert til umsagnar og staðfestingar.

Í Vestmannaeyjum og Grímsey er heimilt að ráða sérstaka trúnaðarmenn, og í þeim búnaðarsamböndum, þar sem héraðsráðunautar, að dómi Búnaðarfélags Íslands, komast ekki yfir verkefni sín, s. s. úttekt jarðabóta, skal heimilt að ráða aðstoðarmenn, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og launakjör að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

5. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Laun héraðsráðunauta skulu ákveðin af landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, og skal höfð hliðsjón af launakerfi starfsmanna ríkisins.

Ríkissjóður greiðir 65 hundraðshluta af launum héraðsráðunauta, trúnaðarmanna og aðstoðarmanna, en búnaðarsamböndin 35 hundraðshluta.

6. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skal vera eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó, að búnaðarfélag nái yfir stærra svæði en einn hrepp, enn fremur, að tvö búnaðarfélög séu í sama hreppi eða einstakir menn séu í búnaðarfélagi annars hrepps, ef sérstakar landfræðilegar ástæður eru fyrir hendi, enda samþykki stjórn Búnaðarfélags Íslands slík frávik.

Hreppabúnaðarfélögum er skylt að vera í búnaðarsambandi viðkomandi héraðs.

Stjórnum búnaðarfélaga skal skylt að halda skýrslur og reikninga eftir því, sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skal senda til búnaðarsambandanna. Búnaðarsamböndin skulu árlega senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslur um jarðræktarframkvæmdir innan síns umdæmis ásamt afriti af reikningum sínum.

Framlag ríkisins samkvæmt lögum þessum greiðist í þeirri röð, sem úttektarskýrslur berast, að því tilskildu, að kvittanir fyrir fyrra árs framlagi hafi borizt Búnaðarfélagi Íslands.

Hver sá, er njóta vill ríkisframlags samkvæmt lögum þessum, skal vera félagsmaður í búnaðarfélagi byggðarlagsins.

7. gr.

Ákvæði laga þessara um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta ná til:

1. Allra jarðeigna í landinu, er teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga nr. 36 29. marz 1961, I. kafla, 1. gr., að undanskildum þeim jörðum og jarðahlutum, er liggja innan skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna, sjávar- og sveitaþorpa.
2. Nýbýla, sem stofnuð eru samkvæmt lögum nr. 75/1962, um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
3. Allra ræktunarlóða í kaupstöðum, kauptúnum, sjávar- og sveitaþorpum, sem liggja utan takmarka skipulags byggingarlóða.
4. Félagsbundinna ræktunarframkvæmda, sem gerðar eru í þeim tilgangi að koma á fót eða efla sjálfstæðan búrekstur í sveit og við sjó, þar með talin bú, er bæjarfélög reka vegna nauðsynja bæjarins.

8. gr.

Ræktað land í lögum þessum telst: Tún, matjurtagarðar, akrar og véltækt og framræst áveituengi, sem liggja utan skipulagssvæða byggingarlóða í kaupstöðum, kauptúnum og sjávar- og sveitaþorpum.

Nú þykir nauðsynlegt að láta af hendi ræktað land til almennra þarfa. Skal þá ávallt leita umsagnar héraðsráðunautar, en að henni fenginni skal málið lagt fyrir bæjar- eða sveitarstjórn til fullnaðarúrskurðar.

9. gr.

Vegagerð og línulagnir um ræktað og ræktanlegt land skal háð þessum takmörkunum:

1. Þegar vegir eða línur eru lagðar um ræktað land, skal þess ávallt gætt að skerða ræktunina sem minnst og að verkið valdi eigi öðrum óþægindum við notkun landsins en þeim, er ekki verður hjá komizt, og skal þá ávallt leita álits héraðsráðunautar hér um.
2. Vega- og línustæði um ræktanlegt land séu valin þannig og þess gætt við lagningu, að það torveldi sem minnst framræslu landsins og notkun til ræktunar. Að öðru jöfnu skal þess ávallt gætt, að skurðir með vegum geti komið að sem

beztum notum við þurrkun landsins. Skal þar, sem svo stendur á, undirbúningi verksins hagað í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands eða héraðsráðunaut.

Línur, sem lagðar eru í jörð á ræktuðu landi eða ræktanlegu, skulu ætið merktar svo greinilega á landinu, að ekki verði um villzt, hvar þær liggja, að öðrum kosti er ekki skylt að bæta það tjón, er hljótast kann á línum þessum við ræktunarframkvæmdir.

Þar sem línur liggja í jörð, er torvelda framræslu með opnum skurðum, er línueiganda skylt á eigin ábyrgð að sjá um uppgröft á línustæðinu á sinn kostnað þannig, að fullt frárennsli náist samkvæmt fyrirliggjandi mælingu. Tilkynna skal fyrirsvarsmönnum línueiganda með minnst fjögra vikna fyrirvara, að slíkt verk sé framundan, og síðan með tveggja sólarhringa fyrirvara, hvenær það eigi að vinnast, enda verði það þá framkvæmt án tafar.

Reynist nauðsynlegt, að dómi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, að breyta, dýpka eða gera nýtt vegræsi vegna framræslu lands, skal kostnaður sá, er af því leiðir, greiddur af vegagerðaraðila (**ríki, sýslu** eða einstaklingi) að ¾ hlutum.

3. Vegagerðaraðilar skulu haga framkvæmdum sínum þannig, að ræktanlegu landi sé ekki eytt að óþörfu og af vegagerðinni stafi eigi eyðingarhætta lands vegna jarðfoks, landbrots og þ. l. Enn fremur skal lagfæra og dreifa grasfræi og áburði í sár þau, sem myndast á grónu landi vegna vegagerðar. Náist eigi samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um framangreind atriði, sker gerðardómur, skipaður þrem mönnum, úr ágreiningi. Sé einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar af samgöngumálaráðuneytinu, en oddamann tilnefnir sýslumaður í þeirri sýslu, þar sem ágreiningur hefur orðið.

II. KAFLI

Um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta.

10. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir (sbr. þó 14. gr.):

I.	Framræsla vegna tún-, akur- eða engjaræktar (handgröftur):		
	a. Skurðir, handgrafnir	kr.	12.00 pr. m³
	b. Hnausræsi	—	9.00 — —
	c. Önnur ræsi (viðar-, grjót- og pípuræsi)	—	15.00 — —
II.	Framræsla vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgröftur):		
	a. Skurðir, vélgrafnir, 70% kostnaðar við gröft skurðanna, en hann telst þessi: Leiga greidd Vélasjóði eða öðrum aðila, viðgerðarkostnaður, sem ekki er innifalinn í leigunni, vírar, hlerar og olíur og mannahald, eftir því, sem er ákveðið eða samþykkt af stjórn Búnaðarfélags Íslands. Ákvæðisvinna skal viðhöfð við skurðgröft, þar sem því verður við komið. Ríkisframlag á vélgröfuskurði, sem ræktunarsambönd, búnaðarfélög eða einstaklingar láta grafa með eigin vélum eða leiguvélum, greiðist ekki á hærri kostnað en þann, sem Búnaðarfélag Íslands telur eðlilegan á viðkomandi ræktunarsvæði, enda leiti það upplýsinga um raunverulegan kostnað hjá Landnámi ríkisins og Vélasjóði.		
	b. Plógræsi	—	1.20 — —

III.	Jarðrækt:			
	a. Frumvinnsla lands vegna grænfóðurs- og kornræktar	kr.	800.00	pr. ha.
	b. Túnrækt á söndum	—	1100.00	— —
	c. Túnrækt á valllendi, móum og melum	—	1500.00	— —
	d. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi	—	2900.00	— —
	e. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis. Héraðsráðunautur skal samþykkja endurvinnsluna hverju sinni, áður en verkið er hafið. Framlag til endurvinnslu þýfis greiðist því aðeins, að minnst 15 ár séu liðin frá síðustu vinnslu	—	1225.00	— —
	Þau býli, sem hafa minna en 25 ha. vélfært tún, skulu njóta viðbótarframlags frá og með árinu 1964—1974, er nemi 1500.00 krónum á ha. Enn fremur skulu þau býli, þar sem ræsa þarf land til ræktunar, en eigi er unnt eða heppilegt að dómi Búnaðarfélags Íslands að nota vélgröfu til framræslunnar, njóta 18.00 kr. viðbótarframlags á hvern m³ handgrafinna skurða.			
IV.	Grjótnám úr ræktunarlandi, þar sem grjót er ekki seljanlegt	—	25.00	— m³
V.	Girðingar um ræktunarlönd með föstum horn- og hliðstólpum, og sé eigi meira en 4 m bil á milli jarðfastra staura:			
	a. Sex strengja gaddavírsgirðingar úr nýju og óskemmdu efni, og sé jafnað í lægðir eða jafngildi þeirra um vörn og varanleik, ef um vírnetsgirðingar er að ræða ..	—	4.00	— m
	b. Fimm strengja gaddavírsgirðingar úr nýju og óskemmdu efni á skurðbakka eða með undirhleðslu ..	—	3.50	— —
	c. Fjögurra strengja gaddavírsgirðing, að öðru leyti eins og undir staflið b.	—	2.70	— —
	b. Þriggja strengja gaddavírsgirðing, að öðru leyti eins og undir staflið b.	—	2.00	— —
VI.	Áburðargeymslur:			
	a. Safnþrær, alsteyptar	—	93.00	— m³
	b. Áburðarhús, haugstæði og kjallarar, steypt	—	41.00	— —
VII.	Heyhlöður og garðávaxtageymslur:			
	a. Þurrheyshlöður úr varanlegu efni	—	24.00	— —
	b. Votheyshlöður úr varanlegu efni	—	60.00	— —
	c. Garðávaxtageymslur, steyptar með þaki úr varanlegu efni	—	55.00	— —
	d. Súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöður miðað við gólfflöt og blásara	—	120.00	— m²
	e. Súgþurrkunarkerfi án blásara	—	96.00	— —

Framlag á vélgrafna skurði greiðist því aðeins, að fullnægt sé ákvæðum **22. og 23.** gr. þessara laga.

Framlag á jarðabætur greiðist því aðeins, að þær séu teknar út eigi síðar en á næsta ári, eftir að þær eru fullgerðar.

Jarðræktarframlag greiðist því aðeins, að landið sé fullunnið og jafnað og nægilega þurrt að dómi héraðsráðunautar, og að grasfræi eða akurjurtum hafi verið sáð í landið, eða það sé fullgróið túngróðri sem sjálfgræðslu.

Byggingar þær, er framlag er veitt til, skulu gerðar eftir teikningum, sem Teiknistofa landbúnaðarins viðurkennir.

Greiðsla jarðabótaframlags er bundin því skilyrði, að ræktunarsamband eða félag það, sem jarðabótamenn eru félagar í, hafi gert Búnaðarfélagi Íslands full reikningsskil fyrir síðastliðið ár og greitt lögboðið gjald í fyrningarsjóð, sbr. lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Hafi jarðabætur þær, sem framlag er veitt á að því sinni, verið unnar að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum, sem voru á vegum hlutaðeigandi ræktunarsambands eða félags, er sambandinu heimilt að halda eftir af jarðræktarframlaginu til greiðslu á vinnuskuldum.

11. gr.

Á framlög þau, er ákveðin eru í 10. og 15. gr. þessara laga, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1964. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll vísitölu þessarar í samráði við Búnaðarfélag Íslands, landnámsstjóra og Teiknistofu landbúnaðarins, og reiknar Hagstofa Íslands hana síðan árlega miðað við meðalkostnað hvers árs.

Fyrirmæli fyrri málsliða þessarar greinar um greiðslu verðlagsuppbótar á framlög gildi frá og með framkvæmdum ársins 1965.

Af jarðabótaframlögum þeim, er talin eru í 10. gr., renna 5% til hreppabúnaðarfélaga, nema af vélgröfnum skurðum 3%. Nú lætur framræslu- og áveitufélag, sem sett hefur sér samþykkt, er hlotið hefur staðfestingu stjórnarráðsins, ræsa fram lönd félagsmanna, og á þá félagið rétt á að fá þau 3%, sem greidd eru af jarðabótaframlögum vegna skurða, er félagið lætur grafa.

12. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabætur og jarðabótaframlög til hvers býlis, og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög nr. 43 23. júní 1923 gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir fjárhæðir þær, er þessum jörðum ber í jarðræktarframlögum. Skal þá skrá sérstaklega, hve mikið af framlaginu gengur til afgjaldsgreiðslu. Á sama hátt skal skrá þær jarðabætur, sem unnar eru á ræktunarlóðum í kaupstöðum og kauptúnum.

13. gr.

Ekkert ríkisframlag greiðist til jarðræktar og bygginga á því landi, sem ætla má að dómi Búnaðarfélags Íslands, að tekið verði á næstu 20 árum, eftir að verkið er unnið, til lóða undir hús, fiskreiti eða til annars, sem er óviðkomandi jarðrækt.

14. gr.

Ábúendur þeirra jarðeigna ríkisins, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 102 21. des. 1962, um ættaróðal, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, mega vinna jarðarafgjaldið af sér með þeim jarðabótum, sem framlag er veitt til samkvæmt 10. gr. Reiknast þær til afgjaldsgreiðslu 50% hærra en styrkupphæðinni nemur.

III. KAFLI

Um Vélasjóð.

15. gr.

Vélasjóður er eign ríkisins. Starfsemi sjóðsins skal vera:

1. Að kaupa vélknúnar skurðgröfur, og ef nauðsyn þykir jarðræktarvélar, og annast rekstur þeirra.
2. Að leigja ræktunarfélögum og öðrum þeim aðilum, sem nefndir eru í 20. gr., skurðgröfur.
3. Að taka að sér fyrir aðila þá, sem nefndir eru í 20. gr., vélavinnu við stærri ræktunarframkvæmdir, sem henta þykir að vinna með vélum þeim, er sjóðurinn á, eða aðilar leggja til.

4. Að aðstoða ræktunarfélög og aðra hliðstæða aðila við val, útvegun og kaup á skurðgröfum og öðrum ræktunarvélum, sem nauðsynlegar eru við stærri ræktunarframkvæmdir, svo og að gefa leiðbeiningar um meðferð og rekstur vélanna.

16. gr.

Skipa skal þriggja manna nefnd til fjögurra ára í senn, er nefnist vélanefnd ríkisins. Landbúnaðarráðherra skipar einn mann í nefndina án tilnefningar, og er hann formaður hennar, annan skipar hann samkvæmt tilnefningu Búnaðarþings, en hinn þriðja skipar hann verkfæraráðunaut Búnaðarfélags Íslands, hafi það slíkan mann í þjónustu sinni, en ella einn af jarðræktarráðunautum félagsins eftir tilnefningu stjórnar þess.

17. gr.

Starfssvið vélanefndar er:

1. Að hafa á hendi stjórn Vélasjóðs og annast alla starfsemi hans.
2. Að hafa á hendi eftirlit með viðhaldi ræktunarvéla, sem ræktunarfélög kaupa, samkvæmt þeim ákvæðum í lögum og reglugerðum, sem um það gilda á hverjum tíma.

18. gr.

Til þess að annast þau störf, sem um getur í 17. gr., ræður vélanefnd sér starfsmenn, eftir því sem þörf krefur. Verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands er framkvæmdastjóri nefndarinnar. Kostnaður við framkvæmdastjórn greiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Nú leyfir fjárhagur Vélasjóðs ekki að kaupa nægilega margar vélar til að halda uppi þeirri starfsemi, sem tilgreind er í 15. gr., svo að viðunandi sé, og leggur þá ríkissjóður fram það, sem á vantar til kaupa á slíkum vélum, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, að fengnum rökstuddum tillögum vélanefndar og meðmælum Búnaðarfélags Íslands. Vélar þær, sem þannig eru keyptar, verða eign Vélasjóðs og falla undir starfsemi hans.

20. gr.

Landþurrkunar- og áveitufélög, sem stofnuð eru samkvæmt fyrirmælum vatnalaga, nr. 15 frá 23. júní 1923, 4. og 8. kafla, hafa rétt til að fá skurðgröfur og jarðræktarvélar Vélasjóðs leigðar, eftir því sem ástæður leyfa og vélanefnd ákveður. Hið sama gildir um ræktunarframkvæmdir á vegum ríkisins, búnaðarsambönd, ræktunarsambönd, hreppabúnaðarfélög, bæjar- og sveitarfélög.

Samningar þeir, sem um getur í 1. málsgrein um leigu á ræktunarvélum og skurðgröfum á félagssvæðinu, skulu vera bindandi fyrir einstaklinga innan hvers sveitarfélags. Þetta gildir einnig um ræktunarvélar og skurðgröfur frá öðrum leigusölum eða verktökum. Búnaðarfélag Íslands hafi ávallt gert eða samþykkt fullkomnar áætlanir um framkvæmdir þær, sem gera skal.

21. gr.

Leiga fyrir vélar þær, er Vélasjóður selur á leigu samkvæmt 15. gr., staflið 2, skal miðuð við, að hún nægi til að greiða viðhald og endurnýjun vélanna.

Um leigukjör og rekstur leiguvéla skal nánar ákveðið í reglugerð.

Þá er Vélasjóður tekur að sér framkvæmdir samkvæmt 15. gr., staflið 3, skulu þeir aðilar greiða allan rekstrarkostnað og auk þess leigu fyrir vélar þær, sem notaðar eru við vinnuna, er samsvari því, er um leiguvélar er að ræða.

22. gr.

Til þess að ná sem næst jöfnunarverði á framræslukostnað opinna skurða um land allt, skal greiða gjald af hverjum vélgröfnum rúmmetra opinna skurða, er framlags njóta samkvæmt lögum þessum.

Gjald þetta skiptist að jöfnu á skurðgröfuleigu og vinnu við gröftinn, og skal í fyrsta skipti lagt á skurðgröft ársins 1965, en gjaldið ákveðst þannig:

Á gröft að 50000 m³	greiðast	4	aurar á m³
- — 50000 til 100000 m³	—	8	— - —
- — 100000 m³ og yfir	—	14	— - —

Breytingar á jöfnunargjaldi frá ári til árs, til hækkunar eða lækkunar, ákveður Búnaðarfélag Íslands eftir því, sem reynslan sýnir að þörf er á. Það reiknar og út hið árlega jöfnunargjald. Nú skiptir verktaki um gröfu á starfstímabilinu og skal þá jöfnunargjaldið reiknast sem um eina gröfu væri að ræða. Skurðgröftur Landnáms ríkisins í byggðahverfum skal vera undanþeginn gjaldi þessu.

23. gr.

Jöfnunargjaldið greiðist í sjóð, er heitir „Jöfnunarsjóður fyrir skurðgröft". Skal hann vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands.

Gröfueigandi er ábyrgur fyrir greiðslu alls jöfnunargjaldsins. Ber honum að standa skil á því til Búnaðarfélags Íslands fyrir 1. marz árið eftir að verkið var framkvæmt. Sé gjaldið ekki greitt á réttum gjalddaga, falla á það venjulegir útlánsvextir banka, eins og þeir verða á hverjum tíma, og auk þess innheimtukostnaður.

Búnaðarfélag Íslands ákveður og annast allar greiðslur úr jöfnunarsjóðnum eftir því, sem nánar verður mælt fyrir um í reglugerð, er gefin verður út samkvæmt lögum þessum.

24. gr.

Auk ríkisframlags þess, er um ræðir í öðrum kafla þessara laga, skal, þegar um áveitur er að ræða, greiða framlag til byggingar flóðgarða ⅓ kostnaðar, en byggingar flóðgátta og vatnsbrúa ½ kostnaðar, og sé verkið þá unnið eftir áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir. Framlag þetta greiðist þó eigi fyrr en fullnaðarúttekt á verkinu hefur farið fram.

IV. KAFLI

Um búskaparhæfni jarða.

25. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal fela héraðsráðunautum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir, sem telja má að séu í hættu fyrir landspjöllum, s. s. sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi, landbroti o. s. frv.

Enn fremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum eða eru óhæfar til búreksturs, s. s. vegna landsmæðar eða ónógra landgæða. Jafnframt skal athuga, hvort úr megi bæta með landaukningu frá aðliggjandi jörðum.

26. gr.

Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur héraðsráðunauta bera með sér, að jarðir séu sérstaklega athugunarverðar sem framtíðarbýli, skal félagið þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt viðkomandi héraðsráðunaut, að kanna ýtarlega búskaparskilyrði umræddra jarða, og auk þess leita álits hlutaðeigandi hreppsnefndar.

Að fengnu áliti þessara aðila skal landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands úrskurða, hvort jarðir þessar skuli framvegis njóta ríkisframlags samkvæmt lögum þessum.

27. gr.

Þegar ábúandi jarðar, sem svipt hefur verið rétti til jarðabótaframlags, sbr. 26. gr., flytur burt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, skal greiða honum úr ríkissjóði þann verðmun, sem reynist á söluverði og fasteignamatsverði húsa þeirra, er hann átti á jörðinni, ef söluverðmæti þeirra nær eigi fasteignamati, og á þá ríkissjóður forkaupsrétt að húsunum.

Vilji ábúandinn reisa nýbýli, skal enn fremur gefa honum kost á nægilegu landi, er honum verði byggt samkvæmt lögum nr. 102 21. desember 1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða, en landið skal hann hafa afgjaldslaust til lífstíðar.

V. KAFLI
Um erfðaleigulönd.

28. gr.

Þegar bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í kauptúnum óska þess, lætur Búnaðarfélag Íslands fara fram athugun á því, hvaða lönd liggja bezt við ræktun innan takmarka eða í nágrenni kaupstaðarins eða kauptúnsins. Þetta nær þó eigi til þeirra landa, sem líkur eru til, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að verði í náinni framtíð tekin til byggingarlóða eða annarra framkvæmda en ræktunar. Þegar um jarðir í eigu einstaklinga er að ræða, skal leita samþykkis til þess, að slík athugun megi fram fara.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd skal láta Búnaðarfélagi Íslands í té þær upplýsingar og skýrslur hér að lútandi, sem nauðsynlegar eru og félagið tiltekur.

29. gr.

Að lokinni þeirri athugun, er um getur í 28. gr., gerir Búnaðarfélag Íslands, eins fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og tillögur um skipulag til ræktunar og hagnýtingar þess.

Afrit af uppdrætti með tillögum um lagningu vegakerfis og skiptingu landsins, svo og tillögur um fyrirkomulag ræktunar og hagnýtingu þess, sendir Búnaðarfélag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Eru jarðabætur, sem unnar eru á slíku landi, því aðeins framlagshæfar, að fylgt sé tillögum þessum eða breytingum við þær, sem Búnaðarfélag Íslands hefur fallizt á.

30. gr.

Nú er land, sem hæft er til ræktunar, í námunda við kaupstað, kauptún eða þorp, og íbúana skortir land til afnota, skal þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd hlutast til um að fá landið. Nú takast samningar ekki um kaup eða leigu á landinu, og er þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimilt að taka landið leigu- eða eignarnámi, ef Búnaðarfélag Íslands mælir með því og Alþingi veitir til þess lagaheimild. Fer framkvæmd þess samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

31. gr.

Heimild sú til eignarnáms, sem gefin er í 30. gr., nær ekki til þess lands, sem eigandi hefur tekið til ræktunar, né þess lands, sem eigandi hefur léð öðrum til ræktunar eða notar sjálfur á annan hátt, ef það telst þeim eða honum nauðsynlegt til bjargræðis. Sama gildir um land, sem fornminjar eru á eða sérstök náttúruprýði, sem skylt er að vernda.

32. gr.

Lönd, sem tekin eru til ræktunar samkvæmt 30. gr., skulu jafnan leigð á erfðaleigu, og skal árgjaldið vera 3% af verðmæti landsins samkvæmt fasteignamati, að viðbættu virðingarverði þeirra umbóta, sem gerðar hafa verið af leigusala á landinu, eftir að fasteignamat fór fram.

33. gr.

Réttur til erfðaleigu á löndum þessum, svo og til veðsetningar á þeim, fer eftir lögum nr. 102 21. des. 1962, um ættaróðul, ættarjarðir, erfðaábúð og sölu þjóð- og kirkjujarða.

34. gr.

Um erfðaleigulönd skal jafnan gerður skriflegur samningur, og er leigutaka skylt að láta þinglýsa honum á sinn kostnað.

Í erfðaleigusamningi skulu meðal annars felast þessi ákvæði:

1. Stærð og lega erfðaleigulands, enda fylgi samningnum uppdráttur af landinu.
2. Að landið sé einungis leigt til ræktunar og óheimil sé önnur notkun þess og að gera á því önnur mannvirki, nema um það sé gerður sérstakur samningur. Sé um byggingar að ræða, skal sá hluti landsins, sem nauðsynlegur er til þeirra afnota, afmarkaður og leigjast sem byggingarlóð.
3. Á hve löngum tíma landið skuli fullræktað. Hvernig ræktunarmannvirkjum skuli við haldið og hverjum vítum vanefndir varða.

35. gr.

Hvenær sem ríkið telur sig hafa þörf fyrir erfðaleiguland til notkunar undir opinber mannvirki ríkis, hrepps eða bæjarfélags, svo og til sérstaks atvinnurekstrar, er leigutaka skylt að láta af hendi leigurétt sinn að nokkru eða öllu leyti. Fyrir leiguréttindi leiguhafa, ræktun og önnur mannvirki skal greiða honum eftir mati, nema öðruvísi semjist.

Nú krefst ríkið meira af landinu en ¼ hluta þess, og getur þá leigutaki krafizt, að landið verði allt tekið með þeim mannvirkjum, sem á því eru, eftir mati.

36. gr.

Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, sbr. 34. gr. Að öðrum kosti fellur landið aftur til eiganda, án þess að nokkuð sé greitt fyrir það, sem unnið kann að hafa verið að ræktun þess.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

37. gr.

Sá, er segir héraðsráðunaut, trúnaðarmanni, aðstoðarmanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er ríkisframlags eiga að njóta samkvæmt II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 1000—10000 krónum, og ef það er gert í eiginhagsmunaskyni, má þyngja refsinguna um helming.

Brjóti héraðsráðunautur, trúnaðarmaður, aðstoðarmaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið að hætti opinberra mála.

38. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um framkvæmd laga þessara. Búnaðarfélag Íslands gefur út fyrirmæli um gerð jarðabóta og úttekt þeirra.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965, og greiðist framlag á umbætur unnar á árinu 1964 samkvæmt þeim. Jafnframt eru úr gildi felld jarðræktarlög nr. 45 17. maí 1950, l. nr. 29 9. maí 1955, l. nr. 23 12. maí 1960, l. nr. 10 23. febr. 1963, l. nr. 26 18. apríl 1964, svo og önnur ákvæði, sem stangast kunna við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan eigi er að dómi Búnaðarfélags Íslands völ á nægilega mörgum búfræðikandidötum til að gegna héraðsráðunautarstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn ráða búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands ráðningu þeirra.

Á tímabilinu 1965—1969, að báðum árum meðtöldum, greiðir ríkissjóður fjárframlag til uppsetningar á súgþurrkunartækjum með mótor og blásara, er nemi að meðtöldum jarðræktarstyrk ⅓ kostnaðar eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur. Sé um færanlega vél að ræða, skal styrkurinn miðast við hæfilega stóran rafmagnsmótor.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Búnaðarþing 1961 kaus þriggja manna milliþinganefnd til þess að endurskoða jarðræktarlögin. Frumvarp nefndarinnar var lagt fyrir Búnaðarþing 1962, samþykkt þar með litlum breytingum og síðan sent Alþingi. Frumvarpið var ekki tekið fyrir á Alþingi, en haustið 1962 skipaði landbúnaðarráðherra þriggja manna nefnd til að endurskoða jarðræktarlögin. Í nefndinni áttu sæti Pétur Gunnarsson, deildarstjóri, Birgir Finnsson, alþingismaður, og Kristján Karlsson, fulltrúi hjá Stéttarsambandi bænda.

Að undangengnum viðræðum milli Búnaðarfélags Íslands og landbúnaðarráðuneytisins um nauðsyn á hækkun framlaga samkvæmt jarðræktarlögum, fól landbúnaðarráðuneytið Búnaðarfélagi Íslands og Landnámi ríkisins, með bréfi, dags. 10. júlí 1964, að endurskoða jarðræktarlögin, svo og jarðræktarlagafrumvarp hinnar stjórnskipuðu nefndar, „sérstaklega með það fyrir augum að kanna kostnað við jarðræktarframkvæmdir og hvað sé eðlilegt að styrkja þær framkvæmdir miðað við núgildandi verðlag og finna grundvöll vísitölu, sem tryggi, að jarðræktarstyrkir séu í eðlilegu hlutfalli við kostnað við framkvæmdir á hverjum tíma. Um könnun á þessum atriðum verði haft samráð við ráðuneytið."

Með skírskotun til samkomulags sem síðar var gert milli ríkisstjórnarinnar annars vegar og fulltrúa bænda í sexmannanefnd hins vegar um verðlagsmál, var ákvarðað, að heildarhækkun á jarðabótaframlagi ríkisins frá því, sem nú er, megi hækka um allt að 30% miðað við sömu framkvæmdir og 1963, og var endurskoðunin við það miðuð.

Enn fremur ákvað landbúnaðarráðuneytið, að 65% af launum héraðsráðunauta verði greidd af ríkissjóði.

Búnaðarfélag Íslands safnaði miklum upplýsingum úr öllum fjórðungum landsins um ræktunar- og byggingarkostnað og lét vinna úr þeim. Enn fremur lágu fyrir upplýsingar frá Landnámi ríkisins um sama efni.

Ekki var hægt að hefjast handa með sjálfa endurskoðunina fyrr en í október, að jarðræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands komu frá sumarstörfum sínum utan úr sveitum landsins.

Ráðunautarnir gerðu uppkast að frumvarpi, sem lagt var fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands. Því næst var leitað samstarfs við landnámsstjóra og síðan sameiginlega höfð samráð við landbúnaðarráðuneytið.

Búnaðarfélag Íslands og Landnám ríkisins lögðu til í frumvarpsuppkasti sínu, að í 10. gr. yrði tekinn upp nýr liður, nr. VIII, styrkur til vatnsveitna til heimilis- og búsþarfa. Styrkurinn skyldi nema ⅓ kostnaðar við vatnsupptöku (þar með talin borun fyrir vatni), vatnsgeyma og vatnsleiðslu frá vatnsupptökum að vegg íbúðarhúss.

Í framangreindu samkomulagi ríkisstjórnarinnar og fulltrúa bænda í sexmannanefnd var ekki gert ráð fyrir, að upp verði tekinn sérstakur styrkur til vatnsveitna. og treystir ráðuneytið sér ekki á þessu stigi málsins að taka þennan lið upp í frumvarpið.

Milli Búnaðarfélags Íslands og Landnáms ríkisins varð fullt samkomulag um öll meginatriði frumvarpsins að undanskilinni 12. gr. og koma fram sérálit beggja aðila um ákvæði þeirrar greinar í sérstöku fylgiskjali.

Landbúnaðarráðuneytið er samdóma áliti landnámsstjóra um, að ekki sé ástæða til að breyta núverandi skipulagi á greiðslufyrirkomulagi jarðræktarframlaga, sem veitt eru auk hins almenna jarðræktarframlags til jarða, er minni tún hafa en 25 ha, og hefur því umrædd 12. grein ekki verið tekin upp í frumvarpið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samhljóða 1. gr. gildandi jarðræktarlaga.

Um 2. gr.

Í stað „sem stjórnað er af fulltrúaráði, er nefnist Búnaðarþing" kemur eins og greinin segir: sem stjórnað er af 3 manna stjórn, sem kosin er af Búnaðarþingi. Virðist eðlilegra, að hér komi stjórn Búnaðarfélags Íslands, sem annast raunverulega stjórn og úrskurði þeirra mála, sem félaginu eru falin með lögum þessum.

Þá eru felld niður orðin „lán eða" úr fyrsta málslið, sem virðist réttmætt, þar sem önnur stofnun fer með lánveitingar, jafnvel þótt þær séu að nokkru leyti byggðar á lögum þessum.

Um 3. gr.

Orðin „mælingamanna búnaðarsambandanna" eru felld niður, en í þess stað kemur: trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands. Orðið „mælingamaður" er röng túlkun á starfi úttektarmanns jarðabóta, enda þótt hann mæli jarðabætur. Þykir réttara að tala um „aðstoðarmann" (þ. e. aðstoðarmann héraðsráðunauts, sem vinnur á hans ábyrgð).

Síðast í málsgreininni er orðið „umsjón" fellt niður, í stað kemur: yfirstjórn. Virðist eiga betur við, að Búnaðarfélag Íslands hafi meiri ítök í héraðsráðunautunum en verið hefur, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að gert er ráð fyrir, að framlag ríkisins til launa þeirra hækki úr 50% í 65%. Með meiri íhlutun Búnaðarfélags Íslands um störf héraðsráðunauta er hægt að samræma og skipuleggja betur starfsemi þeirra.

Um 4. gr.

Grein þessi svarar til 4. gr. laganna, en er verulega breytt. Nýmæli er, að hér er gert ráð fyrir ráðunautum, sem leiðbeina um notkun og meðferð landbúnaðarvéla. Takmörkun á tölu héraðsráðunauta í jarðrækt og vélbúnaði er afnumin, en lagt er til, að það verði á valdi landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, að ákveða tölu þeirra og starfssvæði.

Ný ákvæði eru um, að héraðsráðunautar skili starfsskýrslum og að stjórnir búnaðarsambandanna semji starfsáætlanir, sem ásamt starfsskýrslum héraðsráðunautanna sendist Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar og staðfestingar. Þessi ákvæði eru sett inn (sbr. 3. gr.) til þess að tryggja betri skipulagningu á ráðunautaþjónustunni og koma á meira samræmi í leiðbeiningakerfinu.

Í frumvarpinu er sett inn heimild til að ráða trúnaðarmenn í Vestmannaeyjum og Grímsey. Þetta er engin breyting frá því, sem verið hefur í framkvæmd hinna eldri laga, en nauðsynlegt þótti að taka þetta sérstaklega fram, þar sem um trúnaðarmenn verður vart að ræða nema á þessum 2 stöðum.

Um 5. gr.

Í gildandi lögum eru ákvæði um ákveðinn fl. launalaga, sem héraðsráðunautar skyldu taka laun eftir. Launalögin eru eins og kunnugt er úr gildi felld, en þar

sem héraðsráðunautar eru ekki opinberir starfsmenn, er í frumvarpinu ákvæði um, að hafa skuli hliðsjón af launakerfi ríkisins við ákvörðun launa þeirra, enda skulu laun ákveðin af landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Þá er launahlutur ríkissjóðs hækkaður úr 50% í 65% samkvæmt ábendingu landbúnaðarráðuneytisins.

Um 6. gr.

Grein þessi í frumvarpinu er færð til betra samræmis við lög Búnaðarfélags Íslands.

Nýmæli í frumvarpinu er, að „Framlag ríkisins samkvæmt lögum þessum greiðist í þeirri röð, sem úttektarskýrslur berast, að því tilskildu, að kvittanir fyrir fyrra árs framlagi hafi borizt Búnaðarfélagi Íslands." Ákvæði þetta er sett inn til þess að herða á því, að jarðabótaskýrslur og kvittanir fyrir útsendum framlögum komi sem fyrst til Búnaðarfélags Íslands, og koma í veg fyrir óþarfa tafir og skrif. Eins er nauðsynlegt vegna áætlanagerða (fjárlög o. fl.) að vita sem fyrst magn framkvæmda.

Um 7. gr.

Óbreytt.

Um 8. gr.

Svarar efnislega til 8. og 9. gr. laganna.

Um 9. gr.

Svarar til 10. gr. laganna.

Lagt er til í frumvarpinu, að þegar grafa þarf framræsluskurði um línustæði, sé línueiganda skylt á eigin ábyrgð og kostnað að sjá um uppgröft á línustæðinu. Þá eru ákvæði í frumvarpinu um tilkynningarskyldu um, hvenær verk verði framkvæmt.

Þegar línur hafa verið slitnar í sundur á undanförnum árum, hafa ýmsar orsakir orðið þess valdandi. Línuslit hefur ekki einungis orsakað verktafir og fjártjón, heldur líka langvinn málaferli. Þó að línueigandi fái uppborinn viðgerðarkostnað þann, sem verður af línuslitum, þá tapar hann oft verulegum upphæðum við það, að afnot verða engin meðan á viðgerð stendur. Jarðstrengir eru oft og einatt til stórbaga við þurrkun lands og hafa bændur orðið að þola slíkt bótalaust. Virðist full sanngirni í því, að línueigandi annist umræddar aðgerðir fyrir eigin reikning.

Á sama hátt torvelda oft vegir þurrkun landsins. Sem stendur þurfa bændur að kosta að jöfnu við vegagerðaraðila ræsi á vegum, sem gera verður vegna landþurrkunarskurða. Lagt er til í frumvarpinu, að vegagerðaraðili kosti ræsi, sem gera þarf á vegi vegna framræslu, að ¾ hlutum.

Um 10. gr., áður 11. gr.

Niðurröðun efnis er nokkuð breytt frá því, sem verið hefur, til betra samræmis.

Um leið og landbúnaðarráðuneytið fól Búnaðarfélagi Íslands og Landnámi ríkisins að endurskoða frumvarp það til jarðræktarlaga, sem samið var af nefnd, er landbúnaðarráðherra skipaði, og byggt var að mestu á frumvarpi milliþinganefndar Búnaðarþings, þá var þess getið, að frumvarpið mætti ekki gera ráð fyrir meiri hækkun jarðræktarframlags en sem næmi 30% hækkun frá núverandi ríkisframlagi til jarðabóta miðað við sama magn jarðabóta árið 1963.

Við umreikninga þessa vantar rúml. 43 þús. kr., til þess að ríkisframlagið hækki um 30% frá því, sem nú er, miðað við jafnar framkvæmdir og árið 1963.

Hér fer á eftir samanburður á framlögum samkvæmt gildandi lögum og því, sem lagt er til í frumvarpinu.

		Framlög samkv. gildandi lögum:	Framlög samkv. frumvarpinu:
I.	Framræsla vegna tún-, akur- eða engjaræktar (handgröftur).		
	a. Skurðir (handgrafnir)	kr. 6.12 pr. m³	kr. 12.00 pr. m³
	(bráðabirgðaákvæði)	— 18.35 — —	— 18.00 — —
	b. Hnausræsi	— 4.59 — m	— 9.00 — m
	c. Önnur ræsi	— 9.18 — —	— 15.00 — —
II.	a. Framræsla vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgröftur). Af rekstrarkostnaði við gröft skurðanna	65%	70%
	b. Plógræsi	— 1.22 — —	— 1.20 — —
III.	Jarðrækt.		
	a. Frumvinnsla lands vegna grænfóðurs og kornræktar (nýr liður)		— 800.00 — ha.
	b. Túnrækt á söndum	— 917.70 — ha.	— 1100.00 — —
	c. Túnrækt á valllendi, móum og melum	— 1223.60 — —	— 1500.00 — —
	d. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi ..	— 1223.60 — —	— 2900.00 — —
	e. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis	— 2753.10 — —	— 1225.00 — —
IV.	Grjótnám úr ræktunarlandi, þar sem grjót er ekki seljanlegt	— 24.47 — m³	— 24.00 — m³
V.	Girðingar:		
	a. Sex strengja gaddavírsgirðing ...		— 4.00 — m
	b. Fimm strengja gaddavírsgirðing .	— 1.84 — m	— 3.50 — —
	c. Fjögurra strengja gaddavírsg. ..		— 2.70 — —
	d. Þriggja strengja gaddavírsgirðing		— 2.00 — —
VI.	Áburðargeymslur:		
	a. Safnþrær alsteyptar	— 55.06 — m³	— 93.00 — m³
	b. Áburðarhús	— 30.59 — —	— 41.00 — —
	(b.) Haugstæði og kjallarar, steypt ..	— 18.35 — —	— 41.00 — —
VII.	Heyhlöður og garðávaxtageymslur:		
	a. Þurrheyshlöður úr varanlegu efni	— 6.12 — —	— 24.00 — —
	b. Votheyshlöður úr varanlegu efni .	— 33.65 — —	— 60.00 — —
	c. Garðávaxtageymslur	— 33.65 — —	— 55.00 — —
	d. Súgþurrkunarkerfi með blásara .	— 110.12 — m²	— 120.00 — m²
	e. Súgþurrkunarkerfi án blásara ...	— 73.42 — —	— 96.00 — —
VIII.	Vatnsveitur til heimilis- og búsþarfa (nýr liður)		⅓ af samþykktum kostnaði.

Ákvæði það, sem nú er í jarðræktarlögum um 1500.00 kr. aukaframlag á ha. til nýræktar á býlum, sem hafa minna en 25 ha. tún, er hér fært sem viðbót við III. lið 10. gr.

Á framangreindum samanburði sjást þær breytingar, sem gerðar hafa verið.

Flokkunin undir V. tölulið byggist á frumvarpi til girðingarlaga, sem nú liggur fyrir Alþingi og gert er ráð fyrir að nái fram að ganga óbreytt í þessum atriðum.

Um 11. gr., áður 12. gr.

Í 11. gr. frumvarpsins eru ný ákvæði um greiðslu verðlagsuppbótar samkvæmt jarðræktarvísitölu, sem háð er breytingum á tilkostnaði við framkvæmdir, og er grunntalan miðuð við meðalkostnað ársins 1964. Þá eru ákvæði um, hvaða aðilar láti Hagstofu Íslands í té þær upplýsingar um tilkostnað, sem vísitalan byggist á hverju sinni.

Með þessu ákvæði eru slitin úr tengslum ákvæði þau, sem í gildandi lögum eru um, að greiðsla verðlagsuppbóta á jarðabætur sé bundin vísitölu framfærslukostnaðar. Það ástand, sem í þessum málum hefur ríkt á undanförnum árum, er algerlega óviðunandi, þar sem vísitala á jarðabætur hefur verið óbreytt, frá því að lög um efnahagsmál komu til framkvæmda árið 1960.

Á tímabilinu frá 1959 til og með 1964 hefur kostnaður við ræktun túna úr mýrlendi, svo eitt dæmi sé tekið, hækkað úr kr. 8190.00 í kr. 14389.00, eða um tæp 76% á ha. samkvæmt virðingu Landnáms ríkisins vegna lántöku bænda úr Ræktunarsjóði.

Um 12., 13. 14., 15., 16., 17., 18. og 19. gr.

Allar óbreyttar.

Um 20. gr.

Bætt er inn í greinina nýjum ákvæðum, til þess að fyrirbyggja, að einstakir bændur geti gengið fram hjá sínum eigin félagsskap og samið við einhvern verktaka, sem leitast við að velja úr beztu verkefnin, en ganga fram hjá þeim, sem lakari eru.

Um 21. gr.

Óbreytt.

Um 22. og 23. gr., sem eru nýjar greinar.

Undanfarið hefur Vélasjóður annazt meginhluta af grefti þurrkskurða fyrir bændur landsins. Á ýmsum stöðum, þar sem gröftur hefur orðið erfiðastur og langt er á milli vinnustaða, hefur grafturinn orðið mun dýrari en almennt gerist. Á þessum stöðum hefur Vélasjóður skaðazt á greftinum, þar eð leigugjaldið hefur verið hið sama um land allt, fyrir skurðgröfur sömu tegundar.

Vélasjóður hefur því rekið eins konar verðjöfnunarstarfsemi í sambandi við gröftinn, þar sem ágóðinn af góðu svæðunum hefur verið látinn jafna hallann á þeim lakari.

Á síðustu tveim árum hafa nokkrir einstaklingar gerzt verktakar í skurðgrefti með eigin vélum. Þeir hafa eðlilega valið úr beztu landsvæðin, en þó ekki grafið fyrir lægra heldur sama gjald og Vélasjóður. Þar með er fyrirbyggður möguleiki Vélasjóðs til verðjöfnunar, og jafnframt er stefnt að hærri útgjöldum fyrir ríkissjóð í framtíðinni.

Til þess að koma aftur á verðjöfnun, sem verður að teljast bæði sanngjörn og nauðsynleg, er hér lagt til, að sett verði verðjöfnunargjald á allan vélgröft skurða, sem ríkisframlag er veitt til. Með gjaldi þessu verði stofnaður „Jöfnunarsjóður fyrir skurðgröft“, sem verði í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, er annast greiðslur úr honum til verðjöfnunar.

Um 24. gr., áður 23. gr.

Óbreytt.

Um 25. gr., áður 24. gr.

Litlar breytingar, sem ekki þurfa skýringar við.

Um 26. gr., áður 25. og 26. gr.

Hér eru tvær greinar sameinaðar með nokkrum breytingum, er ætla má, að styðji að hagkvæmari framkvæmd málsins hverju sinni.

Um 27. gr., áður 27. gr.

Þessi grein er óbreytt.

Um 28., 29., 30., 31., 32., 33., 34., 35. og 36. gr.,
sem áður voru 28., 29., 30., 31., 32., 33., 34., 35. og 36. gr.

Allar óbreyttar.

Um 37. gr., áður 37. gr.
Hér eru aðeins gerðar orðalagsbreytingar til samræmis (sbr. 4. og 5. gr.).

Um 38. gr., áður 38. gr.
Greinin efnislega óbreytt.

Um 39. gr., áður 39. gr.
Þarf ekki skýringa við.

Um ákvæði til bráðabirgða.
Síðari málsgrein er breytt til samræmis við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar.

Fylgiskjal.

Tillaga Búnaðarfélags Íslands um greiðslufyrirkomulag á jarðræktarframlögum.

Ný grein, er verði 12. gr., svo hljóðandi:

Á tímabilinu 1965—1975, að báðum árum meðtöldum, skal ábúendum jarða, sem eru í lögformlegri ábúð eða sjálfsábúð og hafa minni véltæk tún en 25 ha., veitt óafturkræft framlag á úttekna ræktun að því marki, að þessari túnstærð sé náð.

Ákvæði þetta nær til býla, þar sem athuganir viðkomandi héraðsráðunautar hafa leitt í ljós, að aukin ræktun geti tryggt bændum viðunandi lífsafkomu á jörðunum og sé líkleg til að koma í veg fyrir, að jarðirnar fari í eyði. Verði ágreiningur milli héraðsráðunautar og jarðabótamanns um hæfni býlis til framtíðarbúreksturs, skal landbúnaðarráðherra skera úr að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Óafturkræft framlag skal vera, að viðbættu framlagi samkvæmt jarðræktarlögum, 50% af ræktunar- og girðingarkostnaði eftir meðalverði ár hvert, og greiðist sama árið og úttekt fer fram.

Framræslukostnaður og framlag til hans samkvæmt jarðræktarlögum koma ekki til greina við útreikning framlags samkvæmt þessari grein.

Búnaðarfélag Íslands skal gera sérstaka skýrslu til ríkissjóðs um það viðbótarríkisframlag, sem hver einstakur jarðabótamaður fær samkvæmt þessari grein, og hafa á hendi útborgun þess.

Greinargerð Búnaðarfélagsins er þessi:

Grein þessi felur í sér ákvæði 60. gr. laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Þegar þau lög voru sett á Alþingi 1962, var tekið upp í þau tímabundið ákvæði um aukalegt jarðræktarframlag til að sporna við því, að jarðir færu í eyði vegna skorts á ræktun.

Hliðstæð tímabundin ákvæði um hærra jarðabótaframlag hafa með þessari undantekningu jafnan fylgt jarðræktarlögum. Með þeirri breytingu, sem Búnaðarfélag Íslands leggur nú eindregið til að gerð verði, eru ákvæði um öll almenn jarðræktarframlög úr ríkissjóði aftur færð í ein lög, jarðræktarlögin. Gildandi lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins o. fl. þarf að sjálfsögðu að breyta til samræmis við lög þessi.

Búnaðarfélag Íslands hefur, frá því að jarðræktarlög voru fyrst sett árið 1923, haft á hendi framkvæmd þeirra. Það heldur spjaldskrá yfir allar jarðabætur, sem teknar hafa verið út, síðan jarðræktarlög voru sett. ásamt þáverandi stærð túna. Það hefur ætíð séð um úttekt jarðabóta, sem trúnaðarmenn þess hafa framkvæmt, og annazt greiðslur á framlögum vegna jarðræktarframkvæmda.

Hin nýja tilhögun, er Landnámi ríkisins var falið að greiða aukalegt jarðabótaframlag á sömu jarðræktarframkvæmdir og Búnaðarfélag Íslands sér um úttekt á og styrkgreiðslur fyrir hönd ríkisins, hefur komið bændum undarlega fyrir sjónir og veldur óþarflega flóknu greiðslukerfi.

Við þær breytingar, sem gerðar voru á stofnlánadeildarlögunum árið 1964 og jarðræktarlögum sama ár og taka til þess, að hærri framlög ríkissjóðs á úttekna ræktun ná nú til 25 ha. í stað 10 ha. og 15 ha. áður, er talið, að þessi framlög nái til 3800 býla, þ. e. mikils meiri hluta bænda í landinu. Með þessu er stigið stórt skref í þá átt að auka meðalbústærð í landinu, og tekur það til hverrar einustu sveitar. Þegar svo er komið, er um að ræða almennar ráðstafanir til aukningar jarðræktar á Íslandi, en ekki sérstök úrræði til að koma í veg fyrir, að einstakar jarðir fari í eyði, enda þótt dregið sé úr þeirri hættu með þessum ákvæðum.

Síðan stofnlánadeildarlögin voru sett, hefur ríkisstjórnin ákveðið með samkomulagi við Stéttarsamband bænda að verja fimm milljónum króna árlega næstu fimm ár til hjálpar þeim bændum, sem verst eru settir, og til að koma í veg fyrir, að einstakar sveitir eða sveitarhlutar fari í eyði. Er eðlilegt að álíta, að þær ráðstafanir geri það kleift að finna raunhæfari leiðir til úrbóta, þar sem sérstök hætta er á, að búskapur leggist niður, heldur en tök eru á með hinu almenna ákvæði 60. gr. stofnlánadeildarlaga.

Með tilliti til þess, hve framlög samkvæmt þessari grein ná til margra bænda, þykir einnig rétt að tryggja í lögum, að allir þeir jarðabótamenn, sem ákvæði greinarinnar ná til, njóti sama framlags á sömu framkvæmdir.

Með þessari breytingu er ekki raskað framkvæmd annarra ákvæða í lögum um stofnlánadeild, og framlög til nýbýlastofnunar, endurbygginga jarða og til íbúðarhúsbygginga til þeirra bænda, er hafa örðugan fjárhag, yrðu áfram veitt samkvæmt þeim lögum. Hins vegar mun liggja ljósar fyrir, hve miklu ríkisframlagi er varið til jarðræktar sérstaklega, auk þess sem verið er að sameina í heildarlöggjöf um jarðrækt alla almenna þætti hennar.

Greinargerð landnámsstjóra er svo hljóðandi:

Landnámsstjóri getur ekki fallizt á þá tillögu Búnaðarfélags Íslands um, að 12. gr. sé tekin upp í frumvarp þetta né eigi þar heima.

Eigi er heldur hægt að fallast á þau rök Búnaðarfélagsins í greinargerðinni, að eðlilegt sé að taka upp í jarðræktarlög eina grein (60. gr.) úr stofnlánadeildarlögum, enda myndi slík breyting verða að leiða af sér víðtæka endurskoðun VIII. kafla Stofnlánadeildarlaga.

Ákvæði núgildandi 60. gr. Stofnlánadeildarlaga eru tekin inn í lögin árið 1957, sem þá hétu lög um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. 38. gr. þeirra laga.

Við undirbúning þeirra laga unnu árið 1956 tveir þáverandi og núverandi stjórnarnefndarmenn Búnaðarfélags Íslands og áttu sinn hlut í því, að þessi ákvæði voru sett inn í landnámslögin, og annar þeirra átti frumkvæði þar að. Verður ekki séð, að frá þeim tíma hafi aðstæður breytzt, er gefi tilefni til þeirra breytinga, er felast í tillögum Búnaðarfélags Íslands að taka ákvæði 60. gr. Stofnlánadeildarlaga inn í jarðræktarlögin nú.

Allur VI. kafli landnámslaga 1957, sem er VIII. kafli Stofnlánadeildarlaga nú, felur í sér opinberar ráðstafanir, er miða að því, að nýbýlastjórn ríkisins eigi að stuðla að endurbyggingu eyðijarða, hafa eftirlit með ábúð á jörðum og veiti sérframlög til jarða, þar sem ræktun er skemmst á veg komin, þar sem slíkar ráðstafanir eru líklegar til að fyrirbyggja, að annars byggilegar jarðir fari í eyði. Hér er því ekki aðeins um að ræða veitingu framlaga til ræktunar, heldur einnig stuðla að uppbyggingu húsakosts og útrýmingu heilsuspillandi íbúðarhúsnæðis í sveitum landsins. Allur VIII. kafli Stofnlánadeildarlaga er samræmd heild til stuðnings því að grundvalla bústærðir og búseiningar, er fullnýtt geti tæknibúnað við bústörf, og efla búin til þeirrar stærðar, sem hagfelld er, miðað við vinnuafl, sem til umráða er, að búendur geti haft sómasamlega lífsafkomu.

Að þessu máli hefur verið unnið allt frá árinu 1957, með gagnasöfnun, framkvæmd túnmælinga og kortagerð túna í öllum sýslum á landinu, og hefur Búnaðarfélag Íslands haft fullan aðgang og afnot þessara gagna. Jafnframt hefur verið haldin jarðaskrá yfir allar byggðar jarðir í landinu frá því árið 1955, um búendur,

ábúðarhreyfingar og hverjum bústofni er framfleytt á hverri jörð ár hvert. Þá hefur og verið aflað jarðalýsinga um allar eyðijarðir í landinu, eigendur þeirra og hvernig jarðirnar eru nytjaðar.

Að þessum gögnum fengnum hefur verið haft fullt samráð við ræktunarsamböndin og héraðsráðunauta um að stuðla jafnan fyrst að ræktun, þar sem þörfin er mest og þar sem ræktun gat að því stutt að fyrirbyggja, að jarðir fari í eyði.

Eigi er hægt að fallast á þann rökstuðning, sem fram kemur í greinargerðinni, að bændum komi greiðslufyrirkomulagið undarlega fyrir sjónir. Framlögin eru greidd til bænda fyrir milligöngu ræktunarsambanda, sem eiga lögveð í framlögunum, og hingað til hafa greiðslur farið fram strax og héraðsráðunautar hafa sent landnáminu úttektir þeirra aðila, er styrkrétt hafa, enda fá héraðsráðunautar túnmælingaskrá síns héraðs frá því. Hér er því ekki um að ræða flókið greiðslukerfi.

Hér er um að ræða tímabundin framlög til hverrar jarðar þar til ræktun hefur náð 25 ha. marki, og þar sem þessi sérframlög ná alls ekki til allra jarða í landinu, en veitt fyrir atbeina ríkisins í sambandi við aðrar ráðstafanir þess til að tryggja búsetu á jörðum, getur ekki talizt óeðlilegt, að einn aðili fari með þær ráðstafanir, sem ríkisvaldið gerir með samræmdu átaki, og að það feli þeirri ríkisstofnun, sem lögum samkvæmt er ætlað það hlutverk að skipuleggja uppbyggingu í sveitum landsins, að fara með þessi mál undir umsjá þingkjörinnar stjórnarnefndar og yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

Með tilvísun til þess, að VIII. kafli Stofnlánadeildarlaga er samræmd heild, lít ég svo á, að ekki komi til greina að slíta úr samhengi við hana eina grein eða að fela tveimur aðilum framkvæmd hans.

Samkvæmt því legg ég til, að 12. grein frumvarpsins verði felld úr frumvarpinu.

Nd. 152. Frumvarp til laga [103. mál]

um breyting á lögum nr. 97 18. des. 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsráð skal við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávarafla m. a. hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslukostnaði þeirra.

Skal verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda fyrir eitt ár í senn og aldrei fyrir skemmri tíma en eitt veiðitímabil. Nánari skýrgreiningu á veiðitímabilinu skal ráðherra ákveða með reglugerð.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú næst ekki einróma samkomulag í verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða verð sjávarafla í heild fyrir tilskilinn tíma, og skal þá vísa ágreiningsatriðunum til sérstakrar yfirnefndar. Skal hún skipuð fimm mönnum, tveimur tilnefndum af fisksöluaðilum í verðlagsráði og skal annar tilnefndur úr hópi fulltrúa L.Í.Ú., og má hann ekki eiga aðild að fiskkaupum, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum fiskkaupenda þeirra, sem tilnefna menn í verðlagsráðið skv. B-lið 1. gr., en hinn úr hópi sjómannafulltrúa, tveimur tilnefndum af fiskkaupendum í verðlagsráði, og skal a. m. k. annar tilnefndur af þeim aðila, sem ágreiningur er við, og oddamanni, sem er forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans.

Þannig skipuð fellir yfirnefndin fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði, og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eftir úrskurð yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins 20. janúar s. l., kom í ljós, að sumir þeir aðilar, er fulltrúa eiga í verðlagsráði, voru óánægðir með 1. málslið 7. greinar laga nr. 97 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins. Þótti þeim verðlagsráði sniðinn of þröngur stakkur hvað snertir sjónarmið þau, er leggja skal til grundvallar við ákvörðun verðlagsráðs um lágmarksverð sjávarafla. Einkum töldu fulltrúar fiskseljenda óheppilegt, að ekki væri tekið fram í lögunum, að kostnaður við öflun fisksins og verkun skyldi hafa áhrif á verðið. Hefur ósamkomulag aðila um þetta atriði magnazt síðan, og er svo komið, að yfirnefnd verðlagsráðsins má heita óstarfhæf.

Tilgangur laganna um verðlagsráð sjávarútvegsins var í upphafi sá, að með tilkomu verðlagsráðs yrði sanngjarnlega skipt þeim verðmætum, sem fyrir hendi væru, milli fiskseljenda og fiskkaupenda. Ætti sú breyting á lögunum, sem hér er lögð til, að gera kleift, að svo verði einnig í framtíðinni. Með frumvarpinu eru verðlagsráði gefnar allfrjálsar hendur um verðlagsákvarðanir innan þess ramma, sem gildandi gengi krónunnar setur, en þau grundvallarsjónarmið, sem ríkja skulu við ákvörðun um lágmarksverð á sjávarafla, eru áréttuð til leiðbeiningar. Skal þar taka tillit til hagsmuna beggja aðila, fiskkaupenda og fiskseljenda.

Enn fremur er sú breyting gerð á 9. gr. laganna, að forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar er sjálfkjörinn oddamaður yfirnefndar.

Þessi skipan er hliðstæð því, að hagstofustjóri er oddamaður við ákvörðun á verði landbúnaðarafurða. Ætti hún að tryggja betur en verið hefur, að samræmi skapist í úrskurðum nefndarinnar, og auðvelda það, að verðlagsákvarðanir séu teknar á grundvelli sem fullkomnastra upplýsinga um afkomu hinna ýmsu greina sjávarútvegsins og launaþróunar í landinu og með tilliti til almennra aðstæðna þjóðarbúskaparins. Þar sem um margar verðlagsákvarðanir er að ræða á hverju ári, þykir rétt að gera forstöðumanni Efnahagsstofnunarinnar kleift að setja fulltrúa í sinn stað.

Nd. 153. Frumvarp til laga [104. mál]

um landgræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

I. KAFLI
Markmið og stjórn.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er:

1. Að koma í veg fyrir eyðingu gróðurs og jarðvegs.
2. Að græða upp eydd og vangróin lönd.

2. gr.

Landgræðsla ríkisins fer með landgræðslumál samkvæmt lögum þessum. Starfsemin greinist í tvo þætti:

1. Sandgræðsla (uppgræðsla), sem er hefting jarð- og sandfoks og græðsla gróðurlausra og gróðurlítilla landsvæða.
2. Gróðurvernd, sem kemur í veg fyrir ofnotkun gróðurs, hindrar hvers konar skemmdir á gróðurlendi og bætir gróið land til að auka mótstöðuafl þess gegn eyðingu.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn landgræðslumála. Hann skipar landgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, sem jafnframt hefur umsjón með landgræðslumálum fyrir hönd ráðherra.

Landgræðslustjóri skal hafa háskólapróf í búfræði eða hliðstæðum greinum. Ráðherra skipar og fulltrúa landgræðslustjóra, er fullnægi sömu menntunarskilyrðum, svo og annað starfsfólk. Jafnan skal fela fulltrúa sérstaklega meðferð annars hvors þáttar landgræðslumála samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Landgræðslustjóra er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að ráða landgræðsluverði sér til aðstoðar.

II. KAFLI
Uppgræðsla.

5. gr.

Landgræðslustjóri hefur eftirlit með þeim löndum, sem þegar hafa verið tekin til græðslu. Hann skal kynna sér staðhætti, þar sem hætta stafar af jarð- og sandfoki, og gera ráðstafanir til að hefta slíkt eins og föng eru á. Hann annast og græðslu eyddra og vangróinna landa. Þau verk skulu ganga fyrir, sem forða eiga jörðum og sveitum frá yfirvofandi hættu.

Gera skal kostnaðaráætlun um hvert verk, áður en hafið er.

6. gr.

Þar, sem henta þykir, skal kosta kapps um að koma upp skógi og kjarri innan landgræðslugirðinga. Skógrækt ríkisins skal veita landgræðslunni leiðbeiningar um þessa ræktun.

7. gr.

Landgræðsla ríkisins skal afla sér fullkomins umráðaréttar yfir landi því, sem hún tekur til heftingar á jarð- og sandfoki eða endurgræðslu, á eftirfarandi hátt:

1. Með samningi til svo langs tíma, sem landgræðslustjóra þykir þurfa. Eigendur eða leigutakar skulu hafa forgangsrétt að landsnytjum gegn hæfilegu gjaldi, þegar uppgræðsla er svo vel á veg komin, að nytja megi landið að dómi landgræðslustjóra.
2. Með eignarnámi, ef umráðaréttur fæst ekki á annan hátt, sbr. lög um eignarnám, nr. 61 frá 14. nóv. 1917. Eignarnám skal þó eigi framkvæma, nema rannsókn samkvæmt 40. gr. sýni, að þess sé þörf, og að fengnu áliti stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Áður en aflað er umráðaréttar yfir landi samkvæmt þessari grein, skal landgræðslustjóri senda landbúnaðarráðuneytinu rökstuddar tillögur um málið. Ráðuneytið tekur síðan ákvörðun um framkvæmdina.

8. gr.

Heimilt er að styrkja landeigendur með framlagi úr ríkissjóði til að koma upp girðingu um uppblásturssvæði, græða það og halda girðingu við, meðan á græðslu stendur. Styrkir mega nema allt að ⅔ kostnaðar við þessar framkvæmdir.

Umsóknir um styrk til þessa skal senda landgræðslustjóra ásamt lýsingu á staðháttum og ástæðum fyrir umsókninni. Þegar landgræðslustjóri hefur kynnt sér málið, sendir hann umsóknina með greinargerð og kostnaðaráætlun til landbúnaðarráðuneytisins, sem tekur ákvörðun um styrkveitingu.

Til tryggingar því, að landeigandi greiði sinn hluta kostnaðar, skal hann setja landið að veði. Hrepps- eða sýslunefnd er heimilt að taka ábyrgð á, að framlag landeiganda sé innt af höndum, og kemur þá sú ábyrgð í stað veðsetningar.

Áður en verk er hafið, skulu landgræðslustjóri og landeigandi gera með sér samning um umráð lands og framkvæmdir, meðan á græðslu stendur. Þegar landið er fullgróið að dómi landgræðslustjóra, skal jarðeigandi taka við því. Landgræðslustjóri getur sett reglur um meðferð landsins, sem jarðeiganda er skylt að hlíta.

Fáist arður af landgræðslusvæðinu, meðan á græðslu stendur, skal hann ganga upp í kostnað við landgræðsluna, unz afhending fer fram.

Eigi fleiri en einn landeigandi hlut að máli, má binda stuðning ríkissjóðs því skilyrði, að þeir stofni til félagsskapar um framkvæmdir. Skal þá farið eftir ákvæðum IV. kafla laganna.

9. gr.

Í nágrenni landgræðslusvæða er heimilt að taka efni til afnota við landgræðsluna, svo sem vatn, jarðefni, þara og fræ. Þó má ekki taka efni þannig, að landspjöll verði að, nema brýna nauðsyn beri til. Landeigandi á rétt til bóta eftir mati, ef samningar takast ekki.

10. gr.

Nú er sett girðing fast við landgræðslugirðingu eða áfast henni, og skulu þá vera hlið á henni eigi fjær en 50 metra frá landgræðslugirðingunni, svo að vinna megi tálmunarlaust að henni.

11. gr.

Landgræðslugirðingar skulu vera fjárheldar. Skulu þær a. m. k. vera 6 strengja gaddavírsgirðingar eða gerðar úr öðru efni, sem ekki veitir minni vörn, t. d. háu vírneti eða vírneti ásamt gaddavírsstrengjum.

Hornstólpar skulu standa minnst 1.25 metra í jörðu, nema festir séu í klöpp. Þeir skulu steyptir niður eða púkkað með þeim og styrktir með stögum. Hliðstaurar skulu festir á svipaðan hátt.

Liggi landgræðslugirðing yfir alfaraleið, skal vera traust hlið á girðingunni, sem auðvelt er að opna og loka. Vegfarendum er skylt að loka hliðum, enda sé aðvörun þess efnis við hliðið. Varðar sektum, ef út af er brugðið, og bótaskyldu, ef tjón verður á gróðri af þessum sökum.

Hver, sem verður þess var, að girðing skemmist svo, að hætta sé á, að hún haldi ekki sauðfé, skal, ef við verður komið, skýra hreppstjóra eða eftirlitsmanni frá því hið fyrsta.

Landgræðslustjóri getur bannað alla umferð um landgræðslusvæði, þar sem honum þykir ástæða til. Skal þá bannið auglýst við girðingarhliðin.

12. gr.

Þegar land, sem Landgræðsla ríkisins hefur tekið til græðslu með samkomulagi, sbr. 7. gr., er svo vel gróið að dómi landgræðslustjóra, að eigi er nauðsyn frekari aðgerða frá hendi landgræðslunnar, skal afhenda það aftur eigendum. Landgræðslustjóri setur reglur um meðferð landsins.

13. gr.

Land, sem Landgræðsla ríkisins hefur eignazt skv. 2. tölulið 7. gr. þessara laga, má selja með samþykki landbúnaðarráðherra, þegar það hefur verið endurgrætt.

Eigandi þeirrar jarðar, sem landið áður fylgdi, skal hafa forkaupsrétt og leigutaki að eiganda frágengnum. Noti hvorugur rétt sinn, skal fylgt ákvæðum laga nr. 40 frá 5. apríl 1948 við söluna. Hafi sveitarfélag eða bæjarfélag átt landið áður, er þeim skylt að taka við landinu, ef landgræðslustjóri krefst þess. Hann setur reglur um meðferð landsins og er kaupendum og síðari eigendum skylt að hlíta þeim. Skal þinglýsa reglunum sem kvöð á jörðinni.

14. gr.

Hefjist uppblástur eða landskemmdir að nýju á landi, sem afhent hefur verið eða selt samkvæmt 12. og 13. gr., er landeiganda skylt að græða það aftur á sinn kostnað, nema uppblásturinn og skemmdirnar séu ekki meðferð hans eða vanrækslu að kenna.

Vanræki landeigandi nauðsynlegar aðgerðir eftir aðvörun landgræðslustjóra, má landgræðslan láta vinna verkið á hans kostnað eða taka landið eignarnámi, sbr. 7. gr.

15. gr.

Þegar land í eigu Landgræðslu ríkisins er að dómi landgræðslustjóra svo gróið, að nytja megi, skal gefa bændum kost á að nytja það, enda sé þess ekki þörf undir ríkisbú. Skal landgræðslustjóri annaðhvort leita tilboða um afnotaréttinn eða leigja hann samkvæmt mati. Landgræðslustjóri setur reglur um meðferð landsins.

16. gr.

Komist búfé inn á landgræðslusvæði, sem halda skal friðuðu og girt er ógallaðri girðingu, skal landgræðslustjóri eða eftirlitsmaður hans láta merkja það fé og tilkynna hreppstjóra, en hann tilkynnir það eigendum fjárins. Komist sömu skepnur þrásinnis inn á svæðið, og göllum á girðingu verði eigi um kennt, getur landgræðslustjóri krafizt þess, að hreppstjóri láti lóga skepnunum og komi afurðum í verð. Landgræðslan greiðir síðan þann mismun, sem á kann að vanta, að eigandi fái fullt verð. Rísi ágreiningur, skal úr honum skorið með mati tveggja dómkvaddra manna. Eigi hreppstjóri eða vandamenn hans hlut að máli, kveður sýslumaður óvilhallan mann í hans stað, er gegni skyldum hreppstjóra samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

III. KAFLI
Gróðurvernd.

17. gr.

Land skal nytja svo, að eigi valdi rýrnun eða eyðingu landkosta. Sá, sem landspjöllum veldur með mannvirkjagerð eða á annan hátt, er skyldur að bæta þau.

18. gr.

Landgræðsla ríkisins skal hafa gát á meðferð á gróðri landsins og vinna gegn því, að hann eyðist fyrir ofnotkun eða aðra óskynsamlega meðferð.

Hún skal einnig fylgjast með því, að landspjöll séu eigi unnin að óþörfu, og segja fyrir um, hvernig þau skuli bæta.

Þar sem hætta er á gróðurrýrnun eða eyðingu, ber að leiðbeina búendum um meðferð lands og gróðurs.

Spilli náttúruhamfarir grónu landi, skal landgræðslan gera ráðstafanir til endurgræðslu, ef þess er kostur.

Þar, sem gróðurverndar er þörf, skal að henni unnið svo sem segir í þessum kafla og samkvæmt reglum, sem um það verða settar.

19. gr.

Gróðurverndarnefnd skal starfa í hverri sýslu, þar sem landgræðslustjóri telur þess þörf. Sýslunefnd kýs 3 menn í nefndina til 4 ára í senn, að fengnum tillögum búnaðarsambands héraðsins. Nefndin skal halda gerðabók um störf sín og senda sýslunefnd og landgræðslunni árlega skýrslu. Funda- og ferðakostnaður nefndarmanna greiðist til helminga úr sýslusjóði og af landgræðslunni.

20. gr.

Gróðurverndarnefndir skulu starfa í samvinnu við Landgræðslu ríkisins. Þær skulu fylgjast með notkun afrétta og heimalanda innan sýslunnar.

Heimilt er landgræðslustjóra að setja reglur um störf gróðurverndarnefnda.

21. gr.

Berist gróðurverndarnefnd rökstudd skýrsla um þörf gróðurverndar á einstökum jörðum eða stærri landsvæðum, skal nefndin kynna sér málavöxtu. Sjái nefndin ástæðu til, sendir hún landgræðslustjóra greinargerð um málið.

Telji landgræðslustjóri, að um gróðureyðingu sé að ræða, gerir hann tillögur um málið og leitar samkomulags við landeigendur til úrbóta. Hafi gróðurverndin verulegan kostnað í för með sér, má veita styrk samkvæmt 8. gr. að fengnu samþykki ráðuneytisins.

Eigi fleiri en einn landeigandi hlut að máli, má binda stuðning landgræðslunnar því skilyrði, að þeir stofni til félagsskapar um framkvæmdir. Skal þá farið eftir ákvæðum IV. kafla þessara laga.

22. gr.

Náist ekki samkomulag um aðgerðir milli landgræðslustjóra og landeiganda, getur landgræðslustjóri látið fram fara rannsókn á jörð eða landsvæðum samkvæmt 40. gr.

Leiði rannsókn í ljós, að brýn þörf sé gróðurverndar, getur landgræðslustjóri krafizt nauðsynlegra aðgerða af landeiganda. Verði hann ekki við þeirri kröfu, getur landgræðslan á kostnað landeiganda framkvæmt aðgerðirnar, að fengnu samþykki ráðuneytisins. Styrkja má þessar framkvæmdir með allt að ⅓ hluta kostnaðar.

23. gr.

Telji landgræðslustjóri, að gróðurverndar sé þörf sakir þess að heimalönd eða afréttir hafi eigi nægilegt beitarþol fyrir þann búpening, sem á þeim gengur, skal hann leita samkomulags við landeigendur til úrbóta.

Náist ekki samkomulag, skal hann láta rannsaka beitarþol viðkomandi landa samkv. 40. gr.

Leiði rannsóknin í ljós, að löndunum sé ofboðið, er landgræðslustjóra skylt að krefjast ítölu í þau.

Ítala skal gerð af ítölunefnd, er skipuð sé af þeim aðilum, sem um getur í 5. gr. laga um ítölu, nr. 39 23. maí 1959, og gilda þá um störf hennar ákvæði nefndra laga.

24. gr.

Verði búandi að skerða bústofn sinn verulega vegna ítölu, skulu gróðurverndarnefnd og landgræðslan vera honum til ráðuneytis, hverra úrræða sé helzt að leita til að koma í veg fyrir tekjumissi.

25. gr.

Héraðsráðunautum búnaðarsambandanna er skylt að fylgjast með því, svo sem ástæður leyfa, hvort gróðri hnignar mjög í heimalöndum og afréttum sökum ofbeitar eða hvort land fer í örtröð, og skýra landgræðslustjóra frá því.

IV. KAFLI
Félög til landgræðslu.

26. gr.

Heimilt er bændum, sveitarfélögum eða sýslufélögum að stofna félög til landgræðslu.

27. gr.

Landgræðslustjóri skal semja drög að samþykktum félaga þeirra, sem um getur í 26. gr.

28. gr.

Vilji þeir, sem um getur í 26. gr., stofna slíkt félag, leita þeir álits og tillagna landgræðslustjóra. Að því fengnu, geta þeir boðað til undirbúningsfundar á fyrirhuguðu félagssvæði. Þar skal kjósa nefnd, er vinni að félagsstofnuninni.

Kveðja skal til fundar eigendur allra jarða, sem ætla má að hafi not af félagsskapnum. Séu jarðir í erfðafestu, skal boða erfðafestuhafa í stað landeiganda. Eigi félag land, skal boða formann félagsstjórnar. Verði landeiganda eigi boðaður fundur nægilega snemma vegna fjarvistar, skal boða leigutaka. Kveðja skal og landgræðslustjóra eða fulltrúa hans til fundarins.

Fund skal boða með ábyrgðarbréfi eða símskeyti eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag — og auk þess með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð, eigi síðar en viku fyrir fundardag.

29. gr.

Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkv. 28. gr., skal ræða stofnun félags og verkefni. Bóka skal fundargerð.

Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Fyrir hvert lögbýli eða afréttarland, sem metið er til verðs í fasteignamati, skal koma eitt atkvæði. Þó að sami maður eigi fleiri en eina jörð, hefur hann eitt atkvæði. Ef eigendur lögbýlis eru fleiri en einn, skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt býlisins. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt. Hafi leigutaki verið boðaður vegna fjarvistar landeiganda, er hann fullgildur aðili með tillögu- og atkvæðisrétt samkv. 31. gr.

Komi til fundar ⅓ þeirra manna, sem boðaðir eru samkv. 28. gr. og atkvæðisbærir eru samkv. 2. mgr. þessarar greinar, má stofna félag, ef ⅔ fundarmanna samþykkja.

Nú verður félag eigi stofnað á þessum fundi, og getur þá meiri hluti fundarmanna kosið nefnd, sem búi málið undir annan fund. Nefndin semur frumvarp að nýrri félagssamþykkt samkv. 32. gr., gerir áætlun um kostnað af starfsemi félagsins og leitar álits landgræðslustjóra. Hún skal og afla þeirra gagna, sem fundarmenn æskja eða nauðsynleg þykja.

30. gr.

Þá er nefndin hefur lokið störfum, skal hún kveðja til fundar á ný samkv. 28. gr.

Á fundinum skal nefndin leggja fram öll gögn, sem hún hefur aflað. Skal þá enn ræða stofnun félags og taka ákvörðun um hana. Ef meiri hluti atkvæðisbærra fundarmanna samþykkir félagsstofnun, er öllum landeigendum á félagssvæðinu skylt að gerast félagar.

31. gr.

Stofnfundur eða annar lögmætur félagsfundur getur kveðið svo á, að leigutaki skuli gerast félagi í stað landeiganda, ef leigutaki æskir þess og landeigandi mótmælir eigi. Sæki landeigandi eigi fund og nefni eigi til umboðsmann, skal leigutaki fara með umboð eiganda. Boða skal bæði landeiganda og leigutaka á fund.

32. gr.

Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal þá setja félaginu samþykkt þegar á stofnfundi eða á öðrum fundi, boðuðum á sama hátt. Um samþykkt ræður afl atkvæða. Þar sem félagssvæði er stórt, má ákveða í samþykkt, að félagsfundir skuli vera fulltrúafundir.

Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
b. Verkefni félags og félagssvæði.
c. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
d. Reikninga félags og endurskoðun.
e. Greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.
f. Ákvæði um félagsslit.

33. gr.

Félagsstjórn skal senda ráðherra samþykkt til staðfestingar ásamt umsögn landgræðslustjóra. Nú telur ráðherra samþykkt eigi svo úr garði gerða, að hana megi staðfesta, og sendir hann þá samþykkt aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Annars kostar staðfestir hann samþykkt, eða þá er lagfært hefur verið það, er athugavert þótti. Líða skulu minnst sex mánuðir frá stofnfundi félags og þar til samþykkt er staðfest. Samþykkt má aldrei brjóta í bága við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

34. gr.

Þegar félag hefur verið stofnað samkv. 26. og 30. eða 31. gr., getur sá, sem telur félagið ólöglega stofnað, véfengt félagsstofnunina fyrir ráðherra, áður en sex mánuðir eru liðnir frá stofnfundi félags. Véfenging, sem síðar berst, skal eigi tekin til greina. Hafi véfenging borizt ráðherra innan lögmæts tíma, en hann eigi tekið hana til greina, má skjóta málinu til dómstóla, áður en sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu samþykktar.

35. gr.

Aðalfund skal halda árlega og aukafundi þegar félagsstjórn telur ástæðu til eða ¼ félagsmanna æskir og tilgreinir fundarefni. Láti félagsstjórn undir höfuð leggjast að boða fund í tvo mánuði, mega þeir, sem fund vilja halda, boða hann.

Fund skal boða með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en 7 dögum fyrir fundardag. Þó má boða fund í félagi, sem hefur færri en 30 félagsmenn, með símtölum eða á þann hátt, sem tíðkast um boðun funda í því héraði.

Á fundi skal liggja frammi skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Breyting á samþykkt félags þarf þó samþykki meiri hluta félagsmanna.

Verði breyting á samþykkt eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, má boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða. Þess skal getið í fundarboði, ef ráðgert er að breyta samþykkt. Breytingar á samþykkt skulu staðfestar af ráðherra eins og um getur í 33. gr.

36. gr.

Þegar eigendaskipti verða eða ábúendaskipti á jörð í erfðafestu, skal hinn nýi eigandi eða ábúandi gerast félagi. Þegar ábúendaskipti verða á jörð, þar sem leigutaki er félagsmaður í stað landeiganda, getur félagsfundur kveðið svo á, að hinn nýi leigutaki gerist félagi á sama hátt og um getur í 31. gr.

37. gr.

Kostnaði af starfsemi félags við aðgerðir á sameignarlandi skal jafna niður á notendur í hlutfalli við landverð jarða skv. fasteignamati að frádregnum hlunnindum.

Nú er land það, sem tekið er til græðslu, séreign margra býla, og skal þá skipta kostnaðinum milli býlanna í réttu hlutfalli við stærð þess lands, sem græða skal og heyrir til hverju býli.

Gjöld félagsmanna má taka lögtaki. Fylgir þeim lögveð í jörð í eitt ár frá eindaga, og stendur það framar öllu samningsbundnu veði.

38. gr.

Land það, sem félag tekur til meðferðar samkvæmt þessum kafla, skal vera undir eftirliti landgræðslunnar, og ber henni skylda til að fylgjast með framkvæmdum félagsins. Jafnframt er félagsstjórninni skylt að hlíta fyrirmælum landgræðslustjóra, að því er varðar meðferð landsins, meðan á framkvæmdum stendur.

Girðingar vegna lands, sem tekið er til græðslu samkvæmt þessum kafla, hlíta sömu ákvæðum og landgræðslugirðingar, sbr. 10. og 11. gr.

39. gr.

Stjórn félags skal í lok hvers árs semja skýrslu um starfsemi félagsins á því ári. Henni skal fylgja:

1. Umsögn hlutaðeigandi héraðsráðunautar um girðingar og græðslu félagsins ásamt mælingum hans á því, sem unnið hefur verið það ár.
2. Sundurliðaður reikningur yfir kostnað við friðun og græðslu lands á árinu.

Skýrslu þessa skal félagsstjórn senda Landgræðslu ríkisins.

V. KAFLI
Rannsóknir og fleira.

40. gr.

Þegar rannsaka þarf beitarþol og hættu á gróðureyðingu samkvæmt 7., 22. og 23. gr., skal fela Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans að annast rannsóknirnar. Búnaðardeildinni ber að leita eftir plöntutegundum, sem vænlegar eru til sandgræðslu.

41. gr.

Landgræðslu ríkisins er heimilt að koma á fót gróðrarstöð til að fjölga þeim tegundum plantna, sem nothæfar reynast til landgræðslu.

42. gr.

Áður en 5 ár eru liðin frá gildistöku þessara laga, skal landgræðslustjóri hafa látið gera yfirlit um landskemmdir og samið áætlun um, hvernig helzt megi bæta þær, svo og í hverri röð skuli unnið að landbótunum.

VI. KAFLI
Önnur ákvæði.

43. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum til ríkissjóðs frá kr. 1000 til kr. 20000, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum. Mál út af þeim skal fara með að hætti opinberra mála.

44. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 6 15. febrúar 1895, um heimild fyrir sýslunefndir til að gera samþykktir um hindrun sandfoks og sandgræðslu,

lög nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, og lög nr. 76 10. nóvember 1943, um breytingu á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 10. júlí 1964 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að endurskoða frumvörp til laga um heftingu uppblásturs og uppgræðslu lands, sem ekki hafa náð fram að ganga, og semja nýtt frumvarp um uppgræðslu og gróðurvernd. Í nefndina voru skipaðir Hákon Bjarnason skógræktarstjóri, formaður, Benedikt Gröndal alþingismaður, Jónas Jónsson sérfræðingur við Búnaðardeild Háskólans, Ólafur E. Stefánsson settur búnaðarmálastjóri og Ragnar Jónsson skrifstofustjóri.

Lög þau, sem nú gilda um sandgræðslu og heftingu sandfoks, eru frá árinu 1941. Árið 1957 skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra, Hermann Jónasson, nefnd til að endurskoða lög um sandgræðslu og athuga leiðir til að auka þá starfsemi. Í þeirri nefnd áttu sæti Björn Kristjánsson fyrrv. alþm., sem var formaður nefndarinnar, Árni G. Eylands stjórnarráðsfulltrúi, Arnór Sigurjónsson fulltrúi, Páll Sveinsson sandgræðslustjóri og Steingrímur Steinþórsson búnaðarmálastjóri.

Þessi nefnd samdi frumvarp, sem lagt var fyrir Alþingi. Landbúnaðarnefnd gerði miklar breytingar á frumvarpinu, en það hlaut ekki afgreiðslu.

Síðla árs 1960 fól Ingólfur Jónsson landbúnaðarráðherra þeim Birni Sigurbjörnssyni og Hákoni Bjarnasyni að gera drög að frumvarpi um landgræðslu og gróðurvernd, og skiluðu þeir áliti í janúar 1961 til ráðherra.

Hinn 4. júní 1963 skipaði ráðherra enn nefnd í málið, þá Pálma Einarsson, landnámsstjóra, formann, Pál Sveinsson sandgræðslustjóra og Pétur Gunnarsson tilraunastjóra. Síðar var Ingvi Þorsteinsson magister einnig skipaður í nefndina. Þessi nefnd skilaði frumvarpi 22. febrúar 1964.

Þetta er forsaga málsins og aðdragandi að þeirri endurskoðun laganna um sandgræðslu og heftingu sandfoks, sem nú hefur farið fram. Síðasta nefndin hefur haft hliðsjón af álitsgerðum hinna fyrri, tekið upp ýmsar hugmyndir þeirra og bætt nokkrum nýmælum við.

Nefndin hefur og farið að Gunnarsholti til þess að skoða starfsemina þar og átt viðræður við Pál Sveinsson sandgræðslustjóra, bæði þar og í Reykjavík. Hún hefur einnig leitað álits þeirra Steindórs Steindórssonar grasafræðings og Ingva Þorsteinssonar. Dr. Björn Sigfússon háskólabókavörður hefur lesið handrit að frumvarpinu og sótt hafa verið ráð til lögfræðinga um nokkur atriði.

Nýmæli.

Helztu nýmæli frumvarpsins og frávik frá gildandi lögum eru þessi:

1. Tekin verði upp skipuleg gróðurvernd til að koma í veg fyrir skemmdir á gróðurlendi sakir ofnotkunar samhliða heftingu uppblásturs og sandgræðslu.
2. Gróðurverndin og sandgræðslan myndi eina stofnun, sem nefnist Landgræðsla ríkisins. Forstjóri hennar verður landgræðslustjóri, en fulltrúi hans annist annað hvort starfssviðið.
3. Skipaðar verði gróðurverndarnefndir í þeim héruðum, sem landgræðslustjóri telur þeirra þörf.
4. Fleiri leiðir verða en áður til samstarfs við hið opinbera um að græða lönd.
5. Styrkur til græðslu er ekki bundinn ákveðnu marki fyrirfram, heldur getur hann orðið samningsatriði.
6. Gert er ráð fyrir, að uppgrædd lönd í eigu ríkisins verði nytjuð af bændum strax og kostur er. Enn fremur að fyrri eigendur og notendur uppgræddra landa geti fengið þau aftur í hendur. Bæjar- og sveitarfélög má skylda til að taka við þeim aftur.

7. Landgræðslustjóra er heimilt að fela Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans að rannsaka beitarþol og krefjast ítölu í lönd, sem eru í hættu.
8. Ákvæði eru um stofnun félaga til landgræðslu.
9. Gert er ráð fyrir, að leitað verði eftir nýjum plöntutegundum til landgræðslu, og að setja megi upp gróðrarstöð til að fjölga þeim, sem nothæfar reynast.
10. Þá er ákvæði um, að innan 5 ára skuli gert yfirlit um landskemmdir og áætlun gerð um framkvæmd landgræðslu, þannig að unnt verði að vinna skipulega að henni.

Þess var óskað, að nefndin gerði ekki tillögur um sérstaka fjárútvegun til þeirra framkvæmda, sem frumvarpið fjallar um. Verður að gera ráð fyrir, að ráðuneytið íhugi þá hlið málsins, ef þess er talin þörf.

Frumvarpið skiptist í 6 kafla. Hefur því verið valið heitið **Frumvarp til laga um landgræðslu,** og er þetta orð notað í víðtækri merkingu, bæði um núverandi sandgræðslu og hina nýju gróðurvernd.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

I. KAFLI
Markmið og stjórn.

Um 1. gr.

Greinin skýrir tilgang laganna.

Um 2. gr.

Landgræðsla ríkisins verður sú stofnun, sem falin er framkvæmd landgræðslumála. Gert er ráð fyrir, að stofnunin verði tvíþætt, annars vegar svipað starf og sandgræðslan hefur nú með höndum, en hins vegar almenn gróðurvernd. Greinin er skýrgreining á starfi hvors tveggja.

Um 3. gr.

Greinin er að efni til hin sama og 2. gr. í frumvarpi landbúnaðarnefndar um þetta mál á þingskjali 503 frá 1958—59. Nefndin hefur gert það að tillögu sinni, að gróðurverndin verði falin sérstökum manni þegar frá upphafi.

Um 4. gr.

Efni greinarinnar er hið sama og niðurlag 1. gr. núgildandi laga.

II. KAFLI
Uppgræðsla.

Þessi kafli fjallar um sama efni og núgildandi lög um sandgræðslu og heftingu uppblásturs ásamt nokkrum nýmælum og breytingum.

Um 5. gr.

Greinin er um skyldur þess manns, sem sér um framkvæmd þessa kafla laganna, og þarf ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þessi grein er að efni til svipuð og 12. gr. gildandi laga, þó hvergi eins bindandi fyrir stofnunina.

Um 7. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir, að ríkið skuli eignast þau lönd, sem græða á upp samkvæmt 2. gr. þeirra. Hér er sú viðbót, að menn geti gert samning um

uppgræðslu til ákveðins tíma án þess að afsala sér eign sinni. Að auki er sama heimild til eignarnáms og nú er í lögum.

Um 8. gr.

Greinin er að efni til svipuð og 8. gr. gildandi laga, en hér er gert ráð fyrir, að styrkir til einstaklinga eða félaga megi nema allt að ⅔ kostnaðar í stað þess að vera bundnir því marki skilyrðislaust. Með breyttum og fljótvirkari uppgræðsluaðferðum en áður tíðkuðust, geta menn á stundum fengið arð af uppgræddu landi innan skamms tíma. Hér geta og komið til greina almennir jarðræktarstyrkir t. d. við túnrækt. Fyrir því er það mats- og samningsatriði í mörgum tilvikum, hve styrkur af hálfu landgræðslunnar þarf að vera hár.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar er hið sama og 3. gr. gildandi laga. Orðalagi er lítilsháttar breytt.

Um 10. gr.

Fjallar um sama og 4. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Greinin fjallar um gerð landgræðslugirðinga og þarf lítillega skýringa. Hún er að efni til svipuð 5. gr. gildandi laga. Þó var ekki talin ástæða til að banna mannaferðir um landgræðslusvæði, heldur gefa landgræðslustjóra heimild til að banna þær um girðingar, sem ástæða getur verið til. Efni 6. gr. sandgræðslulaganna um tilkynningarskyldu, ef menn verða varir við galla á girðingum, er tekið upp í þessa grein.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um afhendingu lands, sem grætt hefur verið upp með samkomulagi samkv. 7. gr., og þarf ekki skýringa.

Um 13. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að grædd lönd í eigu ríkissjóðs geti aftur horfið undir þær jarðir, sem þau tilheyrðu áður. Þótti rétt til hagræðis að hafa í lögunum almenna heimild til sölu slíkra landa, fremur en leita þurfi sérstakrar heimildar Alþingis hverju sinni. Hafi sveitar- eða bæjarfélög átt landið áður, má skylda þau til að taka við því. Þetta er gert til þess að landgræðslan þurfi ekki að sitja uppi með fullgrædd lönd og bera þann kostnað, sem af friðun þeirra leiðir, um alla framtíð. Viðtakanda er gert að skyldu að láta græðsluna ekki fara forgörðum.

Um 14. gr.

Greinin er að efni til eins og 11. gr. gildandi laga um sandgræðslu og þarf ekki skýringa.

Um 15. gr.

Hér er nýmæli á ferðum. Með því er bændum gefinn kostur á að taka á leigu landsnytjar innan gróinna landgræðslugirðinga í eigu ríkissjóðs. Þetta getur komið sér mjög vel í landþröngum sveitum, þar sem víðlend svæði hafa verið grædd upp. Hér er þó gerð undantekning með lönd undir ríkisbú.

Um 16. gr.

Greinin er svo til samhljóða 13. gr. í gildandi lögum og þarf ekki skýringa.

III. KAFLI
Gróðurvernd.

Gróðurvernd verður nýmæli í íslenzkum lögum, ef frumvarp þetta nær fram að ganga. Fjölda manns er þegar orðin ljós þörf fyrir gróðurvernd á ýmsum stöðum landsins. Hér er lögð áherzla á leiðbeiningar mönnum til handa og aðstoð við að koma gróðurvernd á. Gert er ráð fyrir, að þetta starf verði falið sérstökum manni.

Um 17. gr.

Greinin segir, hver stefnan eigi að vera í gróðurverndarmálum. Er hún svo auðsæ, að skýringa er ekki þörf.

Um 18. gr.

Greinin fjallar um skyldur þess manns, sem fer með gróðurverndarmál, og er því hliðstæð 5. gr. að því er lýtur til starfs þess, sem fer með uppgræðslumálin.

Um 19. gr.

Með skipun gróðurverndarnefnda er ætlazt til, að menn, kunnugir staðháttum og atvinnulífi, geti verið til leiðbeiningar bæði fyrir landeigendur og gróðurverndarmenn. Hugmyndin að skipun slíkra nefnda er ekki ný. Þegar setja átti fyrstu lögin um sandgræðslu komu tillögur fram í þessa átt. Þetta náði þá ekki fram að ganga, því að sýslunefndum var falið að gegna því starfi, sem nefndunum var ætlað.

Um 20. gr.

Ekki þykir rétt að binda störf gróðurverndarnefnda með of þröngum lagastaf, meðan engin reynsla er um störf slíkra nefnda. Þeim er falið að hafa vakandi auga með notkun landa innan síns héraðs, og geta því haft frumkvæði um ýmislegt. Einnig má fela þeim að sinna ákveðnum verkum eftir nánar settum reglum.

Um 21. gr.

Í upphafi greinarinnar er gert ráð fyrir, að gróðurverndarnefndir séu tengiliðir milli einstakra manna og stjórnar landgræðslunnar. Síðari hluti greinarinnar heimilar styrkveitingar til gróðurverndar á sama hátt og 8. gr. frumvarpsins, ef nauðsyn þykir bera til. Hér er og gert ráð fyrir, að menn geti stofnað til félags um gróðurvernd.

Um 22. gr.

Greinin kveður svo á, að ef samkomulag næst ekki um gróðurvernd, megi láta rannsaka landið til þess að ganga úr skugga um þörfina fyrir verndun gróðurs. Þetta er unnt að gera, eins og skýrt verður frá í athugasemd um 40. gr.

Sé þörfin brýn, gefur það auga leið, að bæta verði úr. Er þá heimilað að veita nokkurn styrk, þó ekki nema helming þess, sem fengizt gæti með samkomulagsleiðum.

Um 23. gr.

Fyrri hluti greinarinnar segir svo fyrir, að þar sem um ofbeit kunni að vera að ræða, skuli ávallt reynt að leysa þann vanda með samkomulagi og ráðleggingum. Mistakist það, má láta rannsókn fara fram og krefjast þess, að ítala sé sett í land, ef rannsókn gefur ástæðu til. Þess skal getið, að í fyrri ítölulögunum, nr. 85 frá 16. des. 1943, er svo kveðið á, að sandgræðslustjóri geti krafizt þess, að ítala sé sett í lönd, en þetta atriði hefur ekki verið tekið upp í lögin um ítölu nr. 39, 23. maí 1959. Er ástæðulaust annað en að taka þetta atriði upp í þessi lög.

Um 24. gr.

Hér eru landgræðslunni og gróðurverndarnefndum lagðar þær skyldur á herðar að leiðbeina þeim, sem kunna að verða fyrir tekjumissi. Ef þær leiðbeiningar hrökkva of skammt, má gera ráð fyrir, að vandinn verði leystur samkvæmt 11. gr. ítölulaganna.

IV. KAFLI
Félög til landgræðslu.

Ástæðulaust er að rekja þennan kafla grein fyrir grein. Hann er í aðalatriðum hinn sami og sá, sem prentaður er í frumvarpi landbúnaðarnefndarinnar á þingskjali 503 frá Alþingi 1958—59. Breytingar hafa verið gerðar á orðalagi, og sleppt er tveim seinustu greinum hans, þar sem ákvæði um styrk fara eftir 8. og 21. gr. í þessu frumvarpi.

Það skal tekið fram í sambandi við ákvæði 37. gr. um niðurjöfnun kostnaðar af starfsemi félags á sameignarlandi, að þar hefur verið tekin upp regla 8. gr. ítölulaga nr. 39 23. maí 1959.

V. KAFLI
Rannsóknir og fleira.

Um 40. gr.

Þegar leita þarf álits um landeyðingu, beitarþol eða aðra ofnotkun lands, leiðir af sjálfu sér að leita til Búnaðardeildar Atvinnudeildar Háskólans, sem um allmörg ár hefur rannsakað þessi mál og gert kort yfir gróðurlendi á ýmsum stöðum. Fyrir því er ætlazt til, að landgræðslan geti kvatt rannsóknarmenn þeirrar stofnunar til, þegar á þarf að halda.

Að fengnu áliti deildarinnar, verður að ákveða, hvað gera skuli, og ef um ítölu er að ræða, verður ítölumatið framkvæmt samkvæmt gildandi lögum.

Búnaðardeildinni er einnig falið að leita eftir plöntutegundum, sem nota mætti til uppgræðslu. Gera verður ráð fyrir, að landgræðslan standi straum af þeim kostnaði, er af þessu leiðir, nema því aðeins að fyrir liggi sérstakar fjárveitingar.

Um 41. gr.

Með grein þessari er gefin heimild til að setja upp gróðrarstöð. Þó að hér sé aðeins talað um heimild, þá er það um leið ábending til, að þetta sé gert. Í slíkri stöð getur bæði verið um fjölgun plantna að ræða og eins um ræktun fræs. Nauðsyn slíkrar stöðvar er svo augljós, að ekki þarf skýringa við.

Um 42. gr.

Brýn nauðsyn er, að gert verði yfirlit um landskemmdir og áætlun um framkvæmdir hið fyrsta. Greinin þarf því ekki skýringa við.

VI. KAFLI
Önnur ákvæði.

Hvorug greinanna í þessum kafla þarf skýringa.

Sþ. 154. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1965.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Allar breytingartillögur á þingskjali 148 eru þó fluttar af nefndinni sameiginlega. Fulltrúar Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins í nefndinni hafa áskilið sér rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við einstaka liði frumvarpsins eða hinar sameiginlegu tillögur nefndarinnar, sem birtar eru á áðurnefndu þingskjali. Þeir munu því skila séráliti.

Þegar á 2. fundi sínum, þann 19. okt. s. l., hóf nefndin umræður og athuganir á frumvarpinu, en alls hefur hún rætt málið á 37 fundum.

Auk fjárlagafrumvarpsins hefur nefndin haft til athugunar og afgreiðslu 525 erindi, sem til hennar hafa borizt frá fjölmörgum aðilum. Öll fela þessi erindi í sér meiri eða minni fjárbeiðnir til styrktar margvíslegum þörfum þjóðfélagsþegnanna.

Svo sem oft áður hafa nefndarmenn skipt með sér verkum og unnið milli funda að athugun sérstakra málaflokka. Hefur slík vinnutilhögun létt nefndinni störfin og flýtt fyrir afgreiðslu mála. Þá hefur nefndin átt viðræður við fjölmarga forstöðumenn og fulltrúa hinna ýmsu ríkisstofnana og félagasamtaka, sem fé er veitt til í fjárlögum.

Að þessu sinni hefur nefndin m. a. frestað til 3. umræðu tillögum sínum um skiptingu á fé til nýrra skólahúsa og skólastjórabústaða, enn fremur fjárveitingum til fyrirhleðslna og svo sem venja er tillögum um breytingar á 18. gr.

Eins og fram kemur í athugasemdum um 19. gr. fjárlagafrumvarpsins, eru niðurgreiðslur á vöruverði innanlands áætlaðar 336 millj. kr. Er þá miðað við niðurgreiðslur eins og þær voru í maí s. l. á ársgrundvelli, að viðbættri áætlaðri söluaukningu næsta ár. Hins vegar er ekki gerð tillaga um, hversu skuli á næsta ári fara með þær niðurgreiðslur, sem síðan hafa bætzt við og nauðsynlegar hafa reynzt til þess að halda vísitölunni óbreyttri að sinni, eins og gert var ráð fyrir, þegar samið var milli ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands í júní s. l. Er talið eðlilegt, að Alþingi marki þá frambúðarstefnu, sem fylgt verður í þeim efnum. Ríkisstjórnin hefur nú mál þessi til athugunar. Gert er ráð fyrir, að hún skili tillögum sínum fyrir 3. umræðu málsins.

Þá eru til sérstakrar athugunar tekjuliðir frumvarpsins, m. a. með hliðsjón af því, á hvern hátt verður farið með afgreiðslu þeirra mála, sem að framan greinir, en þess er að vænta, að niðurstöður þeirra athugana liggi jafnhliða fyrir.

Auk þess, sem að framan greinir varðandi frestun afgreiðslu nokkurra málaflokka til 3. umræðu, eru hjá nefndinni óafgreidd erindi, sem hún mun taka til frekari athugunar og afgreiðslu á milli umræðna. Þá mun samvinnunefnd samgöngumála skila tillögum um styrki til flóabáta og völuflutninga.

Með samþykkt breytingartillagna fjárveitinganefndar á þingskjali 148 er gjaldabálkur fjárlagafrumvarpsins orðinn nokkru hærri en tekjuliðir þess. Það er álit meiri hluta nefndarinnar, að fjárlög beri að afgreiða tekjuhallalaus. Mun hann því miða tillögur sínar við 3. umr. málsins við það, að svo megi verða.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar:

Um 3. gr. A.

Póstur og sími: Tekjuliðir hækka um 15 millj. kr. vegna breyttrar áætlunar. Gjaldaliðir hækka um sömu upphæð. — Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins: Tekjur: Sala að frádregnum söluskatti og afslætti hækkar um 2 475 000 kr. Gjaldaliðir: Framleiðslukostnaður hækkar um 1 600 000 kr. og skrifstofukostnaður um 875 000 kr. eða samtals um sömu upphæð og hækkun tekna.

Um 10. gr.

Sendiráðið í Washington: Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. vegna viðhalds á húsnæði. — Launaliður við sendiráðið í Osló hækkar um 90 þús. kr. vegna veikindaforfalla. — Tillag til alþjóðastofnunar til útgáfu tolllaga hækkar um 45 þús. kr. — Þá eru tveir nýir liðir: Þátttaka í heimssýningu í Kanada 1 967 500 þús. kr. og bráðabirgðaaðild að GATT 108 þús. kr.

Um 11. gr. A.

Lagt er til, að útgáfa hæstaréttardóma hækki um 45 þús. kr. og ljósprentun hæstaréttardóma hækki um 100 þús. kr. Í sambandi við lögreglukostnað hækkar liðurinn ýmis annar kostnaður um 400 þús. kr., og er það vegna fjölgunar lögreglumanna í Kópavogi. Einnig er nýr liður: Til umferðarlöggæzlu í Kópavogi 200 þús. kr. Liðurinn til byggingar fangahúsa hækkar um 125 þús. kr. Er það vegna byggingar fangahúss á Patreksfirði. Til fangahjálpar samkv. ákvörðun dómsmálaráðherra hækkar um 40 þús. kr.

Um 12. gr.

Geðveikrahælið á Kleppi: Nýr liður kemur þar inn: til húsgagna- og áhaldakaupa 1 millj. kr., en jafnframt er lagt til, að annar kostnaður lækki um 250 þús. kr., þannig að fjárveitingar til hælisins hækki um 750 þús. kr. — Þá er lagt til, að byggingarstyrkur St. Jósefsspítalans í Reykjavík hækki um 1 millj. kr. og styrkur til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækki um 300 þús. kr. Heildarupphæðinni er nú skipt niður á staði samkv. l. nr. 54/1964, eins og fram kemur í breytingartillögum fjárveitinganefndar á þingskjali 148. Tillögur þessar eru miðaðar við, að styrkir til sjúkrahúsa og sjúkraskýla greiðist á 8 árum, en styrkir til læknabústaða greiðist á 5 árum. — Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum gegn tvöföldu framlagi annars staðar að hækki um 50 þús. kr. — Lagt er til, að styrkur landlæknis til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis, hækki um 200 þús. kr. — Til námskeiða fyrir embættislækna hækkar um 30 þús. kr.

Um 13. gr. A.

Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum er hækkaður um 40 þús. kr., og er ætlazt til, að sú upphæð verði til ráðstöfunar fyrir býli á Hólsfjöllum. — Þá eru þrír nýir liðir: Til Guðmundar Jónassonar vegna rekstrar snjóbifreiðar 25 þús. kr., til rekstrar snjóbifreiðar á Fljótsdalshéraði 30 þús. kr. og til nýbýlavega 200 þús. kr.

Um 13. gr. C.

Lagt er til, að laun vitavarða hækki um 240 þús. kr. — Rekstrarkostnaður vitaskipsins hækkar um 600 þús. kr. — Í lið V fellur niður úr textanum: og viðhald sæluhúsa. — Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækkar um 1 950 000 kr. — Þá eru tillögur um þrjá nýja liði: Kostnaður vegna þátttöku í ráðstefnu P.I.A.N.C.: a. Þátttökugjald 50 þús. kr. b. Annar kostnaður 50 þús. kr. Ráðstefna þessi er á vegum alþjóðasamtaka hafnarverkfræðinga. — Nýir liðir: Til endurbóta og viðgerða á dýpkunarskipinu Gretti 1 500 000 kr. og ferjubryggjur 515 þús. kr., en skipting á því fé er í breytingartillögum nefndarinnar á þingskjali 148.

Um 13. gr. D.

Flugöryggisþjónustan: Lagt er til vegna aukinnar umferðar í innanlandsflugi, að eftirtaldir liðir við flugumferðarstjórn þessara staða hækki þannig: Reykjavík, aukavinna 60 þús. kr. Akureyri, annar kostnaður 105 þús. kr. Egilsstaðir, annar kostnaður 50 þús. kr., og Ísafjörður, annar kostnaður 50 þús. kr.

Um 13. gr. E.

Lagt er til, að launaliður veðurstofunnar á Reykjavíkurflugvelli hækki um 27 þús. kr. Er sú hækkun vegna tilfærslu á milli launaflokka. Þá hækkar einnig liðurinn aukavinna og vaktaálag hjá sömu deild um 20 þús. kr. — Í sambandi við veðurfarsdeild hækka liðirnir þóknun til veðurathugunarmanna um 100 þús. kr. og annar kostnaður um 100 þús. kr. Liðurinn til veðurathugana á hálendi Íslands hækkar um 370 þús. kr.

Um 13. gr. F.

Tekjuliður Ferðaskrifstofu ríkisins er lækkaður um 300 þús. kr., og hækkar rekstrarhalli stofnunarinnar þar af leiðandi um sömu upphæð. — Skipaskoðun ríkisins: Þóknun til skipaskoðunarmanna, sem eru ekki á föstum launum úr ríkissjóði, hækkar um 50 þús. kr., og kostnaður við útreikninga á stöðugleika nokkurra íslenzkra fiskiskipa hækkar um 60 þús. kr. — Stýrimannaskólinn: Til námskeiða utan Reykjavíkur hækkar um 150 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um sömu upphæð. Er hér um leiðréttingu að ræða. — Til sjómælinga og sjókortagerðar: Nýr liður: Til kaupa á tæki til sjómælinga og kortagerðar 200 þús. kr. — Til gisti- og veitingastaðaeftirlits samkv. l. nr. 53/1963: Er lagt til, að launaliður hækki um 40 þús. kr., en annar kostnaður lækki um 20 þús. kr.

Um 14. gr. A.

Háskólinn: Laun hækka um 299 520 kr. vegna tannlæknadeildar. Til tannlækningastofu hækkar um 549 þús. kr. vegna fjölgunar í deildinni. — Launaliður við fræðslumálastjóraembættið hækkar um 23 760 kr. — Menntaskólinn á Akureyri: Viðhald húsa og áhalda hækkar um 150 þús. kr. — Kennaraskólinn: Nýr liður: Húsnæði utan skóla 300 þús. kr. Tækniskólinn: Rekstrarkostnaður undirbúningsdeildar í Reykjavík frá 15. sept. til 31. des. 1964 hækkar um 540 þús. kr. — Framlög til iðnskóla hækka um 489 þús. kr. — Framlög til byggingar barnaskólahúsa og skólastjórabústaða í smíðum hækka um 11 411 746 kr. Er hér um að ræða leiðréttingar vegna stóraukins byggingarkostnaðar, sem stafar annars vegar af stækkun skólahúsanna, á meðan á byggingu stendur, og hins vegar af hækkun, sem átt hefur sér stað á vinnulaunum og efniskostnaði. Tillögur um framlög til nýrra skólahúsa og skólastjórabústaða munu bíða afgreiðslu til 3. umræðu. Framlög til byggingar gagnfræða- og héraðsskólahúsa í smíðum hækka um 3 751 033 kr. Ný skólahús munu bíða afgreiðslu til þriðju umræðu. Að öðru leyti vísast til greinargerðar um framlög til byggingar barnaskóla og skólastjóraíbúða. — Alþýðuskólinn á Eiðum: Til viðhalds hækkar um 304 þús. kr., og inn kemur nýr liður: heimtaugargjald 69 þús. kr. — Rekstrarkostnaður héraðsskóla hækkar um 790 þús. kr., kostnaður við miðskólann á Brúarlandi hækkar um 100 þús. kr., og hluti ríkissjóðs vegna endurbóta á búningsklefum og sundlaug í Varmahlíð í Skagafirði nemur 345 þús. kr. Til unglingafræðslu eftir tillögum fræðslumálastjóra hækkar um 150 þús. kr. — Íþróttakennaraskóli ríkisins: Til námskeiða fyrir íþróttakennara hækkar um 30 þús. kr. og liðurinn lagning íþróttavalla hækkar um 100 þús. kr. — Þá falla niður laun Lárusar Rist sundkennara 20 976 kr. — Til styrktar erlendum námsmönnum í íslenzkum skólum samkv. ákvörðun menntamálaráðuneytisins hækkar um 31 500 kr.

Um 14. gr. B.

Landsbókasafnið: Laun lækka um 126 960 kr. Þá er tekinn upp nýr liður: Til endurbóta á landsbókasafnshúsi 536 þús. kr. — Þjóðskjalasafnið: Laun hækka um 126 960 kr. Er hér um leiðréttingu að ræða, en laun þessi voru færð á Landsbókasafnið vegna mistaka við undirbúning fjárlagafrumvarpsins. Liðurinn til kaupa á skjalaskápum og tækjum til viðgerða á handritum hækkar um 200 þús. kr. — Þjóðminjasafnið: Laun hækka um 20 460 kr., og liðurinn til rannsókna og ferðalaga hækkar um 10 þús. kr. — Fræðslumyndasafnið: Til kaupa, endurgerðar og

framleiðslu á íslenzkum kvikmyndum og kyrrmyndum hækkar um 50 þús. kr. Framlag til bæjar- og héraðsbókasafna samkv. l. nr. 22/1963 hækkar um 200 þús. kr. — Til Fornleifafélagsins hækkar um 15 þús. kr. — Til Hins íslenzka náttúrufræðifélags hækkar um 10 þús. kr. — Til málnefndar til nýyrðasöfnunar og leiðbeininga, er miða að málvernd, hækkar um 25 þús. kr. Til orðabókar háskólans: Laun hækka um 130 þús. kr. Frádráttarliðurinn framlag frá sáttmálasjóði falli niður. — Nýr liður: Til náttúrugripasafns í Vestmannaeyjum 50 þús. kr. — Til útgáfu á Ættum Austfirðinga hækkar um 30 þús. kr. — Til Halldóru Bjarnadóttur til útgáfustarfsemi hækkar um 25 þús. kr. — Niður fellur liðurinn: Til útgáfu manntalsins frá 1890 30 þús. kr. — Inn kemur nýr liður: Til útgáfu handbókar fyrir kennara tornæmra barna 40 þús. kr. — Til íslenzka stærðfræðifélagsins hækkun 10 þús. kr. — Til skálda, rithöfunda og listamanna: Við bætist málsgrein: að öðru leyti skal sjö manna úthlutunarnefnd, er Alþingi kýs hlutbundinni kosningu, annast skiptingu fjárveitingarinnar. — Til Iceland Review hækkun 30 þús. kr. — Til að semja og gefa út æviskrár Vestur-Íslendinga hækkun 50 þús. kr. — Til tónlistarskóla samkv. lögum hækkun 200 þús. kr. — Inn kemur nýr liður: Til tónlistarskóla til kaupa á hljómplötum o. fl. 50 þús. kr. — Til Sambands íslenzkra karlakóra hækkun 35 þús. kr. — Til Kirkjukórasambands Íslands hækkun 40 þús. kr. — Til Bandalags íslenzkra leikfélaga hækkun 50 þús. kr. — Til Sambands íslenzkra lúðrasveita hækkun 30 þús. kr. — Til Vilhjálms Ögmundssonar á Narfeyri til stærðfræðiiðkana hækkun 20 þús. kr. — Til minningarlunda og skrúðgarða undir eftirliti og samkv. ráðstöfun skógræktarstjóra hækkun 40 þús. kr. — Til vörzlu og sýningar listaverkagjafar Ásgríms Jónssonar hækkun 15 þús. kr.

Tillögur eru um eftirfarandi nýja liði: Tímaritið Eimreiðin í tilefni af 70 ára afmæli 25 þús. kr. — Til dr. Sigurðar Jónssonar til rannsókna á sjávargróðri við strendur landsins 50 þús. kr. Til minnisvarða um Ara fróða að Staðarstað 15 þús. kr. — Til útgáfu æviskráa Borgfirðinga 30 þús. kr. — Til kaupa á Linguaphonenámskeiðum Björns Björnssonar 50 þús. kr. — Til Hauks Guðlaugssonar til starfa að tónlistarmálum 12 þús. kr. — Til umbóta á Reykhólum 25 þús. kr. — Til Félags íslenzkra myndlistarmanna, styrkur til sýningar í Þrándheimi 50 þús. kr. — Til endurbóta á húsi Bjarna riddara Sívertsens 100 þús. kr. — Til að tryggja tveimur íslenzkum námsmönnum herbergi í nýjum alþjóðastúdentagarði í París 105 þús. kr. — Til að varðveita gamla smiðju í Nýhöfn á Melrakkasléttu 50 þús. kr.

Um 15. gr.

Biskupsembættið: Risna hækkar um 10 þús. kr. og skrifstofukostnaður um 25 þús. kr. — Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum hækkun 1 500 000 kr., og húsaleigustyrkur presta hækkar um 180 þús. kr. — Kostnaður við kirkjuráð hækkar um 15 þús. kr. — Til greiðslu álags vegna afhendingar kirkna til safnaða hækkar um 200 þús. kr. — Til styrktar málgagni fyrir hina íslenzku þjóðkirkju hækkar um 4500 kr. — Til kristilegrar æskulýðsstarfsemi hækkar um 80 þús. kr. — Eftirlitsmaður með prestssetrum: Laun hækka um 19 080 kr., og annar kostnaður hækkar um 45 þús. kr. — Umsjónarmaður með kirkjugörðum: Annar kostnaður hækkar um 45 þús. kr. — Til sjúkrahúsaprests hækkar um 12 þús. kr. — Til Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar í Hólastifti vegna framkvæmda við sumarbúðir við Vestmannsvatn í Aðaldal hækkar um 50 þús. kr. — Til æskulýðsfélaga þjóðkirkjunnar á Suðurlandi vegna framkvæmda við sumarbúðir í Skálholti hækkar um 50 þús. kr.

Um 16. gr. A.

Til Búnaðarfélags Íslands hækkun 215 þús. kr. — Til búreikningaskrifstofu á vegum Búnaðarfélags Íslands hækka laun um 130 þús. kr. og ferðakostnaður, húsaleiga, aðstoð o. fl. um 110 þús. kr. — Gjöld vegna laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum: Kostnaður við athuganir og mælingar samkv. 5. gr.

laganna hækkar um 40 þús. kr. — Framlag samkv. lögum nr. 75/1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum: b. Samkv. 4. gr. 1. Fast framlag til stofnlánadeildar hækkar um 150 þús. kr. Skipting á fé til sjóvarnargarða er í breytingartillögum nefndarinnar á þingskjali 148. — Til sandgræðslustöðva hækkar um 200 þús. kr. Þá eru teknir upp tveir nýir liðir: Til húsbygginga vegna bruna 200 þús. kr. Til fræ- og fóðurtilrauna í Gunnarsholti 400 þús. kr. — Veiðimálaskrifstofan: Útgáfukostnaður hækkar um 15 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 30 þús. kr. — Liður 27 skiptist á eftirfarandi hátt: Kostnaður við veiðimálanefnd og veiðieftirlit 170 þús. kr. Styrkir til fiskræktar samkv. l. nr. 112/1941 350 þús. kr. Fyrir voru á upphaflega liðnum 300 þús. kr., þannig að hækkunin er 220 þús. kr. — Bændaskólinn á Hólum: Til viðhalds og endurbóta hækkar um 600 þús. kr. Inn kemur nýr liður: Til borunar eftir heitu vatni 150 þús. kr. — Garðyrkjuskólinn á Reykjum: Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr. — Rekstrarkostnaður húsmæðraskóla í sveitum hækkar um 1 601 275 kr., og framlag til bygginga húsmæðraskóla í sveitum hækkar um 2 807 900 kr. — Til Kvenfélagasambands Íslands til húsmæðrafræðslu, heimilisiðnaðar og garðyrkju hækkar um 60 þús. kr. — Þá eru tveir nýir liðir: Til Hússtjórnarkennarafélags Íslands vegna þinghalds sumarið 1965 40 þús. kr. og til gróðurverndar í Búðahrauni á Snæfellsnesi 10 þús. kr.

Um 16. gr. B.

Til námskeiða í meðferð fiskileitartækja hækkar um 25 þús. kr. — Inn koma tveir nýir liðir: Til kaupa á tæki fyrir rannsóknarstofu Fiskifélags Íslands 600 þús. kr. og til starfsfræðslu sjávarútvegsins 50 þús. kr.

Um 16. gr. C.

Öryggiseftirlit ríkisins: Nýr liður: Til kaupa á hávaðamæli 60 þús. kr.

Um 16. gr. E.

Atvinnudeild háskólans: Byggingardeild: Launaliður hækkar um 147 600 kr. Fiskideild: Launaliður hækkar um 117 360 kr. Búnaðardeild: Nýr liður: Til rannsókna á lifnaðarháttum gæsa 30 þús. kr. — Löggildingarstofan: Annar kostnaður hækkar um 300 þús. kr. — Til leiðbeininga um starfsfræðslu utan Reykjavíkur hækkar um 20 þús. kr.

Um 17. gr.

Eftirlit með skipulagi bæja og sveitaþorpa: Mælingarkostnaður hækkar um 100 þús. kr. Kostnaður við loftmyndatöku hækkar um 450 þús. kr. En tekjuliður hækkar að sama skapi um 550 þús. kr. — Inn koma eftirfarandi nýir liðir: Til vatnsöflunar fyrir Leirá í Melasveit 50 þús. kr. Til vatnsöflunar fyrir Grímsey 100 þús. kr. Til vatnsöflunar fyrir býlin Furubrekku og Foss 30 þús. kr. Til vatnsöflunar fyrir Arnarstapabýli 35 þús. kr. Til vatnsöflunar fyrir Vestmannaeyjar 1 millj. kr.

Til Iðnnemasambands Íslands hækkar um 20 þús. kr., og til Landssambands verzlunarmanna hækkar um 25 þús. kr.

Til dagheimila, byggingarstyrkir: Við bætast: Á Selfossi 75 þús. kr. Í Húsavík 75 þús. kr. Til dagheimilis í Kópavogi hækkar um 15 þús. kr. Nýr liður: Til umbóta á húsnæði barnaheimilisins á Kumbaravogi 50 þús. kr. Til Blindravinafélagsins til útgáfu bóka á blindraletri hækkar um 40 þús. kr. — Til Bandalags íslenzkra farfugla hækkar um 75 þús. kr. Til Félagsmálastofnunarinnar hækkar um 25 þús. kr. — Liðurinn: Til Ungmennafélags Íslands hækkar um 50 þús. kr., og til Ungmennafélags Íslands til skógræktar í Þrastaskógi hækkar um 15 þús. kr. Eftirfarandi nýir liðir koma inn: Til Svifflugfélags Íslands 75 þús. kr. Til sjúkraflugs í Árneshreppi 25 þús. kr. Til Fuglaverndunarfélags Íslands 25 þús. kr. Til sjómannaheimilis á Norðfirði 25 þús.

kr. Til æskulýðsnefndar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 25 þús. kr. Til hjálparsveitar skáta í Hafnarfirði vegna fiskasýningar 100 þús. kr. Til Bandalags íslenzkra skáta til kaupa á húsnæði 100 þús. kr.

Um 20. gr.

Til bygginga á prestssetrum hækkar um 1 millj. kr. — Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna hækkar um 500 þús. kr. — Inn koma tveir nýir liðir: Til byggingar útihúsa í Ólafsdal 200 þús. kr. og til kaupa á íbúð fyrir starfsfólk á Litla-Hrauni 125 þús. kr.

Um 22. gr.

Breytt er upphæð í XIX. lið: Að taka allt að 11 millj. kr. lán til aukningar á húsnæði ríkisspítalanna. — Inn koma tveir nýir liðir: Að selja gamalt póst- og símahús að Austurvegi 1 á Selfossi ásamt tilheyrandi lóð, ef viðunandi boð fæst. — Að selja prestssetrið Frumskóga 7 í Hveragerðishreppi.

Alþingi, 11. des. 1964.

Jón Árnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jónas Pétursson.
Matthías Bjarnason. Gunnar Gíslason.

Nd. 155. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1963.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur yfirfarið frv. og borið það tölulega saman við ríkisreikninginn. Samkomulag varð ekki um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar (MÁM, SI, JR og AJ) leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Minni hluti nefndarinnar mun skila séráliti eða gera grein fyrir afstöðu sinni.

Alþingi, 11. des. 1964.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Jónas G. Rafnar.
Axel Jónsson.

Sþ. 156. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1965.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Svo sem verið hefur á undanförnum þingum, gerir meiri hluti fjárveitinganefndar grein fyrir þeim tillögum, sem fluttar eru í umboði nefndarinnar í heild. Aðild okkar fulltrúa Framsóknarflokksins í nefndinni að þeim er með þeim hætti, að við höfum óbundnar hendur um fylgi við þær í heild og hverja einstaka þeirra og einnig rétt til að flytja við þær og fjárlagafrv. brtt. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Við munum þó ljá þeim flestum lið, þar sem þær eru fyrst og

fremst til leiðréttinga á röngum áætlunum og því til bóta, þó að víða hefði þurft að ganga lengra í þá átt að leiðrétta en gert var.

Það hefur áður verið vakin athygli á því, að tími sá, sem Alþingi hefur til fjárlagaafgreiðslunnar, er of skammur. Þetta er mjög greinilegt nú, þar sem 2. umræða fjárlagafrv. fer fram 14. des., og þá bíður afgreiðslu við 3. umræðu endurskoðun á tekjuáætlun og stórir útgjaldaliðir, eins og hluti af niðurgreiðslu, framlag til nýrra skólabygginga og fleiri fjárfrekir málaflokkar.

Hér verður að ráða bót á. Alþingi verður að gefa sér eðlilega langan tíma til fjárlagaafgreiðslunnar og vanda hana að jafnaði sem bezt. Hér skal tekið fram, að störfum fjárveitinganefndar er ekki um að kenna, hvað fjárlagafrv. er seint á ferð, heldur afgreiðslu hjá ríkisstjórninni á hinum stærri málum, er á hennar valdi er að leysa.

Í nefndaráliti okkar um fjárlagafrv. undanfarin ár höfum við leitt rök að því, hvað verðbólgustefna núverandi valdhafa hefur gagnsýrt allt þjóðlífið og eyðslan og útþenslan er alls ráðandi í ríkisrekstrinum. Þetta hefur þó aldrei komið jafngreinilega fram sem nú, og skulu hér sýnd örfá dæmi því til sönnunar.

Samkvæmt ríkisreikningi 1958 voru útgjöld samkv. 10. gr., þ. e. til ríkisstjórnar, ráðuneytanna og utanríkisþjónustunnar, alls 27 millj. kr., en samkv. fjárlagafrv. 1965 74 millj. kr., hækkun um 47 millj. kr. eða um 174%.

Kostnaður við innheimtu skatta og tolla var árið 1958 23 millj. kr., en er áætlaður árið 1956 61 millj. kr. og verður samkv. fyrri reynslu til muna hærri, hækkar um 40 millj. kr. eða 165%.

Skatt- og tollheimta til ríkissjóðs var árið 1958 687 millj. kr., en verður árið 1965 um 3000 millj. kr., þegar skattar samkv. vegáætlun eru teknir með og þær hækkanir, sem eftir eiga að verða á tekjuáætlun fjárlagafrv. Hækkun er um 2300 millj. kr. eða 336%.

Afleiðingin af þessari skattastefnu ríkisstjórnarinnar er sú, að skattgreiðendur flytja nú að verulegu leyti kvittanir fyrir opinberum gjöldum heim til sín í stað launanna við hverja útborgun launa.

Þessi örfáu dæmi verða látin nægja að sinni til þess að sýna, hvert Viðreisn hefur leitt. Við viljum aðeins undirstrika það, að sparnaður er fjarri staðreyndum í framkvæmd stjórnarstefnunnar þrátt fyrir fyrirheit og tal um hagsýslu, sem kostar nokkra fjármuni, en kemur ekki í ljós í öðru. Nýtt dæmi um útþensluna í ríkisrekstrinum er kostnaður, sem nemur ½ millj. kr., við nýstofnað prestsembætti úti í Kaupmannahöfn, sem var ekki vitað um sem væntanlega framkvæmd eða talið með brýnustu verkefnum þjóðarinnar að stofna til, svo sem þó hefur verið gert.

Eins og fyrri fjárlög núverandi ríkisstjórnar munu fjárlögin fyrir árið 1965 ekki sýna rétta mynd af fjárþörf hinna ýmsu stofnana. Má þar til nefna Skipaútgerð ríkisins, sem vanta mun einhverjar milljónir í rekstur sinn. Er hér að vísu ekki neitt nýtt á ferðum, þar sem þessi saga hefur endurtekið sig öll valdaár núverandi ríkisstjórnar, svo sem ríkisreikningar sanna. Ekki getur farið hjá því, að áætlanir, sem eru langt frá veruleikanum, hljóta að hafa lamandi áhrif á reksturinn, þó að greitt sé að lokum. Hitt er þó öllu alvarlegra, að skipastóll útgerðarinnar eldist og skipin verða þar af leiðandi að fara í dýrar flokkunarviðgerðir, og eru þar að auki ekki að kröfu tímans, og virðist okkur óumflýjanlegt að taka það mál til athugunar, áður en það er um seinan.

Við minnum einnig á, að Þjóðleikhúsið hefur í smíðum hús og er búið að verja verulegri fjárhæð til þeirrar byggingar, en vegna fjárskorts er byggingin hálfgerð, ónothæf og öllum til leiðinda. Fjármagnið ávaxtar sig ekki, og rekstur Þjóðleikhússins verður bæði erfiðari og dýrari vegna þessa framkvæmdaleysis, en þó mun hér um tiltölulega litla fjárhæð að ræða.

Svipaða sögu er að segja frá Vífilsstaðahæli. Tiltölulega litla fjárhæð þarf til að gera óumflýjanlegar endurbætur á hælinu, en hún mun ekki fást að þessu sinni, þó að fjárlögin verði hátt á fjórða milljarð.

Um fátt er meira rætt og ritað manna á meðal og í blöðum en nauðsyn almennrar menntunar og að taka beri tækni og vísindi í þjónustu atvinnuveganna. Meira þarf til en umtalið eitt, til þess að svo verði gert, og ekki virðist þetta fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar bera það með sér, að hún sé boðberi þessarar stefnu. Að vísu liggur ekki fyrir enn þá, hvernig tekið verður á skólabyggingunum við fjárlagaafgreiðslu með fjárveitingu til nýrra skóla, en ljóst er þó, að þær tölur, sem eru í fjárlagafrv., munu þar lítt duga.

Við munum með tillögum okkar reyna nokkuð á vilja þingmanna um stuðning við þessi mál, sem við teljum þjóðinni nauðsyn að tileinka sér svo sem aðrar menningar- og framfarasinnaðar þjóðir. Þá munum við einnig í tillögugerð okkar leggja til, að aukin verði fjárveiting til ýmissa framfaramála þjóðarinnar, svo sem samgangna, raforkumála, hafna og jafnvægismála. Munum við nú gera grein fyrir tillögum þeim, er við flytjum á sérstöku þingskjali. En við viljum taka það fram fyrst, að þar sem meiri hluti fjárveitinganefndar gerir ekki tillögur um breytingar á tekjuáætluninni og afgreiðir fjárlagafrv. með tekjuhalla til 3. umræðu, munum við ekki heldur gera tillögur til breytinga á tekjuáætluninni við 2. umræðu, heldur geyma það til 3. umræðu, enda ljóst þá, hvaða afgreiðslu tillögur okkar fá hjá alþingismönnum.

Um brtt. við 13. gr.

Við 13. grein fjárlagafrv. flytjum við tvær breytingartillögur. Sú fyrri er, að framlag til vegamála hækki um 60 millj. kr.

Þegar frv. um vegamál var á sínum tíma flutt af nokkrum þingmönnum Framsóknarflokksins, var gert ráð fyrir því, að viðhald þjóðvega, stjórn þeirra og áhaldakaup o. fl. yrði áfram á fjárlögum og fjárveiting þeirra ákveðin þar án tillits til tekna vegasjóðsins, en verkefni hans yrði nýbygging vega og brúa. Stefna sú, sem tekin var við afgreiðslu vegalaganna, mun koma framkvæmd í vega-, brúa- og gatnagerð í verulegan vanda fyrr eða síðar, þar sem viðhald þjóðvega kallar á aukið fé og annar kostnaður, svo sem mannahald, húsagerðir og áhaldakaup, fer vaxandi, og ef eitthvað á að gera í því að gera vegi úr varanlegu efni, kostar það einnig stórar fjárhæðir. Allt þetta ásamt vaxandi dýrtíð mun gera það að verkum, að með óbreyttu ríkissjóðsframlagi verður lítið eftir til framkvæmda í landsbrautum og þjóðbrautum. Þess vegna verður nú þegar í upphafi að gera sér grein fyrir, að hverju stefnir, og koma í veg fyrir alvarlega kyrrstöðu. Við viljum líka með þessari tillögu okkar undirstrika, að allir sérskattar af bifreiðum, svo sem leyfisgjöldin, eiga að ganga til vegamála, enda er hlutur ríkissjóðs í tekjum af umferðinni orðinn það mikill, að ofrausn er að bæta leyfisgjöldum við. Þar sem tekjur hans af henni voru 557.2 millj. kr. árið 1963 og verða mun meiri 1965, verður að telja stillt í hóf, þó að 320 millj. kr. gangi til vegagerðar af 700—750 millj. kr. tekjum, eins og þær koma til með að verða 1965 samkvæmt tekjum árið 1963.

Þá leggjum við til, að hækkað verði framlag til hafnargerða, þ. e. til þeirra hafna, sem eiga inni hjá ríkissjóði vegna framkvæmda fyrri ára. Framlagið hækki um 10 millj. kr. og verði skipt eftir sömu reglu og verið hefur. Ljóst er, að verði hafnarframkvæmdir svipaðar á næsta ári og þær voru yfirstandandi ár, munu skuldir ríkissjóðs við hafnirnar vaxa aftur frá því, sem þær verða nú í árslok. Þetta verður að koma í veg fyrir.

Um brtt. við 14. gr.

Við gerum tillögu um, að mætt verði ósk stúdenta um fjárveitingu til endurbóta á stúdentagörðunum og til að koma sér upp nýju félagsheimili. Hér er um litlar fjárhæðir að ræða, um 3 millj. kr. Þetta er mál, sem Alþingi ber að sinna og það án tafar.

Við flytjum einnig tillögu um að tvöfalda framlag til íþróttasjóðs. Þörf hefði verið að hafa þessa fjárhæð nokkru hærri, en fara verður í áföngum að því marki, sem að er stefnt, þ. e. að gera sjóðinn hæfan til að sinna hlutverki sínu.

Um brtt. við 16. gr.

Við flytjum nokkrar brtt. við 16. gr. fjárlagafrumvarpsins. Hin fyrsta er að hækka lítið eitt framlag til Búnaðarfélagsins vegna aukins rekstrarkostnaðar samkv. rekstraráætlun stofnunarinnar.

Þá leggjum við til að hækka framlagið til að styðja ræktunarsamböndin við kaup á jarðræktarvélum, og mun sú fjárveiting verða til að bæta úr brýnustu nauðsyn, þ. e. að greiða áfallnar kröfur þar að lútandi.

Einnig gerum við tillögu um að hækka fjárveitingu til fiskileitar, síldarrannsókna og veiðitilrauna um 4 millj. kr. Er þar tekið undir beiðni, er forráðamenn leitarinnar hafa borið fram.

Við höfum gert að tillögu okkar tillögu raforkumálastjóra um fjárveitingu til jarðhitasjóðs. Meðal dýrmætari náttúruauðæfa okkar lands er jarðhitinn. Mikil rannsóknar- og könnunarstörf eru þar óunnin. Tillaga okkar stefnir að því að hraða þeim verkum, þótt of lítið sé þar að gert.

Við höfum flutt þingsályktunartillögu um að hraða raforkuframkvæmdum í landinu. Fjárveiting til raforkusjóðs hefur staðið óbreytt síðan 1959, en þá var hún lækkuð. Við leggjum til að tvöfalda upphæðina nú, því að ekki mun af veita, til þess að því marki verði náð, að lokið verði raflýsingu á alla bæi, er rafmagn fá frá samveitunni, 1968, eins og tillaga okkar gerir ráð fyrir.

Þá höfum við tekið upp tillögur þær, sem deildarstjórar og forstöðumenn Atvinnudeildar háskólans og rannsóknaráð ríkisins gerðu til breytinga á fjárlagafrv. Hér er um litla fjárhæð að ræða, aðeins 3—4 millj. kr. En miklu gætu þessar krónur skilað þjóðinni aftur, þar sem þær eiga m. a. að ganga til hagnýtra jarðfræðirannsókna, sjálfstæðra byggingarrannsókna og til að koma á fót vísi að tækni- og vísindalegri upplýsingaþjónustu. Í þessum störfum eigum við, sem víðast hvar annars staðar, á að skipa áhugasömum og efnilegum mönnum, sem við eigum að styðja í því að verða með þekkingu sinni og manndómi þjóðinni að sem mestu liði.

Þá gerum við og tillögu um, að liður sá, sem um var samið s. l. sumar í sambandi við verðlagsmál bænda, hækki úr 5 millj. kr. í 15 millj. kr. Í ljós hefur komið við athugun, að erfitt mun reynast að skipta þessari fjárhæð vegna þess, hvað fjárhæðin er lág, en þörfin brýn. Ekkert brýtur það í bága við samkomulagið frá því í sumar, þó að Alþingi ákveði að leggja þessu máli lið.

Um brtt. við 17. gr.

Þar leggjum við til að hækka framlagið til atvinnubótasjóðs í 25 millj. kr. Eins og nú er, er sjóðurinn fjárvana, en hins vegar mikið til hans leitað um aðstoð.

Framsóknarmenn hafa lagt fram á Alþingi frv. um jafnvægissjóð. Þeim sjóði eru í frv. ætlaðar nokkuð ríflegar tekjur. Meðan það frv. verður ekki að lögum, verður að styðja atvinnubótasjóð til að sinna að nokkru þeim verkefnum, sem jafnvægissjóði eru ætluð. Ekki orkar það tvímælis, að mikið verkefni gæti jafnvægissjóðurinn leyst af hendi í einu af okkar stærstu þjóðfélagsvandamálum, jafnvægi í byggð landsins, ef það lagafrv. fengi náð fyrir augum meiri hluta alþingismanna.

Um brtt. við 20. gr.

Við gerum nokkrar brtt. við 20. gr. fjárlagafrv. Eru þær þessar:

Lagt er til að taka upp í fjárlög tillögu deildarstjóra jarðeignadeildarinnar um, að fjárveiting til bygginga á jörðum ríkisins verði 4 millj. kr. Þörfin fyrir þessa fjárveitingu er alþingismönnum kunn og að allra vitorði mjög brýn.

Gerð er tillaga um, að fjárveiting til nýrra flugvalla hækki um 10 millj. kr. Mörg verkefni bíða úrlausnar, fjárins er sannarlega þörf. Sama er að segja um litla fjárlagahækkun vegna sjúkraflugvalla.

Áður höfum við flutt tillögu um framlag til að byggja fiskirannsóknaskip. Of hægt miðar þeirri nauðsynlegu framkvæmd áfram. Gerð er hér tilraun til að hraða henni lítið eitt.

Íþróttakennaraskóli Íslands hefur starfað að Laugarvatni um langt árabil. Hann hefur leyst af hendi mikið og gott starf. Hefur honum tekizt vel fyrir starfsemi nemenda sinna og velunnara að líkamsrækt að hjálpa þjóðinni til að komast yfir þá erfiðleika, sem voru því samfara að hverfa frá dreifbýli til þéttbýlis. Skóli þessi á ekki þak yfir höfuð sér nema að takmörkuðu leyti. Á yfirstandandi ári fékk hann leyfi til að hefja byggingarframkvæmdir með lítilli fjárveitingu. Hér er tekið undir fjárbeiðni skólastjóra og skólanefndarformanns og að því stefnt með tillögunni að gera hús íþróttaskólans fokhelt á árinu 1965.

Einnig tökum við undir beiðni veðurstofustjóra um fjárveitingu til að hefja byggingu yfir stofnunina, svo sem hann hefur sannað með rökum að brýna þörf beri til.

Þá gerum við tillögu um, að tekinn verði upp nýr liður: 8 millj. kr. verði varið til að halda áfram að byggja upp og greiða áfallnar skuldir á húsi búnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans á Keldnaholti. Þessar framkvæmdir munu kosta um 13 millj. kr. nú. Með öllu er óforsvaranlegt að láta slíka fjármuni ónotaða, og brýn nauðsyn knýr á að koma húsinu í þau not, sem að var stefnt, þegar ákvörðun var tekin um að reisa byggingu þessa.

Engu getur það breytt, þó að mönnum hafi sýnzt sitt hverjum um staðsetningu hússins í upphafi. Það mál var afráðið í eitt skipti fyrir öll, þegar verkið var hafið. Úr fjárþörf byggingarinnar verður að leysa, svo að verkinu geti orðið haldið áfram. Allt annað er óforsvaranlegt.

Um brtt. við 22. gr.

Þá leggjum við til, að inn á 22. grein fjárlagafrv. verði teknir nokkrir nýir liðir.

Lagt er til, að ríkisstjórninni sé heimilt að bæta úr fjárhagserfiðleikum félagsheimilasjóðs, sem er fjárvana og á þar af leiðandi ógreiddar til félagsheimilanna stórar fjárhæðir. Ekki þarf orðum að því að eyða, hvaða erfiðleikum þetta veldur þeim, sem klífa þrítugan hamarinn við að reisa félagsheimili. Hér verður úr að bæta. Vegna þess er þessi tillaga flutt.

Þá leggjum við til, að upp verði tekin ábyrgðarheimild vegna bygginga og endurbóta á síldarverksmiðjum, umhleðslustöðvum og til síldarflutninga. Óþarft er að rökstyðja þessa tillögu.

Sömuleiðis leggjum við til, að lánsheimild verði veitt til kaupa tveggja síldarleitarskipa. Kunnara er það en frá þurfi að segja, hvað síldin er mikill þáttur í okkar atvinnulífi, og það er einnig kunnugt, að við eigum á að skipa hinum færustu vísindamönnum á þessu sviði. Það á að vera okkur metnaður að eignast hin fullkomnustu tæki vegna vísindalegs stuðnings við þessa atvinnugrein. Þess vegna er tillaga þessi flutt.

Þá leggjum við til, að varið verði allt að 20 millj. kr. af greiðsluafgangi fyrri ára til að styrkja nýja síldarvinnslu og markaðsleit í því sambandi. Kapp eigum við að leggja á það að gera útflutningshráefni okkar sem verðmætust með því að vinna úr þeim hér heima fyrir. Það getur kostað mikið fjármagn að koma á fót slíku fyrirtæki og koma vörunni á markaðinn. Þessari tillögu er ætlað að létta þann róður.

Þó að við gerum ekki tillögur um meiri breytingar á fjárlagafrv., er það ekki af því, að okkur sé ekki ljós þörfin á þeim, svo sem að framlag til aflatryggingasjóðs verði hækkað, heldur af hinu, að við treystum því, að t. d. svo augljós leiðrétting verði gerð af meiri hlutanum fyrir 3. umræðu.

Í nefndaráliti okkar hér að framan höfum við gert grein fyrir tillögum okkar og með rökum sýnt fram á réttmæti þeirra. Við flytjum ekki tillögur um lækkun á útgjaldaliðum fjárlaga, teljum, að stefnubreyting þurfi að eiga sér stað hjá meiri hluta alþingismanna, svo að slíkar tillögur hafi hljómgrunn. Við höfum líka lýst lauslega, hvernig stjórnarstefnan, Viðreisn, speglast í fjárlagafrv. Einkennin eru: verðbólga, skattpíning og eyðsla. Ekki verður heldur sagt, að reisn sé yfir fjárlaga-

afgreiðslu, eins og hún er við 2. umræðu málsins, þar sem botninn fyrirfinnst enginn.

Enda þótt frá fjárlagafrumvarpinu sé nú þannig gengið, að það sýni greiðsluhalla, er okkur ljóst, að úr því verður bætt, og möguleikar til að brúa bilið eru fyrir hendi og verða að vera það. Að afgreiða fjárlög með greiðsluhalla kemur ekki til mála í slíku góðæri sem nú er til lands og sjávar vegna metafla og hagstæðrar tíðar til landsins. Með þeirri skattastefnu, sem ríkisstjórnin fylgir, er auðvelt að draga mikið fé í ríkissjóð, enda er það óspart gert, svo sem augljóst er. Hins vegar verður það takmark ríkisstjórnarinnar sem fyrr að draga þangað meira fé en þörf er á, þó að það leggi meiri álögur á þjóðina en gjaldgeta almennings leyfir. Að því mun ríkisstjórnin keppa við lokaafgreiðslu fjárlaganna nú sem fyrr. Á þann hátt mun henni takast að tryggja vöxt verðbólgunnar til hagsbóta fyrir þá, er fjármagnið hafa í sinni þjónustu. Þá virðist stjórnarstefnunni fullnægt.

Alþingi, 12. des. 1964.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Halldór Ásgrímsson. Ingvar Gíslason.

Sþ. 157. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1965.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Í nefndaráliti 2. minni hluta fjárveitinganefndar um frumv. til fjárlaga fyrir árið 1964 var m. a. komizt svo að orði: „Upplausnarástandið og jafnvægisleysið, sem nú ríkir í efnahagsmálum eftir 4 ára setu ríkisstjórnarinnar, sem aldrei hefur séð aðrar leiðir en hækkunar- og álöguleiðir, er svo algert, að naumast er fært að gera áætlun um útgjöld ríkissjóðs til heils árs í senn, svo ört snýst verðbólguhjólið, en höfuðsvipur þeirra fjárlaga, sem reynt er að koma saman, er samdráttarstefna um nauðsynlegar framkvæmdir, en áframhaldandi útþenslustefna að því er varðar rekstrarkostnað og skatta.“

Það kom í ljós, að þess varð ekki langt að bíða, að ríkisstjórnin umturnaði nýsettum fjárlögum. Þótt skattar og tollar hefðu með þeim fjárlögum verið ákveðnir um 430 millj. kr. hærri en næsta ár á undan, dugði það stjórnarflokkunum ekki, heldur lögðu þeir þegar í jan. á um 300 millj. kr. nýjan árlegan skatt með hækkun söluskatts úr 3% í 5½% til þess að bjargast við fram að setningu næstu fjárlaga, sem nú er komið að afgreiðslu á.

Fáar staðreyndir eru almenningi kunnari úr stjórnmálasögu síðari ára en sú, að núv. stjórnarflokkar hófu setu sína í ríkisstjórn með yfirlýsingum um, að aðalerindi þeirra í valdastólana væri að tryggja fast verðlag. Varla eru aðrar staðreyndir kunnari, nema ef vera skyldi sú, að eftir 5 ára valdaferil ríkisstjórnarinnar er hverjum manni ljóst, að sá vandi, sem við blasti í árslok 1958, var sem gári á vatni miðað við þær holskeflur dýrtíðar og verðbólgu, sem henni hefur tekizt að vekja upp og magna með ári hverju. Höfuðáherzlan hefur verið lögð á að tryggja fjáraflamönnum, að sem mest af afrakstri hinna mestu góðæra, sem íslenzka þjóðin hefur lifað, lendi í þeirra vasa, með þeim afleiðingum, að raunverulegur kaupmáttur tímakaups verkafólks er nú lægri eftir samfelld góðæri til lands og sjávar undanfarin ár en hann var á aflaleysisárum fyrr. Ríkisstjórnin hefur algerlega látið undir höfuð leggjast að sinna því, sem hún taldi í upphafi aðalverkefni sitt, að tryggja fast verðlag, en fleytt síhækkandi fjárlögum í gegnum

afgreiðslu Alþingis án nokkurs tillits til þeirra afleiðinga, sem af hafa hlotizt á þróun efnahagsmála. Afleiðingarnar hafa verið þær, að við hver áramót hafa blasað enn stærri verðþensluvandamál og við enn stórfelldari verðhækkanir verið að kljást. Þá hefur lífróðurinn með fjárlögin hafizt á ný með nýjum álögum á þá þegna, sem búa við skertan kaupmátt launa, þrátt fyrir góðærin.

Eins og áður greinir, var þessari keðjuþróun svo langt komið við afgreiðslu fjárlaga í fyrra, að ríkisstjórninni reyndist ekki unnt að bíða afgreiðslu þeirra fjárlaga, sem nú eru til afgreiðslu, heldur varð þegar í jan. s. l. að seilast ofan í vasa gjaldþegna eftir auknum sköttum. Þegar svo var komið og öllum var orðið auðsætt, að ríkisstjórnarflokkarnir stefndu efnahagsmálum þjóðarinnar í algert öngþveiti og héldu hraðar en nokkru sinni fyrr út í ófæruna, gerðu verkalýðssamtökin tilraun til að grípa í taumana og reyna til þrautar að fá tekna upp farsælli stefnu. Frestuðu verkalýðsfélögin baráttu fyrir kauphækkunum, sem undanfarandi verðhækkanir höfðu veitt þeim rétt til, þar til sýnt yrði m. a. við afgreiðslu fjárlaga, hvort fram kæmi í reynd einhver viðleitni hjá ríkisstjórnarflokkunum til þess að tryggja grundvöll þess samkomulags, sem gert var milli þessara aðila s. l. sumar, en nýrri holskeflu skatta yrði ekki dembt yfir almenning ofan á þá, sem öllum eru í fersku minni frá s. l. sumri.

Það ætti því að vera ljóst, hversu afar mikilvægt er, að einmitt þau fjárlög, sem nú er verið að afgreiða, séu ekki brennd því sama marki skattpíningar og verðþenslustefnu, sem einkennt hefur fjárlög núverandi ríkisstjórnar til þessa. Á miklu ríður, að nú sé horfið af þeirri braut, sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa haldið við afgreiðslu fjárlaga, og komið sé á móts við óskir almennings um breytta stjórnarstefnu í anda þess samkomulags, sem gert var við verkalýðssamtökin á s. l. sumri.

Því miður verður ekki séð, að fjárlagafrumvarp það, sem nú liggur fyrir, sýni annað en óbreytta og jafnvel aukna verðbólgustefnu ríkisstjórnarinnar. Sú stefna virðist enn eiga að ráða að mæta áhrifum frá hækkun síðustu fjárlaga með hinum sígildu og einhæfu viðbrögðum ríkisstjórnarinnar: enn frekari hækkun skatta og tolla á hinum næstu.

Við setningu fjárlaga undanfarin ár hafa skattar og tollar að meðtöldum þeim hluta söluskatts, sem rennur í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, hækkað svo sem hér segir:

Fjárlög ársins	1962	um	176	millj.	kr.
— —	1963	—	437	—	—
— —	1964	—	430	—	—
Við 2. umr. fjárl.	1965	—	623	—	—

og er þá í síðustu tölunni meðtalin hækkun söluskatts eftir setningu fjárlaga ársins 1964, en ekki sú hækkun, sem varð á benzínskatti, gúmmígjaldi og þungaskatti bifreiða við setningu hinna nýju vegalaga á þessu ári.

Það fer því ekki milli mála, að þenslustefnan og skattpíningarstefnan er enn ríkjandi og í algleymingi. Á viðleitni til sparnaðar örlar ekki, þótt á því væri brýnni þörf nú en nokkru sinni fyrr, að gangskör væri gerð að niðurskurði á rekstrarútgjöldum. Verst virðast leikin þau málefni, sem mestum sparnaði var lofað um, og nægir þar að nefna, að með nýjum aðferðum við álagningu skatta var heitið sparnaði á þeim útgjöldum ríkisins. Strax á fyrsta ári eftir breytinguna hækkaði kostnaðurinn á fjárlögum úr 8 478 000 kr. í 15 500 000 kr., og fylgdi þeirri hækkun sú athugasemd, að þessi mál „væru nú komin í fast form“. Reyndin er þó sú, að í því frumvarpi, sem nú liggur fyrir til afgreiðslu, hækkar þessi kostnaðarliður enn um ekki minna en 5.5 millj. kr. á einu ári.

2. minni hluti fjárveitinganefndar gerir á sérstöku þingskjali tillögur um lækkun nokkurra rekstrarliða. Eru þær tillögur engan veginn tæmandi, heldur nánast könnun á því, hvort stjórnarflokkarnir fáist í nokkru einstöku atriði til þess að sýna vott af vilja til sparnaðar.

Það er uggvænleg staðreynd, að nú virðist sýnt, að í kjölfar samninga við verkalýðssamtökin í landinu, þar sem gerð er af þeirra hálfu mikilvæg tilraun til stöðvunar verðbólgunnar, fylgi hins vegar frá ríkisstjórninni mesta hækkun á sköttum og tollum, sem um getur við setningu fjárlaga. Eru þó ekki öll kurl komin til grafar nú við 2. umræðu fjárlaga, þar sem í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir þeim niðurgreiðslum á vöruverði á næsta ári, sem viðhafðar eru í dag, og mun sá liður þurfa að hækka um 220 milljónir, til þess að gert sé ráð fyrir sömu niðurgreiðslum á næsta ári og nú eru í gildi.

Afleiðingarnar af samningum verkalýðsfélaganna og ríkisstjórnarinnar s. l. sumar, m. a. um greiðslu vísitöluuppbóta á laun, eru m. a. þær, að sú aðferð, sem ríkisstj. hefur viðhaft til þessa á valdatíma sínum, að mæta afleiðingum verðbólgustefnu sinnar einfaldlega með stórhækkuðum álögum við setningu hverra fjárlaga, er ekki jafngreiðfær og fyrr. Enda sýnir afgreiðsla stjórnarflokkanna á því fjárlagafrumvarpi, sem fyrir liggur, að þeir standa nú ráðalausari en nokkru sinni fyrr. Í fjárveitinganefnd hafa fulltrúar stjórnarflokkanna ekki gert tillögur um tekjuhlið frumvarpsins fyrir 2. umræðu, og kemur það þannig ókarað fyrir Alþingi til afgreiðslu, og hafa útgjöld þó hækkað í meðförum nefndarinnar um 50 millj. kr. Skortir því allmjög á, að þingheimi sé á þessu stigi málsins gert að fullu ljóst, hvað við blasir eftir afgreiðslu fjárlaga. Úrræði hefur ríkisstjórnin engin fundið enn. Verður að átelja þessi vinnubrögð, án þess að fulltrúum ríkisstjórnarinnar í fjárveitinganefnd verði þar um kennt. Ekki er þó nóg með, að ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki treyst sér til að móta stefnu sína um tekjuöflun ríkissjóðs á næsta ári og leggja hana fyrir Alþingi við 2. umræðu, heldur hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni engar upplýsingar getað fengið um innkomnar tekjur ríkissjóðs á þessu ári eða áætlun um innflutning á næsta ári, þrátt fyrir ítrekaðar óskir. Hefur jafnan verið talið sjálfsagt, að fjárveitinganefnd hafi fyrir 2. umr. aðgang að þessum upplýsingum, enda er starfsgrundvöllur hennar að engu gerður, þegar svo er að farið. Verður að víta þessi vinnubrögð sérstaklega. Eins og undirbúningi ýmissa málaflokka er háttað, þyrfti meiri tími að gefast til afgreiðslu fjárlaga, og meðan ekki er úr því bætt, virðist tæpast stætt á því að einblína á það eitt að afgreiða fjárlög fyrir áramót. Of mjög sækir í það horf, að skemmstur tíminn gefst til að afgreiða veigamestu málin.

Ýmis mál eru enn óafgreidd hjá nefndinni og bíða 3. umræðu. Leggur 2. minni hluti því ekki fram breytingartillögur við þau mál, fyrr en sýnt er, hvernig þau verða afgreidd í nefndinni.

Mikinn fjölda erinda og mála hefur nefndin afgreitt sameiginlega. Um sameiginlegar tillögur nefndarinnar er það að segja, að 2. minni hluti hefur óbundna afstöðu um fylgi við einstakar tillögur og um flutning á breytingartillögum eða fylgi við breytingartillögur, sem fram kunna að koma.

Um breytingartillögur, sem nefndaráliti þessu fylgja, skal þetta tekið fram:

Breytingartillögur við 10. gr.

Lagt er til, að 3 sendiráð á Norðurlöndum verði sameinuð í eitt. Gert er ráð fyrir, að á fyrsta ári sparist um 1.5 millj. kr., en mun meira, þegar skipulagsbreytingin yrði að fullu komin til framkvæmda. Þegar talað hefur verið um sparnað, hefur þessi leið verið nefnd af fleirum en fulltrúum Alþýðubandalagsins, en aldrei hefur verið meiri þörf en nú, að í þessu efni séu verkin látin tala.

Kostnaður utanríkisráðuneytisins vegna ferðalaga, samninga við erlend ríki og þátttöku í alþjóðaráðstefnum er áætlaður 3.7 millj. kr. Gerð er tillaga um, að ráðuneytið fái 2.5 millj. til þessara mála á einum lið, og mun flestum virðast, að það ætti að nægja.

Vegna ferðalaga fulltrúa Alþingis á þingmannafundi Atlantshafsbandalagsins

er gert ráð fyrir tæpl. 200 þús. kr. kostnaði á næsta ári. Slík þátttaka í nafni Alþingis í hernaðarráðstefnum er því ekki til sóma, og er lagt til, að skattgreiðendum verði hlíft við þessari greiðslu.

Breytingartillögur við 11. gr.

Kostnaður Íslendinga af því að verjast „varnarliðinu" á Keflavíkurflugvelli hækkar með ári hverju, jafnhliða því sem aðrar þjóðir draga úr herkostnaði. Lagt er til, að sparaðar verði 2.2 millj. kr. á þessum lið, sem nemur um 6.2 millj. kr. á fjárlagafrumvarpinu.

Liðurinn til almannavarna er sú undantekning, sem sannar regluna um hækkun rekstrarliða á fjárlagafrumvarpinu. Hann er nú lækkaður úr 4 millj. kr. í 2.7 millj. kr. Lagt er til, að hér verði sparað frekar og liðurinn lækkaður í 500 þús. kr., og þeirri upphæð haldið eftir með tilliti til þess, að almannavörnum er ætlað hlutverk í sambandi við varnir gegn hættum af náttúruhamförum. Ber þó á það að líta, að framlög til framkvæmda í því efni eru annars staðar á fjárlögum einnig.

Breytingartillögur við 12. gr.

Vífilsstaðahæli er vegna aldurs síns ófullkomið mjög, og er þar þörf margvíslegra endurbóta. Lagt er til, að fjárveiting í þessu skyni verði hækkuð um þá upphæð, sem forráðamenn þess telja nauðsynlega til framkvæmda, eða úr 5.4 millj. kr. í 6.9 millj. kr.

Breytingartillögur við 13. gr.

Áætla má, að hækkun á framkvæmdakostnaði við vegagerð hafi orðið um 15% á þessu ári. Til þess að vegaframkvæmdir geti á næsta ári í reynd orðið jafnar því, sem fé var veitt til á vegalögum og fjárlögum fyrir árið 1964, er lagt til, að framlag ríkisins hækki um 31.5 millj. kr., en framkvæmdir í vegamálum eru svo brýnar, að ekki verður við unað, að þær dragist saman á næsta ári.

Gerð er tillaga um hækkun fjárveitingar til hafnarmannvirkja og lendingarbóta úr 17 550 000 kr. í 30 000 000 kr. Kostnaður við hafnarframkvæmdir mun hafa hækkað um 15% á þessu ári, og vangreidd framlög ríkissjóðs munu nema tæpl. 50 millj. kr., svo að mjög mikil þörf er á, að fjárveiting verði hækkuð til þessara framkvæmda.

Breytingartillögur við 14. gr.

Til listkynningar í skólum er áætlað á fjárlagafrumvarpi næsta árs 200 þús. kr. Um það mun naumast ágreiningur, að af listgreinum er hlutur myndlistar í listkynningu þessari of rýr. Lagt er til, að með 100 þús. kr. viðbótarfjárveitingu verði tvennt gert í einu: skólanemendum veitt aukin myndlistarfræðsla og sýningar myndlistarmanna, sem kynna skólafólki verk sín, styrktar.

Íþróttasjóður má heita óstarfhæfur vegna þess, að fjárveitingar ríkisins til hans eru í engu samræmi við þær skyldur, sem lögin ákveða honum. Vandræðaástand ríkir varðandi lögboðna íþróttakennslu víða um land. Lagt er til, að framlag til sjóðsins verði hækkað úr 4 millj. kr. í 6.5 millj. kr.

Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til, að Jóhannes S. Kjarval, Páll Ísólfsson og Tómas Guðmundsson verði settir í heiðursflokk við úthlutun listamannalauna auk þeirra Gunnars Gunnarssonar og Halldórs Kiljans Laxness, sem áður hafa skipað þann flokk. Mun það álit flestra, sem til þekkja, að sé fjölgað í þessum flokki, verði ekki gengið fram hjá þeim Jóhannesi úr Kötlum og Þórbergi Þórðarsyni, og er gerð tillaga um, að þeir skipi einnig heiðursflokkinn.

Alkunna er, í hve mikilli niðurníðslu sýningarskáli Félags íslenzkra myndlistarmanna er. Félagið hefur nú fengið lóð undir nýjan skála og hefur sótt um aðstoð ríkisins til framkvæmda. Er lagt til, að félaginu sé veitt byrjunarframlag á næsta ári, 1 millj. kr.

Breytingartillögur við 16. gr.

Á fjárlögum er veitt fé til námskeiða í meðferð fiskileitartækja, og er öllum ljóst, hve brýn þörf er á slíkum námskeiðum.

Ætlunin mun vera að halda einnig námskeið fyrir viðgerðarmenn fiskileitartækja, ef framlag fæst til þess. Skortur er á mönnum til þessara nauðsynlegu starfa, og er lagt er til, að á fjárlögum verði veittar 105 þús. kr. til þess að námskeiðið geti farið fram.

Með lögum nr. 1/1964 var ákveðið, að ríkssjóður greiddi Aflatryggingasjóði til styrktar útgerð togara 51 millj. kr. á árinu 1964. Á fjárlagafrumvarpinu er þessi upphæð lækkuð í 40 millj. kr. með þeim rökstuðningi, að færri togarar hafi verið að veiðum á þessu ári en árið 1963. Samkv. því virðist þó vera gert ráð fyrir því, að dagstyrkur á hvern togara verði óbreyttur. Samkv. upplýsingum, sem fram komu í fjárveitinganefnd, mun þessi ályktun um að lækka framlagið í 40 millj. kr. vera á misskilningi byggð, þar sem á móti því kemur, að úthaldsdagar togaranna hafa almennt verið fleiri á þessu ári. Samkv. því þarf fjárveitingin að vera 48 millj. kr., til þess að dagstyrkur togaranna verði jafnmikill á næsta ári og nú, en af því mun sízt veita, þegar aflabrögð þeirra eru höfð í huga og að kostnaður við útgerð þeirra hefur aukizt.

Lagt er til, að framlag til hagnýtra jarðfræðirannsókna og iðnaðarrannsókna verði hækkað úr 400 þús. kr. í 800 þús. kr. Þegar á það er litið, að hér er um að ræða undirstöðurannsóknir fyrir alla nýtingu jarðhita, ætti að vera ljóst, að fé til þessarar starfsemi er vel varið, og að henni má ekki kreppa með allt of naumum fjárveitingum.

Með því framlagi, sem áætlað er á fjárlögum til byggingadeildar Atvinnudeildar háskólans, er deildinni ekki fært að stunda sjálfstæðar byggingarannsóknir, en í sambandi við hagkvæma lausn húsnæðisvandamálanna er mjög brýn þörf á, að þeim rannsóknum verði sinnt. Er því lagt til, að framlag til byggingadeildar verði hækkað og 200 þús. kr. verði sérstaklega varið til sjálfstæðra byggingarannsókna.

Breytingartillögur við 17. gr.

Jafnframt því sem byggingarkostnaður hækkar og erfiðara verður fyrir almenning að ráðast í íbúðabyggingar, vex þörfin á því, að auknar séu fjárveitingar í þá þætti byggingastarfseminnar, sem búa alþýðu manna rýmst kjör. Því er lagt til, að framlag ríkisins til byggingar verkamannabústaða hækki úr 7 millj. kr. í 10 millj. kr.

Enn skortir mjög á, að nægilega sé séð fyrir dagheimilum, sumardvalarheimilum og vistheimilum fyrir börn úr bæjum og kauptúnum, og er þó víða í bæjum unnið að byggingu dagheimila. Vegna fjölgunar þeirra á ári hverju og stóraukins rekstrarkostnaðar þarf hin lága upphæð, sem verið hefur á fjárlögum til styrktar þessari starfsemi, að hækka, og er gerð tillaga um, að framlagið hækki úr 450 þús. kr. í 900 þús. kr., en til vara í 600 þús. kr.

Um félagsheimilasjóð gegnir sama máli og íþróttasjóð. Hann er þess ófær að gegna hlutverki sínu og getur ekki staðið við þær skyldur, sem lögin ákveða honum. Virðist óhjákvæmilegt, að ríkið ákveði framlag í sjóðinn á fjárlögum, og er gerð tillaga um 3 millj. kr. á næsta ári.

Alþingi, 12. des. 1964.

Geir Gunnarsson.

Nd. 158. Frumvarp til hjúkrunarlaga. [105. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur hafa þær konur einar hér á landi, sem stundað hafa nám tilskilinn tíma í Hjúkrunarskóla Íslands í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum hjúkrunarskóla hér á landi og að loknu prófi eru taldar hæfar til hjúkrunarstarfa.

Ráðherra getur og veitt öðrum hjúkrunarkonum leyfi til hjúkrunarstarfa, ef þær hafa lokið jafngildu námi og eru að öðru leyti hæfar til starfsins að dómi skólastjóra Hjúkrunarskóla Íslands og landlæknis.

2. gr.

Ekki má ráða aðrar konur en þær, sem eru fullgildar hjúkrunarkonur samkvæmt 1. gr., til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa við sjúkrahús, sjúkraskýli, elliheimili, barnaheimili, að heilsuverndarstörfum og við hjúkrun í heimahúsum, né til starfa að öðrum tilsvarandi almennum hjúkrunarstörfum.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Ákvæði greinarinnar ná ekki til almennrar hjúkrunar og hjálparstarfsemi á heimilum utan kaupstaða, hvort sem hún fer fram á vegum sveitarfélaga eða einstakra hjúkrunar- eða líknarfélaga í sveitum.

3. gr.

Ef hjúkrunarkona gerir sig seka um einhverja óhæfu í starfi eða hagar sér þannig, að hjúkrunarkonu sé sérstaklega ósamboðið að dómi stjórnar Hjúkrunarfélags Íslands og landlæknis, getur ráðherra svipt hana starfsréttindum og rétti til að kalla sig hjúkrunarkonu, en skjóta má hún þeim úrskurði til dómstólanna.

Nú hefur hjúkrunarkona verið svipt réttindum og starfsheiti samkv. 1. mgr., og má þá ráðherra veita henni réttindin og starfsheitið aftur, enda liggi fyrir meðmæli stjórnar Hjúkrunarfélags Íslands og landlæknis.

4. gr.

Hjúkrunarkonu ber skylda til að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál, er hún kemst að í starfi sínu, nema lög bjóði annað.

Skylda hjúkrunarkonu til að bera vitni fyrir rétti er takmörkuð í samræmi við þetta og ákvæði réttarfarslaga um vitnaskyldu embættis- og sýslunarmanna og sérákvæði slíkra laga um lækna.

5. gr.

Hjúkrunarkonu er skylt að fara eftir fyrirsögn læknis um meðferð sjúklingsins, en henni er óheimilt að sinna læknisstörfum nema eftir fyrirmælum læknis.

6. gr.

Hjúkrunarkonu ber að þekkja starfsskyldur sínar og hverjum takmörkum hjúkrunarstörf eru háð. Einnig ber henni að halda við þekkingu sinni og tileinka sér þær nýjungar, sem varða hjúkrunarstörf.

7. gr.

Ákvæði 1. til 6. gr. taka einnig til karla, sem ljúka hjúkrunarnámi og hafa þá rétt til að kalla sig hjúkrunarmenn.

8. gr.

Heimilt er að þjálfa konur og karla til aðstoðar við hjúkrun, og skal starfsheiti þeirra, námstilhögun, starfsréttindi og skyldur ákveðið í reglugerð.

9. gr.

Ráðherra sá, sem fer með heilbrigðismál, skal setja með reglugerð nánari ákvæði um efni það, er lög þessi fjalla um.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum á lögunum skal fara að hætti opinberra mála.

Sektir samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld hjúkrunarkvennalög nr. 27 19. júní 1933.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Aðalástæðan til endurskoðunar hjúkrunarkvennalaganna er hinn mikli skortur á hjúkrunarkonum á landinu. Ein leið til að bæta að nokkru úr þeim skorti er að þjálfa sérstaka stétt aðstoðarfólks, er vinni við hjúkrunarstörf undir stjórn hjúkrunarkvenna. Hefur þessi leið verið farin erlendis og mun hafa reynzt vel. Þykir því rétt að heimila með lögum sams konar ráðstöfun hér á landi. Aðstoðarfólk þetta hlýtur aðallega verklega þjálfun um nokkurra mánaða skeið. Það vinnur ekki á eigin spýtur, en tekur að sér ýmis vandaminni störf undir stjórn hjúkrunarkvenna og getur því að vissu marki komið í stað þeirra.

Mál þetta hefur verið undirbúið af landlækni og borgarlækni í samráði við hjúkrunarkvennasamtökin í landinu, stjórn Hjúkrunarskóla Íslands og fleiri aðila, og er í ráði, að Rauði kross Íslands taki að sér að stjórna þjálfun þessa starfsfólks.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er það nýmæli, að gert er ráð fyrir, að fleiri hjúkrunarskólar en Hjúkrunarskóli Íslands geti verið reknir hérlendis og að hjúkrunarkonur, sem útskrifast úr hjúkrunarskólanum gangi undir sérstakt viðurkennt próf, áður en þær eru taldar hæfar til hjúkrunarstarfa og öðlast rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur. Er slíkt í samræmi við fyrirkomulag þessara mála í öðrum löndum.

2. mgr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 1. gr. núgildandi laga, en orðalagi nokkuð breytt.

Um 2. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 2. gr. núgildandi laga. Nýmæli er þó, að heilsuverndarstörf almennt eru tekin upp í greinina og einnig hjúkrunarstörf í heimahúsum, en skólahjúkrunarkonur eru ekki taldar sérstaklega. Þá er sett barnaheimili í stað barnahæli.

Um 3. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. gr. núgildandi laga. Þó er gerð sú breyting, að Hjúkrunarfélagi Íslands er falið, ásamt landlækni, að fjalla um hegðun útlærðs hjúkrunarfólks í stað skólastjóra Hjúkrunarskóla Íslands, svo sem nú er. Einnig þykir rétt að taka upp heimild til endurveitingar starfsréttinda og starfsheitis til þeirra, sem sviptir hafa verið réttindum.

Um 4. gr.

Greinin er nýmæli. Rétt þykir að taka upp í lögin ákvæði samsvarandi ákvæði því, sem gildir um lækna og aðstoðarfólk við læknisstörf, í 10. gr. laga nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi o. fl., en ákvæðið hefur verið talið ná einnig til hjúkrunarfólks sem aðstoðarfólks við læknisstörf.

Um vitnaskyldu hjúkrunarfólks er vísað til ákvæða þeirra, sem réttarfarslög hafa að geyma hverju sinni um embættis- og sýslunarmenn og einnig sérákvæða um lækna, sem slík lög taka fram, sbr. 94. gr., 1. mgr. 2. tl., laga um meðferð opinberra mála, nr. 82 21. ágúst 1961.

Um 5. gr.

Greinin er nýmæli. Þykir eðlilegt að hafa slíkt ákvæði í lögum.

Um 6. gr.

Greinin er nýmæli. Í greininni eru taldar nokkrar af almennum skyldum hjúkrunarkvenna.

Í 6. gr. laga um lækningaleyfi o. fl., nr. 47 23. júní 1932, eru svipuð ákvæði um lækna, og þykir rétt að hafa slík ákvæði um hjúkrunarkonur einnig í lögum.

Um 7. gr.

Greinin er nýmæli, sett þar eð karlar eru nú einnig teknir að leggja stund á hjúkrun. Þykir heppilegra að kveða á um í sérstakri grein, að ákvæði laganna taki einnig til þeirra, og láta hjúkrunarkonuheitið haldast í orðalagi laganna, heldur en að taka fram, að hvert ákvæði eigi bæði við um hjúkrunarkonur og menn.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um aðstoðarfólk við hjúkrun, sem sérstaklega er gerð grein fyrir í upphafi athugasemdanna.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 159. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1965.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

1. Við 13. gr. B. II. (Flóabátar).
   Fyrir „6 000 000“ kemur 7 632 000
2. Við 22. gr. V. Nýr liður:
   Að greiða Skallagrími h.f. 100 þús. kr. á árinu 1965 vegna viðgerðar á m/s Akraborg.

Sþ. 160. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur eins og undanfarin ár unnið að undirbúningi tillagna um fjárframlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Hefur forstjóri Skipaútgerðar ríkisins unnið með nefndinni að útvegun upplýsinga um rekstur og afkomu einstakra flóabáta og samgöngufyrirtækja.

Veruleg hækkun hefur á árinu orðið á rekstrarkostnaði flóabátanna, og er fjárhagur margra þeirra mjög þröngur. Ýmsar breytingar á samgöngum og flutningum innan einstakra héraða hafa einnig orðið flóabátunum í óhag. Samvinnunefndin hefur því ekki komizt hjá að leggja til, að framlög til þeirrar þjónustu, sem hér er um að ræða, hækki nokkuð frá því, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum yfirstandandi árs.

Um rekstur hinna einstöku flóabáta vill nefndin taka þetta fram:

Norðurlandssamgöngur.

Lagt er til, að styrkur til Norðurlandsbátsins Drangs hækki úr 900 þús. kr. í 1200 þús. kr. Útgerðarmaður bátsins taldi sig þó þurfa töluvert meiri hækkun. Allhá erlend lán hvíla með miklum þunga á fyrirtækinu vegna byggingar skipsins. Var nefndin sammála um, að áherzlu bæri að leggja á að útvega útgerðarmanni Drangs lengri og hagstæðari lán til þess að auðvelda rekstur skipsins.

Þá er gert ráð fyrir, að framlag til Strandabáts hækki um 30 þús. kr. Er þá enn miðað við, að báturinn haldi uppi ferðum um farsvæði sitt eigi skemmri tíma en sex mánuði ársins.

Framlag til Haganesvíkurbáts er óbreytt, en framlag til Hríseyjarbáts hækkar um 5 þús. kr. Styrkur til flugsamgangna við Grímsey hækkar um 10 þús. kr., og styrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda um 35 þús. kr., enda verði ferðum bátsins fjölgað í 3 á mánuði að meðaltali. Er gert ráð fyrir, að 10 þús. kr. af þeirri hækkun verði varið til þess að gera tilraunir með flugsamgöngur við eyna. Flugvöllur hefur verið gerður í Flatey, og er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til, að hann komi að gagni.

Austfjarðasamgöngur.

Lagt er til, að styrkur til Loðmundarfjarðarbáts verði óbreyttur og að styrkur til Mjóafjarðarbáts verði 140 þús. kr. Er það 10 þús. kr. lægra en heildarfjárveiting til bátsins var á s. l. ári, að meðtöldum styrk vegna vélakaupa. Eins og áður er lagt til, að 50 þús. kr. verði veittar til rekstrar snjóbifreiðar, sem heldur uppi ferðum frá Seyðisfirði um Fjarðarheiði á Hérað.

Suðurlandssamgöngur.

Nefndin leggur til, að framlag vegna vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu hækki allverulega, eða um 200 þús. kr. Hefur sérstaða hinna hafnlausu byggðarlaga í héraðinu fyrir löngu verið viðurkennd og nokkur styrkur veittur til flutninga þangað um hina löngu aðdráttaleið frá Reykjavík austur að Kirkjubæjarklaustri.

Þá er gert ráð fyrir, að framlag vegna vöruflutninga til Öræfa hækki um 10 þús. kr. Loks er lagt til, að styrkur vegna mjólkurflutninga til Vestmannaeyja verði 275 þús. kr. og hækki þar með um 75 þús. kr.

Faxaflóasamgöngur.

Afkoma Akraborgar, sem hf. Skallagrímur rekur og heldur uppi ferðum milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness, hefur á þessu ári orðið mjög bágborin. Veldur þar aðallega um, að fyrirtækið hefur misst af áburðar- og mjólkurflutningum, sem gáfu því verulegar tekjur. Sótti stjórn Skallagríms nú um mikla hækkun ríkisstyrks, þar sem hún taldi sig sjá fram á stóraukinn hallarekstur skipsins á næsta ári.

Nefndin taldi, að ekki yrði hjá því komizt að koma töluvert til móts við óskir Skallagríms um hækkaðan rekstrarstyrk. Leggur hún til, að styrkurinn verði hækkaður um 350 þús. kr., og flytur enn fremur sérstaka breytingartillögu við 22. gr. fjárlagafrumvarpsins, um, að ríkisstjórninni verði heimilað að greiða Skallagrími hf. 100 þús kr. vegna óhjákvæmilegrar viðgerðar, sem fram á að fara á Akraborg á næsta ári. Nefndin telur, að nauðsynlegt sé að vinna að því, að m/s

Akraborg njóti framvegis þeirra flutninga, sem um er að ræða á farsvæði hennar, er fyrirtækið hefur nú nýlega misst. Væri æskilegt, að þau byggðarlög, sem skipið heldur fyrst og fremst uppi samgöngum fyrir, treystu samvinnu sína um rekstur þess.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Flateyjarbáturinn „Konráð" hefur nú verið dæmdur ósjófær, og er því óhjákvæmilegt að fá annan bát til þess að annast flóabátaferðir milli eyjanna við norðanverðan Breiðafjörð og þeirra landhreppa Barðastrandarsýslu, sem notið hafa ferða Konráðs. Hefur oddviti Flateyjarhrepps rætt við nefndina og skýrt henni frá því, að hreppsnefndin muni í samvinnu við önnur byggðarlög hafa forgöngu um kaup á nýlegum vélbáti, sem er 21 tonn að stærð. Er ekki fullgengið frá þeim kaupum, en oddvitinn taldi, að þau væru möguleg, ef 200 þús. kr. styrkur yrði veittur til kaupanna. Varð nefndin sammála um að verða við þeirri ósk. Hins vegar leggur hún til, að rekstrarstyrkur Flateyjarbáts á Breiðafirði verði óbreyttur frá því, sem var á þessu ári. Er innifalið í styrkupphæðinni 20 þús. kr. framlag til ferða af Barðaströnd með beltadráttarvél yfir Kleifaheiði til Patreksfjarðar, þegar snjóar hindra ferðir bifreiða.

Gert er ráð fyrir, að hinn nýi Stykkishólmbátur muni hefja ferðir fyrri hluta næsta árs. Var talið óhjákvæmilegt að hækka styrk til hans verulega. Leggur nefndin til, að hann hækki úr 975 þús. kr. í 1300 þús. kr., eða um 325 þús. kr.

Styrkur til Langeyjarnesbáts hækkar um 20 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir, að ferðum þess báts verði fjölgað nokkuð.

Vestfjarðasamgöngur.

Rekstur hins nýja Djúpbáts, sem heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kauptúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu, hefur gengið vel á þessu ári. Er lagt til, að rekstrarstyrkur hans hækki aðeins um 50 þús. kr.

Framlag til Dýrafjarðarbáts hækkar um 20 þús. kr. Er gert ráð fyrir, að með því verði greiddur hluti kostnaðar vegna byggingar nausts og rafknúinna setningartækja fyrir ferjuna.

Framlag til Patreksfjarðarbáts og Skötufjarðarbáts hækkar um 5000 kr. til hvors.

Samkvæmt framansögðu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1965 kr. 7 632 000.00. Er það rúmlega 1.6 millj. kr. hærra en á árinu 1964. Þar að auki leggur svo nefndin til, eins og áður er getið, að ríkisstjórninni verði heimilað að greiða hf. Skallagrími 100 þús. kr. styrk vegna viðgerðar á m/s Akraborg, sem fram fer á næsta ári.

Nefndin leggur til, að heildarfjárhæðin skiptist þannig:

1.	Norðurlandsbáturinn Drangur	1200	þús. kr.
2.	Strandabátur	190	— —
3.	Haganesvíkurbátur	25	— —
4.	Hríseyjarbátur	40	— —
5.	Grímsey, vegna flugferða	35	— —
6.	Flateyjarbátur á Skjálfanda	100	— —
7.	Loðmundarfjarðarbátur	50	— —
8.	Mjóafjarðarbátur	140	— —
9.	Til snjóbifreiðar á Austfjörðum	50	— —
10.	Til vöruflutninga á Suðurlandi	500	— —
11.	Til vöruflutninga til Öræfa	150	— —
12.	Vestmannaeyjabátur vegna mjólkurflutninga	275	— —
13.	Hf. Skallagrímur — „Akraborg"	1600	— —
14.	Mýrabátur	7	— —

15.	Flateyjarbátur á Breiðafirði	310	þús. kr.
	Sami vegna kaupa nýs báts	200	— —
16.	Stykkishólmsbátur — „Baldur“	1300	— —
17.	Langeyjarnesbátur	80	— —
18.	Djúpbátur — „Fagranes“	1300	— —
19.	Dýrafjarðarbátur	35	— —
20.	Patreksfjarðarbátur	25	— —
21.	Skötufjarðarbátur	20	— —
	Samtals	7632	þús. kr.

Alþingi, 12. des. 1964.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Nd.-nefndar. Jón Þorsteinsson, form. Ed.-nefndar.

Jón Árnason, fundaskr. Ed.-nefndar. Magnús Jónsson. Páll Þorsteinsson.

Guðlaugur Gíslason. Bjartmar Guðmundsson. Sigurvin Einarsson.

Björn Pálsson, með fyrirvara. Björn Jónsson. Ragnar Arnalds.

Ásgeir Bjarnason. Sig. Ágústsson, með fyrirvara.

Sþ. 161. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1965 og við brtt. á þskj. 148.

I. Frá *Hannibal Valdimarssyni, Hermanni Jónassyni* og *Sigurvin Einarssyni.*
Við 12. gr. XVII. Nýr liður:
Styrkur til sjúkraflutninga, þegar slíkur kostnaður verður einstaklingum ofviða 200 000

II. Frá *Hermanni Jónassyni, Sigurvin Einarssyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við brtt. 148,23.11. (Við 13. gr. C. VII. — Hafnarmannvirki, Drangsnes).
Fyrir „100 000“ kemur 700 000

III. Frá *Helga Bergs, Ágúst Þorvaldssyni* og *Birni Fr. Björnssyni.*
Við brtt. 148,23. (Við 13. gr. C. VII. — Hafnarmannvirki).
a. Við 13. (Eyrarbakki).
Fyrir „500 000“ kemur 1 000 000
b. Við 43. (Stokkseyri).
Fyrir „300 000“ kemur 500 000
c. Við 49. (Vestmannaeyjar).
Fyrir „700 000“ kemur 1 500 000

IV. Frá *Sigurvin Einarssyni, Hannibal Valdimarssyni* og *Hermanni Jónassyni.*
Við brtt. 148,24. (Við 13. gr. C. VII. — Ferjubryggjur).
Nýr liður á undan 1. tölulið:
Brjánslækur 150 000

V. Frá *Helga Bergs, Ágúst Þorvaldssyni* og *Birni Fr. Björnssyni.*
1. Við 13. gr. C. XI. Liðurinn orðist svo:
a. Til rannsókna á möguleikum til hafnargerðar á stöðum, þar sem engar hafnarnefndir eru starfandi 400 000
b. Til rannsókna og undirbúnings hafnargerðar við Dyrhólaey 200 000
2. Við 13. gr. F. IX. Nýr liður:
Til flugbjörgunarsveitar í Skógum 50 000

VI. Frá *Ingólfi Jónssyni.*
Við 14. gr. B. LXII. Nýr liður:
Til Guðmundar Gilssonar organleikara 10 000

VII. Frá *Helga Bergs, Ágúst Þorvaldssyni* og *Birni Fr. Björnssyni.*
1. Við brtt. 148,102.k (Við 16. gr. A. 20. — Sjóvarnargarðar, Eiðið, Vestmannaeyjum).
a. Fyrir „100 000" kemur 300 000
b. Nýr liður:
Strönd í Selvogi 50 000
2. Við 22. gr. XXIX. Nýr liður:
Að taka allt að 15 millj. kr. lán til byggingar strandferðaskips fyrir siglingaleiðina Vestmannaeyjar—Þorlákshöfn.

Nd. 162. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1963.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Þetta er langhæsti ríkisreikningur, sem lagður hefur verið fyrir Alþingi. Þó eru gjöldin á rekstrarreikningi vantalin um rúmlega 100 millj. kr.

Á 13. gr. A, þar sem færð eru útgjöld til vegamála, hefur láðst að færa þessar upphæðir:

Til Reykjanesbrautar	kr.	82 784 588.76
— Ólafsvíkurvegar	—	15 261 325.51
— Siglufjarðarvegar	—	2 300 000.00
— Ólafsfjarðarvegar	—	1 000 000.00
Samtals	kr.	101 345 914.27

Á 20. gr. — Eignahreyfingar. Innborganir — vantar þessar upphæðir:

Lán hjá ýmsum aðilum vegna Reykjanesbrautar	kr.	82 784 588.76
Danskt lán vegna Ólafsvíkurvegar	—	9 325 650.00
Lán hjá Seðlabanka Íslands vegna Ólafsvíkurvegar, Siglufjarðarvegar og Ólafsfjarðarvegar	—	6 200 000.00
Samtals	kr.	98 310 238.76

Við flytjum breytingartillögur við frumvarpið til leiðréttingar samkvæmt framansögðu.

Á efnahagsreikningi ríkissjóðs 31. des. 1963 er talið með eignum:

VI. 50. Lán til Reykjanesbrautar ..... kr. 82 784 588.76

Þetta á ekki að færast með eignum ríkissjóðs. Lán, sem ríkið tekur, á að færa með skuldum þess, en ekki eignum. Og þjóðvegir hafa aldrei verið taldir með eignum á efnahagsreikningi ríkissjóðs.

Á skuldahlið efnahagsreikningsins vantar þessar ríkisskuldir:

Danskt lán til Ólafsvíkurvegar	kr. 9 325 650.00
Lán hjá Seðlabanka Íslands vegna Ólafsvíkurvegar, Siglufjarðarvegar og Ólafsfjarðarvegar	— 6 200 000.00

Eign ríkissjóðs hjá vegagerðinni er oftalin um kr. 3 035 675.51.

Eins og hér hefur verið rakið, eru þessar skekkjur í efnahagsreikningi ríkissjóðs 31. des. 1963:

Oftaldar eignir	kr.	82 784 588.76	
	og —	3 035 675.51	
			kr. 85 820 264.27
		Samtals	kr. 85 820 264.27
Vantaldar skuldir	kr.	9 325 650.00	
	og —	6 200 000.00	
			kr. 15 525 650.00
		Samtals	kr. 15 525 650.00

Samkvæmt framanrituðu eru hreinar eignir ríkissjóðs 31. des. 1963, á bls. 17 í ríkisreikningi, oftaldar um kr. 101 345 914.27.

Þorsteinn þorskabítur.

Á efnahagsreikningi (Eignir VI. 48) er þessi liður:

Ábyrgðargreiðslur	kr. 9 611 890.20

Fjárhagsnefnd spurðist fyrir um það, hvers vegna þessi eign hefði ekki verið afhent ríkisábyrgðasjóði eins og aðrar slíkar. Svar ráðuneytisins er þannig:

„VI. 48. **Ábyrgðargreiðslur kr. 9 611 890.20.**

Greitt vegna ríkisábyrgða á lánum til Þorsteins þorskabíts og kostnaður við endurbætur á skipinu, en ríkissjóður eignaðist það vegna vanskila á útlögðum ábyrgðargreiðslum.“

Hér kemur fram, að ríkissjóður er orðinn eigandi skipsins, og ætti því nefndur eignaliður að orðast þannig:

Skipið Þorsteinn þorskabítur	kr. 9 611 890.20.

Lánveitingar ríkisins.

Á efnahagsreikningnum er m. a. talið með eignum:

VI.10.	Lán hjá Exp.-Imp. Bank 1959 (I.C.A.-lán) endurlánað ýmsum stofnunum	kr. 102 659 228.51
VI.11.	Lán hjá Exp.-Imp. Bank 1960 (I.C.A.-lán) endurlánað ýmsum stofnunum	— 123 891 303.63
VI.13.	Framkvæmdalán í Bretlandi 1962 hjá Hambros Bank	— 240 920 000.00

Þar sem hér er um mjög stórar fjárhæðir að ræða, taldi fjárhagsnefnd rétt að óska upplýsinga um ráðstöfun þeirra. Fékk nefndin skýrslur um þær lánveitingar, sem hér um ræðir. Eru þær birtar sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

Þegar ríkið tekur stórfé að láni og endurlánar það öðrum aðilum, eins og hér hefur átt sér stað, virðist eðlilegt, að sundurliðaðar skýrslur um þær lánveitingar verði birtar í ríkisreikningi ár hvert.

Rekstrarkostnaður ríkisins stórhækkar.

Ríkisreikningurinn sýnir, að kostnaður við ríkisreksturinn hefur farið mjög hækkandi árið 1963. Má þar t. d. nefna kostnað við stjórnarráðið samkv. 10. gr. A, kostnað við dómgæzlu og lögreglustjórn og kostnað vegna innheimtu tolla og skatta, samkv. 11. gr. reikningsins. Hefur þó ríkissjóður greitt um 2.7 millj. kr. á árunum 1960—1963 til svonefndrar hagsýslu, samkvæmt 17. athugasemd yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins.

Um einn af hinum mjög hækkandi gjaldaliðum hafa yfirskoðunarmenn reikningsins ekki getað orða bundizt, en það er kostnaðurinn við álagningu skatta. Um þetta efni er 3. athugasemd þeirra, en hún er á þessa leið:

„Samkvæmt 11. gr. B. II. hefur kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur orðið á árinu kr. 18 580 133.28, og er umframgreiðsla frá fjárlögum á þessum lið kr. 10 101 133.28.

Þetta virðist sanna greinilega, að hið nýja fyrirkomulag á innheimtu skattanna er miklu dýrara en hið gamla var.

Er því rík ástæða til, að þetta mál sé tekið til rækilegrar athugunar á ný."

Árið 1962 var þessi kostnaður 12.6 millj. og hefur því hækkað á einu ári um nál. 6 millj. kr.

Hinn 17. apríl 1962 samþykkti Alþingi ný lög um tekjuskatt og eignarskatt, en frumvarp til þeirra laga hafði ríkisstjórnin lagt fram. Í þeim lögum var m. a. ákveðið að leggja niður allar skattanefndir, aðrar en ríkisskattanefnd, en stofna í staðinn 8 skattumdæmi og skyldi einn skattstjóri settur yfir hvert þeirra. Um þetta sagði svo í athugasemdum með stjórnarfrumvarpinu:

„fer ekki hjá því, að hér verði um talsverðan sparnað að ræða."

Í umræðum um skattalagafrumvarpið á Alþingi 1962 lýsti fjármálaráðherra því afreki sínu að leggja niður 219 undirskattanefndir með samtals 657 mönnum og 24 yfirskattanefndir með samtals 72 mönnum. Um kosti hins nýja fyrirkomulags við skattaálagninguna sagði fjármálaráðherra m. a. í þingræðu 16. marz 1962:

„Í fyrsta lagi er talið, að þessi skipan muni verða miklum mun ódýrari en sú, sem nú hefur verið um langan aldur, þannig að með þessari nýju skipun sparist verulegt fé."

Þannig var því haldið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar, að ríkissjóður mundi hafa minni kostnað af hinum 8 nýju skattstofum heldur en störfum skattanefndanna áður. Í ræðum um málið á þinginu 1962 töldu framsóknarmenn mjög vafasamt, að breytingin mundi hafa sparnað í för með sér, enda hafði þóknun til skattanefndarmanna um land allt verið skorin við neglur.

Nú er reynslan komin til sögunnar, og hún sýnir, að kostnaður við álagningu skattanna hefur aukizt gífurlega, síðan hið nýja fyrirkomulag var upp tekið. Árið 1961 var síðasta heila árið, sem skattanefndirnar önnuðust skattaálagningu hver í sínu bæjar- og sveitarfélagi, og þá var kostnaður við störf hinna 729 skattanefndarmanna um land allt, að viðbættum kostnaði við embætti 10 skattstjóra, er þá störfuðu í kaupstöðum, og kostnaði við ríkisskattanefnd, samtals 11.2 millj. kr., og árið 1958 var þessi kostnaður 8 millj. kr. En árið 1963 er kostnaður við hinar 8 nýju skattstofur og ríkisskattanefnd 18 millj. 580 þús. kr. Og trúlega fer þessi gjaldaliður enn hækkandi á næstu árum, þegar hinu nýja fyrirkomulagi vex fiskur um hrygg.

Þrátt fyrir það, að miklu meira fé eyðist nú en áður til að framkvæma skattaálagningu, eru hinar nýju stóru skattstofur miklu svifaseinni við álagninguna en skattanefndar voru, meðan þær störfuðu. Skattskýrslurnar eru því seinna lagðar fram nú en áður var, og veldur þetta m. a. töfum á embættisstörfum sýslumanna. Þannig eru manntalsþing nú víða um land ekki haldin fyrr en á haustmánuðum, og jafnvel ekki fyrr en í desembermánuði í sumum sýslufélögum. Dæmi um slíkt munu ekki hafa þekkzt áður.

Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Í 19. athugasemd yfirskoðunarmanna segir svo m. a.:

„Eins og að undanförnu hafa yfirskoðunarmenn fengið skýrslu frá „Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins“ um það, hve langt endurskoðun hennar er komið. Samkvæmt þessari skýrslu, sem hér fylgir, er ástandið í þessu efni engan veginn gott, og hefur því miður gengið í öfuga átt við það, sem yfirskoðunarmenn hafa gert sér vonir um og gert ráð fyrir að undanförnu.

Um tíma færðist þetta í betra horf, þannig að endurskoðuninni miðaði nokkuð vel áfram. En samkvæmt þessari skýrslu er hér um afturför að ræða og það að mun.“

Af svari ríkisendurskoðanda kemur fram, að hann er ekki sammála yfirskoðunarmönnum um það, að endurskoðunin sé skemmra á veg komin nú en áður. En fjárhagsnefnd fékk yfirlit frá ríkisendurskoðanda um það, sem óendurskoðað var 26. okt. s. l. frá árinu 1963 og fyrri árum. Kemur þar fram, að mikið er enn óunnið að endurskoðun reikninga, sem ríkisreikningurinn fyrir 1963 er byggður á. Minni hl. fjárhagsnefndar telur því ekki rétt að afgreiða frumvarpið um samþykkt á ríkisreikningnum að svo stöddu, en leggur til, að málinu verði frestað, þar til upplýsingar liggja fyrir um, að endurskoðuninni sé lokið.

Við flytjum þó nú þegar til leiðréttingar á frumvarpinu eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við Innborganir, tölulið 6.
   Í stað „61 508 340.85“ komi: 159 818 579.61.
2. Við Útborganir, tölulið 11.
   Í stað „133 273 163.49“ komi: 234 619 077.76.
3. Við Útborganir — Mismunur.
   Í stað „123 554 347.72“ komi: 120 518 672.21.

Alþingi, 14. des. 1964.

Skúli Guðmundsson, frsm. Einar Ágústsson.

Fylgiskjal I.

Svör:

Ríkisreikningur 1963.

Efnahagsreikningur ríkissjóðs 31. des. 1963.

A. Eignir:

a. VI 10.	Lán hjá Exp.-Imp. Bank (I.C.A.-lán), endurlánað ýmsum stofnunum	kr.	102 659 228.51
b. VI 11.	Lán hjá Exp.-Imp. Bank 1960 (I.C.A.-lán), endurlánað ýmsum stofnunum	—	123 891 303.63

Sundurliðanir fylgja.

I.C.A.-lán 1959 og 1960.

Lán þessi eru þannig færð upp í ríkisbókhaldi (og ríkisreikningi), að skuld ríkissjóðs við Export-Import Bank í Washington er færð upp í erlendum skuldum ríkissjóðs og sama fjárhæð sem eign í veittum lánum ríkissjóðs, þar sem þau eru endurlánuð innlendum aðilum. Útistandandi skuldir við Export-Import Bank eru

reiknaðar út við hver áramót samkvæmt skilagreinum frá Framkvæmdabanka Íslands, en hann sér um þessi lán fyrir hönd ríkissjóðs.

Samkvæmt meðfylgjandi sundurliðunum á eftirstöðvum endurveittra lána um síðustu áramót og gerðar eru af Framkvæmdabankanum kemur í ljós, að eftirstöðvarnar eru nokkru hærri en talið er í ríkisreikningi, eftirstöðvar lánsins frá 1959 (I.C.A.X.-43-11) eru kr. 3 361 893.50 hærri en í reikningi og eftirstöðvar lánsins frá 1960 (I.C.A.X.-43-12) kr. 3 332 175.67 hærri.

Mismunur þessi stafar fyrst og fremst af því, að við endurlánveitingu fjárins innanlands varð í sumum tilfellum dráttur á því, að hún færi fram, og útgáfu skuldabréfanna til ríkissjóðs. Þar sem öll skuldabréfin gilda til jafnlangs tíma, varð þetta til þess að seinka gjalddaga þeirra, og falla því greiðslur af þeim síðar en greiðslur af erlendu lánunum. Orsakar þetta eðlilega hærri eftirstöðvar á veittum lánum ríkissjóðs en á lánum hans til Export-Import Bank.

Eftirstöðvar pr. 31. des. 1963 af endurlánum vegna láns nr. ICAX-43-11.

Lánsnr.	Lántakandi	Lánsupphæð	Eftirstöðvar		Eftirstöðvar
11—28	Niðurs.v.sm. Kr. J.	$ 44378.70	$ 44378.70	kr.	1910946.80
11—29	Raforkusjóður	– 1331360.95	– 1103127.61	—	47500674.90
11—30	Bæjarsj. Húsavíkur	– 29585.80	– 24513.70	—	1055559.90
11—31	Vitam.skrifstofan	– 14792.90	– 12256.85	—	527780.00
11—32	Landsh. Keflv.-N.v.	– 59171.60	– 49027.69	—	2111132.35
11—33	Hreppsj. Miðn.hr.	– 44378.70	– 36770.84	—	1583352.35
11—34	Bæjarsj. Ólafsfjarðar	– 29585.80	– 24513.70	—	1055559.90
11—35	Landsh. Rifi	– 59171.60	– 49027.69	—	2111132.35
11—36	Hreppsj. Ólafsvíkur	– 29585.80	– 24513.70	—	1055559.90
11—37	Hafnarsj. Hafnarfjarðar	– 73964.50	– 61284.83	—	2638924.80
11—38	Hafnarsj. Siglufjarðar	– 29585.80	– 24513.70	—	1055559.90
11—39	Bæjarsj. Sauðárkróks	– 29585.80	– 24513.70	—	1055559.90
11—40	Hreppsj. Hólshrepps	– 59171.60	– 49027.69	—	2111132.35
11—41	Ræktunarsj. Íslands	– 739645.00	– 612848.59	—	26389260.30
11—42	Hreppsj. Þórshafnar	– 29585.80	– 24513.70	—	1055559.90
11—43	Hreppsj. Suðurhr.	– 44378.70	– 36770.84	—	1583352.35
11—49	Bæjarsj. Vestmannaeyja	– 73964.50	– 61284.83	—	2638924.80
11—50	Hreppsj. Hólmavíkur	– 29585.80	– 25359.00		
			kr. 157136.00	—	1249094.55
11—51	Hreppsj. Reyðarfjarðar	– 29585.80	$ 25359.00	—	1091958.55
11—53	Bæjarsj. Neskaupst.	– 44378.70	– 41844.00	—	1801802.65
11—54	Hreppsj. Patreksfj.	– 29585.80	– 27885.00	—	1200728.10
11—55	Hreppsj. Grindavíkur	– 29585.80	– 28740.49	—	1237565.50
	Ófrágengið			—	2000000.00
		$ 2884615.45	$ 2412075.85	kr.	106021122.10
			kr. 157136.00		

Eftirstöðvar pr. 31. des. 1963 af endurlánum vegna láns nr. ICAX-43-12.

Lánsnr.	Lántakandi	Lánsupphæð	Eftirstöðvar		Eftirstöðvar
11—44	Síldarverksm. ríkisins	$ 177514.79	$ 173288.15	kr.	7461787.75
11—45	Raforkusjóður	– 769230.77	– 750915.38	—	32334416.25
11—46	Niðurs.v.sm. Kr. J.	– 8875.74	– 8664.40	—	373089.05
11—47	Raforkusjóður	– 769230.77	– 750915.38	—	32334416.25
11—48	Sementsvsm. ríkisins	– 295857.99	– 288813.61	—	12436314.05
11—52	Fiskveiðasj. Íslands	– 1005917.15	– 981966.00	—	42283455.95
		$ 3026627.21	$ 2954562.92	kr.	127223479.30

Fylgiskjal II.

Endurlánað af ensku framkvæmdaláni ríkissjóðs.

Til frystihúsa:

Veitt á árinu 1963:

Sveinbjörn Árnason, Kothúsum	£	2 494- 3- 7
Eyjaver s.f.	—	2 494- 3- 7
Jón Gíslason s.f.	—	6 241-13- 7
Fiskiðjusamlag Húsavíkur	—	9 976-14- 5
Hraðfrystihús Innri-Njarðvíkur	—	4 993- 6-10
Ströndin h.f., Seyðisfirði	—	2 494- 3- 7
Gunnar og Guðjón Ingólfssynir, Eyri	—	2 496-13- 5
Hraðfrystihús Grundarfjarðar	—	4 161- 2- 4
Stefán Guðnason, Rvík	—	2 496-13- 5
Hraðfrystihús Eskifjarðar	—	24 966-14- 3
Faxafiskur h.f., Hafnarfirði	—	4 161- 2- 4
Magnús Gamalíelsson, Ólafsfirði	—	2 496-13- 5
Fiskiðjan h.f., Vestmannaeyjum	—	6 241-13- 7
Arnþór Jensen vegna Framnes, Eskifirði	—	2 496-13- 5
Söltunarst. Neptún, Seyðisfirði	—	2 496-13- 5
Ísfélag Vestmannaeyja h.f.	—	5 825-11- 4
Bæjarútgerð Reykjavíkur	—	9 986-13- 8
Söltunarstöðin Máni, Neskaupstað	—	2 496-13- 5
Hraðfrystihús Ólafsvíkur	—	8 322- 4- 9
Vinnslustöðin h.f., Vestmannaeyjum	—	4 161- 2- 4
Samtals	£	111 500-10- 8

Veitt 1964:

Hraðfrystihús Gerðabátanna h.f.	£	10 818-18- 2
Ísbjörninn h.f., Seltjarnarnesi	—	8 322- 4- 9
Ora — Kjöt & rengi h.f., Kópavogi	—	4 161- 2- 4
Niðursuðuverksm. Ver h.f., Ytri-Njarðvík	—	8 322- 4- 9
Hraðfrystihús Þórkötlustaða	—	5 823-12- 7
Hraðfrystihús Stokkseyrar h.f.	—	12 479- 4- 0
Db. Þorbjörns Áskelssonar, Patreksfirði	—	9 983- 7- 3
Ólafur S. Lárusson, Keflavík	—	4 179- 4- 1
Sigurður Ágústsson, Stykkishólmi	—	4 183- 1- 0
Norðurstjarnan h.f., Hafnarfirði	—	12 531- 6- 7
Samtals	£	192 304-16- 2

Til hafna:

Veitt 1963:

Landshöfn í Keflavík og Njarðvík	£	41 569-13- 5
Landshöfn í Rifi	—	141 336-17- 8
Hólshreppur, Bolungarvík	—	29 098-15- 5
Hríseyjarhreppur	—	8 313-18- 8
Sauðárkrókskaupstaður	—	8 313-18- 8
Eyrarbakkahreppur	—	4 156-19- 4
Miðneshreppur	—	4 156-19- 4
Neskaupstaður	—	4 156-19- 4

Árskógshreppur	£	8 313-18- 8
Reyðarfjarðarhreppur	—	12 470-18- 0
Eyrarsveit, Snæf.	—	4 156-19- 4
Þórshafnarhreppur	—	4 156-19- 4
Húsavíkurkaupstaður	—	8 313-18- 8
Ólafsvíkurhreppur	—	4 156-19- 4
Suðureyrarhreppur	—	8 313-18- 8
Tálknafjarðarhreppur	—	8 313-18- 8
Dalvíkurhreppur	—	9 976-14- 5
Höfðahreppur	—	4 156-19- 4
Samtals	£	313 435- 6- 3

Veitt 1964:

Hólshreppur, Bolungarv.	£	31 486- 0- 0
Eyrarbakkahreppur	—	8 349- 6- 8
Ólafsfjarðarkaupstaður	—	4 174-13- 4
Eskifjarðarhreppur	—	12 524- 0- 0
Ólafsvíkurhreppur	—	8 349- 6- 8
Vestmannaeyjakaupstaður	—	8 349- 6- 8
Grindavíkurhreppur	—	4 174-13- 4
Miðneshreppur	—	8 358- 8- 2
Ólafsvíkurhreppur	—	4 179- 4- 1
Ólafsfjarðarkaupstaður	—	4 183- 3- 0
Vopnafjarðarhreppur	—	8 349- 6- 8
Samtals	£	415 912-14-10

Til raforku:
Veitt 1963:

Raforkusjóður	£	748 254- 0- 0
Sami	—	49 884- 0- 0
Sami	—	49 933- 8- 6
Samtals	£	848 071- 8- 6
Sami (veitt 1964)	—	66 794-13- 9
Samtals	£	914 866- 2- 3

Til síldarverksmiðja:
Veitt 1963:

Siglufjarðarkaupstaður vegna Rauðku	£	24 941-16- 1
Guðm. Jónsson, Rafnkelsstöðum	—	24 941-16- 1
Fiskimjölsverksmiðjan h.f., Vestmannaeyjum	—	8 313-18- 8
Hraðfrystihús Ólafsfjarðar	—	8 313-18- 8
Síldarverksm. ríkisins, Siglufirði	—	70 668- 8-10
Hraðfrystistöð Vestmannaeyja	—	12 470-18- 0
Kveldúlfur h.f., Hjalteyri	—	24 966-14- 3
Síldar- og fiskimjölsverksm. h.f., Borgarf. eystra	—	16 644- 9- 6
Síldariðjan h.f., Breiðdalsvík	—	16 644- 9- 6
Sandvík h.f., Bakkafirði	—	8 322- 4- 9
Ísver h.f., Suðureyri	—	4 161- 2- 4
Fiskimj.- og síldarverksm., Ólafsvík	—	8 322- 4- 9
Hraðfrystihús Tálknafjarðar	—	8 322- 4- 9
Samtals	£	237 034- 6- 2

Veitt 1964:

Einar Guðfinnsson, Bolungarvík	£	24 966-14- 3
Ísver h.f., Suðureyri	—	2 495-16-10
Db. Þorbjörns Áskelssonar, Patreksfirði	—	8 319- 9- 4
Síldar- og fiskimjölsverksm. Kletti, Rvík	—	16 698-13- 5
Samtals	£	289 515- 0- 0

Alls endurlánað á árinu 1963	£	1 510 041-11- 7
Alls endurlánað á árinu 1964	—	302 557- 2- 8
Samtals	£	1 812 598-14- 3

Sþ. 163. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1965 og við brtt. á þskj. 148.

I. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Páli Þorsteinssyni* og *Lúðvík Jósefssyni.*
Við brtt. 148,23. (Við 13. gr. C. VII. — Hafnarmannvirki).

1. Við 4. (Bakkafjörður). Fyrir „50 000“ kemur	250 000
2. Við 7. (Borgarfjörður eystri). Fyrir „400 000“ kemur	500 000
3. Við 8. (Breiðdalsvík). Fyrir „100 000“ kemur	250 000
4. Við 9. (Búðareyri). Fyrir „300 000“ kemur	500 000
5. Við 14. (Fáskrúðsfjörður). Fyrir „300 000“ kemur	500 000

II. Frá *Ragnari Arnalds.*
Við brtt. 148,23.24. (Við 13. gr. C. VII. — Hafnarmannvirki, Hofsós).
Fyrir „400 000“ kemur 700 000

III. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Páli Þorsteinssyni* og *Lúðvík Jósefssyni.*
Við brtt. 148,23. (Við 13. gr. C. VII. — Hafnarmannvirki).

1. Við 28. (Höfn í Hornafirði). Fyrir „500 000“ kemur	600 000
2. Við 32. (Mjóifjörður). Fyrir „100 000“ kemur	150 000

IV. Frá *Ragnari Arnalds.*
Við brtt. 148,23.40. (Við 13. gr. C. VII. — Hafnarmannvirki, Sauðárkrókur).
Fyrir „100 000“ kemur 450 000

V. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Páli Þorsteinssyni* og *Lúðvík Jósefssyni.*
Við brtt. 148,23.41. (Við 13. gr. C. VII. — Hafnarmannvirki, Seyðisfjörður).
Fyrir „600 000“ kemur 700 000

VI. Frá *Ragnari Arnalds.*
Við brtt. 148,23.42. (Við 13. gr. C. VII. — Hafnarmannvirki, Siglufjörður).
1. Fyrir „400 000“ kemur 600 000
2. Nýr liður:
Skagaströnd 250 000

VII. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Páli Þorsteinssyni* og *Lúðvík Jósefssyni.*
Við brtt. 148,23. (Við 13. gr. C. VII. — Hafnarmannvirki).
1. Við 45. (Stöðvarfjörður).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000
2. Við 51. (Vopnafjörður).
Fyrir „600 000“ kemur 700 000

VIII. Frá *Benedikt Gröndal.*
Við brtt. 148,24.6. (Við 13. gr. C. VII. — Ferjubryggjur). Nýr liður:
Til undirbúnings bifreiðaferju yfir Hvalfjörð 100 000

IX. Frá *Þórarni Þórarinssyni* og *Einari Ágústssyni.*
1. Við 14. gr. A. I. a. (Háskólinn).
a. Við 19. (Til bókakaupa).
Fyrir „400 000“ kemur 1 000 000
b. Við 23. (Til frjálsrar rannsóknarstarfsemi).
Fyrir „150 000“ kemur 1 000 000
2. Við 14. gr. A. III. a. (Til styrktar ísl. námsmönnum).
a. Fyrir „10 615 372“ kemur 15 000 000
b. Fyrir „7 216 325“ kemur 10 900 000

X. Frá *Þórarni Þórarinssyni, Karli Kristjánssyni, Ingvari Gíslasyni* og *Sigurvin Einarssyni.*
Við 14. gr. B. XV. (Til skálda, rithöfunda og listamanna).
Fyrir „3 100 000“ kemur 4 500 000

XI. Frá *Þórarni Þórarinssyni* og *Einari Ágústssyni.*
1. Við 16. gr. C. 2. (Iðnaðarmálastofnun Íslands).
Fyrir „2 150 000“ kemur 3 000 000
2. Við 16. gr. C. 9. (Framhaldsnám iðnaðarmanna erlendis).
Fyrir „250 000“ kemur 1 000 000
3. Við 16. gr. C. 10. (Vörusýningar og vörukynning erlendis).
Fyrir „107 000“ kemur 1 000 000
4. Við 16. gr. E. VI. (Til tækninýjunga).
Fyrir „100 000“ kemur 1 000 000

XII. Frá *Einari Ágústssyni* og *Þórarni Þórarinssyni.*
Við 20. gr. Út. XIII. 3. Nýr liður:
Til byggingar nýs menntaskóla í Reykjavík 5 000 000

XIII. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Páli Þorsteinssyni og Lúðvík Jósefssyni.*
Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að taka lán, allt að 20 millj. kr., til vegaframkvæmda á Austurlandi.

Ed. 164. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. des. 1964.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Björn Jónsson.
Jón Árnason. Ásgeir Bjarnason. Páll Þorsteinsson.
Jón Þorsteinsson.

Sþ. 165. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1965 og við brtt. á þskj. 148.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við brtt. 148,6.b. (Við 10. gr. III. 24. — Bráðabirgðaaðild að GATT).
Fyrir „100 000“ kemur (leiðrétting) 108 000

II. Frá *Einari Olgeirssyni.*
Við 14. gr. A. II. 1. (Handritastofnun, laun og rannsóknarstyrkir).
Fyrir „925 000“ kemur 1 500 000

III. Frá *Gils Guðmundssyni.*
Við 14. gr. A. III. a. Liðurinn orðist svo:
Til styrktar íslenzkum námsmönnum 14 000 000
Þar af til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna samkv. lögum nr. 52/1961 kr. 10 000 000.

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við brtt. 148,54.b. (Við 14. gr. A. XIX. 1. g. — Íþróttakennaraskólinn, íþróttavellir).
Fyrir „50 000“ kemur (leiðrétting) 500 000

V. Frá *Einari Olgeirssyni.*
1. Við 14. gr. B. III. (Þjóðminjasafnið).
a. Við 2. (Til aðstoðar o. fl.).
Fyrir „410 000“ kemur 500 000

b. Við 3. Liðurinn orðist svo:
Til rannsókna og ferðalaga á Íslandi og Grænlandi .. 400 000
c. Við 5. (Til hljómplötusafns).
Fyrir „5 000“ kemur 25 000
2. Við 14. gr. B. XIV. 6. (Til Fornritaútgáfunnar).
Fyrir „125 000“ kemur 250 000

VI. Frá *Gils Guðmundssyni.*
1. Við 14. gr. B. XV. (Til skálda, rithöfunda og listamanna).
Fróðir menn telja, að undanfarin sumur hafi síldargöngur haldið norður með Vestfjörðum og síðan austur með Norðurlandi í maímánuði og fyrri hluta júnímánaðar, þ. e. áður en hin eiginlega sumarsíldarleit á hafinu fyrir norðan og austan land hefur hafizt. Hafi af þessu leitt, að síldveiðiflotinn hafi misst af einni eða fleiri síldargöngum í byrjun vertíðar, og er vorið 1962 sérstaklega til nefnt í þessu sambandi, en þá var talið öruggt, að a. m. k. ein síldarganga hafi verið

farin austur með Norðurlandi, áður en síldarleit og síldveiðar hófust síðari hluta júnímánaðar.

Samkvæmt því, sem hér að framan segir, telja flutningsmenn þessarar tillögu nauðsynlegt, að kannað verði, hvort síldargöngur kunni að vera á ferðinni í hafinu út af Vestfjörðum, Norðurlandi og Norðausturlandi, áður en síldarleit og síldveiðar hafa almennt verið hafnar undanfarin sumur, og verði þannig leitazt við að koma í veg fyrir, að mikil verðmæti fari forgörðum.

Með síðari hluta tillögu þessarar er lögð áherzla á nauðsyn þess, að a. m. k. eitt síldarleitarskip sé á miðunum út af Norðurlandi, meðan á sumarsíldveiðunum stendur. Enginn, sem til þekkir, mun efast um, að störf þeirra manna, sem síldarleit annast við strendur Íslands, séu vel og samvizkusamlega af hendi leyst, meðan leitarskipin halda sig á miðunum. Hitt hefur ýmsum hins vegar fundizt á skorta stundum, að leitarskipin væru nægilega stöðugt á miðunum fyrir Norðurlandi síðari hluta sumars.

Tillaga, að mestu samhljóða tillögu þessari, var samþykkt á ráðstefnu um atvinnumál, sem haldin var á Siglufirði að tilhlutan verkalýðsfélaganna þar dagana 19. og 20. sept. s. l.

Nd. 180. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1960 og lögum nr. 51/1962, um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 16. des. 1964.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Gunnar Gíslason, fundaskr.	Davíð Ólafsson.
Björn Fr. Björnsson.	Einar Ingimundarson.	Sigurvin Einarsson.
	Einar Olgeirsson.	

Ed. 181. Nefndarálit [31. mál]

um frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á tveim fundum. Á síðari fundinum mætti framkvæmdastjóri Bandalags ísl. leikfélaga.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt.

BGuðm og KK voru fjarstaddir, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 16. des. 1964.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson.
Jón Þorsteinsson.	Páll Þorsteinsson.	

Nd. 182. Lög [45. mál]

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

(Afgreidd frá Nd. 16. des.)

Samhljóða þskj. 125.

Nd. 183. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 18. des. 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og einnig fengið upplýsingar um störf verðlagsráðs sjávarútvegsins hjá hr. framkvæmdastjóra Sveini Finnssyni. Á þeim skamma tíma, sem nefndin hefur haft til athugunar á frumvarpinu, hefur ekki gefizt tækifæri til að leita um það umsagnar þeirra aðila, sem hlut eiga að máli, en andmæli gegn því hafa borizt í bréfi frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, dags. 16. des. 1964.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt með breytingu á 11. gr. laganna, sem nefndin flytur till. um á sérstöku þingskjali. Nefndarmennirnir JSk og GíslG áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 16. des. 1964.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara.
Sverrir Júlíusson.	Guðlaugur Gíslason.	Gísli Guðmundsson.
	Jón Skaftason.	

Nd. 184. Breytingartillaga [103. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 18. des. 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Á eftir 2. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Aftan við 11. gr. laganna bætist nýr málsl., þannig: Frá 1. janúar 1966 greiðist þessi kostnaður úr ríkissjóði.

Ed. 185. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki náð samstöðu um afstöðu til þess. Mælir undirritaður meiri hl. með því, að frv. verði samþykkt með einni brtt., sem flutt er á sérstöku þingskjali, en þeir BJ, HB og KK tjá sig frv. andvíga.

Alþingi, 17. des. 1964.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.
	Þorvaldur Garðar Kristjánsson.	

Ed. 186. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en eigi orðið sammála um afgreiðslu þess. Mælir undirritaður meiri hl. með því, að það verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. töldu afstöðu sína fara eftir því, hver yrði afgreiðsla frv. um hækkun söluskatts.

Alþingi, 17. des. 1964.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 187. Breytingartillaga [31. mál]

við frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna.

Frá Páli Þorsteinssyni og Karli Kristjánssyni.

Við 5. gr. Aftan við 1. málsl. 1. mgr. komi nýr málsl., svo hljóðandi:
Stjórn Bandalags íslenzkra leikfélaga skal jafnan gefinn kostur á að gera tillögur um skiptinguna.

Nd. 188. Breytingartillögur [103. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 97 18. des. 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá Jóni Skaftasyni og Gísla Guðmundssyni.

Við 2. gr.

a. Fyrir orðin „og oddamanni, sem er forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans“ í niðurlagi 1. efnismálsgr. komi: og oddamanni, sem verðlagsráð kemur sér saman um.

b. Á eftir málsgreininni komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Nú nær verðlagsráð ekki einróma samkomulagi um skipun oddamanns í yfirnefndina innan 2 sólarhringa, frá því að ákvörðun var tekin um vísun ágreinings til yfirnefndar, og tekur þá forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans sæti oddamanns.

Nd. 189. Frumvarp til laga [103. mál]

um breyting á lögum nr. 97 18. des. 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:
Verðlagsráð skal við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávarafla m. a. hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslukostnaði þeirra.

Skal verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda fyrir eitt ár í senn og aldrei fyrir skemmri tíma en eitt veiðitímabil. Nánari skýrgreiningu á veiðitímabilinu skal ráðherra ákveða með reglugerð.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú næst ekki einróma samkomulag í verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða verð sjávarafla í heild fyrir tilskilinn tíma, og skal þá vísa ágreiningsatriðunum til sérstakrar yfirnefndar. Skal hún skipuð fimm mönnum, tveimur tilnefndum af fisksöluaðilum í verðlagsráði og skal annar tilnefndur úr hópi fulltrúa L.Í.Ú., og má hann ekki eiga aðild að fiskkaupum, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum fiskkaupenda þeirra, sem tilnefna menn í verðlagsráðið samkv. B-lið 1. gr., en hinn úr hópi sjómannafulltrúa, tveimur tilnefndum af fiskkaupendum í verðlagsráði, og skal a. m. k. annar tilnefndur af þeim aðila, sem ágreiningur er við, og oddamanni, sem er forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar eða fulltrúi hans.

Þannig skipuð fellir yfirnefndin fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði, og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum.

3. gr.

Aftan við 11. gr. laganna bætist nýr málsl., þannig: Frá 1. janúar 1966 greiðist þessi kostnaður úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 190. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1963.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og mæla undirritaðir nefndarmenn með samþykkt þess.

Alþingi, 17. des. 1964.

Ólafur Björnsson, form.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 191. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ríkisstjórnin boðar nú nýjar álögur að upphæð 335 millj. kr., þar af hækkun söluskatts um 307 millj., úr 5½% í 8%. Þetta er í annað sinn á þessu ári, sem ríkisstjórnin grípur til þess að hækka söluskattinn um hundruð milljóna.

Þó að menn séu nú orðnir ýmsu vanir í þessum efnum af hálfu núv. ríkisstjórnar, munu þessar nýju álögur hafa komið flestum mjög á óvart, ekki síst þeim, sem bezt hafa treyst ríkisstjórninni. Flestir munu hafa trúað, að nokkur

alvara fylgdi máli hjá ríkisstjórninni, að hún hygðist standa gegn verðlagshækkunum, a. m. k. fram til júnímánaðar, að samkomulagið við aðila vinnumarkaðarins rennur út. Ljóst er hins vegar, að nýju álögurnar eru í algerri mótsögn við þá stefnu og hljóta að leiða af sér dýrtíðarholskeflur.

Nýlega höfðu menn lesið í ritstjórnargrein í Fjármálatíðindum, tímariti Seðlabankans, en þar lætur ríkisstjórnin venjulega boða væntanlegar aðgerðir í efnahagsmálum, að alvarlega sé varað við frekari hækkun á álögum.

Í ritstjórnargrein þessari í I. hefti 1964 segir m. a. um söluskatt: „Á hinn bóginn er það viðurkennt í öllum löndum, sem reynslu hafa í þessu efni, að mikil hætta sé á undanbrögðum frá söluskattgreiðslu, ef skatturinn hækkar nokkuð verulega. Mikið af söluskattskyldri starfsemi er þess eðlis, að nákvæmt opinbert eftirlit er vandkvæðum bundið, svo að freistingin til skattsvika er þar af leiðandi veruleg. Eftir að söluskatturinn hér á landi hefur verið hækkaður í 5½%, er full ástæða til að fara varlega, svo að ekki skapist einnig á þessu sviði sama vandamálið og nú er við að glíma varðandi hina beinu tekjuskatta."

Hvað þá þegar hann er orðinn 8%?

Þegar söluskatturinn var lögleiddur snemma á árinu 1960, var það látið í veðri vaka, að tilgangur hans væri sá að lækka beina skatta og útsvör. Með nýjum skattalögum, sem sett voru í aprílmánuði þ. á., voru líka ákveðnir nýir og hærri persónufrádrættir og nýir skattstigar. En jafnframt var afnuminn sá umreikningur á persónufrádrætti og tekjutölum skattstigans, sem áður hafði gilt um mörg undanfarin ár, og með nýjum útsvarsstigum, sem lögleiddir voru um sama leyti, var einnig hætt að gera ráð fyrir breytingum vegna breytts verðgildis peninga. Afleiðingin af þessu varð svo sú, að skattbyrðin þyngdist stöðugt vegna dýrtíðarinnar öll þau ár, sem liðin eru síðan umræddar lagabreytingar voru gerðar.

Á árinu 1963 óx dýrtíðin meira en nokkru sinni áður. Sá vöxtur varð til þess, að talsverðar launahækkanir áttu sér stað á því ári, og urðu því tekjur manna miklu hærri að krónutölu en verið hafði. Að óbreyttum álagningarreglum hlutu því tekjuskattur og útsvar að hækka gífurlega, langt fram yfir það, sem mögulegt væri að innheimta. Voru þá gerðar nýjar breytingar á skattalögunum og persónufrádráttur hækkaður nokkuð, en því fór fjarri, að það væri nægilega mikið, ekki sízt þar sem jafnhliða voru gerðar breytingar á skattstigunum, sem leiddu til hækkunar skatta.

Við meðferð þessa máls á Alþingi á s. l. vori lét ríkisstjórnin allar aðvaranir stjórnarandstæðinga sem vind um eyrun þjóta. En afleiðingin kom í ljós, þegar skattar voru á lagðir á s. l. sumri. Þá sýndi sig, að skattabyrðin samkv. hinum nýju skattalögum ríkisstjórnarinnar var svo óhófleg, að mjög miklum vandræðum olli á fjölmörgum heimilum, þar sem víða er svo ástatt, að mestur hluti launanna á síðari hluta þessa árs hefur farið til að greiða opinber gjöld.

Stjórnarandstöðuflokkarnir mótmæltu þá þegar þessum gífurlegu skattaálögum, og sama gerðu samtök launþega og opinberra starfsmanna og kröfðust samninga við ríkisstjórnina um eftirgjöf á hluta skattsins.

Svo virtist í fyrstu, sem ríkisstjórnin tæki málaleitan þeirra líklega. En nú er komið í ljós, að ekki mun verða af efndum í því efni, en í stað þess eru mönnum nú sýndar nýjar álögur, sem nema á fjórða hundrað millj. kr., eða mun meira en allur tekju- og eignarskattur nam á árinu sem er að líða.

Ekki er þó gert ráð fyrir minni beinum sköttum en áður, heldur þvert á móti. Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er tekju- og eignarskattur áætlaður 375 millj. kr., eða á annað hundrað millj. kr. meiri en á þessu ári, þrátt fyrir hækkun söluskattsins.

En það, sem olli þó mestri reiði almennings við skattaálögurnar í sumar, var, að flestum virtist augljóst, að skattsvik væru nú orðin meiri en nokkru sinni áður. Á þetta er sérstök ástæða til að minna, þegar ríkisstjórnin hyggst nú leggja á stórfelldan nýjan söluskatt, því að það er öllum ljóst, að séu erfiðleikar á eftirliti

með skattframtölum til tekjuskatts, þá er enn meiri erfiðleikum bundið að hafa eftirlit með framtölum til söluskatts, eins og bent er á í forustugrein þeirri í Fjármálatíðindum, sem vitnað er til hér að framan.

Þegar lögin um söluskatt voru lögð fyrir Alþingi snemma á árinu 1960, fylgdi þeim greinargerð, en kafli í henni fjallar um framkvæmd laganna, eftirlit og innheimtu. Er þar gerð grein fyrir ýtarlegum ráðstöfunum, sem ríkisstjórnin hyggst taka upp til þess að hafa eftirlit með framtali til söluskatts. Reglugerð sú, sem síðar var gefin út, gerir þó ekki nema að takmörkuðu leyti ráð fyrir slíkum ráðstöfunum, og öll framkvæmd eftirlitsins hefur verið með hangandi hendi. Það er almannarómur, studdur skýrslum, sem birtar hafa verið, að mjög mikið skorti á, að allur söluskattur komi til skila í ríkissjóð. Er þó ekki því um að kenna, að ríkisstjórnin hafi ekki gert sér ljóst eins og aðrir, að mikil þörf er á nákvæmu eftirliti. Um það segir m. a. í nefndri greinargerð: „Eins og bent hefur verið á, er það talinn helzti galli einstigsskattsins á neyzlustiginu, að skattgreiðendur verða mjög margir og nokkur hluti þeirra með ófullkomið bókhald og aðrir ekki bókhaldsskyldir."

Það er alger forsenda fyrir því, að söluskattur sé yfirleitt nothæf skattaaðferð, að fullkomið eftirlit sé haft með framtölum og greiðslum. Er óhjákvæmileg nauðsyn, hvort sem söluskatturinn verður hækkaður eða ekki, að koma á fullkomnu eftirlitskerfi.

Því er nú haldið fram, að þessar nýju álögur, að upphæð 335 millj. kr., skorti til þess að halda áfram núverandi niðurgreiðslum á næsta ári. Er því þó jafnframt lýst yfir, að aðeins 207 millj. kr. eigi að ganga til þessa. Alþingismenn hafa hins vegar enga ástæðu til þess að leggja trúnað á slíka fullyrðingu frá ríkisstjórninni. Hún hefur jafnan haldið fram, að sig skorti fé. Þó liggja fyrir ríkisreikningar fjögurra ára af stjórnartíð hennar. Á þeim árum hafa tekjur farið samtals 690 millj. kr. fram úr áætlun. Rekstrarafgangar hafa verið miklir á hverju ári og verður einnig í ár, og greiðsluafgangur þessara ára er samtals 365 millj. kr. Alþingi hefur því enga ástæðu til að leggja trúnað á fullyrðingar ríkisstjórnarinnar um fjárskort nú. Enn fremur má hér minna á það, að í janúarmánuði s. l., þegar söluskatturinn var seinast hækkaður, var ½% ætlað sérstaklega til þess að bæta upp fiskverðið um 6%. Þessum uppbótum var þó fljótt hætt, en innheimtu skattsins haldið áfram, og mun ríkissjóður hafa innheimt með þessu móti milljónatugi, sem ekki voru notaðir til þeirra þarfa, sem ætlað var, á árinu 1964. En nú vill ríkisstjórnin samt fá 68 millj. kr. á móti niðurgreiðslum, sem hún hefur innt af hendi á því ári. Á þessu ári bætist svo við sá hluti söluskattsins, sem ætlaður var á móti framleiðnistyrknum til frystihúsanna, sem nú á að renna beint í ríkissjóð. Nemur þessi upphæð og sá hluti söluskattsins, sem fara átti til fiskverðsuppbóta, á annað hundrað millj. kr. á þessu ári. Það er mála sannast, að ríkisstjórnin hefur nægilegt fé með höndum, en hún fer illa með það, og það er brýnna verkefni að bæta úr því en leggja nú á nýjar álögur.

Það er fyrirsláttur, að ríkissjóð skorti fé, enda erfitt að hugsa sér þá fjármálastjórn, sem léti slíkt verða með þeirri skattheimtu, sem verið hefur. Ríkisstjórnin er hins vegar að búa sig undir að safna greiðsluafgöngum til viðbótar þeim, sem fyrir eru. Í fjárlagaræðu sinni 22. okt. í fyrra sagði fjármálaráðherra: „Greiðsluafgangur hefur orðið á hverju ári hjá ríkissjóði, en það var eitt af grundvallarskilyrðum þess, að viðreisnin tækist." Það fer ekki milli mála, hvað hann telur nauðsynlegast, jafnvel þótt viðreisnin takist ekki.

Með samþykkt þessa frumvarps mundi söluskatturinn fara um eða yfir 1000 millj. kr. á ári eða í svipaða upphæð og allir beinir ríkisskattar og útsvör nema nú og allur almenningur stynur svo þungan undir. Er það að fullu ljóst, að ríkisstjórnin hefur náð því marki, að um algera ofsköttun í þjóðfélaginu er orðið að ræða. En í forustugrein þeirri í Fjármálatíðindum, sem vitnað er til hér að framan,

er fjallað um þetta efni. Eftir að rætt hefur verið um, hvar það mark liggi, segir orðrétt: „En hvernig sem því er farið, skiptir sú staðreynd mestu máli, að ekkert þjóðfélagskerfi er svo sterkt, að ekki sé nauðsynlegt að gæta hófs í skattlagningu, ef forðast á alvarlegar afleiðingar í formi efnahagslegs tjóns og spillingar."

Á öðrum stað í sömu grein segir: „Um óbeinu skattana er það að segja, að þeir hafa hækkað mjög undanfarna tvo áratugi, framan af fyrst og fremst tollar og aðflutningsgjöld, en síðari árin einkum söluskattar. Skattheimtan á þessum sviðum er áreiðanlega komin nærri og sums staðar yfir þau takmörk, sem heilbrigðri skattheimtu eru sett."

Virðist nú ríkisstjórnin ætla að hunza holl ráð úr þessari átt, sem hún hefur stundum þegið misjöfn ráð úr.

Fjárhagsnefnd hefur rætt þetta frumvarp, en ekki orðið sammála. Við undirritaðir, sem myndum 1. minni hluta, erum andvígir frumvarpinu.

Við teljum, að nú sé ekki þörf á nýjum álögum, sem fæða af sér nýjar dýrtíðarskriður, heldur á bættri stjórn á fjármálum og efnahagsmálum ríkisins.

Við teljum, að fullkomið eftirlit sé forsenda þess, að söluskattur sé yfirleitt nothæf tekjuöflunarleið, en það er hér ekki fyrir hendi, og því kemur hækkun söluskatts ekki til greina, heldur ber að taka upp nákvæmt eftirlit með þeirri söluskattsinnheimtu, sem nú er í lögum, meðan sú tekjuöflunaraðferð er notuð, og munu þá tekjur af henni aukast frá því, sem er.

Við teljum auk þess, að söluskattur, sem fellur með sama þunga jafnt á lífsnauðsynjar sem aðra neyzlu, sé ranglát og óskynsamleg skattheimta, sem leiði til dýrtíðar og verðbólgu.

Við teljum þetta frumvarp engan vanda leysa, en þvert á móti auka erfiðleika þjóðarinnar í efnahagsmálum og hljóta að leiða til ófarnaðar, ef samþykkt verður.

Samkvæmt þessu leggjum við til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 17. des. 1964.

Helgi Bergs, frsm. Karl Kristjánsson.

Ed. 192. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er lagt til, að hinn almenni söluskattur verði hækkaður úr 5½% af andvirði seldrar vöru, verðmæta og þjónustu í 8%, en það hefur í för með sér hækkun skattsins skv. áætlun fjárlaga úr 677.4 millj. kr. í 984.9 millj. kr., eða um 307.5 millj. kr. Fyrr á því ári, sem nú er senn liðið, var þessi sama skattheimta hækkuð úr 3% í 5½%. Heildarhækkun þessa illræmda skatts nemur því á einu og sama árinu hvorki meira né minna en 167%, eða 652 millj. kr., miðað við árs-innheimtu. Raunveruleg hækkun skattgreiðenda er þó miklu meiri vegna þess stórkostlega skattþjófnaðar, sem viðgengst í sambandi við innheimtu skattsins gegnum öll viðskipti í landinu.

Þeim 307.5 millj. kr., sem þannig á að innheimta af almenningi ofan á allar aðrar skattahækkanir núv. ríkisstjórnar, á samkv. því, sem segir í grg. frv., að verja þannig:

1. Til útgjalda ríkissjóðs umfram það, sem áætlað er í fjárlagafrv. 55 millj. kr.
2. Vegna niðurgreiðslna vöruverðs á árinu 1964 ..... 68 — —

3. Vegna niðurgreiðslna 1965 ..... 207 millj. kr.
4. Til útgjaldaaukningar ríkissjóðs, sem leiðir af hækkun kaupgjalds vegna söluskattshækkunarinnar ..... 42 — —

Frá þessu dregst svo önnur tekjuöflun, sem fyrirhuguð er, og hækkun á áætluðum tekjuliðum fjárlaga, alls að upphæð 65 millj. kr., þannig að eftir standa 307.5 millj. kr.

Þegar athuguð er ráðstöfun hinnar fyrirhuguðu skattheimtu, sést strax, að 42 millj. kr. útgjaldaaukning stafar beint af skattheimtuaðferðinni sjálfri. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að verja 68 millj. kr. til þess að mæta útgjöldum ársins 1964 vegna niðurgreiðslna, en því hafði verið yfir lýst í sambandi við samninga ríkisstjórnarinnar og verkalýðssamtakanna 5. júní s. l., að engar álögur yrðu á lagðar vegna aukinna niðurgreiðslna á því ári. Ósannað er einnig með öllu, hvort afkoma ríkissjóðs á árinu 1964 réttlætir á nokkurn hátt slíkan bakreikning, allra síst ef tillit er tekið til greiðsluafgangs ríkissjóðs á síðustu árum, greiðsluafgangs, sem að litlu hefur verið ráðstafað.

Miðað við fjárlagafrv. fyrir 1965 getur hin raunverulega tekjuþörf fyrir það ár því aldrei farið fram úr 197 millj. kr., ef staðið er við gefnar yfirlýsingar varðandi tekjuöflun til niðurgreiðslna 1964 og skattheimtuaðferðin leiðir ekki af sér nýja skatta. Það er svo eindregin skoðun undirritaðs, að einnig þessa skattheimtu mætti auðveldlega forðast og þar með firra þeim vanda, sem ef henni mun leiða. Kemur í því efni til greina eftirfarandi:

1. Að hækka mætti tekjuáætlanir fjárlaga.
2. Að spara mætti í útgjöldum ríkissjóðs.
3. Að verja mætti greiðsluafgangi áranna 1962 og 1963, en af honum er nú óráðstafað 220 millj. kr., til þess að mæta fjárþörfinni, ef fyrir hendi væri.

Með tilliti til þessara möguleika hlýtur undirritaður að dæma skattheimtu þá, sem hér er fyrirhuguð, óþarfa með öllu, og er sú ástæða ein fullnægjandi til algerrar andstöðu við frv. þetta, en margt annað kemur þar einnig til og þó einkum eftirfarandi:

1. Valin er sú skattheimtuaðferð, sem í alla staði er andstæðust hagsmunum hinna verst settu í þjóðfélaginu, óhagstæðust heilbrigðum atvinnurekstri og hættulegust efnahagsþróuninni í landinu.
2. Með frv. og ráðstöfunum, sem standa í beinu sambandi við það, og afgreiðslu fjárlaga er hagur útflutningsatvinnuveganna stórlega skertur og möguleikar þeirra til þess að standa undir eðlilegum og óhjákvæmilegum kjarabótum og launahækkunum þar með rýrðir á hinn freklegasta hátt. Er hér ekki einasta um að ræða 3% útgjaldaaukningu vegna hækkaðra launa í krónutölu, sem þó kemur verkafólki að engu til góða, heldur einnig það, að fiskiðnaðurinn í landinu er sviptur þeirri aðstoð, sem honum var veitt fyrr á þessu ári og nam 95 millj. kr., sem nú eru hrifsaðar til almennrar eyðslu ríkissjóðs. Svarar þessi breyting á hag fiskiðnaðarins til þess, að kaupgjald hefði verið hækkað um 20—25%.

Með þessum aðgerðum er því að því stefnt að hindra eðlilega samningagerð milli atvinnurekenda og verkalýðssamtaka á næsta vori. Frv. er því hreint kauplækkunarfrumvarp. Auk þess er sú mikla almenna verðlagshækkun, sem af samþykkt þess mundi óhjákvæmilega leiða, sérstaklega til þess fallin að ýta af stað nýrri verðbólguöldu, sem enginn fær nú séð fyrir, hvenær hníga muni.

Á s. l. vori gerðu verkalýðssamtökin, ríkisstjórnin og atvinnurekendur með sér víðtækt samkomulag um eins árs vinnufrið. Grundvöllur þess samkomulags var gagnkvæmt traust viðsemjendanna á fullum heilindum þeirra í því að vinna gegn verðbólgunni og þeim margvíslegu vandamálum, sem hún hefur skapað í þjóðfélaginu um langt skeið. Verkalýðssamtökin teygðu sig langt til þess að ná þessu samkomulagi og féllu m. a. frá kröfum sínum um beinar kauphækkanir í því trausti, að verðstöðvunarstefnu yrði framfylgt af ríkisstjórninni og að í kjölfar hennar gætu síðan fengizt fram eðlilegar og raunhæfar kjarabætur, eftir samfellt 5 ára tímabil verðbólgu og kjaraskerðinga.

Nái þetta frumvarp fram að ganga, er þessum grundvelli júnísamkomulagsins rift af hálfu ríkisstjórnarinnar og flokka hennar, og er þó samkomulagstíminn nú aðeins hálfnaður. Er ábyrgð þeirra, sem að slíku standa að þarflausu, vissulega mikil.

Tvímælalaust hefði ríkisstjórninni borið, ef hún hefði viljað vernda júnísamkomulagið og ef hún hefði haft áhuga fyrir áframhaldandi friðsamlegri sambúð við verkalýðshreyfinguna, að leita samninga við alþýðusamtökin um þá þætti efnahagsmálanna, sem þau varða sérstaklega. Slíkt hefur ekki verið reynt. Þetta verðhækkunar- og kauplækkunarfrumvarp er borið fram verkalýðssamtökunum að óvörum og að þeim forspurðum, og verður ekki séð, hverju slíkt sætir eða hverju slíkt þjónar öðru en því að spilla friði og samstarfi um kjaramálin.

Ekki verður betur séð en ríkisstjórnin standi nú á mikilvægum tímamótum varðandi alla þróun efnahagsmálanna á næstu tímum og þá um leið varðandi afstöðuna til verkalýðssamtakanna og kjaramála vinnustéttanna. Tveggja kosta er völ. Annar er sá að reyna enn á ný leið verðbólgustefnunnar, verðhækkanastefnunnar og stríðsstefnunnar gegn alþýðusamtökunum. Hinn er að þrautreyna leið samstarfs og samvinnu um vandamálin, sem við er að etja. Sú leið stendur ríkisstjórninni enn opin. Alþýðusamtökin hafa nú með sérstakri samþykkt Alþýðusambands Íslands enn á ný boðið ríkisstjórninni inn um opnar dyr þeirrar leiðar. Rök eru því engin fyrir því að þvinga fram, í fullri andstöðu við almannasamtökin, slíka lagasetningu um verðbólguaðgerðir, sem þetta frumvarp boðar. Þess vegna ber ríkisstjórninni að draga þetta frumvarp til baka nú og reyna samningaleiðina. Beri hún hins vegar ekki gæfu til að fara þá leiðina, ber Alþingi að taka af henni ráðin og fella frumvarpið.

Alþingi, 18. des. 1964.

Björn Jónsson.

Ed. 193. Breytingartillögur [106. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá ríkisstjórninni.

a. Við 1. gr. Fyrir orðin „7½% — sjö og hálfan af hundraði“ komi: 8% — átta af hundraði.
b. Við 2. gr. Fyrir orðin „8% — átta af hundraði“ komi: 7½% — sjö og hálfan af hundraði.
c. Við ákvæði til bráðabirgða. Fyrir orðin „8% — átta af hundraði“ í 1. málsgr. komi: 7½% — sjö og hálfan af hundraði.

Ed. 194. Breytingartillaga [107. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá ríkisstjórninni.

Við 1. gr. Fyrir orðin „greiði 7½% — sjö og hálfan af hundraði“ komi: greiði 8% — átta af hundraði.

Ed. 195. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1960 og l. nr. 51/1962, um breyt. á l. nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. des. 1964.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson.
Karl Kristjánsson.	Páll Þorsteinsson.	Bjartmar Guðmundsson.
	Jón Þorsteinsson.	

Sþ. 196. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 22. desember 1964 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 1. febrúar 1965.

Ed. 197. Frumvarp til laga [106. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. des.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð söluskatt af innlendum viðskiptum, eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 8% — átta af hundraði — skatts þess, sem um ræðir í 1. mgr.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta og endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu skal greiða 7½% — sjö og hálfan af hundraði — söluskatt, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

3. gr.

Við gildistöku laga þessara fellur úr gildi 5. gr. laga nr. 1 31. janúar 1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við tollafgreiðslu vöru til eigin neyzlu eða nota innflytjanda, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, skal innheimta 7½% — sjö og hálfan af hundraði — söluskatt frá og með 1. janúar 1965. Þó skal innheimta 5½% — fimm og hálfan af hundraði — söluskatt við tollafgreiðslu slíkrar vöru, ef innflytjandi hefur fyrir 1. janúar 1965 afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess, að unnt sé að tollafgreiða vöruna, sbr. 14. gr. laga nr. 7/1963, um tollskrá o. fl. Þetta gildir þó því aðeins, að tollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 8. janúar 1965.

Fyrirmæli 1. mgr. gilda við tollafgreiðslu vöru til eigin neyzlu eða nota innflytjanda, sem hefur verið afhent honum fyrir 1. janúar 1965 með leyfi tollyfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 22. gr. laga nr. 7/1963, um tollskrá o. fl., enda eigi fullnaðar tollafgreiðsla sér stað innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara.

Hafi verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu fyrir gildistöku laga þessara, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, og sala eða afhending sams konar vöru, vinnu eða þjónustu er skattskyld samkvæmt lögum nr. 10/1960, um söluskatt, þá skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar hækkun á söluskattinum, nema sannað sé, að skatturinn hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

Ed. 198. Frumvarp til laga [107. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. des.)

1. gr.

3. liður 16. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiði 8% — átta af hundraði — af söluskatti þeim, sem innheimtur er í ríkissjóði samkv. lögum nr. 10/1960 um söluskatt, 1. gr., svo og 5% — fimm af hundraði — af verðtollstekjum ríkissjóðs samkv. lögum nr. 7/1963 um tollskrá o. fl.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þennan hluta af söluskattinum, ársfjórðungslega eftir á.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

Ed. 199. Breytingartillögur [106. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá Helga Bergs og Karli Kristjánssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „8% — átta af hundraði“ komi: 12% — tólf af hundraði.
2. Eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Umfram þau framtöl til söluskatts, sem skattayfirvöldum þykir ástæða til að rannsaka, skal fara fram ýtarleg rannsókn á framtölum 5% allra söluskattsskyldra aðila. Skulu þau framtöl valin með útdrætti úr öllum söluskattsframtölum landsins af Hagstofu Íslands samkvæmt reglum, sem hún setur.

Framtöl þau, sem tekin eru til rannsóknar, skal athuga vandlega, rannsaka bókhald aðila og leita upplýsinga um hvaðeina, sem máli skiptir.

Ed. 200. Lög [29. mál]

um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 30.

Sþ. 201. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1965.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	7. gr.	(Vextir af innlendum lánum). Fyrir „7 632 622“ kemur	8 470 122
2.	—	11. —	A. 10. Fyrir c- — o-liði kemur einn liður: Til löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna, sbr 4. gr. l. nr. 59/1963	1 300 000
3.	—	11. —	A. 11. a. (Hegningarhúsið í Reykjavík). a. Við 2. Nýr liður: Viðhaldskostnaður	300 000
			b. Við ÷ Framlag Reykjavíkurborgar. Fyrir „1 018 200“ kemur	1 168 200
4.	—	11. —	A. 11. b. 1. (Vinnuhælið á Litla-Hrauni, laun). Fyrir „1 360 160“ kemur	1 560 160
5.	—	11. —	A. 12. (Bygging fangahúsa). Fyrir „600 000“ kemur	800 000
6.	—	11. —	A. 26. b. (Áfengisvarnaráð). Fyrir „1 000 000“ kemur	1 250 000
7.	—	11. —	A. 26. Nýr töluliður: Til Templarahallar, byggingarstyrkur	500 000
8.	—	13. —	A. III. (Byggð og gisting handa ferðamönnum). Fyrir „140 000“ kemur	170 000
9.	—	13. —	D. V. C. 1. d. (Flugumferðarstjórn, Rvík, annar kostnaður). Fyrir „700 000“ kemur	1 082 000
10.	—	13. —	F. I. (Ferðaskrifstofa ríkisins). a. Við 1. d. (Annar kostnaður). Fyrir „400 000“ kemur	600 000
			b. Við 3. (Landkynningarstarfsemi Norðurlandaþjóða). Fyrir „300 000“ kemur	407 500
11.	—	13. —	F. XI. Nýr liður: Til lagfæringar og fegrunar á hverasvæðinu í Hveragerði	200 000
12.	—	14. —	A. I. d. Nýr liður: Til reiknistofu háskólans vegna kaupa á rafeinda-reiknivél	1 752 000
13.	—	14. —	A. III. a. a. Liðurinn orðist svo: Til styrktar íslenzkum námsmönnum	11 057 677
			Þar af til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna samkv. lögum nr. 52/1961 a. m. k. 8 758 773 kr.	
			b. Nýr liður: Fimm ára styrkir	1 400 000
14.	—	14. —	A. IX. b. (Tækniskólinn). Fyrir „1 203 000“ kemur	1 213 000

15. Við 14. gr. A. XI. 3. c. (Handíðaskólinn, annar kostnaður).
Fyrir „578 500“ kemur 598 500

16. — 14. — A. XII. 23. a. (Barnaskólar — leiðrétting).
a. Við B. 2. (Laugar, Dal.).
Fyrir „1 819 408“ kemur 2 044 408
b. Við C. 2. (Hafnarfjörður, íþróttahús).
Fyrir „560 000“ kemur 1 040 000

17. — 14. — A. XII. 23. b. (Barnaskólar). Liðurinn orðast svo:
Ný skólahús og skólastjórabústaðir:

1.	Kleppjárnsreykir	720 000
2.	Kópavogsskóli, smíðahús	300 000
3.	Eskifjörður, leikfimishús og sundlaug ..	630 000
4.	Blönduós	300 000
5.	Klúka, Bjarnafirði	600 000
6.	Silfurtún, Garðahr., íþróttahús	600 000
7.	Kópavogur, sundlaug	450 000
8.	Stykkishólmur	670 000
9.	Laugar, Dal., sundlaug	150 000
10.	Borgarfjörður eystri	300 000
11.	Keflavík	300 000
12.	Vík í Mýrdal	400 000
13.	Reykhólar, sundlaug	120 000
14.	Norðfjarðarhreppur	300 000
15.	Háls- og Ljósavatnshr.	500 000
16.	Sandgerði, leikfimishús	530 000
17.	Skeið, Árnessýslu	200 000
18.	Akureyri, fimleikahús	300 000
19.	Vatnsleysustr., skólastjórabústaður	170 000
20.	Vopnafjörður, skólastjórabústaður	170 000
21.	Grenivík, skólastjórabústaður	170 000
22.	Skólabifreið Hellissandi	175 000
23.	Skólabifreið Suðurfjarða	40 000
		8 095 000

18. — 14. — A. XIII. 38. b. (Gagnfræða- og héraðsskólar). Liðurinn orðast svo:
Ný skólahús:

1.	Réttarholtsskóli, Rvík, 4. áfangi	350 000
2.	Kópavogsskóli, verknámshúsnæði	1 300 000
3.	Laugar, S-Þing.	750 000
4.	Reykir, Hrútafirði	700 000
5.	Keflavík	700 000
6.	Húsavík	900 000
7.	Sauðárkrókur	600 000
8.	Reykholt, leikfimishús	700 000
		6 000 000

19. — 14. — A. XIX. 8. Nýr liður:
Til Frjálsíþróttasambands Íslands vegna landskeppni .. 50 000

20. — 14. — A. XLVII. Nýr liður:
Til Nýja stúdentagarðsins til viðhalds 1 000 000

21. — 14. — B. LXXV. b. (Þjóðræknisfélag Íslendinga).
Fyrir „3000“ kemur 15 000

22. — 14. — B. CIX. Nýr liður:
Til varðveizlu gamalla húsa á Ísafirði 150 000

23. Við 14. gr. B. CX. Nýir liðir:

a.	Til Hólafélagsins	25 000
b.	Til Amtsbókasafnsins á Akureyri í því skyni, að þar verði unnt að varðveita bókasafn Davíðs Stefánssonar skálds í sérstökum salarkynnum, ef Akureyrarbær ákveður að kaupa safnið	1 000 000

24. — 15. — XXVIII. Nýr liður:
Til vatnsveitu í Skálholti 200 000

25. — 16. — A. 13. (Tilraunaráð búfjárræktar).
Fyrir „250 000“ kemur 300 000

26. — 16. — A. 14. b. (Jarðræktartilraunir, stofnkostnaður).
Fyrir „550 000“ kemur 700 000

27. — 16. — A. 15. b. (Stofnlánadeild landbúnaðarins).
Fyrir „4 150 000“ kemur 4 000 000

28. — 16. — A. 18. Liðurinn orðast svo:
Til fyrirhleðslna:

a.	Í Þverá og Markarfljóti	500 000	
b.	Í Kelduá í Fljótsdal	75 000	
c.	Í Stigá í Öræfum	75 000	
d.	Í Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará	200 000	
			850 000

29. — 16. — A. 19. Liðurinn orðast svo:
Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að:

a.	Í Norðurá í Mýrasýslu	60 000	
b.	Í Miðá í Dalasýslu	15 000	
c.	Í Haukadalsá hjá Núpum	15 000	
d.	Í Haukadalsá hjá Jörfa	15 000	
e.	Í Hörðudalsá	15 000	
f.	Í Víðidalsá hjá Víðidalstungu	54 000	
g.	Í Víðidalsá hjá Árnesi	25 000	
h.	Í Vatnsdalsá hjá Saurbæ	54 000	
i.	Í Héraðsvötnum í Skagafirði	50 000	
j.	Í Hörgá í Hörgárdal	50 000	
k.	Í Norðfjarðará í Norðfirði	35 000	
l.	Í Norðurdalsá í Breiðdal	50 000	
m.	Í Hofsá í Álftafirði	40 000	
n.	Í Djúpá hjá Kálfafelli	40 000	
o.	Í Djúpá hjá Maríubakka	20 000	
p.	Í Fossálum á Síðu	20 000	
q.	Í Skaftá við Stjórnarsand	15 000	
r.	Í Eldvatni í Meðallandi	8 000	
s.	Í Laxá í Hörgslandshreppi	8 000	
t.	Í Kúðafljóti	50 000	
u.	Í Miðskálaá, Írá og Holtsá	40 000	
v.	Í Stóru-Laxá hjá Hlíð	40 000	
x.	Í Tungudalsá í Fáskrúðsfirði	20 000	
			739 000

30. — 16. — A. 26. c. (Veiðimálaskrifstofan, annar kostnaður).
Fyrir „350 000“ kemur 400 000

31. — 16. — A. 37. (Landssamband ísl. hestamannafélaga).
Fyrir „25 000“ kemur..... 100 000

32.	Við 16. gr.	A. 42. j. 2. Liðurinn orðast svo:			
		Ný skólahús (greiðsluár 1964—68):			
		a. Laugarvatn		1 480 000	
		b. Blönduós		250 000	
		c. Hallormsstaður		450 000	
					2 180 000
33.	— 16. —	B. 1. (Fiskifélag Íslands).			
		Fyrir „7 528 000“ kemur			7 628 000
34.	— 16. —	B. 15. Nýr liður:			
		Til greiðslu kostnaðar við athugun á hávaða í aflskrúfum fiskiskipa			150 000
35.	— 16. —	C. 7. (Iðnskólinn í Reykjavík).			
		Fyrir „2 225 000“ kemur			3 225 000
36.	— 16. —	C. 8. Nýr liður:			
		Styrkur til byggingar iðnskóla í Hafnarfirði			1 125 000
37.	— 16. —	E. IV. 2. (Samvinnuskólinn).			
		Fyrir „670 000“ kemur			900 000
38.	— 17. —	III. 8. (Orlofsheimili verkalýðsfélaga).			
		Fyrir „1 000 000“ kemur			2 000 000
39.	— 17. —	V. 9. b. (Starfskvennaskóli Sumargjafar).			
		Fyrir „75 000“ kemur			125 000
40.	— 17. —	V. 18. (Neytendasamtökin).			
		Fyrir „75 000“ kemur			125 000
41.	— 17. —	V. 22. j. Nýr liður:			
		Til Æskulýðssambands Íslands til hjálpar vanþróuðum löndum			75 000
42.	— 17. —	V. 25. Nýr liður:			
		Byggingarstyrkur til Barðstrendingafélagsins vegna framkvæmda í Bjarkalundi			75 000
43.	— 18. —	II. a.			
		a. Við bætast í stafrófsröð:			
		1. Aðalsteinn Jakobsson, fyrrv. næturvörður			15 000.00
		2. Björn Vigfússon, fyrrv. lögregluþjónn			12 000.00
		3. Elínborg Brynjólfsdóttir, fyrrv. ráðskona			12 000.00
		4. Geir Finnur Sigurðsson, fyrrv. lögregluþjónn			15 000.00
		5. Guðmundur Guðmundsson, fyrrv. símstjóri			12 000.00
		6. Guðmundur Ólafsson. fyrrv. póstur			6 000.00
		7. Hálfdán Björnsson			12 000.00
		8. Ingibjörg V. Filippusdóttir, fyrrv. ljósmóðir			6 000.00
		9. Jón G. Jónsson			12 000.00
		10. Júlíus Jónsson, fyrrv. póstur			6 000.00
		11. Jörundur Brynjólfsson, fyrrv. alþingismaður			30 000.00
		12. Kjartan Jóhannesson, fyrrv. söngkennari			15 000.00
		13. Magnús Magnússon, rithöfundur			12 000.00
		14. Oddný Högnadóttir, fyrrv. ráðskona			12 000.00
		15. Pétur Ottesen, fyrrv. alþingismaður			30 000.00
		16. Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur			9 000.00
		17. Sigurður Jónsson, fyrrv. kennari			20 000.00
		18. Sigurlás Nikulásson			12 000.00
		19. Sölvína Konráðsdóttir, fyrrv. ljósmóðir			6 000.00
		20. Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir			6 000.00
		b. Eftirfarandi liðir breytast:			
		1. Benedikt Gíslason.			
		Fyrir „15 000.00“ kemur			20 000.00

2. Egill Jónsson, fyrrv. símamaður.
Fyrir „6 000.00“ kemur 12 000.00
3. Guðmundur Jónsson, fyrrv. garðyrkjumaður.
Fyrir „10 000.00“ kemur 15 000.00
4. Hannes Jónsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður og símstjóri.
Fyrir „Hannes“ kemur (leiðrétting): Halldór.
5. Jón Hallgrímsson, fyrrv. starfsmaður áfengisverzlunarinnar.
Fyrir „8 000.00“ kemur 20 000.00
6. Steingrímur Steinþórsson, fyrrv. búnaðarmálastjóri.
Fyrir „40 000.00“ kemur 60 000.00

c. Niður falla þessir liðir:
1. Árni Benediktsson.
2. Lárus Rist, fyrrv. kennari.
3. Ólafur Friðriksson, fyrrv. ritstjóri.
4. Ólafur E. Thoroddsen, fyrrv. skipaeftirlitsmaður.
5. Trausti Á. Reykdal, fyrrv. fiskmatsmaður.

44. Við 18. gr. II. b.
a. Við bætast í stafrófsröð:
1. Erna Stefánsson 24 000.00
2. Jakobína Thorarensen 10 000.00
3. Jónína Kristjánsdóttir 15 000.00
4. Margrét Jónasdóttir 25 000.00
5. Steinunn Tómasdóttir 10 000.00
6. Þorbjörg Sigurjónsdóttir 9 000.00

b. Eftirfarandi liður breytist:
Elín Einarsdóttir.
Fyrir „6 000.00“ kemur 10 000.00

c. Niður falla þessir liðir:
1. Dorothea Guðmundsson.
2. Ellen Einarsson.
3. Emilía Benediktsdóttir Kofoed Hansen.
4. Margrét Ásmundsdóttir.
5. Ólöf Sigvaldadóttir.
6. Sigríður Eiríksdóttir.

45. — 20. — Út. I. (Afborganir lána ríkissjóðs).
Fyrir „11 806 834“ kemur 12 640 168

46. — 20. — Út. VII. 6. Nýr liður:
Til byggingar ketilhúss o. fl. fyrir geðveikrahælið á Kleppi 1 000 000

47. — 20. — Út. XIII. 7. Nýr liður:
Til byggingar nemendabústaðar við menntaskólann að Laugarvatni 2 000 000

48. — 20. — Út. XVII. (Embættisbústaðir héraðsdómara).
Fyrir „2 500 000“ kemur 3 000 000

49. — 20. — Út. XLV. Nýr liður:
Til kaupa á Mávahlíð í Lundarreykjadal fyrir fjárræktarbúið að Hesti 200 000

50. — 22. — XXV. Nýir liðir:
a. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán fyrir orlofsheimili verkalýðssamtaka.
b. Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán til byggingarframkvæmda

og umbóta á heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.
c. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán til atvinnuaukningar á þeim stöðum, sem talið er að nauðsynlega þurfi á því að halda.
d. Að ábyrgjast lán til Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunnar h/f, Reykjavík, til kaupa og breytinga á tankskipi til síldarflutninga, sem nemi allt að 80% af kostnaðarverði skipsins, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.
e. Að ábyrgjast allt að 90 millj. kr. lán til byggingar og endurbóta á síldarverksmiðjum, síldarflutningaskipum og síldarumhleðslustöðvum, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.
f. Að ábyrgjast allt að 20 millj. kr. lán fyrir bæjarsjóð Hafnarfjarðar til lausnar á fjárhagsvandamálum Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar.

51. Við 22. gr. XXX. Nýir liðir:
a. Að kaupa jörðina Mávahlíð í Lundarreykjadal fyrir fjárræktarbúið að Hesti.
b. Að kaupa Nesstofu og Viðeyjarstofu ásamt hæfilegri lóð.
c. Að greiða allt að 75 þús. kr. til endurbóta á byggðasafnshúsi að Hnjóti, Rauðasandshreppi.
d. Að verja allt að 2½ millj. kr. til þátttöku í stofnkostnaði og rekstri sölustöðvar í London fyrir íslenzkar matvörur.
e. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í kaupstöðum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema einni vélasamstæðu á hverjum stað.
f. Að endurgreiða Eiríki Bjarnasyni veitingamanni í Hveragerði aðflutningsgjöld af sýningarvélasamstæðu.

Ed. 202. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 18. des. 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. og athugað það, og mælir meiri hluti nefndarinnar með því, að frumv. verði samþ. óbreytt eins og það var afgreitt í Nd.

Þrír nefndarmanna, Gils Guðmundsson, Helgi Bergs og Ólafur Jóhannesson, hafa fyrirvara um einstök ákvæði frumvarpsins.

Alþingi, 19. des. 1964.

Jón Árnason, form., frsm.
Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Sigurður Ó. Ólafsson.
Helgi Bergs, með fyrirvara.
Gils Guðmundsson, með fyrirvara.

Sþ. 203. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1965.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 14. gr. A. XLI. (Yfirvinna fastra kennara o. fl.).
   Fyrir „10 000 000“ kemur 2 000 000
2. — 14. — B. XCI. Nýr liður:
   Til Guðmundar Gilssonar organleikara 10 000
3. — 16. — E. I. 5. e. (Atvinnudeild). Nýr liður:
   Til endurbóta á efnagreiningarsal 500 000
4. — 17. — V. 10. (Sumardvalarheimili o. fl.).
   Fyrir „450 000“ kemur 500 000
5. — 19. — 1. (Niðurgreiðsla á vöruverði).
   Fyrir „336 000 000“ kemur 543 000 000
6. — 19. — 2. (Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir).
   Fyrir „188 000 000“ kemur 183 000 000
7. — 19. — 6. Nýr liður:
   Hækkun útgjalda vegna áætlaðrar 3% launahækkunar 42 000 000
8. — 20. — Út. XIII. 13. Nýr liður:
   Tækniskólinn, stofnkostnaður 1 000 000
9. — 22. — XXXII. Nýr liður:
   Að selja 3 lóðir undir geymsluskálum Vegagerðar ríkisins á Selfossi, ef viðunandi boð fæst, eða hafa á þeim makaskipti, ef betur þætti henta, enda verði andvirði lóðanna varið til þess að afla hentugra lands undir skálana á Selfossi eða í næsta nágrenni.

Sþ. 204. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1965.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 2. gr. 2. Liðurinn orðist svo:
   Aðflutningsgjöld 1 569 000 000
   Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 78 150 000
   1 490 550 000
2. — 2. — 8. (Söluskattur).
   Fyrir „677 400 000“ kemur 922 500 000
3. — 2. — 9. (Gjald af bifreiðum og bifhjólum).
   Fyrir „110 000 000“ kemur 138 000 000
4. — 2. — 10. (Hluti af umboðsþóknun og gengismismun).
   Fyrir „27 000 000“ kemur 30 000 000
5. — 22. — XXXII. Nýr liður:
   Að fresta til ársins 1966 verklegum framkvæmdum ríkisins sem fé er veitt til í fjárlögum fyrir árið 1965. Sama gildir um greiðslu framlaga til annarra aðila, sem ákveðin eru í fjárlögum 1965.

Sþ. **205. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1965 og við brtt. á þskj. 201.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við brtt. 201,2. (Við 11. gr. A. 10.).
Fyrir orðin „sbr. 4. gr. l. nr. 59/1963“ kemur (leiðrétting): sbr. 2. mgr. 4. gr. l. nr. 56/1963.

II. Frá *Þórarni Þórarinssyni* og *Einari Ágústssyni.*
Við 14. gr. A. III. a. (Til styrktar ísl. námsmönnum).
a. Fyrir „10 615 372“ kemur 15 000 000
b. Fyrir „7 216 325“ kemur 10 900 000

III. Frá *Gils Guðmundssyni.*
Við 14. gr. A. III. a. Liðurinn orðist svo:
Til styrktar íslenzkum námsmönnum 14 000 000
Þar af til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna samkv. lögum nr. 52/1961 kr. 10 000 000.

IV. Frá *Ágúst Þorvaldssyni* og *Ingvari Gíslasyni.*
Við 14. gr. B. XV. 49. Nýr liður:
Til ungmenna- og átthagafélaga eða annarra aðila til þess að gera héraðskvikmyndir 25 000

V. Frá *Gils Guðmundssyni.*
1. Við 14. gr. B. XLVII. (Tónleikahald erlendis).
Fyrir „30 000“ kemur 60 000
2. Við 14. gr. B. XCIX. Nýr liður:
Til listfræðslu og listkynningar innanlands samkv. ákvörðun menntamálaráðs 300 000

VI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við brtt. 201,3. (Við 16. gr. A. 42. j. 2.).
Fyrir orðin „Ný skólahús“ kemur (leiðrétting): Skólahús og kennarabústaðir.

VII. Frá *Jóni Skaftasyni.*
Við 16. gr. A. 20. i. (Sjóvarnargarðar, Seltjarnarnes).
Fyrir „150 000“ kemur 1 000 000

VIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 18. gr. II. a.
1. Við bætast í stafrófsröð:
a. Oddný Wium 6000.00
b. Valgerður Kristjánsdóttir 6000.00
2. Niður fellur þessi liður:
Egill Tryggvason, fyrrv. póstur.

IX. Frá *Ingvari Gíslasyni, Karli Kristjánssyni* og *Gísla Guðmundssyni.*
Við 22. gr. XXVIII. Nýr liður:
Að taka lán allt að 3 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt vegna Ólafsfjarðarvegar (Múlavegar).

X. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við brtt. 201,51. e. (Við 22. gr. XXX.).
Fyrir orðið „kaupstöðum“ kemur (leiðrétting): kauptúnum.

Sþ. 206. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1965.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (HS, HÁ, IG).

1. Við 3. gr. A. Sundurliðun. 3. IV. Liðurinn orðast svo:

Sjónvarp:		
a. **Tekjur:**		
Aðflutningsgjöld og einkasölugjöld 1964—1965		24 800 000
b. **Gjöld:**		
1. áfangi framkvæmda 1965—1967:		
Sjónvarpshús og dagskrártæki	20 000 000	
Reykjavík 500 w	4 000 000	
Skálafell 5000 w	9 000 000	
Vaðlaheiði—Björg 5000 w	9 000 000	
Stykkishólmur 5000 w	8 500 000	
Fjarðarheiði 5000 w	8 500 000	
Blönduós 500 w	5 000 000	
Vestmannaeyjar 100 w	2 500 000	
Patreksfjörður 100 w	2 500 000	
Myndsegulband	2 500 000	
Útbreiðslumælingar	3 000 000	
	74 500 000	
⅓ þar af		24 800 000

2. — 16. — E. I. 2. a. (Byggingadeild). Nýr liður:
Til sjálfstæðra byggingarannsókna 200 000

Sþ. 207. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1965.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (GeirG).

1. Við 12. gr. IV. D. 8. (Heilsuhælið á Vífilsstöðum, annar kostnaður).
Fyrir „5 400 000“ kemur 6 900 000
2. — 14. — A. XIII. 46. Liðurinn orðist svo:
Til listkynningar í skólum 300 000
Þar af 100 þús. kr. til myndlistarmanna, sem kynna skólanemendum sýningar sínar.
3. — 16. — E. I. 1. b. (Iðnaðardeild, hagnýtar jarðfræðirannsóknir og iðnaðarrannsóknir).
Fyrir „400 000“ kemur 750 000

4. Við 16. gr. E. I. 2. a. (Byggingadeild). Nýr liður:
Til sjálfstæðra byggingarannsókna 200 000
5. — 17. — III. 4. (Alþýðusamband Íslands).
Fyrir „150 000“ kemur 300 000
6. — 17. — V. 10. (Sumardvalarheimili, dagheimili o. fl.).
Fyrir „450 000“ kemur 900 000
Til vara 600 000

Sþ. 208. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1965 og við brtt. á þskj. 201.

I. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Páli Þorsteinssyni* og *Lúðvík Jósefssyni.*
Við 13. gr. C. VII. 4. (Hafnarmannvirki, Bakkafjörður).
Fyrir „50 000“ kemur 250 000

II. Frá *Hermanni Jónassyni, Sigurvin Einarssyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 13. gr. C. VII. 11. (Hafnarmannvirki, Drangsnes).
Fyrir „100 000“ kemur 700 000

III. Frá *Sigurvin Einarssyni, Hannibal Valdimarssyni* og *Hermanni Jónassyni.*
Við 13. gr. C. VIII. (Ferjubryggjur). Nýr liður á undan 1. tölulið:
Brjánslækur 150 000

IV. Frá *Benedikt Gröndal, Jóni Þorsteinssyni, Unnari Stefánssyni, Eggert G. Þorsteinssyni* og *Sigurði Ingimundarsyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 6. Nýr liður:
Til undirbúnings bifreiðaferju á Hvalfirði 100 000

V. Frá *Helga Bergs, Ágúst Þorvaldssyni* og *Birni Fr. Björnssyni.*
Við 13. gr. C. XII. Liðurinn orðist svo:
a. Til rannsókna á möguleikum til hafnargerðar á stöðum, þar sem engar hafnarnefndir eru starfandi 400 000
b. Til rannsókna og undirbúnings hafnargerðar við Dyrhólaey 200 000

VI. Frá *Ingvari Gíslasyni, Karli Kristjánssyni* og *Gísla Guðmundssyni.*
Við brtt. 201,23. b. (Við 14. gr. B. CX.). Liðurinn orðist svo:
Til Amtsbókasafnsins á Akureyri í því skyni, að þar verði unnt að varðveita bókasafn Davíðs Stefánssonar skálds í sérstökum salarkynnum, ef Akureyrarbær ákveður að kaupa safnið 1 000 000
Nú verður ákveðið að kaupa húseign Davíðs Stefánssonar í því skyni að varðveita þar bækur og aðra persónulega muni skáldsins, og skal upphæð þessi þá ganga til þess félagsskapar eða samtaka, sem að því stæðu.

VII. Frá *Helga Bergs, Ágúst Þorvaldssyni* og *Birni Fr. Björnssyni.*
Við 16. gr. A. 20. k. (Sjóvarnargarðar). Nýr liður:
Strönd í Selvogi 50 000

VIII. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Páli Þorsteinssyni* og *Lúðvík Jósefssyni.*
Við brtt. 201,32. c. (Við 16. gr. A. 42. j. 2. (Húsmæðraskólar, Hallormsstaður).
Fyrir „450 000“ kemur 850 000

IX. Frá *Gísla Guðmundssyni* og *Halldóri Ásgrímssyni.*
Við 22. gr. IX. (Hlustunarskilyrði á Austfjörðum og Norðausturlandi).
Orðin „allt að 1.1 millj. kr.“ og „(Endurveiting)“ falla niður.

X. Frá *Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Páli Þorsteinssyni* og *Lúðvík Jósefssyni.*
Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að taka lán, allt að 20 millj. kr., til vegaframkvæmda á Austurlandi.

XI. Frá *Ragnari Arnalds, Birni Jónssyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við brtt. 201,50. c. (Við 22. gr. XXV.). Liðurinn orðast svo:
Að ábyrgjast allt að 30 millj. kr. lán til atvinnuaukningar á þeim stöðum á landinu, þar sem atvinna er ónóg.

XII. Frá *Birni Jónssyni* og *Ragnari Arnalds.*
Við brtt. 201,50. d. (Við 22. gr. XXV.). Við liðinn bætist ný málsgr., svofelld:
Enn fremur að ábyrgjast lán til samtaka síldarverksmiðja og síldarsöltunarstöðva á Norðurlandi, er stofnuð kunna að verða til rekstrar síldarflutningaskipa, sem nemi allt að 80% af kostnaðarverði skipanna, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.

XIII. Frá *Karli Kristjánssyni, Gísla Guðmundssyni* og *Ingvari Gíslasyni.*
Við 22. gr. XXVIII. Nýr liður:
Að taka lán allt að 3 millj. kr. — eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt — vegna Tjörnesvegar í Suður-Þingeyjarsýslu.

XIV. Frá *Gísla Guðmundssyni, Karli Kristjánssyni* og *Ingvari Gíslasyni.*
Við 22. gr. XXVIII. Nýr liður:
Að taka lán allt að 3 millj. kr. — eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt — vegna Hálsavegar í Norður-Þingeyjarsýslu.

XV. Frá *Hermanni Jónassyni, Sigurvin Einarssyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. XXVIII. Nýr liður:
Að verja úr ríkissjóði allt að 12 millj. kr. til þess að koma í veg fyrir fólksflótta og eyðingu byggða á Vestfjörðum.

XVI. Frá *Helga Bergs, Ágúst Þorvaldssyni* og *Birni Fr. Björnssyni.*
Við 22. gr. XXIX. Nýr liður:
Að taka allt að 15 millj. kr. lán til byggingar strandferðaskips fyrir siglingaleiðina Vestmannaeyjar—Þorlákshöfn.

Ed. **209. Lög** [91. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1963.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 132.

Ed. **210. Lög** [96. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1960 og lögum nr. 51/1962, um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 142.

Ed. **211. Lög** [103. mál]

um breyting á lögum nr. 97 18. des. 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Ed. 19. des.)

Samhljóða þskj. 189.

Nd. **212. Nefndarálit** [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur haft frv. þetta til athugunar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Mun minni hl. skila séráliti. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það barst frá Ed. á þskj. 197.

Í 1. gr. frv. er ákvæði um greiðslu hluta af söluskatti til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, er nemi 8% skattsins.

Árið 1960, þegar lögleiddur var 3% söluskattur, var svo ákveðið, að 20% af honum skyldi renna til Jöfnunarsjóðs, er síðan skiptist milli sveitarfélaganna eftir vissum reglum. Við hækkun söluskattsins í janúar s. l. var svo kveðið á, að sú hækkun rynni óskipt til þeirra þarfa, sem lögin um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl. fjölluðu um. Sama gildir um þá hækkun, sem hér er ráðgerð á söluskattinum og ætluð er til aukinna niðurgreiðslna, umfram það, sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Er til þess ætlazt, að Jöfnunarsjóður fái áfram sem svarar því, sem áætlað er að jafngildi 20% af 3% söluskatti, og miðast ákvæði 1. gr. við það. Hækkun söluskattsins rennur því óskipt í ríkissjóð.

Á árinu 1963 varð mikil röskun á efnahagslífinu í landinu, sem stafaði af stórkostlegum hækkunum kaupgjalds og verðlags á því ári. Afleiðingar þessarar þróunar voru að koma í ljós fram eftir árinu í ár. Í des. 1963 hækkaði almennt kaupgjald um 15%. Að fimm mánuðum liðnum höfðu verðhækkanir gleypt yfir 11% af þessari kauphækkun. Þetta var að vísu beint framhald þeirrar þróunar í kaupgjaldsmálunum, sem orðið hafði um mörg undanfarin ár, en svo var að sjá sem mönnum yrði

það nú ljóst, að á þennan hátt var ekki unnt að fá kjarabætur til handa launþegum í landinu. Forusta Alþýðusambands Íslands leitaði því til ríkisstjórnarinnar snemma vors á þessu ári og óskaði eftir viðræðum um efnahagsmál, sem miðuðu að því að stöðva þá verðbólguþróun, sem magnazt hafði á árinu 1963 og fram eftir þessu ári.

Ríkisstjórnin var mjög fús til slíkra viðræðna, þar sem hún taldi það höfuðnauðsyn, að ná mætti samkomulagi um aðgerðir, er miðuðu að stöðvun verðbólguþróunarinnar.

Leiddu viðræður þessar milli ríkisstjórnarinnar, verkalýðssamtakanna og vinnuveitendasamtakanna til svokallaðs júnísamkomulags um kaupgjaldsmál o. fl., sem var á allbreiðum grundvelli, en meginmarkmið þess var að stöðva verðbólguþróunina. Þessu samkomulagi var almennt fagnað af þjóðinni.

Í aðalatriðum var með samkomulagi þessu samið um óbreytt kaupgjald til eins árs, en á hinn bóginn skyldi tekin upp verðtrygging launa þannig, að ef vísitala hækkaði, skyldi kaupgjald einnig hækka. Mönnum var að vísu af fyrri reynslu ljós sú hætta, sem slíku fyrirkomulagi er samfara, en mikils þótti um vert að skapa kyrrð um launamálin, og í þeirri von, að svo mætti verða, var farið inn á þessa leið.

Það var í eðlilegu samhengi við þessa lausn málsins, að samkomulagið gerði ráð fyrir því, að vísitölunni skyldi með auknum niðurgreiðslum umfram það, sem gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 1964, haldið óbreyttri fyrst um sinn fram á haust, þar til þing kæmi saman. Skyldu þá teknar ákvarðanir um fjáröflun til niðurgreiðslnanna. Raunin hefur og orðið sú, að niðurgreiðslur hafa verið auknar svo, að unnt hefur verið að halda vísitölunni óbreyttri. Hefur hér verið um að ræða niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðir til mikils hags fyrir neytendur, en við haustverðlagningu landbúnaðarafurða varð allveruleg hækkun á þeim, sem var bein afleiðing undangenginnar þróunar í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

Í greinargerð fjárlagafrv. fyrir árið 1965 segir svo um þessi niðurgreiðslumál:

„Niðurgreiðslur vöruverðs innanlands eru áætlaðar 336 millj. kr. Er þá miðað við niðurgreiðslur eins og þær voru áætlaðar í maí s. l. á ársgrundvelli, að viðbættri áætlaðri söluaukningu næsta ár. Á hinn bóginn er hér ekki gerð till. um, hversu skuli á næsta ári fara um þær niðurgreiðslur, sem síðan hafa bætzt við og nauðsynlegar hafa reynzt til þess að halda vísitölunni óbreyttri að sinni, eins og gert var ráð fyrir, þegar samið var milli ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands í júní s. l. Verður að telja eðlilegt, að Alþingi marki þá frambúðarstefnu, sem fylgt verður í því máli."

Hér var því af hálfu ríkisstjórnarinnar á ótvíræðan hátt vakin athygli Alþingis á því, að fyrir árið 1965, eða í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir það ár, væri nauðsynlegt að marka þá stefnu, sem fylgja ætti með tilliti til niðurgreiðslnanna.

Síðan fjárlagafrv. var lagt fram, hefur ríkisstjórnin og stuðningsflokkar hennar haft mál þessi til gaumgæfilegrar athugunar. Hefur m. a. komið í ljós, að ef felldar væru niður þær viðbótarniðurgreiðslur, sem nauðsynlegar hafa reynzt eftir 1. júlí þ. á. til að halda vísitölunni óbreyttri, þá mundi það leiða til þess, að vísitalan hækkaði um 7½ stig, sem jafngildir um 5% almennri kauphækkun í landinu. Aðrar hækkanir af ýmsum orsökum og óviðkomandi niðurgreiðslunum munu og skömmu eftir n. k. áramót hækka vísitöluna um 1½ stig.

Þegar höfð er í huga sú þróun, sem orðið hefur á fyrra og yfirstandandi ári í kaupgjalds- og verðlagsmálum og verið hefur útflutningsatvinnuvegunum mjög óhagstæð, þá þykir ekki fært að láta slíka kaupgjaldshækkun koma til framkvæmda nú. Hefur því niðurstaðan orðið sú að fara þá leið, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Er með því ætlað, að haldið verði áfram hinum sömu niðurgreiðslum og verið hafa undanfarna mánuði. Til þess að standa undir þeim útgjöldum, sem af þessu leiðir beint, þarf að afla tekna umfram það, sem áætlað var á fjárlagafrv. fyrir 1965, sem nemur 207 millj. kr. Þá hefur orðið nokkur hækkun á fjárlagafrv. í meðförum Alþingis, og loks mun leiða um 3% almenna kaupgjaldshækkun af þeirri hækkun

söluskattsins, sem frv. gerir ráð fyrir, svo og af hækkun visitölunnar af öðrum ástæðum, eins og áður var getið.

Að sjálfsögðu hefur sú spurning vaknað í hugum manna, hvort ekki væri unnt að komast hjá að hækka þennan skatt, en í þess stað áætla tekjur ríkissjóðs á árinu 1965 hærri en gert hefur verið í fjárlagafrv. Gaumgæfileg athugun hefur farið fram á þessu og leitt í ljós, að þær breytingar, sem unnt er að gera í þá átt og nú hafa verið gerðar tillögur um, hrökkva skammt til að vega upp á móti þeim hækkunum, sem verða á útgjöldunum, aðallega vegna aukinna niðurgreiðslna. Engin önnur tiltæk leið er því til, ef afla á nægilegra tekna til hinna auknu niðurgreiðslna, en sú, sem frv. gerir ráð fyrir, ef afgreiða á greiðsluhallalaus fjárlög fyrir árið 1965, en annað er óverjandi, eins og nú er ástatt í efnahagsmálum í landinu. Er það og margyfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar, að fjárlög skuli afgreidd greiðsluhallalaus.

Því hefur verð haldið fram af stjórnarandstöðunni, ýmist að tekjuáætlunin væri það mikið of lág, að óþarft væri að gera ráðstafanir til öflunar nýrra tekna, eða að nota mætti tekjuafgang áranna 1962 og 1963 til að vega upp á móti hinum auknu niðurgreiðslum og því væri aukning söluskattsins óþörf.

Um fyrra atriðið er það að segja, að reynsla yfirstandandi árs bendir eindregið til þess, að í tekjuáætluninni fyrir árið 1965 sé gengið til hins ýtrasta og engin von sé til þess, að þar geti verið um nokkurn afgang að ræða. Er fróðlegt að athuga þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir um afkomu ríkissjóðs í ár, en fjármálaráðherra gaf þær upplýsingar við umræðu málsins í Ed. Samkvæmt því var ástandið þannig við lok nóvembermánaðar, að tekjur ríkissjóðs voru alls 2281 millj. kr., en útgjöldin 2579 millj. kr. Gjöldin voru þannig orðin nær 300 millj. kr. hærri en tekjurnar. Samanborið við árið 1963 hefur staða ríkissjóðs versnað um 300 millj. kr. Áður en árið er liðið má þó, eftir fyrri reynslu, gera ráð fyrir, að þessi mynd muni breytast nokkuð ríkissjóði í hag, en fráleitt er að láta sér detta í hug, að greiðslujöfnuðurinn verði nokkuð í námunda við það jafngóður á þessu ári og raunin var á tveimur undanförnum árum. Sú fullyrðing, að tekjuáætlun fjárlagafrv. fyrir árið 1965 megi hækka svo, að nægi til að gera söluskattshækkunina óþarfa, fellur því algerlega um sjálfa sig.

Um síðara atriðið er það að segja, að á árunum 1962 og 1963 varð samanlagður greiðsluafgangur ríkissjóðs um 300 millj. kr. Við umræðu málsins í Ed. skýrði fjármálaráðherra svo frá, að af þessari upphæð hefðu 100 millj. kr. verið lagðar í jöfnunarsjóð ríkisins, 40 millj. kr. var varið til skuldagreiðslu við Seðlabankann, 20 millj. kr. var varið vegna vangoldinna framlaga til sjúkrahúsa, 20 millj. kr. vegna vangoldinna framlaga ríkissjóðs til hafnarframkvæmda. Þannig hefur þessum greiðsluafgangi þegar verið ráðstafað að verulegu leyti, en afgangurinn stendur að öðru leyti sem rekstrarfé ríkissjóðs. Þrátt fyrir það nemur yfirdráttur ríkissjóðs í Seðlabankanum nú um miðjan desember nokkuð á 3. hundrað millj. kr.

Þegar stjórnarandstæðingar því krefjast þess, að eftirstöðvar greiðsluafgangsins frá 1962 og 1963 séu notaðar til að standa straum af niðurgreiðslum, þá mundi það, eins og nú er ástatt, þýða það, að skuld ríkissjóðs við Seðlabankann hækkaði að sama skapi. Þeim upphæðum yrði því dælt beint úr Seðlabankanum út í efnahagskerfið, og mundi það augljóslega hafa mjög verðbólguaukandi áhrif. Sýnir þetta m. a., hver alvara stjórnarandstöðunni er í að stemma stigu við verðbólgunni.

Stjórnarandstæðingar hafa mjög viljað halda því á lofti, að spara mætti það mikið af útgjöldum á fjárlagafrv., að með því mætti fá allt það fé, sem þyrfti til að halda hinum auknu niðurgreiðslum áfram. Gott dæmi um heilindi þau, sem hér eru á bak við, er framkoma stjórnarandstæðinga við afgreiðslu fjárlaganna, en þar hefur þeim gefizt hið tilvaldasta tækifæri til að sýna þennan vilja sinn í verki. En þeir féllu eftirminnilega á því prófi. Í stað tillagna um sparnað á ríkisútgjöldum fluttu stjórnarandstæðingar við 2. umr. fjárlaganna tillögur, sem hefðu þýtt hátt á 3. hundrað millj. kr. aukin útgjöld úr ríkissjóði. Alþýðubandalagsmenn, sem voru með örfáar sýndartillögur um sparnað, sem þó námu ekki samanlagt heilum

milljónatug, fluttu tillögur um hækkun útgjalda um nær 70 millj. kr. Tillögur framsóknarmanna fólu hins vegar ekki í sér eina einustu lækkun á útgjöldum, en hvorki meira né minna en yfir 200 millj. kr. í auknum útgjöldum. Sýnir þetta betur en nokkuð annað, hver alvara stjórnarandstæðingum er með sparnaðartali sínu.

Sú lagasetning, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er bein afleiðing af því samkomulagi, sem gert var í júní s. l. milli ríkisstjórnarinnar og verkalýðssamtakanna. Það miðar að því að halda verðlagi stöðugu, eftir því sem frekast er kostur, en slíkt er ekki framkvæmanlegt, nema haldið sé þeim auknu niðurgreiðslum, sem greiddar hafa verið síðari hluta þessa árs. En til þess að það sé unnt, verður ekki hjá því komizt að hækka söluskattinn eins og fyrir er mælt í frv. Þær verðhækkanir, sem af því leiðir, fá launþegar bættar vegna þess fyrirkomulags um greiðslu vísitöluuppbótar, sem fólst í júnísamkomulaginu og nú hefur verið lögfest.

Öllum þeim, sem að júnísamkomulaginu stóðu, hlaut að vera það ljóst, að afla varð tekna til að standa undir hinum auknu niðurgreiðslum, og við upphaf þessa Alþingis var auk þess sérstaklega vakin athygli á því af hálfu ríkisstjórnarinnar. Sú leið, sem hér hefur verið valin til að standa við júnísamkomulagið, getur því ekki komið neinum á óvart og raskar í engu því grundvallaratriði, sem samkomulagið byggist á.

Alþingi, 20. des. 1964.

Davíð Ólafsson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.
	Jónas G. Rafnar.	

Nd. 213. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur haft frv. þetta til meðferðar, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Mun minni hl. skila séráliti. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það barst frá Ed. á þskj. 198.

Alþingi, 20. des. 1964.

Davíð Ólafsson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.
	Jónas G. Rafnar.	

Nd. 214. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til, að söluskattur af andvirði seldrar vöru og verðmæta og endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu verði hækkaður úr 5½% í 7½%. Af því mundi leiða hækkun skattsins samkvæmt áætlun fjárlaga um 245.1 millj. kr.

Skammt gerist nú stórra höggva milli í skattheimtunni. Fyrr á árinu var þessi sami skattur aukinn úr 3% í 5½%, og nemur söluskattsviðbótin á einu ári þannig 150%. Kemur þó fleira til.

Með lögum nr. 18 12. apríl 1960 um breytingar á skattalögum var afnuminn sá umreikningur á persónufrádrætti og tekjutölum skattstigans, er gilt hafði í mörg ár, og með lögum nr. 43 9. júní 1960 voru ákveðnir fastir útsvarsstigar, sem ekki gerðu ráð fyrir breytingum, þó að verðgildi peninga rýrnaði. Þessar breytingar höfðu óhjákvæmilega þær afleiðingar, að skattbyrðin þyngdist stöðugt vegna vaxandi dýrtíðar.

Á árinu 1963 hafði dýrtíðin vaxið risaskrefum, og urðu á því ári verulegar launahækkanir af þeim sökum og tekjur manna í krónutölu hækkuðu til muna. Óbreyttar álagningarreglur hlutu því að leiða til mikilla hækkana á tekjuskatti og útsvari.

Í maímánuði s. l. var persónufrádráttur hækkaður um 30%. Var það þó ekki nægilegt til að vega á móti dýrtíðaraukningunni. Aftur á móti voru jafnframt gerðar breytingar á skattstigunum, sem leiddu til hækkana.

Framsóknarmenn báru fram breytingartillögur við skattafrumvarp ríkisstjórnarinnar s. l. vor, sem miðuðu að því að hækka persónufrádrátt, fjölga skattþrepum og taka upp á ný umreikning miðað við verðgildi tekna, og bentu á, að tekjuskattur og útsvar mundu að öðrum kosti hækka stórlega. Þessum aðvörunum var ekki sinnt og tillögurnar felldar.

Þegar niðurstöður álagningar opinberra gjalda lágu fyrir á s. l. sumri, kom í ljós, að viðvaranir okkar höfðu verið á rökum reistar. Álögurnar voru svo þungar, að öllum ofbauð og óánægja varð meiri en dæmi voru áður til. Virtust allir sammála um, að leiðréttinga væri þörf. Stærstu launþegasamtök landsins kröfðust lagfæringa, og ríkisstjórnin skipaði nefnd til þess að „athuga alla möguleika á því að veita afslátt og frekari greiðslufrest á álögðum opinberum gjöldum."

Almennt mun hafa verið álitið, að ekki kæmi annað til greina en að mistökin yrðu leiðrétt, og menn biðu vongóðir eftir því, að Alþingi kæmi saman, og bjuggust við, að úrræði ríkisstjórnarinnar til lausnar þessum vanda yrðu með allra fyrstu málum þessa þings.

Þegar í ljós kom, að svo var ekki, og dagarnir liðu einn af öðrum án þess að nokkuð heyrðist frá ríkisstjórninni um þessi mál, báru þingmenn Framsóknarflokksins fram frumvarp um lækkun skatta og útsvara.

Lækkunarfrumvarpið var lagt fram hinn 19. okt., og því var vísað til fjárhagsnefndar þann 5. nóv. Síðan hefur nefndin haldið 6 fundi, og á hverjum einasta þeirra höfum við, fulltrúar Framsóknarflokksins í nefndinni, óskað afgreiðslu á frumvarpinu. Þeim tilmælum hefur meiri hlutinn mætt með undanbrögðum, og á fundi nefndarinnar þann 11. þ. m. lýstu fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni því yfir, að afgreiðslu frumvarpsins yrði frestað, þar til Alþingi fjallaði um álagningu opinberra gjalda einhvern tíma á næsta ári. Slík afgreiðsla jafngildir að fella frumvarpið og neita um lagfæringu, þar sem frumvarpið er um álögur yfirstandandi árs og lækkun þeirra.

Þessi málalok verða áreiðanlega mörgum vonbrigði, ekki síst þeim, sem fram að þessu hafa treyst ríkisstjórninni. En út yfir tekur þó, að réttmætum óskum um sjálfsagða lagfæringu er ekki aðeins neitað, heldur á, samkvæmt þessu frumvarpi, að leggja á stórkostlega nýja skatta.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar er því oft haldið fram, að beinir skattar hafi verið lækkaðir á undanförnum árum. Hitt mun þó mörgum finnast, að skattar og útsvör hafi verið þeim þungbærari á þessu ári heldur en áður. A. m. k. er það í fyrsta skipti árið 1964, að stjórnskipuð nefnd gerir tillögu um nokkurs konar kreppulán handa almenningi til þess að borga með beina skatta til ríkis og sveitarfélaga.

Samkvæmt fjárlagafrv. fyrir 1965 er áætlað, að tekju- og eignarskattur á næsta ári verði 375 millj. kr. Hann var 135.8 millj. kr. árið 1958, og nemur því hækkun hans um 240 millj., eða yfir 176%. En réttur samanburður á álögum nú og fyrir

daga núverandi ríkisstjórnar fæst aðeins með því að taka saman beina og óbeina skatta, þ. e. bæði tekju- og eignarskatt og tolla og söluskatt, en síðustu árin hafa tekjur ríkissjóðs af tollum og sölusköttum aukizt gífurlega. Þær álögur leggjast með miklu meiri þunga á allan almenning heldur en tekjuskatturinn og þyngst á þá, sem flesta hafa að framfæra.

Til þess að sýna þá hækkun á tollum og sköttum til ríkissjóðs, sem orðið hefur á valdatíma núverandi ríkisstjórnar, er hér birt yfirlit um þessar álögur, eins og þær voru samkvæmt ríkisreikningi árið 1958 og eins og þær verða áætlaðar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1965, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Ríkisreikningur 1958.

Tekju- og eignarskattur	kr.	135 879 258.88
Stríðsgróðaskattur	—	2 217 877.13
Vörumagnstollur	—	36 405 530.50
Verðtollur	—	249 380 592.62
Gjald af innlendum tollvörum	—	11 945 922.92
Tekjur samkv. lögum nr. 33/1958	—	1 293 027.85
Innborgað af útflutningssjóði	—	20 000 000.00
Söluskattur	—	143 150 139.31
Leyfagjald	—	8 008 219.83
	Alls kr.	608 280 569.04

Fjárlagafrumvarpið fyrir 1965,

að viðbættri hækkun á aðflutningsgjöldum og gjaldi af bifreiðum og bifhjólum, samkvæmt tillögum fulltrúa stjórnarflokkanna í fjárveitinganefnd:

Tekju- og eignarskattur	kr.	375 000 000.00
Aðflutningsgjöld	—	1 490 550 000.00
Gjald af innlendum tollvörum	—	55 000 000.00
Söluskattur	—	603 500 000.00
Gjald af bifreiðum og bifhjólum	—	138 000 000.00
	Kr.	2 662 050 000.00

Þá hafa fulltrúar stjórnarflokkanna í fjárveitinganefnd lagt fram tillögu um hækkun á söluskatti, samkv. frv. því, er hér liggur fyrir	kr.	245 100 000.00
Samtals verða þá tollar og skattar áætlaðir árið 1965, samkvæmt fyrirætlunum stjórnarflokkanna	kr.	2 907 150 000.00
Hækkun á tollum og sköttum á tímabilinu 1958—1965 nemur þannig, samkv. framansögðu		2 299 millj. kr.
Við þennan samanburð er þó það að athuga, að árið 1958 var fé til niðurgreiðslu á vöruverði innanlands tekið úr útflutningssjóði, en samkvæmt tillögum stjórnarflokkanna verða niðurgreiðslur 1965, færðar á gjaldahlið fjárlaganna, áætlaðar 543 millj. kr. Sé þessi fjárhæð dregin frá framannefndri upphæð, kemur fram, að hækkun á tollum og sköttum á tímabilinu 1958—1965 (að frádregnum niðurgreiðslum) er um		1 756 millj. kr.
eða 289%.		

Vafalaust verður þó hækkunin til muna meiri en að framan greinir, því að hér eru bornar saman álögur samkv. ríkisreikningi 1958 og áætlaðar álögur samkvæmt fjárlagafrumvarpi 1965. Tekjur ríkissjóðs af tollum og sköttum hafa farið verulega fram úr áætlunum fjárlaga undanfarin ár, og má gera ráð fyrir, að svo verði enn á næsta ári.

Ríkisstjórnin segist þurfa að hækka söluskattinn til þess að geta afgreitt greiðsluhallalaus fjárlög. Undirritaðir halda því fram, að þessi staðhæfing sé röng. Benda þeir á, að verulegar fjárhæðir séu óeyddar af greiðsluafgöngum fyrri ára, sem grípa megi til, áður en nýir skattar séu á lagðir, tekjuliðir fjárlagafrumvarpsins 1965 séu eins og að undanförnu of lágt áætlaðir, aukið eftirlit eigi að tryggja betri skatttheimtu og að með sparnaði og ráðdeild megi draga úr ríkisútgjöldunum.

Við teljum því, að umrædd skattheimta sé algerlega óþörf, og erum frumvarpinu andvígir þegar af þeirri ástæðu. En fleira kemur þar einnig til.

Með samningum verkalýðssamtakanna, ríkisstjórnarinnar og atvinnuveganna, sem gerðir voru hinn 5. júní í vor, vannst stundarfriður, sem gaf vonir um áframhaldandi samstarf til lausnar efnahagsvandans. Framkoma ríkisstjórnarinnar nú er hins vegar öll á þá lund, að hún eyðir trausti og torveldar samvinnu.

Einnig er þess að gæta, að söluskattur er ákaflega óheppileg tekjuöflunarleið, vegna þess að hann leggst eins á nauðsynjar sem óþarfa, og hann kemur þyngst niður á þeim, sem minnsta getuna hafa. Auk þess er á allra vitorði, að innheimtunni er hér stórlega ábótavant og skortir mikið á, að skatturinn komi allur til skila.

Eins og áður segir, leggjum við til, að frumvarpið verði fellt. En verði ekki á þá tillögu fallizt, munum við flytja breytingartillögur við 3. umræðu málsins um að hækka hluta sveitarfélaganna af söluskattinum og um að tekin verði upp ýtarlegri rannsókn á framtölum söluskattsskyldra aðila.

Alþingi, 20. des. 1964.

Einar Ágústsson, frsm. Skúli Guðmundsson.

Nd. 215. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um hækkun á söluskatti verður að skoða sem einn lið í afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1965. Meginrök ríkisstjórnarinnar fyrir flutningi frumvarpsins eru þau, að ekki sé unnt að koma saman hallalausum fjárlögum að þessu sinni án þess að auka tekjur ríkissjóðs umfram það, sem fyrri tekjustofnar gefa.

Í greinargerð þeirri, sem fylgdi frumvarpinu, þegar það var lagt fram, taldi ríkisstjórnin, að afla yrði nýrra tekna, sem næmi 335 millj. kr., ef afgreiða ætti greiðsluhallalaus fjárlög fyrir árið 1965. Áður hafði ríkisstjórnin tilkynnt, að hún ætlaði sér að taka í ríkissjóð á næsta ári hluta af þeirri hækkun söluskattsins, sem gerð var í janúarmánuði s. l. til sérstaks stuðnings vegna sjávarútvegsins. Sú fjárhæð nemur 95.5 millj. kr.

Þannig gerði ríkisstjórnin ráð fyrir, að auka þyrfti tekjur ríkissjóðs á næsta ári með nýjum eða hækkuðum tekjustofnum um samtals 430.5 millj. kr. Ríkisstjórnin færði aðeins eina frambærilega afsökun fyrir þessari miklu tekjuöflunarkröfu. Sú afsökun var, að niðurgreiðslur á vöruverði mundu hækka um 207 millj.

kr. á árinu 1965 og auk þess hefði ríkissjóður staðið undir hækkuðum niðurgreiðslum á síðari hluta þessa árs, sem næmi 68 millj. kr.

Þó að þessar afsakanir væru teknar gildar, er þó augljóst, að ríkisstjórnin telur, að fjárhagur ríkissjóðs sé með þeim hætti, að afla þurfi nýrra tekna umfram niðurgreiðslurnar. Nú hefur ríkisstjórnin við meðferð málsins í efri deild lækkað tekjukröfur sínar um 68 millj. kr., eða sem nemur auknu niðurgreiðslunum á yfirstandandi ári. Ríkisstjórnin telur því nú, að afgreiða megi greiðsluhallalaus fjárlög, ef ríkissjóður fær á næsta ári 362.5 millj. kr. í nýjum tekjustofnum. Þessa fjárhæð hugsar ríkisstjórnin sér að fá á þennan hátt:

1. Með því að taka í ríkissjóð tekjur, sem áður runnu til sjávarútvegsins	95.5	millj. kr.
2. Með hækkun söluskatts samkv. frumv.	239.0	— —
3. Með hækkun á leyfisgjöldum af bifreiðum og bifhjólum	28.0	— —
Samtals	362.5	millj. kr.

Vert er nú að íhuga, hvaða afleiðingar þessar fyrirhuguðu ráðstafanir ríkisstjórnarinnar mundu hafa. Tökum fyrst sjávarútveginn.

Snemma á þessu ári voru gerðar sérstakar ráðstafanir með hækkun söluskattsins til þess að tryggja rekstur sjávarútvegsins, eins og það þá var orðað. Samkvæmt þeim ráðstöfunum átti að greiða frystihúsum landsins fjárhæð, sem nam 43 millj. kr. Auk þess var ákveðið að verja 52.5 millj. kr. til 6% hækkunar á fiskverði bátanna. Þessar tvær fjárhæðir nema 95.5 millj. kr. og eiga nú ekki lengur að renna til sjávarútvegsins, heldur í ríkissjóð. Nú hafa hlutföllin sem sagt snúizt þannig við að dómi ríkisstjórnarinnar, að sjávarútvegurinn þarf ekki lengur á stuðningi að halda, en getur í þess stað hjálpað ríkissjóði um þessar fjárhæðir.

Þegar stuðningurinn við sjávarútveginn var samþykktur í janúarmánuði s. l., komu fram útreikningar frá Efnahagsstofnuninni og Fiskifélagi Íslands, sem sýndu, að 15% kauphækkun í frystihúsum landsins jafngilti 62 millj. kr. Þá hafði kaupgjald nýlega hækkað um 15%, og var því talið óhjákvæmilegt að bæta frystihúsunum þessi auknu útgjöld með 62 millj. kr. fjárstuðningi.

Nú á hins vegar að taka af frystihúsunum þær 43 millj. kr., sem til þeirra gengu, og nú er þeim ætlað að standa undir þeirri 6% fiskverðshækkun, sem áður var greidd með söluskattshækkuninni. Vegna fiskverðsbreytingarinnar hækka útgjöld frystihúsanna um 30—35 millj. kr. eða í beinu hlutfalli við fryst fiskmagn. Aukin útgjöld frystihúsanna verða því örugglega af þessum ástæðum 73—78 millj. kr. Slík hækkun nemur samkvæmt áður gefnum útreikningum Efnahagsstofnunarinnar og Fiskifélagsins jafngildi 19% beinnar kauphækkunar.

Þá gerir ríkisstjórnin ráð fyrir 3% almennri verðlags- og kauphækkun sem afleiðingu af hækkun söluskattsins.

Við þetta má svo bæta því, að s. l. sumar var samið um 1% launaskatt, sem lendir á frystihúsunum, og um 1% hækkun á orlofi, sem einnig hækkar útgjöld þeirra.

Útgjaldahækkun frystihúsanna, sem eru ein þýðingarmesta grein útflutningsframleiðslunnar, verður því þessi:

1. Tekjur teknar af frystihúsunum og renna eiga í ríkissjóð sem jafngildir	19 %	kauph.
2. Hækkun kaups vegna áhrifa nýs söluskatts	3 %	—
3. Launaskattur	1 %	—
4. Hækkun orlofs	1 %	—
Samtals	24 %	kauph.

Af þessari hækkun eiga 22% að renna í ríkissjóð á beinan eða óbeinan hátt. Aðeins 1%, þ. e. orlofið, rennur beint til fólksins, sem í frystihúsunum vinnur. Auk þess koma auðvitað ýmis önnur útgjöld til með að falla á frystihúsin. Þau fá auðvitað sinn hluta af 3% almennri dýrtíðarhækkun á allan sinn rekstur, og fleira kemur til. Og síðast, en ekki sízt, er öllum vitanlegt, að á komandi vori hljóta beinar kauphækkanir verkafólks að eiga sér stað.

Nú er eðlilegt, að spurt sé: Telur ríkisstjórnin fiskfrystinguna og fiskiðnaðinn í landinu yfirleitt geta risið undir þessum ráðstöfunum bótalaust? Eða er kannske ætlunin að koma síðar í vetur með nýjar álögur til aðstoðar útflutningsframleiðslunni?

Við þessu hafa engin svör fengizt. Augljóst mál er, að hækka verður fiskverð til sjómanna og bátaeigenda um þessi áramót. Enginn getur ætlað sjómönnum að taka við vaxandi dýrtíð algerlega bótalaust. Og þegar þess er gætt, að fiskverð til sjómanna hækkaði allt of lítið um síðustu áramót í samanburði við aðrar hækkanir, getur ekki annað komið til mála en veruleg hækkun á fiskverði á þorskvertíð.

Afleiðingar hækkunar á söluskatti verða einnig þær, að landbúnaðarvörur hækka í verði. Kaup bóndans hækkar um 3% eins og annarra, og rekstrarvörur hækka líka um 3%. Hætt er við, að flest sveitarfélög hækki álögur sínar vegna hækkandi rekstrarkostnaðar. Útsöluverð vinnu mun einnig hækka. Og ein hækkunin mun leiða af sér aðra hækkun, — dýrtíðarskriðan verður sett af stað.

Hækkun söluskattsins nú er þarflaus með öllu. Ríkissjóður hefur haft og hefur enn miklar umframtekjur. Enn liggja um 220 millj. kr. af greiðsluafgangi áranna 1962 og 1963, sem Alþingi hefur ekki ráðstafað.

Núverandi tekjustofnar ríkisins gætu gefið miklu meiri tekjur, ef eftirlit með skattframtölum millilíða og atvinnurekenda væri með eðlilegum hætti. Og söluskattur gæti einnig gefið ríkinu stórum meiri tekjur en nú er, ef eftirlit með innheimtu skattsins væri undanbragðalaust.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um hækkun söluskatts er brot á grundvallaratriðum júnísamkomulagsins frá í sumar á milli ríkisstjórnarinnar, atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar. Grundvöllur þess samkomulags var stöðvun verðbólgunnar í að minnsta kosti eitt ár. Með söluskattsfrumvarpinu lýsir ríkisstjórnin því yfir, að hún treysti sér ekki lengur til þess að standa við þetta samkomulag.

Hverjum manni má vera ljóst, að núverandi ríkisstjórn ræður ekki við efnahagsvandamál þjóðarinnar. Áhrif braskara og verðbólgugróðamanna á ríkisstjórnina eru of mikil. Undan þeim lætur hún og hrekst því sífellt lengra og lengra út í ófæruna.

Við Alþýðubandalagsmenn erum algerlega á móti þessu frumvarpi. Ég legg því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 20. des. 1964.

Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 216. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1965.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Halldóri E. Sigurðssyni.

Við 22. gr. XXVII. gr. Nýr liður:

Að greiða af greiðsluafgangi ársins 1963 10 millj. kr. til veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

Sþ. 217. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1965.

I. Frá *Einari Olgeirssyni.*

1. Við 14. gr. A. II. 1. (Handritastofnun, laun og rannsóknarstyrkir).
   Fyrir „925 000“ kemur 1 400 000
   Varatillaga 1 200 000
2. Við 14. gr. B. III. 3. Liðurinn orðist svo:
   Til rannsókna á Íslandi og Grænlandi 200 000

II. Frá *Gísla Guðmundssyni* og *Karli Kristjánssyni.*
Við 14. gr. B. XV. 10. (Rímnafélagið, til útgáfustarfsemi).
Fyrir „20 000“ kemur 30 000

III. Frá *Sigurvin Einarssyni.*
Við 14. gr. B. LXXXIII. Nýr liður:
Til minningar um Jón Thoroddsen að Reykhólum 25 000

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 16. gr. A. 53. Nýr liður:
Til landþurrkunar í Rangárvallahreppi neðan Þverár 50 000

Nd. 218. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um launaskatt.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt ýmis atriði þess við ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytisins.

Mælir nefndin með samþykkt frv. með breytingu við 3. gr., sem nefndin flytur tillögu um á sérstöku þingskjali. Þrír nefndarmenn (HV, JSk og ÁÞ) áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 21. des. 1964.

Guðl. Gíslason, form., frsm. — Birgir Finnsson, fundaskr. — Jón Skaftason.

Jónas G. Rafnar. — Ágúst Þorvaldsson. — Hannibal Valdimarsson, með fyrirvara.

Matthías Bjarnason.

Nd. 219. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til l. um launaskatt.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Á eftir 1. málsl. 1. málsgr. 3. gr. komi nýr málsl., svo hljóðandi: Launaskattur af aflahlut, greiddum í peningum, greiðist þó hálfsárslega innan 15 daga eftir 30. júní og 31. desember ár hvert.

Nd. 220. Breytingartillögur [106. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Frá Einari Ágústssyni og Skúla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „8% — átta af hundraði“ komi: 12% — tólf af hundraði.
2. Eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Umfram þau framtöl til söluskatts, sem skattayfirvöldum þykir ástæða til að rannsaka, skal fara fram ýtarleg rannsókn á framtölum 5% allra söluskattsskylda aðila. Skulu þau framtöl valin með útdrætti úr öllum söluskattsframtölum landsins af Hagstofu Íslands samkvæmt reglum, sem hún setur.
   Framtöl þau, sem tekin eru til rannsóknar, skal athuga vandlega, rannsaka bókhald aðila og leita upplýsinga um hvaðeina, sem máli skiptir.

Sþ. 221. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1965.

I. Frá *Hannibal Valdimarssyni, Sigurvin Einarssyni* og *Hermanni Jónassyni.*
Við 13. gr. C. VII. 46. (Hafnarmannvirki, Súðavík).
Fyrir „150 000“ kemur 350 000

II. Frá *Gísla Guðmundssyni.*
Við 13. gr. C. VIII. (Ferjubryggjur).
Nýr liður á undan 1. tölulið:
Heiðarhöfn á Langanesi 20 000
Til vara 15 000

III. Frá *Hannibal Valdimarssyni, Sigurvin Einarssyni* og *Hermanni Jónassyni.*
Við 16. gr. D. XI. 6. (Jarðhitadeild, rekstrarkostnaður jarðbora).
Aftan við liðinn bætist:
Þar af til jarðborana á Vestfjörðum 2 millj. kr.

IV. Frá *Sigurvin Einarssyni, Hannibal Valdimarssyni* og *Hermanni Jónassyni.*
Við 20. gr. Út. IX. (Flugvallagerðir).
Aftan við liðinn bætist:
Þar af til flugvalla á Vestfjörðum 3 500 000 kr.

V. Frá *Gísla Guðmundssyni* og *Halldóri Ásgrímssyni.*
Við 22. gr. IX. Nýr liður:
Að verja enn fremur til að bæta hlustunarskilyrði allt að 5 millj. kr. úr ríkissjóði.

Nd. 222. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til laga um launaskatt.

Frá Ágúst Þorvaldssyni og Jóni Skaftasyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: svo og laun greidd starfsfólki mjólkurbúa og sláturhúsa.

Sþ. 223. Breytingartillaga [1 .mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1965.

Frá Sigurvin Einarssyni, Hannibal Valdimarssyni og Hermanni Jónassyni.

Við 22. gr. XXIX. Nýr liður:
Að taka allt að 20 millj. kr. lán til vegabóta á Vestfjörðum í samráði við þingmenn Vestfjarða og vegamálastjóra.

Sþ. 224. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 201 [Fjárlög].

Frá Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Páli Þorsteinssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Við 29. (Við 16. gr. A. 19. — Fyrirhleðslur).

1.	Við k. (Norðfjarðará í Norðfirði).	
	Fyrir „35 000“ kemur	50 000
2.	Við l. (Norðurdalsá í Breiðdal).	
	Fyrir „50 000“ kemur	150 000
3.	Við m. (Hofsá í Álftafirði).	
	Fyrir „40 000“ kemur	150 000

Nd. **225. Lög** [106. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.)

Samhljóða þskj. 197.

Nd. **226. Lög** [107. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.)

Samhljóða þskj. 198.

Sþ. **227. Tillaga til þingsályktunar** [110. mál]

um sameiningu sveitarfélaga.

Flm.: Unnar Stefánsson, Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga gera tillögur um nýja skiptingu landsins í sveitarfélög. Skulu þær miðast við að stækka sveitarfélög með sameiningu, eftir því sem staðhættir leyfa.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis var flutt á seinasta þingi, og fylgdi henni þá svofelld greinargerð:

„Margt bendir til þess, að hrepparnir í dreifbýli landsins séu ekki lengur heppilegar einingar til sveitarstjórnar. Til þess eru þeir almennt of litlir og of fámennir. Flest þau verkefni, sem annast þarf í dreifbýli landsins, krefjast víðtækara samstarfs en rúmazt getur innan hinna gömlu hreppamarka. Sveitarfélög í landinu eru nú auk kaupstaðanna talin vera 215. Læknishéruð eru hins vegar innan við sextíu. Skólahéruð eru mun færri en hrepparnir, og er þó unnið að sameiningu þeirra víða um land. Hún er talin nauðsynleg vegna þess, að víðast hvar er hagkvæmt, að fleiri en eitt sveitarfélag standi að byggingu heimavistarbarnaskóla, sem oft er þá hægt að staðsetja á jarðhitasvæði. Þetta verkefni kallar á stærri heildir en eitt hreppsfélag. Með hinni stórfelldu eflingu almannatrygginganna á seinustu árum gegnir samfélagið í heild nú orðið verulegum hluta af framfærsluskyldunni, sem var frumverkefni hreppsfélaganna. Í nýjum vegalögum eru hreppavegir lagðir niður. Nefna mætti fleiri dæmi, svo sem samræmdar útsvarsreglur um land allt, sem öll hníga í sömu átt. Þannig þyrftu sjúkrasamlögin að verða stærri til þess að vera betur fær um að gegna hlutverki sínu, ef til koma fjárhagsleg skakkaföll. Margháttuð menningarmál, svo sem bygging félagsheimila, mundu verða auðveldari úrlausnar, ef sveitarfélögin stækkuðu. Sjálf framkvæmdastjórnin yrði þá öflugri, þar sem aukinn íbúafjöldi og fleiri verkefni gerðu kleift að ráða sérstakan sveitarstjóra til að annast hana. Með samgöngum og símatækni nútímans ættu landfræðilegar tálmanir síður en áður að vera til fyrirstöðu stærri sveitarfélögum.

Þróun undangenginna áratuga hefur verið sú, að sveitarfélögin hafa orðið fámennari, bæði með skiptingu þeirra og eins með tilflutningi fólks í landinu. Ýmis þeirra eru orðin svo fámenn, að tæpast er unnt að tala um sjálfstæða sveitarstjórn,

og dæmi eru þess, að hreppsfélög hafi orðið algerlega mannlaus, þótt eðlilegra væri í slíkum tilvikum, að fámennur hreppur hafi sameinazt öðrum nærliggjandi hreppi, áður en til slíks kemur. Í nágrannalöndum okkar, Danmörku, Noregi og Svíþjóð, hefur þróunin orðið allt önnur. Þar er skipulega unnið að sameiningu sveitarfélaga í hæfilega stór umdæmi.

Með þessari tillögu er gert ráð fyrir, að þróuninni hér á landi sé snúið við, félagsmálaráðuneytið láti fram fara athugun á því, hvort ekki sé tímabært að leggja grundvöll að breyttum mörkum sveitarfélaga umfram það, sem heimilt er í lögum varðandi allra fámennustu hreppana. Um þetta verkefni yrði að sjálfsögðu haft náið samráð við Samband íslenzkra sveitarfélaga svo og sýslunefndir og sveitarstjórnir.

Sveitarstjórnin er svo mikilvægur hlekkur í lýðræðisþjóðfélaginu, hún á svo mikilsverðu hlutverki að gegna í samfélagsbyggingunni í landi okkar, að nauðsyn ber til að efla hana sem allra mest. Lifræn héraðsstjórn þekkir vel þarfir þegnanna og er hinn æskilegi tengiliður milli þeirra og landsstjórnarinnar, sem ekki má bresta og verður því að vera í fullu samræmi við kröfur hvers tíma til að geta gegnt hlutverki sínu sem bezt."

Tillögu þessari var á seinasta ári vísað til umsagnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga og mælti fulltrúaráð þess með henni efnislega.

Sþ. 228. Tillaga til þingsályktunar [111. mál]

um eftirlit með fyrirtækjasamtökum.

Flm.: Unnar Stefánsson, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Jón Þorsteinsson, Birgir Finnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, með hverjum hætti hið opinbera geti haft eftirlit með viðleitni fyrirtækja til að hafa með sameiginlegri afstöðu á markaði óæskileg áhrif á verðmyndun í landinu og hvernig bezt megi tryggja, að neytendur fái notið ávaxta aukinna framleiðsluafkasta í meira vöruúrvali og hagstæðara verðlagi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á seinasta þingi, en varð eigi afgreidd. Fylgdi henni þá svofelld greinargerð:

„Ísland er nú eina ríkið meðal þjóða Vestur-Evrópu, sem hefur ekki lög um heimild hins opinbera til að hamla móti einokun eins fyrirtækis eða samtökum fyrirtækja um að halda uppi í skjóli einkasöluaðstöðu óeðlilega háu verði til að afla sér óréttmæts ágóða. Verðlagseftirlit í núverandi mynd gegnir ekki þessu hlutverki. Í Noregi er verðlagseftirlit. Þar hafa þó verið bannaðir nær 400 verðsamningar einkaaðila.

Mikil brögð eru hérlendis að samtökum fyrirtækja í sömu grein viðskipta, sem geta haft óæskileg áhrif, þótt ekki sé um risafyrirtæki að ræða. Verðsamkomulag tveggja eða þriggja smáaðila, sem ráða yfir miklum hluta framboðs í einni grein viðskipta, hefur ekki síður skaðleg áhrif á sínu sviði en myndun stórhrings, sem auðveldara væri að henda reiður á.

Í umsögn Hagstofu Íslands um tillöguna segir m. a.: „Ýmislegt bendir til þess, að fyrirtækjasamtök séu nú orðin talsvert útbreidd hér á landi, en hins vegar vantar alla vitneskju um ástand þessara mála hér í einstökum atriðum, vegna þess að aldrei hefur farið fram nein athugun á þeim. Hníga ýmis rök að því, að slík athugun verði látin fara fram."

Íslenzk löggjöf hefur ekki ákvæði, sem lúta að heimild hins opinbera til að

hafa eftirlit með tilraunum fyrirtækjasamtaka til aðgerða, sem gætu haft óæskileg áhrif á vöruval og verðlag í landinu. Með flutningi þessarar tillögu er lagt til, að ríkisstjórnin láti rannsaka starfsemi þeirra fyrirtækjasamtaka, sem hafa einkasöluaðstöðu eða líkleg þykja til að geta öðlazt hana, og láti síðan undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um opinbert eftirlit með slíkum samtökum einkafyrirtækja.

Myndun fyrirtækjasamtaka hefur verið eitt meginvandamálið í markaðsþróun síðustu áratuga, einkum meðal þeirra þjóða, sem hafa vilja í heiðri lögmál frjálsrar verðmyndunar og athafnafrelsi einstaklinga. Sérstaklega kveður að þessum vanda í þeim ríkjum, sem nú eru með lækkun tolla og afnámi innflutningshafta að taka upp frjálsari viðskiptahætti sín á milli.

Víðari markaðsheild á Vesturlöndum ásamt greiðari samgöngum og fullkomnara vörudreifingarkerfi eykur til muna hagkvæmni sérgreiningar og stórrekstrar, sem á hinn bóginn skapar skilyrði til enn víðtækari verkaskiptingar yfir landamærin, en það er einmitt ein aðalundirstaða efnahagslegra framfara.

En samtímis því, að aukin sjálfvirkni í vélvæðingu og nýjar uppfinningar, sem gera byltingu á sviði tækniframfara, leiða til enn frekari stóriðju, þá safnast framleiðsla hverrar einstakrar vörutegundar saman á færri og stærri hendur, sem fá með þessum hætti einokunaraðstöðu og efnahagsleg völd.

Þessi þróun stafar meðal annars af því, að markaðshættir nútímans mótast í vaxandi mæli af einkasölusamkeppni með miklum fjölbreytileika vörutegunda, þar sem hver framleiðandi keppir að því að gefa afurð sinni einhverja sérstöðu, sem veitir honum tækifæri til að reka sjálfstæða verðstefnu án verulegs tillits til verðákvörðunar annarra.

Reynsla undanfarinna áratuga hefur sýnt, að rík tilhneiging hefur verið til samvinnu fyrirtækja í stað samkeppni. Hafa fyrirtækin myndað með sér efnahagssamsteypur (trusts) eða efnahagssamtök (cartels) til að sölsa undir sig einhvers konar einkasöluaðstöðu á markaðinum. Í staðinn fyrir verðsamkeppni kemur þá formlegur verðsamningur eða leynilegt samkomulag, og er þannig úr sögunni frjáls samkeppni um verð, og í hennar stað kemur samkeppni á sviði sölustarfs, viðskiptagæða, þjónustu og auglýsinga.

Af þessum ástæðum má fullyrða, að stórum hafi dregið úr gildi frjálsrar samkeppni um verð í nútíma verzlunarháttum. Er ekki aðeins, að sjálfstæð einkafyrirtæki geti í krafti samtaka sinna, með hömlum á framboði eða framleiðslu dregið úr eða útilokað samkeppni, heldur geta þau einnig staðið gegn auknum afköstum, hagnýtingu tækninýjunga og eðlilegri framþróun, sem ella mundi leiða til meiri heildarframleiðslu og aukinnar hagsældar. Einstök afbrigði fyrirtækjasamtaka geta haft að markmiði, auk þess að halda uppi verði, að takmarka gæði, samræma söluskilmála, leggja höft á innflutning og hömlur á framboð, skipta með sér sölusvæðum og viðskiptavinum og ákvarða sölukvóta í því skyni að bæta hag meðlima sinna á kostnað neytenda.

Samræmdar aðgerðir, sem að yfirlögðu ráði hafa þvílík markmið, geta ekki talizt einkamál viðkomandi fyrirtækja, sem geta verið mikilsverður hlekkur í þjóðarbúskapnum og eiga því skyldum að gegna við samfélagið.

Ríkisvaldið hefur því víðast hvar látið þetta vandamál til sín taka, annaðhvort bannað slík samtök með öllu, eins og í Bandaríkjunum, Ástralíu og Japan, eða tekið upp strangt eftirlit með starfsemi þeirra, eins og á Norðurlöndum, Englandi, Írlandi, Hollandi, Belgíu, Kanada og víðar. Fyrirtækjum er þá yfirleitt gert að tilkynna alla samninga sína hinu opinbera og gefa þær upplýsingar, sem það biður um.

Íslenzki markaðurinn er þröngur og hefur vegna smæðar sinnar og mikils innflutnings þá sérstöðu, að hér væri auðvelt fyrir kaupmenn, innflytjendur eða framleiðendur með framleiðendasamtökum og innkaupasamböndum að öðlast einkasöluaðstöðu og efnahagsleg völd.

Hins vegar hefur ríkisvaldið um langt skeið með verðlagseftirliti og sérstakri skipan innflutnings- og gjaldeyrismála tryggt sér aðstöðu til að fylgjast allnáið með verðmyndun innanlands, sem af þeim sökum hefur ekki lotið neinum lögmálum frjálsrar verðmyndunar. Hefur af þessum sökum ekki verið talin ástæða til frekari íhlutunar um verðmyndun með markaðsrannsóknum og nánara eftirliti af hálfu hins opinbera.

Enda þótt verðlagseftirlit sé mikilsvert tæki til að vernda hagsmuni neytenda, þá hefur það að óbreyttri löggjöf engin skilyrði til að ná þeim tilgangi, sem hér er gert ráð fyrir. Ríkisstjórnin stefnir að frjálsum innflutningi og heitir landsmönnum, að með því vilji hún stuðla að meira vöruframboði og frjálsara neyzluvali, en svo fremi getur hún náð þessu marki, að innflytjendur sjálfir láti ekki samtök sín viðhalda þeim óæskilegu höftum, sem hún vill afnema, og komi þannig beinlínis í veg fyrir, að ráðstafanir hennar í þessum efnum nái tilætluðum árangri.“

Til viðbótar framansögðu er rétt að láta þess getið, að borgarstjórn Reykjavíkur hefur nýlega samþykkt tillögu frá Óskari Hallgrímssyni, borgarfulltrúa Alþýðuflokksins, og er hún á þessa leið:

„Borgarstjórn Reykjavíkur beinir þeim tilmælum til hæstvirtrar ríkisstjórnar, að hún hafi forgöngu um, að sett verði á yfirstandandi Alþingi sérstök löggjöf um rekstur og starfsemi stórfyrirtækja og fyrirtækjasamsteypa, þar sem reistar verði sérstakar hömlur gegn einokunaraðstöðu, svo og gegn samtökum um verðákvarðanir, en hagsmunir neytenda verndaðir, m. a. með því að tryggja samkeppnisskyldur slíkra fyrirtækja.“

Sþ. 229. Tillaga til þingsályktunar [112. mál]

um svæðaskipulagningu.

Flm.: Unnar Stefánsson, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um kerfisbundna svæðaskipulagningu í öllum landsfjórðungum.

Greinargerð.

Á Alþingi árið 1960 bar fyrri flutningsmaður tillögunnar fram tillögu til þingsályktunar um heildarskipulag Suðurlandsundirlendis. Í greinargerð var svo ráð fyrir gert, að framkvæmd hennar yrði vísir að heildarskipulagningu héraða um land allt. Mun þarna í fyrsta skipti á opinberum vettvangi hafa verið hreyft hugmynd um að taka upp hér á landi þau vinnubrögð, sem í vaxandi mæli eru nú viðhöfð í öðrum ríkjum í sambandi við skipulega uppbyggingu einstakra héraða, endurskipulagningu atvinnulífs og eflingu framleiðslustarfsemi í heilum landshlutum. Orðið „svæðaskipulagning“ er hér notað sem þýðing á hugtakinu „Regional Economic Planning“, sem eins mætti kalla „heildarskipulagningu héraða“.

Í landinu hafa átt sér stað miklir fólksflutningar milli landshluta í leit að betri lífskjörum. Kröfur fólks um aukin lífsþægindi munu vaxa, en ekki minnka. Sterk rök hníga að því, að stjórnarvöldum beri að stuðla að því, að framleiðsluaukningin í landinu verði sem jöfnust um land allt, eftir því sem tök eru á, en verði ekki öll í einu landshorni. Til að ná þessu markmiði virðist þurfa að endurskipuleggja atvinnuhætti í heilum landshlutum, þar sem einvörðungu er stundaður landbúnaður, sem nú virðist skila af sér minni arði en aðrar atvinnugreinar.

Þau vandamál, sem við blasa, munu fara vaxandi, ef ekkert raunhæft er að gert umfram það, sem reynt hefur verið til þessa. Hér er lagt til, að skipulega verði unnið að uppbyggingu á arðsömu framleiðslustarfi í öllum landsfjórðungum eftir fyrir

fram gerðum áætlunum, sem ná yfir alla þá þætti, sem hafa verður í huga við ákvörðun á búsetu fólks í þjóðfélagi framtíðarinnar, svo sem í samgöngu-, mennta- og menningarmálum.

Sþ. 230. Þingsályktun [109. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 22. des.)

Samhljóða þskj. 196.

Sþ. 231. Fjáraukalög [92. mál]

fyrir árið 1963.

(Afgreidd frá Sþ. 22. des.)

Samhljóða þskj. 133.

Sþ. 232. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 1965.

(Afgreidd frá Sþ. 22. des.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1965 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.
1. Tekju- og eignarskattur		375 000 000
2. Aðflutningsgjöld	1569000000	
Þar af til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	78450000	
		1 490 550 000
3. Gjald af innlendum tollvörum		55 000 000
4. Lestagjald af skipum		1 200 000
5. Aukatekjur		48 000 000
6. Stimpilgjald		75 000 000
7. Vitagjald		3 500 000
8. Söluskattur	922500000	
Þar af til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	73900000	
		848 600 000
9. Gjald af bifreiðum og bifhjólum samkv. 16. gr. laga nr. 4/1960		138 000 000
10. Hluti af umboðsþóknun og gengismismun gjaldeyrisbankanna		30 000 000
Samtals ...		3 064 850 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður áfengis- og tóbaksverzlunar		430 200 000
2. — ríkisprentsmiðju		960 000
Samtals ...	. . .	431 160 000
Sundurliðun.		
1. Póstur og sími.		
I. Tekjur:		
1. Seld frímerki, frímerkjavélar o. fl.	58 000 000	
2. Blöð og tímarit, burðargjald	2 600 000	
3. Skeytagjöld	22 300 000	
4. Símtalagjöld	76 000 000	
5. Símaafnotagjöld	165 600 000	
6. Leiga talstöðva og lína	4 300 000	
7. Innheimta aðflutningsgjalda, greiðsla vegna orlofslaga og laga um skyldusparnað	4 500 000	
8. Aðrar tekjur	2 600 000	
		335 900 000
II. Gjöld:		
1. Laun fastra starfsmanna	70 300 000	
2. Önnur laun, aukaaðstoð og yfirvinna	69 700 000	
3. Póstflutningur	8 500 000	
4. Pappír, prentun, skrifstofugögn o. fl.	8 500 000	
5. Húsnæði, ljós, hiti, ræsting og viðhald	16 000 000	
6. Stöðvarnar, annar kostnaður	79 000 000	
7. Langlínurnar, annar kostnaður	42 500 000	
8. Til endurnýjunar og viðauka	31 900 000	
9. Vextir	1 500 000	
10. Tryggingar	2 500 000	
11. Önnur gjöld	5 500 000	
		335 900 000
2. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.		
I. Sala að frádregnum söluskatti og afslætti		654 235 000
II. Framleiðslukostnaður o. fl.:		
1. Innkaupsverð seldra vara	167 250 000	
2. Laun og starfsmannakostnaður	11 000 000	
3. Húsaleiga, raforka, hiti og ræsting	2 300 000	
4. Rekstur eigin bifreiða og aðkeyptur akstur	1 500 000	
5. Viðhald og viðgerðir	400 000	
6. Ýmis gjöld	115 000	
7. Kostnaður við útsölur	5 000 000	
		187 565 000
Brúttó-hagnaður		466 670 000

3. gr.

		kr.	kr.
III.	Skrifstofukostnaður:		
	1. Laun og starfsmannakostnaður	4 900 000	
	2. Húsaleiga, raforka, hiti og ræsting	350 000	
	3. Rekstur eigin bifreiða og aðkeyptur akstur	250 000	
	4. Viðhald og viðgerðir	150 000	
	5. Ýmis gjöld	1 810 000	
	Skrifstofukostnaður alls	7 460 000	
IV.	Tillag til Gæzluvistarsjóðs	7 500 000	
V.	Útsvar	21 510 000	
„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan fjögurra mílna landhelginnar frá 1952.

Þar sem þvílíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til að knýja Íslendinga til undanhalds, lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðalandhelgi, **að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls,** svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðalandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið."

Þessi yfirlýsing var gerð með samhljóða atkvæðum allra alþingismanna 5. maí 1959, og er hún enn í fullu gildi.

Eins og menn sjá, víkur meginefni yfirlýsingarinnar að brezku landhelgisdeilunni, en eitt efnisatriði hennar er sérstaklega athyglisvert og vísar til framtíðarinnar, nfl.

Að afla beri viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls, svo sem að sé stefnt með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948.

Þegar rakið er það helzta, sem gerzt hefur í landhelgismálinu, síðan landgrunnslögin voru sett, þykir okkur, flutningsmönnum þessarar tillögu, rétt að víkja þessu næst að lausn fiskveiðadeilunnar við Breta, en á hana var endi bundinn með ályktun Alþingis 9. marz 1961.

Fóru síðan, þann 11. marz 1961, fram erindaskipti („nótuskipti") um lausn deilunnar milli utanríkisráðherra Íslands, Guðmundar Í. Guðmundssonar, og þáverandi sendiherra Breta á Íslandi, herra Andrew C. Stewart, og voru helztu efnisatriði þessi:

1. Ríkisstjórn Bretlands falli frá mótmælum sínum gegn tólf mílna fiskveiðalögsögu umhverfis Ísland.
2. Grunnlínubreytingar verði gerðar á nokkrum stöðum til rýmkunar fiskveiðalögsögunnar.
3. Þrjú árin næstu lofar ríkisstjórn Íslands að hindra ekki, að skip skrásett í Bretlandi stundi veiðar milli tólf og sex mílna línunnar á nánar tilgreindum svæðum og tímum.
4. **Þá gaf ríkisstjórn Íslands svo hljóðandi yfirlýsingu:**

„Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðalögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstjórn Bretlands slíka útfærslu með sex mánaða fyrirvara, og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til Alþjóðadómstólsins."

Sú breyting, sem með tillögu þessari er lagt til, að gerð verði á fiskveiðalandhelginni fyrir Vestfjörðum, er fyrsta skrefið, sem stigið er til útfærslu fiskveiðalögsögunnar, síðan framangreint samkomulag var gert við ríkisstjórn Bretlands. Verður því sjálfsagt eigi hjá því komizt, að meðferð málsins verði sú, sem þar segir.

En hitt leikur ekki á tveim tungum, að tillaga þessi er í fyllsta samræmi við þá yfirlýstu stefnu Alþingis og íslenzku ríkisstjórnarinnar **„að halda áfram að vinna**

að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959,“ en í þeirri ályktun sagði, að aflað skyldi viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls.

Eins og meðfylgjandi uppdráttur af íslenzka landgrunninu sýnir, er landgrunnið við Norðurland og Suður- og Suðvesturland að miklu leyti innan núverandi fiskveiðalandhelgi. En hins vegar er mikill hluti landgrunnsins fyrir Austurlandi og Suðausturlandi utan fiskveiðalandhelginnar. **Og fyrir Vestfjörðum er mikill meiri hluti landgrunnsins utan núverandi fiskveiðalandhelgi.**

Er þannig enn langt í land með, að því takmarki, sem Íslendingar settu sér með setningu laganna um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sé náð.

Þess munu fá, ef nokkur dæmi í heiminum, að líf þjóða sé jafnháð fiskveiðum og fiskiðnaði sem líf íslenzku þjóðarinnar. Samt hafa margar þjóðir, sem minna eiga undir fiskveiðum en við Íslendingar, þegar lýst yfir einhliða rétti sínum til fiskveiða á landgrunninu við strendur sínar. Meðal þeirra þjóða eru t. d. Argentína, Cambodía, Chile, Costa-Rica, Equador, El Salvador, Guatemala, Suður-Kórea, Mexíkó, Nicaragua, Panama og Perú.

Má þó vera, að þær þjóðir, sem helgað hafa sér landgrunn sitt sem fiskveiðalandhelgi, sumar allt að 150—200 mílur til hafs, séu enn fleiri en hér eru taldar.

En af þessu er ljóst, að þegar Íslendingar stíga það spor að helga sér landgrunnið allt sem fiskveiðalandhelgi sína, þá erum vér hér aðeins að stíga þau spor, sem þegar hafa verið stigin af mörgum þjóðum á undan oss.

Nú mundi það e. t. v. vera skoðun margra, að næsta skref Íslendinga í landhelgismálinu ætti að vera það að láta fiskveiðalögsögu Íslands ná til landgrunnsins alls. Og engan veginn væri það óeðlilegt, að slíkt væri gert í einum áfanga.

En með þessari tillögu er ekki tekið svo djúpt í árinni. Hér er aðeins lagt til, að fiskveiðalandhelgin fyrir Vestfjörðum verði látin taka til vestfirzka landgrunnsins austan frá Húnaflóa og suður á Breiðafjörð.

Ýmsar ástæður liggja til þess, að flutningsmenn tillögunnar telja rétt að haga tillöguflutningi sínum að þessu sinni svo sem hér er gert.

Fram til þessa höfum við Íslendingar þokað okkur að settu marki í landhelgismálinu stig af stigi, oft í smáum skrefum.

Svo var gert 1950 norðanlands, einnig 1952. Og með hinni miklu stækkun landhelginnar úr 4 mílum í 12 mílur 1958 var öllum ljóst, að einungis var um áfanga að ræða, en ekkert lokatakmark.

Því kann að verða haldið fram, að rétt væri þó að helga sér nú einnig landgrunnið fyrir Austurlandi, og eru flutningsmenn þessarar tillögu síður en svo andvígir því, að svo verði gert. En eins og sakir standa er það Austfirðingum ekki lífsnauðsyn með tilliti til þess uppgripa síldarafla, er þeir nú njóta og vænta má, að haldist næstu árin.

En hins vegar er stækkun fiskveiðalandhelginnar fyrir Vestfjörðum lífsnauðsynjamál Vestfirðinga, sem ekki má dragast að leysa.

Þó að það kunni að hljóma eins og öfugmæli, er það samt satt, að Vestfirðingar eru nú verr settir, svo sem friðun fiskimiða við strendur landsins er nú háttað, en þeir voru, meðan landhelgin var aðeins þrjár sjómílur.

Hver, sem lítur á uppdráttinn yfir fiskveiðalandhelgi Íslands, mun sannfærast um, að þetta er rétt. Við stækkun landhelginnar hafa Vestfirðingar aðeins fengið sína tólf mílna landhelgi fyrir öllum Vestfjörðum. En fyrir Suður- og Vesturlandi hafa víðáttumikil hafsvæði og flóar friðazt fyrir ágangi innlendra og erlendra skipa og þar með nálega allt landgrunnið úti fyrir ströndum þessa landshluta. — Þar er landhelgin á stórum svæðum raunar miklu meira en 12 mílur.

En þegar þessi gósenlönd veiðiþjófanna lokuðust, tóku þeir í vaxandi mæli að líta hýru auga til vestfirzka landgrunnsins. Er þar skemmst af að segja, að ágangur á það hefur margfaldazt og veiðimöguleikar innan landhelginnar minnkað að sama skapi. — Þannig er nú erlendu togarastóði beitt í „tún“ Vestfirðinga. — Níu brezkir

landhelgisþjófar voru t. d. staðnir að verki og teknir til dóms á Ísafirði á seinasta ári.

Afleiðingar þessa dyljast heldur ekki. Þær koma skýrt fram í rýrnandi aflamagni fyrir Vestfjörðum, á sama tíma sem aflamagnið hefur stóraukizt suðvestanlands, þar sem meginhluti landgrunnsins er innan landhelgi og nýtur fullnægjandi friðunar.

Fiskifélag Íslands hefur góðfúslega gert athugun á þessu að beiðni okkar flutningsmanna tillögunnar, og staðfesta þær tölur í öllu það, sem hér hefur verið sagt.

Þessar upplýsingar segja vissulega alvarlega sögu. En hitt er þó enn alvarlegra, að fáist landgrunnið fyrir Vestfjörðum ekki friðað, missir vestfirzk sjómannastétt — þróttmesti hluti fólksins, sem þar býr — trúna á, að lífvænlegt sé til frambúðar í þessum landshluta. Nú þegar kennir vaxandi kvíða og vantrúar á framtíðarmöguleikana hjá vestfirzkum sjómönnum, og beygur þeirra berst til fjölskyldnanna í landi og dregur almennt kjark úr fólki.

Vestfirðingar eiga allt sitt að kalla undir því, sem sjórinn gefur. Fólkið, sem byggir Vestfirði, er atorkusamt og lætur ekki sitt eftir liggja við öflun verðmæta í þjóðarbúið. Það er naumast ofsagt, þótt sagt sé, að réttur þess til landgrunnsins fyrir Vestfjörðum sé réttur þess til lífsins.

Stækkun landhelginnar fyrir Vestfjörðum þannig, að hún nái yfir landgrunnið allt, er stærsta mál Vestfirðinga í dag. Þess vegna er mikið í húfi, að Alþingi og ríkisstjórn bregðist vel og drengilega við þessu máli, samþykki þessa tillögu, áður en þessu þingi lýkur, og tryggi henni framgang svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 15. október á hausti komanda.

Uppdráttur sá, sem hér með fylgir, sýnir fiskveiðalandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð nr. 70 frá 30. júní 1958 og þann hluta landgrunnsins, sem enn er utan íslenzkrar lögsögu.

Ed. 255. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. febr.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

84.30.05	orðist svo:	
	05 Flökunarvélar, flatningsvélar og hausskurðarvélar til vinnslu á fiski	10%

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 256. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. febr. 1965.

Einar Ingimundarson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Skúli Guðmundsson.	Pétur Sigurðsson.	Björn Fr. Björnsson.
	Ragnar Arnalds.	

Nd. 257. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 42 15. júní 1926, um skipströnd og vogrek.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 13. febr. 1965.

Einar Ingimundarson, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson, frsm.
Matthías Bjarnason.	Pétur Sigurðsson.	Skúli Guðmundsson.
	Ragnar Arnalds.	

Nd. 258. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt eins og það barst frá Ed. Einn nefndarmanna (SI) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 22. febr. 1965.

Davíð Ólafsson, form., frsm.	Jón Kjartansson.	Jónas G. Rafnar.	Matthías Á. Mathiesen.
	Einar Ágústsson.	Lúðvík Jósefsson.	

Sþ. 259. Fyrirspurn [128. mál]

til menntamálaráðherra um skólamál.

Frá Magnúsi Jónssyni og Jónasi G. Rafnar.

1. Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert til þess að tryggja það, að í öllum skólahéruðum landsins geti börn lokið skyldunámi samkvæmt fræðslulögum?
2. Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess að bæta aðstöðu unglinga í strjálbýlinu til þess að ljúka miðskólanámi í heimahéraði?

Ed. 260. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til laga um launaskatt.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar og mælir með samþykkt þess. Tveir nefndarmenn, Ásgeir Bjarnason og Karl Kristjánsson, áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 22. febr. 1965.

Jón Þorsteinsson, form.	Auður Auðuns, fundaskr.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson, frsm.
Karl Kristjánsson.	Ásgeir Bjarnason.	Bjartmar Guðmundsson.
	Alfreð Gíslason.	

Nd. 261. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til laga um vaxtalækkun o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hl. nefndarinnar hefur þegar gefið út sérálit og leggur til, að það verði samþykkt. Meiri hl. nefndarinnar leggur hins vegar til, að frv. verði fellt.

Frv. um sama efni hafa verið flutt á þremur undanförnum þingum af þingmönnum Framsóknarflokksins, en ekki náð fram að ganga.

Eftir setningu laga nr. 4 frá 20. febr. 1960, um efnahagsmál, voru gerðar margvíslegar ráðstafanir til öryggis efnahagslífinu. M. a. voru bæði innláns- og útlánsvextir verulega hækkaðir. Þessi vaxtahækkun hefur átt sinn þátt í að draga úr verðbólguþróuninni og stuðlað að bættri afkomu landsins gagnvart útlöndum.

Vegna batnandi afkomu þjóðarbúsins á s. l. ári var talið fært um áramótin að lækka aftur vexti almennt um 1%, en þeir voru lækkaðir í des. 1960.

Meiri hl. fjárhagsnefndar telur óhyggilegt, miðað við allar aðstæður, að ganga lengra í lækkun vaxta og leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 21. febr. 1965.

Davíð Ólafsson, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar, frsm.
	Matthías Á. Mathiesen.	

Nd. 262. Lög [121. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 23. febr.)

Samhljóða þskj. 255.

Ed. 263. Lög [4. mál]

um breyting á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 23. febr.)

Samhljóða þskj. 4.

Nd. 264. Frumvarp til laga [129. mál]

um áburðarverksmiðju ríkisins.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Sigurvin Einarsson, Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Einar Ágústsson, Björn Fr. Björnsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins og lýtur sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess í lögum.

2. gr.

Áburðarverksmiðjan framleiðir eftirtalin áburðarefni: ammoníak, ammoníumnítrat, ammoníum-fosfat og önnur áburðarefni, eftir því sem henta þykir.

Framleiðslunni skal hagað á þann hátt, er ódýrastan má telja, en þó hagkvæman fyrir íslenzka jarðrækt. Jafnframt skal höfð hliðsjón af almennri þörf landsins og notum fyrir þau hráefni, sem verksmiðjan framleiðir á ýmsum stigum áburðarvinnslunnar.

3. gr.

Áburðarverksmiðja ríkisins tekur við öllum réttindum og eignum, skuldum og ábyrgðum Áburðarverksmiðjunnar h/f og kemur að öllu leyti í hennar stað. Leggur ríkissjóður áburðarverksmiðjunni til sem stofnfé hreina eign hlutafélagsins áburðarverksmiðjunnar, enda innleysir ríkissjóður hlutabréf þess samkvæmt 13.—17. gr. þessara laga. Hættir þá Áburðarverksmiðjan h/f að vera til sem sjálfstæð stofnun, en rennur inn í áburðarverksmiðju ríkisins, er tekur samkvæmt framansögðu við starfsemi hlutafélagsins og hlutverki.

4. gr.

Ríkissjóður leggur fram fé til greiðslu á stofnkostnaði og byggingarframkvæmdum áburðarverksmiðjunnar samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er það fé óafturkræft. Ef fjárveitingar á fjárlögum hrökkva ekki til greiðslu stofnkostnaðar og byggingarframkvæmda verksmiðjunnar, er verksmiðjustjórninni heimilt að taka fé það, sem á vantar, að láni innanlands eða utan með samþykki ríkisstjórnarinnar og ábyrgð ríkissjóðs. Áburðarverksmiðjan skal standa straum af vöxtum og afborgunum þessara lána.

5. gr.

Stjórn áburðarverksmiðjunnar skal skipuð fimm mönnum, sem kosnir skulu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Verksmiðjustjórnin hefur á hendi stjórn verksmiðjunnar undir yfirumsjón landbúnaðarráðherra. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar.

6. gr.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilegri menntun til þess að hafa á hendi daglega stjórn verksmiðjunnar og umsjón með rekstri hennar. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjuna og ræður starfsfólk, en hlítir að öðru leyti ákvæðum erindisbréfs, sem verksmiðjustjórnin setur honum Til þess að skuldbinda áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift þriggja stjórnarnefndarmanna.

7. gr.

Endurskoðendur áburðarverksmiðjunnar eru þrír, tveir kjörnir með hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til tveggja ára í senn, en hinn þriðja skipar landbúnaðarráðherra til sama tíma eftir tilnefningu búnaðarþings. Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun endurskoðenda, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnar.

8. gr.

Áburðarverksmiðjan selur áburð til notkunar innanlands fyrir kostnaðarverð, er verksmiðjustjórnin áætlar og ákveður fyrir 1. marz ár hvert, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra. Í hinu áætlaða kostnaðarverði skal reikna með nauðsynlegum og lögákveðnum tillögum í fyrningarsjóð og varasjóð verksmiðjunnar.

9. gr.

Áburðarverksmiðjan skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, nema fasteignasköttum og landsútsvari samkv. II. og IV. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

10. gr.

Framlag áburðarverksmiðjunnar til fastra sjóða hennar skal vera á hverju ári sem hér segir: a) Til fyrningarsjóðs 2½% af kostnaðarverði húsa, lóðar og annarra mannvirkja og 7½% af kostnaðarverði véla og annarra áhalda. b) Til varasjóðs allt að 3% af kostnaðarverði framleiðslunnar.

11. gr.

Reikningsár áburðarverksmiðjunnar er almanaksárið. Skal stjórn hennar gera reikningsskil fyrir hvert starfsár svo fljótt sem auðið er og svo snemma, að endurskoðun geti farið fram fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Reikningarnir skulu sendir landbúnaðarráðherra þegar að lokinni endurskoðun, undirritaðir af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaðir af endurskoðendum. Reikninga skal birta árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

12. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun áburðarverksmiðjunnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð, að fengnum tillögum verksmiðjustjórnarinnar.

13. gr.

Ríkisstjórnin tekur eignarnámi hlutabréf þau í Áburðarverksmiðjunni h/f, sem eru í einkaeign. Kemur eignarnámið til framkvæmda þegar við gildistöku laga þessara.

14. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, falla hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar h/f úr gildi sem hlutabréf. Eigendur hlutabréfa geta þá þegar í stað framvísað bréfum og krafizt bóta samkvæmt mati. Skal verð bréfanna metið af þriggja manna nefnd, er hæstiréttur tilnefnir. Skipar hæstiréttur einn þessara formann, er vera skal lögfræðingur. Nefndin skal miða mat sitt við sannvirði hlutabréfanna við gildistöku laganna og veita eigendum bréfanna kost á að gæta hagsmuna sinna við matið.

15. gr.

Úrskurðir matsnefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir um bætur til handa hlut-höfum vegna eignarnáms hlutabréfanna, og er hluthöfum skylt að afhenda bréf sín gegn greiðslu matsverðsins auk 7% ársvaxta af matsverðinu frá gildistöku laganna til greiðsludags.

16. gr.

Matsnefndin hefur heimild til að stefna eigendum hlutabréfa fyrir sig með opinberri innköllun í Lögbirtingablaði, er birt sé þrisvar sinnum. Gefi einhverjir eigendur sig ekki fram innan 4 vikna frá birtingu síðustu innköllunar að telja, falla kröfur til endurgjalds fyrir hlutabréfin niður. Gefi þeir sig fram innan fjögurra ára og sanni eignarheimild sína, er þó heimilt að greiða þeim andvirði bréfanna.

17. gr.

Ríkissjóður greiðir kaupverð bréfanna.

18. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, hættir Áburðarverksmiðjan h/f að starfa, en áburðarverksmiðja ríkisins tekur þá við starfsemi hlutafélagsins og öllum eignum þess og skuldbindingum, hverju nafni sem nefnast. Eftir að hlutafélagið er hætt störfum, er öllum, sem eiga eitthvert tilkall eða kröfur á hendur því, skylt að snúa sér með þær til áburðarverksmiðjunnar. Kemur hún eftir það í öllum greinum í stað Áburðarverksmiðjunnar h/f.

19. gr.

Áburðarverksmiðjan tekur við öllum réttindum og skyldum gagnvart starfsfólki og framkvæmdastjóra Áburðarverksmiðjunnar h/f, er hlutafélagið hættir störfum.

20. gr.

Allar bækur og skjöl Áburðarverksmiðjunnar h/f skulu renna til áburðarverksmiðjunnar.

21. gr.

Umboð stjórnar Áburðarverksmiðjunnar h/f fellur niður, um leið og hlutafélagið hættir störfum.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40 23. maí 1949 og lög nr. 47 21. apríl 1962.

Greinargerð.

Samkvæmt heimild í 13. gr. laga nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju, hefur áburðarverksmiðjan í Gufunesi verið rekin sem hlutafélag. Við undirbúning þeirra laga og í frv. að þeim var þó gert ráð fyrir, að verksmiðjan væri sjálfseignarstofnun á vegum ríkisins, sem ríkið eitt legði fram og útvegaði fé til. Í öllum þeim umræðum, sem fram höfðu farið, virðast allir hafa gert ráð fyrir, að verksmiðjan yrði ríkisfyrirtæki.

Það var ekki fyrr en á síðasta stigi málsins á Alþingi, að fram var lögð tillaga um, að ríkisstjórninni væri heimilað að leita eftir þátttöku félaga og einstaklinga um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar. Eins og frá lögunum var gengið, skyldi ríkissjóður leggja fram það, sem á vantaði, að hlutafé yrði 10 millj. kr., ef framlög einstaklinga og félaga næmu a. m. k. 4 millj. kr.

Ljóst er af þeim umræðum, sem fram fóru á Alþingi á sínum tíma, að fyrir þeim, sem að þessari tillögu stóðu, vakti tvennt: annars vegar vantrú á ríkisfyrirtækjum og sú skoðun, að verksmiðjunni yrði betur stjórnað, ef þar kæmu til menn, sem ættu einkahagsmuna að gæta, og hins vegar, að með þessu móti væri verulegum fjárhagsbyrðum létt af ríkissjóði, með því að gert var ráð fyrir, að allt að fjórðungur stofnkostnaðar yrði lagður fram af öðrum en ríkinu. Stofnkostnaður var þá áætlaður um 40 millj. kr.

Um hvorugt þessara atriða varð tillögumönnum að von sinni. Þetta fyrirkomulag létti ekki fjárhagsbyrðar ríkissjóðs að neinu ráði. Stofnkostnaður verksmiðjunnar mun hafa orðið um 130 millj. kr. og með síðari viðbótum kominn yfir 200 milljónir. Í hlutafé söfnuðust aðeins 4 millj. kr. frá öðrum en ríkinu, en að öðru leyti hefur ríkið lagt fram eða útvegað fé til verksmiðjunnar, en allt þetta fé greiða svo notendur áburðarins í gegnum verðlagningu hans. Framlag annarra hluthafa en ríkisins virðist því næsta lítið til að réttlæta hlutdeild þeirra í verksmiðjunni.

Flm. þessa frv. telja ríkisrekstur hvorki æskilegt né eftirsóknarvert rekstrarform í sjálfu sér, þar sem öðru verður með eðlilegum hætti við komið. Á hinn bóginn er markaður okkar þjóðfélags svo lítill, að stórfyrirtæki, sem framleiðir fyrir innlendan markað, hlýtur oftast að sitja að honum eitt án alls aðhalds af eðlilegri samkeppni. Slíkt fyrirtæki nýtur því algerrar einokunaraðstöðu, sem ekki er eðlilegt að sé í höndum annarra en ríkisheildarinnar, allra síst eftir að því hefur verið falið að sjá um alla áburðarsöluna, eins og verið hefur undanfarið.

Áburðarverksmiðjan í Gufunesi framleiðir fyrst og fremst áburð fyrir innlendan markað, og innflutningur áburðar er takmarkaður við það magn, sem verksmiðjan annar ekki að framleiða, og þær tegundir, sem hún framleiðir ekki. Þannig nýtur verksmiðjan algerrar einkaaðstöðu á áburðarmarkaðinum í landinu.

Með tilliti til þessa telja flm. það fyrirkomulag, sem nú er á rekstri áburðarverksmiðjunnar, alveg óeðlilegt, og það er skoðun þeirra, að tímabært sé, að ríkið leysi til sín hlutabréf annarra hluthafa í verksmiðjunni og taki rekstur hennar að fullu í sínar hendur, og miðar frv. þetta að því.

Gert er ráð fyrir því í frv. að setja á stofn áburðarverksmiðju ríkisins sem sjálfstæða stofnun í eigu ríkisins, sem lúti sérstakri stjórn, sem kosin sé af Alþingi. Áburðarverksmiðja ríkisins taki við öllum eignum og réttindum, skuldum og

ábyrgðum Áburðarverksmiðjunnar h/f og komi að öllu leyti í hennar stað. Hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar h/f, sem eru í eigu annarra en ríkisins, skulu tekin eignarnámi samkvæmt mati þriggja manna, sem hæstiréttur tilnefnir.

Nd. 265. Frumvarp til laga [130. mál]

um loðdýrarækt.

Flm.: Jónas G. Rafnar, Jónas Pétursson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi, hvort dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

2. gr.

Loðdýrarækt nefnist í lögum þessum, þegar loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni eða ef dýrin eru alin um stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýragarðar nefnast búr og girðingar, þar sem loðdýr eru höfð í vörzlu.

3. gr.

Loðdýrarækt er óheimil nema í loðdýragörðum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt ákvæðum þessara laga.

4. gr.

Það er meginstefna þessara laga, að loðdýr verði einungis ræktuð hér á landi í sérstaklega útbúnum og vönduðum loðdýragörðum og einungis verði ræktuð þar valin kyn loðdýra.

5. gr.

Embætti veiðistjóra skv. 1. gr. laga nr. 52 5. júní 1957 annast eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara sé fylgt.

6. gr.

Þeir, sem óska að stofnsetja loðdýragarð hér á landi, skulu senda landbúnaðarráðuneytinu umsókn um það efni. Umsóknum skulu fylgja ýtarlegar áætlanir um byggingu loðdýragarðsins, um gerð hans, tæknilegan rekstur og fjármál, svo og um þau dýr, sem fyrirhugað er að rækta í garðinum.

Að fengnu áliti veiðistjóra um þessi gögn, tekur landbúnaðarráðuneytið ákvörðun um viðurkenningu loðdýragarðsins, með skilyrði um, að loðdýrarækt hefjist þar ekki, fyrr en gerð hans öll er í samræmi við fyrrgreindar áætlanir.

7. gr.

Um gerð loðdýragarða, rekstrarfyrirkomulag og framkvæmd laga þessara að öðru leyti skal skipað í reglugerð.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi til minkaeldis skv. lögum þessum skal næstu 2 árin eigi veitt fleiri en fimm aðilum.

Greinargerð.

Núgildandi lög frá 8. marz 1951 um loðdýrarækt eru allflókin og í þeim ákvæði, sem betur ættu heima í reglugerð. Frumvarpið miðar að því að gera þessa löggjöf einfaldari, og er þá gert ráð fyrir, að sett verði ýtarleg reglugerð um framkvæmd hennar.

Í frumvarpinu er kveðið á um það, að landbúnaðarráðuneytið ákveði, hvort veitt skuli leyfi til þess að koma upp loðdýragörðum, en varðandi hverja umsókn ber því að leita álits veiðistjóra, sem kynnir sér öll gögn umsækjenda. Þá er lagt til í frumvarpinu, að embætti veiðistjóra annist eftirlit með því, að ákvæðum laganna sé fylgt.

Fyrir nokkrum árum var bannað með lögum að reisa minkabú hér á landi og þá jafnframt ákveðið, að þau minkabú, sem fyrir voru, skyldu lögð niður innan ákveðins frests. Tilgangurinn með þessu mun hafa verið sá að útrýma villiminknum, sem þá hafði gert allmikinn usla víða um land. Reynslan hefur nú sýnt, að varla má búast við því, að gereyðing villiminksins takist hér á landi.

Á síðari árum hefur framleiðsla minkaskinna stóraukizt og margar þjóðir, m. a. frændur okkar á Norðurlöndum, haft stórfelldar tekjur af minkaeldi. Virðist margt benda til þess, að eftirspurn eftir minkaskinnum muni aukast.

Óvíða munu vera fyrir hendi jafngóð skilyrði til minkaeldis og hér á landi, þar sem fiskúrgangur er aðalfóður minka. Haft er eftir dönskum kunnáttumanni á sviði fóðurtilrauna, að engin þjóð mundi geta keppt við Íslendinga á sviði minkaeldis.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja ástæðulaust og til stórtjóns að hafa lengur í gildi bannið gegn minkaeldi hér á landi og leggja því til í frumvarpinu, að það verði afnumið. Hins vegar telja þeir rétt að fara hægt í sakirnar fyrst í stað við uppbyggingu þessa nýja atvinnuvegar, þar til nokkur reynsla er fengin. Er því gengið út frá því, að eigi fleiri en 5 aðilum verði veitt leyfi til minkaeldis á næstu tveimur árum eftir gildistöku laganna.

Nd. 266. Frumvarp til laga [131. mál]

um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Enginn má öðlast eignarrétt eða notkunarrétt yfir fasteignum á landi hér, hvort sem er fyrir frjálsa afhendingu eða nauðungarráðstöfun, hjúskap, erfðir eða afsal, nema þeim skilyrðum sé fullnægt, sem nú skal greina:

1. Ef einstakur maður er, þá skal hann vera íslenzkur ríkisborgari.
2. Ef fleiri menn eru í félagi, og ber hver fulla ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir allir vera íslenzkir ríkisborgarar.
3. Ef félag er, og bera sumir fulla, en sumir takmarkaða, ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir, er fulla ábyrgð bera, allir vera íslenzkir ríkisborgarar.
4. Ef félag er, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, eða stofnun, þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera íslenzkir ríkisborgarar. Í hlutafélögum skal meiri hluti

hlutafjár vera eign íslenzkra ríkisborgara og íslenzkir ríkisborgarar fara með meiri hluta atkvæða á hluthafafundum.

Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi, er í 1.—4. tölulið segir, og er ráðherra þá rétt að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi til leigu á fasteign eða réttinda yfir henni um 3 ára tímabil, eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.

Ákvæði laga þessara ná til hvers konar afnotaréttar fasteigna, þar á meðal veiðiréttar og vatnsréttinda, að því leyti sem lög láta eigi öðru vísi um mælt.

2. gr.

Eigi verður krafizt afsals á eign eða réttindum, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., nema leyfið sé áður fengið. Ef það fæst eigi, er ráðstöfunin ógild, enda á kaupandi þá rétt til að fá þegar endurgoldið það, er hann kann að hafa greitt.

3. gr.

Nú er krafizt þinglýsingar eða innritunar fyrirfram á skjali, er snertir afhendingu, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og eigi er um leið sannað, að leyfið sé þegar fengið, og skal þá skrá athugasemd um þetta og því næst skýra ráðherra tafarlaust frá málavöxtum.

4. gr.

Nú hefur ráðherra borizt skýrsla samkvæmt 3. gr., eða hann hefur á annan hátt fengið vitneskju um, að maður, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, hafi öðlazt réttindi þau yfir fasteign, er getur í 1. gr., og skal hann þá setja honum frest til að koma málinu í löglegt horf, með því að fá leyfi það, er vantar, eða annars kostar með því að fá rift kaupunum (2. gr.) eða með því að láta réttindin af hendi til annars manns, er öðlast megi þau að lögum, ef seljandi heldur fast við samninginn. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár. Ákvörðun sína um þetta lætur ráðherra innrita fyrirfram eða þinglesa, svo fljótt sem unnt er, á varnarþingi fasteignarinnar. Frestinn skal telja frá þinglýsingardegi.

5. gr.

Nú hefur kaupandi eigi sýnt full skilríki fyrir því, að málið sé komið í löglegt horf, áður en fresturinn er útrunninn, og lætur ráðherra þá selja eignarréttinn eða afnotaréttinn á nauðungaruppboði á kostnað kaupanda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er réttindi eiga í eigninni. Um uppboðið fer eftir fyrirmælum laga um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949, eftir því sem við á. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum í stað skuldunauts birt kaupanda, og sé hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og sé enginn þar fyrir, þá næstu grönnum. Kaupandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið löglega kominn til eignar eða afnota.

6. gr.

Nú er eigandi fasteignar eða afnota hennar í hjúskap, en hitt hjóna fullnægir ekki skilyrðum laga þessara til að mega öðlast þess konar eignarrétt eða notkunarrétt, og skal eignarrétturinn þá vera séreign hans, sem ekki verður skert með kaupmála. Við slit á fjárfélagi eða búskipti telst eignarrétturinn til hjúskapareignar, nema kaupmáli standi til annars. Um málið fer síðan eftir ákvæðum 7. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

7. gr.

Nú erfir maður eignarrétt yfir fasteign eða notkunarrétt, sá er eigi getur orðið löglegur eigandi að honum nema með sérstöku leyfi, og skal skiptaráðandi þá gera ráðherra viðvart. Fer síðan um þetta mál sem segir í 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

8. gr.

Nú verður sú breyting á, að maður, er öðlast mátti réttindi yfir fasteign án þess að fá leyfi samkvæmt 1. gr., missir þar greind skilyrði, og skal þá fara eftir ákvæðum 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

9. gr.

Nú hefur erlendur ríkisborgari fengið leyfi það, er getur í 1. gr., og skal honum þá skylt, ef hann er eigi sjálfur heimilisfastur hér á landi, að hafa umboðsmann heimilisfastan í þinghá eignarinnar, og skal hann vera fyrirsvarsmaður eiganda í öllum málum, er eignina varða, svo að jafngilt sé sem hann hefði það sjálfur gert, og skal dómara í þeirri þinghá skýrt frá nafni og heimili umboðsmanns og það þinglesið. Að öðrum kosti nefnir dómarinn honum umboðsmann á hans kostnað, er hann sé bundinn við, og lætur þinglesa og skrá það umboð.

10. gr.

Nú á maður, er lög þessi öðlast gildi, réttindi, sem um ræðir í 1. gr., með lögmætum hætti samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 63 28. nóvember 1919, og raskast þau réttindi þá ekki við breytingu þessara laga á reglum þeirra laga um þetta efni.

11. gr.

Lög þessi taka eigi til:

1. annarra ríkja, að því er varðar rétt yfir fasteignum til embættisafnota handa umboðsmönnum þeirra hér á landi,
2. þegna annarra ríkja, að því leyti, sem þau kynnu að koma í bága við millirikjasamninga.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 63 28. nóvember 1919.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðustu árum hafa farið fram á vegum ríkisstjórnarinnar athuganir á ýmsum löggjafaratriðum, er varða m. a. eignarréttindi og afnotarétt útlendinga yfir fasteignum. Á Alþingi 1963—1964 var til meðferðar þingsályktunartillaga um þetta efni, sem vísað var til ríkisstjórnarinnar. Jóhann Hafstein dómsmála- og iðnaðarmálaráðherra hefur haft forgöngu um athugun í þeim ráðuneytum, er þessi mál varða sérstaklega, á þeim lagabreytingum, er ný viðhorf kynnu að gera æskilegar. Í athugun málsins hafa tekið þátt ráðuneytisstjórarnir Baldur Möller, dómsmálaráðuneyti, Brynjólfur Ingólfsson, iðnaðarmála- og samgöngumálaráðuneyti, Gunnlaugur Briem, atvinnumálaráðuneyti, Hjálmar Vilhjálmsson, félagsmálaráðuneyti, Sigtryggur Klemenzson, fjármálaráðuneyti og Halldór Jónatansson, deildarstjóri í viðskiptamálaráðuneyti. Jafnframt var haft samráð við hæstaréttardómarana Jónatan Hallvarðsson og Þórð Eyjólfsson. Niðurstaða framangreindra kannana hefur orðið, að rétt hefur þótt að bera fram það frv. til laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sem hér er flutt.

Í frumvarpi þessu felast aðallega þær breytingar frá núgildandi löggjöf, að tekin eru upp ákvæði, sem miða við ríkisfang sem skilyrði fyrir réttindum yfir fasteign, í stað heimilisfangs, sem er skilyrði núgildandi laga. Jafnframt er ákvæði í frumvarpinu um, að meiri hluti hlutafjár í hlutafélögum skuli vera eign íslenzkra ríkisborgara, ef félögin eiga að geta, án ráðherraleyfis, átt fasteign hér á landi. Slíkt ákvæði er ekki í núgildandi lögum.

Þessum athugasemdum fylgja tvö fylgiskjöl:

I. Yfirlit um réttarstöðu útlendinga með tilliti til fasteigna og atvinnureksturs á Íslandi, og

II. Yfirlit um lagaskilyrði fyrir eignarrétti og afnotarétti útlendinga á fasteignum á Norðurlöndum.

Hér fara á eftir athugasemdir um efni einstakra greina frumvarpsins að því leyti sem þeirra er þörf.

Um 1. gr.

Hvarvetna þar sem í þessari grein hinna núgildandi laga, þ. e. í öllum fjórum töluliðum hennar, hafa verið ákvæði um, að heimilisfang á Íslandi sé skilyrði fyrir því að öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteignum hér á landi, er í frumvarpsgreininni ákvæði um, að íslenzkur ríkisborgararéttur skuli vera skilyrði í þess stað. Enn fremur er í 4. tölulið greinarinnar nýtt ákvæði varðandi hlutafélög, þar sem það skilyrði er sett fyrir því, að hlutafélög geti átt réttindi yfir fasteign, að meiri hluti hlutafjár sé eign íslenzkra ríkisborgara og íslenzkir ríkisborgarar fari með meiri hluta atkvæða á hluthafafundum. Telja verður, að slík nánari afmörkun eignarheimildar hlutafélaga á fasteignum sé eðlileg, þótt ekki sé kunnugt um, að skortur á slíkri afmörkun hafi fram til þessa komið að sök.

Ekki eru í frv. ráðgerðar breytingar frá núgildandi lögum á ákvæðum um heimild ráðherra til að veita leyfi til að öðlast eignarrétt eða notkunarrétt yfir fasteign. Í löggjöf annarra Norðurlanda er engin slík takmörkun á leyfisheimild.

Niður er fellt sérákvæði í niðurlagi 1. gr. um námuréttindi og hagnýtingu vatns og vatnsorku í því sambandi.

Um 2.—4. gr.

Þessi ákvæði eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 5. gr.

Á þessari grein er sú breyting ein gerð, að tilvitnun í lög um nauðungaruppboð frá 1949 kemur í stað tilvitnunar í tilskipun um fjárforráð ómyndugra frá 1847.

Um 6. gr.

Með lögum nr. 20 20. júní 1923 um skyldur og réttindi hjóna var gerð meginbreyting á fjármálum hjóna. Með tilliti til þeirra breytinga er í frumvarpinu lagt til, að ákvæði greinar þessarar verði samræmt því skipulagi. Er á því byggt, að þegar eigandi fasteignar eða afnota hennar er í hjúskap, þá sé eignarréttur hans í séreign, ef hitt hjóna uppfyllir ekki skilyrði laganna til að öðlast þess konar eignarrétt. Hins vegar er gert ráð fyrir því sem aðalreglu, að við slit á fjárfélagi eða búskipti, þá teljist eignarrétturinn til hjúskapareignar. Ef eignarréttur yfir fasteign eða notkunarrétti fellur við skipti til þess hjóna, sem ekki uppfyllir skilyrði til að eiga þann rétt, fer um það eftir ákvæðum laganna.

Um 7. og 8. gr.

Þessi ákvæði eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 9. gr.

Breyting á þessari grein er í samræmi við höfuðbreytingu skv. 1. gr. frumvarpsins, er ríkisfangsviðmiðun kemur í stað heimilisfangsviðmiðunar.

Um 10. gr.

Rétt þykir að hafa bein ákvæði um, að þeir, sem öðlazt hafa réttindi yfir fasteign með lögmætum hætti samkvæmt núgildandi lögum, haldi þeim réttindum, þótt lagareglum verði nú breytt.

Um 11. gr.

Vegna hinna breyttu reglna frumvarpsins er ekki þörf á undantekningarákvæði 1. tölul. 11. gr. núgildandi laga varðandi íslenzka námsmenn, sjúklinga og aðra, sem líkt er ástatt um og dvelja erlendis. Að öðru leyti fjallar greinin um sama efni og 11. gr. núgildandi laga.

Fylgiskjal I.

Yfirlit um réttarstöðu útlendinga með tilliti til fasteigna og atvinnureksturs á Íslandi.

(Tekið saman af Halldóri Jónatanssyni).

1. Lög, sem útiloka einstaklinga og félög, án tillits til ríkisfangs, frá ákveðnum réttindum.

a. Raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

Samkvæmt þessum lögum er ríkinu einu heimilt að reisa og reka raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl. Samþykki Alþingis þarf til að framselja réttindi þessi til innlendra sem erlendra aðila.

2. Lög, sem gera íslenzkt ríkisfang að skilyrði fyrir réttindum.

a. Lög um rétt til fiskveiða í landhelgi, nr. 33 19. júní 1922.

Samkvæmt lögum um fiskveiðar í landhelgi mega íslenzkir ríkisborgarar einir reka fiskveiðar í landhelgi og landa afla sínum hér á landi til verkunar eða vinnslu. Hlutafélög mega reka fiskveiðar í landhelgi, enda sé meir en helmingur hlutafjárins í eigu íslenzkra ríkisborgara. Hins vegar mega þau því aðeins stunda fiskverkun í landhelgi, að hlutafé sé allt í eigu íslenzkra ríkisborgara. Samkvæmt túlkun hlutaðeigandi íslenzkra stjórnvalda gildir þetta ákvæði ekki um fiskiðnað í landi, heldur fellur slíkur atvinnurekstur undir ákvæði laganna um iðju og iðnað, nr. 18 31. maí 1927. Umrædd túlkun á lögunum hefir ekki verið borin undir dómstóla svo vitað sé. Um fiskveiðar utan landhelgi gildir sú regla, að erlendum ríkisborgurum er bannað að reka héðan fiskveiðar utan landhelgi. Lögin hafa hins vegar engin bein ákvæði um rétt félaga til fiskveiða utan landhelgi. Liggur því beinast við að ályktа, að í þessu efni gildi sömu skilyrði og lögin setja um fiskveiðar félaga í landhelgi á sama hátt og lögin láta sömu reglu gilda um fiskveiðar einstaklinga innan sem utan landhelgi.

Þeir, sem hafa samkvæmt ofangreindu rétt til fiskveiða í landhelgi sem utan hennar, mega samkvæmt lögunum aðeins nota íslenzk skip og báta til veiðanna. Með íslenzkum skipum og bátum er hér átt við skip og báta, sem íslenzkir ríkisborgarar einir eiga. Til að skip eða bátur í eigu hlutafélags geti talizt íslenzkur, virðist allt hlutafé samkvæmt þessu þurfa að vera í eigu íslenzkra ríkisborgara. Af því leiðir, að hlutafélag, sem hefur rétt til að reka héðan fiskveiðar í landhelgi og utan hennar, getur því aðeins notað eigin skip eða báta við veiðarnar, að allt hlutafé sé í eigu íslenzkra ríkisborgara. Sé hlutafé að einhverju leyti í eigu erlendra ríkisborgara innan lögmætra takmarkana verður félagið að notast við íslenzkt leiguskip til veiðanna, til að lagaákvæði, sem heimilar því fiskveiðarnar, nái tilgangi sínum.

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt leyfi til þess, að eigendur síldarolíu- eða síldarmjölsverksmiðja eða slíkra verksmiðja, megi nota erlend skip til að fiska fyrir verksmiðjur þessar utan landhelgi til eigin nota.

Erlendum fiskiskipum hefur verið leyft að kaupa hér vistir án sérstaks leyfis. Á hinn bóginn eru olíur, ís og salt fyrir erlend fiskiskip háð útflutningsleyfum, sem eru aðeins veitt til heimferðar. Beitusíld mun seld erlendum fiskiskipum sem útflutningsvara.

b. Loftferðalög, nr. 34 21. maí 1964.

Samkvæmt lögunum geta aðeins „íslenzkir aðilar" fengið loftför skrásett hér á landi, sbr. 7. gr. laganna. Sé um hlutafélag að ræða, verður það að „hlíta stjórn íslenzkra ríkisborgara einna" og íslenzkir ríkisborgarar að eiga ⅔ af hlutafé og fari á aðalfundum með a. m. k. ⅔ atkvæða. Til að fá leyfi til reksturs reglubundinna loftferða yfir íslenzku yfirráðasvæði þarf skv. 84. gr. laganna að uppfylla sömu skilyrði og til að fá loftfar skrásett (sbr. þó 87. gr., sem heimilar frávik frá þessu „að því leyti, sem sáttmáli við erlent ríki gerir það nauðsynlegt").

c. Lög um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, nr. 66 17. júlí 1946.

Réttur til að leita sér atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum er bundinn við íslenzka ríkisborgara og „þá erlenda ríkisborgara, sem jafnrétti hafa við íslenzka ríkisborgara að lögum".

Ákvæði um erlenda ríkisborgara hefur verið skýrt þannig, að aðeins væri átt við atvinnulegt jafnrétti, þannig að það eigi ekki aðeins við um Dani, sem hér njóta jafnréttis síðan fyrir aðskilnað Íslands og Danmerkur, heldur einnig við þá, sem hér hafa landvistar- og atvinnuleyfi.

Annars reynir afar sjaldan á þetta, þar sem lögin eiga aðeins við um skipstjórnarmenn og vélstjóra og áskilja, auk ríkisfangs eða jafnréttis, íslenzk próf.

d. Lög um skráning skipa, nr. 17 8. marz 1948.

Skip má eigi skrásetja hér á landi og skipi er óheimilt að hafa íslenzkan fána, nema fullnægt sé eftirgreindum skilyrðum, þegar einstaklingar og hlutafélög eiga í hlut:

1. Ef einstakur maður á skipið, þá skal hann eiga ríkisfang á Íslandi og hafa átt heimilisfang á Íslandi a. m. k. samfleytt síðasta árið, eða hafa átt heimilisfang á Íslandi a. m. k. 5 síðustu árin.
2. Ef skipið er eign hlutafélags, skal það eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi, enda fullnægi stjórnendur skilyrðum 1. töluliðs um heimilisfang og ríkisfang, og skulu þeir einnig eiga hver hlut í því.

Skip merkir hér hvert það skip, sem skylt er að skrásetja.

3. Lög, sem áskilja búsetu hér á landi sem skilyrði fyrir réttindunum.

Sameiginlegt með öllum þessum ákvæðum er, að þau krefjast án tillits til ríkisfangs búsetu samfara nýtingu réttindanna allt frá og með stofnun þeirra. Auk þess krefjast ákvæðin um atvinnurekstrarréttindi lengri eða skemmri óslitinnar búsetu, áður en til réttindanna er stofnað, en yfirleitt aðeins þegar erlendir ríkisborgarar eiga í hlut.

Upphaflega gerðu lögin þessar sömu kröfur til íslenzkra ríkisborgara, en frá þeim var fallið af sérstöku tilefni með lögum nr. 103 frá 17. desember 1954, er afnámu öll ákvæði í þágildandi lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenzkra ríkisborgara við undanfarna búsetu eða dvöl hér á landi.

Lög þau, sem hér flokkast, skilgreina ekki hvað sé átt við með hugtakinu búseta. Við skilgreiningu þess verður því að styðjast við lögin um lögheimili, nr. 35 frá 30. maí 1960. Samkvæmt skilgreiningu þeirra laga er lögheimili manns þar sem hann á heimili. Heimili er svo aftur skilgreint þannig, að það sé sá staður, þar sem hann hefur bækistöð og dvelst að jafnaði í tómstundum sínum og hefur þá hluti, sem eru honum persónulega tengdir, svo sem fatnað, húsgögn, bækur o. fl. Dvalarstaður manns vegna árstíðabundinnar atvinnu telst ekki heimili hans, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

Sérhver maður, sem dvelst eða ætlar að dveljast á Íslandi lengur en 6 mánuði, skal eiga lögheimili samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Sama gegnir um útlendinga, sem stunda hér atvinnu, þó að dvöl þeirra sé skemmri en 6 mánuðir. Ákveðin skylda um tilkynningu aðseturs hvílir á útlendingum samkvæmt lögum um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73 25. nóvember 1952, sbr. lög nr. 16 29. apríl 1963.

a. Lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 63 28. nóvember 1919.

Lagagreinarnar fara hér á eftir orðréttar.

1. gr.

Enginn má öðlast eignarrétt eða notkunarrétt yfir fasteignum á landi hér, hvort sem er fyrir frjálsa afhending eða nauðungarráðstöfun, hjónaband, erfðir eða afsal, nema þeim skilyrðum sé fullnægt, sem nú skal greina:

1. Ef einstakur maður er, þá skal hann vera heimilisfastur hér á landi.
2. Ef fleiri menn eru í félagi, og ber hver fulla ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir allir vera heimilisfastir hér á landi.
3. Ef félag er, og bera sumir fulla, en sumir takmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir, er fulla ábyrgð bera, allir vera hér heimilisfastir, enda skal félagið hafa hér heimili og varnarþing og stjórnendur allir vera hér heimilisfastir.
4. Ef félag er, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, eða stofnun, þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera hér heimilisfastir.

Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi, er í 1.—4. tölulið segir, og er ráðuneytinu þá rétt að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi til leigu á fasteign eða réttinda yfir henni um 3 ára tímabil, eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.

Ákvæði laga þessara ná til hvers konar afnotaréttar fasteigna, þar á meðal veiðiréttar og vatnsréttinda, að því leyti sem sérleyfislög láta eigi öðruvísi um mælt.

Námuréttindi, svo og hagnýting vatns og vatnsorku í þarfir námuvinnslu einvörðungu, getur ráðherra undanþegið ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Eigi verður krafizt afsals á eign eða réttindum, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., nema leyfið sé áður fengið. Ef það fæst eigi, er ráðstöfunin ógild, enda á kaupandi þá rétt til að fá þegar endurgoldið það, er hann kann að hafa greitt.

3. gr.

Nú er krafizt þinglýsingar eða innritunar fyrirfram á skjali, er snertir afhending, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og eigi er um leið sannað, að leyfið sé þegar fengið, og skal þá skrá athugasemd um þetta og því næst skýra ráðherra tafarlaust frá málavöxtum.

4. gr.

Nú hefur ráðherra borizt skýrsla samkvæmt 3. gr., eða hann hefur á annan hátt fengið vitneskju um, að maður, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, hafi öðlazt réttindi þau yfir fasteign, er getur í 1. gr., og skal hann þá setja honum frest til að koma málinu í löglegt horf, með því að fá leyfi það, er vantar, eða annars kostar með því að fá rift kaupunum (2. gr.) eða með því að láta réttindin af hendi til annars manns, er öðlast megi þau að lögum, ef seljandi heldur fast við samninginn. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár.

Ákvörðun sína um þetta lætur ráðherra innrita fyrirfram eða þinglesa, svo fljótt sem unnt er, á varnarþingi fasteignarinnar. Frestinn skal telja frá þinglýsingardegi.

5. gr.

Nú hefur kaupandi eigi sýnt full skilríki fyrir því, að málið sé komið í löglegt horf, áður en fresturinn er útrunninn, og lætur ráðherra þá selja eignarréttinn eða afnotaréttinn á nauðungaruppboði á kostnað kaupanda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er réttindi eiga í eigninni. Um uppboðið fer eftir fyrirmælum 10. gr. í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, eftir því, sem þeim verður við komið. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum í stað skuldunauts birt kaupanda, og sé hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og sé enginn þar fyrir, þá næstu grönnum.

Kaupandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið löglega kominn til eignar eða afnota.

6. gr.

Nú er kona eigandi fasteignar eða afnota hennar, og giftist manni, sem fullnægir ekki skilyrðum þessara laga fyrir því að mega öðlast þess konar eignarrétt eða notkunarrétt, og verður hann þá eigi gerður eign félagsbúsins fyrr en maður hennar fullnægir og þessum skilyrðum, en er á meðan séreign konunnar, ef hún fullnægir skilyrðum laga þessara. Ella fer svo, sem í 8. gr. segir.

7. gr.

Nú erfir maður eignarrétt yfir fasteign eða notkunarrétt, sá er eigi getur orðið löglegur eigandi að honum nema með sérstöku leyfi, og skal skiptaráðandi þá gera ráðherra viðvart. Fer síðan um þetta mál sem segir í 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

8. gr.

Nú verður sú breyting á, að maður, er öðlast mátti réttindi yfir fasteign án þess að fá leyfi samkvæmt 1. gr., missir þar greind skilyrði, og skal þá fara eftir ákvæðum 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

9. gr.

Nú hefur maður heimilisfastur erlendis fengið leyfi það, er getur í 1. gr., og skal honum þá skylt að hafa umboðsmann heimilisfastan í þinghá eignarinnar, og skal hann vera fyrirsvarsmaður eiganda í öllum málum, er eignina varða, svo að jafngilt sé sem hann hefði það sjálfur gert, og skal dómara í þeirri þinghá skýrt frá nafni og heimili umboðsmanns og það þinglesið. Að öðrum kosti nefnir dómarinn honum umboðsmann á hans kostnað, er hann sé bundinn við, og lætur þinglesa og skrá það umboð.

10. gr.

Nú hefur maður, sem eigi fullnægir skilyrðum 1. gr., eignazt þar greind réttindi yfir fasteign áður en lög þessi öðlast gildi, og skal honum þá settur 5 ára frestur, frá 1. jan. 1920, til þess að koma málinu í löglegt horf með þeim hætti að öðru leyti, er segir í 4. gr. Ef málinu er eigi komið í löglegt horf áður frestur sé liðinn, fer eftir ákvæðum 5. gr.

11. gr.

Lög þessi taka eigi til:

1. umboðsmanna ríkisins, þótt búsettir séu erlendis, né til námsmanna, sjúklinga eða annarra, sem líkt er ástatt um.
2. annarra ríkja, sem kaupa hér á landi embættisbústað handa umboðsmönnum sínum.
3. þegna annarra ríkja, að því leyti sem þau kynnu að koma í bága við millirikjasamninga.

b. Lög um verzlunaratvinnu, nr. 52 27. júní 1925.

Samkvæmt lögunum má enginn reka verzlun á Íslandi eða í íslenzkri landhelgi nema hann hafi fengið til þess leyfi.

I. Innlendum og erlendum einstaklingum er gert að fullnægja sömu skilyrðum til að eiga rétt á verzlunarleyfi. Samkvæmt 3. gr. laganna (sbr. lög nr. 38 29. marz 1961) getur einstaklingur fengið verzlunarleyfi, ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfi er veitt og hefur verið það síðasta árið.
2. Er fjárráður.
3. Hefur forræði á búi sínu og hefur haft það síðasta árið. Ekki má veita þeim verzlunarleyfi, sem tvisvar hefur orðið gjaldþrota, nema komizt hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur milli hans og lánardrottna hans.
4. Sannar, að hann hafi þá þekkingu á bókhaldi og vörum, sem telja má nauðsynlega til þess að reka verzlun. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um það, sem hér að lýtur, eftir að hafa leitað álits Verzlunarráðsins og SÍS. Fyrirmæli þessa töluliðs taka ekki til sveitaverzlana.
5. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem eru sett eða sett kunna að verða í lögum til þess að mega reka verzlun.

Verzlunarleyfi má ekki veita skipstjórum, hafnsögumönnum, embættismönnum né sýslunar, né maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að verzlunarreksturinn megi samrýma stöðu þeirra.

II. Innlendum félögum er gert að fullnægja eftirtöldum skilyrðum til að eiga rétt á verzlunarleyfi:

1. Ef félag er, þar sem nokkrir félagar eða allir bera fulla ábyrgð á skuldum félags, þá skal það eiga heimili og varnarþing á Íslandi, og félagsstjórnin öll og þeir, sem rita firmað, allir fullnægja skilyrðum 1.—3. og 6. töluliðs 3. gr. (þ. e. 1.—3. og 5. liður í I. hér að framan). Meðal þeirra, er heimilt er að rita firmað, skal vera a. m. k. einn stjórnandi eða fulltrúi, er fullnægir öllum skilyrðum 3. gr. (þ. e. 1.—5. liðar í I. hér að framan).
2. Ef félag er, þar sem enginn félaga ber ábyrgð á skuldum félags, þá skal það eiga heimili og varnarþing á Íslandi, framkvæmdastjórar og a. m. k. einn fulltrúi eða stjórnandi fullnægja öllum skilyrðum 3. gr. (þ. e. 1.—5. lið í I. hér að framan) og hinir fulltrúarnir eða stjórnendurnir fullnægja skilyrðum 1.—3. skilyrðum 3. gr. (þ. e. 1.—5. liðar í I. hér að framan).

Ef hlutafélag er, þá skal hlutaféð enn fremur vera að meira en helmingi eign manna búsettra hér á landi, enda sé ekkert í samþykktum félagsins er

brjóti í bága við íslenzk lög. Ráðherra hefur ekki heimild til að veita undanþágu frá skilyrðum um íslenzkt heimilisfang stjórnanda og fulltrúa hlutafélags né frá framangreindu skilyrði um hlutafjáreign eins og honum er leyft við útgáfu iðjuleyfa.

c. Lög um iðju og iðnað, nr. 18 31. maí 1927.

Samkvæmt lögunum má enginn reka nokkurs konar iðju á Íslandi eða í íslenzkri landhelgi nema hann hafi til þess fengið sérstakt leyfi. Iðja merkir í lögum þessum allan annan iðnað en handiðnað og heimilisiðnað.

I. Innlendum og erlendum einstaklingum er gert að fullnægja sömu skilyrðum til að eiga rétt á iðjuleyfi. Samkvæmt 3. gr. laganna (sbr. lög nr. 28 24. marz 1961) getur einstaklingur fengið iðjuleyfi, ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfið er veitt og hefur verið það síðasta árið.
2. Er fjárráður.
3. Hefur forræði á búi sínu. Ekki má veita þeim iðjuleyfi, sem tvisvar hefur orðið gjaldþrota, nema komizt hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur hans milli hans og lánardrottna hans.
4. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru eða sett kunna að verða lögum samkvæmt til þess að mega reka iðju.

Iðjuleyfi má ekki veita embættis- eða sýslunarmönnum, né maka þeirra, ef hjónin búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að iðjurekstur inn megi samrýma stöðu þeirra.

II. Innlendum félögum er gert að fullnægja eftirtöldum skilyrðum til að eiga rétt á iðjuleyfi.

1. Ef nokkrir félagar eða allir bera ábyrgð á skuldbindingum félags, skulu þeir allir, sem fulla ábyrgð bera, vera þeim kostum búnir sem í 3. gr. segir (þ. e. skilyrðum 3. gr. (þ. e. 1.—5. liðar í I. hér að framan).
2. Ef enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félags, þá skal það eiga heimilisfang og varnarþing á landi hér, enda fullnægi framkvæmdastjórar, stjórnendur félagsins og fulltrúar skilyrðum 3. gr. (þ. e. skilyrðum samkvæmt lið 1.—4. í I. hér að framan). Ef félag er hlutafélag, þá skal enn fremur meir en helmingur hlutafjárins vera eign manna búsettra á Íslandi, enda sé ekkert það í samþykktum félagsins, er brjóti í bága við íslenzk lög. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum um heimilisfang stjórnenda eða fulltrúa og hlutafjáreign, enda standi sérstaklega á.

d. Lög um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi, nr. 39 15. marz 1951.

Samkvæmt lögunum er erlendum mönnum óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðherra, nema þar sem starfinn er framkvæmdur samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnarvalda lögum samkvæmt. Leyfi til atvinnurekstrar skal aðeins veita, að:

1. Umsækjandi sé heimilisfastur á Íslandi og hafi verið það síðasta árið.
2. Um nytsamlegan atvinnurekstur sé að ræða.
3. Umsækjandi sé fjárráður og hafi forræði á búi sínu.
4. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð.

Atvinnurekstrarleyfi má ekki veita til lengri tíma en 3 ára í senn.

e. Lög um veitingasölu, gististaðahald o. fl., nr. 53 20. apríl 1963.

Skilyrði til að öðlast veitingaleyfi eða önnur leyfi samkv. lögunum er m. a. heimilisfesti „síðasta ár“.

f. Lög um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

Skilyrði til að geta öðlazt leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er m. a. búseta á Íslandi, sbr. 4. gr. laganna. Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórn þess innlend og aðsetur hér á landi. Sá, sem hefur á hendi daglega stjórn, skal m. a. vera búsettur á Íslandi.

4. Lög, sem áskilja, að erlendis búsettir menn hafi umboðsmenn hér á landi til að geta öðlast viss réttindi.

a. Námulög, nr. 50 30. júlí 1909.

Samkvæmt lögunum er sérhverjum heimilt að leita málma og málmblendinga í jörðu eða landi, sem er óskipt eign landssjóðs eða lénskirkjujarða, svo og í almenningum, öræfum og afréttum, enda hafi hann til þess málmleitarbréf, sem lögreglustjóri gefur út. Slík bréf geta erlendir ríkisborgarar og íslenzkir fengið, enda tilkynni þeir erlendis búsettu hver sé umboðsmaður þeirra hér á landi. Sama máli gegnir um leyfi til málmgraftar. Lögreglustjóri gefur það út að fenginni staðfestingu atvinnumálaráðuneytisins, sem getur bundið það þeim skilyrðum, sem það telur með þurfa. Engum, sem tilkynnt hefur málmfund, má neita um leyfi til málmgraftar.

b. Lög um ábyrgðarfélög, nr. 62 22. nóvember 1913.

Samkvæmt lögunum mega innlend sem erlend hlutafélög reka ábyrgðarstarfsemi hér á landi svo og félög með gagnkvæmri ábyrgð, enda fullnægi þau skilyrðum laganna. Útlendu ábyrgðarfélagi er gert að hafa hér aðalumboðsmann, löggiltan af stjórnarráðinu, búsettan hér og varnarþing hér á landi á þeim stað, þar sem aðalumboðsmaður þess er búsettur.

Fylgiskjal II.

Yfirlit um lagaskilyrði fyrir eignarrétti og afnotarétti útlendinga á fasteignum á Norðurlöndum.

I. Danmörk, lög nr. 344 23. desember 1959.

1. Ríkisborgararéttur ekki skilyrði.
2. Búseta er skilyrði, en með ýmsum undantekningum, sem ekki eru í ísl. lögum, svo sem viðtaka á grundvelli arfs, setu í óskiptu búi, búskipta eða vegna gjafar til tilgreindra náinna ættingja. Enn fremur undanþiggur samtals 5 ára fyrri búseta leyfisskyldu. Búseta þarf ekki að hafa verið um neinn tiltekinn tíma, þegar leyfi er veitt. Ef um félag er að ræða, þarf það að hafa heimilisfang í landinu, en ekki sett slík skilyrði um stjórn, hluthafa eða framkvæmdastjórn.
3. Engar reglur eða takmarkanir eru settar varðandi leyfisheimild dómsmálaráðherrans, en tekið fram, að leyfin geti verið skilyrt og tímabundin.
4. Frestir til að koma heimildum í löglegt horf og ráðstafa eign, ef leyfi fengist ekki, eru all ríflegir, þ. e. 6 mánuðir til 1 ár.
5. Lögin taka ekki til afnotaréttar almennt nema um sé að ræða ráðstafanir gerðar til lagabrigða („in fraudem legis"). — Afnotaveð má þó ekki hafa lengur en 6 mánuði án leyfis.

II. Noregur, lög nr. 16 14. desember 1917, III. kafli.

1. Ríkisborgararéttur er skilyrði, en búseta ekki.
2. Þegar (hluta)félag á í hlut, er það skilyrði, að $^{8}/_{10}$ hlutafjár sé norskt og stjórn félagsins öll norsk,

3. Engar beinar takmarkanir eru settar um leyfisheimild iðnaðarmálaráðuneytisins, en tekið fram, að leyfi geti verið skilyrt og tímabundið, og tekið fram, að leyfi megi veita, ef ekki sé gegn almannahagsmunum.
4. Frestir eru skemmst 6 mánuðir, en lengst 3 ár.
5. Lögin taka á sama hátt til afnotaréttar og eignarréttar.

III. Svíþjóð, lög nr. 156 30. maí 1916, sbr. lög nr. 275 28. maí 1948.

1. Ríkisborgararéttur er skilyrði en búseta ekki almennt.
2. Þegar félög eiga í hlut, sem einhver útlendingur er í, þarf leyfi, nema það skilyrði sé í lögum félags að minna en ýmist ⅖ eða ⅕ hlutafjár eða atkvæðamagns megi vera í höndum útlendinga.
3. Ef viss aukin skilyrði eru fyrir hendi má veita leyfi í viðkomandi léni, en almenn leyfisheimild, ótakmörkuð, er hjá konungi. Ekki þarf leyfi fyrir viðtöku á grundvelli arfs, búskipta eða setu í óskiptu búi.
4. Frestir eru yfirleitt langir til þess að koma í löglegt horf fasteignarréttindum.

IV. Finnland, lög nr. 219 28. júlí 1939.

1. Ríkisborgararéttur er skilyrði, en búseta ekki, fyrir eignarrétti yfir fasteignum og afnotarétti til lengri tíma en 5 ára, þó nær 5 ára takmörkunin ekki til leigu, sem fellur undir húsaleigulög.
2. Þegar um hlutafélög er að ræða er það skilyrði, að ekki minna en ⅘ hlutar hlutafjár séu eign finnskra ríkisborgara og að finnskir ríkisborgarar fari með ekki minna en ⅘ atkvæða og að ákvæði um þetta sé í lögum félags og áritun um þetta á minnst ⅘ hlutabréfanna.
3. Ekki eru settar neinar takmarkanir á heimild ráðherra til að veita leyfi, en þegar leyfi er veitt útlendum atvinurekanda eða félagi (innlendu eða útlendu), sem leyfi þarf, má ekki breyta verksviði atvinnureksturs eða tilgangi félags án leyfis ráðherra.
4. Ef réttindi eru fengin við (lög)arf, erfðaskrá eða hjúskap, þarf ekki leyfi, þótt útlendingur eigi í hlut. Réttindum, sem menn höfðu eignazt með lögmætum hætti fyrir tilkomu gildandi laga, mega menn halda, þótt ekki samrýmist reglunum, að þeir öðlist slík réttindi eftir setningu þeirra.
5. Leyfi veitast af ráðherra, en umsóknir skulu sendar viðkomandi lénsstjórn.
6. Frestur til að leita leyfis er 3 mánuðir og innan 6 mánaða frá því, að leyfis hefur verið leitað eða leyfis skyldi hafa verið leitað, verða réttindi að vera komin í löglegt horf, en að öðrum kosti skal eign seld á opinberu uppboði.

Sþ. 267. Nefndarálit [47. mál]

um till. til þál. um uppsetningu radarspegla á suðurströnd landsins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þessa tillögu og fengið um hana umsagnir vita- og hafnarmálastjóra, Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands. Í þremur síðastnefndu umsögnunum er eindregið mælt með samþykkt tillögunnar. Umsögn vitamálastjóra er jákvæð, og segir hann, að mál þetta sé í athugun hjá vitamálastjórninni og líkur á, að niðurstöður fáist á næsta ári. Umsögn hans er prentuð hér sem fylgiskjal.

Nefndin telur þarflegt, að tillagan nái fram að ganga, og mælir með því, að hún verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram athugun á því, hvort unnt sé að auka öryggi sjófarenda við suðurströnd landsins og annars staðar, þar sem líkt stendur á, með því að koma fyrir á strandlengjunni radarspeglum eða öðrum leiðbeiningatækjum fyrir radar. Reynist sú athugun jákvæð, verði slík radarmerki sett upp hið allra fyrsta.

Alþingi, 23. febr. 1965.

Jón Þorsteinsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Ragnar Arnalds, frsm.
Sverrir Júlíusson.	Pétur Sigurðsson.	Gísli Guðmundsson.
	Einar Ágústsson.	

Fylgiskjal.

VITA- OG HAFNARMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 30. nóv. 1964.

Með bréfi, dagsettu 19. nóvember 1964, óskaði allsherjarnefnd sameinaðs þings umsagnar minnar um tillögu Geirs Gunnarssonar til þingsályktunar um uppsetningu radarspegla á suðurströnd landsins.

Svo sem kunnugt er, eru sandarnir skaftfellsku eitthvert mesta hættusvæði skipa, er fyrirfinnst með ströndum Íslands. Hefur því athygli vitamálastjórnarinnar fyrir löngu beinzt að þessu atriði, og hefur það verið til ýtarlegrar athugunar, hvað gera megi til aukins öryggis á þessum slóðum. Hættan við siglingar við suðurströndina fyrir skip búin radartækjum er sú, að þar geta skipin siglt af talsverðu dýpi fast inn að ströndinni og séð endurkast fjallanna, er liggja langt að baki strandarinnar, á sjónfleti ratsjárinnar, þótt ströndin hins vegar komi alls ekki fram. Geta því skipin, ef staðsetning þeirra er ónákvæm, siglt upp í brimgarðinn í vissu þess að vera í mikilli fjarlægð frá ströndinni.

Fyrir nokkrum árum var gerð allýtarleg athugun á því, hvort hægt væri að auka öryggi sjófarenda með uppsetningu radarspegla á áðurnefndu svæði. Athugun leiddi í ljós, að til þess að sæmilegt öryggi fengist með slíkum umbúnaði, yrði fjöldi radarspeglanna að vera allmikill og stutt á milli þeirra, þannig að tryggt væri, að speglarnir yrðu til leiðbeiningar, en ekki til að villa um fyrir skipum. Ýmis fleiri atriði komu fram við nánari íhugun á þessu máli, svo sem það, að radarspeglar geta horfið af radarmynd tækjanna í vissum fjarlægðum og eru því ekki öruggir sem leiðamerki. Var talið rétt, að áður en frekari aðgerðir yrðu hafnar, yrðu gerðar allverulegar tilraunir með radarspegla af mismunandi stærðum og gerðum. En sökum þess, hversu aðkallandi þetta mál var, var ráðizt í að reisa nýjan vita á söndunum, milli Skaftárósvita og Alviðruhamarsvita, svonefndan Skarðsfjöruvita, áður en tilraunum var lokið. Hafa síðan ekki orðið skipaskaðar á þessum slóðum, hvort sem það er að þakka hinum nýja vita eða öðrum kringumstæðum. Á síðastliðnu sumri voru gerðar nokkrar tilraunir með nýja radarspegla. Voru smíðaðir nokkrir slíkir og einum komið fyrir á Kolbeinsey, og virðist hann gefa allgóða raun. Á grundvelli þeirrar reynslu, er þá fékkst, hefur vitamálastjórnin í huga að koma upp kerfi radarspegla á suðurströndinni og öðrum þeim stöðum, er ástæða er talin til, jafnframt því sem aðrar gerðir leiðbeiningartækja fyrir radar, svokallaðir radarvitar, verða athugaðar frekar. Á næsta ári verður haldin alþjóðaráðstefna um tæknileg vitamál, og má búast við, að á þeim fundi komi fram allar

helztu nýjungar, er orðið hafa í þessum efnum hin síðustu fimm ár, og því rétt að bíða þeirrar niðurstöðu, áður en frekari aðgerðir verða hafnar.

Mál það, er tillagan fjallar um, er því í athugun hjá vitamálastjórninni og líkur á, að niðurstöður fáist á næsta ári, bæði hvað snertir tækniútbúnað þann, sem heppilegastur má teljast, og svo kostnað við þær aðgerðir, sem taldar væru eðlilegar.

Virðingarfyllst,

Aðalsteinn Júlíusson.

Til allsherjarnefndar Alþingis,
Reykjavík.

Nd. 268. Breytingartillögur [7. mál]

við frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir orðið „barnahælum“ í 4. tölul. komi: barnaheimilum.
   b. Á eftir orðinu „leikskólum“ í 4. tölul. bætist: gæzluleikvöllum.
   c. Í stað 5. tölul. komi tveir liðir:
      5. Eftirlit með börnum og ungmennum, sem eru líkamlega eða andlega miður sín, einkum þeim, sem eru blind, málhölt, fötluð eða fávita.
      6. Eftirlit með börnum og ungmennum, sem eru siðferðilega miður sín, hafa framið afbrot eða eru á annan hátt á glapstigum.
2. Við 2. gr.
   a. Í 2. mgr. falli niður orðin „leitast við að“.
   b. Í 2. mgr. komi í stað orðsins „þroskasamleg“ orðið: góð.
   c. Í 3. málsgr. komi í stað „kosta kapps um að leita“ orðið: leita
3. Við 4. gr. Við greinina bætist:
   Heimilt er þó að hafa sameiginlegar barnaverndarnefndir fyrir fleiri en einn hrepp, séu þeir mjög fámennir.
4. Við 6. gr. Við 2. málsl. 1. mgr. bætist: eða hreppsnefndum (sbr. 4. gr.).
5. Við 8. gr. Síðasti málsl. fyrri mgr. falli niður.
6. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra skipar fimm manna barnaverndarráð til 4 ára í senn. Skal það hafa aðsetur í Reykjavík. Formaður ráðsins skal vera embættisgengur lögfræðingur.
   Ráðherra skipar á sama hátt jafnmarga varamenn.
   Gerðir ráðsins skulu skráðar í fundabók.
   Barnaverndarráð skal ráða í þjónustu sína sérfróðan mann um uppeldismál, er annist framkvæmdir og eftirlit á vegum þess, enn fremur annað starfsfólk við hæfi.
   Ráðherra ákveður laun barnaverndarráðsmanna, og greiðast þau úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið.
   Um störf og starfsháttu barnaverndarráðs fer eftir V. kafla þessara laga.
7. Við 13. gr. Í stað orðanna „4 af 5“ í 2. mgr. komi: 4 af 5 eða 6.
8. Við 16. gr. Orðin „eftir föngum“ í 3. mgr. falli niður.
9. Við 18. gr. Við upptalningu í 1. mgr. bætist á eftir orðinu „hjúkrunarkonum“: sálfræðingum, félagsráðgjöfum.
10. Við 21. gr. Orðin „kosta kapps um að“ falli niður.

11. Við 24. gr. Í stað orðanna „tilraun til aðstoðar“ í fyrri mgr. komi: aðstoð.
12. Við 26. gr. Í upptalningu bætist á eftir orðinu „eiturlyfjanautnar“: ofnotkunar deyfilyfja.
13. Við 28. gr.
    a. Á eftir orðinu „óknytta“ í 1. mgr. bætist við: útivista á óleyfilegum tíma.
    b. Í stað orðanna í 1. mgr. „og fá því góðan samastað á heimili til umsjár eða í vist á hæli“ komi: og fá því góðan samastað á heimili til umsjár eða á vistheimili.
    c. Í stað orðanna í 3. mgr. „Nú verður barn 16 ára á heimili, hæli eða uppeldisstofnun“ komi: Nú verður barn 16 ára á heimili, vistheimili eða uppeldisstofnun.
14. Við 30. gr. Orðin „séu foreldrar eða framfærendur ekki aflögufærir“ falli niður.
15. Við 31. gr. a. Greinin verði 32. gr., og röð greina breytist samkvæmt því. Síðari greinar merktar bókstafnum a (34. gr. a og 39. gr. a) fái sjálfstætt númer.
16. Við 35. gr.
    a. Í stað orðsins „hæli“ í 1. mgr. komi: heimili.
    b. Í stað orðsins „barnahælum“ í 2. mgr. komi: barnaheimilum.
    c. Í stað orðsins „hæli“ í 2. mgr. komi: heimili.
    d. Í stað orðsins „barnahæli“ í 4. mgr. komi: barnaheimili.
    e. Í stað orðsins „hælis“ í 4. mgr. komi: heimilis.
    f. Í stað orðsins „hæli“ í 4. mgr. komi: heimili.
17. Við 37. gr.
    a. Í stað orðsins „hæli“ á tveimur stöðum í 1. mgr. komi: heimili.
    b. Í stað orðsins „hælum“ í 1. mgr. komi: heimilum.
    c. Við 1. mgr. bætist: Einnig er ríkisstjórninni skylt að setja á stofn og reka heimili og skólastofnanir, er annist uppeldi og fræðslu barna og ungmenna, sem eru frá heimilum, er vanrækja svo mjög uppeldishlutverk sitt, að varhugavert er fyrir börnin að dveljast þar, gáfnasljórra barna, andlega vanþroska barna og ungmenna, barna, sem sækja ekki skóla á viðunandi hátt, barna, sem að dómi kennara og skólastjóra spilla góðri reglu í skólunum og eru miður heppilegt fordæmi öðrum börnum, barna, sem að dómi kennara, skólastjóra og skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt barnaskólanám. Kostnaður skiptist samkvæmt fræðslulögum.
    d. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo:
       Hvert slíkt heimili skal hafa sérstaka stjórnarnefnd, 3—5 manna, sem skipaðir eru af ráðherra til 4 ára í senn að fengnum tillögum barnaverndarráðs.
    e. Í stað orðsins „hælum“ á tveimur stöðum í 4. mgr. komi: heimilum.
18. Við 38. gr. Greinin orðist svo:
    Hafi barnaverndarnefnd ráðstafað barni eða ungmenni í fóstur eða á annan hátt samkvæmt lögum þessum, skal Tryggingastofnun ríkisins greiða með því þrefaldan barnalífeyri með börnum innan 7 ára aldurs og tvöfaldan með eldri börnum, en framfærslusveit barns endurgreiðir Tryggingastofnuninni.
    Að öðru leyti greiðist kostnaður úr sveitarsjóði, sbr. þó 24. og 37. gr. þessara laga.
    Allan kostnað, sem barnaverndarnefnd kann að hafa af hvers konar ráðstöfun barna og ungmenna úr öðrum umdæmum, skulu sveitarsjóðir þeirra umdæma endurgreiða, ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögum.
19. Við 39. gr. Greinin orðist svo:
    Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því, að barni eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum vinnuháttum.
    Eigi má ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í verksmiðjum né til upp- og

útskipunarvinnu eða byggingarvinnu. Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára við vinnu í skipum, nema skólaskipi eða æfingaskipi. Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar eða kolamokarar né starfa við vélgæzlu á skipum. Eigi má ráða yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára til vinnu í loftfari.

Alger hámarksvinnutími barna undir 14 árum er hálf áratala aldurs þeirra, þ. e. 6—7 stundir á dag. Átta stunda vinnutímabil skulu jafnan annast tveir vinnuhópar barna, þ. e. 4 stundir hvor hópur, og 10 stunda vinnutímabil fullorðinna tveir vinnuhópar barna, þ. e. 5 stundir hvor þeirra.

Alger hámarksvinnutími barna 14—16 ára skal vera 8 stundir, án undantekninga.

Stefna skal að því, að börn stundi ekki vinnu, frá því að þau hefja skólagöngu að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori.

Rétt er ráðherra að setja reglugerðir, er taka yfir landið í heild, ef við á, en annars einstök umdæmi, þar sem nánar er kveðið á um aldur barna til vinnu í tiltekinni starfsgrein, hvíld, aðbúnað, orlof og önnur vinnuskilyrði barna og ungmenna í tilteknum starfsgreinum og við tiltekin störf starfsgreinar. Þá skal einnig setja ákvæði í reglugerð, er sporni við yfirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu barna og ungmenna og kveða nánar á um hámarksvinnutíma svo og eftir atvikum læknisskoðun til úrlausnar um það fyrir fram, að vinna sé ekki barni eða ungmenni um megn. Enn fremur skal setja ákvæði í reglugerð, er sporni við vinnu barna og ungmenna með tækjum, er sérstök slysahætta stafar af.

Rétt er, að ákvæði reglugerða um vinnuvernd barna og ungmenna taki m. a. yfir vernd sendisveina í starfi, þ. á m. útbúnað flutningatækja þeirra, takmörkun á blaðsölu barna og ungmenna og annarri verzlunarstarfsemi þeirra, störf barna og ungmenna í veitingahúsum og opinberum skemmtistöðum og þátttöku þeirra í opinberri skemmtistarfsemi, svo og önnur störf, er siðferði þeirra getur stafað hætta af.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar, svo og brot gegn ákvæðum reglugerða, er settar eru samkvæmt henni, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Auk refsingar má svipta mann réttindum samkv. almennum hegningarlögum, ef miklar sakir eru.

20. Við 40. gr. Í stað orðsins „áfengisneyzlu“ komi: áfengis- og tóbaksneyzlu.
21. Við 42. gr.
    a. Á eftir orðunum „Rétt er“ í 2. mrg. komi: ráðherra.
    b. Í stað orðsins „útivistir“ í 2. mgr. komi: útivist.
    c. Við 2. mgr. bætist: Samræmi skal vera í reglugerðunum um land allt.
22. Við 45. gr.
    a. Í stað orðsins „barnahælis“ komi: barnaheimilis.
    b. Orðið „mikil“ falli niður.
23. Við 46. gr. Orðið „mikil“ í 1. mgr. falli niður.
24. Við 48. gr. Í stað orðanna „1. mgr.“ í 1. mgr. komi: 2. mgr.
25. Við 49. gr. Við greinina bætist ný mgr.:
    Barnaverndarráð skal leita álits sérfræðinga utan ráðsins, þegar ástæða þykir til.
26. Við 53. gr.
    a. Í stað orðsins „hælum“ í 1. mgr. komi: heimilum.
    b. Í stað orðsins „hælis“ í 1. mgr. komi: heimilis.
27. Við 54. gr. Aftan við 2. mgr. bætist: Skal barnaverndarráð þá hraða störfum svo sem framast er unnt.
28. Við 56. gr. Greinin orðist svo:
    Enga kvikmynd má sýna börnum innan 16 ára aldurs, nema að undangenginni athugun, sem framkvæmd sé af þar til hæfum mönnum. Ráðherra

tilnefnir, að fengnum tillögum barnaverndarráðs, sérstaklega þar til hæfa menn til fimm ára í senn til að annast skoðun kvikmynda.

Skoðunarmenn skulu meta, hvort mynd geti haft skaðsamleg áhrif á siðferði eða sálarlíf barna eða á annan hátt. Skulu þeir hverju sinni ákveða, hvort mynd sé óhæf til sýningar börnum innan 16 ára eða á tilteknum aldursskeiðum innan þess aldurs.

Ekki aflar það barni innan ákveðins aldurs heimildar til aðgangs að kvikmyndahúsi, þar sem sýnd er mynd, sem bönnuð er börnum á þess aldri, að það sé í fylgd með fullorðnum eða þeim, sem heimild hafa til að sjá viðkomandi kvikmynd.

Skoðun kvikmynda fer fram í Reykjavík, og skal tryggja skoðunarmönnum viðunandi aðstöðu til starfsins. Heimilt er þó ráðherra að ákveða, að skoðun fari fram utan Reykjavíkur, þar sem aðstaða er fyrir slíka skoðun að mati hans. Úrskurður skoðunarmanna skal fylgja hverri mynd, og gildir hann hvarvetna á landinu.

Tveir skoðunarmenn hið fæsta skulu skoða hverja mynd. Greini þá á, skal hinn þriðja kveðja til, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, og ræður þá meiri hluti, hvort banna á mynd eða ekki.

Sá, er skoðunar beiðist, skal greiða kostnað við hana, þar á meðal þóknun til skoðunarmanna, eftir ákvörðun ráðherra.

Barnaverndarnefndir á viðkomandi stöðum skulu hafa eftirlit með, að aðeins séu þar sýndar börnum kvikmyndir, sem kvikmyndaeftirlitið hefur leyft.

Um starfshætti kvikmyndaeftirlitsins og starfsemi þess skulu sett nánari ákvæði í reglugerð, er ráðherra setur.

Ef forráðamaður kvikmyndahúss brýtur gegn ákvæðum þessarar greinar eða ákvæðum reglugerðar, settum samkvæmt henni, varðar það allt að 15000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ríkisútvarpið annast skoðun kvikmynda, sem það sjónvarpar.

29. Við 58. gr.

a. Í stað orðanna „Barnaverndarráði er heimilt að stofna“ komi: Barnaverndarráð skal stofna.

b. Á eftir orðunum „barnaverndarnefndir og starfsmenn þeirra“ komi: svo og starfsmenn hvers konar barnaheimila og uppeldisstofnana. Ráðinu er enn fremur heimilt að stofna til námskeiða eða annarrar fræðslustarfsemi fyrir foreldra og uppalendur. Þá skal barnaverndarráði heimilt að gefa út handbækur fyrir barnaverndarnefndir.

Nd. 269. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

Frv. þessu var vísað til n. í þingbyrjun, og hefur hún fjallað um það síðan. Hefur n. haldið marga fundi um málið, rætt við höfunda þess og aðra sérfróða menn, leitað umsagnar fjölmargra samtaka og stofnana og aflað annarra gagna. Hefur n. orðið sammála um að flytja nokkrar breytingartillögur, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja frekari brtt.

Endurskoðun barnaverndarlaganna hefur leitt í ljós mikinn áhuga á þeim málum og áhyggjur af vaxandi vanda á því sviði. Þjóðfélag Íslendinga, sérstaklega þéttbýlið á suðvestanverðu landinu, virðist vera að ná þeirri stærð og taka öðrum

þeim stakkaskiptum, að búast megi við auknum vandamálum barna og ungmenna, sem af einhverjum ástæðum fá ekki notið eðlilegs uppeldis.

Af þessum sökum er augljóst, að þjóðfélagið verður að gera mun meiri ráðstafanir á sviði barnaverndar en hingað til, fá fleira sérmenntað fólk til þeirra starfa og skapa því þá aðstöðu, að vænta megi árangurs. Hver einstaklingur, sem bjargað verður frá skaðlegu uppeldi eða af glapstigum, er ómetanlegur fyrir þjóðina.

Nefnd sú, sem endurskoðaði barnaverndarlögin og samdi frv., vann að mörgu leyti gott starf. Þó barst fjöldi brtt. frá ýmsum samtökum, og hefur menntamálanefnd tekið sumar til greina, en aðrar ekki. Sjálf hefur nefndin gert enn aðrar brtt.

Helztu efnisbreytingar á frv., sem nefndin leggur til, eru þessar:

1. 4. gr. N. leggur til, að hafa megi sameiginlegar barnaverndarnefndir sveitarfélaga, ef þau eru lítil.
2. 8. gr. N. vill fella burt aldurshámark frv. fyrir þá, sem kosnir eru í barnaverndarnefndir. Slík takmörkun gæti útilokað ágæta starfskrafta.
3. 12. gr. N. leggur til, að barnaverndarráð verði skipað án tilnefningar. Ef einstök félagssamtök ættu að tilnefna menn í ráðið, kæmu fleiri til greina en þau, sem nefnd eru í frv., og er ókleift að hafa þau öll með.
4. 37. gr. Bætt er inn, samkvæmt tillögu kennarasamtakanna, stofnunum fyrir börn, sem af ýmsum ástæðum eiga ekki samleið með jafnöldrum sínum í skóla. Er vaxandi þörf á slíkum sérskólum, sem rétt er að reisa eftir sömu reglum og aðra skóla.
5. 38. gr. Í frv. er gert ráð fyrir, að sveitarfélög skuli „semja“ um meðlög barna, sem barnaverndarnefndir ráðstafa. N. leggur til, að meðlög verði ákveðin og komist þar engir „samningar“ að, en Tryggingastofnun ríkisins greiði þau og krefji síðan sveitarfélög.
6. 39. gr. N. hefur umskrifað greinina og hert verulega á þeim ákvæðum, sem takmarka vinnu barna. Þá eru sett nokkur ákvæði um hámarksvinnutíma barna. Ástæða væri til að setja um þetta mál ýtarlega löggjöf. Þar til það verður gert, telur n. óhjákvæmilegt að setja í barnaverndarlög strangari ákvæði en þar hafa verið.
7. 40. gr. Barnaverndarnefndir skulu vinna gegn áfengisneyzlu barna og unglinga. N. leggur til, að sama gildi um tóbaksneyzlu.
8. 42. gr. N. leggur til samkv. ábendingu, að reglur um útivist barna verði samræmdar. Með auknum bifreiðakosti eru þegar brögð að því, að ungmenni sæki skemmtanir í önnur sveitarfélög, þar sem engar reglur eru um útivist.
9. 56. gr. N. hefur í samráði við þá, sem reynslu hafa á sviði kvikmyndaeftirlits, umskrifað greinina og hert ákvæði hennar. Þá er bætt inn ákvæði þess efnis, að Ríkisútvarpið beri ábyrgð á þeim kvikmyndum, sem það kann að sjónvarpa, að því er tekur til barnaverndarlaga.

Aðrar brtt. þurfa ekki skýringa, enda eru þær flestar um formsatriði. Víða er orðalagi breytt svo, að það verði skýrara og ákveðnara, en dregið er úr fyrirvörum, sem í því gætu falizt. Orðið „hæli“ er numið úr frv. og notað „heimili“ í þess stað.

Nánari grg. fyrir brtt. verður gerð í framsögu.

Alþingi, 25. febr. 1965.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Gunnar Gíslason, fundaskr.	Davíð Ólafsson.
Einar Ingimundarson.	Björn Fr. Björnsson.	Einar Olgeirsson.
	Sigurvin Einarsson.	

Ed. **270. Frumvarp til laga** [132. mál]

um afnám laga nr. 47 23. maí 1964, um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

Flm.: Helgi Bergs, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

Lög nr. 47 23. maí 1964, um lausn kjaradeilu verkfræðinga, eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Verkfræðingafélag Íslands hefur ritað flm. svo hljóðandi bréf:

Reykjavík, 10. febr. 1965.

Hinn 13. maí 1964 voru á Alþingi samþykkt „lög um lausn kjaradeilu verkfræðinga", þrátt fyrir hörð mótmæli verkfræðingastéttarinnar, sem telur, að hér sé um fordæmalaus áníðslulög að ræða.

Síðan þetta gerðist, hafa ráðherrar, alþingismenn og aðrir stjórnmálamenn hvað eftir annað bent á það í ræðu og riti, að afkoma þjóðarinnar byggist í stöðugt vaxandi mæli á tæknimenningu hennar. Lítur svo út sem skilningur á þessu atriði hafi aukizt svo, að um nýtt viðhorf sé að ræða.

Á sama tíma hefur einnig önnur breyting orðið. Á árinu 1964 fjölgaði verkfræðingum hér á landi um aðeins sjö menn eða 2½%. Það er helmingi minna en að jafnaði á undanförnum árum (5—6%).

Við oss blasir sú staðreynd, að fjölgun tæknimenntaðra manna, þar á meðal verkfræðinga, hefur hvergi nærri verið fullnægjandi á undanförnum árum. Hér á landi er fjöldi verkfræðinga 1.4‰ af þjóðinni, en fyrir 5 árum var hlutfallstala verkfræðinga í Sovétríkjunum orðin 6‰, og alkunnugt er, að Bandaríkjamenn hafa ekki stefnt að lægra marki. Aðrar menningarþjóðir keppast á sömu braut, en oss er þeim mun meiri þörf á tæknimenntuðum mönnum sem vér búum í harðbýlla landi. Með 6% árlegri fjölgun verkfræðinga á Íslandi yrði hlutfallstala þeirra af þjóðinni ekki orðin 6‰ fyrr en árið 2000. Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða, er hefur langvinnari þýðingu en ýmis dægurmál, sem meiri gaumur er gefinn. Umrædd lög eru þar til tjóns.

Fyrr í vetur höfum vér óskað þess við ríkisstjórnina, að hún beitti sér fyrir afnámi laganna, en henni þótti ekki ástæða til aðgerða af því tilefni.

Þá hefur Bandalag háskólamanna sent Alþingi ályktun aðalfundar síns 24. nóv. 1964, þar sem þess er óskað, að lögin verði felld úr gildi án tafar, ella sé hætta á því, að þetta fordæmi um skerðingu mannréttinda leiði til tortryggni í garð löggjafans.

Vér leyfum oss að skora á yður, herra alþingismaður, að beita yður fyrir afnámi „laga um lausn kjaradeilu verkfræðinga" frá 13. maí 1964.

Virðingarfyllst,

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands,

Einar B. Pálsson.

Guðm. Björnsson. Geir Arnesen. Egill Skúli Ingibergsson.
Gunnar Sigurðsson. Ríkarður Steinbergsson. Páll Flygenring.

Með því að við í einu og öllu föllumst á þær ástæður, sem fram eru bornar í bréfi þessu, leggjum við til, að nefnd lög, sem við höfum alla tíð verið andvígir, verði úr gildi felld.

Ed. 271. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Einn nefndarmanna (ÓB) skrifar þó undir álitið með fyrirvara.

Alþingi, 22. febr. 1965.

Eggert G. Þorsteinsson, form.	Ólafur Björnsson, fundaskr., með fyrirvara.	Magnús Jónsson, frsm.
Hermann Jónasson.	Sigurður Ó. Ólafsson.	Alfreð Gíslason.
	Ólafur Jóhannesson.	

Nd. 272. Lög [52. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Afgreidd frá Nd. 25. febr.)

Samhljóða þskj. 58.

Ed. 273. Frumvarp til laga [133. mál]

um breyting á lögum nr. 19 frá 1887, um aðför, sbr. lög nr. 18 frá 1932.

Flm.: Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Ekki má fjárnámi taka rúm og sængurföt, sem nauðsynleg eru skuldunaut, konu hans og börnum, né heldur lín og íveruföt, er þau mega ekki án vera.

Nú á skuldunautur fyrir heimili að sjá, og á hann þá rétt á að undanþiggja fjárnámi nauðsynjar, er nema að virðingarverði allt að 5000 kr., og auk þess allt að 1000 kr. fyrir hvert barn, sem er á skyldufram færi hans.

Ef skuldunautur á ekki fyrir heimili að sjá, má hann undanþiggja fjárnámi 1000 kr. að virðingarverði og fyrir börn eins og segir í 2. málsgrein.

Skuldunautur ræður sjálfur, hvað undanþegið skal vera fjárnámi. Ef hann er ekki sjálfur viðstaddur fjárnámið, skal fógeti fela öðrum að kveða á um þetta, ef skuldunautur hefur ekki falið það öðrum.

Ekki má undanskilja fjárnámi þá hluti, sem veðsettir eru fyrir þeirri skuld, sem fjárnámi er heimt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 27. gr. aðfararlaganna, eins og henni var breytt með lögum 18/1932, er ákveðið, að skuldunautur megi undanskilja fjárnámi nauðsynjar, er nema 100 kr., ef sá á í

hlut, sem ekki á fyrir heimili að sjá, en ella 500 kr., og auk þess 100 kr. fyrir hvert barn. Vegna verðlagsbreytinga frá því fjárhæðir þessar voru ákveðnar 1932 eru undanþáguákvæði þessi nær einskis virði, ef bókstaflega væru skilin. Hér er því lagt til að hækka þessar fjárhæðir, þannig að sá, sem á fyrir heimili að sjá, megi undanskilja 5000 kr. og auk þess 1000 kr. fyrir hvert barn, en einhleypir menn 1000 kr. svo og sömu upphæð fyrir börn eins og áður getur, ef þeir eiga fyrir þeim að sjá.

Í frumvarpi þessu felst einnig sú breyting, að framangreindar undanþágur eiga einnig að koma til greina, þegar heimtir eru skattar eða önnur opinber gjöld, en samkvæmt gildandi lögum má ekki undanþiggja fjárnámi nauðsynjar samkvæmt 27. gr., þegar opinber gjöld eru innheimt með aðför.

Ed. 274. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og rætt á nokkrum fundum og mælir með, að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða styðja fleiri breytingartillögur, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 24. febr. 1965.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.	Björn Jónsson.
Páll Þorsteinsson.	Jón Árnason.	Ásgeir Bjarnason.
	Jón Þorsteinsson.	

Ed. 275. Breytingartillögur [70. mál]

við frv. til l. um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 10. gr.
   a. Töluliður 2 orðist svo:
      Kr. 18.60, sé fitumagn mjólkur rannsakað minnst annan hvern mánuð.
   b. Töluliður 3 falli niður.
2. Við 12. gr. 3. málsl. orðist svo:
   Í samþykkt sé meðal annars kveðið á um sameiginlegt eftirlit félaganna, ættbókarfærslu, framkvæmd fitumælinga, er eigi skulu sjaldnar vera en annan hvern mánuð, spjaldskrárfærslu þeirra kúa, sem á skýrslu eru, og hvernig jafna skuli niður kostnaði, sem leiðir af samþykktinni.
3. Við 17. gr. Í stað orðsins „afköst“ í fyrri málsgr. komi: afurðir.
4. Við 18. gr. Töluliður 2 orðist svo:
   Að haldnar séu afurða- og vigtarskýrslur um allt félagsfé.
5. Við 64. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Skylt er forðagæzlumanni að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt til eftirlits vetur hvern. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. nóvember og hinni síðari

fyrir lok aprílmánaðar. Skal hann athuga vandlega um tölu búfjár á hverjum stað, húsakost þess, fóðurbirgðir, hirðingu, fóðrun og ganga úr skugga um, að fóðurbirgðir þær séu fyrir hendi, sem búfjáreigandi telur sig hafa.

6. Við 65. gr. Greinin orðist svo:

Þegar eftir að forðagæzlumaður hefur lokið skoðun á hausti, gerir hann skýrslu um tölu búpenings, ásetning, fóðrun og fyrningar á eyðublaði, er Búnaðarfélag Íslands lætur í té. Skal skýrsla þessi gerð í tvíriti, og undirritar forðagæzlumaður bæði eintökin og einnig trúnaðarmaður viðkomandi búnaðarsambands. Forðagæzlumaður heldur öðru eintaki skýrslunnar til eigin nota og varðveizlu, en hitt eintakið sendir hann Búnaðarfélagi Íslands þegar að lokinni skoðun.

Þá er forðagæzlumaður fer um umdæmi sitt til skoðunar síðari hluta vetrar, sbr. 1. málsgr. 64. gr., skal hann rita athugasemdir um fóðurbirgðir og ástand búpenings á skýrslu sína frá næstliðnu hausti og tilkynna Búnaðarfélagi Íslands niðurstöður skoðunarinnar, hvort tveggja samkvæmt nánari fyrirmælum félagsins.

Hreppsnefnd semur um þóknun fyrir forðagæzlu, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

7. Við 66. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er sveitarfélagi að stofna fóðurbirgðafélag. Tilgangur fóðurbirgðafélags er að tryggja það, að til sé á haustnóttum sá fóðurforði fyrir búfé félagsmanna, sem nægi í harðasta vetri, hafa eftirlit með því, að það sé þannig fóðrað og hirt, að því líði sem bezt og gefi sem mestan arð.

Stjórn fóðurbirgðafélags sér um, að fóðurbirgðir séu skoðaðar eins oft og þurfa þykir. Skal hin fyrsta skoðun ætíð fara fram fyrir 1. nóvember, sbr. 64. gr.

8. Við 72. gr. Fyrir „68. gr.“ komi: 69. gr.
9. Við 73. gr. Síðasti málsl. falli burt.

Nd. 276. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um verndun fornmenja, nr. 40 16. nóv. 1907.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál og vísað því til umsagnar þjóðminjavarðar og skjalavarðar minja- og skjalasafns Reykjavíkurborgar. Eru umsagnir þeirra birtar sem fylgiskjöl með þessu nefndaráliti. Þar sem ljóst er af umsögnum þessum og kom og fram í umræðum í nefndinni, að margt fleira í lögunum frá 1907 og síðari lögum um þessi mál þarf endurskoðunar við, varð nefndin sammála um að leggja til við deildina að **vísa málinu til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að hún skipi nefnd til þess að endurskoða** lögin nr. 40 16. nóv. 1907, um verndun fornmenja, og önnur skyld lagafyrirmæli með tilliti til hinna ýmsu hugmynda, sem fram hafa komið um breytingar á þeim, og ljúki nefndin störfum og skili áliti sínu til ríkisstjórnar í síðasta lagi í tæka tíð fyrir þingbyrjun 1967.

Alþingi, 26. febr. 1965.

Benedikt Gröndal, form.	Gunnar Gíslason, fundaskr.	Einar Olgeirsson, frsm.
Björn Fr. Björnsson.	Einar Ingimundarson.	Sigurvin Einarsson.
	Davíð Ólafsson.	

Fylgiskjal I.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Reykjavík, 3. febr. 1965.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis,
Alþingishúsinu.

Menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur sent mér til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndun fornminja, nr. 40 16. nóv. 1907.

Aðalatriði frumvarpsins er, að bætt skuli nýrri grein inn í fornleifalögin þess efnis, að friðlýst séu öll hús á Íslandi, sem eldri eru en frá 1874, og eigendum þeirra gert að skyldu að halda þeim við á sinn kostnað. Þó sé þjóðminjaverði heimilt að leysa hús undan þessari friðlýsingu, ef hann álítur þau ekki þess virði, að þeim sé haldið við.

Það er rétt, sem stendur í greinargerð með frumvarpinu, að viðhorf í friðlýsingarmálum eru að nokkru leyti önnur nú en 1907, þegar fornleifalögin voru sett. Þau lög voru sett að vel athuguðu ráði og eru að mörgu leyti mjög ítarleg, en samt eru þau nú, eftir öll þessi ár, orðin ófullnægjandi í einstökum atriðum. Þetta á t. d. við um friðlýsingu húsa. Lögin gera að vísu ráð fyrir, að hægt sé að friðlýsa hús í einkaeigu, en þó eru öll ákvæði varðandi fornleifar í strangasta skilningi miklu fullkomnari og skýrari. Enda hefur stefnan verið sú, þegar um friðlýsingu húsa er að ræða, að vinna að því, að hið opinbera eignist þau og hafi óskoraðan umráðarétt yfir þeim. Öll friðlýst hús, sem þjóðminjavörður hefur umsjá með, eru þannig opinber eign, nema nokkrar kirkjur, sem raunar eru eign safnaða, en þjóðminjavörður hefur öll völd yfir með samningi við þá. Það er þægilegast í framkvæmd, að friðlýst hús séu um leið opinber eign, og sjálfsagt að vinna að því, að öll þjóðarsöguleg hús séu það, enda eru þau það flest nú þegar. En um önnur gömul hús, sem ekki eru beinlínis þjóðarsöguleg hús, en eru merkileg af ýmsum öðrum ástæðum, ættu að vera skýrari ákvæði í lögum. Það er því tímabært, að hin gömlu fornleifalög verði endurskoðuð og það reyndar í víðara samhengi en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Um Þjóðminjasafn Íslands hafa aldrei verið sett nein lög, eins og ég drap á í ræðu, sem ég flutti á aldarafmæli safnsins. Í sambandi við það komst ég svo að orði (sjá Árbók Fornleifafélagsins 1963, bls. 48):

„Þjóðminjasafninu hefur löngum verið stjórnað eftir venjum, sem skapazt hafa, og um það er ekki nema gott eitt að segja í sjálfu sér, en ég hygg þó, að það mundi horfa til bóta og leiða af sér markvissari vinnubrögð, ef starfssvið þess yrði endurskoðað með tilliti til nýrra viðhorfa á margan hátt og nákvæmar kveðið á um skyldur þess en nú er. Veit ég, að sízt stendur á yfirboðurum safnsins í ríkisstjórn að láta taka þetta mál til athugunar."

Að baki þessara orða liggur það, að menntamálaráðuneytið hefur að undanförnu verið þess fýsandi, að gerð yrðu lög um Þjóðminjasafnið. Fyrir mitt leyti hef ég verið því samþykkur, og jafnan hefur verið talið, þegar mál þetta hefur borið á góma milli ráðuneytisins og mín, að sjálfsagt væri þá um leið að endurskoða hin gömlu fornleifalög, þar sem þjóðminjaverði er í senn ætlað að framfylgja þeim og vera safnstjóri Þjóðminjasafnsins.

Ástæðan til þess, að þetta hefur ekki komizt í framkvæmd, er einfaldlega sú, að til þess hefur ekki unnizt tími, því að verr væri af stað farið en heima setið, ef verk þetta yrði unnið í flaustri. Hér þarf að marka stefnuna að vandlega yfirlögðu ráði og styðjast í endurskoðuninni við þá reynslu, sem aðrar þjóðir hafa í þessum efnum, og þá lagabálka, sem þær hafa gert. Ætlun mín er að taka til við þetta verkefni, þegar ég kemst til þess annarra anna vegna, og er búinn að afla þeirra gagna, sem nauðsynlegt er að kynna sér. Það er að vísu illa farið, að þessi dráttur er á

orðinn, en bót er í máli, að jafnt og þétt er þó unnið nokkuð að friðlýsingarmálum, þeim húsum fjölgar smátt og smátt, sem eru undir valdi þjóðminjavarðar, og nú standa yfir samningar um kaup á Nesstofu og áhugi er einnig hjá stjórnarvöldunum fyrir því að ná eignarhaldi á Viðeyjarstofu, svo sem heimild í fjárlögum ber vitni um. Meðan endurskoðun laganna stendur yfir, verður að sjálfsögðu haldið áfram að þoka þessum málum áfram hér eftir sem hingað til.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, stefnir að því að fullkomna fornleifalögin, en þó hvergi nærri á fullnægjandi hátt. Hér er um að ræða vandasamt verkefni, sem að mörgu leyti er erfitt í framkvæmd, og ég tel, að íhuga þurfi betur en gert er í þessu frumvarpi, hvernig skynsamlegast er að haga lagaákvæðum um það, og marka skýrari stefnu um það, hvað ríkisvaldið vill og getur í þessum málum. Allsherjarendurskoðun fornleifalaganna í sambandi við lagasetningu um Þjóðminjasafnið er það, sem stefna ber að.

Virðingarfyllst,

Kristján Eldjárn.

Fylgiskjal II.

SKRIFSTOFUR REYKJAVÍKURBÆJAR
Skjala- og minjasafn

Alþingi, Reykjavík,
c/o menntamálanefnd.

Reykjavík, 21. nóv. 1964.

Sem svar við bréfi yðar, 16. þ. m., þar sem þér beiðizt umsagnar minnar um frv. til l. um breyt. á lögum um verndun fornmenja, nr. 40 16. nóv. 1907, vil ég taka fram:

Mér finnst breytingartillagan eigi efnislega skyldara við lög um viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn, nr. 8 12. febr. 1947, en við tilgreind lög frá 1907, þar sem í annarri grein laganna frá 1947 felst heimild fyrir þjóðminjavörð, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að taka á fornleifaskrá byggingar og mannvirki, sem yngri eru en svo, að talin verði til fornleifa fyrir aldurs sakir.

Hvorug lögin kveða á um lágmarksaldur hluta, svo að þeir af sjálfum sér verði taldir til fornleifa, verðir friðunar, nema hvað 7. gr. laga frá 1907 tiltekur 150 ár sem lágmarksaldur á lausum fornleifum töldum í 3. gr. sömu laga og 21. gr. leggur bann við útflutningi fornminja eldri en 150 ára.

Þó að tilgangur brtt. sé lofsverður, álít ég, í ljósi þess arna og með hliðsjón af heimild í lögum 1947, varhugavert að fastákveða aldur húsa við ákveðið ár, svo að þau falli undir lög um verndun fornminja. Hér má t. d. nefna, að hvorki Alþingishús (1881) né lögreglustöðin í Rvík (byggð sem barnaskóli 1882) mundu koma til greina í þessu efni.

Auk heldur felst í 2. gr. e-lið laga frá 1907 víðtækari heimild, ótímabundin, en breytingartill. hefur, þar sem talin eru til fornleifa: „Fornar kirkjur, bæjarhús og **önnur hús, sem ekki framar eru notuð til þess, sem upphaflega var til ætlazt.**“

Annað mál er það, að lögum nr. 40 16. nóv. 1907 hefur verið slælega fylgt eftir, hvar af dæmi má taka um Viðeyjarstofu.

Mitt álit er því þetta, að framar en að setja nýja bót á gamalt fat beri að miða að því að endurskoða lögin frá 1907, einkanlega með hliðsjón af lögum nr. 8 12. febr. 1947 og framkominni tillögu á þingskjali nr. 56, sem felur í sér mat á lágmarksaldri fornleifa.

Virðingarfyllst,

Lárus Sigurbjörnsson.

Nd. 277. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 16. apríl 1962, um aðstoð við fatlaða.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frv. þetta er komið frá Ed. og var afgreitt þaðan óbreytt.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leitað um það umsagnar þeirra aðila, sem hlut eiga að máli. Mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins þannig breytts, að gjald samkvæmt 1. gr. laganna verði kr. 4.00 í stað kr. 3.50 og að 4. gr. breytist til samræmis við það, þannig að kr. 1.00 af þessu gjaldi renni til aðstoðar við blinda.

Alþingi, 25. febr. 1965.

Guðl. Gíslason, form. — Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. — Matthías Bjarnason.

Jón Skaftason. — Hannibal Valdimarsson. — Ágúst Þorvaldsson.

Jónas Rafnar.

Nd. 278. Breytingartillögur [80. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 25 16. apríl 1962, um aðstoð við fatlaða.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. 1. gr. orðist svo:
   Í stað „kr. 3.00“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: kr. 4.00.
2. 2. gr. orðist svo:
   4. gr. laganna orðist svo:
   Einum fjórða hluta af fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til aðstoðar við blinda, en ¾ hlutum skal varið til byggingar og rekstrar vinnustofnana fyrir fatlað fólk.
3. 3. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1965.

Ed. 279. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til l. um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþ. með orðalagsbreytingu, sem flutt er á sérstöku þingskjali. Einn nm. (HB) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 25. febr. 1965.

Ólafur Björnsson, form., frsm. — Jón Þorsteinsson, fundaskr. — Björn Jónsson.

Karl Kristjánsson. — Magnús Jónsson. — Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 280. Breytingartillögur [101. mál]

við frv. til l. um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Fyrir orðin „hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna“ komi: hjúkrunarfólks.
2. Við fyrirsögn. Fyrir orðin „hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna“ komi: hjúkrunarfólks.

Ed. 281. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til laga um launaskatt.

Frá Karli Kristjánssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist: svo og laun greidd starfsfólki mjólkurbúa og sláturhúsa.

Nd. 282. Frumvarp til laga [134. mál]

um Landsspítala Íslands.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson, Ingvar Gíslason.

1. gr.

Auk Landsspítalans í Reykjavík skal ríkið reka fjórðungsdeildir Landsspítalans í öllum landsfjórðungum. Skal ein fjórðungsdeildin vera á Vestfjörðum, ein eða tvær á Norðurlandi, sú þriðja á Austfjörðum, en hin fjórða á Suðurlandsundirlendinu, ef heilbrigðismálastjórnin telur ástæðu til að staðsetja þar landsspítaladeild, sökum nálægðar og góðra samgangna við aðalspítalann í Reykjavík.

2. gr.

Fjórðungsdeildir Landsspítalans skulu vera búnar fullkomnustu lækningatækjum og vera undir stjórn vel menntaðra sérfræðinga í skurðlækningum og lyflækningum.

3. gr.

Nú er starfandi sjúkrahús í einhverjum landsfjórðungi þannig búið eða staðsett, að það þyki vel fallið til að verða fjórðungsdeild Landsspítalans, og skal þá ríkið semja um yfirtöku þess við eiganda sjúkrahússins.

4. gr.

Heimilt er stjórn ríkisspítalanna að fela Tryggingastofnun ríkisins að sjá um hagkvæman rekstur fjórðungsdeildar, ef heilbrigðismálaráðherra óskar þess.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1966.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á seinasta þingi, en fékk þá eigi afgreiðslu. Þess hefur orðið vart, að málið hefur fengið mikinn hljómgrunn og þykir stefna í jafnréttisátt og réttlætisátt.

Málinu fylgdi í fyrra svo hljóðandi greinargerð:

Það nýmæli í skipan heilbrigðismála felst í þessu frumvarpi, að Landsspítala Íslands sé skipt í deildir þannig, að auk Landsspítalans í Reykjavík reki ríkið einnig landsspítaladeild á Vestfjörðum, á Norðurlandi og Austfjörðum, svo og á Suðurlandi, ef ástæða væri talin til þess, sakir nálægðar og góðra samgangna við aðalspítalann í Reykjavík.

Frumvarpið byggir á þeirri hugsun, að ríkinu beri skylda til að tryggja þegnunum sem jafnast öryggi í heilbrigðismálum, án tillits til búsetu.

Það getur naumast réttlátt talizt, að ríkið reki stórt og fullkomið sjúkrahús í Reykjavík og létti þannig miklum útgjöldum af herðum skattborgara höfuðborgarinnar, en ætli hins vegar tiltölulega fámennum bæjarfélögum úti á landi að leggja á gjaldþegna sínar þungar byrðar vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa. Með þessu er freklega gert upp á milli þegnanna eftir því, hvort þeir hafa valið sér búsetu í höfuðborginni eða ekki.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja í samráði við háskólaráð áætlun um skipulega eflingu Háskóla Íslands á næstu tuttugu árum. Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar.

Greinargerð.

Flestir munu sammála um, að nauðsynlegt sé að efla Háskóla Íslands, svo sem geta þjóðarinnar framast leyfir. Liggja til þess mörg rök. Vísindaleg menntun er

ein öruggasta fjárfesting hverrar þjóðar. Í nútímaþjóðfélagi er sívaxandi þörf fyrir háskólamenntaða menn og hvers konar sérfræðinga. Vísindalegar rannsóknir og hvers konar tækni verða æ mikilvægari undirstöður undir efnahagslegri velgengni. Stúdentafjöldinn fer vaxandi. Stúdentar við Háskóla Íslands eru nú um 950. Gert er ráð fyrir, að tala þeirra muni þrefaldast á næstu tveim áratugum. Aukningin mundi þó efalaust verða mun meiri, er háskóladeildum og kennslugreinum væri fjölgað, svo að nokkru næmi, en á því er einmitt brýn nauðsyn, bæði vegna þarfarinnar á háskólamenntuðum sérfræðingum og til þess að opna stúdentum nýjar leiðir til sérfræðináms hér heima.

Það þarf að efla þær háskóladeildir, sem fyrir eru, fjölga þar kennurum og bæta kennsluskilyrði og rannsóknaraðstöðu. Það þarf að efla bókasafn og rannsóknarstofnanir. Það þarf með ýmsum hætti að stórbæta aðstöðu stúdentanna, og má sízt af öllu gleyma þeim mikilvæga þætti, þegar rætt er um eflingu háskólans. Það þarf að fjölga háskóladeildum og taka upp kennslu í nýjum fræðigreinum og ýmsum þáttum raunvísinda. Var rækileg grein gerð fyrir þessum málum í ræðu háskólarektors 1. des. s. l.

Að þessum málum öllum þarf að vinna með skipulegum hætti. Þar má ekkert handahóf ráða. Það eru skynsamleg vinnubrögð að gera áætlun um skipulega eflingu háskólans á tilteknu árabili fram í tímann, t. d. um tvo næstu áratugi, svo sem hér er gert ráð fyrir. Það er eðlilegt, að háskólaráð og menntamálaráðuneyti vinni í sameiningu að slíkri áætlunargerð. Annars gætu árekstrar á milli þessara aðila orðið framkvæmdum til tafar. Síðan á að festa áætlunina með alþingissamþykkt. Þá er tryggt svo vel sem unnt er, að eftir áætluninni verði raunverulega farið í framkvæmdinni.

Á síðastliðnu ári gerði háskólaráð áætlun um nauðsynlega fjölgun fastra kennara við núverandi háskóladeildir á næstu 10 árum. Þessi áætlun var send ríkisstjórninni, en ekki er vitað, að hve miklu leyti hún verður lögð til grundvallar. Á árinu 1964 var aðeins stofnað eitt prófessorsembætti í stað þriggja, sem tillögur voru gerðar um. Og enn hefur ríkisstjórnin ekki opinberlega gefið neina skýrslu um þessi mál. Það er því fullkomin ástæða til þess að fá áætlun um þessi mál öll ásamt greinargerð lagða fyrir Alþingi. Hafi Alþingi markað eða staðfest stefnuna, verður eigi frá henni horfið, nema gildar ástæður komi til.

Allar menningarþjóðir kappkosta nú að efla háskóla sína og vísindalega menntun. Er t. d. mikil hreyfing í þá átt á Norðurlöndum. Við Íslendingar megum sannarlega gá að okkur að dragast ekki aftur úr í þessum efnum. Þess vegna er áætlunargerð sú, sem um ræðir í þessari þingsályktunartillögu, fyllilega tímabær.

Fyrir málinu verður nánari grein gerð í framsögu.

Ed. 287. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á fundi sínum. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 1. marz 1965.

Jón Árnason, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Gils Guðmundsson. Helgi Bergs.

Ólafur Jóhannesson.

Nd. 288. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Miðhús í Gufudalshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. Einn nefndarmanna (ÁÞ) var fjarstaddur, þegar frv. var afgreitt.

Alþingi, 1. marz 1965.

Gunnar Gíslason, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Jónas Pétursson.
Hannibal Valdimarsson. Sverrir Júlíusson. Björn Pálsson.

Nd. 289. Frumvarp til laga [137. mál]

um sjö nýja héraðsskóla.

Flm.: Ingvar Gíslason, Halldór Ásgrímsson, Sigurvin Einarsson, Halldór E. Sigurðsson, Gísli Guðmundsson, Jón Kjartansson.

1. gr.

Markmið laga þessara er að jafna aðstöðu ungmenna til gagnfræðanáms.

2. gr.

Reisa skal 7 nýja héraðsskóla búna heimavist handa nemendum: í Eyjafjarðarsýslu, í Norður-Þingeyjarsýslu, á Reykhólum á Barðaströnd, í Skagafjarðarsýslu, á Suðausturlandi, að Laugum í Dalasýslu og á Snæfellsnesi.

3. gr.

Menntamálaráðherra lætur gera í samráði við sýslunefndir kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um smíði héraðsskóla samkvæmt lögum þessum. Skal áætlunin við það miðuð, að hafizt verði handa um smíði fyrsta skólans eigi síðar en á árinu 1966 og að smíði allra skólanna verði lokið í síðasta lagi fyrir upphaf skólaárs 1976.

4. gr.

Ríkissjóður ber allan kostnað af byggingu og rekstri þeirra héraðsskóla, sem lög þessi taka til. Haga skal byggingu þeirra svo, að þar megi með hægu móti reka sumargistihús. Sýslur leggja til skólastað ókeypis.

5. gr.

Námsefni og prófkröfur héraðsskóla samkvæmt lögum þessum eru hinar sömu og í hliðstæðum skólum.

6. gr.

Ráðherra ákveður nánar staðsetningu og umdæmi hvers skóla að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og hlutaðeigandi sýslunefndar.

Ríki og sýslufélög eiga samaðild að yfirstjórn hvers héraðsskóla samkvæmt lögum þessum. Menntamálaráðherra skipar tvo stjórnarmenn og annan þeirra for-

mann. Sýslunefnd kýs þrjá stjórnarmenn að fengnum tillögum fræðsluráðs. Nú teljast fleiri en ein sýsla vera um héraðsskóla, og kjósa hlutaðeigandi sýslunefndir þá á sameiginlegum fundi þrjá stjórnarmenn.

7. gr.

Unglingar, sem heima eiga í umdæmi hlutaðeigandi héraðsskóla, sbr. 6. gr., hafa forgangsrétt til skólavistar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Höfuðdrættir gildandi fræðslulaga, sem sett voru fyrir nærfellt 20 árum, hafa löngum verið taldir samræming fræðslukerfisins, 8 ára skólaskylda og jöfnuður á aðstöðu til skólagöngu. Mjög skortir á, að fræðslulögin hafi verið framkvæmd í samræmi við eðli og orðanna hljóðan. Ber þar fyrst að nefna, að skólaskylduákvæðin hafa ekki verið framkvæmd nema að takmörkuðu leyti, og er mismunur á skólaskyldu eða raunverulegri skólagöngu mjög mikill eftir því, hver sveitarfélög eiga í hlut, enda námsaðstaða mjög ójöfn. Mestur verður munurinn, þegar á öðru leitinu er borin saman skólaganga og námsaðstaða í kaupstöðum, þar sem fyrir hendi eru góðir barna- og gagnfræðaskólar með fjölmennu starfsliði, en á hinu leitinu ástand þessara mála í þeim sveitum, sem enn búa við farkennslu, er aðeins varir nokkrar vikur á vetri um 4—5 ára skeið. Að vísu virðist nú skilningur vaxandi á því, að hefja þurfi barnafræðslu í sveitum úr þeirri niðurlægingu, sem hún hefur verið í um sinn, m. a. með því að gera áætlaða og nauðsynlega sameiningu skólahverfa að veruleika, en með því skapast aðstaða til raunverulegs skólahalds, sem byggt yrði á þjálfuðu kennaraliði og fjölbreyttri kennslu.

Þótt barnaskólarnir verði efldir í sveitunum, er þó eftir að framfylgja fræðslulögunum beint og óbeint að því er tekur til aðstöðu unglinga til hins almenna framhaldsnáms, gagnfræða- eða miðskólanámsins. Aðstaða unglinga í sveitum og ýmsum sjávarþorpum til slíks náms fer síversnandi og lagast ekki, svo að viðunandi sé, nema reistir verði allmargir nýir gagnfræðaskólar í þágu sveitaæskunnar. Héraðsskólarnir í landinu, sem eru átta talsins, eru allt of fáir. Um margra ára skeið hafa skólar þessir orðið að vísa frá jafnmörgum umsækjendum og hægt var að veita skólavist. Afleiðingin hefur ýmist orðið sú, að nemendur úr sveit og ýmsum sjávarplássum hafa orðið að hætta alveg við gagnfræðanám eða fresta því til seinni tíma.

Þetta ástand er í sjálfu sér ekkert undrunarefni. Undanfarinn einn og hálfan áratug hefur ríkt alger kyrrstaða í héraðsskólamálunum. Hefur enginn nýr héraðsskóli verið reistur í landinu síðan 1949, að Skógaskóli undir Eyjafjöllum tók til starfa.

Með frv. þessu er lagt til, að ríkið láti reisa á næsta áratug, 1966—1976, sjö nýja héraðsskóla, þ. e. heimavistar-gagnfræðaskóla í þágu dreifbýlisins. Þá tölu verður þó að skoða sem lágmark, og hefði allt eins mátt hugsa sér, að skólarnir yrðu 8, svo sem ýmsir hafa bent á.

Þá er gert ráð fyrir, að ríkið kosti héraðsskólana að öllu leyti, bæði byggingu þeirra og rekstur, enda hefur þróunin í fjárhagsmálefnum héraðsskólanna stefnt í þá átt. Lætur nærri, að allir héraðsskólarnir séu nú orðnir ríkiseign samkvæmt ákvæðum laga nr. 34/1962. Að vísu voru skólar þessir á sínum tíma reistir með fjárhagslegri hluttöku viðkomandi sýslna, en það hefur sýnt sig, að sýslusjóðstekjur eru almennt ekki nægar til þess að rísa undir byggingu og rekstri dýrra framhaldsskóla, enda mun í ljós koma, þegar af alvöru verður farið að bæta alla námsaðstöðu í sveitum, að heimamönnum er það eitt ærið nóg að rísa að sínum hluta undir skólum fyrir skyldunámið, þ. e. barna- og unglingastig, enda ber að vinna að því, að allt skyldunámið fari fram í sama skóla.

Tekið er fram í frv., að byggingu héraðsskóla skuli haga svo, að þar megi auðveldlega reka sumargistihús. Með tilliti til vaxandi ferðamannastraums og þeirra vona, sem hægt er að gera sér um tekjur af ferðamönnum, innlendum og erlendum, — og raunar með tilliti til ferðamenningar í landinu, — er æskilegt að samhæfa, eftir því sem kostur er, rekstur heimavistarskóla og sumargistihúsa.

Nd. 290. Frumvarp til læknaskipunarlaga. [138. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Á Íslandi skulu vera læknishéruð, sem hér greinir:

1. Reykjavíkurhérað: Reykjavíkurkaupstaður og Seltjarnarneshreppur. Læknissetur í Reykjavík;
2. Álafosshérað: Þingvallahreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Læknissetur á Álafossi;
3. Akraneshérað: Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Akraneskaupstaður og Leirár- og Melahreppur. Læknissetur á Akranesi;
4. Kleppjárnsreykjahérað: Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Læknissetur á Kleppjárnsreykjum;
5. Borgarneshérað: Borgarhreppur, Borgarneshreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur. Læknissetur í Borgarnesi;
6. Ólafsvíkurhérað: Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur, Neshreppur, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur. Læknissetur í Ólafsvík;
7. Stykkishólmshérað: Miklaholtshreppur, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur, Skógarstrandarhreppur og Flateyjarhreppur. Læknissetur í Stykkishólmi;
8. Búðardalshérað: Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Læknissetur í Búðardal;
9. Reykhólahérað: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur og Múlahreppur. Læknissetur á Reykhólum;
10. Patreksfjarðarhérað: Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur og Tálknafjarðarhreppur. Læknissetur á Patreksfirði.
11. Bíldudalshérað: Ketildalahreppur, Suðurfjarðahreppur og Auðkúluhreppur. Læknissetur á Bíldudal;
12. Þingeyrarhérað: Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur. Læknissetur á Þingeyri;
13. Flateyrarhérað: Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Flateyri;
14. Bolungarvíkurhérað: Hólshreppur. Læknissetur í Bolungarvík;
15. Ísafjarðarhérað: Ísafjarðarkaupstaður og Eyrarhreppur. Læknissetur á Ísafirði;
16. Súðavíkurhérað: Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur. Læknissetur í Súðavík;
17. Hólmavíkurhérað: Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur, Óspakseyrarhreppur og Árneshreppur. Læknissetur á Hólmavík;
18. Hvammstangahérað: Bæjarhreppur, Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur. Læknissetur á Hvammstanga;
19. Blönduóshérað: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduós-

hreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi;
20. Höfðahérað: Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað;
21. Sauðárkrókshérað: Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seiluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur og Rípurhreppur. Læknissetur á Sauðárkróki;
22. Hofsóshérað: Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur og Holtshreppur. Læknissetur á Hofsósi;
23. Siglufjarðarhérað: Siglufjarðarkaupstaður og Grímseyjarhreppur. Læknissetur á Siglufirði;
24. Ólafsfjarðarhérað: Ólafsfjarðarkaupstaður. Læknissetur í Ólafsfirði;
25. Dalvíkurhérað: Hríseyjarhreppur, Dalvíkurhreppur, Svarfaðardalshreppur og Árskógshreppur. Læknissetur á Dalvík;
26. Akureyrarhérað: Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur og Svalbarðsstrandarhreppur. Læknissetur á Akureyri;
27. Grenivíkurhérað: Grýtubakkahreppur og Hálshreppur. Læknissetur á Grenivík;
28. Breiðumýrarhérað: Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur og Reykdælahreppur. Læknissetur á Breiðumýri;
29. Húsavíkurhérað: Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur og Flateyjarhreppur. Læknissetur á Húsavík;
30. Kópaskershérað: Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur, Presthólahreppur og Raufarhafnarhreppur. Læknissetur á Kópaskeri;
31. Þórshafnarhérað: Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur, Sauðaneshreppur og Skeggjastaðahreppur. Læknissetur á Þórshöfn;
32. Vopnafjarðarhérað: Vopnafjarðarhreppur. Læknissetur á Vopnafirði;
33. Norður-Egilsstaðahérað: Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur og Borgarfjarðarhreppur. Læknissetur í Egilsstaðaþorpi;
34. Austur-Egilsstaðahérað: Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur og Hjaltastaðahreppur. Læknissetur í Egilsstaðaþorpi;
35. Seyðisfjarðarhérað: Loðmundarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður. Læknissetur á Seyðisfirði;
36. Neshérað: Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur. Læknissetur í Neskaupstað;
37. Eskifjarðarhérað: Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar. Læknissetur á Eskifirði;
38. Búðahérað: Fáskrúðsfjarðarhreppur, að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Læknissetur í Búðaþorpi;
39. Djúpavogshérað: Breiðdalshreppur, Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur. Læknissetur á Djúpavogi;
40. Hafnarhérað: Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Læknissetur á Höfn;
41. Kirkjubæjarhérað: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallahreppur og Álftaversshreppur. Læknissetur á Kirkjubæjarklaustri;
42. Víkurhérað: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Læknissetur í Vík;
43. Vestmannaeyjahérað: Vestmannaeyjakaupstaður. Læknissetur í Vestmannaeyjum;
44. Hvolshérað: Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur. Læknissetur á Stórólfshvoli;
45. Helluhérað: Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur. Læknissetur á Hellu;

46. Laugaráshérað: Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Grímsneshreppur. Læknissetur í Laugarási;
47. Selfosshérað: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur á Selfossi;
48. Eyrarbakkahérað: Stokkseyrarhreppur og Eyrarbakkahreppur. Læknissetur á Eyrarbakka;
49. Hveragerðishérað: Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur. Læknissetur í Hveragerði;
50. Keflavíkurhérað: Grindavíkurhreppur, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Keflavíkurkaupstaður og Njarðvíkurhreppur. Læknissetur í Keflavík;
51. Hafnarfjarðarhérað: Vatnsleysustrandarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur. Læknissetur í Hafnarfirði;
52. Kópavogshérað: Kópavogskaupstaður. Læknissetur í Kópavogi.

Heimilt skal að ráða, þegar á þarf að halda að dómi landlæknis, einn lækni með ótiltekinni búsetu til að veita neyðarlæknisþjónustu í læknislausum héruðum á hvern þann hátt, er við verður komið vegna staðhátta og annarra aðstæðna.

2. gr.

Í eftirgreindum læknishéruðum eiga íbúar einstakra hreppa og hreppshluta jöfnum höndum rétt á að vitja héraðslæknis í nágrannahéraði, eins og hér greinir:

1. Búðardalshérað: íbúar Skarðshrepps og íbúar Klofningshrepps til Stykkishólms;
2. Stykkishólmshérað: íbúar Miklaholtshrepps til Borgarness;
3. Bíldudalshérað: íbúar Auðkúluhrepps til Þingeyrar;
4. Þingeyrarhérað: íbúar Ingjaldssands til Flateyrar;
5. Súðavíkurhérað: íbúar héraðsins utan Súðavíkurhrepps til Ísafjarðar;
6. Blönduóshérað: íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár til Höfðakaupstaðar;
7. Siglufjarðarhérað: íbúar Grímseyjar til Húsavíkur og Akureyrar;
8. Grenivíkurhérað: íbúar Háls- og Illugastaðasókna í Hálshreppi til Akureyrar;
9. Breiðumýrarhérað: íbúar Ljósavatnshrepps neðan Þóroddsstaðar til Húsavíkur;
10. Norður-Egilsstaðahérað: íbúar Borgarfjarðarhrepps til Austur-Egilsstaða;
11. Hafnarhérað: íbúar Hofshrepps til Kirkjubæjarklausturs;
12. Kirkjubæjarhérað: íbúar Álftavershrepps til Víkur;
13. Víkurhérað: íbúar Austur-Eyjafjallahrepps til Stórólfshvols;
14. Helluhérað: íbúar Rangárvallahrepps sunnan Þverár til Stórólfshvols.

Í hverju einstöku tilfelli á hlutaðeigandi forgangsrétt til þjónustu af hendi þess héraðslæknis, sem greiðast er að ná til.

3. gr.

Ráðherra getur, eftir tillögu landlæknis, leyft héraðslækni að sitja annars staðar en á lögskipuðu læknissetri og, ef nauðsyn krefur, utan héraðs.

4. gr.

Nú tekst ekki í eitt ár að fá héraðslækni skipaðan í eitthvert læknishérað samkvæmt 1. gr., þó að það hafi verið auglýst minnst þrisvar, og er þá heimilt að sameina héraðið því nágrannahéraði, sem bezt hentar, ef staðhættir annars leyfa slíka sameiningu, enda verði læknir ráðinn til starfa í hinu sameinaða læknishéraði ásamt héraðslækni þeim, sem starfar þar fyrir.

Þar sem staðhættir leyfa, má sameina fleiri læknishéruð, þegar svo stendur á, sem um ræðir í 1. mgr., enda verði að jafnaði ráðinn læknir til viðbótar fyrir hvert hérað, sem sameinað er.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um læknamiðstöðvar, sem upp kunna að rísa samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

5. gr.

Forseti skipar landlækni og héraðslækna.

Reykjavíkurhéraði gegnir borgarlæknir, ráðinn af borgarstjórn, en skipaður af forseta. Áður en borgarlæknir er ráðinn, skal leita umsagnar ráðherra um umsækjendur.

Landlæknir og héraðslæknar taka laun samkvæmt hinu almenna launakerfi starfsmanna ríkisins. Borgarlæknir í Reykjavík tekur laun úr borgarsjóði. Þegar nauðsyn krefur, er héraðslækni skylt að taka við skipun um að annast, ásamt þjónustu héraðs síns, þjónustu nágrannalæknishéraðs gegn hálfum byrjunarlaunum þess héraðs.

Um skipun (ráðningu) annarra embættislækna og lækna ríkisstofnana fer eftir sérstökum lögum og venjum þar að lútandi.

Við veitingu héraðslæknaembætta skal sá umsækjandi, sem hefur lengstan starfsaldur sem héraðslæknir, að öðru jöfnu sitja fyrir öðrum umsækjendum um stöðuna.

6. gr.

Í eftirtöldum héruðum skal greiða héraðslækni staðaruppbót á laun, er nemi hálfum launum í hlutaðeigandi héraði: Búðardalshéraði, Reykhólahéraði, Bíldudalshéraði, Þingeyrarhéraði, Flateyrarhéraði, Hólmavíkurhéraði, Ólafsfjarðarhéraði, Kópaskershéraði, Þórshafnarhéraði, Vopnafjarðarhéraði, Norður-Egilsstaðahéraði, Austur-Egilsstaðahéraði, Búðahéraði, Djúpavogshéraði, Hafnarhéraði, Kirkjubæjarhéraði og Víkurhéraði.

Nú hefur héraðslæknir setið samfleytt 5 ár í einhverju þeirra héraða, er um ræðir í 1. mgr., og á hann þá rétt á að hljóta, án skuldbindingar um áframhaldandi héraðslæknisþjónustu, eins árs frí með fullum launum til framhaldsnáms hér á landi eða erlendis og að fá greiddan úr ríkissjóði fargjaldakostnað fyrir sig og fjölskyldu sína að heiman og til þess lands í Evrópu eða Norður-Ameríku, þar sem hann hyggst stunda námið. Að ársleyfi loknu skal hann eiga rétt á að fá greiddan á sama hátt fargjaldakostnað heim til Íslands aftur, enda skuldbindi hann sig þá til að gegna áfram héraðslæknisstörfum. Eftir þriggja ára samfellda setu á hann þó rétt á að hljóta slíkt frí með sömu kjörum, en gegn skuldbindingu um að gegna áfram héraðslæknisstörfum eigi skemur en 2 ár að ársleyfi loknu. Ráðherra getur, ef nauðsyn krefur, takmarkað tölu þeirra, sem orðið geta aðnjótandi réttinda á einu og sama ári samkvæmt þessari málsgrein. Ráðherra er einnig heimilt að veita héraðslækni frí öðru sinni með sömu skilyrðum og að framan greinir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Nánari ákvæði um framkvæmd framangreindra atriða skulu sett í reglugerð.

Við embættaveitingar eða ráðningar í stöður við heilbrigðisstofnanir ríkisins eða héraðslæknisembætti skal embættis-(starfs-)aldur héraðslæknis í héruðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr., teljast 5 ár fyrir hver 3 ár, sem hann hefur gegnt héraðinu.

Ráðherra þeim, er fer með heilbrigðismál, skal heimilt, samkvæmt tillögu landlæknis, að láta auk þessa 5 ótiltekin læknishéruð njóta framantalinna hlunninda, eftir að þau hafa verið auglýst þrisvar í röð, án þess að læknir fáist þangað.

7. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði fjárhæð, sem svarar árslaunum 7 aðstoðarlækna héraðslækna. Þjónustu þeirra skulu njóta:

a) allir héraðslæknar, meðan þeir eru í orlofi eða forfallaðir sökum veikinda eða slysa samkvæmt ákvæðum um orlof og veikindaforföll opinberra starfsmanna,
b) héraðslæknar í fjölmennum kaupstaðarhéruðum,
c) héraðslæknar í fjölmennum eða erfiðum læknishéruðum utan kaupstaða, þar sem annar læknir starfar ekki, og
d) héraðslæknar, sem vilja afla sér aukinnar menntunar til héraðslæknisstarfa, þó ekki þegar um er að ræða námsdvöl samkvæmt 2. mgr. 6. gr.

Auk þessa skal heimilt að ráða aðstoðarlækni skemmri eða lengri tíma á tímabilinu frá 1. október til 31. maí á ári hverju í Flateyrarhéraði til að sitja á Suðureyri og í Norður-Egilsstaðahéraði til að sitja á Bakkagerði, enn fremur er heimilt að ráða aðstoðarlækni 4 mánuði á ári í Kópaskershéraði til þess að sitja á Raufarhöfn, enda hafi þessi héruð ekki verið skipuð samkvæmt 1. tölulið ákvæða laga þessara til bráðabirgða.

Hlutaðeigandi héraðslæknar ráða sér aðstoðarlækna samkvæmt þessari grein í samráði við landlækni, en ráðherra staðfestir ráðningu þeirra.

8. gr.

Um greiðslu fyrir störf héraðslækna fer sem hér segir:

1. Embættislaun héraðslækna skulu greidd fyrir embættisstörf, en til slíkra starfa telst einkum: Samfelld gegningarskylda læknis í héraði, öll tilskilin skýrslugerð, sóttvarnir, ónæmisaðgerðir, berklapróf, almennt heilbrigðiseftirlit, svo sem með vatnsbólum, fráræslu, húsakynnum, þrifnaði, matvælum, aðbúnaði í verksmiðjum og á öðrum vinnustöðum og ýmislegt fleira, er fellur undir starfssvið heilbrigðisnefnda eða tekið er fram í erindisbréfi héraðslækna.

2. Fyrir störf í þágu sjúkrasamlaga og annarra greina almannatrygginga fari greiðsla eftir gjaldskrá, sem landlæknir semur og ráðherra staðfestir, eða samningum, er stéttarfélög lækna eiga annars vegar hlut að fyrir hönd lækna, en sjúkrasamlög eða Tryggingastofnun ríkisins hins vegar.

3. Fyrir störf, önnur en embættisstörf, í þágu ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir sömu reglum og þá er sjúkrasamlög eða aðrar greinar almannatrygginga eiga í hlut.

4. Fyrir störf í þágu annarra en almannatrygginga, ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir reglum, er stéttarfélög lækna setja og birta almenningi. Nú eru slíkar reglur ekki birtar, og mega þá læknar, er í hlut eiga, ekki krefjast hærri greiðslu en þá er almannatryggingar eiga í hlut.

Verði héraðslæknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, ber að sjá honum fyrir öruggum flutningi ókeypis og svo beina leið, sem hægt er, frá og til heimilis hans.

9. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði ⅔ launa handa allt að sex hjúkrunarkonum til starfa í læknishéruðum. Hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir ráða héraðshjúkrunarkonur með ráði hlutaðeigandi héraðslæknis og í samráði við landlækni, en ráðherra staðfestir ráðningu þeirra.

Ráðherra setur héraðshjúkrunarkonum erindisbréf.

10. gr.

Landlæknir er ráðunautur ráðherra um allt það, er varðar heilbrigðismál, og annast framkvæmdir þeirra mála fyrir hönd ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með öllum læknum og heilbrigðisstarfsmönnum, en einkum héraðslæknum (í Reykjavík borgarlækni), öðrum embættislæknum og opinberum heilbrigðisstarfsmönnum.

Landlæknir skipuleggur skýrslugerðir héraðslækna (í Reykjavík borgarlæknis), annarra lækna og heilbrigðisstofnana, innheimtir fyrirskipaðar skýrslur frá þessum aðilum og annast útgáfu heilbrigðisskýrslna landsins.

11. gr.

Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) hafa, hver innan síns héraðs, eftirlit með heilbrigðismálum og annast þar framkvæmdir opinberra heilbrigðisráðstafana samkvæmt lögum og fyrirmælum ráðherra og undir eftirliti landlæknis.

Héraðslæknar stunda almennar lækningar hver í sínu héraði, annast lyfjasölu, þar sem er ekki sérstök lyfjabúð, og eru skyldir til að gegna aðkallandi sjúkravitjunum, hvenær sem þess er leitað, nema þeir séu hindraðir af öðrum embættisstörfum, sem eru meira aðkallandi, eða sjálfir sjúkir. Með þátttöku í læknaverði geta þeir og leyst sig undan gegningarskyldu á nánara tilteknum tímum.

Borgarlækni í Reykjavík er ekki skylt að sinna almennum lækningum. Í fjölmennum kaupstaðarhéruðum, þar sem er nægur fjöldi starfandi lækna, má ráðherra heimila héraðslækni að takmarka að meira eða minna leyti störf sín að almennum lækningum.

Nú er héraðslæknis vitjað úr öðru læknishéraði en sínu héraði til konu í barnsnauð eða í annarri mjög brýnni nauðsyn, fyrir þá sök að hægara er að ná til hans en hlutaðeigandi héraðslæknis, og er honum þá jafnskylt að vitja sjúklingsins sem héraðsbúi hans ætti í hlut.

Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) mega ekki, nema með sérstöku leyfi ráðherra, takast á hendur önnur föst, launuð störf en þau, er við koma embættisstörfum þeirra. Héraðslæknir má veita forstöðu eða starfa við almennt sjúkrahús við hæfi héraðs síns, en ekki gegna viðtækari sjúkrahúslæknisstörfum nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Ráðherra setur héraðslæknum og aðstoðarlæknum héraðslækna erindisbréf og kveður þar nánara á um skyldur þeirra og réttindi.

Borgarstjórn setur borgarlækni í Reykjavík erindisbréf, sem ráðherra staðfestir.

Um verksvið annarra embættislækna og lækna ríkisstofnana fer eftir sérstökum lögum og venjum þar að lútandi.

12. gr.

Nú sezt starfandi læknir að í læknishéraði, þar sem er ekki sérstök lyfjabúð, eða þar í héraði, sem langt er til lyfjabúðar að sækja, og fer þá um lyfjaafgreiðslu til sjúklinga hans eftir því, sem segir í 42. gr. lyfsölulaga, nr. 30 29. apríl 1963.

13. gr.

Heimilt skal, samkvæmt tillögum landlæknis, að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands, að veita á ári hverju læknastúdentum ríkislán til náms gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði að afloknu námi. Engum má þó veita slíkt námslán, fyrr en hann hefur staðizt fyrsta hluta embættisprófs. Nánari ákvæði um námslán þessi skal setja í reglugerð.

14. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Bifreiðalánasjóður héraðslækna.

Heimilt skal að lána héraðslæknum fé úr sjóðnum til bifreiðakaupa.

Þeir læknar einir, sem eru að hefja héraðslæknisstörf og skuldbinda sig til þess að sitja minnst eitt ár í héraði, eiga rétt til lántöku úr sjóðnum.

Ríkissjóður leggur sjóðnum 1 milljón króna stofnfé.

Ákvæði um stjórn sjóðsins, lánsfjárhæð og lánsskilyrði skal setja í reglugerð.

15. gr.

Heimilt er, að fengnum tillögum landlæknis, að greiða úr ríkissjóði allt að helmingi kostnaðar við nauðsynleg lækningatæki og útbúnað í lækningastofu héraðslæknis í fámennum læknishéruðum, gegn jafnmiklu framlagi frá læknishéraðinu.

16.

Ríkisstjórninni er heimilt, til viðbótar heimildum, sem fyrir eru, að greiða allt að 300 þús. kr. árlega til þess að bæta læknisþjónustu í þeim héruðum, þar sem mestra úrbóta er þörf að dómi landlæknis.

17. gr.

Héraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við þær breytingar, sem verða á héruðum þeirra eða embættum eftir lögum þessum.

18. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi læknaskipunarlög nr. 16 9. apríl 1955 og lög nr. 45 21. apríl 1962, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Áður en núverandi Suðureyrarhérað, Raufarhafnarhérað og Bakkgerðishérað, sem sameina skal öðrum héruðum samkvæmt 1. gr., verða lögð niður og sameinuð öðrum læknishéruðum, skulu þau auglýst laus til umsóknar þrisvar í röð með sömu kjörum og læknar njóta í læknishéruðum þeim, sem um ræðir í 6. gr.

2. Ákvæði 6. gr., 2. mgr. laga þessara koma fyrst til framkvæmda tveimur árum eftir gildistöku þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 15. apríl 1964, lagði landlæknir til við dóms- og kirkjumálaráðuneytið, að það gerði „nú þegar ráðstafanir til þess, að í samráði við læknasamtökin í landinu og nokkra aðra aðila verði rækileg endurskoðun látin fara fram á læknisþjónustu dreifbýlisins".

Með bréfi, dags. 22. maí 1964, skipaði ráðherra 6 manna nefnd, sem var falið það verkefni „að framkvæma endurskoðun á læknaskipunarlögunum nr. 16 9. apríl 1955 og læknisþjónustu dreifbýlisins almennt, í því skyni að finna lausn á hinu aðkallandi vandamáli, sem stafar af skorti á læknum til héraðslæknisstarfa, einkum í hinum fámennari og afskekktari héruðum landsins".

Í nefndinni voru:

Sigurður Sigurðsson, landlæknir, form. nefndarinnar;
Benedikt Tómasson, skólayfirlæknir, varamaður form.;
Óskar Þórðarson, yfirlæknir, form. Læknafélags Íslands;
Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu;
Jón Thors, fulltrúi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Fulltrúi frá Háskóla Íslands, en meðan hann var ekki tilnefndur af læknadeild, fól ráðherra prófessor Sigurði Samúelssyni að taka þátt í störfum nefndarinnar.

Hinn 7. júlí tilnefndi læknadeild Háskóla Íslands prófessor Kristin Stefánsson til að taka sæti í nefndinni og var hann með bréfi ráðherra, dags. 13. s. m., skipaður til þess og prófessor Sigurður Samúelsson jafnframt varamaður hans.

Nefndin hefur alls haldið 19 fundi. Hún hefur leitazt við að afla sér ýtarlegra upplýsinga um ástæðurnar fyrir læknaskortinum í dreifbýli landsins. Í því skyni hefur hún leitað álits allmargra héraðslækna og fengið skriflega umsögn þeirra.

Þá hefur hún einnig leitað upplýsinga Björns Pálssonar flugmanns um skipulagningu á flugþjónustu til læknisvitjana og sjúkraflutninga.

Nefndin hélt síðasta fund sinn 6. nóvember. Hefur hún komið sér saman um tillögur í frumvarpsformi ásamt athugasemdum, og voru þær sendar dóms- og kirkjumálaráðuneytinu með bréfi, dags. 7. nóvember 1964.

I. Helztu nýmæli frumvarpsins.

1. Niður eru lögð 5 núverandi læknishéruð og þau sameinuð nágrannahéruðum. Héruðin eru:
Flateyjarhérað;
Suðureyrarhérað;
Djúpavíkurhérað;
Raufarhafnarhérað;
Bakkagerðishérað.
Þá er felld niður heimild til stofnunar Staðarhéraðs.
Áður en Suðureyrarhérað, Raufarhafnarhérað og Bakkagerðishérað verða lögð niður, skal auglýsa þau þrisvar í röð með þeim kjörum, sem ákveðin eru í 6. grein. Eftir að þessi þrjú héruð hafa verið lögð niður, skal heimilt að ráða aðstoðarlækna til að sitja hluta ársins á Suðureyri, Raufarhöfn og Bakkagerði.
2. Heimilt skal að ráða einn lækni með ótiltekinni búsetu til að veita neyðarlæknisþjónustu í læknislausum héruðum.
3. Heimilt skal að sameina læknishéruð og koma upp læknamiðstöðvum fyrir hin sameinuðu héruð, eftir því sem nauðsyn krefur og staðhættir leyfa, og þó ekki fyrr en hlutaðeigandi héruð hafa verið auglýst minnst þrívegis án árangurs.
4. Við veitingu héraðslæknisembætta skal sá umsækjandi, sem hefur lengstan starfsaldur sem héraðslæknir, að öðru jöfnu sitja fyrir öðrum umsækjendum um stöðuna.
5. Í 17 tilteknum læknishéruðum og, ef nauðsyn krefur, í 5 öðrum, en ótilteknum héruðum, skal greiða héraðslækni staðaruppbót á laun, er nemi hálfum launum í hlutaðeigandi héraði.
6. Í sömu héruðum sem um ræðir í 5. lið, skal héraðslæknir sem hefur setið 5 eða 3 ár samfleytt í héraðinu, eiga rétt á að hljóta eins árs frí með fullum launum til framhaldsnáms hér á landi eða erlendis. Þetta ákvæði kemur fyrst til framkvæmda tveimur árum eftir gildistöku laganna, og ráðherra er heimilt, ef nauðsyn krefur, að takmarka fjölda þeirra lækna, sem njóta slíkra hlunninda á einu og sama ári.
7. Embættis-(starfs-)aldur héraðslæknis í sömu héruðum sem um ræðir í 5. lið skal teljast 5 ár fyrir hver 3 ár, sem hann hefur gegnt hlutaðeigandi héraði.
8. Heimilt skal samkvæmt tillögu landlæknis, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, að veita læknastúdentum ríkislán til náms gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði að afloknu námi.
9. Stofna skal Bifreiðalánasjóð héraðslækna með 1 milljón króna framlagi úr ríkissjóði.

II. Almenn greinargerð.

Ástand og horfur. Frá því um síðustu aldamót (1899), eftir að héraðslæknisembættum í landinu var fjölgað upp í 42, hefur alltaf öðru hvoru veitzt örðugt að hafa öll héruðin skipuð læknum, og hafa stöku héruð verið læknislaus árum saman. Hefur þetta ástand farið síversnandi undanfarin ár þrátt fyrir verulega, beina fjölgun læknismenntaðra manna. Enginn umsækjandi hefur nú (í október 1964) fengizt um 16 læknishéruð, og eru 7 þeirra læknislaus, en gegnt af nágrannalæknum, en 9 er gegnt af læknakandídötum til bráðabirgða. Þó má kalla, að fram til þessa hafi tekizt að afstýra stórvandræðum, en ólíklegt er, að það takist til lengdar án sérstakra aðgerða. Þetta stafar þó ekki af læknaskorti, þar sem 82 læknar eru nú við framhaldsnám erlendis eða störf erlendis og auk þeirra 67 læknakandídatar, ýmist erlendis eða hérlendis við nám eða bráðabirgðastörf. Ástæðan er sú ískyggilega staðreynd, að ungir læknar virðast yfirleitt vera því algerlega afhuga að gerast héraðslæknar. Er þetta ljóst af viðtölum við fjölda lækna og læknakandídata, en auk þess hefur nýlega farið fram könnun á fyrirætlunum lækna, sem nú eru erlendis. Af 62 lækn-

um, sem svör hafa borizt frá, lét aðeins einn uppi, að hann hefði hug á að gerast annaðhvort héraðslæknir eða almennur starfandi læknir (Læknablaðið, 3. hefti 1964).

Um orsakir læknaskorts í dreifbýli. Tregða lækna að gerast héraðslæknar í dreifbýli á sér margvíslegar og flóknar orsakir, bæði faglegar, sálrænar og félagslegar. Veigamikil ástæða, sem á jafnt við um lækna sem aðra, er hin almenna tilhneiging landsmanna til að búa í þéttbýli, en auk hennar koma til sérstakar ástæður, sem leggjast á sömu sveif og eiga að mestu eða öllu leyti við um lækna eina, og eru þessar helztar:

1. Starfsleg einangrun og starfsábyrgð. Víðast á landinu hagar svo til, að héraðslæknir verður að starfa einn. Að jafnaði verður slíkur héraðslæknir að taka ákvarðanir og vinna læknisverk án þess að geta leitað álits eða aðstoðar annarra lækna, og líf sjúklings getur oltið á réttum úrskurði og viðeigandi aðgerðum. Á héraðslæknum hvílir því mjög þung starfsábyrgð. Hin flóknа, marggreinda nútímalæknisfræði krefst hópstarfs í æ ríkara mæli, og þótt sumir þættir starfsins hljóti eðli sínu samkvæmt að verða unnir af einum lækni, vilja nútímalæknar eiga þess kost að taka þátt í þvílíku hópstarfi sjálfir eða geta komið sjúklingum sínum í hendur slíks starfshóps, þegar þess gerist þörf. Hið fyrrnefnda er einangruðum héraðslæknum fyrirmunað, og hið síðarnefnda krefst þess, að sjúklingur sé fluttur burtu, oft með ærnum kostnaði, mikilli fyrirhöfn og jafnvel áhættu.

2. Fagleg einangrun og afleiðingar hennar. Hin öra þróun í læknisfræði leggur læknum á herðar þá skyldu að fylgjast vel með í fræðigrein sinni, en til þess er þeim jafnnauðsynlegt persónulegt samband og samstarf við stéttarbræður sem lestur læknisfræðirita. Einangraður læknir hlýtur að dragast aftur úr, þegar til lengdar lætur, hversu vel sem hann leggur sig fram, og þá er hætt við, að starfsáhugi hans og starfsánægja dvíni smám saman. Þetta er engum ljósara en læknunum sjálfum, og sú tilhugsun er ungum læknum mjög ógeðfelld.

3. Vaktskylda, vinnutími og vinnuskilyrði. Héraðslækni er skylt að sinna kalli jafnt að nóttu sem degi. Fyrir fram á hann sér aldrei vísa hvíldarstund, og hann tekur ekki á sig náðir án þess að mega eiga von á, að ró hans verði raskað. Starfið er erilsamt og krefst oft mikils líkamlegs og andlegs þreks, og ósjaldan verður læknirinn að tefla á tæpasta vað í ferðalögum. Vinnutími hans er óreglulegur og fer ekki aðeins eftir heilsufari í héraði, heldur einnig iðulega eftir geðþótta héraðsbúa. Svo látlausrar vaktskyldu mun ekki krafizt af öðrum þegnum þjóðfélagsins. Vinnuskilyrði héraðslækna eru að vísu ekki að litlu leyti háð framtaki þeirra sjálfra, en augljóslega skortir einangraðan héraðslækni með nútímalæknisþjálfun ýmis skilyrði til að hagnýta sér til fullnustu kunnáttu sína og leikni, og setja ungir læknar þetta mjög fyrir sig.

4. Vanmat á almennum læknisstörfum. Almenn læknisstörf njóta minni virðingar en sérfræðistörf bæði í augum sjúklinga og lækna. Fólk treystir sérfræðingum jafnvel betur til almennra heimilislæknisstarfa en almennum læknum og virðist lítinn greinarmun gera á einstökum sérgreinum. Að þessu leyti hefur skapazt óraunsætt ofmat á sérfræðingum. Héraðslæknum finnst, að hinir sérfróðu læknar í þéttbýlinu líti héraðslæknisstörf smáum augum, og í greinargerð eins af fremstu héraðslæknum landsins segir m. a.: „Þar við bætist, að læknar í Reykjavík líta yfirleitt heldur niður á almenna lækna úti á landi."

5. Nám og námsuppeldi læknastúdenta. Skipulegt klíniskt nám læknastúdenta fer nær eingöngu fram á sjúkrahúsum og rannsóknarstofnunum, og öll kennsla er í höndum sérfræðinga í misvíðum sérgreinum. Þessir sérfræðingar vinna hópstarf, þeirri starfstilhögun kynnast stúdentarnir og þykir hún sjálfsögð þaðan af. Sjúklingahópurinn er valinn og tiltölulega takmarkaður, þ. e. fyrst og fremst sjúklingar með meiri háttar sjúkdóma, og af þeim sjúklingaefniviði markast sjónhringurinn og áhugamálin. Hins vegar kynnast stúdentarnir ekki eða þá aðeins af tilviljun starfsháttum og starfsskilyrðum lækna við störf á lækningastofum og í heimahúsum og þá ekki heldur hinum fjölmenna hópi, er leitar lækna með smærri kvilla eða

kvartanir, sem líka verður að sinna, þar sem þeir geta engu að síður haft ósmá áhrif á líðan og starfsgetu. Námsuppeldi læknastúdenta hlýtur með öðrum orðum að vekja áhuga þeirra fyrst og fremst á sérfræðigreinum og sjúkrahússtörfum.

Rétt er að benda á, að það, sem hér hefur verið sagt, á ekki fremur við um læknakennslu hér á landi en í öðrum löndum.

6. Ásókn ungra lækna í sérfræðinám. Þróun læknisfræðinnar, ljómi sá, sem leikur um sérfræðinga, og tilsvarandi vanmat á almennum læknum og námsuppeldi læknastúdenta leggst allt á eitt um að beina ungum læknum að sérfræðistörfum. Undantekningarlítið leggja ungir læknar nú stund á sérnám, og nær engar líkur eru til, að læknar, sem komnir eru inn á þá braut, snúi sér síðar að héraðslæknisstörfum. En þetta veldur ekki aðeins skorti á héraðslæknum, heldur einnig á hæfum heimilislæknum hvar sem er á landinu, og gætir þessa nú tilfinnanlega í Reykjavík.

7. Atvinnumöguleikar erlendis. Íslenzkir læknar hafa mikla atvinnumöguleika erlendis, og ekki eru horfur á, að á því verði breyting á næstunni. Þetta bitnar vitaskuld fyrst á þeim læknisstörfum heima fyrir, sem hafa minnst aðdráttarafl, en til þeirra verður að telja héraðslæknisstörf.

Um læknishéraðaskipanina. Við athugun á læknishéraðaskipaninni hefur fyrst af öllu verið haft í huga, á hvern hátt mætti takast að sníða af héraðslæknisembættunum þá annmarka, sem beinlínis virðast fæla lækna frá að setjast í þau, en meginástæðan er tvímælalaust einangrunin með margvíslegum afleiðingum hennar, eins og lýst hefur verið hér að framan. Úr hinni faglegu og starfslegu einangrun verður ekki dregið á annan hátt en þann, að tveir eða fleiri læknar sitji á sama stað og skipti með sér verkum og vöktum. Þótt þetta mætti takast, er einangrunarvandamálið samt aðeins leyst að nokkrum hluta, og verður engu um það spáð, hvort sú ráðstöfun hefði veruleg áhrif, þótt líklegt sé, að hún orkaði einhverju, þar sem vel hagar til. Er þegar nokkur reynsla fyrir því, að læknar virðast ekki öllu fúsari að setjast að úti á landsbyggðinni (þ. e. utan Reykjavíkur), þótt fyrir sé læknir eða læknar á staðnum. Hin félagslega og menningarlega einangrun virðist hér því þyngst á metunum.

Hæpið er, að nokkurt þeirra læknishéraða, sem aðeins einn læknir situr í nú, sé til skiptanna sökum mannfæðar, þótt sum séu að vísu á mörkum þess, en verkefnaskortur mun þykja meiri annmarki á héraði en flest annað. Yrði þá ekki um annað að ræða en að sameina tvö eða fleiri héruð og koma upp í hverri samsteypu læknamiðstöð, þar sem hæfilega margir læknar sætu saman og hefðu umráð yfir farartækjum í samræmi við staðhætti, svo sem snjóbifreiðum, flugvélum o. s. frv. Verður hér á eftir gerð grein fyrir athugunum og tilögum um hugsanlega héraðaskipan, og eru héruðin flokkuð í 4 flokka.

I. flokkur. Héruð, sem ástæðulaust þykir að hrófla við.
(Tölurnar eru mannfjöldatölur í hverju héraði):

1. Reykjavíkur	77927	5. Vestmannaeyja	4821
2. Álafoss	1342	6. Keflavíkur	9074
3. Akranes	4696	7. Hafnarfjarðar	9539
4. Dalvíkur	1964	8. Kópavogs	7684

II. flokkur. Héruð, sem lagt er til, að lögð verði niður og sameinuð nágrannahéraði, án þess að upp verði komið læknamiðstöðvum, þó með þeim fyrirvara, að samþykktar verði tillögur um staðaruppbót, námsleyfi á launum o. fl.
(Um mannfjölda, sjá ath. við 1. gr.):

1. Flateyjarhérað:	Múlahreppur falli undir Reykhólahérað, en Flateyjarhreppur undir Stykkishólmshérað.
2. Suðureyrarhérað:	Héraðið falli aftur undir Flateyrarhérað.
3. Djúpavíkurhérað:	Héraðið falli undir Hólmavíkurhérað.
4. Raufarhafnarhérað:	Héraðið falli aftur undir Kópaskershérað.
5. Bakkagerðishérað:	Héraðið falli undir Norður-Egilsstaðahérað.

Flateyjarhérað, Djúpavíkurhérað og Bakkagerðishérað eru nú orðin svo fámenn, að ekki er til þess að hugsa, að læknir fáist þangað framar, og hefur þeim undanfarin ár verið gegnt, gegn hálfum launum, af læknum þeirra héraða, sem nú er lagt til, að þau verði sameinuð. Við skiptingu Kópaskershéraðs í Kópaskers- og Raufarhafnarhérað urðu bæði héruðin óútgengileg, enda hefur enginn læknir fengizt til að gegna þeim undanfarin ár nema báðum í senn, og hafa læknarnir ekki talið vandkvæði á þeirri þjónustu. Ekki virðast heldur líkur til, að læknir fáist til að sitja á Suðureyri, sem hefur verið læknislaus um hríð. Hins vegar geta samgöngur við Flateyri verið örðugar í óveðrum á vetrum, þegar aðeins verður komist á sjó, þó að sjóleið sé stutt. Rétt þykir, að þremur þessara staða, þ. e. Suðureyri, Raufarhöfn og Bakkagerði, verði veitt heimild fyrir sérstakri læknisþjónustu um tíma á ári hverju, bæði vegna aukins mannfjölda á vertíð og einangrunar staðanna (Suðureyrar, Bakkagerðis).

III. flokkur. Héruð, sem mætti sameina eftir þörfum og koma upp fyrir þau læknamiðstöðvum:

1. Selfossstöð:	1.	Selfoss	2838
	2.	Hveragerðis	1475
	3.	Laugarás	1969
	4.	Eyrarbakka	964
(Rangárvallastöð):	5.	Hvols	1375
	6.	Hellu	1350
	7.	Vík	930
2. Egilsstaðastöð:	8.	N.-Egilsstaða	941
	9.	A.-Egilsstaða (ásamt Bakkagerðis)	1098
3. Húsavíkurstöð:	10.	Húsavík	2413
(Sjá enn fremur héruð í flokki IV).	11.	Breiðumýrar	1268
4. Akureyrarstöð:	12.	Akureyrar	11449
	13.	Grenivík	600
5. Sauðárkróksstöð:	14.	Sauðárkróks	2814
	15.	Hofsós	1131
6. Blönduósstöð:	16.	Blönduós	1648
	17.	Höfða	736
	18.	Hvammstanga	1612
7. Ísafjarðarstöð:	19.	Ísafjarðar	3102
	20.	Bolungarvíkur	913
	21.	Súðavíkur	635
8. Borgarnesstöð:	22.	Borgarnes	1629
	23.	Kleppjárnsreykja	1416

Í 20 framantalinna héraða situr nú (í október 1964) skipaður læknir, en í 3 eru settir læknar, sem munu að líkindum sitja þar aðeins skamma hríð (Súðavíkur, Hvammstanga, Víkur). Ástandið í þessum héruðum er því ekki þannig, að aðkallandi eða réttlætanlegt megi teljast að bylta við skipun þeirra nú þegar, þar sem sameining mundi kosta stórfé og vafalaust sæta harðri andspyrnu hlutaðeigandi héraðsbúa. Þörfin á sameiningu verður því að vera orðin ótvíræð, áður en að henni er horfið. Þó er það ekki ólíkleg þróun, að héruð verði sameinuð, eftir því sem reynsla sýnir, að þörf verður á og staðhættir leyfa, og er lagt til, að lögfest verði heimild um sameiningu héraða og stofnun læknamiðstöðva á þann hátt, sem segir í grein um það efni. Eins og nánara verður vikið að síðar, eru það framar öllu héruð í þessum flokki, sem heimildin mundi taka til í framkvæmd.

Ástæða mætti þykja til að fella Súðavíkurhérað, sem löngum hefur verið óskipað, nú þegar undir Ísafjarðarhérað, sem fengi þá jafnframt heimild fyrir föstum aðstoðarlækni. En varhugavert þykir að leggja þetta til að svo stöddu, þar

sem það gæti vel orðið til þess, að Ísafjarðarhérað yrði óútgengilegra eftir en áður. Þykir því rétt að hafa fyrst um sinn á núverandi hátt, að Súðavíkurlæknir fái leyfi til að sitja á Ísafirði, og að leitað verði samninga um það hverju sinni við bæjaryfirvöldin þar, að hann gegni jafnframt aðstoðarlæknisstörfum við sjúkrahúsið á Ísafirði.

IV. flokkur. Héruð, sem telja verður örðugt eða ókleift sökum staðhátta að sameina um læknamiðstöðvar:

1.	Ólafsvíkur	1724	11.	Kópaskers	730
2.	Stykkishólms	1925	12.	Þórshafnar	907
3.	Búðardals	1171	13.	Vopnafjarðar	787
4.	Reykhóla	405	14.	Seyðisfjarðar	841
5.	Patreksfjarðar	1570	15.	Nes	1638
6.	Bíldudals	516	16.	Eskifjarðar	1537
7.	Þingeyrar	648	17.	Búða	1065
8.	Flateyrar	665	18.	Djúpavogs	887
9.	Hólmavíkur	1043	19.	Hafnar	1461
10.	Siglufjarðar	2646	20.	Kirkjubæjar	682

Auk þeirra héraða, sem lagt er til, að lögð séu niður, eru það sérstaklega sum héruðin í þessum flokki, sem örðugt hefur reynzt að fá lækna til að gegna. Skipaðir læknar sitja nú (í október 1964) í 13 þeirra, settir í 5 (Reykhóla, Flateyrar, Kópaskers, Vopnafjarðar og Nes), en 2 eru læknislaus, þ. e. þeim er gegnt af nágrannalækni (Búðardals og Kirkjubæjar). Langflestum þessara héraða yrði mjög örðugt að gegna frá læknamiðstöðvum sökum náttúrlegrar einangrunar eða mikilla vegalengda eða hvors tveggja, jafnvel þótt læknarnir réðu yfir fullkomnustu samgöngutækjum. Að minnsta kosti 13 þeirra eru svo fjölmenn, að það er fullkomið starf einum lækni að gegna hverju um sig, og að líkindum eru 5 á mörkunum. Flest héruðin yrðu læknarnir því helzt að heimsækja daglega og hafa þar viðtöl og vitjanir, svo fremi að veita ætti íbúum þeirra viðunandi læknisþjónustu, en auk þess yrði öðru hverju að fara aukaferðir. Læknarnir þyrftu því að stunda störfin að miklu eða jafnvel að mestu leyti utan aðsetursstaðanna. Þeir yrðu með öðrum orðum á sífelldum ferðalögum, þegar þeir væru á vakt, og á veturna yrðu þeir að ferðast ýmist á snjóbílum, bátum eða í flugvélum, allt eftir staðháttum og veðráttu. Þessi starfsskilyrði verða að teljast svo fráfælandi, að engar líkur eru til, að læknar muni kjósa þau fremur en að sitja hver í sínu héraði, eins og nú er.

Ef allt um þrýtur, væri þó ef til vill hugsanlegt, að fáein þessara héraða mætti sameina og koma upp læknamiðstöðvum fyrir þau, en þó varla nema fyrir því hefði fengizt reynsla, að læknar kysu fremur að taka á sig erfiðleikana við að gegna þeim úr miðstöð en að sitja einir í hverju héraði. Þessi héruð eru:

Þórshafnarstöð:	Þórshafnar.
(Vopnafjarðarstöð)	Vopnafjarðar.
Húsavíkurstöð:	Kópaskers (ásamt Raufarhöfn og héruðum þeim, sem nefnd
(áður nefnd)	eru í III. flokki, lið 3).
Stykkishólmsstöð:	Stykkishólmur.
	Búðardalur.
	Reykhólar.

Um önnur nýmæli frumvarpsins vísast til athugasemda við einstakar greinar, sem fara hér á eftir.

III. Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Lagt er til, að 5 héruð verði lögð niður og sameinuð nágrannahéruðum. Þessi héruð eru: Flateyjarhérað, Suðureyrarhérað, Djúpavíkurhérað, Raufarhafnarhérað og Bakkagerðishérað. Hinn 1. desember s. l. var mannfjöldi í þessum héruðum sem hér segir: Flateyjarhérað 119 manns, sem skiptist þannig, að í Flateyjarhreppi voru 72, en í Múlahreppi voru 47, Suðureyrarhérað 484 manns, Djúpavíkurhérað 267 manns, Raufarhafnarhérað 479 manns og Bakkagerðishérað 331 maður. Er þetta minni fólksfjöldi en gera verður ráð fyrir, að nokkur læknir sætti sig við til frambúðar. Að öðru leyti má vísa til hinna almennu athugasemda, kaflans um breytingar á læknishéraðaskipan, um frekari rök fyrir þessari breytingu.

Niðurlag greinarinnar, 2. mgr., er nýmæli. Lagt er til, að heimilt skuli, þegar á þarf að halda að dómi landlæknis, að ráða einn lækni með ótiltekinni búsetu til að veita neyðarlæknisþjónustu í læknislausum héruðum á hvern þann hátt, er við verður komið. Þessi heimild yrði að sjálfsögðu ekki notuð, nema nágrannalæknir teldi sér ofætlun að gegna héraðinu. Læknir þessi gæti eftir atvikum verið búsettur ýmist í Reykjavík eða á Akureyri. Hann mundi veita þjónustu gegnum síma, eftir því sem unnt væri, en fara reglulega flugleiðis í héraðið, ef áætlunarflugi væri haldið uppi þangað, en annars með sérstakri flugvél, þegar mikið lægi við. Mjög vafasamt getur verið, að læknir fáist til að taka að sér þetta starf, en þar sem þess gæti orðið brýn þörf, þykir rétt, að heimildin sé sett.

Um 2. gr.

Eðlilegt þykir, að Grímseyingum sé jafnheimilt að leita læknis til Húsavíkur og Akureyrar. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 3. gr.

Greinin er óbreytt að öðru leyti en því, að héraðslækni er heimilað að sitja utan héraðs, ef nauðsyn krefur. Þetta hefur þegar orðið að leyfa, með því að ekki hefur verið völ á lækni að öðrum kosti (Súðavíkurhérað), og þykir því rétt, að til þess sé ótvíræð heimild. Slík seta gæti vel orðið fyrsti vísir að læknamiðstöð.

Um 4. gr.

Með þeirri læknishéraðaskipan, sem við höfum búið við fram til þessa, eru héraðslæknar víðast neyddir til að vinna einir, en einangraðir læknar hafa takmörkuð skilyrði til að veita læknisþjónustu í samræmi við kröfur tímans, og við það sætta ungir læknar sig illa. Þeir, sem búa í strjálbýli, telja sig að sjálfsögðu eiga rétt á eins fullkominni læknisþjónustu og framast er unnt að veita þeim. Þess vegna er æskilegt, að læknishéraðaskipaninni verði breytt þannig, að læknar geti sem allra víðast unnið saman, og er lagt til, að lögfest verði heimild um sameiningu héraða og stofnun læknamiðstöðva, eftir því sem þörf verður á og staðhættir leyfa. Að öðru leyti vísast til hinnar almennu greinargerðar athugasemdanna, kaflans um breytingar á læknishéraðaskipan, um efni greinarinnar.

Um 5. gr.

Fyrri hluti greinarinnar, 1.—4. mgr., svarar til 4. gr. núgildandi laga. Ekki eru gerðar aðrar breytingar á 4. gr. en þær, sem leiða af breytingum á launakerfi ríkisins og heiti Reykjavíkurborgar (bæjar breytt í borgar). Síðari hluti greinarinnar, 5. mgr., er nýmæli. Við veitingu héraðslæknisembætta hefur það sjónarmið yfirleitt ráðið að meta embættisaldur héraðslækna eins mikils og framast er unnt. Þykir rétt, að þessi rótgróna hefð sé staðfest í lögum, þar sem það ætti

að geta örvað lækna til að setjast í afskekkt eða fámenn héruð í vissu þess, að þeir megi síðar vænta betri héraða, svo framarlega sem þeir reynast starfi sínu vaxnir.

Um 6. gr.

Með því að engin lausn virðist vera til á einangrunarvandamálinu í ýmsum læknishéruðum landsins, verður að leita sérstakra úrræða til að fá lækna út í þessi héruð, svo framarlega sem þau eiga að verða aðnjótandi viðunandi læknisþjónustu. Til þess eru ekki sjáanleg önnur úrræði en að bjóða fram einhvers konar hlunnindi, þar sem megn andstaða mun gegn aukinni skylduþjónustu læknakandídata í héruðum. Að vísu munu héraðslæknar nú yfirleitt vera ánægðir með afkomu sína, en það nægir þó ekki til að hæna unga lækna að héraðslæknisstörfum, jafnvel ekki um stundarsakir. Í greininni er lagt til, að hlunnindin skuli fólgin í staðaruppbót, er nemi hálfum launum í hlutaðeigandi héraði, námsleyfi í 1 ár eftir 5 eða 3 ára setu í héraði og hækkun á þjónustualdri, er verði 5 ár fyrir hver 3 þjónustuár. Þessara hlunninda skulu njóta 17 tiltekin héruð, en auk þess heimilt að láta þau ná til 5 ótiltekinna héraða samkvæmt úrskurði ráðherra, ef nauðsyn krefur.

Ákvæðið um staðaruppbót kann í fljótu bragði að þykja varhugavert, þar sem það gæti orðið til þess, að aðrir opinberir starfsmenn á afskekktum stöðum krefðust sambærilegra hlunninda. Hér kemur þó naumast rökstuddur samanburður til greina. Starfsskyldur héraðslækna eru ekki sambærilegar við starfsskyldur neinna annarra opinberra starfsmanna, þar sem þeir eru neyddir til að vera á vakt allan sólarhringinn árið um kring og geta þurft að gegna störfum jafnt á nóttu sem degi. Þetta á að vísu við um alla héraðslækna, en langbundnastir eru þó héraðslæknar í afskekktum héruðum, þar sem jafngilt getur neyðarráðstöfun í augum héraðsbúa að fela nágrannalækni þjónustu, meðan héraðslæknir skýzt burtu.

Ákvæðið um námsleyfi er ekki sett einvörðungu til að hæna lækna að einangruðum héruðum. Það þykir nauðsynlegt, að lækni í slíku héraði gefist kostur á að endurnýja kunnáttu sína og kynnast nýjungum í fræðigrein, sem tekur jafnstórstígum breytingum og læknisfræði.

Ákvæðið um hækkun á þjónustualdri þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Greinin kemur í stað 5. gr. núgildandi laga og eru gerðar á henni nokkrar breytingar.

Um a-lið: Rétt þykir að taka fram, að héraðslæknar eigi rétt á að fá ríkislaunaðan aðstoðarlækni, meðan þeir eru í lögmæltu orlofi eða veikindaforföllum, en þetta er aðeins áréttting á ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38 1954, og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Um b-, c- og d-lið: Þessir liðir geyma ákvæði, sem eru efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

2. mgr. er nýmæli og fjallar um sérstaka aðstoðarlækna til að gegna þremur af þeim héruðum, sem lagt er til, að lögð verði niður, þ. e. Suðureyrarhéraði, Raufarhafnarhéraði og Bakkagerðishéraði. Er þetta með sérstöku tilliti til þess, að í þessum héruðum eru allmiklir útgerðarstaðir, og þykir því nauðsynlegt, að slík heimild komi til þar, en hún kemur þó ekki til framkvæmda, nema ekki hafi tekizt að skipa héruðin samkvæmt 1. tölulið ákvæða til bráðabirgða.

Um 8. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 10. gr. núgildandi laga, eins og henni var breytt með 3. gr. laga nr. 45 1962.

Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 6. gr. núgildandi laga.

Eðlilegt væri, að komið yrði á fót heilsuverndarstöðvum í öllum hinum fjölmennari læknishéruðum landsins, svo sem heimilað er í lögum nr. 44 1955. Þar sem slíku verður eigi við komið, þykir rétt að heimila greiðslu úr ríkissjóði til að launa hjúkrunarkonur að hluta og þá einkum til að starfa í afskekktum héruðum eða byggðarlögum, þar sem læknir situr ekki.

Um 10. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. núgildandi laga.

Um 11. gr.

Greinin er samhljóða 8. gr. núgildandi laga.

Um 12. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 9. gr. núgildandi laga, en breytt til samræmis við 42. gr. lyfsölulaga, nr. 30 29. apríl 1963.

Um 13. gr.

Lagt er til, að læknanemum, sem staðizt hafa fyrsta hluta embættisprófs, verði gefinn kostur á að hljóta ríkisslán gegn skuldbindingu um þjónustu í héraði að afloknu námi. Þessi leið hefur verið farin bæði erlendis og hér á landi (tannlæknar í Reykjavík), og hefur hún borið árangur. Ekki þykir rétt að ákvarða fjárhæð, lánsskilyrði og skyldur lánsþega í lögum, heldur í reglugerð og hafa um samningu hennar samráð við samtök læknanema.

Um 14. gr.

Lagt er til, að stofnaður verði bifreiðalánasjóður héraðslækna með 1 milljón króna framlagi úr ríkissjóði. Tilgangur sjóðsins á að vera að lána læknum hluta af andvirði bifreiðar, um leið og þeir hefja héraðslæknisstörf. Héraðslæknum er að sjálfsögðu mjög mikils virði að hafa umráð yfir eigin bifreið, en bifreiðakaup erfið mönnum, sem eru nýkomnir frá prófborði.

Um 15. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. laga nr. 45 1962, um breyting á núgildandi læknaskipunarlögum.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 2. mgr. í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 45 1962.

Um 17. gr.

Greinin er samhljóða 11. gr. núgildandi laga.

Um 18. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Rétt þykir, að áður en héruð þau, sem talin eru í 1. tölulið ákvæðanna, verða lögð niður og sameinuð nágrannahéruðum, verði gerð úrslitatilraun til að fá lækna í þau. Takist það, verður hérað ekki lagt niður, meðan læknir situr þar, og endanlega verða héruðin ekki lögð niður, fyrr en að undangengnum þessum aug-

lýsingum. Til þess að fremur megi takast að fá héruðin skipuð, er lagt til, að læknar í þeim njóti sömu kjara og í þeim héruðum, sem talin eru í 6. gr.

Ákvæðið í 2. tölulið er sett, til þess að ekki verði farið að nota hlunnindi þau, sem felast í 2. mgr. 6. gr., fyrr en reynsla er fengin fyrir því, hver áhrif kjarabætur frumvarpsins hafa til úrbóta um héraðslæknaskortinn.

Fylgiskjal.

Kostnaður við nýmæli frumvarpsins.

Staðaruppbót, hálf laun í 17—22 héruðum,
8½—11 embættislaun (skv. 6. gr.),
1 neyðarlæknir (skv. 1. gr.),
1 aðstoðarlæknir (skv. 7. gr.),
Alls 10½—13 embættislaun.
Frá dragast laun í 5 héruðum, sem gert er ráð fyrir, að lögð verði niður.
Mismunur 5½—8 embættislaun,
ca. kr. 850 000.00—1 200 000.00 á ári.
Framlag til bifreiðalánasjóðs í eitt skipti kr. 1 000 000.00.
Eftir 2 ár frá gildistöku laganna laun og ferðakostnaður 4—6 lækna á ári vegna framhaldsnáms. Liðinn er ekki unnt að áætla nú.
Kostnað við námslán er ekki unnt að áætla nú.

Sþ. 291. Tillaga til þingsályktunar [139. mál]

um athugun á rekstrargrundvelli togaraflotans og endurnýjun hans.

Flm.: Gils Guðmundsson, Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að rannsaka og gera tillögur um lausn á vandamálum íslenzkrar togaraútgerðar. Skal nefndin jöfnum höndum kanna allar leiðir til að tryggja hagfelldan rekstur þeirra togara, sem nú eru í eigu landsmanna, og marka framtíðarstefnu um endurnýjun togaraflotans. Nefndin skal hafa náið samstarf við samtök togaraeigenda og togarasjómanna. Við rannsóknir sínar og tillögugerð heimilast nefndinni að afla hverrar þeirrar sérfræðilegrar aðstoðar, innan lands og utan, sem henni þykir við þurfa.

Nefndin leggi álit sitt og tillögur fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Um meira en hálfrar aldar skeið hefur útgerð togara verið mikilvægur þáttur í íslenzku atvinnulífi og átt ríkan þátt í bættri afkomu almennings og framfarasókn þjóðarinnar. Á tímum hinnar fyrri heimsstyrjaldar og árunum þar á undan gerðu þessi nýju og stórvirku atvinnutæki Íslendingum kleift að hagnýta auðlindir hafsins á betri og fullkomnari hátt en áður, juku stórlega magn og verðmæti íslenzkra útflutningsafurða og lögðu grundvöll að vexti og viðgangi ýmissa kaupstaða. Þrátt fyrir erfiðleika allrar íslenzkrar útgerðar á kreppuárunum eftir 1930, á tímum verðfalls og markaðsörðugleika, átti togarafloti landsmanna þá ómetanlegan þátt í að bjarga afkomu fólks við sjávarsíðuna og forða þjóðarbúskapnum frá algeru hruni. Á heimsstyrjaldarárunum síðari sönnuðu togararnir enn, hversu

afkastamikil og gagnsöm atvinnutæki þeir voru. Þótt togaraflotinn hefði þá ekki verið endurnýjaður að heitið gæti um langa hríð, flest skipin gömul orðin og að ýmsu leyti úrelt, var þessi aldraði skipastóll þess umkominn að draga stórfellda björg í bú og afla dýrmæts gjaldeyrisforða, sem hægt var að grípa til að stríðinu loknu og hagnýta til endurnýjunar skipastólsins og margvíslegra annarra framkvæmda. Að styrjöldinni lokinni voru keyptir hingað til lands yfir 40 nýir togarar, stærri og fullkomnari en hinir eldri höfðu verið, búnir öllum þeim tækjum og tækni, sem þá var tiltæk og henta þótti íslenzkum aðstæðum á þeim tíma. Þessi nýju og glæsilegu fiskiskip voru keypt til útgerðarstaða víðs vegar um land. Fyrstu árin var afli yfirleitt góður. Togararnir tryggðu fjölda fólks atvinnu, lögðu upp mikinn afla í hraðfrystihús um land allt og áttu ríkan þátt í að efla fiskiðnaðinn, með því að flytja fiskvinnslustöðvunum hráefni, sem bátafloti landsmanna var þá ekki fær um nema að takmörkuðu leyti. Og enn er það svo og verður vafalaust um langan aldur, að þorskafli bátanna fæst aðallega á vissum árstímum, en eyður verða á milli vertíða. Er þá mjög mikilvægt, þegar togarar hafa lagt upp afla sinn í hraðfrystihúsin, sem ella stæðu ónotuð töluverðan hluta ársins, til stórtjóns fyrir reksturinn og afkomu þess fólks, sem við fiskiðnað vinnur.

Það orkar því naumast tvímælis, að togarafloti Íslendinga hefur á undanförnum áratugum verið einn af hyrningarsteinum þeirra umbóta og framfara, sem hér hafa orðið. Án togaranna hefði afli okkar á djúpmiðum löngum verið næsta rýr og öðrum fiskveiðiþjóðum eftir skilinn. Og á vissum tímabilum hafa þessi stórvirku atvinnutæki lagt slíkan skerf til þjóðarbúsins, að ómetanlegt má teljast. Þótt við eigum nú stóran og vel búinn bátaflota og gerum okkur vonir um, að hann verið fengsæll á hinum grynnri miðum, virðist meira en hæpið að afskrifa með öllu þá gerð veiðiskipa, sem sótt getur afla á djúpmið. Þær raddir gerast hins vegar æ háværari, sem telja, að hlutverki togara hér sé lokið, þeir megi og eigi að hverfa. Flutningsmenn þessarar tillögu líta hins vegar svo á, að sú kenning sé í meira lagi hæpin. Þeir telja fráleitt, að slíkur dómur sé kveðinn upp, án þess að fram hafi farið gagnger rannsókn á því, hvort ekki sé með breyttri og bættri tækni hægt að reka héðan togaraútgerð, þrátt fyrir minnkandi aflabrögð á djúpmiðum, sem væntanlega er tímabundið ástand.

Því verður ekki neitað, að nokkur síðustu árin hafa verið íslenzkri togaraútgerð svo örðug, að hún hefur dregizt stórlega saman. Finnist engar leiðir til úrbóta, er ekki annað sýnt en hún komist brátt í alger þrot. Bráðabirgðaúrræði, svo sem rekstrarstyrkir af opinberu fé, hafa lítt eða ekki dugað. Aðild togara að Aflatryggingasjóði reyndist einnig skammgóður vermir, enda er sú deild hans, sem þá útgerð á að styðja, orðin mjög févana. Háar ábyrgðir vegna togarakaupa falla árlega á ríkissjóð. Margir togarar hafa þegar verið seldir úr landi fyrir sáralítið verð, aðrir bíða þess, að kaupandi fáist. Jafnvel í Reykjavík og Hafnarfirði, þar sem togaraútgerð stóð lengi með mestum blóma, minnkar togaraflotinn stöðugt. Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, sem átti um skeið 4 togara, gerir nú aðeins út einn, og fyrir nokkrum dögum auglýsti Bæjarútgerð Reykjavíkur tvo af togurum sínum til sölu. Er ekki annað sýnt en þessi áður svo stórvirki og þjóðhagslega séð arðbæri atvinnurekstur líði gersamlega undir lok, nema því aðeins að hægt verði að finna honum nýjan og sæmilega hagfelldan rekstrargrundvöll.

Margar samverkandi ástæður liggja til þess, að íslenzk togaraútgerð má nú heita í rústum. Mestu veldur að sjálfsögðu hinn síminnkandi afli á öllum þeim fiskimiðum, sem íslenzka togaraflotanum eru tiltæk. Í því sambandi benda togaraútgerðarmenn einkum á stækkun fiskveiðilandhelginnar og þau fiskimið, sem togurunum var bægt frá af þeim sökum. Tvímælalaust stafar aflabrestur togaranna að einhverju leyti af þessu, en hitt ræður þó meiru, hversu fiskgengd virðist hafa stórminnkað á djúpmiðum við Ísland og á togaramiðum við Grænland og Nýfundnaland.

Önnur meginástæðan til þess, hve togaraútgerð stendur hér höllum fæti um

þessar mundir, er vafalítið sú, að flotinn er orðinn gamall og úreltur og á engan hátt hentugur við þær aðstæður, sem nú eru. Heita má, að um nær tvo áratugi hafi hér alger kyrrstaða átt sér stað. Þau framleiðslutæki, sem upphaflega voru við það sniðin að moka upp miklum afla á skömmum tíma og sigla með hann ísaðan til vinnslu í hraðfrystihúsum eða sölu á erlendum mörkuðum hafa ekki á neinn hátt fengið lagað sig að breyttum aðstæðum. Úthaldskostnaður er mikill, viðhald skipanna dýrt, sáralitlar umbætur orðið á tæknibúnaði til vinnuhagræðingar og verksparnaðar og skipshafnir því fjölmennar. Engar verulegar tilraunir hafa verið gerðar til að endurbæta sjálft veiðarfærið, botnvörpuna. Við höfum hvergi nærri fylgzt af nægilegri árvekni með þeim umbótum, sem aðrar fiskveiðaþjóðir hafa gert á því sviði. Engin umtalsverð rannsókn hefur verið á því gerð, hvort unnt sé að breyta öðrum búnaði togaranna í hagfelldara horf. Því síður hefur það verið kannað á viðhlítandi hátt, hvort kleift sé að gera togarana út á aðrar veiðar en botnvörpuveiðar, svo sem síldveiðar með herpinót. Takmörkuð athugun var gerð á þessu fyrir nokkrum missirum. Benti hún að vísu til þess, að við nokkra örðugleika væri að etja, en skar á engan hátt úr um það, hvort ekki mætti takast að yfirstíga þá.

En svo mikilvægt sem það er, að kannaðar verði allar hugsanlegar leiðir til að bæta rekstrarafkomu þeirra togara, sem Íslendingar eiga nú, er annað verkefni jafnvel enn þá brýnna, þegar framtíðin er höfð í huga. Gaumgæfileg rannsókn þarf að fara fram á því, hvort ekki sé rétt og hagkvæmt, þjóðhagslega séð, að endurnýja smám saman togaraflota landsmanna. Við slíka endurnýjun verður að sjálfsögðu að byggja á þeirri reynslu, erlendri og innlendri, sem fengizt hefur á undanförnum árum. Hagnýta þarf hverja þá tækni varðandi skip, búnað þeirra, veiðarfæri og meðferð á afla, sem bezt er og álitlegust á hverjum tíma.

Flm. þessarar tillögu líta svo á, að ekki sé seinna vænna, að allt þetta mál verði rannsakað niður í kjölinn, svo að úr því fáist skorið, að hverju beri að stefna varðandi íslenzka togaraútgerð á komandi tímum. Hér er um svo mikilvægt þjóðfélagslegt vandamál að ræða, að Alþingi ber skylda til að láta það til sín taka. Þess vegna er tillagan flutt.

Nd. 292. Frumvarp til laga [80. mál]

um breyting á lögum nr. 25 16. apríl 1962, um aðstoð við fatlaða.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. marz.)

1. gr.

Í stað „kr. 3.00“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: kr. 4.00.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Einum fjórða hluta af fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til aðstoðar við blinda, en ¾ hlutum skal varið til byggingar og rekstrar vinnustofnana fyrir fatlað fólk.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1965.

Ed. 293. Lög [3. mál]

um launaskatt.

(Afgreidd frá Ed. 2. marz.)

Samhljóða þskj. 237 (sbr. 3).

Ed. 294. Frumvarp til laga [101. mál]

um Lífeyrissjóð hjúkrunarfólks.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. marz.)

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunarfólks.

2. gr.

Sjóðsfélagar eru í lögum þessum taldir allir þeir, sem skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, formaður Hjúkrunarfélags Íslands, landlæknir og einn maður tilnefndur af ríkisstjórninni til þriggja ára í senn, og er hann formaður stjórnarinnar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins heldur fund svo oft sem þörf er á, og skal hún halda gerðabók og skrá þar allar samþykktir sínar. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða. Ekkert fé má greiða úr sjóðnum nema með samþykki sjóðstjórnarinnar.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins hefur á hendi reikningshald sjóðsins, heimtir inn tekjur hans og annast greiðslur úr honum, hvort tveggja eftir tilvísun sjóðstjórnarinnar. Þóknun fyrir starf Tryggingastofnunarinnar fer eftir samkomulagi milli hennar og sjóðstjórnarinnar. Náist ekki samkomulag, ákveður félagsmálaráðherra þóknunina.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur skal birtur með ársreikningum Tryggingastofnunar ríkisins og endurskoðaður á sama hátt og þeir.

7. gr.

Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefur sérhver sjóðfélagi, sem hefur greitt iðgjöld til hans í 5 ár eða lengur og lætur af störfum sökum varanlegrar örorku eða elli. Rétturinn til að hætta störfum sökum elli miðast við 65 ára aldur, ef viðkomandi hefur makalífeyristryggingu í sjóðnum, en ella við 60 ára aldur.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

8. gr.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldsgreiðslutíma og launaflokki samkvæmt 1. málsgrein 13. greinar. Hann er 1.6% fyrir hvert ár, sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins í lægsta launaflokki og hækkar um 0.02% við hvern flokk upp í 2% af launum fyrir hvert ár í hæsta flokki. Fyrir hvert námsár reiknast 1.6%. Fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri, bætist við 1% af launum í öllum flokkum, en 2% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og sjóðfélaginn hefur öðlast rétt til að fá ellilífeyri.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 60 til 67 ára uppbót á ellilífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Því til sönnunar ber viðkomanda að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins um heilsufar. Við ákvörðun um uppbót á lífeyri skal sjóðstjórnin hafa hliðsjón af heimilisástæðum viðkomandi sjóðfélaga og aðstöðu hans til að nýta þá starfskrafta, sem hann kann að hafa.

Til launa telst eigi aðeins laun greidd í peningum heldur og fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni, og skal verðmæti þeirra fríðinda talið hið sama og þau eru metin til skatts.

9. gr.

Sjóðfélagar, sem verða vegna örorku fyrir launalækkun, er nemur meira en 10% af launum, eða verða að hætta störfum sökum varanlegrar örorku eftir að þeir öðluðust aðild að sjóðnum, eiga rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda sé örorkan metin meiri en 10%.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 8. gr. að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til hjúkrunarstarfsins, skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til þess tíma, er hann hefði öðlast ellilífeyrisrétt. Áunninn lífeyrisréttindi skulu reiknast af launum í því starfi, sem sjóðfélaginn gegndi síðast, eins og þau eru á hverjum tíma. Ef um nema er að ræða, skal miða við laun almennra hjúkrunarkvenna eða hjúkrunarmanna á þeim spítala, sem viðkomandi starfaði.

Sé örorkan milli 10% og 50%, er örorku-lífeyririnn sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75% er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1%, sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri, greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginganna. Þegar sjóðfélagi, sem er metinn undir 75% öryrki, nær 60 ára aldri, fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 8. greinar. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans, sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.

Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris. Örorkumatið skal framkvæmt af trúnaðarlækni sjóðsins, og skal það aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélagans til að gegna hjúkrunarstörfum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því,

sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja í sjóðnum hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn, er starfa í þeirra þjónustu.

Þrátt fyrir örorku getur enginn sjóðfélagi fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði, hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

10. gr.

Stjórn sjóðsins getur heimilað sjóðfélögum að tryggja maka sínum makalífeyri úr sjóðnum gegn því að viðkomandi sjóðfélagi öðlist ekki ellilífeyrisrétt fyrr en frá og með 65 ára aldri. Umsókn um slíkt verður sjóðfélaginn að hafa sent áður en hann nær 55 ára aldri. Sjóðfélagi, sem hefur þannig afsalað sér réttinum til að fá ellilífeyri frá 60 ára aldri, getur ekki öðlast þann rétt aftur. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir veitingu makalífeyristryggingar, að viðkomandi sjóðfélagi sé heilsuhraustur og afli að minnsta kosti eins mikilla peningatekna með vinnu sinni og maki hans. Stjórn sjóðsins getur krafizt þess, að umsækjandi leggi fram vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins um heilsufar sitt.

Nú andast sjóðfélagi, sem notað hefur heimildarákvæði þessarar greinar, og lætur eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum, samkvæmt þeim reglum, er fara hér á eftir.

Upphæð makalífeyris ákvarðast þannig, að samanlagður makalífeyrir úr sjóðnum og maka- og ellilífeyrir, sem makinn kann að eiga rétt á frá almannatryggingunum, er hundraðshluti af launum þeirra, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast. Ef starfstími sjóðfélagans hefur verið 30 ár eða skemmri, er hundraðshluti þessi 20% af greindum launum að viðbættu 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár. Fyrir hvert ár, sem hinn látni hafði starfað eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, en áður en hann öðlaðist rétt til ellilífeyris, hækkar makalífeyririnn um ½% af launum en um 1% fyrir hvert starfsár, eftir að iðfjaldagreiðslu var lokið og hann öðlaðist rétt til að taka ellilífeyri.

Sé makalífeyrir samkvæmt næstu málsgrein hér á undan lægri en tvöfaldur einstaklingslífeyrir almannatrygginganna, skal greiða úr sjóðnum þeim makalífeyrisþegum, sem rétt eiga á maka- eða ellilífeyri frá almannatrygingunum, það sem á vantar að samanlagður lífeyrir þeirra nái tvöföldum einstaklingslífeyri almannatrygginganna. Þó skal greiðsla sjóðsins aldrei fara fram úr hundraðshlutum þeim, sem nefndir eru í 3. málsgrein þessarar greinar.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

Þegar sjóðfélagi deyr, sem verið hefur tvígiftur, og lætur eftir sig tvo maka á lífi, skiptist makalífeyririnn milli þeirra, í beinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna sjóðfélaga á þeim tíma er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur, sé því hjónabandi slitið, enda veiti síðara hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum, eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir, séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

11. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni sjóðfélagi séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá sjóðfélagi lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafn margir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

12. gr.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu, sem hærra var launað.

Sama regla gildir, þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi, er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á sem í þessari málsgrein ræðir um, er viðkomandi heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafizt vottorðs trúnaðarlæknis sjóðsins til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

13. gr.

Sjóðfélagar skulu greiða iðgjöld til sjóðsins, er séu ákveðinn hundraðshluti af launum, mismunandi eftir upphæð launa. Hundraðshluti þessi getur verið lægstur 2¼ en hæstur 4¼ og skal hann ákveðinn á sama hátt og hjá sjóðfélögum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 29/1963.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Laungreiðendur greiði í iðgjöld til sjóðsins 6% af launum þeim, er sjóðfélagar taka hjá þeim. Laungreiðendum ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt eigin iðgjöldum til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna. Vanræki laungreiðandi að halda eftir iðgjaldi sjóðfélaga, er hann þrátt fyrir það ábyrgur fyrir öllu iðgjaldinu gagnvart lífeyrissjóðnum.

Iðgjöld skal reikna af föstum launum að meðtöldum fríðindum svo sem fæði og húsnæði, ef slík fríðindi fylgja stöðunni, sbr. 3. mgr. 8. greinar.

14. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd með vöxtum iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Stjórn sjóðsins ákveður vextina með hliðsjón af ávöxtun sjóðsins. Hafi hann verið sjóðfélagi í 5 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans,

sbr. 8. gr., miðast þá við starfstíma hans og laun þau, er hann hafði, er hann lét af stöðu þeirri, er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra, eftir að taka lífeyris hefst. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 30 ár, skal barnalífeyrir ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 11. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlast rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlast rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu í 30 ár.

Sé staða eða starfi sjóðfélagans lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki, er staða hans var í, er hún var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

Láti sjóðfélagi um stundarsakir af starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, er honum heimilt að greiða iðgjöld fyrir þann tíma, er hann var í burtu, enda hafi hann verið við framhaldsnám eða unnið að hjúkrunarstörfum, sem ekki veita aðgang að sjóðnum.

15. gr.

Nú flyzt sjóðfélagi, er verið hefur í þessum lífeyrissjóði, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi sjóðfélaga í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlast.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

Á tilsvarandi hátt er sjóðstjórninni heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðherra, að veita viðtöku, vegna sjóðfélaga, er gerist sjóðfélagi í þessum sjóði, fé því, er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði, tryggingafélagi eða stofnun, sem að framan greinir, og veita honum réttindi í samræmi við það.

Einnig getur stjórnin, þegar sérstaklega stendur á, og með samþykki fjármálaráðherra, heimilað réttindakaup aftur í tímann, þó að ekki sé um að ræða yfirfærzlu á réttindum annars staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum, að mælt sé með þeim af forstöðumanni þeirrar stofnunar, er sjóðfélaginn vinnur hjá, að gengið sé frá réttindakaupunum innan árs frá því hann var ráðinn og að hann sé eldri en 30 ára, þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum.

16. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingafræðingur hefur lagt til.

17. gr.

Allar hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn, sem vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir, sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skulu vera skyldutryggð í sjóði þessum. Heimilt er að taka í sjóðinn aðrar hjúkrunarkonur og hjúkrunar-

menn, er starfa að hjúkrun, enda sé viðkomandi eigi ráðinn til skemmri tíma en eins árs, eða með að minnsta kosti þriggja mánaða uppsagnarfresti.

18. gr.

Ríkissjóður og aðrir aðilar, sem tryggja hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn í sjóði þessum, ábyrgjast hver fyrir sinn hóp greiðslur úr honum. Nú reynist einhver aðili, sem tryggt hefur hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn í sjóðnum, ekki fær um að standa við ábyrgðarskuldbindingu sína, og er ríkissjóður þá bakábyrgur.

Lífeyrir greiðist með 1/12 árslífeyris fyrirfram á hverjum mánuði.

19. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

20. gr.

Frá og með 1. janúar 1964 hafa allar hjúkrunarkonur og hjúkrunarmenn öðlast full réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar, og greiða frá sama tíma fullt gjald til þeirra. Stjórn sjóðsins semur við Tryggingastofnun ríkisins um uppgjör fyrir liðinn tíma í samræmi við ákvæði almannatryggingalaga um það atriði.

Hjúkrunarkonur, sem fengið hafa lífeyri fyrir gildistöku laga þessara skulu fá greiddan lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga frá gildistöku þeirra. Ríkissjóður og aðrir aðilar, sem tryggt hafa hjúkrunarkonur í sjóðnum, endurgreiða honum mismuninn á þeim lífeyri, sem þannig verður greiddur, og þeim lífeyri, er viðkomandi lífeyrisþegum bar samkvæmt eldri reglum.

21. gr.

Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna, sbr. 8., 9. og 10. gr., og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir aðilar, sem tryggt hafa hjúkrunarkonur og/eða hjúkrunarmenn í sjóðnum, honum þá hækkun, er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 65/1955 um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Ed. 295. Breytingartillaga [70. mál]

við frv. til l. um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 48. gr. bætist:

Heimilt er að veita hrossaræktarfélögum fjárframlag til stofnræktar hrossa, ef ráðunautar Búnaðarfélags Íslands og stjórnir hrossaræktarsambanda og búnaðarsambanda þeirra, sem sett hafa sér búfjárræktarsamþykkt, mæla með. Árlegt framlag í þessu skyni má vera kr. 300.00 á hverja skýrslufærða hryssu, enda hlíti sá, er framlags nýtur, ráðum og umsjá hrossaræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands.

Ed. **296. Frumvarp til laga** [70. mál]

um búfjárrækt.

(Eftir 2. umr. í Ed., 2. marz.)

Samhljóða þskj. 78 með þessum breytingum:

10. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta, fær styrk til starfsemi sinnar eins og hér greinir á hverja reiknaða árskú, en tala þeirra á hverju búi er fundin með því að leggja saman skýrsludaga allra kúnna og deila í þá útkomu með 365:

1. Kr. 9.60, sé fitumagn mjólkur rannsakað sjaldnar en 6 sinnum á ári.
2. Kr. 18.60, sé fitumagn mjólkur rannsakað minnst annan hvern mánuð.

Styrkurinn greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslur í því formi, er það krefst og nánara skal kveðið á um í reglugerð.

12. gr. hljóðar svo:

Hafi búnaðarsamband ekki sett sér búfjárræktarsamþykkt, geta nautgriparæktarfélög á sambandssvæðinu stofnað samband, ef þau hafa 1000 kýr minnst. Slíku sambandi er heimilt að ráða sér ráðunaut með sömu kjörum og getur í 4. gr. og nýtur til þess sama framlags úr ríkissjóði, enda starfi það samkvæmt samþykkt og reglum, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Í samþykkt sé meðal annars kveðið á um sameiginlegt eftirlit félaganna, ættbókarfærslu, framkvæmd fitumælinga, er eigi skulu sjaldnar vera en annan hvern mánuð, spjaldskrárfærslu þeirra kúa, sem á skýrslu eru, og hvernig jafna skuli niður kostnaði, sem leiðir af samþykktinni. Nú setur búnaðarsamband sér búfjárræktarsamþykkt, og gerist þá nautgriparæktarsamband, ef til er í umdæminu, aðili að búfjárræktardeild búnaðarsambandsins.

17. gr. hljóðar svo:

Telji nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands ástæðu til að hafa sérstakt eftirlit með einstökum kúabúum vegna þess, að afurðir kúnna bendi til, að þar kunni að vera álitlegar nautamæður, er heimilt að taka upp slíkt eftirlit. Kemur þá eftirlitsmaður að minnsta kosti 6 sinnum á ári á viðkomandi bú, er viðstaddur mjaltir kvölds og morguns, vegur mjólk úr hverri kú og tekur sýnishorn til fiturannsókna, allt eftir reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur.

Ríkissjóður greiðir framlag til slíks aukaeftirlits á allt að 30 búum á ári, kr. 640.00 á hvert bú, þó eigi yfir helming kostnaðar.

18. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélag, þar sem ekki er starfandi sauðfjárræktarfélag, getur sett sér samþykkt um að vinna að kynbótum sauðfjár á félagssvæðinu, enda séu aldrei færri en 6 félagsmenn, er fullnægja þeim skilyrðum, er samþykkt áskilur.

Hafi sauðfjárræktarsamþykkt eigi verið sett, geta minnst 6 menn í hreppi stofnað með sér sauðfjárræktarfélag til að vinna að kynbótum sauðfjár. Taka má í félagið menn úr öðrum hreppi, ef ástæða þykir til.

Eigi má félagsmaður hafa færri félagsær en 12, né heldur má hann eiga meira en helming félagsfjárins.

Í samþykkt fyrir sauðfjárræktarfélag skal kveða á um:

1. Að halda skuli ættbók fyrir kynbótafé og hver kind merkt sínu sérmerki.
2. Að haldnar séu afurða- og vigtarskýrslur um allt félagsfé.
3. Hversu haga skuli skýrsluhaldi, til þess að fá megi sem öruggasta vitneskju um erfðaeðli hvers einstaklings.
4. Önnur atriði, er varða félagsstarfið.

Samþykkt, sem sett er samkvæmt þessari grein, skal sníða eftir fyrirmynd frá Búnaðarfélagi Íslands, og tekur hún gildi, er hlotið hefur staðfestingu stjórnar félagsins.

48. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að reka á kostnað ríkissjóðs tvö hrossaræktarbú, annað á Norðurlandi, hitt á Suðurlandi, þar sem fram fer stofnræktun, afkvæmaprófanir og tamning. Búnaðarfélag Íslands hefur umsjón með hrossaræktarbúum þessum, og skulu þau starfa samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Heimilt er að veita hrossaræktarfélögum fjárframlag til stofnræktar hrossa, ef ráðunautar Búnaðarfélags Íslands og stjórnir hrossaræktarsambanda og búnaðarsambanda þeirra, sem sett hafa sér búfjárræktarsamþykkt, mæla með. Árlegt framlag í þessu skyni má vera kr. 300.00 á hverja skýrslufærða hryssu, enda hlíti sá, er framlags nýtur, ráðum og umsjá hrossaræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands.

64. gr. hljóðar svo:

Skylt er forðagæzlumanni að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt til eftirlits vetur hvern. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. nóvember og hinni síðari fyrir lok aprílmánaðar. Skal hann athuga vandlega um tölu búfjár á hverjum stað, húsakost þess, fóðurbirgðir, hirðingu, fóðrun og ganga úr skugga um, að fóðurbirgðir þær séu fyrir hendi, sem búfjáreigandi telur sig hafa.

Þegar að lokinni skoðun ber forðagæzlumaður niðurstöður sínar undir trúnaðarmann búnaðarsambandsins. Komi í ljós, að búfjáreiganda skorti hús eða fóður fyrir fénað sinn, vanfóðri hann eða vanhirði, skal forðagæzlumaður tilkynna það hreppsnefnd þegar í stað. Er þá hreppsnefnd skylt að aðvara þegar þann, er hlut á að máli, og gefa honum einnar viku frest til úrbóta. Hafi hann, að þeim tíma liðnum, ekki gert þær ráðstafanir, sem hreppsnefnd og trúnaðarmaður búnaðarsambandsins telja fullnægjandi, ber hreppsnefnd að útvega honum fóður, ráðstafa fénaði hans til fóðrunar eða lóga, ef ekki er annars úrkosta.

Búfjáreigandi sá, er hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Skylt er sýslumanni að veita hreppsnefnd stuðning við þessar framkvæmdir, ef með þarf.

65. gr. hljóðar svo:

Þegar eftir að forðagæzlumaður hefur lokið skoðun á hausti, gerir hann skýrslu um tölu búpenings, ásetning, fóðrun og fyrningar á eyðublaði, er Búnaðarfélag Íslands lætur í té. Skal skýrsla þessi gerð í tvíriti, og undirritar forðagæzlumaður bæði eintökin og einnig trúnaðarmaður viðkomandi búnaðarsambands. Forðagæzlumaður heldur öðru eintaki skýrslunnar til eigin nota og varðveizlu, en hitt eintakið sendir hann Búnaðarfélagi Íslands þegar að lokinni skoðun.

Þá er forðagæzlumaður fer um umdæmi sitt til skoðunar síðari hluta vetrar, sbr. 1. málsgr. 64. gr., skal hann rita athugasemdir um fóðurbirgðir og ástand búpenings á skýrslu sína frá næstliðnu hausti og tilkynna Búnaðarfélagi Íslands niðurstöður skoðunarinnar, hvort tveggja samkvæmt nánari fyrirmælum félagsins.

Hreppsnefnd semur um þóknun fyrir forðagæzlu, og greiðist hún úr sveitarsjóði.

66. gr. hljóðar svo:

Heimilt er sveitarfélagi að stofna fóðurbirgðafélag. Tilgangur fóðurbirgðafélags er að tryggja það, að til sé á haustnóttum sá fóðurforði fyrir búfé félagsmanna, sem nægi í harðasta vetri, hafa eftirlit með því, að það sé þannig fóðrað og hirt, að því líði sem bezt og gefi sem mestan arð.

Stjórn fóðurbirgðafélags sér um, að fóðurbirgðir séu skoðaðar eins oft og þurfa þykir. Skal hin fyrsta skoðun ætíð fara fram fyrir 1. nóvember, sbr. 64. gr.

72. gr. hljóðar svo:
Þegar sjóður félagsins er orðinn það gildur, að hann nemur kr. 4000.00 á hvern félagsmann, er félaginu heimilt með aðalfundarsamþykkt að létta af iðgjöldum samkvæmt 69. gr. að nokkru eða öllu leyti.

73. gr. hljóðar svo:
Fyrir lok júlímánaðar ár hvert sendir stjórn fóðurbirgðafélags Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um félagsstarfið, eftir því sem tekið er fram í samþykkt félagsins og Búnaðarfélag Íslands ákveður. Framlag ríkissjóðs greiðist þegar er reikningar og skýrslur félagsins hafa borizt Búnaðarfélagi Íslands.

Nd. 297. Frumvarp til laga [140. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.
Í stað orðanna „hafi góða sjón og heyrn og sé nægjanlega hraustur andlega og líkamlega“ í 2. mgr. 27. gr. komi: hafi góða sjón, nægjanlega heyrn og sé að öðru leyti nógu hraustur andlega og líkamlega.

2. gr.
1. og 2. mgr. 70. gr. orðist svo:
Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í vátryggingarfélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við vátryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 500 000.00 fyrir reiðhjól með hjálparvél, kr. 1 000 000.00 fyrir dráttarvél, kr. 1 000 000.00 fyrir bifhjól og kr. 2 000 000.00 fyrir bifreið.
Fyrir vélknúin ökutæki, er flytja mega farþega, skal vátryggingarfjárhæðin þó aldrei vera lægri en svo, að kr. 100 000.00 bætist við vátryggingarfjárhæðina fyrir hvern farþega, er ökutækið má flytja umfram tíu.

3. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. koma þó til framkvæmda 1. maí 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að gerðar verði breytingar á tveimur ákvæðum umferðarlaga, nr. 26 2. maí 1958. Miða breytingar þessar annars vegar að því að veita fólki með skerta heyrn rétt til ökuskírteinis, en hins vegar er lagt til, að hækkaðar verði fjárhæðir skyldutryggingar ökutækja.
Breytingar þessar eru fluttar í samráði við umferðarlaganefnd. Umferðarlaganefnd telur, að reynslan hafi sýnt, að umferðarlögin þarfnist frekari endurskoðunar. Vinnur nefndin að þeirri endurskoðun. Að svo stöddu hefur nefndin þó ekki talið rétt að gera tillögur um aðrar breytingar.

Um 1. gr.
Í grein þessari er lagt til, að fellt verði niður það skilyrði í 27. gr., að bifreiðarstjóri skuli hafa „góða heyrn“, en þess í stað er gert ráð fyrir, að komi krafa um, að hann skuli hafa „nægjanlega heyrn“. Tilgangur þessa er sá að veita heimild til þess, að heyrnarlaust fólk geti fengið ökuskírteini. Á undanförnum árum hefur víða verið dregið úr þeim kröfum, sem gerðar hafa verið um heyrn bifreiðastjóra. Hefur reynslan þótt sýna, að heyrnarleysi valdi bifreiðastjórum ekki erfiðleikum, og heyrnarlausir menn eru yfirleitt taldir öruggir bifreiðastjórar. Tillaga þessi er

flutt vegna tilmæla Félags heyrnarlausra og skólastjóra Heyrnleysingjaskólans og að fenginni umsögn landlæknis. Gert er ráð fyrir því, að í reglugerð verði sett nánari ákvæði, sem nauðsynleg væru til öryggis. Mætti t. d. áskilja, að bifreiðarstjóri noti heyrnartæki eða að ökutæki verði búið sérstökum speglum. Að sjálfsögðu verður þess gætt, að heyrnarlaus umsækjandi um ökuskírteini fullnægi öðrum skilyrðum um hreysti, andlega og líkamlega.

Um 2. gr.

Skyldutrygging ökutækja er nú þessi: Fyrir reiðhjól með hjálparvél kr. 100 000.00, fyrir dráttarvél kr. 200 000.00, fyrir bifhjól kr. 200 000.00 og fyrir bifreið kr. 500 000.00. Fyrir vélknúið ökutæki, sem flytja má farþega, skal fjárhæðin þó aldrei vera lægri en kr. 50 000.00 fyrir hvern farþega, sem ökutækið má flytja.

Vegna verðlagsþróunar á undanförnum árum hefur gildi vátryggingarfjárhæða þessara rýrnað svo mjög, að skyldutryggingin er hvergi nærri fullnægjandi, hvorki fyrir eigendur ökutækjanna né þá, sem fyrir tjóni verða. Eru dæmi þess, að dómstólar hafi metið heildartjón manns vegna persónuslyss á nær 1.5 millj. króna, auk vaxta og málskostnaðar.

Athugað hefur verið, hvert tryggingarlágmarkið skuli vera, eða hvort lögbjóða skuli ótakmarkaða ábyrgðartryggingu. Var leitað upplýsinga hjá Sambandi íslenzkra tryggingarfélaga um það atriði og önnur. Í umsögn þess segir m. a.: „Að því er varðar þann möguleika að fella niður tryggingarupphæðir og tryggja ótakmarkaða ábyrgð, teljum við, að slíkt form trygginga sé allt að því útilokað í svo litlum markaði, sem Ísland er. Í þessu sambandi viljum við benda á, að trygging í þessu formi hlýtur óhjákvæmilega að hafa í för með sér stóraukin endurtryggingaútgjöld, sem leiða beint til hækkunar iðgjalda. Má í þessu sambandi benda á, að eigi hefur verið talið fært að hafa þetta form á tryggingum á Norðurlöndum, enda er það notað eingöngu í fáum og stórum mörkuðum, þó til dæmis ekki í Bandaríkjum Norður-Ameríku."

Með tilliti til þessara upplýsinga þykir ekki ástæða til að gera tillögur um slíkt tryggingaform að sinni.

Einnig hefur verið athugað, hvort rétt muni að breyta vátryggingunum þannig, að hámark tjóna yrði miðað við einstaklingstjón, en ekki við einstakan vátryggingaratburð, svo sem nú er. Þær breytingar krefjast mjög verulegs undirbúnings, sem ekki er hægt að ljúka fyrir næsta tryggingartímabil, sem hefst 1. maí n. k., en nauðsynlegt verður að telja að hækka þurfi tryggingarfjárhæðirnar þegar á því tímabili.

Samkvæmt iðgjaldaskrá tryggingarfélaganna fyrir yfirstandandi tryggingartímabil, eru iðgjöld í stærstu áhættuflokkunum, miðað við 500 þús. kr. tryggingu (skyldutrygginguna) og síðan frjálsa hækkun upp í 1 millj. kr., 1.5 millj. kr. eða 2 millj. kr., þessi (iðgjaldahækkun miðað við 500 þús. kr. tryggingu í %):

Áhættuflokkur	500 þús.	1 000 þús.		1 500 þús.		2 000 þús.	
Fólksbifreiðir til einkaafnota:							
a. (minnstu gerðir)	2 850	3 260	(14.4%)	3 360	(17.9%)	3 460	(21.4%)
b. (milli stæðir)	3 000	3 420	(14 %)	3 520	(17.3%)	3 620	(20.7%)
c. (stærstu gerðir)	3 600	4 070	(13.1%)	4 170	(15.8%)	4 270	(18.6%)
Fólksbifreiðir til fólksflutninga gegn endurgjaldi	7 000	7 830	(11.9%)	7 955	(13.6%)	8 080	(15.4%)
Jeppabifreiðir til einkaafnota	3 000	3 420	(14 %)	3 520	(17.3%)	3 620	(20.7%)
Vörubifreiðir atvinnufyrirtækja og til vöru- og fólksflutninga gegn þorgun ...	7 500	8 370	(11.6%)	8 495	(13.3%)	8 620	(14.9%)

Framangreind iðgjöld eru miðuð við 1. áhættusvæði (þ. e. bifreiðir skráðar í Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfirði, Kópavogi, Keflavík og á Keflavíkurflugvelli). Á öðrum áhættusvæðum eru iðgjöldin töluvert lægri. Hækkun iðgjalda vegna viðbótartryggingar þar er hins vegar svipuð í krónutölu, en þá hærri að hundraðshluta.

Kemur í ljós, að iðgjöldin hækka mjög óverulega, þegar komið er upp fyrir þá fjárhæð, sem flest tjón falla undir. Er því miðað við það í tillögum þessum að ná sem næst fullri tryggingu.

Eins og fram kemur, nemur hækkun iðgjalda við hækkun ábyrgðartryggingarinnar á 1. áhættusvæði, miðað við frjálsa tryggingu í 1.5 millj. kr. eða 2 millj. kr., 13.3%—17.9% eða 14.9%—21.4% eftir áhættuflokkum. Ef um skyldutryggingu er að ræða, mundi hækkunin á sama svæði eftir því sem næst verður komizt verða 8—12%, miðað við 1.5 millj. kr., en 10—14%, miðað við 2 millj. kr.

Að því er dráttarvélar til landbúnaðarstarfa varðar er iðgjald fyrir þær nú kr. 300.00, miðað við 200 þús. kr. tryggingu, hvar sem er á landinu. Væri tryggingarfjárhæðin hækkuð í 600 þús. kr., er gert ráð fyrir því, að iðgjaldið mundi hækka um kr. 120.00, en yrði vátryggingarfjárhæðin 1 millj. kr., yrði iðgjaldshækkunin um kr. 150.00.

Upplýsingar liggja ekki fyrir um iðgjöld fyrir næsta tryggingartímabil, en reikna má með verulegri hækkun iðgjalda, þótt tryggingarfjárhæðir verði óbreyttar. Þó má gera ráð fyrir, að ekki þurfi að koma til hækkunar á iðgjöldum af dráttarvélum og reiðhjólum með hjálparvél.

Í tillögunum er gert ráð fyrir því, að vátryggingarfjárhæð fyrir reiðhjól með hjálparvél, dráttarvélar og bifhjól hækki hlutfallslega meira en vátryggingarfjárhæð fyrir bifreiðir. Stafar það af því, að þau ökutæki geta valdið einstaklingsslysi jafn alvarlegu og bifreiðir.

Miðað við tjónareynslu undanfarinna ára er ekki talin ástæða til að hækka vátryggingarfjárhæðir stórra farþegabifreiða í sama hlutfalli og annarra bifreiða. Samkvæmt gildandi reglum er vátryggingarfjárhæðin fyrir 20 farþega bifreið nú 1 millj. kr., fyrir 40 farþega bifreið 2 millj. kr. og fyrir 80 farþega bifreið 4 millj. kr., en samsvarandi fjárhæðir eftir tillögunum eru 3 millj. kr., 5 millj. kr. og 9 millj. kr.

Um 3. gr.

Tryggingar á vélknúnum ökutækjum miðast við 1. maí. Eins og fram kemur í athugasemdum við 2. gr. er talið nauðsynlegt að hækkun trygginarfjárhæðanna komi til framkvæmda á næsta tryggingartímabili. Samkvæmt því er lagt til, að ákvæði 2. gr. taki gildi 1. maí næstkomandi.

Ed. 298. Breytingartillögur [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (AG).

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að breyta“ komi: og skal þá breyta.
2. Við ákvæði til bráðabirgða. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Greiddar skulu 5% uppbætur á allar bótafjárhæðir samkvæmt lögum þessum á tímabilinu frá 1. júlí 1964 til gildistöku laga þessara.

Ed. 299. Frumvarp til laga [141. mál]

um breyting á íþróttalögum, nr. 49 7. apríl 1956.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Karl Kristjánsson, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 4. gr. komi 5 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (5. gr.) Landinu skal skipt í íþróttaumdæmi, og skal miða skiptinguna við landsfjórðunga. Í hverju íþróttaumdæmi starfar íþróttanámsstjóri. Hann skal ráðinn af menntamálaráðuneyti til þriggja ára í senn að fengnum tillögum íþróttanefndar.
b. (6. gr.) Íþróttafulltrúi hefur umsjón með starfi íþróttanámsstjóra.
c. (7. gr.) Íþróttanámsstjóri skal hafa lokið prófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands eða hlotið menntun, sem jafngildir því, að dómi ráðherra.
d. (8. gr.) Íþróttanámsstjóri skal hafa á hendi þessi störf:
   1. Að vera íþróttafulltrúa og íþróttanefnd til aðstoðar um stjórn og framkvæmd íþróttamála í íþróttaumdæminu.
   2. Að efla frjálsa íþróttastarfsemi og veita íþróttafélögum og einstaklingum aðstoð og leiðbeiningar um íþróttamál.
   3. Að hafa eftirlit með íþróttanámi í skólum og vinna að því að gera það sem fjölbreyttast.
   4. Að leitast við að efla hollt félagsstarf og reglusemi æskufólks.
e. (9. gr.) Laun íþróttanámsstjóra greiðast úr ríkissjóði, og skal ákveða þau samkvæmt lögum nr. 55 28. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með íþróttalögunum 1940 var stigið stórt skref og heillaríkt á sviði uppeldismála. Tilgangur íþróttalaganna er að auka heilbrigði manna og hreysti, líkamsfegurð, vinnuþrek og táp. Síðan íþróttalögin voru sett, hafa verið gerð með fjárhagslegum stuðningi íþróttasjóðs margs konar íþróttamannvirki. Við það hafa skilyrði til íþróttaiðkana batnað að miklum mun. Kostað er kapps um að miða húsnæði skólanna við það, að nemendum gefist kostur á íþróttanámi, enda hefur sund verið gert að skyldunámi unglinga, svo og fleiri íþróttir. Af hinu almenna íþróttanámi sprettur áhugi og þjálfun þeirra, er fram úr skara og unnið hafa íþróttaafrek á undanförnum árum, bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

Íþróttir auka vissulega heilbrigði og táp hinnar ungu kynslóðar. Atvinnuhættir þjóðarinnar taka breytingum, þannig að þeim mönnum fjölgar sífellt, er vinna innanhúss, annaðhvort þjónustustörf, skrifstofuvinnu eða við iðnað, en þeir verða æ færri í hlutfalli við fólksfjölda, er hafa við störf sín útivist og hreyfingu. Af því leiðir, að íþróttir hafa nú og framvegis mikilvægu og auknu hlutverki að gegna á sviði uppeldis og menntunar þjóðarinnar og að þær þarf að efla.

Samkvæmt íþróttalögunum er stjórn íþróttamála falin íþróttafulltrúa og íþróttanefnd með yfirumsjón menntamálaráðuneytis. Til þess hafa valizt áhugasamir menn, og hefur starf þeirra þegar borið góðan árangur. En á sviði íþrótta eins og annarra kennslumála er ekki um það að ræða að ná lokamarki í eitt skipti. Í þeim efnum þarf að vera samfelld þróun, þar sem hæfilegt tillit sé tekið til breytinga á þjóðlífinu og þess jafnan gætt að veita uppvaxandi kynslóð sem bezta aðstöðu til menntunar og þroska.

Með aukinni íþróttastarfsemi og vaxandi fólksfjölda verður það fullt starf fyrir íþróttafulltrúa að hafa á hendi stjórn íþróttamála. Að dómi flm. er rétt að ráða

til starfa menn með sérþekkingu á íþróttum, einn í hverjum landsfjórðungi, er gegni þar námsstjórastarfi í þeirri grein með umsjá og eftir nánari fyrirmælum íþróttafulltrúa.

Íþróttanámsstjóri mundi veita íþróttafulltrúa og íþróttanefnd aðstoð við stjórn og framkvæmd íþróttamála í umdæminu, þar sem hann starfar og er búsettur. Starf hans ætti og að vera í því fólgið að efla frjálsa íþróttastarfsemi og veita íþróttafélögum og einstaklingum aðstoð og leiðbeiningar við íþróttaiðkanir. Hann ætti einnig að hafa eftirlit með íþróttanámi í skólum og vinna að því að gera það sem fjölbreyttast og vera í hvívetna forustumaður íþróttamála á sínu svæði.

Áfengisnautn fer vaxandi með þjóðinni og hefur í för með sér margvísleg vandamál. Ekki er þess að vænta, að ein ráðstöfun eða aðferð reynist fullnægjandi til þess að koma í veg fyrir áfengisnautn æskufólks. En íþróttaiðkanir hafa mikil áhrif og góð í því efni. Íþróttamaðurinn, sem stefnir að því að auka hreysti sína, vinnuþrek og táp, á ekki samleið með þeim, er oft neytir áfengis. Alkunnugt er, að félagsskapurinn, sem æskumaðurinn tekur þátt í, er áhrifaríkur. Samkvæmt frv. ber íþróttanámsstjóra að leitast við að efla hollt félagsstarf og reglusemi æskufólks. Flm. telja, að það geti samrýmzt öðrum störfum hans og að af því megi vænta góðs árangurs.

Ed. 300. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum, og mætti forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins á einum þeirra.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frv. ásamt brtt., sem nefndin flytur á sérstöku þskj. og nánar mun verða gerð grein fyrir í framsögu. KK áskilur sér rétt til að flytja brtt. við frv. og einnig styðja brtt., er fram kunna að koma.

AG mun skila sérstöku nál.

Einn nefndarmanna, ÁB, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 3. marz 1965.

Jón Þorsteinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr., frsm. Bjartmar Guðmundsson.
Karl Kristjánsson. Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 301. Breytingartillögur [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Á undan 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því.

a. 1. málsgr. 26. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld samkvæmt b-lið 23. gr. greiða allir, sem lögheimili eiga í landinu, 16—67 ára að aldri. Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir, sem hafa notið bóta samkvæmt þessum kafla, annarra en fjölskyldubóta, barnalífeyris, mæðralauna eða fæðingarstyrks, tvo mánuði eða lengur, eða dvalizt hafa í sjúkrahúsi eða

hæli á kostnað tryggingana eða ríkisframfærslunnar jafnlangan tíma á skattárinu, ef þeir hafa ekki haft útsvarsskyldar tekjur samkvæmt 2. og 3. málsgr. 31. gr. laga nr. 51 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, og eigi skal iðgjald vera hærra en nemi helmingi útsvarsskyldra tekna. Aldrei skal þó leggja iðgjald á þann, sem hefur ekki haft aðrar tekjur en bætur samkvæmt lögum þessum.

b. 2. málsgr. 72. gr. laganna orðist svo:

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hans. Þó á iðgjaldsgreiðandi, sem ber ekki að greiða eignarskatt, jafnan rétt á því, ef krafizt er, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 26. gr., ef hann hefur ekki haft útsvarsskyldar tekjur samkvæmt 2. og 3. málsgr. 31. gr. laga nr. 51 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, á næsta ári á undan, og eigi má krefja iðgjaldsgreiðanda um hærri hluta iðgjalds en svo, að nemi helmingi útsvarsskyldra tekna. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.

Ed. 302. Frumvarp til laga [142. mál]

um útgáfu og notkun nafnskírteina.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Hagstofa Íslands fyrir hönd Þjóðskrárinnar gefur út nafnskírteini til allra einstaklinga 12 ára og eldri, sem skráðir eru hér á landi.

Á nafnskírteini hvers manns skal vera:

1. Nafn, eins og það er ritað í þjóðskrá.
2. Nafnnúmer samkvæmt þjóðskrá.
3. Fæðingardagur og -ár.
4. Útgáfutími skírteinis.
5. Reitur fyrir mynd.

Heimilt er að ákveða, að aðrar upplýsingar skuli vera á nafnskírteininu, eftir því sem henta þykir. Enn fremur er heimilt að ákveða, að á nafnskírteininu skuli vera nafn skírteinishafa ritað eigin hendi.

Á nafnskírteinum, sem gerð eru í skýrsluvélum, skal — auk ríkisskjaldamerkis Íslands — vera nafn Hagstofunnar sem útgefanda skírteina fyrir hönd Þjóðskrárinnar, en ekki undirskrift hagstofustarfsmanns. Önnur skírteini skulu hins vegar því aðeins vera gild, að þau séu undirrituð af hagstofustjóra eða fulltrúa hans.

Heimilt er að ákveða, að útgáfa nafnskírteinis til útlendinga skuli ekki eiga sér stað fyrr en eftir tveggja ára samfellda dvöl þeirra hér á landi.

Kostnaður við útgáfu nafnskírteina greiðist úr ríkissjóði, en ef einstaklingur óskar eftir endurútgáfu nafnskírteinis, þar eð upphaflegt nafnskírteini hans er glatað eða af öðrum ástæðum, er Hagstofunni heimilt að taka gjald fyrir það.

Lögreglustjórar annast um afhendingu nafnskírteina. Hver sá, sem skírteini er gert fyrir samkvæmt 1. gr., skal gefa sig fram í skrifstofu lögreglustjóra eða hreppstjóra í því umdæmi, þar sem hann er á íbúaskrá, til þess að fá skírteinið afhent.

2. gr.

Nú er ákveðið í lögum, reglugerð eða lögreglusamþykkt, að menn skuli sanna aldur sinn, þegar svo ber undir, og geta þeir þá fullnægt þeirri skyldu með því að

leggja fram nafnskírteini sitt. Sömuleiðis geta menn sannað aldur sinn með framlagningu nafnskírteinis, þá er þeir eru krafðir um skilríki samkvæmt ákvæðum um, að tiltekinn aldur sé skilyrði fyrir viðskiptum eða fyrir komu eða dvöl á stað.

Heimilt er að ákveða með reglugerð, að menn skuli sýna nafnskírteini í skiptum sínum við opinberan aðila, sem notar nafnnúmer Þjóðskrár í umsýslu sinni.

Nafnskírteini skal að öðru leyti notað sem sönnunargagn um, hverjir menn séu og um aldur, eftir því sem henta þykir, og í skiptum manna á milli og á opinberum vettvangi.

3. gr.

Við notkun nafnskírteinis í sambandi við fyrirmæli laga, reglugerða og lögreglusamþykkta um, að tiltekinn aldur sé skilyrði fyrir viðskiptum eða komu á stað, er nafnskírteinið því aðeins sönnunargagn um aldur, að í því sé mynd af hlutaðeiganda, með embættisstimpli lögreglustjóra og dagsetningu.

Þeir, sem óska, að mynd sé á nafnskírteini sínu, skulu afhenda lögreglustjóra tvær myndir af sér. Skulu þær vera á endingargóðum pappír, 35×45 mm að stærð, og að öðru leyti fullnægjandi að dómi lögreglustjóra. — Skírteinishafar greiða sjálfir kostnað við gerð mynda.

Ákveða má, að nafnskírteini, sem ljósmynd hefur verið á tiltekið árabil, skuli teljast vera án myndar, þar til sett hefur verið á þau ný mynd, sem fullnægjandi er að dómi lögreglustjóra.

Heimilt er að ákveða, að mynd skuli vera á öllum nafnskírteinum eða ef þau eru ætluð til nánar ákveðinna nota.

4. gr.

Um leið og sóknarprestur eða safnaðarstjóri fær í hendur dánarvottorð samkvæmt 5. gr. laga nr. 64/1962, skal afhenda honum nafnskírteini hins látna til ógildingar, eftir nánari fyrirmælum Hagstofunnar.

5. gr.

Heimilt er að ákveða með reglugerð, að handhafar ökuskírteinis skuli geta notað það á sama hátt og nafnskírteini er notað samkvæmt lögum og öðrum opinberum fyrirmælum, enda sé það tryggt, að nafn og aðrar upplýsingar á ökuskírteininu séu samhljóða sömu atriðum á nafnskírteini hlutaðeiganda.

6. gr.

Ráðherra er heimilt að setja, með reglugerð eða á annan hátt, nánari fyrirmæli um nafnskírteini og framkvæmd laga þessara að öðru leyti.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga og gegn reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 10 000 kr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 10/1942, um notkun vegabréfa innanlands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I.

Hagstofustjóri hefur samið frv. þetta, í samráði við dómsmálaráðuneytið og lögreglustjóra Reykjavíkur. Í því er lagt til, að gefin verði út nafnskírteini af nánar tiltekinni gerð til allra einstaklinga 12 ára og eldri, sem skráðir eru hér á landi. Með þessu er annars vegar stefnt að því að leggja grundvöll að framkvæmd á ákvæðum áfengislaga og lögreglusamþykkta um takmarkanir á athafnafrelsi ungmenna. Í áfengislögum, nr. 58/1954, eru ákvæði, sem banna sölu og afhendingu

áfengis til ungmenna, og í lögreglusamþykktum sveitarfélaga eru ákvæði, sem takmarka útivist barna og unglinga og komu þeirra og dvöl í veitingahúsum og á ýmsum öðrum tilteknum stöðum. Þessu ákvæði hefur ekki verið unnt að framfylgja eins og til er ætlazt, vegna þess að ekki hafa verið gefin út vegabréf eða nafnskírteini til ungmenna. — Hinn aðaltilgangur þessa frv. er að skapa skilyrði fyrir fullri hagnýtingu hins svo nefnda nafnnúmers Þjóðskrárinnar, og auk þess að fullnægja tilfinnanlegri þörf fyrir persónuskilríki, sem menn nota til þess að sanna aldur sinn og hverjir þeir séu.

Þeir Baldur Möller ráðuneytisstjóri, Klemens Tryggvason hagstofustjóri og Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri létu, samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar, í té álit um útgáfu nafnskírteina, og er það birt sem fylgiskjal með þessum athugasemdum.

Árið 1941 voru, vegna dvalar erlends hers í landinu, sett bráðabirgðalög (nr. 121/1941, samþykkt af Alþingi og gefin út sem lög nr. 10/1942), um notkun vegabréfa innanlands. Með reglugerð út gefinni samkvæmt þeim, nr. 13/1942, var ákveðið, að allir einstaklingar 12—59 ára, er búsettir væru í Reykjavík og Hafnarfirði eða dveldu þar 2 vikur eða lengur, skyldu ávallt bera á sér vegabréf, út gefið af lögreglustjóra. Á árinu 1947 voru gefin út nafnskírteini til allra, sem þess óskuðu, vegna ákvæða í 1. málsgr. 23. gr. laga nr. 67/1947, um eignakönnun. Þau nafnskírteini voru gefin út af sérstöku tilefni eignakönnunarinnar og munu ekki hafa verið notuð í öðru sambandi. Með reglugerð nr. 31/1960, út gefinni samkvæmt áður nefndum lögum nr. 10/1942, var ákveðið, að allir 12—18 ára unglingar búsettir í Vestmannaeyjum, og unglingar, er dveldust þar 4 vikur eða lengur, skyldu bera á sér vegabréf út gefið af lögreglustjóra. Mun þetta vera eina sveitarfélagið á landinu, þar sem nú er vegabréfsskylda samkvæmt reglugerð út gefinni með heimild í lögunum frá 1942.

Ekki mun vera ágreiningur um, að nauðsynlegt sé að gefa út nafnskírteini til ungmenna, svo að unnt verði að framfylgja gildandi ákvæðum laga og lögreglusamþykkta um takmörkun á athafnafrelsi ungs fólks. Verður þessi hlið málsins því ekki rædd frekar hér, nema í skýringum við einstakar greinar frv., eftir því sem tilefni er til. Hins vegar er rétt að gera nánari grein fyrir ástæðum þess, að nú er lagt til, að gefin verði út nafnskírteini til allra, sem náð hafa tilteknum aldri.

II.

Með tilkomu hinna nýju rafeindavéla til úrvinnslu gatspjalda hafa skapazt algerlega ný viðhorf í öllu varðandi starfsaðferðir og starfsafköst í opinberri starfrækslu og skýrslugerð, og í hvers konar bókhalds- og skrifstofustörfum yfirleitt. Er hér um að ræða víðtæka vélvæðingu skrifstofustarfa, sem nú ryður sér til rúms hvarvetna. Þessari nýju tækni fylgir mikill vinnusparnaður, stóraukið öryggi í störfum og ólíkt meiri vinnuhraði, auk þess sem unnt er að fá, með tiltölulega litlum eða engum aukakostnaði, miklu betri starfsgögn og skýrslur um starfsemi viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis en áður voru fáanlegar. Rétt á haldið á þessi nýja véltækni að leiða til mikils sparnaðar í rekstri á þeim starfssviðum, sem hún á við, en hinu er ekki að leyna, að þessir nýju starfshættir gera stórauknar kröfur um skipuleg vinnubrögð og nákvæmni í störfum, og getur allur ávinningur runnið út í sandinn, ef ekki er rétt á haldið.

Hagnýting hinna nýju véla er meðal annars byggð á því, að hverjum einstaklingi, fyrirtæki og öðrum „aðila“, sem vélarnar vinna með og framleiða skrár og önnur starfsgögn um, er gefið númer, sem er fast auðkenni hvers aðila og er m. a. notað til þess að koma heim og saman í vélunum öllum upplýsingaratriðum varðandi hvern aðila fyrir sig. Veltur því mikið á því, að rétt númer sé sett í spjöld, sem síðan fara í vélar til úrvinnslu. Villa í auðkennisnúmeri getur, í fyrsta lagi, stafað af því, að rangt númer hafi verið gefið upp af aðila utan viðkomandi stofnunar,

annað hvort af vangá eða af ásettu ráði. Í öðru lagi getur númer hafa misritazt á því gagni, sem gatað er eftir, og í þriðja lagi getur verið um að ræða ranga götun. Með stærðfræðilegum útreikningum hafa verið fundnar aðferðir til þess að finna slíkar villur, og eru þær flestar fólgnar í því, að aftan við hið eiginlega númer er bætt tölu, sem er sérstaklega reiknuð eftir númerinu réttu, og lætur vélina segja til um flest röng númer, sem sett eru í hana. Er þá númerið strax leiðrétt og þannig komið í veg fyrir, að villan komi fram í niðurstöðum verksins. Slík **vartala** (nýyrði Íslenzkrar málnefndar, fyrir danska orðið checkciffer og enska orðið check-digit) veitir mikilsverða tryggingu fyrir því, að greiddur skattur sé færður réttum skattþegn til tekna, að launamóttakandi fái greidda rétta launaupphæð, að launagreiðsla, sem launagreiðandi tilkynnir skattyfirvaldi, komi á rétt framtal, o. s. frv., o. s. frv.

Til þess að bæta og auka þjónustu Þjóðskrárinnar var á árinu 1959 öllum landsmönnum 12 ára og eldri gefið nafnnúmer, og síðan hafa þeir, sem hafa náð þeim aldri á hverju ári, fengið nafnnúmer. Þetta nafnnúmer var 7 stafa tala, sem var og er auðkenni hvers manns og greinir hann frá öllum öðrum einstaklingum í þjóðskránni. Ef nafn breytist ekki, helzt nafnnúmerið óbreytt alla ævi, en ef t. d. verður breyting á nafni konu vegna giftingar, er henni gefið nýtt nafnnúmer. Ástæða þess er sú, að nafnnúmer hvers manns gefur til kynna stað hans í sérstakri, samræmdri stafrófsröð Þjóðskrárinnar. Þetta þýðir, að við röðun þjóðskrárspjalda einstaklinga eftir nafnnúmeri komast spjöld í rétta stafrófsröð. Er með þessu hægt að nota skýrsluvélar til að raða spjöldum í stafrófsröð og til að framleiða hvers konar skrár með nöfnum í stafrófsröð. Án slíks nafnnúmers er, vegna íslenzka stafrófsins og af fleiri ástæðum, því nær ógerlegt að nota skýrsluvélar til að raða spjöldum í stafrófsröð og að framleiða nafnaskrár í stafrófsröð.

Vartala fylgdi ekki nafnnúmerinu, sem Þjóðskráin tók upp 1959, enda var þá ekki byrjað að nota slíka tækni. Vartala með nafnnúmeri sparar mikla vinnu og hefur í för með sér margt annað hagræði, en nafnnúmer kemur að miklum notum, þótt því fylgi ekki vartala. Nafnnúmer Þjóðskrárinnar hefur líka reynzt mjög gagnlegt, og þýðing þess farið vaxandi ár frá ári. Við tilkomu þess hvarf úr sögunni mikil og vandasöm vinna við spjaldaröðun á skattstofunum, og um leið gat Þjóðskráin farið að framleiða skrár í stafrófsröð, handa skattyfirvöldum og öðrum. Þá notar Reykjavíkurborg nafnnúmerið í launabókhaldi sínu, en raunar var farið að vinna það í skýrsluvélum áður en nafnnúmerið var tekið upp. Ríkisbókhaldið hefur einnig notað nafnnúmerið síðan hafinn var útreikningur launa ríkisstarfsmanna í skýrsluvélum. Á árinu 1963, er þinggjöld alls landsins voru í fyrsta sinn reiknuð og unnin að öðru leyti í skýrsluvélum, var farið að nota nafnnúmerið sem skattgreiðandanúmer fyrir alla framteljendur. Er nafnnúmerið mjög hagkvæmt til þeirra nota — og raunar til fjölmargra annarra nota — vegna þess að það breytist yfirleitt ekki frá 12 ára aldri og til grafar, og auk þess er, eins og áður segir, með hjálp þess hægt að láta vélarnar framleiða hvers konar skrár í stafrófsröð. — Enn fremur má nefna, að Sjúkrasamlag Reykjavíkur hefur síðan á árinu 1962 notað nafnnúmer Þjóðskrárinnar sem sjúkrasamlagsnúmer, og að Tryggingastofnun ríkisins byggir skrár sínar að nokkru leyti á nafnnúmerinu. Hér er ekki um að ræða tæmandi upptalningu aðila, sem eru þegar farnir að nota nafnnúmerið, og búast má við því, að þeir verði fleiri og fleiri.

Í sambandi við nýafstaðna endurskipulagningu á þjóðskránni, sem fylgdi tilkomu hinna nýju rafeindavéla Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar, þótti sjálfsagt að bæta vartölu við nafnnúmer Þjóðskrárinnar. Er það því nú orðið 8 stafa tala. Um leið var bætt vartölu við 8 stafa „fæðingardagsnúmer", sem allir einstaklingar í þjóðskránni hafa — auk nafnnúmersins —, og fá börn það við fæðingu. Þetta númer samanstendur af 6 tölustöfum fæðingardags (tveir stafir fyrir mánaðardag, tveir fyrir mánuð og tveir fyrir ár), að viðbættum 2 tölustöfum (einhvers staðar á bilinu frá 00 og upp í 99), sem greinir hvern einstakling frá öllum öðrum fæddum sama mánaðardag sama ár. Þetta númer hefur frá byrjun verið

notað við vélvinnslu þjóðskrárinnar, og framvegis verður það — vegna tilkomu vartölunnar — grundvöllur árlegs viðhalds þjóðskrárinnar.

Eins og reynslan sýnir er hægt að hagnýta nafnnúmer Þjóðskrárinnar á mörgum sviðum opinberrar starfrækslu, án þess að menn viti sjálfir, hvert er númer þeirra. Nægir þar, að þeir aðilar, sem nafnnúmerið nota, hafi í höndum eða eigi greiðan aðgang að skrám með nöfnum og nafnnúmerum allra. Hins vegar getur ekki orðið um að ræða fulla hagnýtingu nafnnúmers eða annars hliðstæðs auðkennisnúmers, nema hver einstaklingur þekki sitt númer og geti hvenær sem þörf gerist sannað fyrir öðrum, hvert það sé. Svo getur því aðeins orðið, að gefið sé út nafnskírteini til hvers og eins, þar sem tilgreint er nafnnúmer skírteinishafa, auk nafns hans, fæðingardags og e. t. v. fleiri upplýsinga.

Skal nú gerð grein fyrir, hver not mundu geta orðið af nafnnúmerinu á nokkrum starfssviðum, ef hafizt yrði handa um almenna útgáfu nafnskírteinis.

1. Miklir möguleikar eru á hagnýtingu nafnskírteinis í sambandi við uppgjöf launagreiðslna til skattyfirvalda. Vegna rangra nafna og fæðingardaga á launamiðum launagreiðenda og annarra ófullkominna upplýsinga á þeim, eru á hverju ári þúsundir launamiða, sem ekki finna leið til þeirra framtala, sem þeir tilheyra, og sleppa þar verulegar tekjuupphæðir við skattlagningu. Mun þetta stafa bæði af sleifarlagi og ónákvæmni launagreiðenda og af viðleitni lausráðinna launamóttakenda til að villa á sér heimildir, t. d. með því að gefa launagreiðanda rangar upplýsingar um nafn o. fl. Ef þeirri tilhögun yrði komið á, að launagreiðendur tilgreini ávallt nafnnúmer launamóttakanda á launamiðum til skattyfirvalda, og að þeir geri það samkvæmt nafnskírteini launamóttakanda, sem honum ber að sýna launagreiðanda, þá er þar með tryggt, að skattyfirvöld fái öll nöfn á launamiðum tilgreind eins og þau eru á þeirra eigin skrám, sem eru gerðar eftir þjóðskránni, og auk þess er vegna nafnnúmersins hægt að koma öllum launamiðum til þeirra framtala, sem þau tilheyra. Þar að auki auðveldar nafnnúmerið vinnu með launamiðana á ýmsan hátt, m. a. er mjög fljótlegt að koma þeim í rétta stafrófsröð með því að raða eftir nafnnúmeri. — Einsætt er, að nafnnúmerið bætir ekki það ástand, sem nú er á þessu sviði, nema gengið sé fast eftir því, að það sé tilgreint á launamiðum ásamt nafni launamóttakanda eins og það er á nafnskírteininu, en hins vegar mundi gerð og tilgangur nafnnúmersins auðvelda mjög framkvæmd fyrirmæla um, að það skuli ávallt tilgreint á launamiðum. — Til viðbótar ofansögðu er rétt að taka það fram, að vegna tímafrekrar meðferðar launamiða á skattstofunum og sívaxandi fjölda þeirra hlýtur bráðlega að koma að því, að úrvinnsla launamiða fari fram í vélum. Forsenda þess er, að allir einstaklingar, sem náð hafa vissum aldri, hafi fullkomið nafnnúmer (þ. e. með vartölu), og að þeir hafi í höndum nafnskírteini, þar sem það er tilgreint.

2. Ef skattakerfinu verður breytt í það horf, að farið verði að taka skatt af launum jafnóðum, verður óhjákvæmilegt að nota nafnnúmer í öllum tilkynningum launagreiðenda til skattyfirvalda, en forsenda þess er, að allir launamóttakendur hafi nafnskírteini. Álagning og innheimta beinna skatta á grundvelli staðgreiðslukerfis mundi að óbreyttum aðstæðum stórauka störf skattyfirvalda, og auk þess mundi þurfa að gerbreyta eftirliti með álagningu og innheimtu frá því, sem nú er. Þetta hvort tveggja er óhugandi án nafnskírteinis í höndum allra.

3. Í sambandi við framkvæmd skyldusparnaðar mundi nafnskírteini og nafnnúmer geta komið að miklum notum. Talið er, að mikið skorti á, að launagreiðendur haldi eftir tilskildum hluta af launum til skyldusparnaðar, m. a. vegna þess að launamóttakendur segja rangt til um aldur sinn — segjast ekki vera á skyldusparnaðaraldri — og verða launagreiðendur, eins og kringumstæður eru nú, að taka til greina upplýsingar launamóttakenda um aldur þeirra. Úr þessu mætti bæta með því að ákveða, að launamóttakendur skuli sýna launagreiðanda nafnskírteini, þar sem fæðingardagur hans er tilgreindur. — Frá byrjun hafa verið miklir örðugleikar á framkvæmd skyldusparnaðar einnig að ýmsu öðru leyti, og hækkun hans

úr 6% í 15% af launum, sem ákveðin var á síðasta ári, hefur enn aukið á þann vanda, sem hér er fyrir hendi. Ekki mun vera um að ræða nægilegt eftirlit með því, að launagreiðendur kaupi sparimerki svarandi til þess, sem þeir á launamiðum segjast halda eftir af launum, og ekki hefur heldur verið nægilega fylgzt með því, að einstaklingar, sem fyrirmæli um skyldusparnað taka til, eigi þá innstæðu á skyldusparnaðarreikningi, sem þar á að vera. Ef ákveðið yrði, að nafnnúmer skyldi skráð í sparimerkjabækur einstaklinga, að þeir skyldu sýna nafnskírteini, er þeir ættu skipti við pósthús og aðra aðila vegna skyldusparnaðar, og að skyldusparnaðarreikningur hvers einstaklings skyldi tölusettur með nafnnúmeri hans — þá yrði, með litlum tilkostnaði, auðvelt að ráða bót á þeim vandkvæðum, sem nú eru á framkvæmd skyldusparnaðar. Með því að nota nafnskírteini og nafnnúmer á þennan hátt, fengist sem sé grundvöllur til að taka skyldusparnaðinn til vélvinnslu í skýrsluvélum, en það er eina leiðin til að koma á fullnægjandi eftirliti með framkvæmd hans.

4. Í sambandi við innheimtu gjalda má benda á, að Gjaldheimtan í Reykjavík tilgreinir aðeins nafnnúmer á kvittunum fyrir greiddum opinberum gjöldum. Nafnskírteini mundi auka öryggi og auðvelda skipti manna við gjaldheimtur. T. d. getur þá móttakandi kvittunar sjálfur gengið úr skugga um, að rétt númer sé á kvittun, og er þá tryggt, að greiðsla hafi farið inn á réttan reikning. Líklegt er, að gjaldheimtur með líkri tilhögun og er í Reykjavík verði á næstu árum stofnsettar í fjölmennari byggðarlögum landsins.

5. Í sambandi við notkun nafnnúmers við launaútreikning og launabókhald má geta þess, að auk Reykjavíkurborgar og Ríkisbókhaldsins eru nokkur stór fyrirtæki byrjuð að vinna slík störf í vélum, á grundvelli nafnnúmers Þjóðskrárinnar. Þessir aðilar láta vélar gera allar skýrslur um greidd laun o. fl. til skattyfirvalda, og fylgir nafnnúmer hvers launamóttakanda. Er þetta til mikils hagræðis, bæði fyrir launagreiðendur og skattyfirvöld. Gera má ráð fyrir, að fleiri og fleiri stofnanir og fyrirtæki muni á næstu árum fara að nota skýrsluvélar til launaútreiknings og launabókhalds, og þau munu öll nota nafnnúmer Þjóðskrár í þessu sambandi. Þó að almenn útgáfa nafnskírteinis sé ekki nauðsynlegt skilyrði þess, að nafnnúmer Þjóðskrár sé notað við launabókhald í vélum, auðveldar hún mjög og hvetur til, að það sé gert.

6. Stofnanir og fyrirtæki, sem hagnýta skýrsluvélar og hliðstæðar vélar í starfrækslu sinni, setja, eins og áður segir, númer á viðskiptamenn og aðra, sem þeir eiga skipti við, og númerið þarf að vera með vartölu, til þess að þessi nýja tækni verði hagnýtt til fullnustu. Erlendis, þar sem fleiri og fleiri stofnanir og fyrirtæki taka skýrsluvélar í notkun, þarf hver aðili að koma á fót eigin númerkerfi í þessu skyni. Hér á landi, þar sem þegar hefur verið komið á fót almennu nafnnúmerkerfi með vartölu, kemur ekki annað til greina en að stofnanir og fyrirtæki notfæri sér nafnnúmer Þjóðskrárinnar. Mikið hagræði fylgir því, að **allir** notendur skýrsluvéla noti sama nafnnúmerkerfi, og almennt notagildi þess verður augljóslega meira en ella, ef allir einstaklingar hafa nafnskírteini, þar sem nafnnúmer þeirra er skráð. — Gera má ráð fyrir, að t. d. bankarnir hér muni áður en langt líður taka í notkun skýrsluvélar við þeirra hæfi, til alhliða skýrslugerðar um viðskiptamenn þeirra. Mundu þeir þá væntanlega nota nafnnúmer Þjóðskrár sem undirstöðu þeirrar starfrækslu.

7. Ef nafnskírteini yrði gefið út til allra, mundi Þjóðskráin, með hjálp nafnnúmersins, geta veitt fjölmennum félagssamtökum ýmsa þjónustu, þar á meðal haldið félagsskrám þeirra réttum frá ári til árs. Með þessu mundi sparast mikil vinna, því að sum stór félagasamtök þurfa nú að kosta miklu til viðhalds félagaskráa. Hér má einnig geta þess, að mikilvægt mundi vera, að samvinnufélög tilgreindu nafnnúmer, er þau lögum samkvæmt tilkynna skattyfirvöldum stofnsjóðsinneignir félaga sinna.

Hér hafa verið nefnd dæmi um hagnýtingu nafnnúmers og nafnskírteinis á

nokkrum starfssviðum, en því fer fjarri, að þessi greinargerð sé tæmandi. Nafnskírteini og nafnnúmer mundi verða notað á mörgum öðrum sviðum en hér hafa verið tąlin.

III.

Auk þess hagræðis, sem fylgir nafnskírteini með nafnnúmeri í sambandi við hagnýtingu skýrsluvéla, er tvímælalaust mikill hagur að því, að ekki einungis ungmenni, heldur allir eldri einstaklingar hafi nafnskírteini til þess að geta sannað aldur sinn og hverjir þeir séu. Má hér fyrst nefna þýðingu nafnskírteinis í sambandi við innlausn tékka og önnur bankaviðskipti, og í sambandi við greiðslu póstávísana, afhendingu ábyrgðarbréfa o. þ. h. Sömuleiðis eru nafnskírteini mjög æskileg í sambandi við greiðslu almannatryggingabóta og útborgun skyldusparnaðarfjár, svo og yfirleitt í sambandi við hvers konar greiðslur opinberra aðila til almennings. Þá mundu nafnskírteini smám saman gerbreyta starfsgrundvelli sakaskráningar, þar eð menn mundu ekki lengur komast upp með að ganga þar undir ýmsum nöfnum. Í sambandi við útgáfu vegabréfa vegna utanlandsferða er mikilvægt, að menn hafi nafnskírteini til að sanna, hverjir þeir séu. Sömuleiðis er það trygging gegn kosningasvikum, ef menn eiga það á hættu að vera krafðir um nafnskírteini, er þeir koma á kjörstað til að greiða atkvæði. Loks má geta þess, að nafnskírteini í höndum allra mundu gera óþörf öll önnur fæðingarvottorð en þau, sem vegna sérstakra aðstæðna verður að gefa út samkvæmt prestþjónustubók. Þannig mundi t. d. sá, sem sækir um ökuskírteini, ekki þurfa að leggja fram fæðingarvottorð, ef hann hefur nafnskírteini.

IV.

Um framkvæmdahlið málsins er það að segja, að aðstaða til útgáfu nafnskírteinis er eins góð og á verður kosið. Þjóðskráin hefur vélspjald fyrir hvern einstakling, sem á að fá skírteini, og í því eru allar upplýsingar, sem á skírteinið eiga að koma. Auk þess er einmitt nýlokið við að bæta vartölu við nafnnúmer hvers manns, og jafnframt voru gerðar nauðsynlegar lagfæringar á nafnnúmerkerfinu, þannig að það getur staðið eins og það er næstu áratugi.

Dreifing nafnskírteina til almennings ætti ekki að verða vandkvæðum bundin. Í fyrsta skiptið — væntanlega á næsta vori, ef frv. þetta fær fljóta afgreiðslu — yrðu gerð skírteini fyrir alla 12 ára og eldri, en eftir það yrðu snemma á hverju ári gerð nafnskírteini fyrir þá, er næðu 12 ára aldri á árinu. Sérstök tilhögun yrði á útgáfu nafnskírteina til einstaklinga kominna erlendis frá.

Gera má ráð fyrir, að stofnkostnaður við útgáfu nafnskírteina yrði um 400 þús. kr. og er þá meðtalið kaupverð plastpoka utan um skírteinin. Við þetta bætist kostnaður vegna afhendingar nafnskírteina, sem erfitt er að áætla. Ætlazt er til þess, að skírteini endist lengi og jafnvel ævilangt, og að flestir, sem þurfa að fá það endurnýjað, greiði gjald fyrir það. Eftir fyrsta árið verður því aðeins um að ræða kostnað við útgáfu skírteina til þeirra, sem við bætast, en það eru, eins og áður segir, börn, sem verða 12 ára, og fólk komið erlendis frá. Gera má ráð fyrir, að árlegur kostnaður við útgáfu nafnskírteina verði 30—40 þús. kr. eftir fyrsta árið, miðað við núverandi verðlag.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frv.

Um 1. gr.

Í 2. málsgr. þessarar gr. eru taldar þær upplýsingar, er skulu vera á nafnskírteininu, en ekkert er því til fyrirstöðu (sbr. fyrri málslið 3. málsgr.), að á því verði aðrar upplýsingar, sem þjóðskráin hefur að geyma um hvern mann, og kostar það lítið eða ekkert aukalega. Hér má nefna fæðingarstað, ríkisfang og lögheimili á útgáfutíma skírteinisins. Hins vegar mælir margt með því, að á skírteininu séu aðeins upplýsingar, sem ekki breytast, þar sem ekki er gert ráð fyrir, að breyting á upplýsingu leiði af sér útgáfu nýs skírteinis, nema þegar nafn og/eða nafnnúmer

breytist, eða leiðrétta þarf fæðingardag. Samkvæmt þessu ætti aðeins að bæta fæðingarstað við þær upplýsingar, sem taldar eru í 1. gr., og mundi hann verða tilgreindur með táknтölu, en ekki á mæltu máli. Heimilisfang manna breytist oft og er því ekki æskilegt að hafa það á nafnskírteinum sem upplýsingaratriði samhliða nafni, nafnnúmeri o. fl. Hins vegar verður heimilisfang á útgáfutíma skírteina að vera á þeim, til þess að dreifing þeirra geti átt sér stað vandkvæðalaust.

Ekki er gert ráð fyrir, að nafn skírteinishafa ritað eigin hendi verði á skírteininu, enda hefur það takmarkað gildi, en hins vegar þykir rétt, að heimilt sé að ákveða, að svo skuli vera, sbr. síðari málslið 3. málsgr.

Í ákvæðum 4. málsgr. felst það, að ekki á að vera nein undirskrift — ekki heldur rithandarprent — á skírteinum, sem gerð eru í skýrsluvélum handa mörgum í einu (þ. e. upphaflega fyrir alla 12 ára og eldri og síðan árlega fyrir alla, sem verða 12 ára), enda koma þau skírteini til að bera það með sér, að þau séu þannig til orðin. Á skírteinum, sem gefin eru út eitt og eitt og þar af leiðandi vélrituð á Hagstofunni, mundi hins vegar þurfa að koma undirskrift hagstofustarfsmanns, rituð eigin hendi eða sem rithandarprent.

Margir útlendingar, sem til landsins koma, hafa hér aðeins skamma dvöl, og er af þeim sökum ástæðulaust að gefa út nafnskírteini til þeirra þegar við komu til landsins. Auk þess hafa þeir oftast í höndum vegabréf eða önnur persónuskilríki, sem nota má að nokkru í stað nafnskírteinis. Eru þetta ástæður ákvæðis 5. málsgr. 1. gr.

Varðandi 6. málsgr. vísast til þess, sem segir um kostnað við útgáfu skírteina í almennum athugasemdum hér að framan.

Í 7. málsgr. er svo fyrir mælt, að lögreglustjórar sjái um afhendingu nafnskírteina, og er þar fyrst og fremst átt við fyrstu afhendingu til allra landsmanna og árlega afhendingu til barna, sem verða 12 ára á viðkomandi ári, og til nýrra einstaklinga á síðustu íbúaskrá, miðað við 1. desember. Hins vegar er gert ráð fyrir, að einstaklingar, sem fá nafnskírteini utan hinnar árlegu afhendingar nafnskírteina í febrúar eða marz, fái þau beint frá Hagstofunni.

Um 2. gr.

Í þessari gr. eru stutt, almenn fyrirmæli um notkun nafnskírteinisins, en að öðru leyti er gert ráð fyrir, að ákvæði um hagnýtingu þess á einstökum sviðum verði í sérstökum lögum, reglugerðum og lögreglusamþykktum. Þannig færi notkun nafnskírteinis í sambandi við ölvun og afhendingu áfengis eftir nánari ákvæðum í áfengislögum, notkun skírteinis í sambandi við útivist unglinga og komu þeirra á ákveðna staði o. fl. eftir ákvæðum lögreglusamþykktar, notkun skírteinis í sambandi við launamiða eftir ákvæðum tekjuskattslaga, og notkun skírteinis í sambandi við skyldusparnað eftir lögum um húsnæðismálastjórn, sem hafa að geyma gildandi ákvæði um skyldusparnað, o. s. frv. — Til þess að komast hjá lagasetningu, þegar svo er ástatt, að ekki þarf að setja sérstakar reglur um notkun nafnskírteinis, er í 2. málsgr. 2. gr. almenn heimild til að ákveða með reglugerð, að menn skuli sýna nafnskírteini, er þeir eiga skipti við opinbera aðila, sem notar nafnnúmer Þjóðskrár í umsýslu sinni.

Samkvæmt frv. er ekki um að ræða skyldu til að bera nafnskírteini á sér, en hins vegar verður hver og einn að taka afleiðingum þess, að nafnskírteini er ekki sýnt, þegar lögleg ósk er borin fram um það. Þannig mundi löggæzlumaður vísa burt af dansstað unglingi, er ekki sýndi nafnskírteini til sönnunar því, að hann hefði náð tilskildum aldri. Ungur maður mundi ekki fá keypt áfengi, nema hann sýndi nafnskírteini til sönnunar því, að hann hefði náð 21 árs aldri. Og maður, sem ekki sýndi nafnskírteini, er þess væri óskað við innlausn á tékk í banka, mundi ekki fá hann greiddan, o. s. frv., o. s. frv.

Um 3. gr.

Ekki er talið rétt að lögbjóða, að mynd skuli vera á öllum skírteinum, enda mundi það leiða af sér óþörf fjárútlát fyrir marga. Hins vegar er óhjákvæmilegt að ákveða, eins og gert er í 1. málsgr. 3. gr., að í sambandi við fyrirmæli laga, reglugerða og lögreglusamþykkta um, að tiltekinn aldur sé skilyrði fyrir viðskiptum og komu á stað, skuli nafnskírteini því aðeins vera sönnunargagn um aldur, að á því sé mynd, með embættisstimpli lögreglustjóra og dagsetningu.

Ákvæði 3. málsgr. þessarar gr. er nauðsynlegt til þess að unnt sé að ákveða, að nýjar myndir skuli settar á skírteini í stað gamalla, úreltra mynda.

Til öryggis þykir rétt, að heimild sé til að ákveða, að mynd skuli vera á öllum skírteinum, eða ef þau eru ætluð til nánar ákveðinna nota. Ákvæði þessa efnis eru í 4. málsgr. 3. gr.

Um 4. gr.

Til öryggis þykir rétt að kveða svo á, að sóknarprestar skuli ógilda nafnskírteini látinna manna, um leið og þeir veita dánarvottorði viðtöku.

Um 5. gr.

Rétt þykir að gera ráð fyrir þeim möguleika, að síðar verði ákveðið, að handhafar ökuskírteinis geti notað það í stað nafnskírteinis, sem yrði þá skilað aftur til lögreglustjóra um leið og hlutaðeigandi fengi slíkt ökuskírteini. Til þess að ökuskírteini komi að fullum notum sem almennt nafnskírteini, verður það að innihalda sömu upplýsingar, og t. d. verður nafn skírteinishafa á því að vera ritað eins og á nafnskírteininu, þ. e. vera í fullu samræmi við nafnið eins og það er í þjóðskrá. Ef að þessu yrði, mundu skipti frá nafnskírteini til ökuskírteinis eiga sér stað smám saman, eftir því sem gildistími ökuskírteina rynni út. — Af framkvæmdarástæðum kemur ekki til greina að nota ökuskírteini sem almennt nafnskírteini frá byrjun.

Um 6.—8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Álit um útgáfu nafnskírteina.

Á síðastliðnu hausti vorum við undirritaðir beðnir um að láta í té álit um útgáfu persónuskilríkja — til hverra hún ætti að taka og hver ætti að vera tilhögun hennar að öðru leyti. Hefur mál þetta verið á dagskrá síðan á hausti 1963, en tilefni þess, að við vorum beðnir að athuga það, mun hafa verið bréf áfengismálanefndar 13. ágúst 1964 til dómsmálaráðuneytisins, þar sem nefndin beindi þeirri áskorun til ráðuneytisins, að „það beiti sér fyrir framkvæmd þessa máls, sem ætti að mega gerast með stoð í lögum um vegabréf innanlands, en telji ráðuneytið það ekki auðið, þá hlutist það til um að fá nauðsynlega lagaheimild".

Menn munu almennt vera á einu máli um, að rétt sé að gefa út einhvers konar nafnskírteini til ungmenna, og hefur í því sambandi verið talað um aldursskeiðið 12—22 ár, þótt öruggara mundi verða, ef til kæmi, að miða efra aldursmarkið við 25 ár. Spurningin, sem fyrir liggur, er þá annars vegar, hvort takmarka ætti útgáfu nafnskírteina við þetta aldursskeið og þar með ætla því hlutverk aðeins í sambandi við framkvæmd á ákvæðum áfengislaga og lögreglusamþykkta, — eða hins vegar, hvort gefa ætti út nafnskírteini til allra, sem náð hafa vissum aldri, og þar með ætla því annað og stærra hlutverk.

Eftir að hafa athugað þetta mál frá öllum hliðum, höfum við komizt að þeirri

niðurstöðu, að svo mikill ávinningur geti fylgt almennri útgáfu nafnskírteina, að æskilegt sé að ráðast í þá framkvæmd. Þessi ávinningur er einkum fólginn í því, að almenn notkun nafnskírteinis mundi skapa stóraukna möguleika til að hagnýta elektróníska skýrsluvélar á ýmsum sviðum opinberrar starfrækslu, og raunar líka í einkarekstri, þar sem skilyrði eru til að hagnýta slíkar vélar. Þetta kemur til af því, að almenn notkun nafnskírteinis skapar grundvöll fyrir fullri hagnýtingu á nafnnúmeri Þjóðskrárinnar, sem hefur þegar orðið til mikils gagns, en nýtist ekki til fulls fyrr en allir einstaklingar á starfsaldri hafa fengið í hendur nafnskírteini, þar sem nafnnúmer hvers skírteinishafa er skráð. Almenn notkun nafnskírteinis mundi ýta mjög undir framgang hinnar nýju véltækni á sviði skrifstofustarfa, sem nú ryður sér hvarvetna til rúms. Er hér um að ræða víðtæka vélvæðingu skrifstofustarfa, sem leiðir af sér vinnusparnað, stóraukið öryggi í störfum og meiri vinnuhraða, auk margs annars ávinnings. — Óhætt er að fullyrða, að möguleikar séu á að hagnýta nafnskírteinið með ávinningi á svo að segja öllum sviðum opinberrar starfrækslu, þar sem um er að ræða samskipti borgara og opinberra aðila. Þá er einnig ástæða til að benda á mikilvægi þess, að allir notendur skýrsluvéla noti sama nafnnúmerkerfi, en það getur því aðeins orðið, að allir einstaklingar á starfsaldri hafi í höndum nafnskírteini, þar sem nafnnúmer handhafa er skráð.

Að öðru leyti vísast til ýtarlegrar greinargerðar um þýðingu nafnskírteinis og nafnnúmers á bls. 3—6 í athugasemdum við frumvarp um útgáfu og notkun nafnskírteina, sem fylgir þessu áliti.

Við viljum vekja sérstaka athygli á því, að stofnkostnaður við almenna útgáfu nafnskírteinis og árlegur viðhaldskostnaður yrði lítill og hverfandi samanborið við ávinninginn, sem því fylgir. Ástæðan er sú, að Þjóðskráin hefur vélspjald fyrir hvern íbúa með öllum þeim upplýsingum, sem á þarf að halda í þessu sambandi, og er því enginn annar kostnaður við gerð skírteina en verð efnis (pappi í sjálft skírteinið og plastpoki utan um það) og það, sem kostar að renna persónuspjöldum Þjóðskrárinnar einu sinni í gegnum skýrsluvélar. Stofnkostnaður við útgáfu nafnskírteina er áætlaður 400 þús. kr., en þar við bætist kostnaður við dreifingu nafnskírteina, sem erfitt er að áætla. Árlegur kostnaður við útgáfu nafnskírteina í framtíðinni er áætlaður 30—40 þús. kr., miðað við núverandi verðlag. Þar við bætist kostnaður við dreifingu, en hann verður lítill.

Við teljum, að tilhögun sú á útgáfu nafnskírteina, sem gert er ráð fyrir í meðfylgjandi frumvarpi, þjóni vel þeim megintilgangi, að notkun nafnskírteinisins verði sem almennust, jafnframt því sem þess er gætt að skerða ekki persónufrelsi manna. Þannig er ekki um að ræða beina skyldu til að bera nafnskírteini á sér og menn ráða því sjálfir, hvort mynd er á skírteininu eða ekki. — Að því er snertir einstök atriði frumvarpsins er vísað til skýringa við einstakar greinar þess, sem eru aftan við almennar athugasemdir með frumvarpinu.

Með tilvísun til framanritaðs og til röksemda, sem fram eru bornar í athugasemdum við meðfylgjandi frumvarp, leggjum við eindregið til, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir framgangi þess.

Reykjavík, 18. febrúar 1965.

Baldur Möller. Klemens Tryggvason. Sigtr. Klemenzson.

Nd. **303. Frumvarp til laga** [143. mál]

um verkfræðiráðunauta ríkisins á Norður-, Austur- og Vesturlandi.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Ráða skal þrjá verkfræðiráðunauta til starfa í tilteknum umdæmum samkvæmt lögum þessum, einn í Norðurlandsumdæmi, annan í Austurlandsumdæmi, þriðja í Vesturlandsumdæmi. Verkfræðiráðunautur Norðurlandsumdæmis hefur aðsetur á Akureyri, og tekur umdæmi hans yfir Norðlendingafjórðung. Verkfræðiráðunautur Austurlandsumdæmis hefur aðsetur í Egilsstaðakauptúni, og tekur umdæmi hans yfir Austfirðingafjórðung. Verkfræðiráðunautur Vesturlandsumdæmis hefur aðsetur á Ísafirði, og tekur umdæmi hans yfir Vestfirðingafjórðung, norðan Gilsfjarðar.

2. gr.

Verkfræðiráðunautur skal hafa lokið byggingarverkfræðiprófi, sem Verkfræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgilt próf í verkfræði. Við ráðningu í störf verkfræðiráðunauta skulu þeir umsækjendur sitja fyrir, sem hafa sérþekkingu á hafnagerð og vegagerð.

3. gr.

Verkfræðiráðunautur hefur, undir yfirumsjón vega- og vitamálastjóra, umsjón með vega- og hafnarmannvirkjagerð í umdæmi sínu og hefur á sama hátt með höndum undirbúningsrannsóknir og áætlanagerð í sambandi við slík mannvirki, svo og viðhald þeirra að því leyti, sem ríkið lætur slíkt til sín taka.

4. gr.

Verkfræðiráðunautur skal, gegn hæfilegri þóknun til ríkisins, vera til ráðuneytis bæjarstjórnum, sýslunefndum og sveitarstjórnum við mannvirkjagerð í umdæmi sínu, eftir því sem því verður við komið og ríkisstjórnin samþykkir.

5. gr.

Ráðherra sá, er fer með vega- og hafnamál, ræður verkfræðiráðunauta og setur þeim erindisbréf, að fengnum tillögum vegamála- og vitamálastjóra. Séu þessi mál ekki í höndum sama ráðherra, annast hlutaðeigandi ráðherrar ráðningu sameiginlega og gefa út erindisbréf. Laun verkfræðiráðunauta samkvæmt ráðningarsamningi skal greiða úr ríkissjóði, svo og aðstoð, annan skrifstofukostnað og ferðakostnað, eftir því sem fé er til þess veitt í fjárlögum. Semja má um það, að verkfræðiráðunautur fái laun sín og skrifstofukostnað að einhverju leyti hjá sveitarfélögum þeim, er njóta aðstoðar hans.

6. gr.

Ríkisstjórnin, sbr. 5. gr., gefur út reglugerð samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum vegamála- og vitamálastjóra. Skal þar m. a. ákveða, að hve miklu leyti verkfræðiráðunautar skuli hafa með höndum fjárreiður í sambandi við störf sín. Í reglugerðinni má, með samþykki hlutaðeigandi ráðuneytis, fela verkfræðiráðunaut, í samráði við skipulagsstjóra ríkisins og húsameistara ríkisins, umsjón með hvers konar opinberri byggingarstarfsemi í umdæminu, svo sem skipulagi, byggingu skólahúsa, sjúkrahúsa, læknisbústaða, kirkna, embættisbústaða, félagsheimila o. s. frv., að svo miklu leyti sem ríkissjóður á þar hagsmuna að gæta.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af Staðsetningarnefnd ríkisstofnana, sem skipuð var fyrir nokkrum árum, og var á sínum tíma afgreitt til ríkisstjórnarinnar. Í nefndinni áttu sæti Ágúst Þorvaldsson alþm., Ásgrímur Hartmannsson bæjarstjóri á Ólafsfirði, Gísli Guðmundsson alþm., sem var formaður nefndarinnar, Gunnlaugur Jónsson bankaritari á Seyðisfirði, ritari nefndarinnar, Jónas Guðmundsson framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga og Jóhann Gunnar Ólafsson sýslumaður og bæjarfógeti á Ísafirði, en síðar í hans stað Sturla Jónsson hreppstjóri á Suðureyri. Frv. hefur ekki fyrr verið lagt fyrir Alþingi, en hvorki ráðherra sá, er skipaði nefndina, né sá, er veitti tillögum hennar viðtöku, lengur við völd í ráðuneyti. Nefndarmenn þeir, er sæti eiga á Alþingi, telja nú rétt að hlutast til um, að þingið fái það til meðferðar.

Greinargerð sú, er fylgdi frv. frá nefndinni, er svo hljóðandi:

„Frv. þetta er byggt á þeirri skoðun, að æskilegt sé, að opinberar framkvæmdir séu, eftir því sem við verður komið, sjálfstæð starfsemi í hverjum landsfjórðungi eða landshluta, og þá jafnframt því áliti, að stjórn þessara mála og sérþekkingu á þeim sé nú um of safnað saman í höfuðstað landsins. Með frv., ef að lögum yrði, væri gerð tilraun til úrbóta á þessu sviði.

Í frv. er gert ráð fyrir, að skipaðir verði sérstakir verkfræðiráðunautar í þjónustu ríkisins, einn fyrir Norðurland, annar fyrir Austurland og þriðji fyrir Vestfirði, enda hafi þeir fast aðsetur hver í sínu umdæmi. Ætlazt er til, að verkfræðiráðunautur lúti sameiginlegri yfirstjórn vegamálastjóra og vitamálastjóra á svipaðan hátt og t. d. sýslumaður lýtur sameiginlegri yfirstjórn a. m. k. tveggja ráðuneyta, en sé að öðru leyti sjálfstæður í starfi. Honum er ætlað að hafa umsjón með vega- og hafnarmannvirkjagerð í umdæmi sínu, svo og undirbúningsrannsóknir og áætlanagerð í sambandi við vegi og hafnir og að sjá um viðhald það, er ríkið lætur fram fara á slíkum mannvirkjum. Enn fremur er talið rétt, að heimilt sé að fela verkfræðiráðunaut hliðstæða umsjón með skipulagi og húsagerð á vegum hins opinbera í umdæmi hans. Loks er svo gert ráð fyrir þeim möguleika, að verkfræðiráðunautur og skrifstofa hans veiti bæjar- og sveitarfélögum verkfræðilega aðstoð, ef þess er óskað, gegn hæfilegri greiðslu, sem gangi til ríkisins eða verkfræðiráðunautar, eftir því sem um semst. Telur nefndin, að það mundi vera mjög hagkvæmt fyrir bæjar- og sveitarstjórnir að geta hvenær sem er leitað til slíkrar stofnunar nærlendis í sambandi við ýmiss konar framkvæmdir á þeirra vegum, svo sem vatnsveitur, gatnagerð o. s. frv.

Að sjálfsögðu yrði ríkið að sjá verkfræðiráðunautunum fyrir hæfilegum starfsskilyrðum á hverjum stað, svo sem skrifstofuhúsnæði og starfskröftum til aðstoðar eftir því, hve mikil verkefnin reynast, m. a. sérfræðilegri aðstoð, ef á henni þarf að halda. Á það verður að leggja áherzlu, ef til kemur, að þannig verði að þessari starfsemi búið, að hægt sé að fá vel hæfa menn og áhugasama til að gerast verkfræðiráðunautar. Er sennilegt, að samvinna sú milli ríkis og sveitarfélaga, sem frv. gerir ráð fyrir, geti miðað í þá átt, ef vel er á haldið. En árangur af þeim ráðstöfunum, sem hér er um að ræða, verður að miklu leyti undir því kominn, hvernig til tekst um val ráðunautanna. Verkfræðingar þeir, sem skipa sæti verkfræðiráðunauta á Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum, verða að vera þess umkomnir að vera sjálfstæðir í starfi, þannig að þeim megi yfirleitt treysta eigi síður en hinum, sem starfa í aðalstöðvunum í Reykjavík, enda þótt yfirstjórnin syðra hafi úrskurðarvald og gefi fyrirmæli, ef á þarf að halda.

Í frv. er gert ráð fyrir, að sett verði ákvæði um það í reglugerð, að hve miklu leyti verkfræðiráðunautar eða skrifstofur þeirra skuli hafa með höndum fjármál í sambandi við störf sín. Er þar einkum átt við útborganir vegna framkvæmda. Hér er um mikilsvert mál að ræða, sem nefndin telur ekki rétt að gera ákveðnari tillögur um að svo stöddu. Hún telur það aðalatriði í þessu máli, að verkfræðistofn-

unum á Akureyri, Ísafirði og á Egilsstöðum verði komið á fót á þann hátt, sem um er rætt í frv. þessu og greinargerð, en að starfshættir þeirra og verksvið verði síðan að skapast smátt og smátt með hliðsjón af reynslu. Mætti þá svo fara, að stofnanir þessar yrðu, er tímar líða, alveg sjálfstæðir aðilar hver í sínum landshluta gagnvart fjárveitingavaldi og ríkisstjórn.

Í frv. þessu er ekki gert ráð fyrir sérstökum verkfræðiráðunautum á Suður- og Suðvesturlandi. Gert er ráð fyrir, að hinar opinberu framkvæmdir þar verði áfram í beinni umsjá hlutaðeigandi ríkisstofnana í Reykjavík.

Ef sæmilega tekst til, verður að ganga út frá því, að verkfræðiráðunautar á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum létti störfum af hlutaðeigandi yfirstofnunum í Reykjavík, og að ekki þurfi því að verða verulegur kostnaðarauki að því fyrirkomulagi, sem hér er stungið upp á. Hins vegar telur nefndin, að því mundi verða vel tekið af mörgum og að mikið gagn ætti að geta að því orðið fyrir hlutaðeigandi landshluta, ef rétt er á haldið.

Ed. 304. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Fullt samkomulag um afgreiðslu frumvarpsins náðist ekki í nefndinni. Vildi minni hlutinn, að á því yrðu gerðar þrjár breytingar, sem meiri hlutinn gat ekki fallizt á. Þær breytingar eru þessar:

1. Í 1. gr. er gert ráð fyrir, að upphæðir bóta megi breytast í samræmi við grunnkaupstaxta verkamanna. Hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða og ráðherra í sjálfsvald sett hverju sinni, hvort því skuli beitt. Fátt er þó sjálfsagðara en að bætur almannatrygginga hækki til jafns við almenn vinnulaun, enda hlýtur réttmæti þess að hafa vakað fyrir ríkisstjórninni með flutningi frumvarpsins. Því leggur minni hlutinn til, að í stað ráðherraheimildar komi ákvæði um, að bótafjárhæðir skuli fylgja breytingum á grunnkaupi verkamanna.

2. Í ákvæði til bráðabirgða segir, að ráðherra geti ákveðið 5% hækkun elli- og örorkulífeyris á tímabilinu frá 1. júlí 1964 til gildistöku laganna. Í þessu tilviki er heimildarákvæði sem þetta enn fráleitara en í hinu fyrra. Hér kemur til álita ein greiðsla fyrir eitt tiltekið tímabil, og ríkisstjórnin hlýtur þegar að hafa ákveðið, hvort hún skuli innt af höndum eða ekki. Af greinargerðinni má ráða, að hún hefur valið fyrri kostinn. Svo framarlega sem Alþingi er sama sinnis og ríkisstjórnin í þessu efni, þá ber að orða ákvæðið á þá einu leið, að hækkunin skuli greidd, og með því orðalagi mælir minni hluti nefndarinnar.

3. Í greinargerð frumvarpsins er þess getið, að hækkun grunnkaupstaxta við almenna fiskvinnu hafi orðið 5% á árinu 1964. Í samræmi við það telja frumvarpshöfundar sanngjarnt, að tryggingabætur hækki frá miðju ári 1964. Þó skulu engan veginn allar bætur hækka, heldur einungis tvær tegundir þeirra, ellilífeyrir og örorkulífeyrir. Aðrar bætur mega ekki hækka að þessu sinni til samræmis við grunnkaupshækkun verkamanna. Þannig verður fullt sanngirnismál að bíða hentugri tíma.

Þessa mismunun í garð bótaþega telur minni hlutinn ekki viðunandi. Hækkun bóta frá miðju ári 1964 er réttlætismál, sem allir bótaþegar eiga heimtingu á. Því er hér lagt til, að 5% hækkunin nái til allra bótafjárhæða almannatrygginga. Að sjálfsögðu kostar sú hækkun fjármuni, en í það er ekki horfandi, þegar í hlut eiga þeir, sem harðast hafa orðið úti í þjóðfélaginu, enda hefur þjóðin næg efni til þess, eins og nú árar.

Nefndin flytur tvær viðbótartillögur við frumvarpið. Um þær varð fullt samkomulag, og verða þær því ekki gerðar að umtalsefni hér.

Alþingi, 3. marz 1965.

Alfreð Gíslason.

Sþ. 305. Tillaga til þingsályktunar [144. mál]

um endurskoðun á gildandi reglum um tekjustofna sýslufélaga.

Flm.: Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason, Sigurður Ágústsson, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta svo fljótt sem auðið er hefjast handa um endurskoðun á gildandi reglum um tekjustofna sýslufélaga í því skyni að setja skýrari ákvæði um tekjustofna sýslufélaga og sjá þeim fyrir nægilegum tekjum til þess að mæta lögboðnum og öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum er ákveðið, hver séu verkefni sýslufélaga. Kemur það sérstaklega fram í IV. kafla laga nr. 58/1961, um sveitarstjórnir, hver þau skuli vera.

Er þar sett fram sú meginregla, að sýslufélögin skuli annast stjórn á öllum sveitarstjórnarmálum, sem varða sýslu í heild. Þá er sýslufélögum skylt að bera kostnað af ákveðnum framkvæmdum og ýmsum sameiginlegum rekstri sveitarfélaganna.

Í 101. gr. nefndra laga er að finna meginákvæði um þá tekjustofna, sem sýslusjóðum eru ætlaðir til þess að standa straum af hinum sameiginlega kostnaði, en þar segir: „Því, sem á vantar, að tekjur sýslusjóðs hrökkvi fyrir útgjöldum hans, skal jafnað niður á hreppana," — eftir tilteknum reglum, sem greinir nánar í lögunum. Af þessu orðalagi mætti ætla, að megintekjustofninn sé fastur og því, sem á vanti, að endar nái saman, skuli jafna niður á sveitarfélögin. Hér virðist vera um meginmisskilning að ræða, því að tekjur sýslufélaga eru að heita má einungis hið niðurjafnaða gjald, sem lagt er á hreppana.

Með hliðsjón af því mikla hlutverki, sem í dag hvílir á sýslufélögunum, er ekki óeðlilegt, að fram fari endurskoðun á þeim reglum, sem í gildi eru um skyldur einstakra sveitarfélaga til greiðslu í sýslusjóð, og þá einnig, að kannað sé, hvort rétt væri, að hlut sýslufélaga í þeim opinberu framlögum, sem nú eru greidd til sveitarfélaga, ætti að auka eða afla nýrra tekjustofna í þessu skyni.

Nd. 306. Frumvarp til laga [145. mál]

um verkfræðiskrifstofu Vestfjarðakjördæmis.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Stofna skal verkfræðiskrifstofu á Ísafirði til þess að annast verkfræðilegan undirbúning og fylgjast með framkvæmd opinberra framkvæmda í Vestfjarðakjördæmi.

2. gr.

Skrifstofan er ríkisstofnun, og er aðalverkefni hennar að annast verkfræðilegan undirbúning vega- og brúargerða, hafnargerða og lendingarbóta, svo og undirbúning skipulagsmála í kjördæminu, allt undir yfirstjórn vegamálastjóra, vitamálastjóra og skipulagsstjóra.

Skrifstofan skal einnig annast hvers konar önnur verkfræðistörf við mannvirki og framkvæmdir, sem til er stofnað á vegum ríkisins og ríkisstofnana að einhverju eða öllu leyti, svo sem byggingu skóla, sjúkrahúsa, embættisbústaða, sundlauga, félagsheimila o. s. frv.

3. gr.

Þá skal skrifstofan enn fremur annast hvers konar verkfræðilegan og tæknilegan undirbúning mannvirkjagerðar og framkvæmda, sem sveitarstjórnir á Vestfjörðum fela skrifstofunni að vinna. Fyrir slík verk skrifstofunnar greiða sveitarfélögin í réttu hlutfalli við þá þjónustu, sem hún veitir þeim hverju um sig.

4. gr.

Skrifstofan getur einnig tekið að sér verkfræðistörf fyrir einstaklinga og fyrirtæki í Vestfjarðakjördæmi, enda komi full greiðsla fyrir.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt eindreginni ósk bæjarstjórnar Ísafjarðar. Megintilgangur frumvarpsins er sá að tryggja bætta sérfræðiþjónustu í verklegum efnum í Vestfjarðakjördæmi. Og er þess sízt vanþörf.

Bæjarstjórnin á Ísafirði lét aðeins þessi fáu orð fylgja tillögunni:

> „Samþykkt þessi þarfnast ekki nánari skýringa, en aðeins er bent á til áréttingar, hversu mikilsverður þáttur verkfræðiskrifstofa á Ísafirði, sem bæjarstjórnin nú hefur gert samþykkt um, hlýtur að verða í **byggðakjarnaskipulagi,** sem mikið er **rætt um, en of lítið gert að.**“
>
> „Á vorri storð — **eitt verk er** meir — en **þúsund** orð.“

Ef til vill er líka óþarft að láta fleiri orð fylgja frumvarpinu. Með því er tekið undir kenninguna um myndun byggðakjarna eða þéttbýliskjarna til þess að efla jafnvægi í byggð landsins. Það er sannfæring bæjarstjórnarinnar á Ísafirði, og þeirrar skoðunar eru flutningsmenn frumvarpsins einnig, að dreifing þeirra þjónustustofnana, sem nú eru nær undantekningarlaust staðsettar í höfuðborginni, séu þýðingarmikil ráðstöfun til byggðajafnvægis og jafnréttis. Og sé mönnum alvara í þeim efnum, væri ekki úr vegi, að athafnir kæmu í orða stað, einmitt frá Alþingi Íslendinga. Frumvarpið getur því orðið eins konar prófsteinn á raunverulega afstöðu alþingismanna í byggðajafnvægismálum. Er ekki að efa, að þeir muni standast það próf.

Ef til vill verður sú röksemd færð fram gegn frumvarpinu, að stofnun sérstakrar verkfræðiskrifstofu í Vestfjarðakjördæmi muni auka kostnað við opinberar framkvæmdir. Yfirstjórn þessara mála verði ódýrust með því, að ein þjónustumiðstöð í hverri grein, staðsett í Reykjavík, annist hana. Ekki skal því neitað, að stofnun þeirrar sérfræðiskrifstofu, sem hér um ræðir, kunni að kosta aukin útgjöld, en þó er það engan veginn sannað mál, að svo verði. Ferðir sérfræðinga út um allt land frá þjónustumiðstöðvunum í Reykjavík kosta líka nokkurt fé, sem sparast mundi að verulegu leyti með þeirri breyttu skipan, sem hér er lagt til að upp verði tekin.

Hitt skiptir meira máli, að betri þjónusta væri tryggð með hinni nýju skipan. Þess mætti vænta, að tæknilegur undirbúningur mannvirkjagerðar yrði betur felldur

að aðstæðum, og víst gæti það fljótlega sparað verulegar fjárhæðir, ef betri aðstaða skapaðist til að láta sérfræðinga fylgjast með verklegum framkvæmdum hins opinbera.

Hitt verður ekki dregið í efa, að sveitarfélögum á Vestfjörðum væri mikil stoð að starfsemi slíkrar skrifstofu og leiðsögn hennar í verklegum efnum. Hið sama má segja um einstaklinga og fyrirtæki, sem þannig fengju greiðan aðgang að skrifstofunni í heimahéraði í stað þess, að nú verður alla tæknilega aðstoð að sækja til Reykjavíkur.

Hér er vissulega um nokkurt nýmæli að ræða. En þrátt fyrir það vilja flutningsmenn vænta þess, að frumvarpið hljóti greiðan gang gegnum þingið, þar eð byggðajafnvægismálin geta naumast komið nokkrum þingmanni ókunnuglega fyrir.

Sþ. **307. Þingsályktun** [64. mál]

um ræktun skjólbelta.

(Afgreidd frá Sþ. 4. marz.)

Samhljóða þskj. 71.

Sþ. **308. Þingsályktun** [47. mál]

um uppsetningu radarspegla á suðurströnd landsins.

(Afgreidd frá Sþ. 4. marz.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram athugun á því, hvort unnt sé að auka öryggi sjófarenda við suðurströnd landsins og annars staðar, þar sem líkt stendur á, með því að koma fyrir á strandlengjunni radarspeglum eða öðrum leiðbeiningatækjum fyrir radar. Reynist sú athugun jákvæð, verði slík radarmerki sett upp hið allra fyrsta.

Nd. **309. Lög** [31. mál]

um fjárhagslegan stuðning við leiklistarstarfsemi áhugamanna.

(Afgreidd frá Ed. 4. marz.)

Samhljóða þskj. 124.

Sþ. **310. Tillaga til þingsályktunar** [146. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslu um samkomustað Alþingis.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta samtímis sveitarstjórnarkosningum árið 1966 fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um það, hvort stefna skuli að því, að Alþingi verði háð á Þingvöllum.

Greinargerð.

Alþingi Íslendinga var háð á Þingvöllum við Öxará frá 930 til 1798, að báðum árum meðtöldum, eða hátt á níunda hundrað ára. En þá, um aldamótin 1800, var „lögréttuhúsið rifið og burtu flutt, selt á uppboði 31. maí 1805 fyrir 35 ríkisdali“, svo segir í VII. bindi Íslendingasögu.

Á árunum 1799 og 1800 var þingið háð í Hólavallaskóla í Reykjavík, en þegar sól 19. aldar rann upp, var Alþingi „horfið á braut“ af Íslandi, eins og skáldið Jónas kvað.

Svo liðu 40 ár. Þá var það hinn 20. maí 1840, að Kristján konungur VIII gaf út að áeggjan íslenzkra manna tilskipan þess efnis, að hin svokallaða embættismannanefnd á Íslandi skyldi „ráðgast um á sumri komanda, hvort ekki muni vel til fallið að stofna ráðgjafarþing á Íslandi og láta þar eiga setu menn þá, er landsmenn hafa sjálfir til kjörið, svo marga, sem þurfa þykir, auk nokkurra þeirra manna, er mesta hafa þar sýslu fyrir vora hönd og vér munum sjálfir til nefna. Það mál skulu þeir íhuga, hvað oft menn skuli til þings koma. — — — Enn eiga þeir sér í lagi að því hyggja, hvort ekki sé réttast að nefna fulltrúaþingið Alþing og halda það á Þingvöllum, eins og Alþingi hið forna, og laga það eftir því svo mikið, sem verða má — — —“.

Í embættismannanefndinni áttu 10 embættismenn sæti, stiftamtmaður, sem var danskur, landfógeti, amtmenn tveir, biskup, dómstjóri landsyfirréttar, þrír sýslumenn og einn prófastur. Nefndin mælti árið 1841 með endurreisn Alþingis, en um þingstaðinn varð ekki samkomulag. Fimm nefndarmenn mæltu með Reykjavík. Aðrir fimm mæltu með því, að þingið kæmi saman í Reykjavík í fyrsta sinn og ákvæði síðan sjálft þingstaðinn. Síðari tillagan var samkomulagstillaga 5 nefndarmanna. En tveir þeirra voru því eindregið fylgjandi í nefndinni, að þingið yrði háð á hinum forna þingstað. Annar þessara tveggja var þjóðskáldið Bjarni Thorarensen, amtmaður á Möðruvöllum. Hinn var Jón Jónsson á Melum, sýslumaður Strandamanna.

Sú varð niðurstaðan, að hið endurreista Alþingi skyldi háð í Reykjavík, og kom það saman í fyrsta sinn árið 1845. En mjög voru skoðanir skiptar um þetta mál. Í greinargerð þeirra Bjarna Thorarensens og Jóns á Melum segir svo: „Þjóðin æskir þess, að Alþingið verði á Þingvöllum, og það er aðeins við fortölur orðið, að einstakir menn eru komnir á annað mál.“ Réttmæti þessara ummæla um þjóðarvilja á þeirri tíð staðfestir dr. Páll E. Ólason í ævisögu Jóns Sigurðssonar og kveðst þá styðjast við mikinn fjölda sendibréfa, er geymzt hafa. Nokkur áhrif kann það að hafa haft á úrslit, að tveir harðfylgnustu talsmenn Þingvalla, þeir Bjarni Thorarensen og Tómas Sæmundsson, féllu frá sama árið og embættismannafundurinn var haldinn, og var Tómas látinn fyrir fundinn. Til þess hefur oft verið vitnað, að Jón Sigurðsson hafi verið því fylgjandi, að þingið yrði háð í Reykjavík, og er það rétt. Greinar Tómasar og Jóns um málið birtust á prenti, og voru þeir ósammála. Eigi að síður komst Jón svo að orði í II. árg. Nýrra félagsrita:

„Ég hefði tekið það sem merki til þjóðaranda og þjóðarkjarks, ef alþýða hefði almennt tekið sig fram um að beiðast þess, að Alþingi væri sett á Þingvelli, og ekki horft í kostnað þann og ónæði, sem þar við hefði aukizt.“

Það virðist koma glöggt fram, hvers vegna Jón Sigurðsson vildi gera Reykjavík að þingstað. Hann taldi Íslendingum nauðsyn að eignast höfuðstað og vildi stuðla að því m. a. með því að láta þingið hafa aðsetur á þeim stað. „Til þvílíks staðar virðist mér Reykjavík allvel fallin,“ segir hann. Í Reykjavík voru þá ekki nema um 900 íbúar, og margir þeir, er þar máttu sín einhvers, voru útlendir menn. Til þess þurfti vissulega átak, að hún gæti orðið viðunandi höfuðstaður Íslendinga, svo fámenn sem hún þá var og fátækleg. Eins og nú er ástatt á Íslandi, munu margir telja, að þessi 120 ára gamla jákvæða röksemd Jóns Sigurðssonar sé úrelt orðin vegna byggðaþróunarinnar í landinu. Þá er hitt ekki síður úrelt orðið, sem

um 1840 var fært fram gegn þinghaldi á Þingvöllum t. d., að það tæki 2 daga að fara fram og aftur milli Reykjavíkur og Þingvalla og að þingmenn yrðu að lifa á skrínukosti þar eystra.

Er líða tók að 1000 ára afmæli Alþingis (1930), kom í ljós, að áhugi á því að heyja þingið á Þingvöllum við Öxará var enn vakandi hér á landi. Ýmsir gerðust þá til að rita um málið í blöð eða tímarit. Einn af þáverandi þingmönnum höfuðstaðarins (Magnús Jónsson prófessor) skrifaði árið 1923:

„Það er nokkurs konar prófsteinn á þjóðina, hvenær hún er orðin fullvaxin og veit, hver hún er, að þá flytur hún Alþingi á Þingvöll við Öxará. Annars staðar getur það ekki átt heima."

Þá minntust menn þess einnig, að þjóðin hafði aldrei átt þess kost að ráða sjálf þingstað sínum og að álits hennar hafði ekki verið leitað. Og á Alþingi 1925 fluttu þrír þingmenn (Sveinn Ólafsson, Ásgeir Ásgeirsson og Benedikt Sveinsson) í neðri deild svo hljóðandi tillögu til þingsályktunar:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu á sumri komanda, jafnhliða landskjörinu, um það, hvort samkomustaður Alþingis skuli vera á Þingvöllum við Öxará frá 1930. Skal við atkvæðagreiðsluna farið eftir nýjum kjörskrám til alþingiskosninga fyrir sérstök kjördæmi."

Þessi tilllaga var felld með litlum atkvæðamun. Með henni voru greidd í Nd. 12 atkvæði, en 14 á móti. Árið 1929 var svipuð tillaga aftur flutt í Nd., þá af 10 þingmönnum, og enn árið 1930, þá af 9 þingmönnum. Í þessi tvö skipti varð hún ekki útrædd. En árið 1929 bárust þinginu áskoranir frá mörgum ungmennafélögum og ungmannasamböndum um að láta þjóðaratkvæðagreiðsluna fara fram. Eftir alþingishátíðina féll málið niður um sinn.

Á það var bent í umræðum á Alþingi 1926—30, að oft, þegar mikils hefði þótt við þurfa í sjálfstæðisbaráttunni, hefðu þeir, er þar voru á oddi, túlkað hug þjóðarinnar til Þingvalla með því að boða þar — en ekki í höfuðstaðnum — til fulltrúafunda, er sóttir voru hvaðanæva að af landinu. Nú eftir 35 ár mætti bæta því við, að árið 1944 þótti öllum það eitt hlýða, að yfirlýsingin um stofnun lýðveldisins væri birt á hinum forna þingstað.

Ásgeir Ásgeirsson sagði í umræðunum á Alþingi 1926:

„Þingvellir eru einstakur staður, og ég skil ekki þá þjóð, sem ekki vill nota sér þá fágætu eign til að halda erfikenningum í þingmálum og stjórnmálum betur vakandi en nú — — — það er sagan, sem heimtar, að Alþingi verði háð á Þingvöllum."

Eins og kunnugt er, var það eitt af stefnumálum Fjölnismanna, að endurreisa skyldi Alþingi á Þingvöllum. Jónas Hallgrímsson mælti fyrir þessari stefnu í ljóði, sem ekki gleymist, meðan íslenzk tunga er töluð: „Ísland farsælda frón". Vel færi á því, að komandi kynslóð auðnaðist að minnast tveggja alda afmælis „listaskáldsins góða" í þinghöll framtíðarinnar við Öxará.

Hér er þó ekki farið fram á það, að Alþingi taki nú ákvörðun um flutning Alþingis til Þingvalla. Aðeins er hér lagt til, eins og fyrir 3—4 áratugum, að þjóðinni verði leyft að greiða atkvæði um stefnuna í þessu máli, láta í ljós álit sitt á lýðræðislegan hátt. Þótt ákveðið yrði að stefna að því, að Alþingi verði háð á Þingvöllum, má vissulega gera ráð fyrir, að á því geti orðið nokkur bið, því að þar er margs að gæta og það skal vel vanda, sem lengi á að standa. En einmitt nú stendur svo á, að ekki mun verða hjá því komizt að auka á einhvern hátt húsrými það, er þingið hefur til umráða. Þetta er hægt að gera á ýmsan hátt, til bráðabirgða eða til langrar frambúðar. Af þessari ástæðu meðal annars er nú fullkomlega tímabært að gera það upp við sig, hvort stefna skuli að því eða ekki, að þingið starfi á hinum forna helgistað sínum á komandi tímum. Og þetta mál er þess eðlis, að ekki fer vel á því, að þingmenn ráði því til lykta án þess að vita vilja þjóðarinnar — eða geri kostnaðarsamar ráðstafanir, sem kynnu að gera þjóðinni eða þjóðfull-

trúum síðari tíma erfitt fyrir að framkvæma þá hugsjón, sem hér er um að ræða. Vel fer á því, að alþingismenn, sem telja skynsamlegt að flytja sumar ríkisstofnanir burt úr höfuðborginni, eins og nú er víða rætt erlendis, tjái sig sjálfir reiðubúna til að gefa fordæmi á sínu sviði.

Þegar litið er á hina öru þróun í samgöngumálum og annars staðar á sviði tækninnar, verður að teljast ákaflega ósennilegt, að það þurfi að hafa í för með sér meiri háttar erfiðleika eða kostnað fyrir þjóðfélagið eða fulltrúa þess og embættismenn á komandi tímum, að Alþingi starfi á Þingvöllum. Aðstaðan til þess er þegar gerbreytt og á eftir að breytast enn meir. En atburðir liðinna alda breytast ekki eða sú söguhelgi og sá þjóðernis-, sjálfstæðis- og menningarmáttur, sem við þá er tengt. Margt þarf þó íhugunar við í þessu sambandi, og gert er ráð fyrir, að rúmur tími verði til íhugunar og umræðu manna á meðal um þessi mál, áður en þjóðaratkvæðagreiðslan fer fram.

Þess skal að lokum getið, að stjórnskipuð nefnd, sem fjallaði um staðsetningu ríkisstofnana, gerði það að tillögu sinni haustið 1962, að þjóðaratkvæðagreiðsla sú, sem hér er um að ræða, yrði látin fara fram. En flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu áttu sæti í þessari nefnd og vilja nú beita sér fyrir því, að málið verði tekið til meðferðar á Alþingi, á þann hátt, sem hér er lagt til.

Ed. 311. Frumvarp til laga [147. mál]

um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

I. KAFLI
Um stjórn stofnunarinnar og hlutverk.

1. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Húsnæðismálastjórn veitir stofnuninni forstöðu.

Í húsnæðismálastjórn eiga sæti 5 menn kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Auk þess skipar félagsmálaráðherra einn mann í húsnæðismálastjórn samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands, og skal hann eigi hafa atkvæðisrétt um lánveitingar. Varamenn skulu vera jafn margir og valdir á sama hátt. Félagsmálaráðherra skipar formann húsnæðismálastjórnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

Félagsmálaráðherra skipar húsnæðismálastofnuninni framkvæmdastjóra að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og ákveður honum laun. Einnig ákveður ráðherra þóknun til húsnæðismálastjórnar.

Þóknun húsnæðismálastjórnar og laun framkvæmdastjórans greiðast úr ríkissjóði, en annar kostnaður stofnunarinnar úr byggingarsjóði ríkisins.

2. gr.

Verkefni Húsnæðismálastofnunar ríkisins er að beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum, hafa á hendi stjórn byggingarsjóðs ríkisins og yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu.

3. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal vinna að umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði með því meðal annars:

1. Að gera grein fyrir raunverulegri þörf landsmanna fyrir íbúðabyggingar á hverjum tíma, og gera tillögur og áætlanir um, hvernig þeirri þörf verði fullnægt á sem hagkvæmastan hátt og með minnstum tilkostnaði. Félagsmálaráðherra er heimilt í því skyni að fela húsnæðismálastjórn, í samvinnu við sveitarstjórnir, fasteignamat ríkisins og Hagstofuna, að koma upp spjaldskrá yfir allt íbúðarhúsnæði í landinu.
2. Að fylgjast jafnan nákvæmlega með byggingarkostnaði í landinu í því skyni að finna, hverjir byggja ódýrust hús, hvaða gerðir íbúðarhúsnæðis reynast beztar og hagkvæmastar, og með hvaða hætti þeim verði komið upp með minnstum tilkostnaði. Í þessu skyni er húsnæðismálastjórn heimilt að láta fara fram samkeppni um uppdrætti og byggingu hagkvæmra íbúða og veita lán þeim, sem geta tekið að sér að byggja hagkvæmar íbúðir af ákveðinni meðalstærð með minnstum kostnaði.
3. Að setja þau skilyrði fyrir lánum, sem telja má að stuðli að því, að byggðar verði fyrst og fremst hagkvæmar íbúðir af hóflegri stærð.
4. Að koma á fót og annast leiðbeiningarstarf í því skyni að lækka byggingarkostnað og koma á hvers konar umbótum í húsagerð og vinnutækni við byggingu íbúðarhúsa.
5. Að leggja áherzlu á stöðlun (standardiseringu) sem flestra hluta til íbúðarhúsabygginga, fjöldaframleiðslu slíkra hluta og leiðbeiningar til húsbyggjenda um notkun þeirra.
6. Að gangast fyrir tæknirannsóknum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, tilraunum, sýningum, námskeiðum, útgáfu rita, heimsóknum erlendra sérfræðinga, náms- og kynnisferðum íslenzkra byggingarmanna erlendis. Enn fremur með byggingu tilraunahúss, þar sem reyndar verða nýjungar í húsagerð.
7. Að beita sér fyrir útvegun hagkvæmra íbúðateikninga.
8. Að beita sér fyrir endurskoðun byggingarsamþykkta eftir því sem þörf krefur.
9. Að beita sér fyrir lækkun á verði byggingarefnis með því meðal annars að stuðla að hagkvæmum innkaupum.
10. Að beita sér fyrir því, að úthlutun lóða tefji ekki, að byggingar geti hafizt.
11. Að semja og gefa út reglur um lágmarkskröfur um byggingar, sem lán eru veitt til, svo sem um lágmarkseinangrun, lágmarkslofthæð o. s. frv., sem og leiðbeiningar um undirbúning teikninga og áætlana.
12. Að beita sér fyrir því, að vinna við íbúðabyggingar sé sem samfelldust árið um kring og sem jöfnust frá ári til árs.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að láta undirbúa byggingu íbúðarhúsahverfa í kaupstöðum með því að láta gera skipulagsuppdrætti af þeim í samráði við skipulagsnefnd ríkisins. Þegar slíkir skipulagsuppdrættir hafa verið samþykktir af skipulagsnefnd og félagsmálaráðherra, er viðkomandi bæjarfélagi skylt að heimila byggingarnar og láta af hendi eða útvega landsvæði fyrir þær, ef með þarf með eignarnámi, og fer um eignarnám samkvæmt lögum nr. 61 frá 1917. Sömuleiðis er viðkomandi bæjarfélagi skylt að leggja nauðsynlega vegi og leiðslur um slík hverfi innan hæfilegs tíma að mati húsnæðismálastjórnar og félagsmálaráðherra.

Við lausn þessara mála er húsnæðismálastofnun ríkisins heimilt að leita samvinnu við hvern þann aðila, sem hefur sérþekkingu á þessum málum, og er opinberum aðilum skylt að veita stofnuninni hverjar þær upplýsingar, sem hún óskar.

Heimilt er félagsmálaráðherra að skipa nefnd sérfróðra manna húsnæðismálastjórn til aðstoðar og ráðuneytis um tæknileg mál, og ákveður ráðherra þóknun til nefndarmanna.

II. KAFLI

Um byggingarsjóð ríkisins og veðlán til íbúðabygginga.

4. gr.

Byggingarsjóður ríkisins lýtur stjórn húsnæðismálastjórnar.

Hlutverk sjóðsins skal vera að annast lánveitingar til íbúðabygginga og standa straum af framkvæmdum, er húsnæðismálastjórn kann að ráðast í til lausnar á húsnæðisvandamálum almennings.

Stofnfé sjóðsins var:

1. Varasjóður hins almenna veðlánakerfis.
2. Lán ríkisins til Lánadeildar smáíbúða.
3. A-flokka bréf ríkisins, er keypt voru fyrir tekjuafgang ríkissjóðs 1955.
4. Tveir þriðjungar skatts af stóreignum, álagðs 1957.

Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera:

a. Launaskattur, samkvæmt lögum um launaskatt.
b. Framlag úr ríkissjóði, að fjárhæð kr. 40 000 000.00.
c. 1% álag, er innheimta skal aukalega, á tekju- og eignarskatt og stríðsgróðaskatt og ½% á aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá.
d. Afborganir og vextir lána, sem veitt hafa verið eða veitt verða af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.
e. 1% lántökugjald af lánum, er húsnæðismálastjórn veitir, svo og vaxtatekjur byggingarsjóðs.
f. Höfuðstóll vaxtabréfa samkvæmt 5. gr. og vaxtafé af þeim, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, sé þess ekki vitjað innan 20 ára frá gjalddaga, sbr. 18. gr. laga nr. 55/1945.

Byggingarsjóðurinn skal vera í vörzlu veðdeildar Landsbanka Íslands.

5. gr.

Veðlánakerfi til íbúðabygginga skal starfrækt undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands, og skulu lánveitingar innan þess vera í samræmi við hinar almennu útlánareglur húsnæðismálastjórnar.

Í þessu skyni skal veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út skuldabréf (bankavaxtabréf), sem nema allt að 400 milljónum króna árlega. Vaxtabréf þessi skulu vera með föstum vöxtum og afborgunum, en með vísitölukjörum þannig, að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar vísitölu framfærslukostnaðar.

Eigi skal öðrum en veðdeild Landsbanka Íslands heimilt að gefa út vísitölubundin verðbréf, nema sérstök lagaheimild komi til.

Ákvæði III. kafla laga nr. 70/1962, sbr. 31. gr. laga nr. 51/1964 gilda um bankavaxtabréf og vexti af þeim.

Byggingarsjóður ríkisins og veðdeild Landsbankans, eftir tillögu húsnæðismálastjórnar hafa heimild til að taka erlend lán til íbúðabygginga, enda komi leyfi ríkisstjórnarinnar til.

Ábyrgð ríkissjóðs er á skuldabréfum samkvæmt þessari grein. Um verðbréfaútgáfu þessa gilda ákvæði laga nr. 55/1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum. Í reglugerð má þó ákveða annan frest um innlausn bankavaxtabréfa en ákveðinn er í 16. gr. laga nr. 55/1945.

6. gr.

Til útlána eða framkvæmda á vegum húsnæðismálastjórnar kemur:

A. Fé byggingarsjóðs ríkisins, samkvæmt 4. gr. og sparnaðarfé samkvæmt 9. og 10. gr.

B. Fé það, sem aflast með sölu skuldabréfa (bankavaxtabréfa), samkvæmt 5. gr., frá atvinnuleysistryggingasjóði, en fyrir árlegt framlag ríkissjóðs til þess sjóðs skal kaupa slík bréf, tryggingafélögum, lífeyrissjóðum og öðrum aðilum.
C. Erlend lán, sem byggingarsjóður ríkisins eða veðdeild Landsbanka Íslands kunna að taka til íbúðabygginga.

7. gr.

Útlánareglur húsnæðismálastjórnar skulu vera þessar:

A. Lánin veitast aðeins til byggingar nýrra íbúða, meiri háttar viðbygginga eða til kaupa á nýjum íbúðum, en lán skal þó því aðeins veita, að loforð um lánveitingu hafi verið gefið áður en hlutaðeigandi byggingarframkvæmd hófst eða kaup á nýjum íbúðum eru gerð. Lánin skulu greidd lántakendum í peningum og koma til útborgunar vor og haust og þá í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu húsnæðisins, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Ef byggingarfélag er lántakandi, skal láninu skipt á hlutaðeigandi íbúðir að byggingu lokinni eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar.

Sé um að ræða byggingarfélag, sem nýtur ríkisábyrgðar, getur húsnæðismálastjórn veitt því bráðabirgðalán gegn ríkisábyrgð af fé byggingarsjóðs, enda verði láninu skipt að byggingu lokinni á eigendur hlutaðeigandi íbúða gegn 1. veðrétti, og fellur ríkisábyrgð þá niður.

Húsnæðismálastjórn getur enn fremur veitt sveitarfélögum lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leiguíbúðir.

B. Lánaupphæðin má nema allt að kr. 280 000.00 á hverja íbúð. Þó ekki meiru en ⅔ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbankans. Heimilt er þó að veita hærra lán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, og skal í þessu skyni verja 15—20 millj. króna árlega af tekjum byggingarsjóðs ríkisins. Húsnæðismálastjórn ákveður lán þessi að fengnum tillögum miðstjórnar A. S. Í. vegna viðkomandi verkalýðsfélags. Um viðbótarlán þessi má setja nánari ákvæði með reglugerð.

Ef fleiri íbúðir eru í sama húsi, má lána út á hverju íbúð fyrir sig, þó skal engum einstaklingi veitt lán, sem byggir fleiri en eina eigin íbúð.

C. Lán þessi skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðast síðan á 25 árum með 4% ársvöxtum og jöfnum árgreiðslum vaxta og afborgana (annuitetslán). Til greiðslu á kostnaði Veðdeildarinnar vegna starfrækslu hennar í þágu byggingarsjóðs skulu lántakendur greiða ¼% af lánsfjárhæðinni, sem reiknast á sama hátt og árlegir vextir. Hver árgreiðsla, afborgun, vextir og kostnaður skal hækkuð eða lækkuð, eftir því sem við á, samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar. Lán þessi skulu tryggð með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.
D. Heimilt er húsnæðismálastjórn að stytta lánstímann vegna sérstakra byggingahátta eða takmarkaðs leigutíma lóðaréttinda.
E. Félagsmálaráðherra skal að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar setja með reglugerð nánari ákvæði um veitingu lána, er húsnæðismálastjórn hefur með höndum. Um lánveitingar til einstaklinga skal þar m. a. setja ákvæði, sem tryggi, að farið sé eftir ástæðum umsækjenda, húsnæði, fjölskyldustærð, efnahag, lántökumöguleikum o. fl. Enn fremur um hámarksstærð íbúða, sem veita má lán til.

Við skiptingu lánsfjárins milli byggðarlaga skal tekið tillit til nauðsynlegs jafnvægis í byggð landsins og þeirra byggðarlaga, sem eru í mestri lánsfjárþörf.

Á meðan ekki er unnt að fullnægja lánsfjárþörf til íbúðarhúsabygginga, skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu sitja fyrir, er byggja minni íbúðir, enda fullnægi íbúðarstærðin þörfum viðkomandi fjölskyldu að dómi húsnæðismálastjórnar.

Ákveðið skal í reglugerð, hver skilríki umsækjandi skuli láta fylgja umsókn sinni og um önnur almenn skilyrði fyrir lánveitingu.

8. gr.

Húsnæðismálastjórn ákveður, hverjum skuli veitt lán samkvæmt lögum þessum af fé byggingarsjóðs samkvæmt 4. gr. og fé því, sem aflað er með sölu bankavaxtabréfa samkvæmt 5. gr., en veðdeild Landsbankans skal sjá um afgreiðslu lánanna og innheimtu afborgana og vaxta. Skal veðdeildin sjá um, að afgreiðslan og innheimtan geti farið fram í peningastofnunum sem víðast á landinu.

III. KAFLI

Um sparnað til íbúðabygginga.

9. gr.

Sérstök innlánsdeild skal starfa á vegum byggingarsjóðs ríkisins.

Þeir, sem leggja fé inn í deildina, skulu að minnst 10 árum liðnum frá því að innlög hófust, eiga kröfu á að fá það útborgað, að viðbættum innlánsvöxtum sbr. 10. gr. Nemi hin innlagða upphæð minnst 10 þús. krónum á ári, er skylt að láta þá, er taka þátt í innlögum þessum, sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, að öðru jöfnu, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist, þó aldrei yfir ⅔ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þessarar innlánsdeildar og um réttindi og skyldur samkvæmt þessari grein skulu sett í reglugerð.

Tilsvarandi ákvæði gilda um þá menn utan kaupstaða og kauptúna, sem leggja á þennan hátt fé í stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands.

10. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, en í Stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveitum.

Fé það, sem skylt er að spara á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Þegar sá, er safnað hefur fé í sjóð samkvæmt 1. mgr., hefur náð 26 ára aldri, eða gengur í hjónaband og stofnar heimili, skal hann eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt að viðbættum þeim vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum. Enn fremur skulu þeir sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir ⅔ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjársöfnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samanlagt að minnsta kosti 100 000.00 kr.

Fé, sem lagt er til hliðar samkvæmt þessari grein og 9. grein, skal vera skatt- og útsvarsfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt. Enn fremur skulu vextir af þessu fé undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.

11. gr.

Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

a. gift fólk, sem hefur stofnað heimili,
b. skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, og iðnnemar meðan þeir stunda iðnnám,

c. Unglingar í sveitum, sem vinna hjá foreldrum sínum eða fósturforeldrum og leggja árlega 25% af kaupi sínu, að fæði frádregnu, í bústofnsaukningu,
d. Þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er hafa yfir 30 þús. kr. skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá.

Heimilt er undirskattanefndum að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar. Skýrslur um slíkar undanþágur skal senda húsnæðismálastjórn. Ákvörðun undirskattanefndar má áfrýja til félagsmálaráðherra.

Þó að maður kunni að eiga rétt á undanþágu frá sparnaðarskyldu, verður hann að láta hið tilskilda sparifé af hendi, þar til hann hefur fengið formlega undanþágu, en þá á hann rétt til endurgreiðslu, svo fljótt sem við verður komið.

Útlendingar, sem hafa landvistar- eða atvinnuleyfi hér á landi um tilekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir, skulu fá skyldusparnað sinn endurgreiddan, er þeir hverfa af landi burt.

12. gr.

Vegna framkvæmda á ákvæðum þessa kafla skal heimilt að gefa út sparimerki, og skulu atvinnurekendur og aðrir kaupgreiðendur þá skyldir til að greiða tilskilinn hluta launa með slíkum merkjum hverju sinni, er kaup kemur til útborgunar.

Ákveða má í reglugerð sérstakt gjald, er skattayfirvald ákveður á hendur þeim, sem vanrækir sparimerkjakaup, er nema má allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir. Sömuleiðis má með reglugerð ákveða, að hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessara laga um skyldusparnað, skuli skylt að gera skattyfirvaldi grein fyrir sparimerkjaeign sinni með framvísun sparimerkjabókar sinnar að viðlögðu 200 króna gjaldi. Gjöld þessi skulu renna til byggingarsjóðs ríkisins eða stofnlánadeildar landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands, eftir því sem við á.

Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði.

Sett skulu í reglugerð glögg ákvæði um framkvæmd þessa kafla.

IV. KAFLI

Um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis.

13. gr.

Húsnæðismálastjórn skal af hálfu ríkisvaldsins vera aðili að ráðstöfunum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, þar með taldir herskálar, og hafa um það samvinnu við bæjar- og hreppsfélög, er beita sér fyrir slíkum framkvæmdum.

14. gr.

Bæjar- og hreppsfélög, sem hafa ákveðið að gera ráðstafanir til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, skulu senda húsnæðismálastjórn áætlanir sínar og rökstuddar greinargerðir fyrir þeim.

15. gr.

Íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, skulu geta notið lána samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal þá ríkissjóður lána jafnháa upphæð á móti, eftir því sem fjárlagaheimild hvers árs leyfir. Lán ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að hið ónothæfa húsnæði sé tekið úr notkun, um leið og hið nýbyggða húsnæði er fullgert, en þó er heimilt að afgreiða til við-

komandi sveitarfélags helming lánsupphæðar, þegar nýbygging er fokheld. Húsnæðismálastjórn ráðstafar lánum ríkissjóðs í þessu skyni.

Ef ágreiningur verður um ráðstöfun íbúða, sem reistar eru á þessum grundvelli, má skjóta ágreiningnum til úrskurðar húsnæðismálastjórnar.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

17. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10 000.00, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl., lög nr. 45 12. júní 1958, um breyting á þeim lögum, lög nr. 56 4. apríl 1962, um breyting á sömu lögum og lög nr. 18 23. maí 1964, um breyting á sömu lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í samkomulagi því, sem gert var hinn 5. júní s. l. milli ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, lýsti ríkisstjórnin yfir því, að hún mundi beita sér fyrir ráðstöfunum til úrlausnar í húsnæðismálum. Sumar af þessum ráðstöfunum hafa í för með sér breytingar á núgildandi lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun o. fl. Með því að áður hafa verið gerðar margar breytingar á lögum þessum, þykir rétt að setja nú ný heildarlög um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem geyma gildandi ákvæði um þessi efni með þeim breytingum, sem lagt er til með frumvarpi þessu, að nú verði gerður.

Helztu breytingar, sem hér er um að ræða eru þessar:

1. Auknar verði árlegar tekjur byggingarsjóðs ríkisins með því að leggja á almennan launaskatt, sem renni í sjóðinn, sbr. bráðabirgðalög, sem þegar hafa verið sett um það efni. Enn fremur er lagt til, að ríkissjóður greiði árlega framlag til sjóðsins, að fjárhæð kr. 40 000 000.00. — Til athugunar er, hvort ráðlegra sé að afla þessa fjár með sérstakri skattálagningu, og er ekki rétt að taka fullnaðarákvörðun um það fyrr en séð verður, hverjar breytingar verða gerðar á tekju- og eignaskattslögum, sem nú eru í undirbúningi. Kynni þá svo að fara, að þessu ákvæði yrði breytt undir meðferð málsins.
2. Heimild veðdeildar Landsbanka Íslands til útgáfu bankavaxtabréfa, sem nú nemur 150 millj. króna á ári í 10 ár, samkvæmt lögum nr. 56/1962, verði hækkuð í 400 millj. króna á ári, ótímabundið. Þá er lagt til að öll þessi bréf verði með vísitölukjörum, en samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að gefa út slík bréf fyrir 50 millj. króna á ári.
3. Árlegu framlagi ríkissjóðs til atvinnuleysistrygginga verði varið til kaupa á vaxtabréfum veðdeildar, samkvæmt 2. tl. hér að framan, sbr. 6. gr. frv.
4. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 42/1957, síðasta mgr. er heimilt að setja það skilyrði fyrir láni, að bygging sé ekki hafin áður en loforð fyrir láni er gefið. Með frv. þessu er lagt til, að lán skuli því aðeins veita, að loforð um lánveitingu hafi verið gefið áður en bygging er hafin, sbr. 7. gr. frv. A.
5. Heimilað verði að veita sveitarfélögum lán til byggingar leiguíbúða, sbr. 7. gr. frumvarpsins A-lið i.f.

6. Samkvæmt lögum nr. 56/1962 er hámarkslán 150 þús. krónur. Lagt er til, að hámarkið verði hækkað í 280 þús. krónur.
7. Árlega skal verja 15—20 millj. króna af tekjum byggingarsjóðs til þess að veita hærri lán en ráð er fyrir gert, samkvæmt 5. tl. hér að framan, til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga.
8. Lagt er til, að lánskjörum verði breytt þannig, að lánin verði til 25 ára með 4% ársvöxtum (annuitetsláni) og afborganalaus fyrsta árið. Hver árgreiðsla, vextir, afborganir og kostnaður veðdeildar (¼%) breytist samkvæmt vísitölu framfærslukostnaðar.
9. Samkvæmt 9. gr. laga nr. 42/1957 eiga þeir, sem leggja með frjálsum innlögum í innlánsdeild í 5 ár a. m. k. 5000 krónur á ári, forgangsrétt, að öðru jöfnu, til lána til íbúðabygginga, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist. Með frv. þessu er lagt til, að innlögin í innlánsdeildina þurfi að vera í 10 ár og a. m. k. 10000 krónur á ári, til þess að umræddur forgangsréttur fáist. Í samræmi við þetta er lágmarkið í 10. gr. laga nr. 42/1957, sem nú er 50 000 krónur, sbr. lög nr. 18/1946, hækkað í kr. 100 000.00, sem nú yrði þá það lágmark skyldusparnaðar, sem vera þarf fyrir hendi, til þess að skyldusparendur geti notið þeirra fríðinda, sem lög gera ráð fyrir.
10. Samkvæmt lögum nr. 56/1962 skal ríkissjóður lána jafnháa upphæð á móti því fé, sem sveitarfélög leggja fram í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði. Í frv. þessu er lagt til, að skylda ríkisins til að leggja fram fé á móti verði takmörkuð við fjárlagaheimild hvers árs.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er samhljóða 1. gr. laga nr. 42/1957, sbr. 1. gr. laga nr. 56/1962. Orðalagsbreyting á 1. mgr. skýrir sig sjálf.

Ákvæði 1. gr. laga nr. 42/1957 fjalla aðallega um stjórn stofnunarinnar, nema 2. mgr., sem ræðir um verkefni hennar. Betur virðist fara á því, að ákvæði 2. mgr. sé í sjálfstæðri grein næst á eftir 1. gr. og verði 2. gr. laganna.

Um 2. gr.

Samhljóða 2. mgr. 1. gr. laga nr. 42/1957, sbr. athugasemdir við 1. gr. frv.

Um 3. gr.

Grein þessi er samhljóða 2. gr. laga nr. 42/1957, að öðru leyti en því, að síðasta mgr. er felld niður. Ákvæði þau, sem lagt er til að felld verði niður, hafa ekki verið framkvæmd hingað til af húsnæðismálastjórn, heldur af öðrum aðilum. Sýnist því réttara að fella ákvæðið niður úr lögum þessum.

Um 4. gr.

Grein þessi er að mestu leyti samhljóða 3. gr. laga nr. 42/1957. Orðalagsbreytingar á 1. mgr. og í upphafi 3. mgr. þarfnast ekki skýringa. Í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 5. júní 1964 er hér gert ráð fyrir tveim nýjum tekjuliðum, sjá a- og b-liði greinarinnar, að öðru leyti eru ákvæðin um árlegar tekjur sjóðsins óbreytt. Samkvæmt lögum nr. 7/1963, 40. gr., er álag það, sem nú er tekið á aðflutningsgjöldin, aðeins ½%. Felld eru niður ákvæði í síðustu mgr. um lánveitingar, sem ekki eiga heima í þessari grein og munu raunar vera óþörf.

Um 5. gr.

Grein þessi er í flestum atriðum samhljóða 4. gr. laga nr. 42/1957. Verulegar breytingar eru þó í 2. mgr., en þar er gert ráð fyrir, að heimild til útgáfu skulda-

bréfa (bankavaxtabréfa) verði hækkuð í 400 millj. króna og að þessi heimild verði ótímabundin (10 ára ákvæðið fellt niður). Þá er einnig gert ráð fyrir því, að öll þessi bréf verði með vísitölukjörum. Breytingar þessar eru til samræmis við ákvæði samkomulags ríkisstjórnarinnar, Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, dags. 5. júní 1964. Breytingar á tilvitnunum í lög í 4. mgr. eru vegna nýrra ákvæða skatta- og útsvarslaga, sem þó munu vera efnislega óbreytt frá því, sem áður var.

Um 6. gr.

Grein þessi svarar til 5. gr. laga nr. 42/1957.

Í samræmi við samkomulagið frá 5. júní 1964 er í B-lið greinarinnar ákveðið, að framlagi ríkissjóðs til atvinnuleysistrygginganna verði varið til kaupa skuldabréfa (bankavaxtabréfa) þeirra, sem um ræðir í 5. gr.

Lagt er til, að ákvæðin í C-lið núgildandi laga verði felld niður, þar eð nú hafa verið sett lög um ávöxtun á fé tryggingafélaga og í athugun er að koma fastri skipan á ráðstöfun á fé lífeyrissjóðanna.

Um 7. gr.

Grein þessi geymir efni, sem nú er í 6. gr. laga nr. 42/1957, en er hér breytt í verulegum atriðum.

Í A-lið er sú breyting, að eigi megi veita lán til byggingar, sem byrjað er á, áður en lánsloforð er veitt. Samkvæmt síðustu mgr. 6. gr. l. nr. 42/1957 var húsnæðismálastjórn heimilt að setja þetta skilyrði fyrir lánum. Hér er lagt til, samkvæmt oftnefndu samkomulagi frá 5. júní 1964, að þetta skilyrði verði lögfest.

Lagt er til, að heimilt verði að veita sveitarfélögum lán til bygginga leiguíbúða. Gert er ráð fyrir, að ráðherra ákveði með reglugerð stærð slíkra íbúða til þess að tryggja hóflega stærð þeirra og enn fremur, að sett verði með reglugerð ákvæði um gerð íbúðanna svo og um meðferð þeirra, svo sem ef um sölu væri að ræða o. fl., sem ástæða þætti til að setja reglur um. Í lögum er aðeins gert ráð fyrir lánum til sveitarfélaga til útrýmingar heilsuspillandi íbúða, sbr. IV. kafla frumvarpsins. Lán til byggingar leiguíbúða, sem hér er gert ráð fyrir, gæti leyst vanda smærri fjölskyldna, sem brysti fjárráð til að byggja. Á þetta ekki sízt við um ungt fólk og jafnvel líka um aldrað fólk.

Ákvæðin í B-lið, um lánsfjárhæð og viðbótarlán eru í samræmi við samkomulagið frá 5. júní 1964. Þó með þeim viðaukum, að því er viðbótarlán snertir, að tillögur séu fengnar frá miðstjórn A. S. Í. í stað stjórnar hlutaðeigandi verkalýðsfélags, og að setja megi nánari ákvæði um þessi viðbótarlán með reglugerð, en slík ákvæði eru nauðsynleg a. m. k. um viðmiðun við tekjur og eignir. Síðari málsgrein er óbreytt frá því sem nú er.

Í C-lið greinarinnar eru ákvæði um lánskjörin, og eru ákvæði þessi í samræmi við samkomulagið frá 5. júní 1964. Ákvæðin um kostnað Veðdeildarinnar, ¼% af lánsfjárhæð, og um tryggingu fyrir lánunum eru óbreytt.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 8. gr.

Óbreytt. Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Lagt er til, að innlánsvextir verði hinir sömu og af skyldusparnaði samkvæmt 10. gr. Þá virðist eðlilegt að árlegur sparnaður sé a. m. k. 10 þús. krónur í stað 5 þús. krónur og að tímabilið verði lengt úr 5 árum í 10 ár til samræmis við ákvæði 10. gr., en nú er lagt til að lágmarksfjárhæð skv. 10. gr. verði hækkuð úr 50 þús. krónum í 100 þús. krónur. Að öðru leyti er grein þessi eins og 9. gr. laga nr. 42/1957.

Um 10. gr.

Lagt er til, að fjárhæðin skuli nema a. m. k. 100 þús. krónum, til þess að forgangsréttur sá, sem um ræðir í 3. gr. fáist. Í núgildandi lögum er þessi lágmarksupphæð aðeins 50 þús. krónur.

Í 4. mgr. núgildandi 10. gr. eru ákvæði um frjálsan sparnað. Þar eð ákvæði um slíkan sparnað eru í 9. gr., sem taka til þess efnis, sem felst í þessari málsgrein, virðist málsgrein þessi vera óþörf. Er því lagt til, að hún verði felld niður.

Um 11. gr.

Engar breytingar. Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Engar breytingar. Þarfnast ekki skýringa.

Um 13.—15. gr.

Engar breytingar á greinum þessum. Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Rétt þykir að takmarka framlög ríkissjóðs við þá fjárhæð, sem ákveðin er í fjárlögum hvers árs. Að öðru leyti er grein þessi óbreytt frá því sem nú er.

Um 17.—19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 312. Frumvarp til laga [116. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. marz.)

1. gr.

1. málsgr. 26. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld samkvæmt b-lið 23. gr. greiða allir, sem lögheimili eiga í landinu, 16—67 ára að aldri. Undanþegnir gjaldskyldu eru þeir, sem hafa notið bóta samkvæmt þessum kafla, annarra en fjölskyldubóta, barnalífeyris, mæðralauna eða fæðingarstyrks, tvo mánuði eða lengur, eða dvalizt hafa í sjúkrahúsi eða hæli á kostnað trygginganna eða ríkisframfærslunnar jafnlangan tíma á skattárinu, ef þeir hafa ekki haft útsvarsskyldar tekjur samkvæmt 2. og 3. málsgr. 31. gr. laga nr. 51 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, og eigi skal iðgjald vera hærra en nemi helmingi útsvarsskyldra tekna. Aldrei skal þó leggja iðgjald á þann, sem hefur ekki haft aðrar tekjur en bætur samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

2. málsgr. 72. gr. laganna orðist svo:

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hans. Þó á iðgjaldsgreiðandi, sem ber ekki að greiða eignarskatt, jafnan rétt á því, ef krafizt er, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 26. gr., ef hann hefur ekki haft útsvarsskyldar tekjur samkvæmt 2. og 3. málsgr. 31. gr. laga nr. 51 1964, um tekjustofna sveitarfélaga, á næsta ári á undan, og eigi má krefja iðgjaldsgreiðanda um hærri hluta iðgjalds en svo, að nemi helmingi útsvarsskyldra tekna. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.

3. gr.

84. gr. orðist svo:

Nú verður breyting á grunnkauptaxta verkamanna við almenna fiskvinnu, og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum í samræmi við það.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum tryggingaráðs, að ákveða, að greidd skuli 5% uppbót á elli- og örorkulífeyri á tímabilinu frá 1. júlí 1964 til gildistöku laga þessara.

Uppbót þessi skal greidd með bótagreiðslum fyrir júlímánuð 1965.

Ed. 313. Lög [11. mál]

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 8. marz.)

Samhljóða þskj. 11.

Sþ. 314. Fyrirspurn [148. mál]

til ríkisstjórnarinnar um frestun á verklegum framkvæmdum.

Frá Eysteini Jónssyni.

Hyggst ríkisstjórnin láta fresta verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til í fjárlögum fyrir árið 1965, eða greiðslu framlaga til annarra aðila samkvæmt heimild í 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1965?

Sé svo, þá hvaða framkvæmdum eða framlögum og að hve miklu leyti?

Nd. 315. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til hjúkrunarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og mælir með samþykkt þess með þeirri breytingu, að niður falli 3. málsgr. 2. gr.

Alþingi, 8. marz 1965.

Guðl. Gíslason, form. frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Hannibal Valdimarsson.	Ágúst Þorvaldsson.	Jón Skaftason.
	Jónas G. Rafnar.	

Nd. **316. Breytingartillaga** [105. mál]

við frv. til hjúkrunarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 2. gr. 3. málsgr. falli niður.

Nd. **317. Nefndarálit** [40. mál]

um frv. til girðingarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta hefur hlotið afgreiðslu í háttv. Ed. Voru þar gerðar á því nokkrar breytingar, sem nefndin telur til bóta, og leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt í því formi, sem það nú er.

Nefndarmenn hafa þó óbundnar hendur í afstöðu til breytingartillagna, sem fram kunna að koma. BGr, BP og HV voru ekki viðstaddir, þegar málið var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 9. marz 1965.

Gunnar Gíslason, form., frsm. — Ágúst Þorvaldsson.

Jónas Pétursson. — Sverrir Júlíusson.

Sþ. **318. Tillaga til þingsályktunar** [149. mál]

um fjárhagslega aðstoð við byggingu dráttarbrautar á Siglufirði.

Flm.: Jón Þorsteinsson, Einar Ingimundarson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir útvegun lánsfjár eða annarri fjárhagslegri aðstoð við byggingu dráttarbrautar á Siglufirði, sem geti tekið upp a. m. k. 400 smálesta skip. Aðstoðin skal við það miðuð, að byggingarframkvæmdir geti hafizt á yfirstandandi ári.

Greinargerð.

Öllum landsmönnum er vel kunnugt um hið alvarlega ástand í atvinnumálum Siglfirðinga og sívaxandi brottflutning fólks úr kaupstaðnum. Þetta ástand á rætur sínar að rekja til aflaleysis á síldveiðum fyrir Norðurlandi tvö síðastliðin sumur, jafnframt því sem vetrarvertíðarafli fyrir Norðurlandi hefur einnig brugðizt. En Siglufjörður hefur, eins og kunnugt er, byggt afkomu sína á útgerð og þá fyrst og fremst síldarútgerð. Er nú brýn þörf skjótra og skynsamlegra úrræða til að efla atvinnulífið á Siglufirði, svo að íbúar staðarins þurfi eigi að flytjast í aðra landsfjórðunga til að afla sér atvinnu og lífsframfæris. Margar tillögur til úrbóta hafa komið fram, en sú þeirra, sem einna raunhæfust er og Siglfirðingar leggja mesta áherzlu á um þessar mundir, er bygging nýrrar dráttarbrautar, er geti tekið upp a. m. k. 400 smálesta skip. Þessi tillaga hefur líka hlotið meðmæli nefndar þeirrar, sem athugar aukinn iðnrekstur í kauptúnum og kaupstöðum, þar sem atvinna er ónóg. Þá hefur hafnarnefnd Siglufjarðar nú fyrir skömmu samþykkt einróma að hefja á þessu ári byggingu dráttarbrautar af framangreindri stærð. En til þess að svo megi verða, er nauðsyn á fjárhagslegri fyrirgreiðslu ríkisstjórnarinnar.

Á Siglufirði er til gömul dráttarbraut, sem nú er að mestu ónýt, er gat tekið upp allt að 150 smálesta skip. Á þeim tíma, sem hún var rekin, voru fiskiskip almennt ekki stærri en þetta. Nú er stærð margra fiskiskipa hins vegar orðin mun meiri, og þess vegna verður hin nýja dráttarbraut að vera til mikilla muna stærri. Rekstur dráttarbrautar er því ekki ný atvinnugrein á Siglufirði, en með endurreisn þessarar atvinnugreinar á myndarlegan hátt mætti án efa stuðla að atvinnuöryggi, sem Siglfirðingar hafa svo brýna þörf fyrir. Þegar dráttarbraut hefur verið reist, er aðeins stutt skref yfir í stálskipasmíðastöð. Getur dráttarbrautin þannig orðið undirstaða að nýrri og mikilvægri atvinnugrein fyrir íbúa Siglufjarðar á komandi árum.

Sþ. 319. Tillaga til þingsályktunar [150. mál]

um undirbúning löggjafar um embætti lögsögumanns.

Flm.: Kristján Thorlacius, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til þess að undirbúa löggjöf um stofnun embættis lögsögumanns, með sérstakri hliðsjón af löggjöf á Norðurlöndum um embætti „ombudsmands".

Hverjum þingflokki skal gefinn kostur á að tilnefna einn mann í nefndina. Hinn fimmti skal tilnefndur af hæstarétti, og sé hann formaður.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta Alþingi, og fylgdi henni þá svofelld greinargerð:

„Þingsályktunartillaga þessi fjallar um nefndarskipun til þess að undirbúa löggjöf um stofnun embættis lögsögumanns með sérstakri hliðsjón af löggjöf Norðurlanda um starf „ombudsmands".

Í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hefur verið komið á fót embættum, sem hafa því hlutverki að gegna að tryggja, að einstaklingar í þjóðfélaginu séu ekki beittir órétti eða valdníðslu. Embættismaður þessi hefur hjá nágrannaþjóðum okkar verið nefndur „ombudsmand".

Í tillögu þessari er lagt til, að hliðstæður íslenzkur embættismaður beri hið forna heiti lögsögumaður. Þykir fara vel á því, þar sem eitt af verkefnum hans yrði að leiðbeina mönnum um, hvað væru lög, en einmitt því hlutverki gegndi lögsögumaðurinn að fornu, þótt með öðrum hætti væri.

Svíar hafa lengsta reynslu af starfi „ombudsmands" síns, en þar í landi var slíkt embætti stofnað árið 1809 og hefur verið rækt síðan. Annars staðar á Norðurlöndum er þessi starfsemi miklu yngri. Norsk löggjöf um þetta efni var sett á árinu 1962.

Hér á landi hefur á síðari áratugum orðið ör þróun í þá átt, að ríkisvaldið og bæjaryfirvöld hafi æ meiri afskipti af málum, er snerta daglegt líf einstaklinganna. Og þótt allir eigi að vera jafnir fyrir lögunum, vill út af því bregða.

Tilgangurinn með stofnun embættis lögsögumanns á að vera sá að auka möguleika þess, að lög og reglur þjóðfélagsins gangi réttlátlega yfir alla. Er þá jöfnum höndum átt við þau hlunnindi, sem þjóðfélagið veitir þegnum sínum, og þær kvaðir, sem á þá eru lagðar, sem og meðferð refsimála og afplánun refsinga þeirra, er brotlegir gerast.

Löggjöf Norðurlanda um þetta efni er nokkuð sitt með hverjum hætti, og í okkar fámenna þjóðfélagi eru aðstæður á ýmsan hátt aðrar en hjá fjölmennari þjóðum. Þess vegna hlýtur löggjöf um lögsögumann að verða í ýmsu frábrugðin hliðstæðri löggjöf annarra Norðurlandaþjóða í þessu efni.

Lagt er til, að nefnd manna úr öllum þingflokkum sé falið að annast undirbúning löggjafar þessarar, og sýnist eðlilegt, að hæstiréttur eigi þar einnig hlut að máli og tilnefni formann nefndarinnar.“

Sþ. 320. Nefndarálit [21. mál]

um til. til þál. um aðstoð við þróunarlöndin.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og orðið sammála um að leggja til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. marz 1965.

Sigurður Bjarnason, form., frsm.	Gylfi Þ. Gíslason, fundaskr.	Davíð Ólafsson.
Magnús Jónsson.	Einar Olgeirsson.	Hermann Jónasson.
	Þórarinn Þórarinsson.	

Nd. 321. Frumvarp til laga [151. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Garðahreppi landspildur úr Garðatorfunni fornu.

Flm.: Matthías Á. Matthiesen, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson, Birgir Finnsson, Sverrir Júlíusson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Garðahreppi eftirtaldar landspildur úr Garðatorfunni fornu:

1. Spildu, sem afmarkast að norðan af Arnarneslæk, að austan af Reykjanesbraut að Álftanesvegi, meðfram Álftanesvegi að Gálgahrauni, meðfram hraunjaðrinum í Arnarnesvog, síðan meðfram Arnarnesvogi að Arnarneslæk.
2. Spildu, sem afmarkast að norðan af Álftanesvegi, frá skógræktargirðingu að markavörðu Hafnarfjarðar og Garðahrepps við Engidal, að sunnan og austan af markalínu Hafnarfjarðar og Garðahrepps frá ofannefndri vörðu, þar til hún sker línu, sem dregin er frá Álftanesvegi samhliða skógræktargirðingunni.
3. Spildu, sem afmarkast að norðan af Vífilsstaðavegi, að austan af fyrirhuguðum Suðurnesjavegi, að sunnan af Hraunsholtslæk að landamörkum Hraunsholts, síðan meðfram þeim mörkum að Reykjanesbraut, að vestan af Reykjanesbraut að Vífilsstaðavegi.

2. gr.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Andvirði landsins skal Garðahreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Garðahreppi var gert að greiða fyrir landið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sveitarstjóri Garðahrepps hefur með bréfi, dags. 3/12 '64, sem prentað er sem fylgiskjal hér á eftir, óskað eftir því, að frv. til laga um heimild til handa ríkisstjórninni til sölu á landspildum úr Garðatorfunni fornu verði flutt og samþykkt á yfirstandandi þingi. Í bréfinu er gerð grein fyrir þörf hreppsins fyrir kaup á landinu.

Fylgiskjal.

SVEITARSTJÓRINN Í GARÐAHREPPI

Garðahreppi, 3. des. 1964.

Á fundi hreppsnefndar Garðahrepps þann 29. október s. l. var samþykkt að fela sveitarstjóra að hlutast til um það, að Garðahreppur fái keyptar nokkrar landspildur úr Garðatorfunni fornu. Spildur þessar eru sýndar á meðfylgjandi korti og mörkum þeirra lýst í frumvarpinu.

Á undanförnum árum hefur þéttbýli aukizt mjög í Garðahreppi og hverfi hafa verið skipulögð á landspildum þeim, sem um ræðir í frumvarpinu.

Rétt þykir að taka fram eftirfarandi um hinar einstöku spildur:

1. Spildan við Arnarnesvog, erfðafestulönd bænda í Garðahverfi:

Hér er um að ræða ræktunarlönd, sem verða dýrmæt síðar, hvort sem svæðið verður tekið til bygginga eða það verður „opið svæði". Það er óskipulagt nú og ekki ætlunin að ákveða nýtingu þess fyrr en eftir nokkur ár. Æskilegt er, að hreppurinn fái eignarrétt á þessu svæði og ekki verði endurnýjaðir erfðafestusamningar, ef ábúendaskipti verða á jörðum þeim, sem þessar spildur heyra undir.

2. Ræktunarland Hafnarfjarðar norðan Hraunsholtslækjar:

Hafnarfjarðarbær afsalaði til Garðahrepps á s. l. ári rétti sínum til þessa svæðis, en hafði áður framleigt einstök lönd og lóðir til ýmissa aðila.

Svæðið er skipulagt, en að litlu leyti byggt. Hreppurinn hefur lagt þar í mikinn kostnað við gatnagerð, vatns- og frárennslislagnir. Er því æskilegt, að svæði þetta byggist, en þar sem hreppurinn hefur ekki ráðstöfunarrétt á lóðunum, getur það ekki orðið.

Þá eru sumir samningar þar eldri en skipulagið og því ekki í samræmi við lóðaskiptinguna.

3. Lyngholt:

Garðahreppur keypti ábúðarréttinn þar árið 1962 og fékk samning við Jarðeignadeild um landið. Nokkrar spildur höfðu þó verið leigðar áður einstökum mönnum.

Á þessu svæði er ákveðið skipulag fyrir iðnaðarhverfi.

4. Ræktunarland Hafnarfjarðar á Hraunsholti:

Um það gildir sama og sagt er í lið 2 hér að framan.

5. Spilda úr landi Dysja vestari:

Hér er um að ræða svonefndan Engidal. Þar er tilvalinn staður fyrir útivistarsvæði og því æskilegt, að hreppurinn fái eignarrétt á staðnum.

Engidalur er nú aðeins nýttur fyrir hrossabeit.

6. Valgarður og Minkagerði.

Garðahreppur hefur keypt ábúðarréttinn að þeim löndum, og er þar skipulagt svæði fyrir 130 íbúðarhús, auk skólalóðar og „opins svæðis".

7. Hagakot — Vífilsstaðir:

Þar hefur verið skipulagt einbýlishúsahverfi með um 160 lóðum. Vegna legu landsins er það mjög æskilegt undir byggingar. Yrði þar um eðlilegt framhald að ræða á þeirri byggð, sem þegar er risin við Vífilsstaðaveg, og æskilegt, að þetta verði næsta svæði, sem gert verði byggingarhæft hér í hreppnum.

Austurmörk þessa svæðis eru miðuð við fyrirhugaðan Suðurnesjaveg. Lega hans er ekki endanlega ákveðin, en þó er talið víst, að hann muni liggja þar, sem sýnt er á kortinu. Við þennan veg munu takmörk byggðarinnar til austurs verða.

Vífilsstaðir munu halda skýrt afmörkuðu svæði, austan vegarins, fyrir sig.

Af því, sem að framan er sagt, er augljóst, hver nauðsyn er fyrir Garðahrepp á að fá full umráð yfir þessum spildum. Til þess að svæði verði byggð upp á skynsamlegan hátt, er nauðsynlegt, að allur undirbúningur sé í höndum eins og sama aðilans, þ. e. sveitarstjórnarinnar. Á það ekki sízt við um skipulag svæðisins, sem verður mun erfiðara, ef rétthafar að landinu eru margir.

Að lokum skal þess getið, að rætt hefur verið við landbúnaðarráðherra, Ingólf Jónsson, og dóms- og kirkjumálaráðherra, Jóhann Hafstein, um þetta mál, og hafa þeir lýst sig fylgjandi því, að frumvarp þetta verði flutt.

Virðingarfyllst,

Sveitarstjórinn í Garðahreppi,

Ólafur G. Einarsson.

Ed. 322. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60/1962, um verkamannabústaði.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með breytingartillögu, sem nefndin hefur komið sér saman um og flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 10. marz 1965.

Jón Þorsteinsson, form.	Auður Auðuns, fundaskr.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson, frsm.
Karl Kristjánsson.	Alfreð Gíslason.	Bjartmar Guðmundsson.
	Ásgeir Bjarnason.	

Ed. 323. Breytingartillaga [17. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60/1962, um verkamannabústaði.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

3. gr. orðist svo:

6. gr. 8. tölul. síðasti málsliður orðist svo:

Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum byggingarlánsins, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu.

Ed. 324. Frumvarp til laga [152. mál]

um breyting á lögum nr. 25 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík.

Flm.: Auður Auðuns.

1. gr.

2. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ný hús skal meta eigi síðar en 4 vikum eftir að þau eru tekin í notkun, og er eiganda skylt að sjá um, að slíkt sé tilkynnt vátryggjanda skriflega. Heimilt er þó vátryggjanda að láta mat fara fram, ef eigandi vanrækir tilkynningu.

2. gr.

Á eftir 4. gr. bætist ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Nú verður brunatjón meira en helmingur brunabótamatsverðs og borgarstjórn telur nauðsynlegt vegna eldhættu eða af skipulagsástæðum, að hlutaðeigandi hús verði fjarlægt, og er henni þá heimilt að leysa húsið til sín; greiðir hún þá mismun þann, sem er á brunabótum og heildarmatsverði hússins. Ef borgarstjórn eða eigandi telja brunabótamatsverð ekki rétt, getur hvor um sig krafizt endurmats, sem þá fer fram skv. ákvæðum 4. gr., og skal þá miða greiðslu við endurmatsverðið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni borgarráðs Reykjavíkur, er lætur svofellda greinargerð fylgja:

Með frumvarpi þessu er ætlunin að bæta úr tveim ágöllum, sem þykja á núgildandi lögum um brunatryggingar í Reykjavík.

Um 1. gr.

Þótt af hálfu vátryggjanda sé ekki talinn vafi á því, að húseiganda beri að sjá um, að hús sé tilkynnt til mats, þá er orðalag laganna þannig, að ekki er alveg skýrt, og er lagt til, að tekinn sé af allur vafi. Einnig þykir rétt, að tekið sé fram, að tilkynningin sé skrifleg. Þá er og talið nauðsynlegt að veita vátryggjanda rétt til að taka hús í tryggingu, ef húseigandi vanrækir slíkt.

Um 2. gr.

Mjög óæskilegt verður að teljast, að varið sé fé til meiri háttar viðgerða eða endurbyggingar á húsi, sem annaðhvort stafar eldhætta af eða á að víkja af skipulagsástæðum. Frumvarpið gerið því ráð fyrir, að borgarstjórn geti leyst til sín hús, ef brunatjón verður meira en helmingur matsverðs. Þar sem nokkur hætta er á því, að brunabótamatsverð sé ekki rétt, er báðum aðilum, eiganda og vátryggjanda, veitt heimild til að láta endurmeta hlutaðeigandi hús.

Að öðru leyti virðist frumvarpið ekki þurfa skýringa við.

Ed. 325. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og mælir með samþykkt þess með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn

áskilja sér rétt til að flytja fleiri breytingartillögur eða styðja, er fram kunna að koma. Jón Árnason var fjarstaddur afgreiðslu málsins úr nefnd.

Alþingi, 9. marz 1965.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Jón Þorsteinsson.	Ásgeir Bjarnason.	Björn Jónsson.

Ed. 326. Breytingartillögur [102. mál]

við frv. til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 9. gr.
   a. 2. töluliður orðist svo:

   Vega- og línustæði um ræktanlegt land séu valin þannig og þess gætt við lagningu, að það torveldi sem minnst framræslu landsins og notkun til ræktunar. Að öðru jöfnu skal þess ávallt gætt, að skurðir með vegum geti komið að sem beztum notum við þurrkun landsins. Skal þar, sem svo stendur á, undirbúningi verksins hagað í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands eða héraðsráðunaut.

   Þegar raflínur eða símalínur eru lagðar í jörð á ræktuðu eða ræktanlegu landi, skal línueigandi hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um það, hvar línan er lögð, svo að staðsetning hennar geti verið sem haganlegust. Þegar línan hefur verið lögð, skal eigandi hennar láta merkja legu hennar ofanjarðar og afhenda oddvita eða sveitarstjóra uppdrátt af línustæðinu og upplýsingar um, hvernig það hefur verið merkt. Uppdrátturinn skal vera í tveim eintökum, og heldur oddviti eða sveitarstjóri öðru, en afhendir umráðamanni lands hitt eintakið. Hafi þetta ekki verið gert, er eigi skylt að bæta línueiganda tjón, er verða kann á línu vegna ræktunarframkvæmda síðar.

   Þegar ræktunarframkvæmdir standa fyrir dyrum í landi, þar sem raflínur eða símalínur liggja í jörð, skal umráðamaður lands snúa sér til ræktunarráðunautar, sem athugi á kortinu afstöðu til línanna, hvort hætta sé, að ræktunarframkvæmdir kunni að koma of nærri línum og skemma þær, og ef svo er, skal hann tilkynna það línueiganda, strax og framkvæmd er áætluð. Skal línueigandi þá senda fulltrúa til að athuga alla aðstöðu á staðnum, eins fljótt og unnt er, og hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um ráðstafanir til þess að komast hjá tjóni á línunni. Skal línueigandi bera eðlilegan kostnað við þær ráðstafanir. Náist ekki samkomulag um ráðstafanir eða kostnað við þær, sker gerðardómur úr.

   Reynist nauðsynlegt að dómi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands að breyta, dýpka eða gera nýtt vegræsi vegna framræslu lands, skal kostnaður sá, er af því leiðir, greiddur af vegagerðaraðila (ríki, sýslu eða einstaklingi) að ¾ hlutum.
   b. Fyrir „samgöngumálaráðuneytinu“ í 3. tölulið komi: hlutaðeigandi ráðuneyti.
2. Við 10. gr.
   a. Orðið „raunverulegan“ í II. lið falli burt.
   b. Á eftir orðunum „er nemi 1500.00 krónum á ha.“ í III. lið komi: samkv. staflíðum b, c, d, e.

3. Við 19. gr. Greinin orðist svo:
   Nú leyfir fjárhagur Vélasjóðs ekki kaup á nægilega mörgum vélum til að halda uppi starfsemi þeirri, sem tilgreind er í 15. gr., svo að viðunandi sé, og leggur þá ríkissjóður fram það, sem á vantar, til kaupa á slíkum vélum, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum, að fengnum rökstuddum tillögum vélanefndar og meðmælum Búnaðarfélags Íslands. Vélar þær, sem þannig eru keyptar, verða eign Vélasjóðs og falla undir starfsemi hans.
4. Við 22. gr. Fyrri hluti 2. málsgr. orðist svo:
   Gjald þetta skiptist að jöfnu á skurðgröfuleigu og vinnu við gröftinn, og skal í fyrsta skipti lagt á skurðgröft ársins 1965, en gjaldið ákveðst fyrir það ár þannig:
5. Við 23. gr. Á eftir orðunum „Skal hann vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands" í 1. málsgr. bætist: Félagið annast innheimtu jöfnunargjaldsins og sér um reikningshald fyrir sjóðinn.

Nd. 327. Nefndarálit [101. mál]

um frv. til laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfólks.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. með orðalagsbreytingu, sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. marz 1965.

Davíð Ólafsson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Lúðvík Jósefsson.
Jónas G. Rafnar.	Kristján Thorlacius.	Jón Kjartansson.
	Matthías Á. Matthiesen.	

Nd. 328. Breytingartillögur [101. mál]

við frv. til l. um Lífeyrissjóð hjúkrunarfólks.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Fyrir orðið „hjúkrunarfólks" komi: hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna.
2. Við fyrirsögn. Fyrir orðið „hjúkrunarfólks" komi: hjúkrunarkvenna og hjúkrunarmanna.

Ed. 329. Lög [80. mál]

um breyting á lögum nr. 25 16. apríl 1962, um aðstoð við fatlaða.

(Afgreidd frá Ed. 11. marz.)

Samhljóða þskj. 292.

Nd. 330. Frumvarp til hjúkrunarlaga. [105. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. marz.)

1. gr.

Rétt til að kalla sig hjúkrunarkonur hafa þær konur einar hér á landi, sem stundað hafa nám tilskilinn tíma í Hjúkrunarskóla Íslands í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum hjúkrunarskóla hér á landi og að loknu prófi eru taldar hæfar til hjúkrunarstarfa.

Ráðherra getur og veitt öðrum hjúkrunarkonum leyfi til hjúkrunarstarfa, ef þær hafa lokið jafngildu námi og eru að öðru leyti hæfar til starfsins að dómi skólastjóra Hjúkrunarskóla Íslands og landlæknis.

2. gr.

Ekki má ráða aðrar konur en þær, sem eru fullgildar hjúkrunarkonur samkvæmt 1. gr., til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa við sjúkrahús, sjúkraskýli, elliheimili, barnaheimili, að heilsuverndarstörfum og við hjúkrun í heimahúsum, né til starfa að öðrum tilsvarandi almennum hjúkrunarstörfum.

Ráðherra getur veitt undanþágur frá ákvæðum þessum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

Ef hjúkrunarkona gerir sig seka um einhverja óhæfu í starfi eða hagar sér þannig, að hjúkrunarkonu sé sérstaklega ósamboðið að dómi stjórnar Hjúkrunarfélags Íslands og landlæknis, getur ráðherra svipt hana starfsréttindum og rétti til að kalla sig hjúkrunarkonu, en skjóta má hún þeim úrskurði til dómstólanna.

Nú hefur hjúkrunarkona verið svipt réttindum og starfsheiti samkv. 1. mgr., og má þá ráðherra veita henni réttindin og starfsheitið aftur, enda liggi fyrir meðmæli stjórnar Hjúkrunarfélags Íslands og landlæknis.

4. gr.

Hjúkrunarkonu ber skylda til að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál, er hún kemst að í starfi sínu, nema lög bjóði annað.

Skylda hjúkrunarkonu til að bera vitni fyrir rétti er takmörkuð í samræmi við þetta og ákvæði réttarfarslaga um vitnaskyldu embættis- og sýslunarmanna og sérákvæði slíkra laga um lækna.

5. gr.

Hjúkrunarkonu er skylt að fara eftir fyrirsögn læknis um meðferð sjúklingsins, en henni er óheimilt að sinna læknisstörfum nema eftir fyrirmælum læknis.

6. gr.

Hjúkrunarkonu ber að þekkja starfsskyldur sínar og hverjum takmörkum hjúkrunarstörf eru háð. Einnig ber henni að halda við þekkingu sinni og tileinka sér þær nýjungar, sem varða hjúkrunarstörf.

7. gr.

Ákvæði 1. til 6. gr. taka einnig til karla, sem ljúka hjúkrunarnámi og hafa þá rétt til að kalla sig hjúkrunarmenn.

8. gr.

Heimilt er að þjálfa konur og karla til aðstoðar við hjúkrun, og skal starfsheiti þeirra, námstilhögun, starfsréttindi og skyldur ákveðið í reglugerð.

9. gr.

Ráðherra sá, sem fer með heilbrigðismál, skal setja með reglugerð nánari ákvæði um efni það, er lög þessi fjalla um.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum á lögunum skal fara að hætti opinberra mála.

Sektir samkvæmt lögunum renna í ríkissjóð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld hjúkrunarkvennalög, nr. 27 19. júní 1933.

Ed. 331. Breytingartillögur [102. mál]

við frv. til jarðræktarlaga.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni og Páli Þorsteinssyni.

1. Við 5. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist:
   Skrifstofu- og ferðakostnaður greiðist að hálfu af hvorum þessara aðila.
2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir:
   - I. Framræsla vegna túna-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir og handgrafnir opnir skurðir, svo og hvers konar lokuð ræsi):
     Framlag 85% kostnaðar.
   - II. Jarðrækt:
     a. Frumvinnsla lands vegna grænfóðurs- og kornræktar.
     b. Túnrækt á söndum.
     c. Túnrækt á valllendi, móum og melum.
     d. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi.
     e. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis.
     f. Grjótnám.
     Framlag 25% kostnaðar.
   - III. Girðingar um ræktunarlönd:
     a. Sex strengja gaddavírsgirðing.
     b. Fimm strengja gaddavírsgirðing.
     c. Þriggja strengja gaddavírsgirðing á skurðbakka.
     d. Vírnetsgirðing með einum gaddavírsstreng.
     Framlag 25% kostnaðar.
   - IV. Þurrheyshlöður úr varanlegu efni:
     Framlag 15% kostnaðar.
   - V. Votheyshlöður úr varanlegu efni:
     Framlag 25% kostnaðar.
   - VI. Áburðargeymslur:
     a. Safnþrær.
     b. Áburðarhús, haugstæði og kjallarar.
     Framlag 25% kostnaðar.
   - VII. Súgþurrkunarkerfi með eða án blásara:
     Framlag 40% kostnaðar.
   - VIII. Garðávaxtageymslur steyptar með þaki úr varanlegu efni:
     Framlag 15% kostnaðar.
   - IX. Vatnsveitur til heimilis- og búsþarfa (vatnsupptaka, þar með talin borun fyrir vatni, vatnsgeymar og vatnsleiðsla frá vatnsupptökum að vegg íbúðarhúss).
     Framlag ⅓ kostnaðar.

Búnaðarfélag Íslands og Teiknistofa landbúnaðarins láta sérfræðinga sína meta árlega kostnað hverrar tegundar framkvæmda, sem upp eru taldar í grein þessari.

Nd. 332. Frumvarp til laga [153. mál]

um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Flm.: Hálfdán Sveinsson, Sigurður Ingimundarson, Birgir Finnsson.

1. gr.

Á eftir 10. lið 1. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:
Umsamdar greiðslur atvinnuveitenda í sjúkra- og styrktarsjóði verkalýðsfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á tveim síðustu þingum, en varð ekki útrætt.

Árið 1961 sömdu nokkur verklýðsfélög um það við atvinnurekendur að greiða 1% af kaupi verkamanna í sjúkra- og styrktarsjóð félaganna. Síðan hafa flest verklýðsfélög á landinu samið um og stofnsett sinn sjúkra- og styrktarsjóð á hliðstæðan hátt.

Umsamin framkvæmd innheimtunnar er almennt á þá lund, að vinnuveitandinn heldur eftir 1% af kaupi verkafólks og á síðan að skila því fé í árslok til hlutaðeigandi félags. Á þessu hefur víða orðið misbrestur, svo að til vandræða horfir. Hér skal tekið aðeins eitt dæmi af liðlega 500 manna félagi. Það á nú útistandandi vangoldnar greiðslur til sjóðsins fyrir árin 1963 og 1964, að upphæð kr. 175000.00. Þeir vinnuveitendur, sem hér um ræðir, höfðu að mestu leyti greitt annan hluta vinnulauna verkafólksins, sem hjá þeim vann, samkvæmt samningum.

Þetta verklýðsfélag greiddi úr sjúkrasjóði sínum á s. l. ári til sjúkra félaga og fatlaðra kr. 132000.00, en tekjur sjóðsins á árinu voru alls kr. 322000.00.

Hér er tvímælalaust um merkilega tryggingastarfsemi að ræða, sem verklýðsfélögin eru að byggja upp af eigin rammleik, án íhlutunar ríkis eða sveitarfélaga. Það er því álit flutningsmanna þessa frumvarps, að Alþingi eigi að leitast við að tryggja, að fé það, sem atvinnurekendur halda eftir af vinnulaunum fólks og sjóðnum ber, sé greitt skilvíslega. Flutningsmenn telja, að það verði bezt gert með því að lögbinda lögtaks- og fjárnámsrétt félögunum til handa við innheimtu þeirra gjalda, sem atvinnurekendum ber að standa skil á til sjóðsins samkvæmt gerðum samningum.

Að lokum skal á það bent, að nú á næstu mánuðum verður gengið til samningsgerðar við flest verklýðsfélög landsins. Það veltur á þjóðarvelferð, að vel takist til um þá samningagerð. Samþykkt þessa frumvarps yrði tvímælalaust talin jákvætt innlegg Alþingis til farsællar lausnar þeirra samninga.

Nd. 333. Frumvarp til laga [154. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Á árinu 1965 greiðir ríkissjóður fiskseljendum 25 aura verðuppbót á hvert kíló línu- og handfærafisks. Þessi upphæð kemur til skipta milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram 33 millj. kr. á árinu 1965, er verja skal til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Stofnlánadeild sjávarútvegsins úthlutar fé þessu til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

3. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1964 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur, með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við ákvörðun fiskverðs fyrir árið 1965 í byrjun janúarmánaðar s. l. lýsti ríkisstjórnin því yfir, að hún mundi leita heimildar Alþingis til þess að greiða á árinu 1965 25 aura verðuppbót á hvert kíló línu- og handfærafisks. Jafnframt skýrði ríkisstjórnin fulltrúum fiskseljenda og -kaupenda frá því, að hún mundi stuðla að því að frystihúsunum yrði á árinu 1965 bætt upp sú aukning framleiðslukostnaðar, er leiddi af þeirri hækkun fiskverðs um 5½%, sem yfirnefnd ákvað. Er sú kostnaðaraukning áætluð 33 millj. kr. Í þessu frumvarpi er farið fram á heimild Alþingis til að inna af hendi þessar greiðslur.

Athuganir, er gerðar voru á afkomu hraðfrystihúsanna í sambandi við ákvörðun fiskverðsins, benda til þess, að afkoma þeirra hafi verið tiltölulega góð á árinu 1964 og betri heldur en búizt var við í byrjun ársins. Stafar þetta bæði af hærra verði á erlendum mörkuðum og meiri þorskfiskafla, en búizt hafði verið við. Þrátt fyrir þetta er augljóst, að geta hraðfrystihúsanna til þess að bera þá fiskverðshækkun, sem nú hefur verið ákveðin, er lítil. Stafar þetta ekki sízt af því, að nú fellur niður greiðsla ríkissjóðs á þeirri 6% hækkun fiskverðs er varð í ársbyrjun 1964, og það 43 millj. kr. framlag til framleiðniaukningar og annarra endurbóta, er greitt var á árinu 1964. Þá verða frystihúsin einnig að standa undir kauphækkunum, er urðu samkvæmt nýjum kjarasamningum á árinu 1964, auk jafnlaunahækkunar kvenna í byrjun þessa árs og væntanlegrar vísitöluhækkunar kaups á þessu ári. Á móti þessu kemur sú áframhaldandi verðhækkun, sem að öllum líkindum mun eiga sér stað á erlendum mörkuðum, lækkun farmgjalda á útfluttum freðfiski á árinu 1964 og áhrif vaxtalækkunar um s. l. áramót, auk þeirrar aukningar framleiðni, sem gera má ráð fyrir, að hafi átt sér stað í frystihúsunum.

Enda þótt þau atriði, sem hér hafa verið talin og leiða til lækkunar framleiðslukostnaðar, séu þýðingarmikil, megna þau þó ekki að fullu að vega á móti brottfalli framlags til framleiðniaukningar og niðurgreiðslu fiskverðs og áhrifum launahækkana. Er því ljóst, að það gæti haft hinar alvarlegustu afleiðingar, ef frystihúsin þyrftu að taka á sig hækkun fiskverðs um 5½% og greiðslu sérstakrar uppbótar á línufisk nema sérstök aðstoð ríkissjóðs kæmi til. Í því sambandi er ekki sízt ástæða til að hafa það hugfast, að frystiiðnaðurinn er þýðingarmesta grein íslenzks útflutningsiðnaðar og sú grein hans, sem einna mestur vöxtur hefur verið í og einna bezt þróunarskilyrði hefur. Það væri því í meira lagi varhugavert, ef svo væri að þessari grein búið heima fyrir, að hún gæti ekki með eðlilegum hætti endurnýjað það fjármagn, sem í henni er bundið, og fylgzt með í þeirri öru tækniþróun, sem á sér stað í frystiiðnaði annarra landa.

Á hinn bóginn er einnig ljóst, að ríkissjóður getur ekki tekið að sér til lengdar og í ríkum mæli að greiða hráefniskostnað eða annan kostnað frystihúsanna. Einmitt þess vegna var aðstoð ríkisins á s. l. ári fyrst og fremst við það miðuð að stuðla að aukinni framleiðni frystihúsanna, þannig að þau yrðu sem fyrst fær um að standa að fullu á eigin fótum að nýju. Þetta bar þann árangur, að aðstoðin hefði nú getað fallið niður með öllu, ef nýjar og mjög verulegar kostnaðarhækkanir

hefðu ekki komið til. Verður því aftur að grípa til ráðstafana til stuðnings frystihúsunum, enda þótt sá stuðningur sé minni en á s. l. ári. Lagt er til, að sama fyrirkomulag verði haft á þessu eins og áður og felur mismunur á orðalagi 2. gr. þessa frumvarps og 1. gr. laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins nr. 1 1964, ekki annað í sér en að kveða skýrar á um það fyrirkomulag, sem þau lög gerðu ráð fyrir. Er ástæða til að ætla, að verðhækkanir erlendis og bættur rekstur innanlands muni fljótlega gera þennan stuðning óþarfan, svo framalega sem of miklar nýjar byrðar verði ekki lagðar á þennan atvinnuveg.

Þau útgjöld ríkissjóðs, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir, nema samkvæmt framansögðu 55 millj. kr. Fyrir þessum útgjöldum var ekki gert ráð á fjárlögum ársins 1965 og verður því að gera sérstakar fjárhagslegar ráðstafanir þeirra vegna. Sama máli gildir um hækkun útgjalda vegna þeirrar 6.6% launahækkunar opinberra starfsmanna, sem samið var um snemma á þessu ári. Sú útgjaldahækkun er áætluð 65 millj. kr. Alls er því hér um að ræða 120 millj. kr. útgjaldaukningu. Til þess að hægt sé að mæta þessari aukningu, hefur ríkisstjórnin ákveðið að nota heimild í 22. gr. XLVI fjárlaga ársins 1965 til að fresta verklegum framkvæmdum ríkisins og greiðslu framlaga til annarra aðila. Greiðslur til verklegra framkvæmda og framlaga til verklegra framkvæmda á fjárlögum ársins 1965 nema samtals 600 millj. kr. Er því nauðsynlegt að lækka þessi framlög um 20% til þess að hægt sé að mæta þeirri 120 millj. króna útgjaldahækkun, sem að framan getur.

Um 3. gr. skal tekið fram, að hér er um að ræða framlengingu ákvæðis til bráðabirgða, sem samþykkt var á s. l. ári og gilti fyrir árið 1963.

Er það ósk samtaka togaraeigenda að sama fyrirkomulag verði viðhaft á greiðslum vegna ársins 1964.

Ed. 334. Frumvarp til laga [155. mál]

um greiðslu uppbótar á styrktarfé og eftirlaun.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Á styrktarfé, eftirlaun og önnur laun, sem veitt eru á 18. gr. I og II a og b fjárlaga 1965 svo og fjórðung sömu framlaga á 18. gr. I og II a og b fjárlaga 1964, skal greiða 6.6% uppbót.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nýlega hefur samizt um 6.6% hækkun fastra launa ríkisstarfsmanna frá 1. október 1964.

Ellilífeyrisgreiðslur fyrrverandi ríkisstarfsmanna breytast samkvæmt lögum til samræmis við launabreytingar ríkisstarfsmanna, sbr. t. d. 12. gr. l. nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þykir rétt, að greiðslur til þeirra aðila, sem taldir eru á 18. gr. I og II a og b fjárlaga, hækki í samræmi og ellilífeyrisgreiðslur ríkisstarfsmanna, svo sem venja hefur verið. Er með frumvarpi þessu leitað heimildar Alþingis til greiðslu framangreindrar uppbótar.

Ed. 335. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1962, um verkamannabústaði.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. marz.)

1. gr.

4. gr. 2. mgr. 3. málsliður orðist svo:

Lánsfjárhæð má vera allt að 90% af kostnaðarverði íbúðar, en þó ekki yfir 450 þúsund krónur.

2. gr.

6. gr. 4. tl. orðist svo:

Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, hafi ekki átt viðunandi íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína síðastliðin tvö ár og hafi eigi haft yfir 100 þúsund króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 7500 krónum fyrir hvert barn á framfæri, né yfir 200 þúsund króna skuldlausa eign, allt miðað við þann tíma, þegar félagsmaður kaupir íbúðina. Tölur þessar breytast í samræmi við kaupgjaldsvísitölu.

3. gr.

6. gr. 8. tölul. síðasti málsliður orðist svo:

Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum byggingarlánsins, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 336. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. l. nr. 14 20. marz 1957.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið umsögn stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um efni þess. Mælir nefndin með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 15. marz 1965.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Auður Auðuns, fundaskr. Karl Kristjánsson.

Bjartmar Guðmundsson, Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Alfreð Gíslason.

Ásgeir Bjarnason.

Nd. 337. Girðingarlög. [40. mál]

(Afgreidd frá Nd. 15. marz.)

Samhljóða þskj. 130.

Ed. 338. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til laga um hreppstjóra.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 15. marz 1965.

Eggert G. Þorsteinsson, form.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson.	Alfreð Gíslason.	Hermann Jónasson.
	Ólafur Jóhannesson, með fyrirvara.	

Ed. 339. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 15. marz 1965.

Eggert G. Þorsteinsson, form.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson.	Alfreð Gíslason.	Hermann Jónasson.
	Ólafur Jóhannesson.	

Ed. 340. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um útgáfu og notkun nafnskírteina.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 15. marz 1965.

Eggert G. Þorsteinsson, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Sigurður Ó. Ólafsson.
Hermann Jónasson.	Magnús Jónsson.	Alfreð Gíslason.
	Ólafur Jóhannesson.	

Nd. 341. Frumvarp til laga [156. mál]

um sölu dýralæknisbústaðar í Borgarnesi.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja gamla dýralæknisbústaðinn við Gunnlaugsgötu 21 í Borgarnesi, ásamt lóðarréttindum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt samkv. beiðni hæstv. landbúnaðarráðherra. Einstakir nefndarmenn eru óbundnir í afstöðu sinni til frv.

Bréf landbúnaðarráðuneytisins til nefndarinnar fylgir hér með.

Fylgiskjal.

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 23. febrúar 1965.

Um síðustu áramót festi ráðuneytið kaup á íbúðarhúsi Árna Björnssonar, forstjóra í Borgarnesi, fyrir dýralæknisbústað, þar sem um var að ræða mjög vandað og hentugt hús til þeirra nota. Var fjárveitinganefnd Alþingis gerð grein fyrir þeim kaupum með bréfi, dags. 28. október s. l.

Nú telur ráðuneytið æskilegt að selja gamla dýralæknisbústaðinn og hefur þegar fengið kauptilboð í hann, og er hæsta boð kr. 615 000.00.

Þar sem ráðuneytið telur þetta kauptilboð aðgengilegt eftir atvikum, vill það óska þess, að háttvirt landbúnaðarnefnd beri fram á Alþingi tillögu um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja gamla dýralæknisbústaðinn við Gunnlaugsgötu 21 í Borgarnesi.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 342. Breytingartillögur [138. mál]

við frv. til læknaskipunarlaga.

Frá dómsmálaráðherra.

1. Við 13. tölul. 1. gr.
   a. Orðin „og Suðureyrarhreppur“ falli niður.
   b. Á eftir tölul. komi nýr tölul., svo hljóðandi:
   Suðureyrarhérað: Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Suðureyri.
2. Við **ákvæði til bráðabirgða:** Orðið „Suðureyrarhérað“ falli niður.

Ed. 343. Frumvarp til jarðræktarlaga. [102. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. marz.)

Samhljóða þskj. 151 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Vegagerð og línulagnir um ræktað og ræktanlegt land skal háð þessum takmörkunum:

1. Þegar vegir eða línur eru lagðar um ræktað land, skal þess ávallt gætt, að skerða ræktunina sem minnst, og að verkið valdi eigi öðrum óþægindum við notkun landsins en þeim, er ekki verður hjá komizt, og skal þá ávallt leita álits héraðsráðunautar hér um.
2. Vega- og línustæði um ræktanlegt land séu valin þannig og þess gætt við lagningu, að það torveldi sem minnst framræslu landsins og notkun til ræktunar. Að öðru jöfnu skal þess ávallt gætt, að skurðir með vegum geti komið að sem beztum notum við þurrkun landsins. Skal þar, sem svo stendur á, undirbúningi verksins hagað í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands eða héraðsráðunaut.

   Þegar raflínur eða símalínur eru lagðar í jörð á ræktuðu eða ræktanlegu landi, skal línueigandi hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um það, hvar línan er lögð, svo að staðsetning hennar geti verið sem haganlegust. Þegar línan hefur verið lögð, skal eigandi hennar láta merkja legu hennar ofanjarðar og afhenda oddvita eða sveitarstjóra uppdrátt af línustæðinu og upplýsingar um, hvernig það hefur verið merkt. Uppdrátturinn skal vera í tveim eintökum, og heldur oddviti eða sveitarstjóri öðru, en afhendir umráðamanni lands hitt eintakið. Hafi þetta ekki verið gert, er eigi skylt að bæta línueiganda tjón, er verða kann á línu vegna ræktunarframkvæmda síðar.

   Þegar ræktunarframkvæmdir standa fyrir dyrum í landi, þar sem raflínur eða símalínur liggja í jörð, skal umráðamaður lands snúa sér til ræktunarráðunautar, sem athugi á kortinu afstöðu til línanna, hvort hætta sé, að ræktunarframkvæmdir kunni að koma of nærri línum og skemma þær, og ef svo er, skal hann tilkynna það línueiganda, strax og framkvæmd er áætluð. Skal línueigandi þá senda fulltrúa til að athuga alla aðstöðu á staðnum, eins fljótt og unnt er, og hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um ráðstafanir til þess að komast hjá tjóni á línunni. Skal línueigandi bera eðlilegan kostnað við þær ráðstafanir. Náist ekki samkomulag um ráðstafanir eða kostnað við þær, sker gerðardómur úr.

   Reynist nauðsynlegt að dómi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands að breyta, dýpka eða gera nýtt vegræsi vegna framræslu lands, skal kostnaður sá, er af því leiðir, greiddur af vegagerðaraðila (ríki, sýslu eða einstaklingi) að ¾ hlutum.
3. Vegagerðaraðilar skulu haga framkvæmdum sínum þannig, að ræktanlegu landi sé ekki eytt að óþörfu og af vegagerðinni stafi eigi eyðingarhætta lands vegna jarðfoks, landbrots og þ. l. Enn fremur skal lagfæra og dreifa grasfræi og áburði í sár þau, sem myndast á grónu landi vegna vegagerðar. Náist eigi samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um framangreind atriði, sker gerðardómur, skipaður þrem mönnum, úr ágreiningi. Sé einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar af hlutaðeigandi ráðuneyti, en oddamann tilnefnir sýslumaður í þeirri sýslu, þar sem ágreiningur hefur orðið.

10. gr. orðist svo:

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir (sbr. þó 14. gr.):

I. Framræsla vegna tún-, akur- eða engjaræktar (handgröftur):			
a. Skurðir, handgrafnir	kr.	12.00	pr. m³
b. Hnausræsi	—	9.00	— —
c. Önnur ræsi (viðar-, grjót- og pípuræsi)	—	15.00	— —
II. Framræsla vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgröftur):			
a. Skurðir, vélgrafnir, 70% kostnaðar við gröft skurðanna, en hann telst þessi: Leiga greidd Vélasjóði eða			

öðrum aðila, viðgerðarkostnaður, sem ekki er innifalinn í leigunni, vírar, hlerar og olíur og mannahald, eftir því, sem er ákveðið eða samþykkt af stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Ákvæðisvinna skal viðhöfð við skurðgröft, þar sem því verður við komið. Ríkisframlag á vélgröfuskurði, sem ræktunarsambönd, búnaðarfélög eða einstaklingar láta grafa með eigin vélum eða leiguvélum, greiðast ekki á hærri kostnað en þann, sem Búnaðarfélag Íslands telur eðlilegan á viðkomandi ræktunarsvæði, enda leiti það upplýsinga um kostnað hjá Landnámi ríkisins og Vélasjóði.

b.	Plógræsi	kr.	1.20	pr. m
III.	Jarðrækt:			
a.	Frumvinnsla lands vegna grænfóðurs- og kornræktar	—	800.00	— ha.
b.	Túnrækt á söndum	—	1100.00	— —
c.	Túnrækt á valllendi, móum og melum	—	1500.00	— —
d.	Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi	—	2900.00	— —
e.	Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis. Héraðsráðunautur skal samþykkja endurvinnsluna hverju sinni, áður en verkið er hafið. Framlag til endurvinnslu þýfis greiðist því aðeins, að minnst 15 ár séu liðin frá síðustu vinnslu	—	1225.00	— —

Þau býli, sem hafa minna en 25 ha. vélfært tún, skulu njóta viðbótarframlags frá og með árinu 1964—1974, er nemi 1500.00 krónum á ha. samkv. stafliðum b, c, d, e. Enn fremur skulu þau býli, þar sem ræsa þarf land til ræktunar, en eigi er unnt eða heppilegt að dómi Búnaðarfélags Íslands að nota vélgröfu til framræslunnar, njóta 18.00 kr. viðbótarframlags á hvern m^3 handgrafinna skurða.

IV.	Grjótnám úr ræktunarlandi, þar sem grjót er ekki seljanlegt	—	25.00	— m^3
V.	Girðingar um ræktunarlönd með föstum horn- og hliðstólpum, og sé eigi meira en 4 m bil á milli jarðfastra staura:			
a.	Sex strengja gaddavírsgirðingar úr nýju og óskemmdu efni, og sé jafnað í lægðir, eða jafngildi þeirra um vörn og varanleik, ef um vírnetsgirðingar er að ræða	—	4.00	— m
b.	Fimm strengja gaddavírsgirðingar úr nýju og óskemmdu efni á skurðbakka eða með undirhleðslu ..	—	3.50	— —
c.	Fjögurra strengja gaddavírsgirðing, að öðru leyti eins og undir staflið b.	—	2.70	— —
d.	Þriggja strengja gaddavírsgirðing, að öðru leyti eins og undir staflið b.	—	2.00	— —
VI.	Áburðargeymslur:			
a.	Safnþrær, alsteyptar	—	93.00	— m^3
b.	Áburðarhús, haugstæði og kjallarar, steypt	—	41.00	— —
VII.	Heyhlöður og garðávaxtageymslur:			
a.	Þurrheyshlöður úr varanlegu efni	—	24.00	— —
b.	Votheyshlöður úr varanlegu efni	—	60.00	— —
c.	Garðávaxtageymslur, steyptar með þaki úr varanlegu efni	—	55.00	— —
d.	Súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöður miðað við gólfflöt og blásara	—	120.00	— m^2
e.	Súgþurrkunarkerfi án blásara	—	96.00	— —

Framlag á vélgrafna skurði greiðist því aðeins, að fullnægt sé ákvæðum 22. og 23. gr. þessara laga.

Framlag á jarðabætur geiðist því aðeins, að þær séu teknar út eigi síðar en á næsta ári, eftir að þær eru fullgerðar.

Jarðræktarframlag greiðist því aðeins, að landið sé fullunnið og jafnað og nægilega þurrt að dómi héraðsráðunautar og að grasfræi eða akurjurtum hafi verið sáð í landið, eða það sé fullgróið túngróðri sem sjálfgræðslu.

Byggingar þær, er framlag er veitt til, skulu gerðar eftir teikningum, sem Teiknistofa landbúnaðarins viðurkennir.

Greiðsla jarðabótaframlags er bundin því skilyrði, að ræktunarsamband eða félag það, sem jarðabótamenn eru félagar í, hafi gert Búnaðarfélagi Íslands full reikningsskil fyrir síðastliðið ár og greitt lögboðið gjald í fyrningarsjóð, sbr. lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Hafi jarðabætur þær, sem framlag er veitt á að því sinni, verið unnar að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum, sem voru á vegum hlutaðeigandi ræktunarsambands eða félags, er sambandinu heimilt að halda eftir af jarðræktarframlaginu til greiðslu á vinnuskuldum.

19. gr. hljóðar svo:

Nú leyfir fjárhagur Vélasjóðs ekki kaup á nægilega mörgum vélum til að halda uppi starfsemi þeirri, sem tilgreind er í 15. gr., svo að viðunandi sé, og leggur þá ríkissjóður fram það, sem á vantar, til kaupa á slíkum vélum, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum, að fengnum rökstuddum tillögum vélanefndar og meðmælum Búnaðarfélags Íslands. Vélar þær, sem þannig eru keyptar, verða eign Vélasjóðs og falla undir starfsemi hans.

22. gr. hljóðar svo:

Til þess að ná sem næst jöfnunarverði á framræslukostnað opinna skurða um land allt, skal greiða gjald af hverjum vélgröfnum rúmmetra opinna skurða, er framlags njóta samkvæmt lögum þessum.

Gjald þetta skiptist að jöfnu á skurðgröfuleigu og vinnu við gröftinn, og skal í fyrsta skipti lagt á skurðgröft ársins 1965, en gjaldið ákveðst fyrir það ár þannig:

Á gröft að 50000 m³	greiðast	4 aurar	á m³
– — 50000 til 100000 m³	—	8 —	— —
– — 100000 m³ og yfir	—	14 —	— —

Breytingar á jöfnunargjaldi frá ári til árs, til hækkunar eða lækkunar, ákveður Búnaðarfélag Íslands eftir því, sem reynslan sýnir að þörf er á. Það reiknar og út hið árlega jöfnunargjald. Nú skiptir verktaki um gröfu á starfstímabilinu, og skal þá jöfnunargjaldið reiknast sem um eina gröfu væri að ræða. Skurðgröftur Landnáms ríkisins í byggðahverfum skal vera undanþeginn gjaldi þessu.

23. gr. hljóðar svo:

Jöfnunargjaldið greiðist í sjóð, er heitir „Jöfnunarsjóður fyrir skurðgröft“. Skal hann vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands. Félagið annast innheimtu jöfnunargjaldsins og sér um reikningshald fyrir sjóðinn.

Gröfueigandi er ábyrgur fyrir greiðslu alls jöfnunargjaldsins. Ber honum að standa skil á því til Búnaðarfélags Íslands fyrir 1. marz árið eftir að verkið var framkvæmt. Sé gjaldið ekki greitt á réttum gjalddaga, falla á það venjulegir útlánsvextir banka, eins og þeir verða á hverjum tíma, og auk þess innheimtukostnaður.

Búnaðarfélag Íslands ákveður og annast allar greiðslur úr jöfnunarsjóðnum, eftir því, sem nánar verður mælt fyrir um í reglugerð, er gefin verður út samkvæmt lögum þessum.

Ed. 344. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 frá 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 16. marz 1965.

Eggert G. Þorsteinsson, form.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Ólafur Jóhannesson, frsm.
Alfreð Gíslason.	Hermann Jónasson.	Sigurður Ó. Ólafsson.
	Magnús Jónsson.	

Ed. 345. Frumvarp til laga [157. mál]

um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

I. KAFLI
Tilgangur og skipan deilda.

1. gr.

Skólinn heitir Myndlista- og handíðaskóli Íslands.

2. gr.

Tilgangur skólans er:

1. að veita kennslu og þjálfun í myndlistum,
2. listiðnum og
3. búa nemendur undir kennarastörf í vefnaði, teiknun og öðrum greinum myndrænna lista, sem kenndar eru í skólum landsins.

3. gr.

Í skólanum eru þessar deildir:

1. Myndlistadeild, en til hennar teljast forskóli og námsflokkar til framhaldsnáms í þessum greinum: frjálsri myndlist, rítlist, mótlist og veggmyndalist. Enn fremur námsflokkar til undirbúnings að námi í tæknifræðum og húsagerðarlist.
2. Kennaradeild, er greinist í teiknikennaradeild og vefnaðarkennaradeild.
3. Listiðnadeild.
4. Námskeið.

II. KAFLI
Inntökuskilyrði, námsdeildir og próf.

4. gr.

Myndlistadeild.

1. Rétt til inngöngu í forskóla myndlistadeildar veitir landspróf miðskóla, gagnfræðapróf eða hliðstæð próf með þeirri einkunn, sem skólastjóri metur gilda. Ef sérstaklega stendur á, getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessum ákvæðum, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

   Við inntöku í forskólann skal höfð hliðsjón af hæfileikum umsækjanda á sviði myndrænna listgreina.

Forskólinn veitir tveggja ára undirbúningsmenntun í almennum myndlistum. Aðalkennslugreinar skulu vera teiknun, málun og myndmótun.

2. Rétt til framhaldsnáms í myndlistadeild eiga þeir, sem lokið hafa forskólanámi með fullnægjandi árangri, eða hlotið hliðstæðan undirbúning annars staðar.

Þessir skulu vera flokkar framhaldsnáms:

a. Frjáls myndlist. Aðalgreinar eru teiknun, málun og myndmótun.
b. Frjáls rítlist. Aðalgreinar eru teiknun og almennar greinar rítlistar.
c. Hagnýt rítlist. Aðalgreinar eru teiknun, letrun, sérgreinar ríttækni og gerð auglýsinga.
d. Veggmyndalist. Aðalgreinar eru teiknun, málun og gerð veggmynda.
e. Mótlist. Aðalgreinar eru teiknun og myndmótun.
f. Undirbúningur að námi í tæknifræðum og húsagerðarlist. Aðalgreinar eru fríhendisteiknun, tækni- og rúmsæisteiknun og hagnýt mótun.

Nám í flokkum a—e tekur tvö ár og lýkur með prófi.

5. gr.

Kennaradeild.

1. Teiknikennaradeildin veitir tveggja ára undirbúning að kennarastarfi í teiknun og skyldum greinum í barna- og framhaldsskólum landsins.

Inntökuskilyrði eru, að umsækjandi hafi áður lokið tveggja ára forskólanámi myndlistadeildar, eða hlotið hliðstæða undirbúningsmenntun.

2. Vefnaðarkennaradeildin veitir tveggja ára undirbúning að kennarastarfi í vefnaði,

Inntökuskilyrði eru, að umsækjandi hafi áður stundað undirbúningsnám í vefnaði með þeim árangri, sem skólastjóri metur gildan.

3. Nám í öðrum greinum kennaradeildanna en sérgreinum skal vera hið sama eða hliðstætt námi í undirbúningsdeild sérnáms í Kennaraskóla Íslands. Námi í kennaradeild lýkur með kennaraprófi.

6. gr.

Listiðnadeild.

Listiðnadeildin veitir kennslu í listiðnum eða einstökum þáttum þeirra, svo sem listvefnaði, tízkuteiknun og leirmunagerð. Um inntökuskilyrði, námstíma og próf fer samkv. ákvæðum reglugerðar skólans.

7. gr.

Námskeið.

Skólinn heldur uppi kennslu á skemmri eða lengri námskeiðum:

a. Fyrir almenning í eintsökum greinum myndrænna lista og handíða, og
b. í sérgreinum kennaradeildanna fyrir starfandi kennara.

8. gr.

Heimilt er að fjölga eða fækka kennsludeildum, að fengnum tillögum skólastjóra og fræðsluráðs og með samþykki menntamálaráðuneytisins.

III. KAFLI

Skólastjórn, kennarar og skólaráð.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Skólastjórn er skipuð skólastjóra og föstum kennurum skólans, og skal starfssvið hennar nánar ákveðið í reglugerð.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins. Þeir skulu skipaðir af menntamálaráðherra, að fengnum tillögum fræðsluráðs.

Um launakjör skólastjóra og kennara fari eftir ákvæðum laga nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

10. gr.

Heimilt er að skipa, auk skólastjóra, fjóra fasta kennara við skólann. Fjölgi eða fækki kennslugreinum eða -deildum er heimilt, að fengnum tillögum skólastjóra og fræðsluráðs og með samþykki menntamálaráðuneytisins að breyta tölu fastra kennara.

Í reglugerð skal kveða á um kröfur þær um almenna menntun, sérmenntun og starfshæfni, er gera ber til kennara.

11. gr.

Kennsluskylda skólastjóra skal ákveðin af menntamálaráðuneytinu.

Skylt er föstum kennurum að kenna 24—27 stundir vikulega, er fækki í 22 stundir, þegar kennari verður 55 ára og 17 stundir, þegar kennari verður sextugur. Lengd hverrar kennslustundar skal vera 45 mínútur.

Skólastjóri ræður stundakennara og aðra starfsmenn skólans, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

12. gr.

Til þess að stuðla að sem nánustum tengslum skólans við þróun þeirra þátta í atvinnu- og menningarlífi þjóðarinnar, sem mestu skipta starf hans og tilgang, skal skipa sérstakt skólaráð.

Skólaráð skal vera stjórn skólans til ráðuneytis um ýmis mál, er skólastarfsemina varða, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Skólaráð skal skipað fimm mönnum til þriggja ára í senn. Borgarráð Reykjavíkur, Landssamband iðnaðarmanna, Kvenfélagasamband Íslands og Bandalag íslenzkra listamanna tilnefna hvert um sig einn fulltrúa í ráðið og sé fulltrúi B.Í.L. myndlistamaður. Menntamálaráðherra skipar formann skólaráðs án tilnefningar. Skólaráðið starfar án launa.

IV. KAFLI

Kostnaður og önnur ákvæði.

13. gr.

Ríkissjóður greiðir einn allan kennslu- og rekstrarkostnað, er af kennaradeildunum leiðir.

Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra og fastra kennara.

Nú eru fastir kennarar skólans færri en heimilt er samkv. 10. gr., og greiðir þá ríkissjóður stundakennslu, sem því nemur, að fullu.

Kostnaður við stundakennslu umfram það, sem fram er tekið í 4. mgr. þessarar greinar, svo og annar kostnaður við rekstur skólans, að frádregnum tekjum, skiptist að jöfnu milli ríkissjóðs og borgarsjóðs.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin heimild í 7. gr. laga um iðnskóla nr. 45/1955, um listiðnaðardeildir Handíða- og myndlistaskólans, svo og önnur ákvæði, er fara í bág við lög þessi.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 23. sept. 1963, fól menntamálaráðuneytið Kurt Zier, skólastjóra Handíða- og myndlistaskólans, ásamt þeim Helga Elíassyni, fræðslumálastjóra, dr. phil. Brodda Jóhannessyni, skólastjóra Kennaraskóla Íslands og Lúðvíg Guðmundssyni, fyrrv. skólastjóra Handíða- og myndlistaskólans, að semja frumvarp til laga um Handíða- og myndlistaskólann. Hafa þeir samið frv. þetta og fylgdi því svofelld greinargerð:

„Á fyrstu áratugum þessarar aldar héldu ýmsir drátthagir menn og listmálarar um skemmri og lengri tíma uppi nokkurri kennslu fyrir almenning í teiknun og listmálun. Þessi kennsla fór ýmist fram í einkatímum eða á námskeiðum og þá einkum að kvöldlagi. Listamenn þessir munu að mestu leyti hafa staðið undir þessari fræðslustarfsemi sinni án opinberra styrkja.

Um reglulega, skipulega skólastarfsemi á þessu sviði er þó vart að ræða fyrr en Lúðvíg Guðmundsson stofnaði Handíðaskólann haustið 1939.

Þegar á fyrsta starfsári skólans tók smíðakennaradeild til starfa. Myndlista- og teiknikennaradeildir voru stofnaðar haustið 1941. Kennaradeild handavinnu kvenna var stofnuð 1947, listiðnadeild 1956 og vefnaðarkennaradeild 1959.

Fyrstu þrjú árin var skólinn rekinn sem einkaskóli, en frá haustinu 1942 til loka ársins 1959 stóð félagsskapur áhugamanna að starfsemi hans, en síðan hefur skólinn að öllu leyti verið rekinn sameiginlega af ríkinu og Reykjavíkurborg.

Þegar frá fyrsta starfsári skólans hefur hann notið fjárhagslegs stuðnings ríkisins og bæjarfélagsins, og frá öndverðu hefur ríkissjóður að verulegu leyti borið kostnað af starfsemi kennaradeildanna, enda kennslan í þeim deildum verið nemendum að kostnaðarlausu.

Á árinu 1951 varð sú breyting á rekstri kennaradeildanna, að tvær þeirra, smíðakennaradeildin og kennaradeild handavinnu kvenna, voru sameinaðar Kennaraskóla Íslands.

Á þeim aldarfjórðungi, sem á þessu ári er liðinn frá stofnun skólans, hafa nál. 6000 manns notið þar leiðsagnar um hin fjölbreytilegustu viðfangsefni á sviði myndrænna lista og handíða.

Til þessa hefur engin heildarlöggjöf verið sett um starfsemi hliðstæða þeirri, er Handíða- og myndlistaskólinn hefur haft með höndum, en í lögum um menntun kennara nr. 16 frá 12. marz 1947 fjallar V. kafli um Handíðakennaraskóla Íslands, þar segir m. a. svo:

„... 32. gr.

Stofna skal skóla til að veita menntun þeim, sem vilja gerast sérkennarar í handíðum við barnaskóla, skóla gagnfræðastigsins og húsmæðraskóla. Skólinn nefnist Handíðakennaraskóli Íslands. Skólinn veitir sérmenntun í hvers konar handavinnu karla og kvenna og teiknun. Hann á að fræða nemendur um uppeldisgildi þessara námsgreina og gefa þeim kost á æfingum í að kenna þær. ...

... 37. gr.

Þangað til stofnaður er skóli sá, sem um ræðir í 32. gr., fer kennsla sú, sem honum er ætlað að inna af höndum, fram í kennaradeild Handíða- og myndlistaskólans í Reykjavík. Ríkissjóður kostar þá deild að öllu leyti, meðan svo stendur."

Með lögum um Kennaraskóla Íslands, sem samþykkt voru á Alþingi árið 1963, voru þessi ákvæði numin úr gildi, og eru því nú engin lög í gildi um kennaradeildir skólans.

Í lögum um iðnskóla, nr. 45 1955, III. kafla, 7. gr., segir svo:

„Heimilt er að láta listiðnadeildir Handíða- og myndlistaskólans í Reykjavík njóta sömu réttinda um styrk úr ríkissjóði samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar, að fullnægðum sömu skilyrðum."

Samkvæmt þessari heimild í iðnskólalögunum tóku listiðnadeildir skólans til

starfa haustið 1956. Menntamálaráðuneytið setti reglugerð um starfsemi þessa 21. júlí 1956.

Önnur lagaákvæði eru ekki fyrir hendi um sérnám í myndrænum listgreinum.

Með þessu frumvarpi, sem í öllum meginatriðum byggir á brautryðjendastarfi Handíða- og myndlistaskólans um aldarfjórðung, svo og á nauðsyn á endurskipun skólastarfsins, er stefnt að því að tryggja eðlilega þróun skólans sem samræmdrar, lifrænnar heildar.

Af því, sem nú hefur sagt verið, svo og með vísun til þeirrar staðreyndar, að skólastarfsemin hefur nú senn í 5 ár verið rekin að öllu leyti af hinu opinbera, má ljóst vera, að til þess ber brýna nauðsyn, að nú verði sett lög um skólann, er nái til allra þátta hans.

Með því að myndrænar listir nú og hin síðari ár skipa meginrúm í kennsluskrá skólans, en handíðir koma þar í næsta sæti, og í framtíðinni — svo sem hingað til — er skólanum ætlað að hafa forustu um kennslu í þeim greinum, telur nefndin rétt, að skólinn beri heitið „Myndlista- og handíðaskóli Íslands".

Til inngöngu í allar deildir Myndlista- og handíðaskólans, nema almenn námskeið, eru í frv. gerðar hliðstæðar kröfur og til inngöngu í undirbúningsdeild sérnáms í Kennaraskóla Íslands. Með vísun til þessa, svo og með tilliti til lengds námstíma og aukins námsefnis (sbr. einnig ákvæði frv. um kennaradeildirnar) virðist nefndinni ljóst, að rétt sé og sanngjarnt að skipa honum hliðstæðan sess innan skólakerfis þjóðarinnar og hinum almennu kennaradeildum Kannaraskóla Íslands.

Varðandi kennsluna í frjálsum myndlistum og hagnýtum greinum myndrænna lista vill nefndin benda á eftirfarandi: Hinir gömlu og grónu listaháskólar Evrópu (akademíur) helga sig flestir enn að mestu hinum svonefndu frjálsu myndlistum, þar sem hið listræna viðhorf eitt ræður stefnunni. Hagnýt myndlist, þ. e. þær greinar myndrænna lista, þar sem nytjasjónarmiðið er tengt hinu listræna viðhorfi, hefur verið og er víða kennd í öðrum tegundum skóla, sem á íslenzku mætti nánast nefna listiðnaskóla. (Erlend dæmi: kunsthåndværkerskole, kunstindustriskole, Werkkunstschule, Kunstgewerbeschule o. fl.). Viðhorf skólamanna á sviði myndrænna lista er nú mjög að sveigjast í þá átt, að telja þessa aðgreiningu á frjálsri myndlist frá hagnýtri list óeðlilega og jafnvel óheillavænlega. Einsætt virðist því vera, að hér á landi verði haldið áfram á þeirri braut, sem þegar er mörkuð, að kennsla í báðum þessum greinum myndrænna lista fari fram innan veggja Myndlista- og handíðaskóla Íslands, en að ekki verði efnt til tveggja sérskóla þessa vegna.

Svo sem kunnugt er hafa hin síðari ár starfað hér á landi nokkrir skólar — flestir fámennir — er veitt hafa nokkra kennslu í myndrænum listgreinum. Hafa frístundamálarar og aðrir áhugamenn staðið að þeim. Í ýmsum greinum er eðlilegt að nokkurt samstarf sé með þeim og Myndlista- og handíðaskólanum og er raunar þegar fengin góð reynsla af því.

Athugasemdir laganefndar við einstakar greinar frv.

Um 1. gr.

Sjá hér að ofan.

Um 2. gr.

Skýringar óþarfar.

Um 3. gr.

Sjá aths. við 4. gr.

Um 4. gr.

Svo sem meðf. yfirlitsmynd af skipan deilda og námsflokka skólans ber með sér, myndar forskóli myndlistadeildarinnar eins konar kjarna, er aðrar deildir skólans kvíslast út frá. Hlutverk forskólans er að veita nemendum hinna ýmsu deilda sem traustasta undirstöðu að framhaldsnámi, hvert sem sérnám þeirra kann að verða.

Aðalkennslugreinar í forskólanum verði teiknun, málun og myndmótun. Meðal annarra kennslugreina má nefna listsögu, form- og litfræði.

Námið í forskólanum tekur tvö ár. Fyrra árið er reynsluár og fá þeir einir nemendur, sem á því ári hafa sýnt listræna hæfileika og áhuga á námi, að halda áfram námi í myndlistadeildinni.

Á öðru ári í forskóla, þegar séð verður í hvaða átt stefnir um nám einstakra nemenda, geta þeir valið sér kjörgrein, og verður þeim þá gefinn kostur á að taka nokkurn þátt í námi í þeirri grein í öðrum dagdeildum skólans eða á námskeiðum. Að afloknu tveggja ára námi í forskólanum gefst þeim nemendum er þess óska og staðizt hafa lokapróf forskólans, kostur á inngöngu í framhalds- og sérnámsflokka í ýmsum greinum, m. a. í frjálsri myndlist, rítlist (grafik), mótunarlist (plastik), veggmyndagerð (mosaik, fresko o. fl. sérgreinum), og auglýsingateiknun. Gert er ráð fyrir, að sérnám þetta taki að jafnaði tvö ár og ljúki með prófi. Enn fremur er hér gert ráð fyrir námsflokki, þar sem veittur verður undirbúningur að námi í húsagerðarlist (fríhendisteiknun, rúmsæisteiknun, mótun). Um nokkur undangengin ár hefur Handíða- og myndlistaskólinn haldið uppi slíkri kennslu, einkum fyrir nemendur í efstu bekkjum menntaskólans og stúdenta, sem hafa haft í hyggju að leggja stund á nám í húsagerðarlist erlendis. Hefur þessi kennsla gefið góða raun og sparað námsmönnum erlendis bæði tíma og fé.

Um 5. gr.

Svo sem áður segir var teiknikennaradeild stofnuð innan Handíða- og myndlistaskólans árið 1941, en vefnaðarkennaradeildin tók til starfa 1959. Með frv. er gert ráð fyrir því, að námið í þessum deildum verði nú aukið allverulega frá því sem verið hefur. Inntökuskilyrði í teiknikennaradeildina verður nú, að nemandi hafi áður lokið námi í forskólanum.

Í því ákvæði frv., að nám í öðrum greinum kennaradeildanna en sérgreinum skuli „vera hið sama eða hliðstætt námi í undirbúningsdeild sérnáms í Kennaraskóla Íslands“ felst, að nemendum kennaradeildanna skuli vera „skylt að ljúka sama námi og nemendur í almennu kennaradeildinni (í Kennaraskóla Íslands) í 1—3 bóklegum greinum, enda öðlist þeir í þeim kennararéttindi, að því tilskildu, að þeir ljúki kennaraprófi í sérgrein“. (Sjá lög um Kennaraskóla Íslands, 2. gr. liðir 5—6).

Um 6. gr.

Um mörg ár hefur Handíða- og myndlistaskólinn haldið uppi kennslu í einstökum þáttum listiðna, m. a. í listvefnaði, tízkuteiknun, útsaumi, vefrítun („taubrykk“), vaxrítun (batík), sáldrítun („sáldþrykk“), leirmunagerð o. fl. greinum. Er því hér eigi um neina verulega breytingu að ræða frá því sem verið hefur.

Um 7. gr.

Skýringar óþarfar (sjá að öðru leyti yfirlitsmyndina).

Um 8. gr.

Skýringar óþarfar.

Um 9. gr.

Varðandi launakjör skólastjóra vill nefndin leyfa sér að vísa til tillagna, sem stjórnskipuð nefnd á árinu 1958 gerði til menntamálaráðuneytisins um skipan mála Handíða- og myndlistaskólans. Þar segir m. a.: „Vegna hinnar margþættu starfsemi Handíða- og myndlistaskólans og kennslu í myndlistum, listiðnum, sérmenntun kennara og kennslu á námskeiðum fyrir almenning, er einsætt, að gera verður miklar kröfur til forstöðumanns skólans, bæði um menntun og starfshæfni. Þá má og benda á, að starfsdagur Handíða- og myndlistaskólans hefur jafnan verið, — og vænta má þess, að svo verði einnig í framtíðinni, — miklu lengri en tíðkast um venjulega bóknámsskóla. Er nefndin því einhuga um, að laun skólastjóra séu hæfilega metin skv. V. fl. launalaganna.“ Gera verður sambærilegar kröfur um menntun skólastjóra og kennara og gerðar eru í Kennaraskólanum og menntaskólum.

Um 10. gr.

Auk skólastjóra er nú aðeins einn fastur kennari starfandi við Handíða- og myndlistaskólann, en kennarar þar eru, — og hafa um alllangt skeið verið, — nál. 20 að tölu. Telur nefndin, að eigi verði hjá því komizt — enda æskilegt — að fjölga tölu fastra kennara, þannig að einn fastur kennari starfi við hverja þessara deilda skólans: myndlistadeild, teiknikennaradeild, vefnaðarkennaradeild og listiðnadeild. Má þó gera ráð fyrir því, að enn líði nokkur tími unz ástæða þyki til að skipa kennara að fullu í allar þessar stöður.

Með fjölgun fastra kennara við skólann minnkar að sjálfsögðu stundakennsla að sama skapi.

Um 11. gr.

Um kennsluskyldu skólastjóra og fastra kennara er hér fylgt ákvæðum laga um Kennaraskóla Íslands.

Um 12. gr.

Skólastjórinn fer með daglega stjórn skólans undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins (sbr. 9. gr.). En til þess að stuðla að sem lifrænustum og nánustum tengslum skólans við atvinnu- og menningarlíf þjóðarinnar á hverjum tíma gerir 12. gr. frv. ráð fyrir skipun ráðgefandi skólaráðs. Sé skólaráðið skipað fulltrúum þeirra aðila, sem standa að rekstri skólans, — ríkis og Reykjavíkurborgar, — svo og fulltrúum landssambands listamanna, kvenfélaga og iðnaðarmanna. Er þess þá vænzt, að skólastjórnin hafi jafnan samráð við og leiti álits skólaráðs um hin veigameiri mál, er lúta að tilhögun skólastarfseminnar. — Í till. þessari er fylgt fordæmi margra hliðstæðra erlendra skóla.

Um 13. gr.

Undangengin ár hefur öðrum kostnaði við rekstur skólans en launagreiðslum til skólastjóra og fastakennara verið skipt þannig, að ríkissjóður hefur greitt 65%, en borgarsjóður 35%.

Til þess að fá fullnægt mjög brýnum þörfum á aukinni starfsemi hinna föstu dagdeilda skólans (teiknikennaradeild, vefnaðarkennaradeild, myndlistadeild og listiðnadeild), hefur hlutur ríkisins í kostnaði við rekstur skólans eðlilega aukizt nokkuð frá því, sem áður var. Þó má þess vænta, að rekstrarkostnaður skólans samkv. frv. muni á næsta ári eigi fara fram úr áætlun fjárl. 1965 og fjárhagsáætlun Reykjavíkur fyrir það ár.

Hér skal á það bent, að þegar kostnaður við rekstur kennaradeildanna, — sem gert er ráð fyrir að ríkið kosti að fullu, svo sem jafnan áður, — er dreginn frá heildarkostnaði við rekstur skólans, mun hlutur ríkisins í greiðslu rekstrarkostnaðarins verða sem næst ⅔, en hlutur borgarsjóðs Reykjavíkur sem næst ⅓.

(Að öðru leyti vísast hér til áætlunar um rekstrarkostnað skólans 1965, sem samin er af skólastjóranum.)

Á ári hverju stunda nál. 250 manns nám í Handíða- og myndlistaskólanum. Nemendur aðaldeilda skólans, — sem jafnframt eru dýrastar í rekstri, — eru hvaðanæva af landinu; hins vegar er mikill meiri hluti þátttakenda í námskeiðum skólans Reykvíkingar.

Tekjur af kennslugjöldum nemenda á yfirstandandi skólaári munu verða nál. 180 þús. kr. Nemendur kennaradeildanna greiða eigi kennslugjöld.

Um 14.—15. gr.

Skýringar óþarfar.

Reykjavík, 30. nóvember 1964.

Kurt Zier. **Broddi Jóhannesson.** **Helgi Elíasson.**
Lúðvíg Guðmundsson.

9. marz 1964 lauk laganefndin við samning frv. til l. um Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Sendi hún þá hæstv. menntamrh. frumvarpið, ásamt greinargerð og fleiri fylgiskjölum.

Á undangengnum vikum hefur Kurt Zier skólastj., f. h. nefndarinnar, átt ítarlegar viðræður við fræðslustj. Rvíkur um frv., og þá einkum þau atriði þess, er lúta að samskiptum ríkisins og Reykjavíkurborgar. Nokkrar af fram komnum brtt. hefur laganefndin samþ., og eru þær felldar inn í frv. það, er hér liggur fyrir.“

Nd. 346. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og haft samband við nokkur af samtökum bifreiðaeigenda, formann Sambands íslenzkra tryggingafélaga og formann umferðarlaganefndar.

Umferðarlaganefnd lagði til við ráðuneytið, að þær breytingar verði gerðar á umferðarlögunum, sem frumv. gerir ráð fyrir, og töldu þeir aðilar, sem hún hafði rætt við, eðlilegt, að þessi breyting verði gerð. (JK var ekki á fundi nefndarinnar, er málið var afgreitt.)

Nefndin er sammála um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. marz 1965.

Einar Ingimundarson, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
Óskar Jónsson.	Pétur Sigurðsson.	Ragnar Arnalds.

Nd. 347. Breytingartillögur [138. mál]

við frv. til læknaskipunarlaga.

Frá Sigurvin Einarssyni.

1. Við 7. tölul. 1. gr.
   Orðin „og Flateyjarhreppur“ falli niður.
2. Við 9. tölul. 1. gr.
   a. Orðin „og Múlahreppur“ falli niður.
   b. Á eftir tölul. komi nýr tölul., svo hljóðandi:
   Flateyjarhérað: Flateyjarhreppur og Múlahreppur. Læknissetur í Flatey.
3. Við 13. tölulið 1. gr.
   a. Orðin „og Suðureyrarhreppur“ falli niður.
   b. Á eftir tölul. komi nýr tölul., svo hljóðandi:
   Suðureyrarhérað: Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Suðureyri
4. Við 17. tölulið 1. gr.
   a. Orðin „og Árneshreppur“ falli niður.
   b. Á eftir tölul. komi nýr tölul., svo hljóðandi:
   Djúpavíkurhérað: Árneshreppur. Læknissetur á Djúpavík.
5. Á eftir 2. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Nú verður læknishérað læknislaust um sinn, og hafa þá íbúar þess rétt til að vitja annars hvors þeirra tveggja héraðslækna, sem næstir eru og auðveldast er að ná til, eftir nánari fyrirmælum landlæknis. Þegar svo stendur

á, greiðir ríkissjóður kostnað af lækisvitjun og sjúkraflutningi, að því leyti sem hann er ekki greiddur úr læknisvitjanasjóði.
6. Við ákvæði til bráðabirgða. Orðið „Suðureyrarhérað“ falli niður.

Sþ. 348. Breytingartillögur [100. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1965—68.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við I. B. Liðurinn orðast svo:				
Tekjur af þungaskatti brúttó	42.6	46.4	50.6	55.1
2. Við I. D. Liðurinn orðast svo:				
Ríkisframlag samkv. 89. gr. vegalaga	47.0	47.0	47.0	47.0
3. Við I. E. Liðurinn orðast svo:				
Eftirstöðvar tekna 1964	16.7			
4. Við II. I. 1. Liðurinn orðast svo:				
Launagreiðslur	5240	5580	5960	6340
5. Við II. II. 1. Liðurinn orðast svo:				
Viðhaldskostnaður þjóðvega	92500	97600	102750	108000
6. Við II. III. (Til nýrra þjóðvega).				
Tölur breytast samkv. sundurliðun.				
7. Við II. IV. 1. (Til aðalfjallvega).				
Tölur breytast samkv. sundurliðun.				
8. Við II. IV. 2. Liðurinn orðast svo:				
Til annarra fjallvega	800	810	800	875
9. Við II. V. (Til brúargerða).				
Tölur breytast samkv. sundurliðun.				
10. Við II. VII. Liðurinn orðast svo:				
Til vega í kaupstöðum og kauptúnum	32945	31760	33050	34750
11. Við II. IX. Liðurinn orðast svo:				
Til tilrauna við vega- og gatnagerð	1320	1270	1320	1390
12. Aftan við II. bætist:				

Sundurliðun.

(Fjárhæðir í þús. kr.)

I. Til nýrra þjóðvega.

1. Til hraðbrauta:	1965	1966	1967	1968
1. Reykjanesbraut	6800	6800	6800	6800
2. Þrengslavegur	3200	3200	3200	3200
Fært á II. III. 1.	10000	10000	10000	10000

2. Til þjóðbrauta:					
1. Vesturlandsvegur (B 1):	1965	1966	1967	1968	Alls
a. Hvammsvík—Skeiðhóll	—	—	840	—	—
b. Skeiðhóll—Lambasnasir ...	—	—	160	1900	—
c. Um Þyril	800	—	—	—	—
d. Gröf—Reykjadalsá	350	—	—	—	—
e. Um Garpsdal og Gróustaði ..	280	—	—	—	—
f. Slitur	170	620	—	—	—
g. Bjarkarlundur—Kollabúðir .	—	—	—	840	5960

	1965	1966	1967	1968	Alls
2. Stykkishólmsvegur (B 26):					
a. Haffjarðará—Skjálg	1400	—	—	—	—
b. Nesvogur	—	—	—	400	—
c. Lambadalur—Langá	—	600	—	—	2400
3. Ólafsvíkurvegur (B 37):					
a. Enni	4330	4180	870	830	—
b. Rif	—	—	190	290	—
c. Staðarsveit	—	—	—	300	10990
4. Grundarfjarðarvegur (B 48):					
a. Kolgrafir—Berserkjahraun .	370	820	140	80	1410
5. Vestfjarðavegur (C 1):					
a. Sunnan Þingmannaheiðar ..	800	700	900	1500	—
b. Breiðadalsheiði	620	620	1300	1900	8340
6. Barðastrandarvegur (C 10):					
a. Um Arnarstapaá í Patreksf.	350	—	—	—	—
b. Brjánslækur—Þverá	—	—	760	340	1450
7. Strandavegur (C 31):					
a. Í Bæjarhreppi	100	—	300	—	—
b. Hólmavík—Orkuversvm. ..	350	560	—	—	1310
8. Norðurlandsvegur (E 1):					
a. Við Miðfjarðará	1400	—	—	—	—
b. Í Reykjadal	105	—	—	—	—
c. Í Reykjadal norðan Langár	—	—	400	—	—
d. Á Mývatnsheiði	115	—	—	—	—
e. Austan Jökulsár á Fjöllum	—	—	400	—	2420
9. Siglufjarðarvegur (D 39)	1500	1500	4500	4300	11800
19. Ólafsfjarðarvegur (E 2):					
a. Um Ólafsfjarðarmúla	1000	1000	1000	1000	—
b. Í Arnarneshreppi	150	—	—	—	4150
11. Kinnarvegur (E 20):					
a. Hjá Krossi	—	—	500	—	—
b. Norðan Núps	100	—	—	—	600
12. Þingeyjarsýslubraut (E 25):					
a. Við Einarsstaði	—	—	—	200	—
b. Sunnan Húsavíkur	230	260	—	—	—
c. Um Aðaldalshraun	—	—	—	800	—
d. Húsavík—Héðinshöfði	—	100	300	—	—
e. Skeifargil—Rekargil	500	600	—	—	—
f. Í Kelduhverfi	300	—	—	—	—
g. Lindarbrekka—Hóll	500	500	200	—	—
h. Austan Jökulsár vestan Heiðar	150	200	100	350	—
i. Á Ytra-Hálsi	—	440	500	500	—
j. Sunnan Þórshafnar	—	—	100	600	7430
13. Austurlandsvegur (F 1):					
a. Í Möðrudal	800	800	800	800	—
b. Á Jökuldal	—	—	700	—	—
c. Um Hróarstungu	790	660	—	—	—
d. Í Skriðdal	—	—	400	—	—
e. Á Breiðdalsheiði	—	500	—	420	—
f. Í Breiðdal	420	—	—	630	—
g. Streitishvarf—Lónsheiði ...	990	1000	850	1450	—
h. Í Lóni	410	590	—	—	—
i. Geithellnahr.—Bæjarhr.	—	—	500	500	14010

	1965	1966	1967	1968	Alls
14. Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur (D 2):					
a. Á Sandvíkurheiði	—	250	—	—	—
b. Á Hellisheiði	300	—	300	300	—
c. Í Jökulsárhlíð	—	—	410	—	1560
15. Norðfjarðarvegur (F 31):					
a. Um Fagradal	500	400	500	500	—
b. Í Eskifirði	110	—	—	—	2010
16. Suðurfjarðavegur (F 39):					
a. Í Fáskrúðsfirði	520	—	—	—	—
b. Í Stöðvarfirði	200	500	340	400	1960
17. Suðurlandsvegur (G 1):					
a. Gljúfurholtsá—Kotströnd	—	—	—	630	—
b. Hárlaugsst.—Steinsdalur	200	—	—	—	—
c. Brekkuholt—Efri-Rauðalækur	—	—	1380	620	—
d. Efri-Rauðalækur—Lyngás	—	550	—	—	—
e. Dalsás—Miðdalur	—	—	—	470	—
f. Hvammur—Fosslækur	650	—	—	—	—
g. Kafli í Víkurgili	520	—	—	—	5020
18. Biskupstungnabraut (G 11):					
a. Kafli austan Kers	130	470	—	—	—
b. Kafli um Brúará	—	650	—	—	1250
19. Þingvallabraut (G 3):					
a. Valhöll—Leirgjá	—	—	420	—	—
b. Kafli um Vatnsvík og Klifið	—	220	200	—	—
c. Kafli um Almannagjá	50	110	—	—	—
d. Kafli ofan Almannagjár	200	—	—	—	—
e. Valhöll—Vatnsvík	—	—	—	780	1980
Fært á II. III. 2.	22760	19400	20260	23630	86050
3. Til landsbrauta:					
1. Krísuvíkurvegur (A 3):					
a. Á Almenningi	60	—	—	—	60
2. Grindavíkurvegur (A 5):					
a. Um Gígháð	145	—	—	—	—
b. Grindavík—Staður	—	500	350	—	—
c. Um Selháls	—	—	—	235	1230
3. Kjósarskarðsvegur (A 24):					
a. Hjalli—Eyjatjörn—Laxá	355	—	150	125	—
b. Um Laxá	—	—	—	140	770
4. Dragavegur (B 2)	200	250	300	200	950
5. Svínadalsvegur (B 3):					
a. Hjá Hurðabaki	140	—	—	—	140
6. Skorradalsvegur (B 9):					
a. Merkigil—Háafell	250	250	270	200	970
7. Lundarreykjadalsvegur (B 12):					
a. Arnþórsstaðir—Lundur	285	220	—	—	505
8. Flókadalsvegur (B 14):	—	—	174	200	374
9. Reykdælavegur (B 16):					
a. Rauðsgil—Búrfell	150	—	—	200	350
10. Hálsasveitarvegur (B 17)	—	300	300	300	900
11. Grjóthálsvegur (B 20):					
a. Þverárrétt	—	—	—	155	155

	1965	1966	1967	1968	Alls
12. Norðurárdalsvegur (B 22):					
a. Frá Hárekssstöðum	300	385	400	400	—
b. Varmaland—Einifell	—	100	—	—	1585
13. Ferjubakkavegur (B 23):					
a. Gufá—Ferjubakki	240	—	—	—	240
14. Valbjarnarvallavegur (B 25) ..	100	—	—	—	100
15. Álftaneshreppsvegur (B 28):					
a. Um Þverholt	100	—	—	—	100
16. Hraunhreppsvegur (B 30):					
a. Miklaholt—Hamrar	360	—	—	—	—
b. Um Akra	—	500	600	500	1960
17. Heydalsvegur (B 34):					
a. Hnappadalur	100	—	—	100	200
18. Kolviðarnesvegur (B 35)	15	—	—	—	15
19. Skógarnesvegur (B 36)	100	—	—	100	200
20. Krossavegur (B 38):					
a. Um Melkot	50	—	—	—	50
21. Lýsuhólsvegur (B 40)	30	—	—	—	30
22. Útnesvegur (B 41):					
a. Garðar	160	320	—	—	—
b. Hellnahraun—Stapafell	—	—	710	270	1460
23. Framsveitarvegur (B 43)	130	150	150	—	430
24. Skógarstrandarvegur (B 46):					
a. Skógarströnd	630	639	340	—	—
b. Um Harrastaði	30	—	—	—	1639
25. Langadalsvegur (B 47)	—	—	—	90	90
26. Hörðudalsvegur (B 48)	175	110	100	100	485
27. Hálsabæjavegur (B 49)	100	—	100	—	200
28. Hlíðarvegur (B 50)	80	100	—	—	180
29. Haukadalsvegur (B 51)	—	—	150	100	250
30. Laxárdalsvegur (B 52):					
a. Laxárdalur	145	200	150	183	—
b. Norðan Laxár—Hjarðarholtsvegur	100	110	150	150	1188
31. Klofningsvegur (B 53)	1000	900	800	800	3500
32. Neðribyggðarvegur (B 54)	—	—	—	100	100
33. Efribyggðarvegur (B 55)	100	100	—	—	200
34. Staðarhólsvegur (B 56)	—	—	100	100	200
35. Sælingsdalsvegur (B 57)	—	—	—	100	100
36. Hvanneyrarvegur (B 1—11) ..	100	—	—	—	100
37. Innra-Hólmsvegur (B 5—2)	20	—	—	—	20
38. Helgafellsvegur (B 26—8)	—	70	—	—	70
39. Bjarnarhafnarvegur (B 44—1) .	70	—	—	—	70
40. Örlygshafnarvegur (C 13):					
a. Í Skershlíð	—	—	60	—	—
b. Um Skersá	170	—	—	—	230
41. Kollsvíkurvegur (C 14)	150	162	—	—	312
42. Bíldudalsvegur (C 15):					
a. Um Hálsgötu og Víðieyradal	800	—	—	—	—
b. Tálknafj.—Bíldudalur	—	1350	600	—	—
c. Trostansfj. á Vestfjarðaveg	500	550	650	100	4550
43. Tálknafjarðarvegur (C 17):					
a. Um Sveinseyrartún	—	230	—	—	230

	1965	1966	1967	1968	Alls
44. Svalvogavegur (C 19):					
a. Um og út fyrir Hafnarófæru	135	—	300	—	435
45. Ingjaldssandsvegur (C 21):					
a. Um Núp að Alviðru	—	260	145	—	—
b. Um Sandheiði	125	—	125	—	655
46. Flateyrarvegur (C 24):					
a. Sólbakki—Hvilft	55	—	—	—	55
47. Súgandafjarðarvegur (C 25):					
a. Um Kvíanes	215	—	—	—	—
b. Um Botnsdal á Botnsheiði ..	185	400	400	700	1900
48. Bolungarvíkurvegur (C 27) ...	500	500	500	800	2300
49. Djúpvegur (C 29):					
a. Hattareyri—Eyri í Sf.	1000	600	1200	1500	—
b. Frá Ögri að Hjöllum	700	600	—	—	5600
50. Vatnsfjarðarvegur (C 30):					
a. Í Mjóafirði	100	130	150	—	—
b. Í Ísafirði og Reykjarfirði ..	—	—	250	250	880
51. Snæfjallastrandarvegur (C 34):					
a. Mórilla—Lónseyri	100	200	265	210	775
52. Strandavegur (C 37):					
a. Í Veiðileysufirði	200	—	—	—	—
b. Úr Veiðileysuf., Djúpavík, Kleifar	480	400	200	—	—
c. Selvíkurhöfði—Reykjarfjarðará	285	—	200	—	—
d. Djúpuvíkurkleifar, Djúpuvík	—	—	87	500	—
e. Eyri í Ingólfsf.—Ófeigsfj. ..	100	—	100	100	2652
53. Drangsnesvegur (C 41)	150	—	—	254	404
54. Heggstaðanesvegur (D 3):					
a. Um Sanda	310	—	—	—	310
55. Miðfjarðarvegur (D 4):					
a. Norðan Urriðaár	—	—	—	300	300
56. Vesturárdalsvegur (D 5):					
a. Að Húki	100	—	—	205	305
57. Vatnsnesvegur (D 7):					
a. Við Kárastaðalæk og Illugast.	200	—	—	—	—
b. Í Vesturhópi	—	211	—	—	411
58. Borgarvegur (D 10):					
a. Um Síðu	180	—	—	—	—
b. Frá Síðu að Bjarghúsum ..	—	—	—	315	495
59. Víðidalsvegur (D 11):					
a. Frá Ásgeirsá að Norðurlandsvegi	65	551	780	—	1396
60. Vatnsdalsvegur (D 12):					
a. Hvammur—Másstaðir	375	435	—	—	—
b. Við Bjarnarstaði	—	80	—	—	890
61. Þingeyravegur (D 14):					
a. Leysingjastaðir	75	—	—	—	75
62. Reykjabraut (D 15):					
a. Frá Beinakeldu að Reykjum	—	—	550	500	—
b. Við Reykjabót	265	—	—	—	1315
63. Svínvetningabraut (D 18):					
a. Frá Sauðan.—Ytri-Löngum.	—	85	335	—	420

	1965	1966	1967	1968	Alls
64. Svínadalsvegur (D 19):					
a. Við vegamót Reykjabrautar	25	—	—	—	25
65. Svartárdalsvegur (D 22):					
a. Leifsstaðaklif—Skottast. ...	215	—	—	—	—
b. Um Hvamm	—	265	—	—	480
66. Skagavegur (D 23):					
a. Í Neðribyggð og við Fossá ..	320	—	—	—	—
b. Í Gönguskörðum	—	—	735	400	1455
67. Neðribyggðarvegur (D 24):					
a. Um Sölvabakka	—	—	—	100	100
68. Þverárfjallsvegur (D 26):					
a. Um Njálsstaðabrúnir	—	—	—	330	330
69. Reykjastrandarvegur (D 27):					
a. Við Fagranes	280	—	—	—	—
b. Fagranesskriður	—	—	215	—	495
70. Sæmundarhlíðarvegur (D 29):					
a. Hjá Fjalli	220	—	—	—	220
71. Skagafjarðarvegur (D 30):					
a. Við Víðimel	—	—	230	—	—
b. Við Tungukot	80	125	—	—	435
72. Efribyggðarvegur (D 31):					
a. Frá Álfgeirsvöllum að Vatni	—	—	—	615	615
73. Kjálkavegur (D 36):					
a. Flatatunga—Kelduland	420	760	—	—	1180
74. Sléttuhlíðarvegur (D 50)	—	—	77	105	182
75. Að félagsheimili Varmahlíð (E 1—9)	—	268	—	120	388
76. Ólafsfjarðarvegur eystri (E 3):					
a. Hjá Vatnsenda	140	—	—	—	—
b. Hóll—Vatnsendi	200	—	100	100	540
77. Svarfaðardalsvegur (E 4):					
a. Hjá Klaufabrekku	—	—	—	430	430
78. Skíðadalsvegur (E 5):					
a. Tungur	—	—	—	525	525
79. Hauganesvegur (E 6):					
a. Við Hauganes	130	—	—	—	130
80. Hjalteyrarvegur (E 7):					
a. Við Pálmholtslæk	50	—	—	—	—
b. Álma að Hjalteyri	120	—	—	—	170
81. Möðruvallavegur (E 8):					
a. Þrastarhólsá	50	—	—	—	50
82. Hörgárdalsvegur (E 9):					
a. Hörgárbrú—Möðruvallamelar	190	—	—	—	—
b. Möðruvallam.—Dunhagi ...	—	—	350	—	—
c. Sunnan Þríhyrnings	—	217	80	—	837
83. Dagverðareyrarvegur (E 11):					
a. Að útvarpsstöð	—	—	410	—	410
84. Blómsturvallavegur (E 12):					
a. Við Lónslæk	50	—	—	—	—
b. Að Blómsturvallamelum ...	—	200	150	—	400
85. Eyjafjarðarbraut (E 13):					
a. Hjá Brunná	200	—	—	—	—
b. Við Rifkelsstaði	—	400	100	200	—
c. Við brú hjá Vatnsenda	—	250	—	—	1150

	1965	1966	1967	1968	Alls
86. Svalbarðsstrandarvegur (E 16):					
a. Svalbarðseyri—Dálksstaðir .	385	—	—	—	—
b. Við Veigastaði	—	325	—	—	—
c. Dálksst.—Sveinbjarnargerði	—	—	450	—	1160
87. Fnjóskadalsvegur vestri (E 17):					
a. Hjá Draflastöðum	—	—	375	—	375
88. Fnjóskadalsvegur eystri (E 19):					
a. Hjá Grund og Veisuseli	450	465	—	—	915
89. Fremstafellsvegur (E 21):					
a. Frá Kvíslarbrú að Hriflu ..	—	175	—	—	—
b. Frá Kinnarvegi	—	—	—	200	375
90. Út-Kinnarvegur (E 22):					
a. Norðan Ófeigsstaða	—	—	247	—	—
b. Við Ófeigsstaði	—	60	—	—	307
91. Bárðardalsvegur vestri (E 23):					
a. Norðan Stóruvalla	270	—	—	—	—
b. Sunnan Stóruvalla	150	—	—	—	420
92. Bárðardalsvegur eystri (E 24):					
a. Við Kálfborgará	—	200	—	—	200
93. Reykjahverfisvegur (E 26):					
a. Helluland—Grenjaðarstaður	—	—	—	170	170
94. Hvammavegur (E 27):					
a. Við nýja brú á Laxá	—	—	—	630	—
b. Endurbætur o. fl.	150	—	—	—	780
95. Fagranesvegur (E 29):					
a. Sunnan Hellulands	—	—	—	150	150
96. Sandsvegur (E 31):					
a. Knútsstaðir—Sandur	—	100	—	—	100
97. Austurhlíðarvegur (E 32):					
a. Við Laugaskóla	100	—	—	78	—
b. Norðan Öndólfsstaða	—	—	110	—	288
98. Stafnsvegur (E 33):					
a. Norðan Stafns	150	—	—	—	150
99. Baldursheimsvegur (E 35):					
a. Norðan Baldursheims	100	—	—	100	200
100. Vestursandsvegur (E 37):					
a. Lindarbrekka—Seyrur	—	200	—	—	200
101. Uppsveitarvegur (E 38):					
a. Meiðavellir—Tóveggur	—	—	100	—	100
102. Hólsfjallavegur (E 39):					
a. Jökulsá—Beitivallamór	300	400	540	665	1905
103. Gilsbakkavegur (E 40):					
a. Hjá Hafrafellstungu	200	—	—	—	200
104. Austursandsvegur (E 41):					
a. Sandá—Ærlækjarsel	50	100	—	—	150
105. Axarfjarðarheiðarvegur (E 42):					
a. Vestan Sandfellshaga	60	—	—	—	60
106. Kúðárvegur (E 43):					
a. Við Þorvaldsstaðaá	50	—	—	—	50
107. Holtsvegur (E 44):					
a. Þingeyjarsýslubr.—Holt ...	60	—	—	—	60
108. Langanesvegur (E 45):					
a. Norðan Sauðaness	—	60	—	—	—
b. Utan Heiðar	60	—	—	—	120

	1965	1966	1967	1968	Alls
109. Eiðisvegur (E 48)	50	—	—	—	50
110. Vopnafjarðarvegir (F 2—F 9)	610	600	600	700	2510
111. Eyjavegur (F 10)	100	100	—	—	200
112. Jökuldalsvegur efri (F 12)	—	350	—	500	850
113. Jökuldalsvegur eystri (F 13) ..	320	—	300	—	620
114. Hróarstunguvegir (F 14—F 17)	420	500	600	460	1980
115. Fellavegur efri (F 18)	—	—	80	—	80
116. Upphéraðsvegur (F 19)	600	600	300	600	2100
117. Suðurdalsv. í Fljótsdal (F 22)	—	—	—	100	100
118. Fjarðarheiðarvegur (F 23)	400	560	350	500	1810
119. Seyðisfjarðarvegur (F 24)	170	—	—	—	170
120. Úthéraðs- og Borgarfjv. (F 25)	800	400	200	700	2100
121. Hjaltastaðaþinghárvegir (F 15, F 26—F 28)	200	103	103	114	520
122. Loðmundarfjarðarvegur (F 30)	—	130	—	—	130
123. Mjóafjarðarvegur (F 32)	100	100	150	100	450
124. Viðfjarðarvegur (F 33)	—	—	250	—	250
125. Dalavegur í Fáskrúðsf. (F 41)	300	200	—	—	500
126. Breiðdalsvegur syðri (F 44) ..	—	—	350	—	350
127. Axarvegur (F 45)	150	—	100	—	250
128. Djúpavogsvegur (F 46)	—	—	400	—	400
129. Austurlandsv. í Skaftaf. (F 1):					
a. Austan Jökulsár á Breiðams.	400	450	420	500	1770
b. Vestan Jökulsár á Breiðams.	450	400	400	400	1650
130. Suðurlandsvegur (G 1):					
a. Skaftáreldahraun—Ásar—Hraunbr.	1030	—	—	—	—
b. Skaftáreldahraun—Hraunbr. —Djúpibr.	—	—	820	—	—
c. Skaftáreldahraun—Dyngjur	150	250	400	1470	—
d. Ofan Ása í Skaftártungu ...	—	170	—	—	4290
131. Þorlákshafnarvegur (G 6):					
a. Við Þorlákshöfn	—	—	—	400	400
132. Laugarvatnsvegur (G 15):					
a. Djúpá—Grafará	740	—	—	—	—
b. Grafará—Efra-Apavatn	—	860	—	—	1600
133. Geysisvegur (G 20):					
a. Stakksá—Neðri-dalur	—	—	430	—	—
b. Geysir—Tungufljót	405	612	—	—	—
c. Tungufljót—Kjóastaðir	—	—	370	633	2450
134. Auðsholtsvegur (G 29):					
a. Varnarg. við Stóru-Laxá ...	210	—	—	—	210
135. Langholtsvegur (G 30):					
a. Efra-Langholt—Auðsholtsv.	100	100	—	—	200
136. Urriðafossvegur (G 46):					
a. Egilsstaðir—Suðurlandsv. ..	—	—	200	—	200
137. Gaulverjabæjarvegur (G 41) ..	100	100	150	—	350
138. Þykkvabæjarvegur (G 49):					
a. Um Þykkvabæ	470	—	—	—	—
b. Flóðgátt—Hrafntóftir	—	500	—	—	970
139. Hagavegur (G 52):					
a. Raftholt—Saurbær	450	100	—	—	550

	1965	1966	1967	1968	Alls
140. Rangárvallavegur (G 55):					
a. Keldur—Reyðarvatn	200	—	125	—	325
141. Þingskálavegur (G 56):					
a. Um tún á Heiði	—	—	280	—	280
142. Fljótshlíðarvegur (G 60):					
a. Deild—Þverá	—	—	100	300	400
143. Út-Landeyjavegur (G 62):					
a. Skúmsstaðir—Þúfuvegur ...	—	335	—	—	—
b. Þúfuvegur—Ytri-Hóll II ...	—	—	107	—	—
c. Ytri-Hóll II—Ártún	—	—	395	640	1477
144. Álftaversvegur (G 83):					
a. Herjólfstaðir—Hraunbær ..	—	—	200	200	400
145. Búlandsvegur (G 84):					
a. Gröf—Hvammsá	100	125	—	125	350
146. Meðallandsvegur (G 86):					
a. Eldvatn—Langholt	—	360	—	—	360
Fært á II. III. 3.	27590	24523	24640	23942	100695

II. Til aðalfjallvega.

	1965	1966	1967	1968
1. Kaldadalsvegur	100	100	200	100
2. Kjalvegur	200	200	200	300
3. Sprengisandsleið	480	480	280	280
4. Fjallabaksvegur nyrðri	100	100	200	200
Fært á II. IV. 1.	880	880	880	880

III. Til brúargerða.

1. Til stórbrúa:	1965	1966	1967	1968
1. Haffjarðará (B 26)	2400	—	—	—
2. Miðfjarðará (E 1)	5200	—	—	—
3. Þverá í Útblönduhlíð (D 38)	2400	—	—	—
4. Eldvatn hjá Ásum (G 1)	3200	—	—	—
5. Jökulsá á Breiðamerkursandi (F 1)	—	6950	8300	—
6. Tungufljót á Geysisvegi (G 20)	—	3300	—	—
7. Brúará hjá Spóastöðum (G 11)	—	3000	—	—
8. Fnjóská hjá Hrísagerði (E 1)	—	—	5500	—
9. Djúpadalsá í Skagafirði (E 1)	—	—	—	1500
10. Hamarsá í S.-Múlasýslu (F 1)	—	—	—	4200
11. Hrútá í Öræfum (F 1)	—	—	—	3100
12. Hverfisfljót í V.-Skaftafellssýslu (G 1) ..	—	—	—	2860
Fært á II. V. 1.	13200	13250	13800	11660

2. Til brúa 10 m og lengri:	1965	1966	1967	1968
1. Örnólfsdalsá hjá Norðtungu (B 19)	1700	—	—	—
2. Miðá hjá Skallhól	1050	—	—	—
3. Suðurfossá á Rauðasandi, sýsluv.	720	—	—	—
4. Þingmannaá (C 1)	300	—	—	—
5. Búðará í Reyðarfirði (F 31)	1750	—	—	—

	1965	1966	1967	1968
6. Selá hjá Starmýri, sýsluv.	800	—	—	—
7. Kotá í Öræfum (F 1)	350	—	—	—
8. Svínafellsá í Öræfum (F 1)	1750	—	—	—
9. Gljúfurá í Öræfum (F 1)	970	—	—	—
10. Írá undir Eyjafj. (G. 1)	1160	—	—	—
11. Jökulgil á Fjallabaksv., fjallv.	1180	—	—	—
12. Svartá hjá Korná, sýsluv.	650	—	—	—
13. Hundadalsá (B 49)	—	680	—	—
14. Eyjafjarðará hjá Vatnsenda (E 12)	—	1000	—	—
15. Vesturá hjá Öskum. (F 7)	—	720	—	—
16. Fögruhlíðará hjá Ketilsst. (F. 2)	—	910	—	—
17. Rangá hjá Skógargerði (F 15)	—	1460	—	—
18. Kvíslar í Eldhr., varnarg. (G 1)	—	670	—	—
19. Almenningsá hjá Gerpi (G 20)	—	610	—	—
20. Tunguá hjá Gilstreymi, sýsluv.	—	420	—	—
21. Flatnaá í Hnappadal, sýsluv.	—	450	—	—
22. Laugará í Hörðudal (B 48)	—	705	—	—
23. Hafnará á Skaga (D 23)	—	577	—	—
24. Flóka	—	125	705	—
25. Dýrastaðará (E 1)	—	—	1400	—
26. Reykjafjarðará í Strandasýslu (C 31)	—	—	710	—
27. Kjósará í Strandasýslu (C 37)	—	—	795	—
28. Svartá hjá Stafnsrétt, sýsluv.	—	—	500	—
29. Norðurdalsá hjá Tóarseli, sýsluv.	—	—	1270	—
30. Holtsá undir Eyjafj. (G 1)	—	—	1535	—
31. Rauðilækur í Rang. (G 1)	—	—	1525	—
32. Hvítá hjá Kljáfossi (B 1)	—	—	—	1790
33. Staðarhólsá hjá Bjarnast., sýsluv.	—	—	—	670
34. Mjóafjarðará á Vestfjv. (C 1)	—	—	—	820
35. Kjálkafjarðará (C 1)	—	—	—	1110
36. Katadalsá, sýsluv.	—	—	—	400
37. Húseyjarkvísl, sýsluv.	—	—	—	628
38. Flókadalsá í Fljótum, sýsluv.	—	—	—	500
39. Svartá hjá Skeggjastöðum, sýsluv.	—	—	—	1100
40. Torfufellsá í Eyjafirði (E 12)	—	—	—	440
41. Laxá á Hólmavaði (E 27)	—	—	—	1240
42. Eyvindará á Mjóafjv. (F 32)	—	—	—	880
43. Breiðdalsá í Breiðdal (F 1)	—	—	—	720
44. Njarðvíkurá í Bf. eystra, sýsluv.	—	—	—	710
45. Fellsá í Suðursveit (F 1)	—	—	—	1830
Fært á II. V. 2.	12380	8327	8440	12838
3. Til smábrúa (4—9 m)	5670	5900	6160	5930
Fært á II. V. 3.	5670	5900	6160	5930

13. Á eftir II. kafla, um skiptingu útgjalda, komi nýr kafli, svo hljóðandi (kaflatala þar á eftir breytist þessu til samræmis):

III. Framkvæmdir við hraðbrautir, þjóðbrautir og landsbrautir, sem verða ekki að öllu leyti greiddar af fé vegasjóðs á áætlunartímabilinu.

Heimilt er að vinna að lagningu hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta, svo sem rakið er hér á eftir, ef fjár verður aflað til framkvæmdanna.

I. Hraðbrautir:
(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1965	1966	1967	1968
1. Vesturlandsvegur	—	25.8	24.3	12.4
2. Suðurlandsvegur	—	5.3	17.5	37.3
3. Hafnarfjarðarvegur	—	—	17.5	7.5
4. Reykjanesbraut	62.5	32.8	16.5	14.6
	62.5	63.9	75.8	71.8

II. Þjóðbrautir:
(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1965	1966	1967	1968
1. Siglufjarðarvegur	11.4	12.6	—	—
2. Múlavegur	4.0	—	—	—
3. Austurlandsvegur (Möðrudalur —Jökuldalur)	—	—	3.0	3.0
4. Suðurfjarðavegur (um Vattarnes)	—	3.0	3.0	3.0
	15.4	15.6	6.0	6.0

III. Landsbrautir:
(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1965	1966	1967	1968
Heydalsvegur	—	1.0	1.0	1.5

14. Við III. 1. B. a. (Vesturlandskjördæmi, almennir þjóðvegir).
a. Við B. 1. (Vesturlandsvegur).
Fyrir orðin „um Leirársveit, Andakíl, brú á Hvítá“ kemur: út fyrir Hafnarfjall, um brú á Hvítá.
b. Við B. 2. (Dragavegur).
Fyrir orðið „vestan“ kemur: neðan.
c. Við B. 9. Liðurinn orðast svo:
Skorradalsvegur: Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Andakílsá, um Fossabæi, norðan Skorradalsvatns, um Sarp, inn undir Eiríksfell og yfir háls hjá Gilstreymi, um brú á Tungná og á Uxahryggjaveg gegnt Þverfelli, með álmu yfir Fitjaárbrú og sunnan vatns að Dragavegi hjá Stóru-Drageyri.
d. Við B. 10. (Vatnshamravegur).
Fyrir orðið Heggstaði“ kemur: Heggsstaði.
e. Við B. 12. (Lundarreykjadalsvegur).
Fyrir orðin „á Götuási“ kemur: neðan við Götuás.
f. Við G. 4. (Uxahryggjavegur).
Fyrir orðin „austan Uxavatns“ kemur: hjá Sæluhúsahæðum.
g. Við B. 13. (Bæjarsveitarvegur).
Aftan við liðinn bætist: með álmu að Laugarholti.

h. Við B. 14. Liðurinn orðast svo:
Flókadalsvegur: Af Borgarfjarðarbraut innan við Varmalæk, hjá Múlastöðum, um brú á Flókadalsá fyrir innan Brúsholt, inn hjá Skógum, um brú á Geirsá, hjá Brennistöðum, að Borgarfjarðarbraut hjá Litla-Kroppi.
i. Við B. 16. (Reykdælavegur).
a. Fyrir orðið „Gröf" kemur: Gróf.
b. Fyrir orðin „að Hálsasveitarvegi við brú á Deildargili hjá Hraunsási" kemur: á Hálsasveitarveg nálægt Stóraási.
j. Við B. 24. (Borgarnesbraut).
Fyrir orðið „norðan" kemur: neðan.

15. Við III. 1. B. b. (Vesturlandskjördæmi, hliðarvegir).
a. Við B. 5—2. Liðurinn orðast svo:
Innra-Hólmskirkju.
b. Við B. 9—2. Liðurinn orðast svo:
Fitjakirkju.
c. Við B. 11—1. Nýr liður:
B. 11—2 Hlöðutúni, félagsheimili í Stafholtstungum.
d. Við B. 12—1. Liðurinn orðast svo:
Brautartungu, félagsheimili í Lundarreykjadal.
e. Við B. 12—2. Liðurinn orðast svo:
Lundarkirkju.
f. Við B. 19—2. Liðurinn orðast svo:
Hjarðarholtskirkju í Stafholtstungum.
g. Við B. 24—1. Liðurinn orðast svo:
Brennistöðum, félagsheimili í Borgarhreppi.
h. Við B. 26—4. Liðurinn orðast svo:
Lindartungu, félagsheimili í Kolbeinsstaðahreppi.
i. Við B. 26—7. Liðurinn orðast svo:
Breiðabliki, félagsheimili í Miklaholtshreppi.
j. Við B. 41—1. Liðurinn orðast svo:
Arnarstapa, félagsheimili á Snæfellsnesi.

16. Við III. 1. D. a. (Norðurlandskjördæmi vestra, almennir þjóðvegir).
a. Við D. 7. (Vatnsnesvegur).
Fyrir orðið „Stóra-ási" kemur: Stóra-Ósi.
b. Við D. 15. Liðurinn orðast svo:
Reykjabraut: Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá um Reyki á Svínadalsveg vestan Reykjabótar.
c. Við D. 19. Liðurinn orðast svo:
Svínadalsvegur: Af Svínvetningabraut hjá Tindum, vestur fyrir Svínavatn, um Grund og Auðkúlu á Svínvetningabraut í Stóradalsflóa. Með álmu frá Grund að Ljótshólum.

17. Við III. 1. D. b. (Norðurlandskjördæmi vestra, hliðarvegir).
Við D. 18—3. (Ytri-Löngumýri).
Orðin „skóla og félagsheimili" falla niður.

18. Við III. 3. (Aðalfjallvegir).
Við 4. (Sprengisandsleið).
Á eftir orðunum „hjá Mýri í Bárðardal" kemur: og með álmu norðan Vatnajökuls að Brú á Jökuldal.

Ed. 349. Frumvarp til laga [158. mál]

um breyting á lögum nr. 4 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Fyrir orðin „5 manna nefnd, þingfararkaupsnefnd“ komi: 7 manna nefnd, þingfararkaupsnefnd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á fyrri hluta þessa þings var samþykkt sú breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis, að hámarkstala þingmanna í nefndum í deildum var hækkuð í 7. Samtímis var tala þingmanna í kjörbréfanefnd hækkuð í 7.

Til samræmis við þessar breytingar þykir rétt að fjölga einnig þingmönnum í þingfararkaupsnefnd í 7.

Sþ. 350. Nefndarálit [100. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1965—68.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin stendur öll sameiginlega að breytingartillögum á þskj. 348. Hins vegar hefur ekki náðst samkomulag innan nefndarinnar um endanlega afgreiðslu málsins. Nokkur ágreiningur varð innan nefndarinnar um tekjubálkinn. Vildi minni hlutinn hækka tekjuliði áætlunarinnar um 30 millj. króna fyrir hvort árið 1965 og 1966, og skyldi afla tekna með viðbótarlántökum umfram það, sem hinar sameiginlegu tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir. Hefur nefndin því eigi getað sameinazt um nefndarálit, og mun minni hlutinn skila séráliti.

Tillögunni var vísað til fjárveitinganefndar 10. febr. s. l., og hefur nefndin síðan rætt málið á 18 fundum. Undir afgreiðslu málsins mætti vegamálastjóri á fundum nefndarinnar og veitti margvíslega aðstoð og upplýsingar. Þá átti nefndin fund með vegamálaráðherra og vegamálastjóra, þar sem sérstakir þættir vegáætlunarinnar voru ræddir.

Svo sem gert er ráð fyrir í hinum nýju vegalögum, eru nú gerðar tillögur um allar þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru á fjögurra ára tímabilinu. Gegnir þar sama máli um þær framkvæmdir, sem unnar verða fyrir fjárveitingar úr vegasjóði, og þær framkvæmdir, sem vinna skal að með væntanlegu lánsfé.

Þann 15. febr. s. l. bárust nefndinni tillögur vegamálastjóra um skiptingu á einstökum fjárveitingum til nýrra vega- og brúaframkvæmda á umræddu fjögurra ára tímabili. Segir þar m. a.: „Þegar tillaga til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1965—1968 var lögð fram á Alþingi á s. l. hausti, varð að sjálfsögðu að áætla tekjur vegasjóðs samkv. vegalögum fyrir seinasta ársfjórðung ársins 1964. Þar sem ofangreindri tillögu til þingsályktunar var ekki vísað til fjárveitinganefndar fyrr en í byrjun þessa mánaðar, þá hefur í samráði við samgöngumálaráðuneytið þótt rétt að endurskoða áætlanir um tekjur og skiptingu útgjalda með hliðsjón af ýtarlegri upplýsingum um þessi atriði, sem nú liggja fyrir.“

Þær breytingar, sem endurskoðunin leiddi í ljós varðandi tekjuliði áætlunarinnar, snerta aðeins árið 1965, en eftirstöðvar tekna frá árinu 1964 eru taldar van-

áætlaðar um 1.8 millj. króna nettó. Hækka því tekjuliðir um sömu upphæð. Áætlun um nettótekjur áranna 1966—1968 er hins vegar óbreytt.

Í sambandi við skiptingu útgjalda verður nú að taka tillit til þeirra breytinga, sem átt hafa sér stað, frá því að vegáætlunin var samin í októbermánuði, og hafa bein áhrif til hækkunar á allmarga útgjaldaliði áætlunarinnar. Þessar breytingar eru: hækkun söluskatts 1. jan. úr 5.5% í 7.5%, hækkun á launum opinberra starfsmanna um 6.6% allt árið 1965 og hækkun kaupgjaldsvísitölu um 3.05%, er kom til framkvæmda hinn 1. marz s. l., tekur sú hækkun einnig til opinberra starfsmanna.

Öll framangreind atriði hafa í för með sér breytingar, sem leiða til hækkunar á framkvæmda- og rekstrarkostnaði vegagerðarinnar. Er því óhjákvæmilegt að taka fullt tillit til þess við skiptingu útgjalda í vegáætlun, svo sem fyrr segir. Um skiptingu á fé til útgjalda, hvort heldur er til stjórnar og undirbúningskostnaðar eða hinna ýmsu framkvæmdaliða, hefur nefndin farið eftir tillögum vegamálastjóra, og eru þá hlutföllin á milli þjóðbrauta og landsbrauta hin sömu og áður. Varðandi nýbyggingu brúa og þjóðvega hefur nefndin, svo sem jafnan áður, haft samráð við þingmenn viðkomandi kjördæma um upphæð hinna einstöku fjárveitinga til framkvæmdanna.

Eins og fram kemur í vegáætluninni, hefur vegamálastjórnin endurskoðað og gert breytingar um flokkun vega. Bætt hefur verið við nokkrum þjóðvegum og textabreytingar gerðar. Fjárveitinganefnd flytur enn fremur tillögur á þskj. 348, sem fela í sér fjölgun þjóðvega og einnig nokkrar orðalagsbreytingar.

Með nýju vegalögunum var lagður grundvöllur að stórauknu fjármagni til samgöngubóta á landi. Nam sú hækkun, sem átti sér stað á s. l. ári, rúmlega 100 millj. króna. Sé hins vegar miðað við áætlunina, eins og hún liggur nú fyrir, er ekki að vænta verulegra hækkana á tekjum vegasjóðs á umræddu tímabili, nema til komi nýr tekjustofn. — Með samningu vegáætlunarinnar hefur verið unnið mikið verk. Liggja nú fyrir meiri upplýsingar og heildaráætlanir í vega- og brúarmálum en áður hefur átt sér stað. Af þessu leiðir, að nú er auðveldara að taka upp skipulagðar framkvæmdir og stærri áfanga í einu, eftir því sem aðstæður leyfa, en með því nýtist betur en ella það fjármagn, sem fyrir hendi er hverju sinni.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem í ljós komu við samningu vegáætlunarinnar, er enn ljósara en áður, að mörg aðkallandi verkefni bíða úrlausnar, — verkefni, sem kosta mikið fjármagn, er til framkvæmda kemur. Einnig verður sá þáttur samgöngumálanna, sem lýtur að viðhaldi veganna, kostnaðarsamari með hverju árinu sem líður. Er það eðlileg afleiðing af lengingu akbrautanna, fjölgun farartækja og stóraukinni umferð. Sé það hins vegar álit Alþingis, að hraða beri nýbyggingu vega og brúa umfram það, sem áætlun þessi gerir ráð fyrir, eða vegasjóður hefur, að óbreyttum tekjum, möguleika til að standa undir, er það á valdi þess að taka ákvörðun um aukið fjármagn til sjóðsins.

Alþingi, 21. marz 1965.

Jón Árnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Matthías Bjarnason.
Jónas Pétursson. Gunnar Gíslason.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 8. marz 1965.

Frumáætlun um hraðbrautir.

Í till. til þingsályktunar um vegáætlun fyrir 1965—1968, er nú liggur fyrir Alþingi, eru hraðbrautir A og B alls taldar 148.5 km (fskj. III), og er þar eingöngu

miðað við hraðbrautir, sem falla utan þjóðvega í þéttbýli. Af þessum 148.5 km eru 20.6 km taldar fullgerðar, þ. e. með varanlegu slitlagi, og skiptast þær þannig:

Hafnarfjarðarvegur	3.3 km	(Kópavogslækur—Engidalur)
Reykjanesbraut	14.6 —	(Engidalur—Kúagerði)
Suðurlandsvegur	3.3 —	(Elliðaár—Selás)
Alls	20.6 km	

Af þessum 20.6 km, sem taldir eru fullgerðir vegir, þ. e. með varanlegu slitlagi, þá má segja, að aðeins Reykjanesbrautin fullnægi þeim kröfum, sem gera verður til hraðbrauta, þar sem Hafnarfjarðarvegur og Suðurlandsvegur voru malbikaðir fyrir 25 árum og eru mjög ófullkomnir bæði hvað undirbyggingu og slitlag snertir og þurfa að endurbyggjast hið allra fyrsta.

Frá því að hin nýju vegalög gengu í gildi fyrir rúmu ári, hefur verið unnið að því, eftir því sem starfslið hefur frekast leyft, að ákveða legu hraðbrauta út frá Reykjavík, svo og fullnaðarmælingum við Reykjanesbraut sunnan Hafnarfjarðar. Vegna heildarskipulags Reykjavíkur og nágrennis hefur orðið að leggja aðaláherzluna á það að ákveða legu hinna ýmsu hraðbrauta út frá Reykjavík, og er því verki nú lokið. Er nú orðið fullt samkomulag um legu þessara vega milli hlutaðeigandi sveitarstjórna og skipulagsyfirvalda.

Við ákvörðun á legu og gerð þessara hraðbrauta hefur verið að því stefnt, að þær fullnægi þeirra umferð, sem vænta má á svæðinu frá Kollafirði og suður fyrir Hafnarfjörð fram til ársins 1983 a. m. k., miðað við þá aukningu byggðarinnar á þessu svæði, sem heildarskipulagið gerir ráð fyrir. Hefur þar að verulegu leyti verið stuðzt við þær upplýsingar, sem fengust með umferðarkönnuninni, sem gerð var á öllu svæðinu 1962, svo og síðari upplýsingum um bifreiðaumferð á einstökum vegum.

Frummælingar og fyrstu jarðvegsathuganir hafa nú verið gerðar af Vesturlandsvegi frá Elliðaám og upp fyrir Leirvog með tengingu við Þingvallaveg, Reykjanesbraut frá Elliðaám og suður fyrir Hafnarfjörð með þvervegi á Hafnarfjarðarveg sunnan Kópavogs. Einnig fyrstu athuganir á Suðurlandsvegi frá Elliðaám og upp í Svínahraun.

Á grundvelli framangreindra mælinga og athugana hefur verið gerð meðfylgjandi frumáætlun um kostnað við lagningu hraðbrauta í nágrenni Reykjavíkur, sem sýnd er á fskj. I, en lega veganna og kaflaskipting er sýnd á yfirlitskortinu á fskj. II og III.

Þessi áætlun nær eingöngu til þjóðvega utan þéttbýlis, sbr. reglugerð dags. 8. marz 1965. Er því endurbygging Hafnarfjarðarvegar um Kópavogskaupstað ekki meðtalin, þó að fyrir liggi ein frumáætlun um það verk, eins og síðar verður vikið að. Í þessari frumáætlun er talinn með heildarkostnaður við að fullgera Reykjanesbraut frá Engidal til Keflavíkur, miðað við malbikun vegarins, sbr. bls. 5 í greinargerð um Reykjanesbraut frá 15. des. 1964.

Áætlunin nær yfir 87.5 km af hraðbrautum eða um 65% af því, sem ófullgert er af þeim samkvæmt flokkun í vegáætlun 1965—1968. Þar sem ólíklegt er, að fjármagn fáist til þess að ljúka þessari áætlun á fáum árum, er á eftirfarandi yfirliti gerð tillaga um ákveðna áfanga á næstu 4 árum, sem telja verður lágmark miðað við þá umferð, sem nú er og vænta má í lok þess tímabils, sem vegáætlunin nær til.

Vegur	Meðalumferð um sumarmán. bifr./dag		Upphæðir í millj. kr.			
Vesturlandsvegur:	1964	1968	1965	1966	1967	1968
Elliðaár—Suðurl.vm.	7970	11100		25.8	24.3	12.4
Suðurl.vm.—Korpa	3450	4800				

	Meðalumferð um sumarmán. bifr./dag		Upphæðir í millj. kr.			
Suðurlandsvegur:	1964	1968	1965	1966	1967	1968
Þrengsli—Eldb.hr.			3.2	5.3		
Lækjarb.—Svínahr.	1150	1600			17.5	
Rauðavatn—Lækjarb.						37.3
Hafnarfjarðarvegur:						
Kópav.—Engidalur	6500	9000			17.5	7.5
Reykjanesbraut:						
Kúagerði—Keflav.	1110	1550	69.6			
Engid.—Hvaleyrarh.				16.6		
Til greiðslu vaxta og afborgana umfram tolltekjur				23.3	23.6	21.7
			72.8	71.0	82.9	78.9
Framlag til hraðbrauta í vegáætl. 1965—68			10.0	10.0	10.0	10.0
Nauðsynleg fjáröflun umfram vegáætlun			62.8	61.0	72.9	68.9

Greinargerð:

Vesturlandsvegur:

Eins og umferðartalningin ber með sér, þá er á veginum upp frá Elliðaánum orðin meiri umferð en hann þolir vegna brekkunnar, enda myndast þar langar biðraðir að sumarlagi. Reykjavíkurborg mun á þessu ári ljúka annarri akbraut Miklubrautar inn að Elliðaám, og er þá nauðsynlegt að geta þegar á næsta ári lokið næsta áfanga, en það er kaflinn yfir Elliðaárnar og upp að núverandi vegamótum við Suðurlandsveg. Þessi kafli er mjög dýr vegna brúar á árnar og mikillar jarðvinnu í brekkunni austan við þær. Er þó áætlunin einungis miðuð við aðra akbrautina af tveimur, sem síðar þarf að koma. Með því að láta umferðina að Steypu- og malbikunarstöðvum við Elliðaár vera áfram á núverandi vegi fengist greið umferð um aðalveginn. Næsti áfangi er undirbygging vegarins áfram að ánni Korpu og á seinasta ári malbikun þessa kafla.

Suðurlandsvegur:

Miðað er við, að á árunum 1965—67 yrði lokið undirbyggingu vegarins úr Þrengslum að Lækjarbotnum, og er þá fyrst og fremst hugsað um, að á veturna er kaflinn frá Lækjarbotnum að Svínahrauni mjög erfiður viðfangs, ef nokkur snjór er. Á seinasta ári yrði svo kaflinn frá Rauðavatni að Lækjarbotnum undirbyggður og malbikaður. Kaflinn frá Rauðavatni að Selási yrði þá einnig malbikaður á núverandi undirbyggingu, þar sem hinn nýi vegur niður með Elliðaánum kæmi mun síðar.

Hafnarfjarðarvegur:

Gerð hefur verið fyrsta frumáætlun um fullkominn veg frá Fossvogslæk um Kópavog að Kópavogslæk. Er sú áætlun miðuð við tvær akbrautir með 3 akreinum á hvorri og þrjá þvervegi á brúm yfir Hafnarfjarðarveginn. Kostnaður við þetta er alls áætlaður 88 millj. kr.

Reykjavíkurborg áætlar að vera búin að leggja tvær akbrautir frá Miklubraut að Fossvogslæk í lok ársins 1966, og þarf þá tilsvarandi vegabót að vera komin um Kópavog. Er nú unnið að því að athuga, með hverju móti megi leggja nýjan veg um Kópavog í áföngum, sem séu fjárhagslega viðráðanlegir og leysi þó eitthvað af því umferðaröngþveiti, sem nú er þarna.

Áætlunin um Hafnarfjarðarveginn frá Kópavogslæk að Engidal er við það miðuð, að byggð verði ný akbraut (2 akreinar) alla leið, og mun alls ekki af því

veita með tilliti til umferðarinnar. Síðar yrði að vinda bráðan bug að því að endurbyggja alveg núverandi veg, sem yrði þá síðari akbrautin af fullgerðum vegi.

Reykjanesbraut:

Áætlunarupphæðin fyrir yfirstandandi ár er miðuð við malbikun á kaflanum Kúagerði—Keflavík ásamt greiðslu vaxta og afborgana af föstum lánum, sbr. greinargerð frá 15. des. 1964. Á næsta ári er miðað við að fullgera veginn ofan við Hafnarfjörð, svo og fjáröflun til greiðslu vaxta og afborgana af lánum umfram það, sem tekjur af umferðargjaldi standa undir. Miðað er við, að fjáröflun til Reykjanesbrautar í ár verði 10 ára lán með 7% vöxtum.

Miðað við framangreindar tillögur yrði fjárfesting í hraðbrautum næstu 4 ár 305.6 millj. kr. Af þeirri upphæð yrðu 154.8 millj. kr. í Reykjanesbraut, en þar af eru 87.7 millj. kr. vextir og afborganir fastra lána á þessum fjórum árum umfram tekjur af umferðargjaldi. Ef unnt væri að breyta stytztu lánunum á Reykjanesbraut í löng lán, mætti lækka þennan lið verulega á árunum 1966—1968 og hraða þá framkvæmdum við hraðbrautir sem því næmi.

Fylgiskjöl: I—III. Yfirlitsáætlun og uppdrættir.


Virðingarfyllst,
Sigurður Jóhannsson.

Til samgöngumálaráðuneytisins.


Fylgiskjal I.

Frumáætlun.
Hraðbrautir í nágrenni Reykjavíkur.

Vegarheiti — Vegarkafli	Fjöldi akbr.	Þykkt slitlags cm	Lengd kafla km	Lengd alls km	Kostnaður í millj. kr. Undir-bygging	Yfir-bygging	Alls á kafla	Alls á vegi
Vesturlandsvegur:								
Elliðaár—Korpa	1	9	5.0		50.15	12.35	62.50	
Korpa að Leiruvogi	1	5	4.4		17.55	7.35	24.90	
Breyting á Þingvallavegi			(4.0)		8.70		8.70	
Leiruvogur að Kollafirði	1	5	3.6		36.25	7.15	43.40	
			—	13.0			—	139.50
Suðurlandsvegur:								
Blesugróf—Rauðavatn	1	9	3.9		39.00	10.00	49.00	
Rauðavatn—Lækjarbotnar	1	5	6.5		28.20	9.10	37.30	
Lækjarbotnar—Svínahraun	1	5	7.8		17.50	9.30	26.80	
Svínahraun—Þrengsli	1	5	7.0			13.80	13.80	
Þrengsli—Eldborgarhraun	1	5	7.5		8.50	11.90	20.40	
Eldborgarhr.—Þorlákshafnarv.	1	5	4.0			8.30	8.30	
			—	36.7			—	155.60
Reykjanesbraut:								
Miklabraut—Breiðholt	1	9	2.0		14.90	4.50	19.40	
Breiðholt—Fífuhv.mýri + þverbr.	1	5	3.1		18.65	4.35	23.00	
Fífuhvammsmýri—Hafnarfjörður	1	5	6.6		40.25	9.75	50.00	
Engidalur—Keflavík	1	5	22.8				86.20	
			—	34.5			—	178.60
Hafnarfjarðarvegur:								
Kópavogslækur—Engidalur	2	9	3.3	3.3	35.00	15.00	50.00	50.00
Vesturlandsvegur—Reykjanesbr.:								
Gatnamót	2	5			12.90	4.40	17.30	17.30
Alls:				87.5				541.00


Fskj. II
N
ÁLFTANES
REYKJAVÍK
VIÐEY
SALTVÍK
GELDINGA-NES
KOLLA-FJÖRÐUR
GUFUNES
ÁLFSNES
HAFNAR-FJÖRÐUR
KÓPAVOGUR
ENGIDALUR
HAFNARFJARÐARVEGUR
3,3 KM
50,0 MILLJ. KR.
SILFURTÚN
ELLIÐAÁRVOGUR
REYKJANESBRAUT
6,6 KM; 50,0 MILLJ. KR.
VÍFILSSTAÐIR
FÍFUHVAMMUR
BREIÐ-HOLT
KORPÚLFS-STAÐIR
LEIRUVOGUR
VESTURLANDSVEGUR
4,4 KM; 24,9 MILLJ. KR.
62,5 MILLJ. KR.
ÞINGVALLAVEGUR
LÁGAFELL
ÚLFARSFELL
ÁLAFOSS
MOSFELL
KRÝSUVÍKURVEGUR
ÚTVARPS-STÖÐ
RAUÐAVATN
ELLIÐAVATN
SUÐURLANDSVEGUR
KALDÁRSEL
HEIÐMÖRK
LANGAVATN
HAFRA-VATN
Kaflaskil í áætlun
VEGAGERÐ RÍKISINS
AFSTÖÐUMYND
1:50000
Ý–640 a
HRAÐBRAUTIR:
VESTURLANDSVEGUR
REYKJANESBRAUT
HAFNARFJARÐARVEGUR
8-3.-'65.

1023


Suðurlandsvegur
Hellisheiði
Kambabrún
Hveradalir
Hrauntún
Hellisfjall
Kolviðarhóll
Hveragerði
Ölfusá
Kaflaskil í gatlýsingu
VEGAGERÐ RÍKISINS
HRAÐBRAUTIR :
SUÐURLANDSVEGUR
MKÞ
Ý-640 b

Nd. 351. Breytingartillögur [101. mál]

við frv. til laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfólks.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir „hjúkrunarfólks“ komi: hjúkrunarkvenna.
2. Við 9. gr.
   a. Orðin „eða hjúkrunarmanna“ í 2. málsgr. falli burt.
   b. Orðin „og hjúkrunarmenn“ í 5. málsgr. falli burt.
3. Við 17. gr.
   a. Orðin „og hjúkrunarmenn“ á tveim stöðum í greininni falli burt.
   b. Í stað „skyldutryggð“ komi: skyldutryggðar.
4. Við 18. gr. Orðin „og hjúkrunarmenn“ á tveim stöðum í greininni falli burt.
5. Við 20. gr. Orðin „og hjúkrunarmenn“ falli burt.
6. Við 21. gr.
   a. Orðin „og hjúkrunarmanna“ falli burt.
   b. Orðin „og/eða hjúkrunarmenn falli burt.
7. Á eftir 21. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ákvæði þessara laga gilda einnig um karla, er annast hjúkrunarstörf og hafa réttindi til þess samkvæmt hjúkrunarlögum.
8. Við fyrirsögn frv. Í stað „hjúkrunarfólks“ komi: hjúkrunarkvenna.

Sþ. 352. Tillaga til þingsályktunar [159. mál]

um athugun á skólabyggingalánum til sveitarfélaga.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa fimm menn í nefnd til að athuga og gera tillögur um lánastofnun, er láni sveitarfélögum til langs tíma með hóflegum vöxtum allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem þeim ber að lögum að greiða af stofnkostnaði skólahúsa.

Tveir nefndarmenn séu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenzkra sveitarfélaga og einn samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands. Enn fremur séu skipaðir í nefndina ráðuneytisstjórinn í menntamálaráðuneyti og ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneyti.

Nefndin kýs sér formann.

Tillögur nefndarinnar skulu lagðar fyrir Alþingi svo fljótt sem auðið er.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum ber sveitarfélögum að greiða helming af stofnkostnaði heimangönguskóla barnafræðslustigs og gagnfræðastigs og fjórðung af stofnkostnaði heimavistarskóla.

Mörgum sveitarfélögum reynist örðugt að standa straum af sínum hluta kostnaðarins, þar sem byggingarkostnaður hvers skólahúss skiptir milljónum króna.

Engin lánsstofnun telur það í sínum verkahring að veita sveitarfélögum lán vegna skólabygginga.

Þessu þarf að breyta til hagsbóta fyrir sveitarfélögin. Getur þá komið til greina að koma á fót sérstakri lánsstofnun í þessu skyni eða að lánsstofnanir, sem til eru, taki upp þessa lánastarfsemi.

Hér er lagt til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að athuga og gera tillögur um þetta mál. Samkvæmt tillögunni skal Samband íslenzkra sveitarfélaga tilnefna tvo menn í nefndina og Seðlabanki Íslands einn mann. Enn fremur eigi sæti í nefndinni ráðuneytisstjórarnir í menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

Ed. 353. Breytingartillögur [102. mál]

við frv. til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.
   Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndum 65 hundraðshluta af launum héraðsráðunauta, aðstoðarmanna og trúnaðarmanna, og skulu laun þeirra, sem sá hundraðshluti miðast við, samþykkt af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.
2. Við 39. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi, — en niður falli: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.“

Sþ. 354. Nefndarálit [37. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið um hana umsögn Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna. Eru umsagnir beggja þessara aðila jákvæðar, en jafnframt er þar lagt til, að nefnd sú, sem gert er ráð fyrir í till., verði að mestu skipuð samkv. tilnefningu, en formaður stjórnskipaður. Varð um þetta samkomulag við afgreiðslu málsins í nefndinni. Umsagnar stjórnar Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins var óskað, en barst ekki til nefndarinnar.

Nefndin leggur til, að till. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Fyrri málsgr. tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 7 manna nefnd til að endurskoða lög nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, og gera tillögur um breytingar, eftir því sem henni þykir ástæða til. Formaður skal skipaður án tilnefningar, en aðrir nefndarmenn samkvæmt tilnefningu Fiskifélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, einn frá hverjum aðila. Nefndin skal sérstaklega gera sér far um að kynna sér skoðanir útvegsmanna og sjómanna í einstökum landshlutum varðandi málið og reynslu þeirra af starfsemi hlutatryggingasjóðs og aflatryggingasjóðs.

Alþingi, 19. marz 1965.

Jón Þorsteinsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.
Pétur Sigurðsson.	Sverrir Júlíusson.	Kristján Thorlacius.
	Ragnar Arnalds.	

Ed. 355. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um greiðslu uppbótar á styrktarfé og eftirlaun.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki getað náð samstöðu um afgreiðslu þess. Mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþ. óbreytt, en einn nm. (JÞ) tjáir sig frv. andvígan.

Alþingi, 23. marz 1965.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Björn Jónsson. Helgi Bergs.

Karl Kristjánsson. Magnús Jónsson. Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Sþ. 356. Nefndarálit [100. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1965—68.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Þegar kom til lokaafgreiðslu fjárveitinganefndar á vegáætlun fyrir árin 1965—1968, skildi leiðir. Ástæðan fyrir því, að minni hluti skilar sérstöku nefndaráliti, er sú, að felld var í fjárveitinganefnd tillaga frá fulltrúum Framsóknarflokksins þar um 30 millj. kr. aukið fé til vegagerða í þjóðbrautum og landsbrautum hvort árið um sig, 1965 og 1966. Fulltrúi Alþýðubandalagsins í fjárveitinganefnd fylgdi tillögu þessari og stendur því einnig að nefndarálitinu. Hins vegar varð ekki ágreiningur í nefndinni um skiptingu á því fé, er til skipta var, enda höfðu ekki komið fram aðrar skiptingartillögur frá þingmönnum í hinum einstöku kjördæmum.

Minni hlutinn vill með örfáum orðum gera grein fyrir þörf á auknu fé til vegaframkvæmda. Í því sambandi viljum við vitna til greinargerðar frv. til vegalaga, en þar var m. a. gerð svofelld grein fyrir þörf á auknum framkvæmdum í vegagerð:

„1) Bifreiðaeign landsmanna í heild jókst um 100% frá 1950 til 1960, og ekki er ólíklegt, að aukningin nemi öðrum 100% til 1966 (sjá mynd). Þar að auki hefur fjölgað stórum og þungum bifreiðum, sem slíta vegakerfinu mikið og krefjast breiðari vega.

2) Enn eru ófullgerðir mikilvægir kaflar í vegakerfinu, jafnvel höfuðvegir milli landshluta, og mikið vantar á, að nægilega greitt samband sé milli ýmissa stórra landbúnaðarhéraða.

3) Enn eru óbrúaðar hátt á annað hundrað ár á þjóðvegum. Aðkallandi er að endurnýja margar stórar brýr. Aðeins á einum stað eru jarðgöng á vegi í notkun.

4) Þar sem umferðin er mest, er nú þegar svo komið, að illmögulegt er að halda gömlu malarvegunum sómasamlega við. Erlendis er byrjað að setja varanlegt slitlag á vegi, þegar umferð nær 200—300 bifreiðum á dag. Hér er rétt byrjað að gera varanlega vegi.“

Þetta látum við nægja til að sanna, hvað þörfin er brýn á auknum framkvæmdum í vegagerð. En þessu til viðbótar um þörf á auknu fé til vegagerða viljum við benda á framkvæmdamátt fjárins til vegagerða, en þar hefur hreyfingin orðið sem hér segir, frá því að vegalögin voru afgreidd í árslok 1964:

Kostnaðarvísitölur í vegagerð:

	Vegagerð	Vegaviðhald	Brúargerð
1963	412	417	452
1965	466	489	544

Hins vegar mun fé til framkvæmda í vegagerð verða samkvæmt tillögu meiri hluta fjárveitinganefndar heldur minna nú en s. l. ár og fara enn minnkandi á næsta ári. Minni hlutinn telur, að við það verði ekki unað. Hann telur, að tilgangur vegalaganna hafi verið sá að auka stórlega framkvæmdir í vegagerð og þess vegna hafi alþingismenn sameinazt um að leggja ca. 100 millj. kr. nýja skatta á landsmenn til vegamála, en ekki til þess að létta útgjöldum af ríkissjóði. Þá vill minni hlutinn benda á það, að enn þá heldur ríkissjóður sérskatti á umferðina, sem er leyfisgjöld af bifreiðum. Er áætlað, að þau gefi á árinu 1965 í tekjur til ríkissjóðs ca. 150 millj. kr. Öll rök mæla með því, að þessi tekjustofn eigi að ganga beint til vegagerðar í landinu eins og aðrir sérskattar á umferðina, eins og fjármál vegakerfisins eru nú uppbyggð. Þá mun 20% skerðing ríkissjóðs á framkvæmdafé kosta vegagerðina ca. 8—9 millj. kr. minni fjárveitingu úr ríkissjóði á yfirstandandi ári.

Minni hlutinn leggur til í tillögu sinni, að aukins fjár verði aflað þannig til vegáætlunar á árunum 1965 og 1966, að lán verði tekið á árinu 1965 til vegagerða í þjóðbrautum og landsbrautum, og lýsir stuðningi sínum við lagasetningu þar að lútandi, þar sem fjárlög eru nú afgreidd fyrir það ár, en hins vegar verði hækkuð fjárveiting samkvæmt fjárlögum á árinu 1966 til vegaframkvæmda.

Minni hlutinn gerir ekki tillögu um breytingar á árunum 1967—1968, þar sem vitað er, að vegáætlun verður endurskoðuð fyrir þau ár og viðhorf geta þá orðið verulega breytt.

Alþingi, 23. marz 1965.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Halldór Ásgrímsson. Ingvar Gíslason.

Geir Gunnarsson.

Sþ. 357. Breytingartillögur [100. mál]

við till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1965—68 og við brtt. á þskj. 348.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Ingvari Gíslasyni og Geir Gunnarssyni.

1. I. D. (Ríkisframlag samkv. 89. gr. vegalaga).
   Fyrir „47.1“ í 2. dálki (1966) kemur: 77.0.
2. Við II. III. (Til nýrra þjóðvega).
   a. Við 2. (Til þjóðbrauta).
      Fyrir „21800“ í 2. dálki (1966) kemur: 32400.
   b. Við 3. (Til landsbrauta).
      Fyrir „24700“ í 2. dálki (1966) kemur: 41523.
3. Við II. Aftan við kaflann bætist:
   13 millj. kr. framlagi til þjóðbrauta og 17 millj. kr. framlagi til landsbrauta á árinu 1966 skal skipt á einstakar framkvæmdir af fjárveitinganefnd, í samráði við þingmenn hlutaðeigandi kjördæma, að fengnu áliti vegamálastjóra.
4. Við brtt. 348,13. Aftan við till. bætist:
   Enn fremur er heimilt að vinna að lagningu þjóðbrauta og landsbrauta fyrir 30 millj. kr. á árinu 1965, ef fjár verður aflað til framkvæmdanna. Lánsupphæðinni skal skipt á einstakar framkvæmdir af fjárveitinganefnd, í samráði við þingmenn hlutaðeigandi kjördæma, að fengnu áliti vegamálastjóra.

Nd. 358. Frumvarp til jarðræktarlaga. [102. mál]

(Eftir 3. umr. í Ed., 23. marz.)

Samhljóða þskj. 151 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði, eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndunum 65 hundraðshluta af launum héraðsráðunauta, aðstoðarmanna og trúnaðarmanna, og skulu laun þeirra, sem sá hundraðshluti miðast við, samþykkt af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

9. gr. hljóðar svo:

Vegagerð og línulagnir um ræktað og ræktanlegt land skal háð þessum takmörkunum:

1. Þegar vegir eða línur eru lagðar um ræktað land, skal þess ávallt gætt, að skerða ræktunina sem minnst, og að verkið valdi eigi öðrum óþægindum við notkun landsins en þeim, er ekki verður hjá komizt, og skal þá ávallt leita álits héraðsráðunautar hér um.
2. Vega- og línustæði um ræktanlegt land séu valin þannig og þess gætt við lagningu, að það torveldi sem minnst framræslu landsins og notkun til ræktunar. Að öðru jöfnu skal þess ávallt gætt, að skurðir með vegum geti komið að sem beztum notum við þurrkun landsins. Skal þar, sem svo stendur á, undirbúningi verksins hagað í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands eða héraðsráðunaut.

   Þegar raflínur eða símalínur eru lagðar í jörð á ræktuðu eða ræktanlegu landi, skal línueigandi hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um það, hvar línan er lögð, svo að staðsetning hennar geti verið sem haganlegust. Þegar línan hefur verið lögð, skal eigandi hennar láta merkja legu hennar ofanjarðar og afhenda oddvita eða sveitarstjóra uppdrátt af línustæðinu og upplýsingar um, hvernig það hefur verið merkt. Uppdrátturinn skal vera í tveim eintökum, og heldur oddviti eða sveitarstjóri öðru, en afhendir umráðamanni lands hitt eintakið. Hafi þetta ekki verið gert, er eigi skylt að bæta línueiganda tjón, er verða kann á línu vegna ræktunarframkvæmda síðar.

   Þegar ræktunarframkvæmdir standa fyrir dyrum í landi, þar sem raflínur eða símalínur liggja í jörð, skal umráðamaður lands snúa sér til ræktunarráðunautar, sem athugi á kortinu afstöðu til línanna, hvort hætta sé, að ræktunarframkvæmdir kunni að koma of nærri línum og skemma þær, og ef svo er, skal hann tilkynna það línueiganda, strax og framkvæmd er áætluð. Skal línueigandi þá senda fulltrúa til að athuga alla aðstöðu á staðnum, eins fljótt og unnt er, og hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um ráðstafanir til þess að komast hjá tjóni á línunni. Skal línueigandi bera eðlilegan kostnað við þær ráðstafanir. Náist ekki samkomulag um ráðstafanir eða kostnað við þær, sker gerðardómur úr.

   Reynist nauðsynlegt að dómi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands að breyta, dýpka eða gera nýtt vegræsi vegna framræslu lands, skal kostnaður sá, er af því leiðir, greiddur af vegagerðaraðila (ríki, sýslu eða einstaklingi) að ¾ hlutum.
3. Vegagerðaraðilar skulu haga framkvæmdum sínum þannig, að ræktanlegu landi sé ekki eytt að óþörfu og af vegagerðinni stafi eigi eyðingarhætta lands vegna

jarðfoks, landbrots og þ. l. Enn fremur skal lagfæra og dreifa grasfræi og áburði í sár þau, sem myndast á grónu landi vegna vegagerðar. Náist eigi samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um framangreind atriði, sker gerðardómur, skipaður þrem mönnum, úr ágreiningi. Sé einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar af hlutaðeigandi ráðuneyti, en oddamann tilnefnir sýslumaður í þeirri sýslu, þar sem ágreiningur hefur orðið.

10. gr. orðist svo:

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir (sbr. þó 14. gr.):

I.	Framræsla vegna tún-, akur- eða engjaræktar (handgröftur):		
	a. Skurðir, handgrafnir	kr.	12.00 pr. m³
	b. Hnausræsi	—	9.00 — —
	c. Önnur ræsi (viðar-, grjót- og pípuræsi)	—	15.00 — —
II.	Framræsla vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgröftur):		
	a. Skurðir, vélgrafnir, 70% kostnaðar við gröft skurðanna, en hann telst þessi: Leiga greidd Vélasjóði eða öðrum aðila, viðgerðarkostnaður, sem ekki er innifalinn í leigunni, vírar, hlerar og olíur og mannahald, eftir því, sem er ákveðið eða samþykkt af stjórn Búnaðarfélags Íslands. Ákvæðisvinna skal viðhöfð við skurðgröft, þar sem því verður við komið. Ríkisframlag á vélgröfuskurði, sem ræktunarsambönd, búnaðarfélög eða einstaklingar láta grafa með eigin vélum eða leiguvélum, greiðast ekki á hærri kostnað en þann, sem Búnaðarfélag Íslands telur eðlilegan á viðkomandi ræktunarsvæði, enda leiti það upplýsinga um kostnað hjá Landnámi ríkisins og Vélasjóði.		
	b. Plógræsi	—	1.20 pr. m
III.	Jarðrækt:		
	a. Frumvinnsla lands vegna grænfóðurs- og kornræktar	—	800.00 — ha.
	b. Túnrækt á söndum	—	1100.00 — —
	c. Túnrækt á valllendi, móum og melum	—	1500.00 — —
	d. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi	—	2900.00 — —
	e. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis. Héraðsráðunautur skal samþykkja endurvinnsluna hverju sinni, áður en verkið er hafið. Framlag til endurvinnslu þýfis greiðist því aðeins, að minnst 15 ár séu liðin frá síðustu vinnslu	—	1225.00 — —
	Þau býli, sem hafa minna en 25 ha. vélfært tún, skulu njóta viðbótarframlags frá og með árinu 1964—1974, er nemi 1500.00 krónum á ha. samkv. stafliðum b, c, d, e. Enn fremur skulu þau býli, þar sem ræsa þarf land til ræktunar, en eigi er unnt eða heppilegt að dómi Búnaðarfélags Íslands að nota vélgröfu til framræslunnar, njóta 18.00 kr. viðbótarframlags á hvern m³ handgrafinna skurða.		
IV.	Grjótnám úr ræktunarlandi, þar sem grjót er ekki seljanlegt	—	25.00 — m³
V.	Girðingar um ræktunarlönd með föstum horn- og hliðstólpum, og sé eigi meira en 4 m bil á milli jarðfastra staura:		

a.	Sex strengja gaddavírsgirðingar úr nýju og óskemmdu efni, og sé jafnað í lægðir, eða jafngildi þeirra um vörn og varanleik, ef um vírnetsgirðingar er að ræða	kr.	4.00	pr. m
b.	Fimm strengja gaddavírsgirðingar úr nýju og óskemmdu efni á skurðbakka eða með undirhleðslu ..	—	3.50	— —
c.	Fjögurra strengja gaddavírsgirðing, að öðru leyti eins og undir staflið b.	—	2.70	— —
d.	Þriggja strengja gaddavírsgirðing, að öðru leyti eins og undir staflið b.	—	2.00	— —
VI.	Áburðargeymslur:			
a.	Safnþrær, alsteyptar	—	93.00	— m^3
b.	Áburðarhús, haugstæði og kjallarar, steypt	—	41.00	— —
VII.	Heyhlöður og garðávaxtageymslur:			
a.	Þurrheyshlöður úr varanlegu efni	—	24.00	— —
b.	Votheyshlöður úr varanlegu efni	—	60.00	— —
c.	Garðávaxtageymslur, steyptar með þaki úr varanlegu efni	—	55.00	— —
d.	Súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöður miðað við gólfflöt og blásara	—	120.00	— m^2
e.	Súgþurrkunarkerfi án blásara	—	96.00	— —

Framlag á vélgrafna skurði greiðist því aðeins, að fullnægt sé ákvæðum 22. og 23. gr. þessara laga.

Framlag á jarðabætur geiðist því aðeins, að þær séu teknar út eigi síðar en á næsta ári, eftir að þær eru fullgerðar.

Jarðræktarframlag greiðist því aðeins, að landið sé fullunnið og jafnað og nægilega þurrt að dómi héraðsráðunautar og að grasfræi eða akurjurtum hafi verið sáð í landið, eða það sé fullgróið túngróðri sem sjálfgræðslu.

Byggingar þær, er framlag er veitt til, skulu gerðar eftir teikningum, sem Teiknistofa landbúnaðarins viðurkennir.

Greiðsla jarðabótaframlags er bundin því skilyrði, að ræktunarsamband eða félag það, sem jarðabótamenn eru félagar í, hafi gert Búnaðarfélagi Íslands full reikningsskil fyrir síðastliðið ár og greitt lögboðið gjald í fyrningarsjóð, sbr. lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Hafi jarðabætur þær, sem framlag er veitt á að því sinni, verið unnar að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum, sem voru á vegum hlutaðeigandi ræktunarsambands eða félags, er sambandinu heimilt að halda eftir af jarðræktarframlaginu til greiðslu á vinnuskuldum.

19. gr. hljóðar svo:

Nú leyfir fjárhagur Vélasjóðs ekki kaup á nægilega mörgum vélum til að halda uppi starfsemi þeirri, sem tilgreind er í 15. gr., svo að viðunandi sé, og leggur þá ríkissjóður fram það, sem á vantar, til kaupa á slíkum vélum, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum, að fengnum rökstuddum tillögum vélanefndar og meðmælum Búnaðarfélags Íslands. Vélar þær, sem þannig eru keyptar, verða eign Vélasjóðs og falla undir starfsemi hans.

22. gr. hljóðar svo:

Til þess að ná sem næst jöfnunarverði á framræslukostnað opinna skurða um land allt, skal greiða gjald af hverjum vélgröfnum rúmmetra opinna skurða, er framlags njóta samkvæmt lögum þessum.

Gjald þetta skiptist að jöfnu á skurðgröfuleigu og vinnu við gröftinn, og skal í fyrsta skipti lagt á skurðgröft ársins 1965, en gjaldið ákveðst fyrir það ár þannig:

Á gröft að 50000 m^3	greiðast	4 aurar	á m^3
– — 50000 til 100000 m^3	—	8 —	– —
– — 100000 m^3 og yfir	—	14 —	– —

Breytingar á jöfnunargjaldi frá ári til árs, til hækkunar eða lækkunar, ákveður Búnaðarfélag Íslands eftir því, sem reynslan sýnir að þörf er á. Það reiknar og út hið árlega jöfnunargjald. Nú skiptir verktaki um gröfu á starfstímabilinu, og skal þá jöfnunargjaldið reiknast sem um eina gröfu væri að ræða. Skurðgröftur Landnáms ríkisins í byggðahverfum skal vera undanþeginn gjaldi þessu.

23. gr. hljóðar svo:

Jöfnunargjaldið greiðist í sjóð, er heitir „Jöfnunarsjóður fyrir skurðgröft". Skal hann vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands. Félagið annast innheimtu jöfnunargjaldsins og sér um reikningshald fyrir sjóðinn.

Gröfueigandi er ábyrgur fyrir greiðslu alls jöfnunargjaldsins. Ber honum að standa skil á því til Búnaðarfélags Íslands fyrir 1. marz árið eftir að verkið var framkvæmt. Sé gjaldið ekki greitt á réttum gjalddaga, falla á það venjulegir útlánsvextir banka, eins og þeir verða á hverjum tíma, og auk þess innheimtukostnaður.

Búnaðarfélag Íslands ákveður og annast allar greiðslur úr jöfnunarsjóðnum, eftir því, sem nánar verður mælt fyrir um í reglugerð, er gefin verður út samkvæmt lögum þessum.

39. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og greiðist framlag á umbætur unnar á árinu 1964 samkvæmt þeim. Jafnframt eru úr gildi felld jarðræktarlög nr. 45 17. maí 1950, l. nr. 29 9. maí 1955, l. nr. 23 12. maí 1960, l. nr. 10 23. febr. 1963, l. nr. 26 18. apríl 1964, svo og önnur ákvæði, sem stangast kunna við lög þessi.

Ed. 359. Frumvarp til laga [160. mál]

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Flm.: Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

49. gr. laganna orðist svo:

Skip, sem notuð eru til styttri siglinga, aðallega innan fjarða og flóa, skulu vera undanþegin ákvæðum þessara laga um fjölda skipstjórnarmanna, þ. e. stýrimanna og vélstjóra.

Ráðherra skal heimilt, í samráði við skipaskoðunarstjóra, að ákveða fjölda skipstjórnarmanna á skipum þessum.

Dráttarbátar, sem aðallega eru notaðir á höfnum inni, svo og grafvélar og aðrar fleytur, sem hafa vélar innanborðs, en eru ekki knúnar áfram með vélarafli, skulu og vera undanþegnar ákvæðum laga þessara um fjölda skipstjórnarmanna.

Ráðherra skal og heimilt, í samráði við skipaskoðunarstjóra, að ákveða fjölda skipstjórnarmanna á fleytum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni stjórnar h/f Skallagríms, Borgarnesi, en það rekur, svo sem kunnugt er, m/s Akraborg til fólks- og vöruflutninga milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness. Á síðastliðnu ári var siglingu skipsins breytt þannig, að það fer nú nær eingöngu á milli Reykjavíkur og Akraness, og er samanlagður siglingatími skipsins daglega 7 klst., miðað við þrjár ferðir, en 9 klst. og 15 mín., séu fjórar ferðir farnar. Að öðru leyti liggur skipið í Reykjavíkurhöfn.

Þegar það er athugað, að m/s Akraborg siglir nær eingöngu að degi til og burtvera úr Reykjavíkurhöfn er í einu 2 klst. og 15 mín. til 2 klst. og 30 mín., má ljóst vera, að venjuleg vaktaskipti eru eigi framkvæmanleg, þótt öll skipshöfnin sé um borð, en án verkefnis nema sá hluti hennar, sem annast siglinguna í hvert sinn. Fjórtán manna skipshöfn og fjórir afleysingamenn eru þess vegna í engu samræmi við afkastaþörfina og þar með rekstrinum algerlega ofviða fjárhagslega.

Sþ. 360. Tillaga til þingsályktunar [161. mál]

um stofnun klak- og eldisstöðvar fyrir laxfiska.

Flm.: Jónas G. Rafnar, Karl Kristjánsson, Gísli Guðmundsson, Bjartmar Guðmundsson, Magnús Jónsson, Ingvar Gíslason, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að stofnsett verði á Norðurlandi klak- og eldisstöð fyrir lax og silung. Skal í því sambandi athugað, hvort ekki sé heppilegt að hafa það fyrirtæki við vatnasvæði Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, m. a. vegna góðra skilyrða til hagnýtingar á volgu vatni frá jarðhita þar um slóðir.

Greinargerð.

Lax- og silungsveiðar eiga sem fyrst að verða gildur tekjuliður víðs vegar um Ísland og almennt og heilsusamlegt sport landsmanna. Ræktun þessara fiska á að verða hagnýt atvinnugrein.

Með starfsemi laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði, sem ríkið rekur, er að sögn þegar fengin mikilsverð innlend reynsla um það, hvers þarf með og hvað þarf að varast á byrjunarstigum slíkrar starfsemi. Sums staðar erlendis er framkvæmd þessara mála orðin mótuð og hægt að fá fræðslu þaðan til hliðsjónar.

Ætlazt er til þess, að Kollafjarðarstöðin, auk þess að vera skóli í fiskeldi, selji í stórum stíl í framtíðinni seiði til annarra eldisstöðva og eigenda eða umráðamanna veiðivatna. Hins vegar er engan veginn hægt að gera ráð fyrir því, að hún geti séð fyrir þörfum allra landsmanna í þessum efnum, enda vafasamt, að slíkt fyrirtæki aðeins á einum stað í landinu væri æskilegt.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu telja, að tímabært sé, að ríkið komi upp annarri klak- og eldisstöð laxfiska eða beiti áhrifum sínum til, að hún verði stofnsett.

Leggja flutningsmenn til, að sú stöð verði reist á Norðurlandi og athugað verði þá sérstaklega, hvort ekki sé heppilegt, að hún verði staðsett við vatnasvæði Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Telja má víst, að þar sé hægt að fá frá jarðhitalindum volgt vatn til afnota fyrir stöðina eftir þörfum.

Á Norðurlandi eru margar laxveiðiár og ótal smærri silungsár og stöðuvötn með silungi. Þar eru því geysileg fiskræktarskilyrði, sem bíða framkvæmdar. Í Norðurlandskjördæmi eystra hefur á mannfundum komið fram mikill áhugi á máli þessu.

Nd. 361. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til læknaskipunarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og tekið til athugunar þær athugasemdir, sem fram komu við 1. umræðu þess, og kynnt sér óskir og áskoranir,

sem sendar hafa verið til hennar um tilteknar breytingar á frumvarpinu, sem allar hafa verið þess efnis, að héruð, sem áður hafa verið sérstök læknishéruð, verði ekki sameinuð öðrum læknishéruðum. Nefndin var sammála um, að Raufarhafnarhérað og Bakkagerðishérað verði áfram sérstök læknishéruð. Áður en nefndin hafði lokið afgreiðslu málsins, hafði dómsmálaráðherra lagt fram breytingartillögu við frv. um, að Suðureyrarhérað verði áfram sérstakt læknishérað, og er nefndin meðmælt þeirri tillögu.

Í ákvæðum til bráðabirgða við frumvarpið leggur nefndin til, að áður en núverandi Flateyjarhérað og Djúpavíkurhérað, sem sameina skal öðrum héruðum samkvæmt 1. gr. frumvarpsins, verða lögð niður og sameinuð öðrum læknishéruðum, skuli þau auglýst laus til umsóknar þrisvar í röð með sömu kjörum og læknar njóta í þeim læknishéruðum, sem um ræðir í 6. gr. frv.

Nefndin telur, að þetta frumvarp feli í sér nauðsynlegar og góðar breytingar á launum og kjörum héraðslækna, sem ætla má að verði til þess, að læknar fáist frekar til þess að gegna héraðslæknisstarfi, og telur, að með samþykkt frv. sé mikilvægt spor stigið í þá átt að tryggja það að fá héraðslækna einkum til þeirra héraða, sem eru minnst og afskekktust, með því að greiða þeim staðaruppbót, er nemur hálfum launum í hlutaðeigandi héraði.

Nefndin mælir einróma með samþykkt frv. með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali og nánar mun verða gerð grein fyrir í framsögu.

Alþingi, 22. marz 1965.

Guðlaugur Gíslason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
Hannibal Valdimarsson.	Jón Skaftason.	Jónas G. Rafnar.
	Matthías Ingibergsson.	

Nd. 362. Breytingartillögur [138. mál]

við frv. til læknaskipunarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Við 1. tölulið. Fyrir orðið „Reykjavíkurkaupstaður“ komi: Reykjavíkurborg.
   b. Við 7. tölulið. Liðurinn orðist svo:
      Stykkishólmshérað: Miklaholtshreppur, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur og Skógarstrandarhreppur. Læknissetur í Stykkishólmi.
   c. Við 9. tölulið. Liðurinn orðist svo:
      Reykhólahérað: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur, Múlahreppur og Flateyjarhreppur. Læknissetur á Reykhólum.
   d. Við 13. tölulið. Liðurinn orðist svo:
      Flateyrarhérað: Mosvallahreppur og Flateyrarhreppur. Læknissetur á Flateyri.
   e. Við 30. tölulið. Liðurinn orðist svo:
      Kópaskershérað: Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur. Læknissetur á Kópaskeri.
   f. Á eftir 30. tölulið komi nýr liður, svo hljóðandi:
      Raufarhafnarhérað: Raufarhafnarhreppur. Læknissetur á Raufarhöfn.
   g. Við 33. tölulið. Liðurinn orðist svo:
      Norður-Egilsstaðahérað: Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur og Fljótsdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum.

h. Við 34. tölulið. Fyrir orðið „Egilsstaðaþorpi“ komi: Egilsstöðum.
i. Á eftir 34. tölulið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Bakkagerðishérað: Borgarfjarðarhreppur. Læknissetur í Bakkagerði.
j. Við 38. tölulið. Fyrir orðið „Búðaþorpi“ komi: Búðum.

2. Við 2. gr.
a. Á eftir 2. tölulið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Reykhólahérað: íbúar Flateyjarhrepps til Stykkishólms.
b. 10. töluliður falli niður.

3. Við 6. gr. 1. málsgr. orðist svo:
Í eftirtöldum héruðum skal greiða héraðslækni staðaruppbót á laun, er nemi hálfum launum í hlutaðeigandi héraði: Búðardalshéraði, Reykhólahéraði, Bíldudalshéraði, Þingeyrarhéraði, Flateyrarhéraði, Suðureyrarhéraði, Hólmavíkurhéraði, Ólafsfjarðarhéraði, Kópaskershéraði, Raufarhafnarhéraði, Þórshafnarhéraði, Vopnafjarðarhéraði, Norður-Egilsstaðahéraði, Austur-Egilsstaðahéraði, Bakkagerðishéraði, Búðahéraði, Djúpavogshéraði, Hafnarhéraði, Kirkjubæjarhéraði og Víkurhéraði.

4. Við 7. gr. 2. og 3. málsgr. falli niður.

5. Við ákvæði til bráðabirgða. Orðin „Suðureyrarhérað, Raufarhafnarhérað og Bakkagerðishérað“ falli niður, en í stað þeirra komi: Flateyjarhérað og Djúpavíkurhérað.

Sþ. 363. Tillaga til þingsályktunar [162. mál]

um athugun á aðstöðu yfirmanna á fiskiskipum til sérmenntunar.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Ingvar Gíslason, Sigurvin Einarsson.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna milliþinganefnd til að athuga — í samráði við sérfróða menn á þessu sviði — og gera tillögur um, hvernig skipstjórum, vélstjórum og matsveinum verði framvegis veitt aðstaða til að minnsta kosti á einum stað í hverjum landsfjórðungi að afla sér menntunar, er veitir réttindi til starfa á fiskiskipum allt að 250 rúmlesta.

Nefndin skili áliti og tillögum fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa á nokkrum stöðum á landinu verið haldin á vegum Stýrimannaskólans í Reykjavík námskeið til undirbúnings prófi, er nefnist hið minna fiskimannapróf. Lagafyrirmæli, sem kveða á um þessi námskeið, eru bráðabirgðaákvæði svo hljóðandi:

„Til ársloka 1965 skal árlega haldið á vegum Stýrimannaskólans í Reykjavík, ef nægileg þátttaka fæst, eitt námskeið við Stýrimannaskólann og tvö námskeið utan Reykjavíkur til undirbúnings prófi, er nefnist hið minna fiskimannapróf. Próf skal haldið á hverjum stað að námskeiði loknu.

Námskeiðin utan Reykjavíkur skulu að jafnaði haldin til skiptis á Ísafirði, á Akureyri, í Neskaupstað og í Vestmannaeyjum. Ráðherra er heimilt að ákveða, að námskeið skuli haldið á öðrum stað, ef sérstaklega stendur á og næg þátttaka fæst eða ef námskeið, sem halda átti annars staðar, fellur niður vegna ónógrar þátttöku. Þó skulu ekki haldin fleiri en tvö námskeið utan Reykjavíkur árlega.

Námskeið öll og próf skulu að jafnaði haldin á tímabilinu frá byrjun októbermánaðar til loka janúar. Heimilt er að halda námskeiðin á öðrum tímum árs, en jafnan skulu þau standa yfir minnst 4 mánuði.“

(Sbr. lög nr. 30/1957 og lög nr. 47/1963.)

Augljóst er, að lagaheimild til að halda námskeið af þessu tagi fellur úr gildi við árslok 1965. Hins vegar er mönnum, sem starfa á fiskiskipum, mikið hagræði að því að geta aflað sér heima í þeim landsfjórðungi, þar sem þeir eru búsettir, menntunar til undirbúnings fiskimannaprófi. Aðstaða Vestmannaeyinga er að vísu tryggð að þessu leyti með hinum nýju lögum um stýrimannaskóla þar. En aðstaða manna í þremur landsfjórðungum er í þessu efni óbreytt frá því, sem verið hefur. Það er því tímabært, að þetta mál sé tekið til athugunar.

Þess ber og að gæta, að stærð fiskiskipa fer ört vaxandi við endurnýjun skipastólsins. Flm. telja rétt, að athugað sé gaumgæfilega, hvort ekki er hægt að veita mönnum aðstöðu til þess að afla sér með þessum hætti réttinda til skipstjórnar á stærri fiskiskipum heldur en kennsla og prófkröfur námskeiðanna hefur verið miðað við, t. d. þannig, að námskeiðin starfi í deildum og að námi sé lokið í áföngum.

Vélstjórar og matsveinar þyrftu einnig að fá aðstöðu til a. m. k. á einum stað í hverjum landsfjórðungi að afla sér menntunar, er veitir réttindi til starfa á fiskiskipum.

Hér er lagt til, að Alþingi kjósi nefnd, er taki þessi mál til rækilegrar athugunar og skili áliti og tillögum, áður en næsta reglulegt Alþingi verður kvatt saman.

Sþ. 364. Breytingartillögur [100. mál]

við brtt. á þskj. 348 [Vegáætlun].

Frá Eysteini Jónssyni, Halldóri Ásgrímssyni, Páli Þorsteinssyni og Lúðvík Jósefssyni.

Við 13. tölulið.

1. Við III. kafla, II. Þjóðbrautir.

	1965	1966	1967	1968
a. Við 3. Liðurinn orðist svo:				
Austurlandsvegur	8	8	8	8
b. Við 3. Nýir liðir:				
1. Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur (Hellisheiði)	1.5	1.5	1.5	1.5
2. Norðfjarðarvegur (Oddsskarð)		6	6	
c. Við 4. Liðurinn orðist svo:				
Suðurfjarðavegur (um Vattarnes)	4.5	4.5		
2. Við III. kafla, III. Landsbrautir.				
Nýr liður:				
Fjarðarheiðarvegur	1.5	1.5	1.5	1.5

Sþ. 365. Breytingartillögur [100. mál]

við brtt. á þskj. 348 [Vegáætlun].

Frá samgöngumálaráðherra.

Við 12. tölulið, I. 2. 19. (Þingvallabraut).

1. Við a. Í 2. dálk (1966) komi: 110.
2. Við c. Talan „110“ í 2. dálki (1966) falli niður.

Nd. **366. Frumvarp til laga** [163. mál]

um breyting á lögum nr. 8 1963, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Jónas G. Rafnar, Halldór Ásgrímsson, Jónas Pétursson.

1. gr.

Í stað 13. og 14. tölul. 1. gr. laganna komi þrír töluliðir, er orðist svo:

13. Þingeyjarþingsumdæmi: Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Húsavík og Keldu-neshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu.
14. Norðausturlandsumdæmi: Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár, Skeggjastaða-hreppur og Vopnafjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu. Í hreppum vestan Öxar-fjarðarheiðar eiga menn rétt til að vitja dýralæknis á Húsavík.
15. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðarhreppi, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að Breiðdalshreppi.

Greinargerð.

Almennur héraðsmálafundur í Norður-Þingeyjarsýslu 4. sept. 1964 og fulltrúa-fundur, sem haldinn var á Þórshöfn 22. febr. s. l. með þátttöku fulltrúa úr Norður-Múlasýslu, hafa farið þess á leit, að stofnað yrði dýralæknisumdæmi á Norðaustur-landi. Mjólkurframleiðsla er nú að aukast á svæðinu, einkum í Vopnafirði og á verzlunarsvæði Þórshafnar, og eykur það verkefni dýralæknis. Milli Jökulsár og Smjörvatnsheiðar eru byggðir víðlendar og langa leið að fara, ef vitja skal dýra-læknis á Húsavík eða Egilsstöðum. — Nánar í framsögu.

Fylgiskjal.

Árið 1965, mánudaginn 22. febrúar, komu saman á fund að Syðra-Lóni á Þórs-höfn fulltrúar frá eftirtöldum hreppum:

Frá Vopnafirði: Jósep Jónsson, Skógum, Sigurjón Friðriksson, Ytri-Hlíð, og Víglundur Pálsson, Refsstað.

Frá Skeggjastaðahreppi: Sigurður Einarsson, Bjarmalandi.

Frá Þórshafnarhreppi: Vilhjálmur Guðmundsson, Syðra-Lóni.

Frá Sauðaneshreppi: Sigurður Jónsson, Efra-Lóni.

Frá Svalbarðshreppi: Grímur Guðbjörnsson, Syðra-Álandi, og Óli Halldórsson, Gunnarsstöðum.

Tilefni fundarins var að ræða um stofnun dýralæknisumdæmis, er næði m. a. yfir áður nefnda hreppa.

Svo hljóðandi ályktun var samþykkt:

„Fundurinn vill vekja athygli á, að eins og nú er ástatt, njóta þessir hreppar sáralítillar dýralæknisþjónustu, er stafar m. a. af því, að samgöngur við þá staði, er dýralæknar þeir, sem þjóna eiga í þessum sveitum, eru staðsettir á, — sem eru Egilsstaðir og Húsavík, — eru mjög ótryggar langan tíma úr árinu. Einnig má benda á, að nú þegar er starfandi mjólkursamlag á Vopnafirði og líkur fyrir, að mjólkurframleiðsla í nágrenni Þórshafnar aukist mikið á næstu árum, og eykur það mjög þörf á dýralækni í þessum sveitum. — Þess vegna leyfir fundurinn sér að skora á þingmenn kjördæmanna: — Norðurlandskjördæmis eystra og Austur-landskjördæmis, — að þeir hafi forgöngu um, að stofnað verði með lögum **á þessu þingi** dýralæknisembætti, er nái yfir tvo nyrztu hreppa Norður-Múlasýslu og austur-hluta Norður-Þingeyjarsýslu.

Þá vill fundurinn og vekja athygli á, að öll Norður-Þingeyjarsýsla nýtur mjög lítillar dýralæknisþjónustu og brýn þörf er úrbóta í því efni.“

Syðra-Lóni, 22. febr. 1965.

Jósep H. Jónsson, Skógum.	Sigurjón Friðriksson, Ytri-Hlíð.
Víglundur Pálsson, Refsstað II.	Sigurður Einarsson, Bjarmalandi.
Vilhjálmur Guðmundsson, Syðra-Lóni.	Sigurður Jónsson, Efra-Lóni.
Grímur Guðbjörnsson, Syðra-Álandi.	Óli Halldórsson, Gunnarsstöðum.

Sþ. 367. Breytingartillögur [100. mál]

við brtt. á þskj. 348 [Vegáætlun].

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 12. tölulið, I. 2. 12. d. (Þingeyjarsýslubraut).
   Fyrir „Héðinshöfði“ komi: Syðri-Tunga.
2. Við 12. tölulið, I. 3. 62.
   Liðurinn orðist svo:

Reykjabraut (D 15):	1965	1966	1967	1968	Alls
a. Frá Beinakeldu að Reykjum			550	500	1050

3. Við 12. tölulið, I. 3. 64.
   Liðurinn orðist svo:

Svínadalsvegur (D 19):					
a. Við vegamót Reykjabrautar	25				
b. Við Reykjabót	265				290

4. Við 17. tölulið. Liðurinn orðist svo:
   Við III. 1. D. b. (Norðurlandskjördæmi vestra, hliðarvegir).
   D. 18—3 (Ytri-Löngumýri) falli niður.

Nd. 368. Frumvarp til laga [164. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Mosfellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Geir Gunnarsson, Jón Skaftason, Birgir Finnsson, Axel Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Mosfellshreppi jarðirnar Þormóðsdal og Bringur.

Náist ekki samkomulag um söluverð jarðanna, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Andvirði jarðanna skal Mosfellshreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða undir opinberar byggingar úr landi ofangreindra jarða, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Mosfellshreppi var gert að greiða fyrir jarðirnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Oddvitinn í Mosfellshreppi hefur með bréfi, dags. 30. okt. 1964, sem prentað er sem fylgiskjal hér á eftir, óskað eftir því, að frv. til laga um heimild til handa ríkisstjórninni til sölu á jörðunum Þormóðsdal og Bringum í Mosfellshreppi verði flutt og samþykkt á yfirstandandi þingi. Í bréfinu er gerð grein fyrir þörf hreppsins fyrir kaup á jörðunum.

Fylgiskjal.

30. október 1964.

Hreppsnefnd Mosfellshrepps samþykkti á fundi sínum 22. okt. s. l. að leita til þingmanna kjördæmisins vegna kaupa á tveim ríkisjörðum í hreppnum.

Það er álit ábyrgra aðila, að ekki verði hjá þessu komizt vegna hagsmuna hreppsfélagsins. Þetta eru jarðirnar Þormóðsdalur og Bringur.

Ástæður fyrir þessu eru meðal annars vegna skipulagsmála og eindreginna tilmæla skipulagsstjóra ríkisins, en einnig vegna útvíkkunar á afrétt hreppsins á Mosfellsheiði, sem er mikið hagsmunamál bændanna í hreppnum.

Báðar jarðirnar eru setnar. Þormóðsdalur af ungum og dugandi manni, og eru þar allsæmileg húsakynni manna og dýra. Bringur eru hins vegar svo til húsalausar eða því sem næst. Þar lafa uppi nokkrir kofar, og hefur hreppsnefnd orðið að hafa afskipti af aðbúð manna og dýra. Þar býr aldraður maður með nokkrar ær.

Hreppsnefnd er ljóst, að í gildi eru lög varðandi forkaupsrétt ábúanda, og er þess vegna nauðsynlegt, að frumvarpið feli í sér, að sala ríkisins á jörðum þessum sé eingöngu bundin við Mosfellshrepp.

Hreppsnefnd er tilbúin að gefa frekari upplýsingar um mál þetta eftir óskum og þörfum flutningsmanna.

Vinsamlegast,

f. h. hreppsnefndar,

Jón M. Guðmundsson, oddviti.

Nd. 369. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Að þessu sinni hefur sami háttur verið á hafður við afgreiðslu frumvarpsins og verið hefur á undanförnum árum. Í því skyni að flýta fyrir afgreiðslu þess og til að tryggja, að samræmis gætti um afgreiðslu frumv. milli deilda, var 4 þingmönnum, tveimur úr allsherjarnefnd hvorrar þingdeildar, falið að athuga ásamt skrifstofustjóra Alþingis frumv. og umsóknir, er því fylgdu, sem og allmargar umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar höfðu borizt.

Að athugunum þessum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. yrði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali. Einn nefndarmanna (RA) skrifar þó undir nefndarálitið með fyrirvara.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar. Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.

2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenzkan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Umsækjendur nr. 1—2, 4, 8, 18 og 28—30 í breytingartillögum nefndarinnar fullnægja ekki þeim skilyrðum, sem lýst er hér að framan. Sama máli gegnir um umsækjendur nr. 1—3, 8, 9 og 13—15 í frumvarpinu. Allir þessir umsækjendur, 16 að tölu, eru úr hópi 36 flóttamanna frá Júgóslavíu, sem komu hingað til lands á árinu 1959, en á árinu 1958 hafði íslenzka ríkisstjórnin samþykkt, samkvæmt áskorun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, að veita fólki þessu framtíðarhæli hér á landi. Áður en fólk þetta fluttist hingað, var því heitið því, að það yrði aðstoðað við að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt, svo fljótt sem lög leyfðu, ef það óskaði þess og reyndist hér góðir og nýtir borgarar. Einnig var því tjáð, að hér á landi væri fyrir hópur ungverskra flóttamanna og væri líklegt, að sömu reglur um veitingu íslenzks ríkisborgararéttar yrðu, að öðru jöfnu, látnar gilda um báða hópana. Nú hafa allmargir hinna ungversku flóttamanna öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt á síðustu árum, og þykir því eðlilegt, að júgóslavneska flóttafólkið öðlist hann nú, eftir sömu reglum.

Umsækjendur nr. 5, 10, 16 og 23 í breytingartillögum nefndarinnar eru ungverskir flóttamenn, sem fluttust hingað til lands á árinu 1956 og hafa dvalizt hér síðan.

Eftir því sem bezt er vitað, hafa umsækjendur þeir, sem hér að framan er getið, ekki sætt þeim viðurlögum hér á landi, sem hindri, að þeim verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur, eftir venjulegum reglum. Sama máli gegnir um alla aðra umsækjendur, sem upp eru taldir í frumv. og í breytingartillögum nefndarinnar. Eins og í athugasemdum við frumvarpið segir, var umsækjandi nr. 18 í frumv. íslenzkur ríkisborgari, en giftist rússneskum manni á árinu 1961 og öðlaðist þá rússneskt ríkisfang, en hefur nú afsalað sér því. Telur nefndin eðlilegt, miðað við aðstæður, að þessi umsækjandi öðlist að nýju íslenzkan ríkisborgararétt.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því, að öllum þeim umsækjendum, sem hér að framan er sérstaklega vikið að, verði nú veittur íslenzkur ríkisborgararéttur, þótt ekki fullnægi þeir þeim skilyrðum fyrir veitingu íslenzks ríkisborgararéttar, sem hér að framan er lýst. Einnig leggur nefndin til, eins og fyrr segir, að frumvarpið í heild verði samþykkt með þeim breytingum, sem nefndin flytur tillögur um á sérstöku þingskjali. — Einn nefndarmanna (PS) var fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 24. marz 1965.

Einar Ingimundarson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Óskar Jónsson.	Skúli Guðmundsson.	Ragnar Arnalds, með fyrirvara.

Nd. 370. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Bajic, Mile, bakari í Keflavík, f. í Júgóslavíu 29. september 1932.
2. Benkovic, Mijo, verkamaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 23. júlí 1936.
3. Brown, Arthur Kellogg, matsveinn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 29. apríl 1907.
4. Busetti, Ferruccio Mario, verkamaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 14. ágúst 1939.
5. Csillag, Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 27. janúar 1938.
6. Dahm, Gisela Gerda Edith, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 16. júní 1938.
7. Dam, Eina, húsmóðir á Akranesi, f. í Færeyjum 6. apríl 1938.
8. Dragutin, Urh, verkamaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 10. maí 1935.
9. Hansen, Jógvan Georg, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 26. maí 1938.
10. Horváth, Adél, þjónustustúlka í Ytri-Njarðvík, f. í Ungverjalandi 2. ágúst 1941.
11. Ipsen, Inger Bjarna, iðnverkakona í Reykjavík, f. í Danmörku 5. ágúst 1944.
12. Jepsen, Frederik Peter, vélstjóri í Reykjavík, f. í Danmörku 3. marz 1927.
13. Johannessen, Ellen Marie, húsmóðir í Hrísey, f. í Færeyjum 10. janúar 1942.
14. Johansen, Helína Ólafía, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 29. júlí 1937.
15. Jón Hallgrímsson, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Englandi 12. janúar 1944.
16. Juhasz, Istvan, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. í Ungverjalandi 11. febrúar 1935.
17. Kersbergen, Anna Cornelía, nunna í Hafnarfirði, f. í Hollandi 31. maí 1900.
18. Kujundzic, Josip, sjómaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 19. febrúar 1939.
19. Larsen, Knud Broberg, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 5. maí 1937.
20. Lettau, Christel Hildegard, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 16. október 1920.
21. Martin, Donald Lewis, tannsmiður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 7. janúar 1934.
22. Moen, Rothtraut Elisabeth Göschl, húsmóðir á Eyrarbakka, f. í Þýzkalandi 14. apríl 1928.
23. Molnár, István Ferencz, rafvirki í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 13. ágúst 1936.
24. Mörk, Olga Stefanie, starfsstúlka í Reykjavík, f. í Noregi 2. nóvember 1902.
25. Nilsson, Karl Rudolf Kristian, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 4. desember 1903.
26. Pasch, Elisabeth, húsmóðir í Keflavík, f. í Þýzkalandi 13. september 1921.
27. Seebörger, Christa, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 29. maí 1935.
28. Sindicic, Berislav, verkamaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 24. júní 1937.
29. Stavar, Franc, vefari á Álafossi, f. í Júgóslavíu 25. nóvember 1935.
30. Terzic, Ivan, smiður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 21. febrúar 1937.

Ed. 371. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 frá 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og aflað umsagna um það frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Landssambandi vörubifreiða-

stjóra. Enn fremur hafa nefndinni borizt áskoranir frá mörgum stéttarfélögum vörubifreiðastjóra um að samþykkja frumvarpið. Nefndin telur betur fara á því að miða takmörkunarreglurnar að því er vörubifreiðastjóra varðar fyrst og fremst við félagssvæði vörubifreiðastjórafélaganna, sem í sumum tilfellum falla ekki saman við sýslumörk. Nefndin flytur því breytingartillögu við frumvarpið á sérstöku þingskjali, sem gengur í þessa átt. Með þessari breytingartillögu mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 25. marz 1965.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Jón Árnason, fundaskr. Bjartmar Guðmundsson.
Ásgeir Bjarnason. Björn Jónsson. Magnús Jónsson.
Páll Þorsteinsson.

Ed. 372. Breytingartillögur [78. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 frá 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist sem hér segir:
   Aftan við 1. málslið 2. mgr. 1. gr. laganna komi:
   Ráðuneytinu er og heimilt að fengnum tillögum hlutaðeigandi vörubifreiðastjórafélags, sem hefur tvö eða fleiri sveitarfélög að félagssvæði, að takmarka fjölda leigubifreiða til vöruflutninga innan félagssvæðisins, enda komi til meðmæli þeirra sýslunefnda og bæjarstjórna, sem félagssvæðið fellur undir. Eigi er heimilt að takmarka sérstaklega fjölda leigubifreiða til vöruflutninga í kaupstöðum og kauptúnum með 700 íbúa eða fleiri, ef vörubifreiðastjórar á þessum stöðum eru félagar í vörubifreiðastjórafélagi, sem hefur tvö sveitarfélög eða fleiri að félagssvæði.
2. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
   Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og meginmál laga nr. 29 14. maí 1958 inn í lög nr. 40 frá 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um leigubifreiðar.

Ed. 373. Frumvarp til laga [165. mál]

um breyting á lögum nr. 7 3. febr. 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

3. gr. laganna orðist svo:
Af hundum búfjáreigenda skal greiða 30 króna skatt árlega. Einnig af minkahundum, dýrhundum og sporhundum, enda hafi verið veitt sérstakt leyfi til slíks hundahalds og þeir hundar hafðir í öruggri gæzlu. Af öðrum hundum greiðist 300 króna skattur árlega.
Skatturinn rennur í bæjar- eða sýslusjóð og innheimtist á manntalsþingi.

Greinargerð.

Sýslufundur Austur-Húnavatnssýslu gerði árið 1962 svo hljóðandi samþykkt:
„Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, að hún beiti sér fyrir hækkun hundaskatts, þannig að skattur af þarfahundum verði kr. 30.00 og af óþarfahundum kr. 300.00."

Samþykkt þessi var send heilbrigðismálaráðuneytinu, sem sendi hana landbúnaðarráðuneytinu til umsagnar.

Landbúnaðarráðuneytið sendi Búnaðarfélagi Íslands erindið, sem lagði það fyrir búnaðarþing 1963, sem samþykkti eftirfarandi ályktun um það:

„Ályktun:

Búnaðarþing mælir með svofelldri breytingu á lögum nr. 7 frá 3. febr. 1953, um hundahald o. fl.:

3. gr. laganna orðist svo:

Af hundum búfjáreigenda skal greiða kr. 30.00 í skatt árlega. Einnig af minkahundum, dýrhundum og sporhundum, enda hafi verið veitt sérstakt leyfi til slíks hundahalds og þeir hundar hafðir í öruggri gæzlu. Af öðrum hundum greiðist 500 króna skattur árlega."

Ályktun þessa sendi landbúnaðarráðuneytið heilbrigðismálaráðuneytinu með bréfi, dags. 15. marz 1963, og lýsti sig jafnframt samþykkt ályktuninni.

Samkvæmt lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki, nr. 7 3. febr. 1953, 5. gr., ber sveitarfélögum að sjá um hreinsun hunda til útrýmingar bandormum og greiða kostnað af hreinsuninni. Þykir ekki óeðlilegt, að hundaskatturinn sé ákveðinn það hár, að hann standi nokkurn veginn undir hreinsunarkostnaðinum. Núgildandi skattur mun nema aðeins hluta af þeim kostnaði, sem sveitarfélögin verða fyrir vegna hundahreinsunarinnar. Er því lagt til, að núgildandi skattupphæðir verði tvöfaldaðar.

Nd. 374. Frumvarp til laga [166. mál]

um breyting á víxillögum, nr. 93 frá 19. júní 1933.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

2. tölul. 48. gr. laga nr. 93 frá 19. júní 1933 orðist þannig:

Dráttarvaxta (vanskilavaxta), sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjalddaga.

2. gr.

2. tl. 49. gr. sömu laga orðist þannig:

Dráttarvaxta (vanskilavaxta), sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, af þeirri upphæð frá þeim degi, er hann greiddi hana.

3. gr.

4. tl. 48. gr. og 4. tl. 49. gr. ásamt 49. gr. a sömu laga falla úr gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um síðastliðin áramót ákvað Seðlabanki Íslands almenna hækkun dráttarvaxta, sem nauðsynleg þykir til að stuðla að aukinni skilvísi við greiðslu skulda. Til að ráðstafanir þessar komi að fullu gagni, verður ekki hjá því komizt að láta þær ná til vanskilavíxla, þar sem víxlar eru eitt algengasta skuldabréfaform hér á landi. Í 48., 49. og 49. gr. a víxillaga nr. 93/1933 er fjallað um vexti þá og þóknun, sem heimilt er að krefjast af víxilskuldurum eftir gjalddaga víxils. Samkvæmt ákvæðum þessum eru víxilvextir eftir gjalddaga víxils þeir sömu og fyrir gjalddaga, auk þóknunar sem er ⅓% af víxilfjárhæðinni. Þar sem ákvæði þessi eru tæmandi, verða fyrrgreindar ráðstafanir ekki látnar ná til víxilskulda, nema lagabreytingar þær, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, nái fram að ganga. Í frumvarpinu hefur sá kosturinn verið valinn að skylda skuldara, sem eigi greiðir skuld sína á réttum tíma, til að greiða skuldareiganda í dráttarvexti af henni jafnháa upphæð og Seðlabanki Íslands leyfir innlánsstofnunum hæst að taka. Dráttarvextir af víxlum yrðu þannig færðir til samræmis við bæði lánstíma og vaxtafjárhæð. Sú leið hefur hins vegar ekki þótt fær í þessu efni að hækka þóknun þá, sem um getur í 4. tl. 48. gr. og 4. tl. 49. gr. víxillaganna, þar sem hún er óbreytileg miðað við vanskilatímann og mundi því verða þeim mun minna tilfinnanleg sem vanskilin standa lengur. Því er lagt til, að töluliðir þessi falli brott, en dráttarvaxtaákvæðið komi í staðinn.

Breyting sú, sem hér er lagt til, að gerð verði á víxillögunum, veldur því, að vextir þeir, sem heimilt er að krefja skuldara um eftir gjalddaga víxils, verða aðrir og nokkuð hærri en nú gildir. Samkvæmt núgildandi lögum er viðbótarkostnaður skuldara vegna vanskila á greiðslu víxils hverfandi allt til þess, er kostnaðar við dómsmál fer að gæta. Slíkt fyrirkomulag er óheillavænlegt, og er téð vaxtahækkun eftir gjalddaga víxils því nauðsynleg og eðlileg til úrbóta, sem stuðla mundi ótvírætt að aukinni skilvísi víxilskuldara.

Verði frumvarp þetta að lögum, mundu dráttarvextir vegna víxilskulda verða 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, að óbreyttri ákvörðun Seðlabankans um dráttarvexti innlánsstofnana. Til samanburðar má geta þess, að nú um árabil hafa gilt ½% dráttarvextir pr. hálfan mánuð eða byrjaðan hálfan mánuð vegna lána Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóðs Íslands, en hjá þeim stofnunum eru hæstu vextir 6½% p. a.

Um 1. gr.

Hér er víxilhafa leyft að krefjast dráttarvaxta, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabankanum hverju sinni, í stað vaxta samkvæmt 2. tl. 48. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 49. gr. a sömu laga.

Um 2. gr.

Sá, sem víxil leysir til sín, getur samkvæmt nýmæli þessarar greinar krafizt af þeim víxilskuldurum, er ábyrgð bera gagnvart honum, dráttarvaxta, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabankanum hverju sinni, af þeirri upphæð, sem hann greiddi, og frá þeim degi, er hann greiddi hana. Kemur þetta ákvæði í stað núgildandi heimildar 2. tl. 49. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 49. gr. a sömu laga.

Um 3. gr.

Felld eru úr gildi ákvæði 4. tl. 48. gr. og 4. tl. 49. gr. laga nr. 93/1933, um rétt víxilhafa til þóknunar, er sé ⅓% af víxilfjárhæðinni. Jafnframt er úr gildi felld 49. gr. a sömu laga, sem er á þá leið, að séu almennir víxilvextir banka hærri en 6 af hundraði á ári, skuli heimilt að krefja um vexti af víxli í samræmi við það, þrátt fyrir 48. og 49. gr. laganna.

Nd. 375. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

5. gr. laga nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., orðist svo:

Þegar skuldari greiðir eigi skuld sína á réttum tíma, er hann skyldur til frá eindaga skuldarinnar, unz hann greiðir hana, að greiða skuldareiganda þá dráttarvexti af henni, sem Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt 13. gr. laga nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands, og skulu það jafnframt vera hæstu leyfilegir dráttarvextir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Önnur lagaákvæði um dráttarvexti skulu halda gildi sínu.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 13. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 10 frá 29. marz 1961, sbr. og greinargerð fyrir þeirri grein, er kveðið svo á, að bankastjórn Seðlabankans hafi heimild til að ákveða hámarksvexti samkvæmt lögum nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Í þeim lögum er alltaf, þegar rætt er um vexti, vísað til vaxtaákvörðunarheimildar Seðlabankans í 16. gr. laga nr. 63/1957, nú 13. gr. laga nr. 10 frá 1961, nema í 5. gr. um dráttarvexti. Af þessu kynni að vera dregið í efa, að umrædd heimild Seðlabankans taki til ákvörðunar dráttarvaxta, sem öðrum en innlánsstofnunum væri heimilt að áskilja sér, og gæti slíkur vafi orsakað mismunandi dráttarvaxtatöku innlánsstofnana annars vegar og annarra aðila hins vegar. Hér er því lagt til, að 5. gr. laga nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., verði breytt á þá leið, að hún verði ótvíræð og vafalaus, hvað snertir umrædda dráttarvexti.

Um 1. gr.

Í núgildandi ákvæði 5. gr. laga nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., er kveðið svo á, að greiði skuldari eigi skuld sína á réttum tíma, er hann skyldur til frá eindaga skuldarinnar, unz hann greiðir hana, að greiða skuldareiganda í dráttarvexti af henni einum meira af hundraði en heimilt er í 1. gr. sömu laga eða um hefur verið samið milli aðila, þó svo að dráttarvextir fari aldrei meira en 1% fram úr vaxtahæð þeirri, sem getur um í 2. og 3. gr. laganna. Hér er því hins vegar slegið föstu, að dráttarvextir þessir skuli vera jafnháir og Seðlabanki Íslands leyfir innlánsstofnunum hæst að taka, sbr. 13. gr. laga nr. 10 frá 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Nd. 376. Frumvarp til laga [168. mál]

um breyting á lögum nr. 94 frá 19. júní 1933, um tékka.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

2. tl. 45. gr. laga nr. 94 frá 19. júní 1933, um tékka, orðist svo:

Dráttarvaxta (vanskilavaxta), sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, af þeirri upphæð frá sýningardegi.

2. gr.

2. tl. 46. gr. sömu laga orðist svo:
Dráttarvaxta (vanskilavaxta), sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, af þeirri fjárhæð frá þeim degi, er hann greiddi hana.

3. gr.

46. gr. a sömu laga falli úr gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að teknir verði upp dráttarvextir, sem Seðlabankinn heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, vegna vanskilatékka. Dráttarvextir vegna tékkaskulda yrðu þá 1% pr. mánuð eða brot úr mánuði, að óbreyttri ákvörðun Seðlabankans um dráttarvexti innlánsstofnana. Kæmu þessir dráttarvextir í staðinn fyrir heimild tékkahafa til að krefjast af þeim, er hann leitar fullnustu hjá, vaxta af þeirri upphæð, sem eigi var greidd, samkvæmt 2. tl. 45. gr. l. nr. 94/1933, sbr. 46. gr. a sömu laga. Á sama hátt kæmi nýja fyrirkomulagið í stað heimildar þess, sem tékka leysir til sín, til að krefjast af þeim tékkaskuldurum, sem ábyrgð bera gagnvart honum, vaxta af þeirri fjárhæð, sem hann hefur greitt, frá þeim degi, er hann greiddi hana, samkvæmt 2. tl. 46. gr. l. nr. 94/1933, sbr. 46. gr. a sömu laga. Vaxtahækkun sú, sem felst í þessari breytingu, er talin nauðsynlegur liður í þeirri viðleitni að draga úr misnotkun tékka.

Um 1. gr.

Hér er tékkhafa leyft að krefjast af þeim, sem hann leitar fullnustu hjá, dráttarvaxta, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabankanum hverju sinni, af þeim hluta tékkafjárhæðarinnar, sem eigi var greidd, í stað vaxta af þeirri upphæð skv. 2. tl. 45. gr. laga um tékka, sbr. 46. gr. a sömu laga.

Um 2. gr.

Sá, sem tékka leysir til sín, getur samkvæmt þessu nýmæli krafizt af þeim tékkaskuldurum, er ábyrgð bera gagnvart honum, dráttarvaxta eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabankanum hverju sinni, af þeirri fjárhæð, sem hann hefur greitt, frá þeim degi, er hann greiddi hana, í stað vaxta, skv. 2. tl. 46. gr. laga um tékka, sbr. 46. gr. a sömu laga.

Um 3. gr.

Fellt er úr gildi ákvæði 46. gr. a í lögum um tékka. Ákvæði þetta er á þá leið, að séu almennir útlánsvextir banka hærri en sex af hundraði á ári, er heimilt að krefjast vaxta af tékka í samræmi við það, þrátt fyrir ákvæði 45. og 46. gr. laganna.

Sþ. 377. Breytingartillögur [100. mál]

við brtt. á þskj. 348 [Vegáætlun].

Frá Sigurvin Einarssyni, Hannibal Valdimarssyni og Hermanni Jónassyni.

1. Við 12. brtt. I.
   a. Við 2. (Til þjóðbrauta).

	1965	1966
1. Við 5. (Vestfjarðavegur).		
a. Framlög til a- og b-liða 1965 og 1966 falli niður.		
b. Nýir liðir:		
1. Gufudalssveit	350	380
2. Gemlufallsheiði	500	500

2. Við 7. a. (Strandavegur, í Bæjarhreppi).
Framlög 1965 og 1966 verði 200 400

b. Við 3. (Til landsbrauta).
1. Framlög til eftirtalinna vega 1965 og 1966 verði:
a. 41. Kollsvíkurvegur 200 200
b. 43. Tálknafjarðarvegur 250
c. 44. Svalvogavegur 200 250
d. 45,b. Ingjaldssandsvegur, um Sandheiði 300 200
e. 46. Flateyrarvegur 200 200
f. 51. Snæfjallastrandarvegur 300 350
2. Nýir liðir:
a. Steinadalsvegur (C 2) 150 100
b. Tröllatunguheiði (C 4) 450 300
c. Reykhólasveitarvegur (C 6):
a. Árbær—Laugaland 150 120
d. Siglunesvegur (C 11) 100
e. Rauðasandsvegur (C 12):
a. Bjarngötudalur 300 250
f. Örlygshafnarvegur (C 13) 150 200
g. Ketildalavegur (C 18) 250 250
h. Valþjófsdalsvegur (C 22) 100 150
i. Laugardalsvegur (C 32) 100 150
j. Strandavegur (C 37):
a. Í Bæjarhreppi 250 300
k. Laxárdalsvegur (B 52):
a. Frá sýslumörkum á Strandaveg hjá Borðeyri 150 200
l. Krossárdalsvegur (C 38) 100 150
m. Kollabúðaheiðarvegur (C 40) 300 400
n. Norðurfjarðarvegur (C 42) 100 150
3. Niður falli framlög 1965 og 1966 til eftirtalinna vega:
a. 42,b. Bíldudalsvegur, Tálknafjörður—Bíldudalur.
b. 48. Bolungarvíkurvegur.
c. 49. Djúpvegur.
d. 52, a—c. Strandavegur, Veiðileysufjörður—Selvíkurhöfði.

2. Við 13. brtt. 1965 1966
a. Við II. (Þjóðbrautir).
Nýr liður á undan 1. tölulið:
Vestfjarðavegur:
a. Sunnan Þingmannaheiðar 4.5 4.5
b. Breiðadalsheiði 4.5 4.5

b. Við III. (Landsbrautir).
Við bætist nýir liðir:
1. Bíldudalsvegur (Hálfdán) 2.0 2.0
2. Bolungarvíkurvegur 1.5 1.5
3. Djúpvegur 2.0 2.3
4. Strandavegur (Veiðileysufjörður—Selvíkurhöfði) 1.5 1.2

Sþ. 378. Breytingartillaga [100. mál]

við brtt. á þskj. 348 [Vegáætlun].

Frá fjárveitinganefnd.

Við brtt. 12, I. 3. 49. Liðurinn orðist svo:

Djúpvegur (C 29):	1965	1966	1967	1968	Alls
a. Hattareyri—Eyri í Sf.	1000	600	1200	1500	5600
b. Frá Ögri að Hjöllum	700	600			

Sþ. 379. Breytingartillaga [100. mál]

við brtt. á þskj. 348 [Vegáætlun].

Frá Sigurvin Einarssyni, Hannibal Valdimarssyni og Hermanni Jónassyni.

Við brtt. 12, III. 2. 4. Nýr liður (1965):
Steinadalsá í Strandasýslu 300

Nd. 380. Breytingartillaga [138. mál]

við frv. til læknaskipunarlaga.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt skal, samkvæmt tillögum landlæknis, að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands, að veita á ári hverju læknastúdentum námslaun, er nægi þeim til lífsframfæris, meðan þeir stunda nám í læknadeild, gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði að afloknu námi. Nánari ákvæði um námslaun þessi skal setja í reglugerð. Er og heimilt, ef þörf þykir, að hafa þar ákvæði til þess að tryggja á sama hátt sjúkrasamlagslækna.

Ed. 381. Frumvarp til laga [169. mál]

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Hermann Jónasson, Karl Kristjánsson, Ólafur Jóhannesson, Helgi Bergs, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

3. málsgr. 16. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Á eftir 17. gr. laganna komi fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (18. gr.) Tekjur veðdeildarinnar aðrar en þær, er um ræðir í 16. og 17. gr., eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs 20 millj. kr.

2. Árlegt framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt 13. gr. laga nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
3. Framlag samkvæmt 9. gr. laga nr. 44 1957, um skatt á stóreignir.
4. Vaxtatekjur.

b. (19. gr.) Seðlabanka Íslands er skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hennar, allt að 100 millj. kr., gegn 5% vöxtum. Veðdeildin skal endurgreiða Seðlabankanum lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar veðdeildarinnar gagnvart Seðlabankanum.

c. (20. gr.) Veðdeild Búnaðarbankans er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa, sbr. 16. gr.

Vextir af bankavaxtabréfum þessum skulu vera jafnháir vöxtum af lánum, sem veðdeild Búnaðarbankans veitir.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa.

d. (21. gr.) Heimilt er veðdeild að gera það að skilyrði fyrir lánveitingu vegna jarðakaupa, að allt að 40% lánsfjárhæðarinnar sé greitt í bankavaxtabréfum, sem út eru gefin samkvæmt 20. gr. Afborgunum og endurgreiðslum lána, sem greidd eru í bankavaxtabréfum, skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna.

3. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Lán vegna jarðakaupa mega nema allt að 70% virðingarverðs fasteignar. Önnur lán mega ekki vera hærri en ⅗ af virðingarverði fasteignar.

Nú er veitt lán vegna jarðakaupa og jörðin er veðsett til tryggingar lánum úr Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem veitt hafa verið til bygginga eða ræktunar á jörðinni, og má þá lækka veðdeildarlán miðað við hlutfall virðingarverðs fasteignarinnar samkvæmt 1. málsgr. um þá fjárhæð, sem nemur stofnlánadeildarlánum, er á jörðinni hvíla, þegar sala fer fram.

Að jafnaði skal lána gegn 1. veðrétti. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrétti, ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð.

Lánstími má vera allt að 40 ár, en nánari ákvæði um lánstíma eftir því, hverrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

Lán vegna jarðakaupa skulu vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin.

Vextir af lánum vegna jarðakaupa skulu eigi vera hærri en 4%.

4. gr.

Síðari málsl. 23. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Í stað 1. málsgr. 24. gr. laganna komi tvær málsgr., svo hljóðandi:

Lán, sem veðdeildin veitir til kaupa á jörð, greiðir hún í peningum að ⅗ hlutum, en ⅖ hluta lánsfjárhæðarinnar greiðir veðdeildin í peningum eða bankavaxtabréfum, sem gefin eru út samkvæmt 20. gr. (sbr. 21. gr.)

Önnur lán, sem veðdeildin veitir, greiðir hún í vaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra eða í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir bréfin að frádregnum sölukostnaði. Semja má um sölu vaxtabréfa hvers flokks fyrir fram í einu eða fleira lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Veðdeild Búnaðarbankans á að gegna því hlutverki að veita lán vegna jarðakaupa og greiða þannig fyrir slíkum viðskiptum. En um langt skeið hefur veðdeildina skort mjög tilfinnanlega fjármagn til þessarar starfsemi.

Í landbúnaðinum hafa orðið miklar framfarir á undanförnum árum, og á því sviði er ör þróun. Ræktunin eykst ár frá ári, og í löggjöfinni er stefnt að því, að túnstærð á jörðum yfirleitt verði ekki undir 25 ha. Ný og fullkomin hús eru reist á hverri jörð og vélarafli beitt við framleiðsluna.

Því meiri framkvæmdir sem gerðar eru í sveitum, þeim mun meira fjármagn er bundið í fasteignum og búi hvers bónda. Þróun atvinnuvegarins að þessu leyti er óhjákvæmileg og má ekki stöðvast. En hún torveldar eðlileg eigendaskipti á jörðum, nema tryggt sé, að lánsstofnun hlaupi undir bagga með því að veita lán með góðum kjörum þeim, er kaupa jarðir. Með hagkvæmum lánum í þessu skyni verður ungu kynslóðinni kleift án þess að reisa sér hurðarás um öxl að eignast jarðir og hefja atvinnurekstur, þegar hinir eldri verða að hætta búskap fyrir aldurs sakir eða af öðrum ástæðum og vilja selja fasteignir.

Ríkisvaldinu ber, að dómi flm., að stuðla að því, að sem minnst röskun verði á búsetu fólks í sveitum. En þótt löggjöfin sé við það miðuð, hljóta alltaf að verða árlega ábúenda- og eigendaskipti á allmörgum jörðum á landinu. Það er varhugaverð þróun, að fésterkir aðilar, sem hafa ekki atvinnu við búskap, kaupi hlunnindajarðir einungis vegna hlunnindanna, hagnýti þau, en nytji jarðirnar lítt eða ekki að öðru leyti. Hins vegar sé fólki, sem hefur hug á að hefja búskap, örðugt eða jafnvel ókleift að komast yfir jarðnæði, af því að lán til jarðakaupa eru alls kostar ófullnægjandi. Brýna nauðsyn ber til þess, að með löggjöf sé lagður grundvöllur að fullnægjandi lánastarfsemi á þessu viðskiptasviði, og að því er stefnt með þessu frumvarpi.

Lán eru veitt til íbúðarhúsa hvar sem er á landinu og stefnt að því, að þau nemi allt að ⅔ hlutum byggingarkostnaðar. Lán til verkamannabústaða eru þó mun hærri en íbúðarlán Húsnæðismálaskrifstofunnar og með mjög góðum kjörum. Stofnlán til fiskiskipa, sem keypt eru til landsins, nema ⅔ kaupverðs, og til skipa, sem smíðuð eru innanlands, allt að 75% kostnaðarverðs. Samkvæmt þessu skipta nokkrum milljónum stofnlán út á meðalfiskiskip. En sökum fjárskorts hefur veðdeild Búnaðarbankans til þessa ekki veitt hærri jarðakaupalán en 100 þús. kr. út á bújörð, sem keypt er, og þó hefur veðdeildin ekki getað fullnægt eftirspurn lána.

Í frv. þessu er svo fyrir mælt, að lán, sem veðdeildin veitir vegna jarðakaupa, megi nema allt að 70% af virðingarverði fasteignar. Miðað er við, að í framkvæmd verið tekið tillit til lána úr Stofnlánadeild Búnaðarbankans, sem á hlutaðeigandi jörð hvíla og veitt hafa verið til bygginga eða ræktunar, þannig að lán úr veðdeild megi lækka miðað við þetta hlutfall virðingarverðs sem stofnlánadeildarlánum nemur.

Í frv. þessu er kveðið á um að stórauka fjármagn veðdeildarinnar frá því, sem nú er. Samkvæmt frv. verða tekjur veðdeildarinnar árlegt ríkisframlag 20 millj. kr., 10 millj. kr. árlegt framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt heimild í stofnlánadeildarlögunum, enn fremur hluti af stóreignaskatti samkvæmt lögum nr. 44/1957, um skatt á stóreignir, svo og vaxtatekjur.

Gera á Seðlabanka Íslands skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans allt að 100 millj. kr. Samkvæmt frv. skal veðdeildinni enn fremur heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og séu bréfin eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa, þannig að nokkur hluti lánsfjárhæðarinnar sé greiddur í bankavaxtabréfum.

Sþ. 382. Breytingartillaga [100. mál]

við brtt. á þskj. 348 [Vegáætlun].

Frá Karli Kristjánssyni, Gísla Guðmundssyni, Birni Jónssyni og Ingvari Gíslasyni.

Við 13. tölul.
Við III. kafla II. Þjóðbrautir. Nýr liður:

	1965	1966	1967
Þingeyjarsýslubraut	4 millj.	4 millj.	4 millj.

Nd. 383. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um loðdýrarækt.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og varð ekki einhuga um afgreiðsluna. Hún sendi það til umsagnar þriggja aðila: Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, búnaðarþings og veiðistjóra.

Umsagnir hafa borizt frá þeim öllum, og má segja, að þær séu allar jákvæðar, þótt misjafnlega sé. Nokkrar bendingar koma fram um breyt. á frv., sem nefndin hefur athugað, en meiri hlutinn telur ekki ástæðu að beita sér fyrir að þessu sinni. Eru þær jafnt fyrir því til athugunar og leiðbeiningar við framkvæmd laganna, sem þær einkum snerta.

Í umsögn búnaðarþings er það talið miður, að í grg. eða fskj. með frv. sé engin áætlun um arðsemi minkaræktar hérlendis. Segja má, að eðlilegt hefði verið, að einhver slík áætlun hefði fylgt. Við teljum þó ekki líklegt, að það hefði breytt afstöðu til málsins. Alkunnugt er, að áætlanir vilja oft bregðast. Í þessu máli er auk þess mjög samhljóða álit flestra þeirra, er lagt hafa sig fram við að kynna sér öll málsatriði, það, að fá lönd muni hafa betri skilyrði til framleiðslu minkaskinna en Ísland. Það, sem á reynir við framkvæmd málsins, er, hvort Íslendingar geta beitt þeirri alúð og vandvirkni, sem til þarf, og það verður ekki séð fyrir fram. En við verðum að byggja framkvæmdir okkar og ákvarðanir í framfaramálum yfirleitt á því, að við getum staðið öðrum jafnfætis í verkmenningu og vandvirkni.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt frv., en einstakir nefndarmenn í meiri hl. hafa þó óbundnar hendur að flytja eða fylgja brtt.

Meiri hlutinn flytur svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Leyfi skal aðeins veita til ræktunar minka næstu tvö árin frá gildistöku laganna og eigi fleiri en 5 minkabúum.

Umsagnir þeirra þriggja aðila, er nefndin sendi frv. til, eru prentaðar hér á eftir sem fylgiskjal.

Benedikt Gröndal mun skila sérálíti.

Hannibal Valdimarsson og Ágúst Þorvaldsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins í nefndinni.

Alþingi, 29. marz 1965.

Gunnar Gíslason, form.	Jónas Pétursson, frsm.	Sverrir Júlíusson.
	Björn Pálsson, með fyrirvara.	

Fylgiskjal I.

SÖLUMIÐSTÖÐ HRAÐFRYSTIHÚSANNA

Reykjavík, 8. marz 1965.

Oss hefur borizt heiðrað bréf landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 5. þ. m., en í því er beiðzt umsagnar vorrar um meðfylgjandi frumvarp til laga um loðdýrarækt.

Vér höfum áður, sbr. bréf vort dags. 19. maí 1960 til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, mælt með því, að leyfð yrði á ný loðdýrarækt á Íslandi. Sú skoðun vor er enn óbreytt.

Vér viljum þó lýsa þeirri skoðun vorri, að hér sé fyrst og fremst um hagsmunamál fiskiðnaðarins og útgerðarinnar að ræða.

Eins og kunnugt er, fellur til geysilegt magn af úrgangi við flökun fisks, þ. e. einkum hryggir og hausar. Úrgangur þessi fer í dag að mestu til fiskimjölsframleiðslu fyrir lágt verð. Vér höfum þó á síðustu árum selt nokkurt magn af frystum fiskúrgangi sem fóður til minkaeldis, einkum til Svíþjóðar og Finnlands.

Það er kunnugt, að aðalframleiðslutími fisks á Íslandi og fóðurþörf í minkabúum fer ekki saman. Fóðurþörfin er mest síðari hluta sumars og haustmánuðina, en þá fellur minnst til af nothæfum fiskúrgangi (þorski og ýsu).

Yrði hafin loðdýraræktun á Íslandi í stórum stíl, yrði þess naumast að vænta, að fóðurþörfinni yrði fullnægt með nýjum fiskúrgangi, sem til félli síðari hluta ársins. Úrganginn þyrfti því að frysta á þeim tíma, sem hann fellur til, þ. e. á vertíð, og geyma hann í frystigeymslum frystihúsanna, þar til hann væri notaður til fóðurs. Því er augljóst, hversu nátengdir hagsmunir frystihúsanna og væntanlegra loðdýragarða hljóta að verða. Rekstursafkoma bæði frystihúsanna og loðdýragarðanna mundi háð verði úrgangsins, sem frystihúsin framleiddu.

Frumvarp það, sem fyrir nefndinni liggur, felur í sér bráðabirgðaákvæði um takmörkun á fjölda minkabúa þannig, að næstu tvö árin verði eigi fleiri en fimm aðilum veitt leyfi til minkaeldis. Vér leyfum oss því að óska þess, að bætt verði inn í lögin ákvæðum þess efnis, að leyfum skuli fyrst og fremst úthlutað til frystihúsa eða félaga, sem eitt eða fleiri frystihús kynnu að stofna í þeim tilgangi að byggja og reka loðdýragarð, meðan takmörkunin gildir. Enda hafi umsóknir um leyfin borizt innan tiltekins tíma, sem settur yrði, og búin skylduð á allan hátt til að fullnægja þeim kröfum, sem settar kunna að verða um útbúnað slíkra búa.

Vér mælum því eindregið með því, að frumvarp þetta verði afgreitt sem lög frá Alþingi því, sem nú situr, jafnframt því, að vér óskum þess, að frumvarpinu verði breytt samkvæmt því, sem að framan greinir um úthlutun leyfa.

Virðingarfyllst,
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna
Elías Þorsteinsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis,
c/o Skrifstofa Alþingis, Alþingishúsinu,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Ályktun um frumvarp til laga um loðdýrarækt.

Búnaðarþing telur, að ekki komi til mála að leyfa loðdýraeldi almennt. Við Íslendingar erum enn lausir við ýmis dýr, sem í öðrum löndum eru skaðvaldar. Hins vegar gæti komið til mála að leyfa minkaeldi til skinnaframleiðslu, en þó því aðeins að sýnt væri, að verulegur fjárhagslegur ávinningur yrði af því fyrir þjóðina í heild. Verði að því ráði horfið, þarf að setja í löggjöf um þetta efni

ákvæði, er tryggi fyllsta öryggi, sem hugsanlegt er, til að fyrirbyggja tjón af innflutningnum, m. a. að gerð loðdýragarðanna verði ákveðin af veiðistjóra og hann hafi strangt, reglulegt eftirlit með þeim og umgengni um þá.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að landbúnaðarráðherra geti leyft eldi loðdýra almennt í landinu, ef fullnægt er fyrir fram ákveðinni gerð búra fyrir þau. Ekki eru í frumvarpinu ákvæði um gerð loðdýragarðanna, en gert ráð fyrir, að þau verði sett í reglugerð, en veiðistjóri fylgist með, að reglunum sé fylgt.

Ekki sést í greinargerð þeirri, sem frumvarpinu fylgir, hversu hagfellt eldi loðdýra kann að verða fyrir þjóðina. Aðeins er vitnað í ummæli einhvers ónafngreinds erlends manns, sem hafi fullyrt, að af því mundi verða hagur að ala mink hér til skinnaframleiðslu. En um þetta atriði þyrftu að liggja fyrir fyllri upplýsingar. Tekizt hefur hin síðari ár að fækka villiminkum mikið. Yrði innflutningur til þess, að þeim fjölgaði að nýju, gæti það orðið landbúnaðinum ærið tjón.

Verði minkaeldi leyft og leiti eigendur loðdýragarða eftir lánum til þeirra framkvæmda hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins, leggur búnaðarþing á það áherzlu, að aflað verði sérstaklega fjár til þeirrar starfsemi, svo að það skerði á engan hátt aðstöðu deildarinnar til að sinna þeim verkefnum, sem fyrir eru.

Fylgiskjal III.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 9. marz 1965.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, Rvík.

Mér hefur borizt heiðrað bréf landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 5. þessa mánaðar, þar sem óskað er eftir umsögn minni um frumvarp það til laga um loðdýrarækt, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Orðið „loðdýr“ hefur allvíða merkingu, en ég geri ráð fyrir, að í frumvarpi þessu sé einungis átt við minka. Mun ég því einskorða umsögn mína við þá tegund loðdýra.

Í október 1960 barst mér erindi frá landbúnaðarnefnd Nd. Alþingis um sama efni og nú. Álit mitt, sbr. bréf mitt til heiðraðrar landbúnaðarnefndar dags. 31. október 1960, er óbreytt.

Gerð minkabúa (garða) hefur gjörbreytzt hjá nágrannaþjóðum okkar á síðari árum hvað allan aðbúnað og öryggi snertir. Verði minkaeldi leyft hér að nýju, ber okkur að nota þessa reynslu sem bezt, og einungis leyfa minkaeldi þeim, sem hafa upp á fyllsta öryggi um allan frágang að bjóða. Hættan á, að dýrin sleppi úr haldi, eins og svo margir óttast, hlýtur þá að verða hverfandi, og þó svo að eitthvert óhapp hendi, þá stöndum við miklu betur að vígi nú með að ná dýrum, sem út slyppu, heldur en áður, þegar saman fór þekkingarleysi og trassaskapur.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að minkaeldi verði eigi leyft fleiri en 5 aðilum næstu 2 árin. Tel ég það rétt og varlega af stað farið. En hvergi kemur fram ákvæði um hámarksfjölda fullorðinna dýra hjá hverjum aðila, sem þessi leyfi hlýtur, en slíkt ákvæði álít ég réttara að setja inn í frumvarpið (t. d. hámarkstala 1000 fullorðnar læður).

5. gr. lagafrumvarps þessa, er varðar embætti mitt, er að mínum dómi óljós og gæti valdið misskilningi. Ég lít svo á, að starf mitt í sambandi við þessi lög yrði einungis að hafa eftirlit með frágangi minkabúanna hvað öryggi snertir, sem sjálfsagt kæmi þá fram í reglugerð um lögin.

Að endingu vil ég taka fram það, sem ég hef áður sagt, að ég er ekki mótfallinn því, að minkaeldi verði leyft hér á landi að nýju, sé til þess vandað og fyllsta öryggis gætt.

Virðingarfyllst,

Sveinn Einarsson.

Sþ. 384. Fyrirspurn [170. mál]

til ríkisstjórnarinnar um starfsfræðslu.

Frá Karli Kristjánssyni, Jóni Árnasyni og Lúðvík Jósefssyni.

1. Hafa ekki tekizt samningar, sem fyrirhugaðir voru, milli Reykjavíkurborgar og ríkisins um samvinnu í starfsfræðslu — og þá hvers vegna?
2. Hvað hefur atvinnumálaráðuneytið gert til þess að tryggja nauðsynlegt framhald og aukningu starfsfræðslu utan Reykjavíkur?

Nd. 385. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

BP áskilur sér rétt að flytja frekari breytingartillögur.

SvJ var ekki viðstaddur, er málið var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 30. marz 1965.

Gunnar Gíslason, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Jónas Pétursson.
Björn Pálsson.	Ágúst Þorvaldsson.	Hannibal Valdimarsson.

Nd. 386. Breytingartillögur [70. mál]

við frv. til l. um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. 4. gr. orðist svo:
   Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndunum 65 hundraðshluta af launum héraðsráðunauta í búfjárrækt, og skulu laun þeirra, sem sá hundraðshluti miðast við, samþykkt af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.
2. Við 6. gr. Eftir orðinu „kynbótanefnd“ í 1. málsgr. komi: ef héraðsráðunaut þykir ástæða til.
3. Við 29. gr. Eftir orðinu „hrossakynbótanefnd“ í 1. málsl. komi: ef héraðsráðunaut þykir ástæða til.
4. Við 32. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Óheimilt er að láta stóðhest ganga lausan, sbr. þó 35. gr. Verði vart við slíkan hest, ber umráðamanni þess lands, þar sem hesturinn er, að láta handsama hann og flytja hann til hreppstjóra, sem næstur er í því lögsagnarumdæmi. Skal þá hreppstjóri taka hann í gæzlu og standa skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við töku hans. Verði ágreiningur um greiðslu, geta aðilar skotið þeim ágreiningi til úrskurðar dómkvaddra manna. Sömu ákvæði gilda um hesta, sem ekki er hægt að gelda vegna skapnaðargalla.
5. Við 35. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
   Undanþágu frá ákvæðum um einangrun stóðhesta á tímabilinu frá 1. maí til 1. október má veita, ef beitilönd þau, þar sem hestarnir ganga, eru svo einangruð, að öruggt megi teljast. Slíka undanþágu veitir sýslunefnd með ⅘ atkvæða eða Búnaðarfélag Íslands.

Nd. 387. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og m. a. aflað sér upplýsinga um framkvæmd laga nr. 1 1964 frá Seðlabanka Íslands og Aflatryggingasjóði, varðandi þau atriði, sem í þeim lögum svara til ákvæða frumvarpsins.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins, og mun einn nefndarmanna, LJós, skila séráliti og flytja brtt. Aðrir nefndarmenn mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt, en nefndarmennirnir GíslG og JSk áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 30. marz 1965.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Jón Skaftason, með fyrirvara
Gísli Guðmundsson, með fyrirvara.	Guðl. Gíslason.	Sverrir Júlíusson.

Nd. 388. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um loðdýrarækt.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Loðdýrarækt hefur verið deilumál á Alþingi í meira en þrjá áratugi. Hafa togazt á draumurinn um nýjan atvinnuveg, sem átti að færa landsmönnum milljónagróða, og hinn bitri veruleiki, að í stað gullsins hefur komið hörmuleg landplága — villiminkurinn.

Minkaeldi var stundað hér á landi í meira en 20 ár. Það varð ekki sá arðvænlegi atvinnuvegur, sem vonir stóðu til. Oft voru minkabú rekin með tapi, og gjaldeyristekjur urðu aldrei svo miklar, að munaði um. Þegar minkaeldi var bannað 1951, var það hrörnandi atvinnugrein og aðeins 7 bú starfandi.

Um það leyti, sem innflutningur minka hófst, varaði Guðmundur Bárðarson náttúrufræðingur alvarlega við þeirri hættu, sem væri samfara flutningi þessa „gráðuga og slungna rándýrs“ til landsins. Guðmundur taldi, að aldrei yrði hægt að búa svo um, að ekki slyppu einhver dýr úr haldi.

Svo fór sem Guðmundur spáði. Minkar sluppu úr búrum allt til þess, að eldi þeirra var bannað. Villiminkastofninn óx hröðum skrefum, breiddist um mestallt landið og hefur valdið gífurlegu tjóni. Hin nýja atvinnugrein var ekki áratugsgömul, þegar hafin var á Alþingi sú barátta gegn minkaplágunni, sem endaði með banninu 1951.

Allir þeir, sem unna íslenzkri náttúru og þá sérstaklega hinu fjölskrúðuga fuglalífi, harma þau örlög, að minkurinn skyldi flytjast hingað. Dr. Sigurður Þórarinsson hefur til dæmis sagt:

„Minkurinn er einhver sú háskalegasta sending, sem borið hefur að ströndum þessa lands, og er nærri enn óhugnanlegra, hverjum vettlingatökum þetta minkamál hefur verið tekið, eftir að ljóst var orðið, hvílíkur vágestur minkurinn er.“

Þegar menn gylla fyrir sér þann hagnað, sem Íslendingar geti haft af minkarækt, er rétt að gleyma ekki, hvers virði þjóðinni er dúntekja, fuglalíf, lax- og silungsveiði og jafnvel alifuglarækt. Allt þetta er í hættu vegna minksins — því meiri hættu sem minkastofninn eykst.

Sagt er, að nú sé tækni svo mikil, að ekkert dýr mundi sleppa úr haldi, jafnvel þótt hér væru 1—2 milljónir minka, eins og Einar Sigurðsson lagði til um árið.

Þetta hefur alltaf verið sagt, en hefur hingað til alltaf reynzt rangt. Engar upplýsingar hafa komið fram, sem benda til, að nú geti minkabú verið 100% örugg. Reynsla er og fyrir því, að baráttan við villimink dofnar, þegar minkaeldi er leyft, sökum vantrúar manna á tilgang starfsins, þegar ný dýr sleppa jafnan út.

Það frv. um loðdýrarækt, sem nú er fram komið, er styttra og efnisminna en fyrri lög um sama efni. Veikari ákvæði kveða á um gerð hinna „minkaheldu" búa. Engar kröfur eru gerðar til sérþekkingar þeirra, sem eiga að setja upp minkabú, þótt viðurkennt sé, að sú þekking hafi úrslitaþýðingu. Engin hugmynd er gefin um þann gróða, sem á að fást.

Þegar litið er til forsögu þessa máls, sem er stórbrotinn harmleikur í íslenzkri náttúru, virðist ógætilegt að byrja sama leik á ný, eins og ekkert hafi gerzt.

Gróðavonin hefur áður reynzt vafasamur leiðarvísir, og lítil rök hafa verið færð fyrir því, að nú hljóti að takast betur en áður.

Nauðsynlegt er að rannsaka þetta mál og íhuga mun betur en gert hefur verið. Þess vegna legg ég til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 29. marz 1965.

Benedikt Gröndal,
fundaskr.

Ed. 389. Frumvarp til laga [78. mál]

um breyting á lögum nr. 40 frá 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 30. marz.)

1. gr.

Aftan við 1. málslið 2. mgr. 1. gr. laganna komi:

Ráðuneytinu er heimilt að fengnum tillögum hlutaðeigandi vörubifreiðastjórafélags, sem hefur tvö eða fleiri sveitarfélög að félagssvæði, að takmarka fjölda leigubifreiða til vöruflutninga innan félagssvæðisins, enda komi til meðmæli þeirra sýslunefnda og bæjarstjórna, sem félagssvæðið fellur undir. Eigi er heimilt að takmarka sérstaklega fjölda leigubifreiða til vöruflutninga í kaupstöðum og kauptúnum með 700 íbúa eða fleiri, ef vörubifreiðastjórar á þessum stöðum eru félagar í vörubifreiðastjórafélagi, sem hefur tvö sveitarfélög eða fleiri að félagssvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og meginmál laga nr. 29 14. maí 1958 inn í lög nr. 40 frá 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um leigubifreiðar.

Nd. 390. Frumvarp til laga [9. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. marz.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bajic, Mile, bakari í Keflavík, f. í Júgóslavíu 29. september 1932.
2. Benkovic, Mijo, verkamaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 23. júlí 1936.
3. Brown, Arthur Kellogg, matsveinn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 19. apríl 1907.
4. Busetti, Ferruccio Mario, verkamaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 14. ágúst 1939.
5. Csillag, Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 27. janúar 1938.
6. Culjak, Ivan, bakari í Keflavík, f. í Júgóslavíu 29. september 1940.

7. Dahm, Gisela Gerda Edith, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 16. júní 1938.
8. Dam, Eina, húsmóðir á Akranesi, f. í Færeyjum 6. apríl 1938.
9. Djonic, Osman, verkamaður í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 19. ágúst 1918.
10. Djonic, Slavica, húsmóðir í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 6. maí 1933.
11. Dragutin, Urh, verkamaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 10. maí 1935.
12. Englezos, Anastasios, stud. phil. í Reykjavík, f. í Grikklandi 3. maí 1935.
13. Hansen, Harald Erwin, nemandi í Reykjavík, f. í Austurríki 8. júní 1944.
14. Hansen, Jógvan Georg, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 26. maí 1938.
15. Hansen, Kristian, bifreiðarstjóri í Reykjavík, f. í Danmörku 18. febrúar 1928.
16. Horváth, Adél, þjónustustúlka í Ytri-Njarðvík, f. í Ungverjalandi 2. ágúst 1941.
17. Ipsen, Inger Bjarna, iðnverkakona í Reykjavík, f. í Danmörku 5. ágúst 1944.
18. Jensen, Jens Varnek Julius Meinhard, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 23. nóvember 1936.
19. Jepsen, Frederik Peter, vélstjóri í Reykjavík, f. í Danmörku 3. marz 1927.
20. Johannessen, Ellen Marie, húsmóðir í Hrísey, f. í Færeyjum 10. janúar 1942.
21. Johansen, Helína Ólafía, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 29. júlí 1937.
22. Jón Hallgrímsson, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Englandi 12. janúar 1944.
23. Juhasz, Istvan, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. í Ungverjalandi 11. febrúar 1935.
24. Kersbergen, Anna Cornelía, nunna í Hafnarfirði, f. í Hollandi 31. maí 1900.
25. Kujundzic, Josip, sjómaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 19. febrúar 1939.
26. Larsen, Knud Broberg, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 5. maí 1937.
27. Lettau, Christel Hildegard, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 16. október 1920.
28. Martin, Donald Lewis, tannsmiður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 7. janúar 1934.
29. Mazibrada, Slobodan, matsveinn í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 3. júlí 1941.
30. Moen, Rothtraut Elisabeth, húsmóðir á Eyrarbakka, f. í Þýzkalandi 14. apríl 1928.
31. Molnár, István Ferencz, rafvirki í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 13. ágúst 1936.
32. Mustac, Simica, þjónustustúlka í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 13. febrúar 1932.
33. Mörk, Olga Stefanie, starfsstúlka í Reykjavík, f. í Noregi 2. nóvember 1902.
34. Nielsen, Folmer Martin, járnsmiður í Reykjavík, f. á Íslandi 10. júlí 1930.
35. Nielsen, Guðlaugur Ragnar, pípulagningamaður í Reykjavík, f. á Íslandi 28. júní 1932.
36. Nilsson, Karl Rudolf Kristian, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 4. desember 1903.
37. Pasch, Elisabeth, húsmóðir í Keflavík, f. í Þýzkalandi 13. september 1921.
38. Þaulsen, Martha Kathrina Maria (Jónsson), húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 27. september 1931.
39. Petrovic, Dragoljub, blikksmiður í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 25. desember 1927.
40. Petrovic, Dusanka, húsmóðir í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 20. október 1928.
41. Ratec, Franjo, vefari á Álafossi, f. í Júgóslavíu 16. janúar 1926.
42. Schaupp, Jutta Eva Hedwig (Pálmason), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. desember 1935.
43. Seebörger, Christa, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 29. maí 1935.
44. Sindicic, Berislav, verkamaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 24. júní 1937.
45. Stavar, Franc, vefari á Álafossi, f. í Júgóslavíu 25. nóvember 1935.
46. Terzic, Ivan, smiður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 21. febrúar 1937.
47. Willert, Herta Johanne, húsmóðir í Þorlákshöfn, f. í Þýzkalandi 22. marz 1938.
48. Þórunn Sofia Jóhannsdóttir (Ashkenazy), húsmóðir í London, f. á Íslandi 18. júlí 1939.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. **391. Tillaga til þingsályktunar** [171. mál]

um atvinnulýðræði.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela 11 manna nefnd að undirbúa löggjöf um aukin áhrif verkamanna og annarra launþega á stjórn þeirra fyrirtækja, sem þeir starfa hjá. Skal löggjöf þessi vera fyrsti áfanginn í áætlun til næstu tveggja áratuga um aukið lýðræði í íslenzkum atvinnuvegum, og ber sérstaklega að stefna að því í fyrstu lotu að veita launþegum ríkisfyrirtækja og þá einkum iðnfyrirtækja veruleg bein áhrif á stjórn þeirra, en starfsmönnum í einkarekstri víðtæk ráðgefandi áhrif.

Nefndin skal skipuð af ráðherra, og tilnefna samtök vinnuveitenda þrjá menn, launþegasamtökin þrjá, þingflokkarnir fjórir tilnefna hver einn mann, en ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Hugtakið.

Tillaga þessi fjallar um aukið *lýðræði* í íslenzkum atvinnurekstri. Hugtakið lýðræði er bein þýðing á gríska orðinu *demokrati*, en *demos* er fólk og *krati* þýðir stjórn. Eins og orðstofnarnir í íslenzka hugtakinu bera einnig með sér, er það lýðræði, þegar alþýða manna stjórnar. Lýðræði í atvinnulífinu er í því fólgið, að launþegar, verkamenn og aðrir starfsmenn, stjórna atvinnurekstrinum.

Þessi tilhögun er í Skandinavíu oftast nefnd *industrielt demokrati* og stundum *bedriftsdemokrati*. Á Íslandi hafa ýmis orð verið notuð, en átt er við sama hugtakið í öllum tilfellum: stundum er þessi réttur kenndur við atvinnuvegina, *atvinnulífslýðræði*, stundum við reksturinn, *rekstrarlýðræði*, en þó langoftast við vinnustaðina, *atvinnulýðræði*. Einnig heyrist stundum talað um *iðnaðarlýðræði*, og er það væntanlega bein þýðing á „industrielt demokrati". Því ber ekki að neita, að lýðræði í atvinnurekstri er sjálfsagðast og auðveldast í framkvæmd í *iðnaði*, ekki sízt á fjölmennum vinnustöðum, og þar mun það fyrst hefja innreið sína. En þessi tilhögun á einnig rétt á sér við aðrar atvinnugreinar, hvort heldur er í verzlun, útgerð, landbúnaði eða þjónustustarfsemi. Iðnaðarlýðræði er því of þröngt hugtak, enda er orðið „industri" í hinu skandinavíska heiti notað í víðri merkingu og táknar atvinnurekstur almennt.

Hin þrjú orðin eru rétt hugsuð og koma öll til greina, en hér verður það valið, sem bezt fer í munni: *atvinnulýðræði*.

Krafan um lýðræði.

Krafan um fullkomið lýðræði er krafan um jafnrétti þegnanna á öllum sviðum þjóðlífsins. Jafnt og þétt hefur þessi krafa náð fram að ganga á æ fleiri sviðum og í æ fleiri löndum.

Pólitískt lýðræði og lýðræði í félagsmálum eru hvort tveggja kröfur, sem óðum eru að ná almennri viðurkenningu sem grundvallarréttindi hvers manns. Er þá átt við prentfrelsi, málfrelsi, félagsfrelsi, almennan kosningarrétt, jafnrétti kynjanna o. s. frv.

Menningarlegt lýðræði er viðurkennt takmark, þótt misjafnlega sé að því unnið. Er þá átt við jafna aðstöðu manna í uppeldis- og menntamálum án tillits til uppruna eða aðstæðna og jöfn skilyrði til að njóta gæða menningarlífsins.

Krafan um efnahagslegt lýðræði er tvíþætt: Annars vegar er átt við, að lífskjör manna og fjárhagsleg afkoma sé sem jöfnust, svo að þeir hafi allir jafna möguleika til að njóta lífsgæðanna. Hér er því átt við fjárhagslegt jafnrétti manna. Hins vegar er átt við jafnrétti manna til að hafa áhrif á stjórn efnahagslífsins.

Með því er reynt að koma í veg fyrir einokun fárra manna á efnahagslífi viðkomandi þjóðar, enda er fjárhagslegt misrétti óhjákvæmileg afleiðing af slíkri einokun. Vald fárra manna yfir efnahagslífinu í krafti fjármagnsins hefur aftur á móti í för með sér vald þeirra á atvinnulífinu. Efnahagslegt lýðræði er því öðrum þræði náskylt atvinnulýðræði. Munurinn er sá, að hið fyrra beinist að efnahags- og atvinnulífinu í heild sinni, en atvinnulýðræði er fyrst og fremst bundið við vinnustaðinn, fyrirkomulag rekstrarins á hverjum stað.

Það er vissulega óeðlilegt, að þjóðfélagið viðurkenni lýðræði sem grundvallarreglu, en neiti að framfylgja þessari reglu í mikilvægasta þætti þjóðlífsins — atvinnulífinu. Þess vegna er það ein helzta krafa verkalýðshreyfingarinnar víða um heim í dag, að sigurganga lýðræðisins sé ekki stöðvuð við dyr vinnustaðanna.

Markmið atvinnulýðræðis.

Á Íslandi hafa umræður um atvinnulýðræði verið mjög af skornum skammti. Á hinn bóginn hafa þessi mál verið á dagskrá í öllum nálægum löndum á undanförnum árum og þá ekki sízt á Norðurlöndum. Gildir einu, hvort um er að ræða flokka, sem kenna sig við íhaldsstefnu, vinstristefnu eða sósíalisma, — allir viðurkenna þeir þörfina á auknu lýðræði í atvinnulífinu. Aftur á móti er mikill ágreiningur um markmið og leiðir. Til glöggvunar mætti greina á milli þriggja hugmynda, sem allar stefna í sömu átt, en ganga þó misjafnlega langt:

1) *Samráð við starfsmenn í ákveðnum málum.* Fyrsta skrefið í átt til atvinnulýðræðis er að veita starfsmönnum íhlutunarrétt um meðferð nokkurra málaflokka, sem snerta reksturinn, t. d. varðandi vinnuskilyrði og vinnutilhögun, hagræðingu, vinnutíma, öryggisráðstafanir vegna starfsfólks, bætta þjónustu o. fl. Slík réttindi eru að sjálfsögðu mjög mikilvæg fyrir launþega, en einnig er það skoðun margra, að starfsmenn, sem eiga persónulega hlut að því að leysa vandamál rekstrarins, uni sér betur á vinnustað og eigi hægara með að þroska hæfileika sína í starfinu. Víða meðal atvinnurekenda í kapítalískum löndum er vaxandi vilji til að stefna að þessu marki, þ. e. að auknum, en takmörkuðum meðráðarétti starfsmanna, enda hafa þeir rökstuddan grun um, að aukin samábyrgð og samvinna leiði til aukinna afkasta og framleiðni.

2) *Fulltrúar starfsmanna í minni hluta í stjórn fyrirtækisins.* Ráðgefandi réttindi starfsmanna, eins og lýst er í seinustu málsgrein (1), eru tæpast lokatakmark í margra augum, heldur einungis frumstig atvinnulýðræðis. Næsta skrefið er, að launþegar fá aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á ákvarðanir í öllum vandamálum rekstrarins með beinni þátttöku í stjórn fyrirtækisins. Þetta stig er þó rétt að takmarka við þá tilhögun, að starfsmenn fá að velja stóran hluta stjórnarmanna á lýðræðislegan hátt, en hafa þó ekki náð meirihlutaaðstöðu í stjórn rekstrarins.

3) *Raunveruleg stjórn starfsmanna.* Þá fyrst, þegar starfsmenn hafa öðlazt réttinn til að kjósa meiri hluta þeirra, sem sitja í stjórn fyrirtækisins, er inntak kröfunnar um lýðræði í atvinnurekstri orðið að veruleika. Þessi tilhögun mundi dreifa valdinu í þjóðfélaginu úr höndum hinna fáu til hinna mörgu, svo að efnahags- og atvinnulífið yrði undir lýðræðislegu eftirliti. Réttur löggjafans og framkvæmdarvaldsins til áhrifa á stjórn rekstrarins væri þó ekki afnuminn, enda óhjákvæmilegt, að sérhvert fyrirtæki sé rekið í samræmi við hagsmuni þjóðarheildarinnar.

Erlend reynsla.

Víða um heim er atvinnulýðræði á dagskrá og þá einkum innan verkalýðshreyfingarinnar, eins og áður er sagt, en óvíða hefur orðið mikið úr framkvæmdum. Hér skulu nefnd dæmi frá þremur þjóðum, ef það mætti verða til skilningsauka á þessari tillögu:

Í *Englandi* hafa verið gerðar ýmsar tilraunir til að koma á auknu lýðræði í atvinnulífinu, en þessi viðleitni er þó skammt á veg komin. Árið 1941 voru stofnaðar framleiðslunefndir hjá öllum fyrirtækjum í málmiðnaðinum, og voru þær hugsaðar sem ráðgefandi aðili af hálfu starfsfólksins. Þessar tilraunir tókust misvel,

enda voru nefndirnar valdalitlar, en merkar rannsóknir voru gerðar í þessa átt hjá fyrirtækinu Glacier Metals.

Eftir seinni heimsstyrjöldina þjóðnýtti ríkisstjórn Verkamannaflokksins ýmsar mikilvægar greinar atvinnulífsins, svo sem rafmagns-, kola- og gasiðnað og nokkra þætti flutningakerfisins. Samtímis voru gerðar ráðstafanir í lýðræðisátt með því að skipa forustumenn í verkalýðshreyfingunni í stjórn fyrirtækjanna, og komið var á fót stofnunum, sem fastir starfsmenn voru aðilar að og ætlað var einkum að fjalla um mál, sem snertu öryggi, heilsu og velferð launþeganna svo og aukna framleiðni fyrirtækjanna. Þessi tilraun í Englandi hefur gefizt vel, svo langt sem hún nær, en þróun lýðræðis í enskum atvinnuvegum er þó enn á frumstigi.

Í *Noregi* voru lög um verkamannanefndir (arbeiderutvalg) árið 1920 fyrsta viðleitnin í þessa átt. Nefndirnar áttu að vera ráðgefandi í vissum málaflokkum, en lögin komust ekki í framkvæmd.

Í sameiginlegri stefnuyfirlýsingu stjórnmálaflokkanna árið 1945 var boðað, að stofnaðar yrðu „ráðgefandi framleiðslunefndir, skipaðar vinnuveitendum, verkamönnum og öðrum starfsmönnum". Þessi tilhögun hefur síðan náð fram að ganga með heildarsamningum vinnuveitenda og verkalýðshreyfingar, en án sérstakrar lagasetningar.

Fram að þessu hefur viðleitni norskra ráðamanna til að auka lýðræði í norskum atvinnurekstri fyrst og fremst beinzt að hinu fyrsta stigi, sem nefnt var hér að framan: ráðgefandi réttindum starfsmanna. Þó eru þess mörg dæmi, að fulltrúar verkamanna eigi sæti í stjórnum norskra ríkisfyrirtækja, og nú eru þær breytingar í aðsigi, sem færa munu norskt atvinnulýðræði á annað stig. Verkamannaflokkurinn hefur nú í undirbúningi nýja löggjöf um þessi efni, og mun einkum að því stefnt, að launþegar hafi veruleg ítök í stjórn rekstrarins, en verði þar í minni hluta.

Er stjórnarkreppan stóð yfir í Noregi sumarið 1963, hét Einar Gerhardsen því, að ríkisstjórnin mundi „greiða fyrir lagafrumvörpum um meðráðarétt starfsmanna um rekstur ríkisfyrirtækja og taka fullnaðarákvörðun um meðráðarétt launþega í einkafyrirtækjum".

Fæstir, sem til þekkja, munu neita því, að atvinnulýðræði hefur enn sem komið er náð mestum þroska í *Júgóslavíu*. Frá stríðslokum hefur verkamannaráðið verið sú grunneining í atvinnulífi landsins, sem stjórnað hefur rekstri flestra meiri háttar fyrirtækja. Júgóslavar hafa einbeitt sér sérstaklega að dreifingu miðstjórnar- og framkvæmdavalds með því að veita einstökum landshlutum, sveitarfélögum og þjóðnýttum stórfyrirtækjum aukið sjálfstæði. Verkamannaráðin hafa þó ekki stjórn fyrirtækjanna að öllu leyti í sínum höndum, en bein áhrif starfsmanna á reksturinn eru tvímælalaust mikil.

Enginn mun vilja halda því fram, að skipan þessara mála í Júgóslavíu sé fullkomin, enda um brautryðjandastarf að ræða. En áreiðanlega má mikið læra af Júgóslövum um framkvæmd atvinnulýðræðis. Víða um heim er fylgzt með þessum tilraunum þeirra af miklum áhuga, og til dæmis fór nefnd norskra þingmanna nýlega til Júgóslavíu til þess að kynna sér sérstaklega atvinnulýðræði þar í landi. Ekki væri síður ástæða fyrir þá nefnd, sem þessi tillaga fjallar um, að gera ráðstafanir til að læra af reynslu Júgóslava.

Íslenzkar aðstæður.

Aukin þátttaka launþega í stjórn fyrirtækja er misjafnlega auðveld í framkvæmd, t. d. geta verið hagstæðari skilyrði í einu landi en öðru, og ekki er vafi á því, að aðstæður á Íslandi eru að ýmsu leyti aðrar en í nágrannalöndunum. Einnig eru aðstæður mjög ólíkar í hinum ýmsu atvinnugreinum, og ekki eru sömu skilyrði fyrir hendi á öllum vinnustöðum í sömu atvinnugrein. Hér verða nefnd nokkur atriði, sem máli skipta í þessu sambandi:

a) Íslenzkt atvinnulíf hefur verið í mótun á undanförnum áratugum. Flestar atvinnugreinar hafa tekið miklum breytingum á fáum árum, og ekki hefur enn skap-

azt sú festa og jafnvægi, sem ríkir í háþróuðum iðnaðarlöndum. Margs konar atvinnurekstur, bæði á vegum ríkis og einkaaðila, stendur þó traustum fótum, og er því sjálfsagt að stuðla að auknu atvinnulýðræði samfara vaxandi jafnvægi í íslenzku atvinnulífi.

Í öðrum tilfellum einkennist rekstur margra einkafyrirtækja af glæfralegu kapphlaupi við skjóttekinn gróða, tilviljanir ráða miklu og framtíð rekstrarins er algerlega háð einum manni, dugnaði hans og vilja, auraráðum og persónulegum samböndum. Taka verður tillit til þess, að lýðræði í atvinnurekstri getur ekki þrifizt við þvílíkar aðstæður, enda á slíkur rekstur tæpast heima í heilbrigðu atvinnulífi.

b) Ein helzta forsenda þess, að starfsmenn taki þátt í stjórn fyrirtækja og hafi afskipti af rekstrinum, er sú, að þeir séu samfellt á sama vinnustað um lengri tíma og öðlist þannig nokkra reynslu og þekkingu í starfi sínu við fyrirtækið. Á Íslandi er árstíðabundin vinna fremur algeng, sérstaklega í útgerð og fiskiðnaði. Verður að hafa það í huga, að þar sem fyrirtæki er aðeins starfrækt nokkra mánuði á ári og miklar breytingar verða á starfsliði frá ári til árs, er atvinnulýðræði torveldara í framkvæmd.

c) Fjöldi starfsmanna við hvert fyrirtæki skiptir einnig nokkru máli. Starfsmennirnir verða að eiga á að skipa mönnum, sem hafa einhverja reynslu í félagsmálum og nægilega forustuhæfileika til að taka þátt í stjórn rekstrarins. Varla þarf að óttast, að á fjölmennum vinnustöðum skorti hæfa forustumenn, en meiri óvissa er um lítil fyrirtæki. Þá ber á það að líta, að þeim mun stærri sem fyrirtækin eru, þeim mun meiri þörf er á lýðræðislegum vinnubrögðum, þ. e. meðráðarétti starfsmanna við stjórn þeirra.

Í Iðnaðarskýrslum 1960, sem Hagstofa Íslands gaf út 1963, eru töflur, sem gefa yfirlit um slysatryggðar vinnuvikur verkafólks og annars starfsliðs hjá íslenzkum iðnfyrirtækjum árið 1959. Þessar tölur veita upplýsingar um meðalfjölda starfsmanna í ýmsum iðngreinum, og má af þeim ráða, að meðalfjöldi starfsmanna við meðaliðnfyrirtæki á Íslandi er um 12 manns. Ekki liggja fyrir upplýsingar um aðrar atvinnugreinar.

Eftir beiðni flutningsmanns þessarar tillögu hefur Hagstofa Íslands samið yfirlit um fjölda íslenzkra iðnfyrirtækja, sem hafa 12 starfsmenn að meðaltali eða fleiri. Kemur í ljós, að af 1246 iðnfyrirtækjum hafa aðeins 362 fleiri en tólf starfsmenn að meðaltali yfir árið. Aðeins 70 iðnfyrirtæki hafa 50 starfsmenn eða fleiri. Yfirlit Hagstofunnar er birt hér sem fylgiskjal.

Smæð fyrirtækjanna og fámenni á vinnustað er því sérístenzkt einkenni, sem taka verður tillit til.

d) Ástæðulaust er að spá neinu um það, hvern hljómgrunn krafan um atvinnulýðræði muni fá meðal íslenzkra vinnuveitenda í einkarekstri. Einhverjir atvinnurekendur munu sjálfsagt fullyrða, að afskipti launþega af rekstrinum hafi einungis truflandi áhrif á stjórn hans, enda séu þeir að fara inn á svið, sem þeim komi ekki við, og með þessu sé verið að skerða löghelgaðan eignarrétt atvinnurekandans.

En hvað sem líður afstöðu einkaatvinnurekenda til þessa máls, er hitt ekki ósennilegt, að auðveldara verði að koma á atvinnulýðræði í ríkisrekstri en einkarekstri. Hæg eru heimatökin, ef ríkisvaldið fellst á breytta tilhögun í opinberum rekstri, og sú skoðun mun fljótlega ryðja sér til rúms, að starfsmenn, sem öðlazt hafa reynslu og þekkingu í starfi sínu, eigi frekar heima í stjórn fyrirtækisins en ýmsir embættismenn, pólitískir erindrekar og bitlingasnatar. Á Íslandi er hlutfallslega meira um opinberan rekstur en í flestum löndum Vestur-Evrópu, og má því segja, að skilyrði til að koma atvinnulýðræði í framkvæmd hér á landi séu að þessu leyti góð.

Þá má minna á, að samvinnuhreyfingin á Íslandi er óvenjulega öflug. Eins og fyrr segir, á atvinnulýðræði sérstakan rétt á sér í opinberum rekstri, en ekki á það síður við innan samvinnuhreyfingarinnar. Krafan um lýðræði er náskyld og raunar samofin hinni gömlu samvinnuhugsjón. Félög samvinnumanna byggðu upp starf-

semi sína hér á landi með lýðræðislegu samstarfi neytenda í bæjum og framleiðenda í landbúnaði. Síðar hafa forustumenn samvinnumanna villzt nokkuð af leið með því að blanda blóði við einkaframtakið og hverfa frá lýðræðislegum vinnubrögðum í atvinnurekstri. Iðnfyrirtæki á vegum samvinnufélaganna eru mörg í hlutafélagsformi, og hafa hvorki starfsmenn né neytendur þar nokkur áhrif. Því verður þó ekki neitað, að hin styrka staða samvinnuhreyfingarinnar bætir aðstöðuna til að koma á lýðræði í íslenzkum atvinnurekstri.

Árið 1957 var hlutur einkaauðmagnsins í framleiðslufjármunum þjóðarinnar um 36%, en hlutur ríkis, bæja og samvinnufélaga um 31% (þau 33%, sem eftir eru, tilheyra bændum). Ef tekið er tillit til þess, að í hópi hlutafélaga eru allmörg félög, sem ríki, sveitarfélög og samvinnufélög eiga meiri hlutann í og ráða öllu um, hækkar hlutur þess opinbera og samvinnufélaga á kostnað einkaauðmagnsins. Ef litið er á iðnaðinn sérstaklega, eiga einstaklingar og hlutafélög 70%, en samvinnufélög og opinberir aðilar 30% (með sama fyrirvara og áður). Loks má geta þess, að samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar eru 70 af 362 iðnfyrirtækjum, sem hafa tólf starfsmenn eða fleiri, ríkisfyrirtæki, samvinnufélög eða bæjarfyrirtæki, en þar á meðal eru mörg stærstu iðnfyrirtæki landsins.

Þessi tillaga til þingsályktunar miðar að því að skipa 11 manna nefnd til að undirbúa áætlun til næstu tveggja áratuga um aukið lýðræði í íslenzkum atvinnuvegum. Það skal fúslega viðurkennt, að þetta viðfangsefni er ekki einfalt í framkvæmd. Atvinnulýðræði mun ekki ná fram að ganga nema á löngum tíma og eftir margvíslegar tilraunir. En nauðsynlegt er að hefjast þegar handa um undirbúning: koma á stað viðræðum milli launþega og vinnuveitenda, rannsaka íslenzkar aðstæður og leita eftir reynslu annarra þjóða.

Í tillögunni er ráð fyrir því gert, að stefnt verði að markinu í nokkrum áföngum og sé athyglinni einkum beint í fyrstu lotu að fyrirtækjum í eigu ríkisins og þátttöku starfsmanna í stjórn þeirra. Einnig verði starfsmönnum í einkarekstri veitt aðstaða til að hafa ráðgefandi áhrif í vissum málaflokkum.

Að endingu.

Ýmsir, sem kynna sér þessa tillögu, munu ef til vill spyrja: Er það ekki hálfgerður kommúnismi að vilja ræna vinnuveitendur réttinum til að stjórna eigin rekstri? Er ekki í raun og veru verið að læða sósíalisma inn um bakdyrnar? Þessu er til að svara, að atvinnulýðræði er tvímælalaust eitt skref af mörgum á leiðinni til sósíalismans. Sósíalismi er lýðræði á öllum sviðum þjóðlífsins, og hér er stefnt í lýðræðisátt á einu afmörkuðu sviði.

Þessi staðreynd ætti þó tæpast að fæla menn frá þessu sjálfsagða réttindamáli. Hugsjónir sósíalismans um jafnan rétt allra manna hafa síazt inn í hugmyndaheim jafnvel íhaldssömustu flokka. Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, er það staðreynd, að í krafti réttlætisvitundar hins almenna manns eru sósíalískar hugmyndir í sókn, jafnt á Íslandi sem í afturhaldssömustu ríkjum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að framfarir í tækni og vísindum eru mjög örar á okkar tímum. Hin nýja iðnbylting, sem einkennist af sjálfvirkni og gífurlegri fjöldaframleiðslu, mun bæta lífskjör almennings stórkostlega á komandi árum. Þessi þróun er þó ekki með öllu hættulaus. Í fyrsta lagi má hún ekki hafa í för með sér, að valdið yfir atvinnurekstrinum safnist á hendur örfárra manna. Í öðru lagi er það staðreynd, að samfara vaxandi sjálfvirkni verða störf manna einhæfari, andlausari og tilbreytingarsnauðari. Sérstaklega af þessum ástæðum er það samfélagsleg nauðsyn, að hinn vinnandi maður verði virkur þátttakandi og stjórnandi á þeim stað, þar sem hann dvelur næstum þriðjunginn af ævi sinni, en sé ekki aðeins tannhjól í hinni tröllvöxnu vélasamstæðu atvinnulífsins.

Þessi tillaga til þingsályktunar hefur því tvíþættan tilgang: annars vegar að bæta aðstöðu launþega til áhrifa á sérhverjum vinnustað í atvinnulífi þjóðarinnar — hins vegar að flytja vald og ábyrgð frá hinum fáu til hinna mörgu.

Fylgiskjal.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Reykjavik, 24. febrúar 1965.

Hr. alþingismaður
Ragnar Arnalds.
Reykjavík.

Skv. beiðni yðar látum Hagstofan hérmeð í té yfirlit um fjölda íslenzkra iðnaðarfyrirtækja árið 1963, flokkuð eftir fjölda starfsfólks, eins og hún er talin fram til skýrsluhaldsins árið 1964. Aðeins þau fyrirtæki eru talin með, sem hafa 12 starfsmenn að meðaltali eða fleiri (600 vinnuvikur). Fjöldatölur eru meðaltöl (mæstöl *):

Tegund iðnaðar	12–30 manns				31–50 manns				51–100 manns				Yfir 100 manns				Samtals			
	Rík.	Ábl. hl.	Sjálfs.	Samt.	Rík.	Ábl. hl.	Sjálfs.	Samt.	Rík.	Ábl. hl.	Sjálfs.	Samt.	Rík.	Ábl. hl.	Sjálfs.	Samt.	Rík.	Ábl. hl.	Sjálfs.	Samt.
Slátrun og kjötiðnaður	3	2	4	9	–	–	–	–	–	1	–	1	1	–	–	1	4	5	2	11
Mjólkuriðnaður	1	2	3	6	–	1	–	1	1	–	–	1	–	–	1	1	2	3	4	9
Frystihús, fiskverkun, síldars., niðurs.	5	24	27	56	–	11	15	26	3	6	8	17	2	7	1	10	10	48	51	109
Brauð-, kex- og kökugerð	4	3	–	7	3	–	–	3	–	–	–	–	–	–	–	–	7	3	–	10
Salt- og matvælafrágerð	4	–	–	4	2	1	–	3	1	–	–	1	–	–	–	–	7	1	–	8
Drykkjarvöruiðnaður	1	–	–	1	2	–	–	2	–	–	–	–	1	–	–	1	4	–	–	4
Veiðarfæraiðnaður (ullarverksmiðjur, prjónastofur, netagerðir o.fl.)	6	8	2	16	–	–	–	–	–	1	2	3	1	1	–	2	7	10	4	21
Skógerð, fatagerð o.þ.h.	12	3	–	15	2	–	–	2	4	1	–	5	–	–	–	–	18	4	–	22
Trésmíðaverkstæði og timburgreiðslur	9	10	1	20	1	–	–	1	1	–	–	1	–	–	–	–	11	10	1	22
Pappírsvöruiðnaður (umbúðaverksmiðjur)	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	1	–	–	1	1	–	–	1
Prentun, bóka- og blaðaútgáfur	10	1	1	12	4	1	–	5	4	–	–	4	–	–	–	–	18	2	1	21
Skinna- og leðuriðnaður, annar en skó- og fatagerð	–	–	–	–	–	1	–	1	–	–	–	–	–	–	–	–	–	1	–	1
Gúmmíiðnaður	1	–	–	1	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	1	–	–	1
Efnaiðnaður annar en talinn er annars staðar	–	–	–	–	1	–	–	1	–	–	–	–	1	–	–	1	2	–	–	2
* Lífsnauðsynja, mjólk- og kjötiðnaður	2	5	5	12	1	3	1	5	1	1	2	4	–	1	–	1	4	10	8	22
Ýmis konar framleiðsla	1	1	–	2	1	1	–	2	1	–	–	1	–	–	–	–	3	2	–	5
Gleriðnaður, leirsmíði	2	–	–	2	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	2	–	–	2
Sementsgerð	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	1	–	1	–	1	–	1
Kísil- steinefnaiðnaður	5	–	2	7	–	–	–	–	1	–	–	1	–	–	–	–	6	–	2	8
Málmsmíði	15	10	3	28	1	4	–	5	4	–	–	4	2	–	–	2	22	14	3	39
Smíði og viðgerðir raftækja	2	–	–	2	–	–	–	–	–	1	–	1	–	–	–	–	2	1	–	3
Skipasmíði og viðgerðir	1	3	1	5	–	4	1	5	–	1	–	1	1	–	–	1	2	8	2	12
Bifreiðasmíði og viðgerðir	8	2	4	14	3	2	–	5	2	–	1	3	–	–	–	–	13	4	5	22
Flugvélaviðgerðir	–	–	–	–	1	–	–	1	–	–	–	–	–	–	–	–	1	–	–	1
Plastiðnaður o.fl.	3	–	1	4	–	–	1	1	–	–	–	–	–	–	–	–	3	–	2	5
Samtals	95	74	54	223	22	29	18	69	23	12	13	48	10	10	2	22	150	125	87	362
Samtals að frádr. fiskiðnaði	88	45	22	155	21	15	2	38	19	5	3	27	8	2	1	11	136	67	28	231

Hagstofa Íslands
Sigurður Þorvaldsson

Nd. 392. Breytingartillögur [138. mál]

við frv. til læknaskipunarlaga og við brtt. á þskj. 362.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. Á eftir 9. tölulið komi tveir nýir liðir, svo hljóðandi:
   a. **Kópaskershérað:** íbúar Presthólahrepps austan Blikalóns til Raufarhafnar.
   b. **Þórshafnarhérað:** íbúar Svalbarðshrepps norðan Hálsa til Raufarhafnar.
2. Við 4. gr. Í stað orðsins „ráðinn“ í 1. og 2. málsgr. komi: skipaður.
3. Við 7. gr.
   a. Í stað „7“ í 1. málsgr. komi: 8.
   b. 4. brtt. á þskj. 362 orðist svo:
   Við 7. gr. 2. málsgr. falli niður.

Nd. 393. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, vildi samþykkja frumv. óbreytt, en ég vildi gera nokkrar breytingar á því.

Þrjú meginatriði felast í frumvarpinu: Í fyrsta lagi er lagt til, að greiddar verði sérstakar verðuppbætur á línu- og handfærafisk árið 1965. Í öðru lagi er lagt til, að frystihúsum verði greiddar 33 milljónir króna sem styrkur til framleiðniaukningar. Og í þriðja lagi er lagt til að heimila stjórn Aflatryggingasjóðs að greiða bætur til togara úr sjóðnum miðað við úthaldstíma, en víkja þar með frá settum reglum sjóðsins um bótagreiðslur.

Sú skýring er gefin á ákvæðum frumv. um verðuppbætur á fisk, að ríkisstjórnin hafi við ákvörðun á fiskverði, sem gerð var í janúarmánuði s. l., gefið loforð um þessar greiðslur.

Þegar samið var um fiskverð í janúarmánuði á þessu ári, var aðalráðunautur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, Jónas H. Haralz, formaður yfirnefndar verðlagsráðs og réð úrslitum um ákvarðanir verðlagsráðsins.

Það vekur að sjálfsögðu athygli, að þessi ráðunautur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum skuli nú leggja til, að greiddar verði verðuppbætur á fisk og auk þess teknar upp sérbætur á fisk, sem veiddur er á línu eða handfæri. Þegar viðreisnarstefnan svonefnda hóf göngu sína í ársbyrjun 1960, eða fyrir 5 árum, hélt þessi aðalráðunautur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum því fram, að leggja ætti niður allar uppbótargreiðslur á fisk, og sérstaklega fordæmdi hann þá allar sérbætur, þar sem mismunað væri á milli fisktegunda og verkunaraðferða.

Eftir 5 ára viðreisnartilraunir leggur efnahagsráðunautur ríkisstjórnarinnar sjálfur til að taka á ný upp sérbætur á fisk og mismuna í styrkgreiðslum á milli verkunaraðferða. Sýnir þetta dæmi ljóslega, að ríkisstjórnin og efnahagsráðunautur hennar hafa gersamlega gefizt upp á kenningum sínum í þessum efnum frá árinu 1960.

Ég flyt á sérstöku þingskjali fjórar breytingartillögur við frv.

Fyrsta tillagan stefnir að þeirri breytingu, að þær 33 milljónir króna, sem ráðgert er samkv. 2. gr. frumv. að verja til framleiðniaukningar á frystum fiskafurðum, gangi jöfnum höndum til framleiðniaukningar í öllum greinum fiskiðnaðarins. Ég tel engu minni þörf á því að koma á aukinni hagkvæmni í framleiðslu á salt-

fiski og skreið heldur en í framleiðslu á frystum fiski. Ég tel einnig, að óeðlilegt sé að mismuna á milli verkunaraðferða á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í frumv.

Önnur tillaga mín gerir ráð fyrir, að bætur samkv. frumv. verði fyrst og fremst látnar renna til þeirra fiskframleiðenda, sem erfiðasta eiga aðstöðu. Eins og framkvæmdin hefur verið að undanförnu í skiptingu þeirra uppbóta, sem ríkissjóður hefur lagt fram, hefur mikill meiri hluti bótanna gengið til þeirra framleiðenda, sem bezta afkomu hafa. Þetta tel ég rangt.

Þriðja till. mín gerir ráð fyrir, að styrkur greiddur togurum verði ákveðinn hærri, þegar veitt er fyrir innlendan markað, en þegar aflinn er seldur ísvarinn erlendis.

Fjórða till. mín er um það, að ríkisstjórnin skuli skipa 5 manna nefnd, sem geri tillögur til Alþingis um ráðstafanir til þess að koma togaraútgerð landsmanna á rekstrarhæfan grundvöll.

Alþingi, 31. marz 1965.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 394. Breytingartillögur [154. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 2. gr.
   a. Í stað orðanna „er verja skal til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða“ komi: er verja skal til framleiðniaukningar í fiskiðnaði og annarra endurbóta í framleiðslu fiskafurða.
   b. Við greinina bætist:
      Í reglunum skal ákveðið, að þær fiskframleiðslustöðvar, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu, njóti hlutfallslega hærri styrks en hinar, sem betri aðstöðu hafa.
2. Við 3. gr. Við greinina bætist:
   Styrkur fyrir þann úthaldstíma, sem skip hefur veitt fyrir innlendan markað, skal þó vera helmingi hærri en fyrir þann tíma, sem það hefur veitt fyrir erlendan markað.
3. Á eftir 3. gr. komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
   Ríkisstjórnin skal strax að lögum þessum samþykktum skipa 5 manna nefnd, sem geri tillögur til Alþingis um nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma togaraútgerð landsmanna á rekstrarhæfan grundvöll.

Sþ. 395. Þingsályktun [21. mál]

um aðstoð við þróunarlöndin.

(Afgreidd frá Sþ. 31. marz.)

Samhljóða þskj. 21.

Sþ. 396. Þingsályktun [37. mál]

um endurskoðun laga um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Sþ. 31. marz.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 7 manna nefnd til að endurskoða lög nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, og gera til-

lögur um breytingar, eftir því sem henni þykir ástæða til. Formaður skal skipaður án tilnefningar, en aðrir nefndarmenn samkvæmt tilnefningu Fiskifélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, einn frá hverjum aðila. Nefndin skal sérstaklega gera sér far um að kynna sér skoðanir útvegsmanna og sjómanna í einstökum landshlutum varðandi málið og reynslu þeirra af starfsemi hlutatryggingasjóðs og aflatryggingasjóðs.

Ed. 397. Frumvarp til laga [172. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til kaupa á flugvél, sem aðallega væri notuð á flugleiðum innanlands. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði flugvélar með fylgifé, þó eigi fyrir hærri fjárhæð en 32 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 43 1964 var ríkisstjórninni heimilað að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til kaupa á nýrri flugvél af gerðinni Fokker Friendship til notkunar á innanlandsleiðum. Mátti ábyrgðarfjárhæðin nema allt að 80% af kaupverði vélarinnar með fylgifé, þó eigi hærri fjárhæð en 32 millj. króna. Ábyrgðarheimild þessi hefur nú verið notuð og mun umrædd vél koma til landsins í næsta mánuði.

Flugfélagið telur sér mikla nauðsyn að eignast tvær Friendship flugvélar til þess að geta veitt sem bezta þjónustu á innanlandsleiðum í samræmi við áætlanir, sem gerðar hafa verið um það efni. Hefur því félagið ákveðið að ráðast í kaup á annarri vél af þessari gerð, en til þess að það geti orðið þarf ríkisábyrgð á láni, sem nemi allt að 32 millj. kr., eða jafnhárri fjárhæð og ábyrgzt hefur verið fyrir fyrri vélina. Þar eð ríkisstjórnin vill stuðla að því, að kaup þessi takist, er með frumvarpi þessu farið fram á heimild Alþingis til að veita umbeðna ríkisábyrgð.

Nd. 398. Breytingartillaga [154. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá Gísla Guðmundssyni, Sigurvin Einarssyni, Halldóri Ásgrímssyni og Eysteini Jónssyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Enn fremur leggur ríkissjóður fram á árinu 1965 10 millj. kr., er verja skal til að greiða vinnslustöðvum, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu, vinnsluuppbætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og á fisk veiddan á vissum tímum árs eftir reglum, sem ráðuneytið setur, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna.

Sþ. 399. Breytingartillögur [100. mál]

við brtt. á þskj. 348 [Vegáætlun].

Frá ríkisstjórninni.

Við 13. brtt.

1. Við II. (Þjóðbrautir).
   Nýir liðir á undan 1. tölul.:

Vestfjarðavegur:	1965	1966	1967	1968
a. Sunnan Þingmannaheiðar		1.3	3.4	3.1
b. Gemlufallsheiði				1.8
c. Jarðgöng í Breiðadalsheiði		1.0	3.7	
d. Breiðadalsheiði	2.0	1.5	2.0	

2. Við III. (Landsbrautir).
   Við bætist nýir liðir:

a. Örlygshafnarvegur (Skershlíð)	0.5			
b. Rauðasandsvegur (Skápadalshlíð)	0.2			
c. Bíldudalsvegur (Patreksfj.—Bíldudalur)	1.5	1.9		
d. Flateyrarvegur	0.5			
e. Súgandafjarðarvegur				3.1
f. Djúpvegur (Ísafjörður—flugvöllur—Súðavík)	1.5	0.5	0.4	
g. Bolungarvíkurvegur	1.0	1.1	2.0	

Ed. 400. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og mælir meiri hluti nefndarinnar með samþykkt þess með breytingum, sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þrír nefndarmenn skila séráliti.

Alþingi, 31. marz 1965.

Jón Þorsteinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr. Þorvaldur Garðar Kristjánsson, frsm. Bjartmar Guðmundsson.

Ed. 401. Breytingartillögur [147. mál]

við frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. 4. gr. b-liður orðist svo:
   Framlag úr ríkissjóði, að fjárhæð kr. 40 000 000.00. Til þess að mæta þessum útgjöldum skal miða eignarskatt við gildandi fasteignamat þrefaldað. Þetta gildir þó ekki fyrir þá skattgreiðendur, sem eiga lögheimili á sveitabæjum.
2. Við 5. gr. 2. mgr. Í stað orðanna „vísitölu framfærslukostnaðar“ komi: kaupgreiðsluvísitölu, sbr. lög nr. 63/1964.
3. Við 7. gr. A. 3. mgr. Eftir orðinu „sveitarfélögum“ komi: og Öryrkjabandalagi Íslands.

4. 7. gr. B. orðist svo:
   Lánsupphæðin má nema allt að kr. 280 000.00 á hverja íbúð, þó ekki meira en ¾ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands. Heimilt er þó að veita hærra lán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, og skal í þessu skyni verja 15—20 millj. kr. árlega af tekjum Byggingarsjóðs ríkisins. Húsnæðismálastjórn ákveður lán þessi að fengnum tillögum stjórnar viðkomandi verkalýðsfélags. Um viðbótarlán þessi skal í samráði við miðstjórn Alþýðusambands Íslands setja nánari ákvæði með reglugerð.
   Ef fleiri en ein íbúð eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig. Þó skal engum einstaklingi veitt lán nema út á eina íbúð.
5. Við 7. gr. C. Í stað orðanna „vísitölu framfærslukostnaðar“ komi: kaupgreiðsluvísitölu, sbr. lög nr. 63/1964.
6. Við 9. gr. 2. mgr.
   a. Eftir orðinu „innlánsvöxtum“ í 1. málslið komi: og uppbótum.
   b. Í stað „⅔ hluta af matsverði“ komi: ¾ hluta af matsverði.
7. Við 10. gr. 3. mgr. Í stað „⅔ hluta af matsverði“ komi: ¾ hluta af matsverði.
8. Við 19. gr. 1. málsliður orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 402. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Miðhús í Gufudalshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og mælir með, að það verði samþykkt. ÁB var fjarstaddur, er málið var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 31. marz 1965.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.	Sig. Ó. Ólafsson, fundaskr.	Jón Þorsteinsson.
Páll Þorsteinsson.	Jón Árnason.	Björn Jónsson.

Ed. 403. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um landgræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. á nokkrum fundum og sent það til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands. Búnaðarþing gerði ályktun um málið og taldi m. a., að í frumv. væru nýmæli, sem miðuðu að aukinni starfsemi við landgræðslu og gróðurvernd. Einnig benti það á nokkur atriði í frumv., sem það vildi breyta. Hefur nefndin tekið flestar þær ábendingar til greina og mælir með, að frumv. verði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Ásgeir Bjarnason var fjarstaddur, er málið var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 31. marz 1965.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.	Sig. Ó. Ólafsson, fundaskr.	Jón Þorsteinsson.
Páll Þorsteinsson.	Jón Árnason.	Björn Jónsson.

Ed. 404. Breytingartillögur [104. mál]

við frv. til l. um landgræðslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Landgræðsla ríkisins fer með landgræðslumál samkvæmt lögum þessum og skal hafa aðsetur í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Starfsemin greinist í tvo þætti.
2. Við 3. gr. Síðari málsgr. orðist svo:
   Landgræðslustjóri skal hafa háskólapróf í búfræði eða hliðstæðum greinum. Ráðherra skipar fulltrúa landgræðslustjóra að fengnum tillögum hans, og skal hann fullnægja sömu menntunarskilyrðum og landgræðslustjóri. Heimilt er að fela fulltrúa sérstaklega meðferð annars hvors þáttar landgræðslumála undir yfirstjórn landgræðslustjóra samkv. 2. gr.
3. Við 8. gr. Í 1. málsgr. komi inn á eftir orðinu „uppblásturssvæði“: eða vangróið land.
4. Við 40. gr. Fyrir „sandgræðslu“ í lok greinarinnar komi: landgræðslu.

Ed. 405. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem nefndin flytur tillögur um á sérstöku þskj., og verður gerð grein fyrir þeim við framsögu.

Alþingi, 1. apríl 1965.

Auður Auðuns, form., frsm.
Ólafur Björnsson, fundaskr.
Jón Þorsteinsson.
Páll Þorsteinsson.
Karl Kristjánsson.
Bjartmar Guðmundsson.
Gils Guðmundsson.

Ed. 406. Breytingartillögur [157. mál]

við frv. til l. um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 9. gr., 4. mgr. Í stað orðsins „launakjör“ komi: launakjör og kennsluskyldu.
2. Við 11. gr. 1. og 2. mgr. falli niður.
3. Við 13. gr., 4. mgr. Í stað orðanna „4. mgr.“ komi: 3. mgr.

Sþ. 407. Breytingartillaga [100. mál]

við brtt. á þskj. 348 [Vegáætlun].

Frá Geir Gunnarssyni, Gils Guðmundssyni og Jóni Skaftasyni.

Við 13. lið I. Hraðbrautir.
3. liður orðist svo:

Hafnarfjarðarvegur:	1965	1966	1967	1968
a. Kópavogur—Engidalur			17.5	7.5
b. Kópavogsháls	35.0	35.0		

Nd. 408. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41 frá 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 2. apríl 1965.

Einar Ingimundarson, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson, frsm.
Pétur Sigurðsson.	Matthías Bjarnason.	Ragnar Arnalds.
	Skúli Guðmundsson.	

Ed. 409. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar hefur athugað frumvarp þetta og rætt það allýtarlega. Fékk hún til viðræðu við sig um það ýmsa aðila, sem átt hafa þátt í gerð þess eða vinna að framkvæmd löggjafarinnar um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Margt er í frumvarpinu, sem nefndarmenn greindi ekki á um eða töldu, að bót yrði ekki á ráðin eins og sakir standa.

Hins vegar varð ekki samkomulag í nefndinni um nokkur mjög veigamikil atriði. Klofnaði nefndin þar af leiðandi í þrennt: meiri hluta og tvo minni hluta, sem skila sérálitum og breytingartillögum hver í sínu lagi.

Á vegum meiri hlutans, sem er skipaður stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar í nefndinni, eru lagðar fram á þskj. 401 átta breytingartillögur. Stöndum við í 1. minni hl. að sex þeirra með meiri hlutanum. Eru það tillögurnar: 2., 3., 5., 6., 7., 8. Aftur á móti styðjum við ekki 1. og 4. tillöguna.

Um aðalatriði afstöðu okkar framsóknarmanna í nefndinni til frumvarpsins skal þetta sagt:

Húsnæðismálastjórn hefur að undanförnu, þar til seinni hluta s. l. árs, veitt út á nýbyggingar lán í tvennu lagi: **A-lán,** sem kalla hefur mátt venjuleg fjárfestingarlán, og **B-lán,** sem hafa verið vísitölubundin. B-lánin hafa verið minni hlutinn og allt niður í 10% af samtölu lánanna.

Nú mælir frumvarpið svo fyrir, að allt lánið skuli vera vísitölubundið, vextirnir af því einnig og kostnaðargjaldið til veðdeildar Landsbankans. „Hver árgreiðsla, afborgun, vextir og kostnaður skal hækkuð eða lækkuð eftir því, sem við á, samkvæmt vísitölu," segir þar.

Við teljum, að rétt gæti verið að vísitölutryggja sparifé landsmanna almennt og þá um leið vísitölubinda útlánsfé. Það mundi m. a. hafa mikla þýðingu til mótspyrnu gegn verðbólguvexti. En á meðan slíkt kerfi er ekki upp tekið í bankastarfsemi þjóðarinnar yfirleitt, teljum við óþolandi misrétti, að einn hópur manna sé látinn sæta þeirri útlánastarfsemi hjá ríkisstofnun, að því er snertir fé, sem sú stofnun getur fengið — og hefur fengið — til útlánanna án þess að þurfa að vísitölutryggja eigendum fjárins það. Ekki eykur það réttlætið, að hér er um að ræða sem lántakendur fyrst og fremst láglaunamenn. Hér veltur ekki heldur á smámunum fyrir þessa menn, haldi svo áfram sem horfir í verðbólguþróuninni. Talið er, að um skeið að undanförnu hafi verðbólgan vaxið til jafnaðar um 9% á ári. Samkv. frumvarpinu á að mega lána til íbúðar 280 þús. kr., lánstími á að vera 25 ár, árgjöldin jöfn, nema sem nemur vísitöluröskun. Upplýst er, að fyrsta árgjaldið verði — eins og sakir standa nú — kr. 18 400.07. Haldi verðbólguþróunin áfram með 9% hækkunarhraða á ári, eins og síðustu ár, verður árgjaldið orðið tvöfalt eftir 11 ár o. s. frv.

Þetta er nefnt sem dæmi til skýringar á svona kjörum.

Lánþegar, sem eiga að sæta þessum kjörum, eru hafðir sér í flokki hjá þjóðfélagi sínu. Þeir eru með slíkum lánskjörum hlekkjaðir við ófreskju óðaverðbólgunnar.

Við erum á móti því, að þetta sé gert. Við leggjum til, að sama regla gildi og áður, að lántakendur hjá húsnæðismálastjórninni fái A-lán og B-lán. A-lánin verði ekki vísitölubundin. B-lánin verði vísitölubundin aðeins að því er sjálfa afborgun lánanna snertir og þau verði aldrei hærri en nemur sama hlutfalli af samtölu lánanna beggja og er hlutfall vísitölutryggðs fjár og óvísitölutryggðs fjár, sem húsnæðismálastjórnin hefur til útlánanna á hverjum tíma.

Munar þetta geysilega miklu til hagsbóta fyrir lánþegana frá því, er frumvarpið gerir ráð fyrir, enda verður að leggja á það áherzlu, að ríkisstofnun, sem sett er á laggirnar til þess að liðsinna sérstökum hópi manna, gæti þess, að aðstoðin, sem hún veitir, verði þeim mönnum ekki fjötur um fót og einangri þá ekki til ókjara í samanburði við aðra þegna þjóðfélagsins.

Eins og áður segir, er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að heildarlán megi hæst vera 280 þús. kr. vegna einnar íbúðar, nema undantekning eigi sér stað um efnalitla meðlimi verkalýðsfélaga. Þetta hámark var ákveðið með svonefndu „júnísamkomulagi" s. l. sumar. Síðan hefur vísitala byggingarkostnaðar hækkað mikið. Við leggjum þess vegna til, að í stað 280 þús. kr. hámarks komi 300 þús. kr., og teljum, að ekki megi minna vera til samræmis nú við það, sem var í júní.

Lánin eru vitanlega allt of lítill hluti byggingarkostnaðarins. Hins vegar teljum við þó ekki þýða að flytja tillögu um meiri hækkun þeirra að þessu sinni. Aftur á móti leggjum við til, að þau hækki í samræmi við hækkun byggingarvísitölu framvegis, því að annars lækka þau að notagildi með hækkun hennar. Tillaga okkar er því, að heildargrunnlán á íbúð verði 300 þús. kr. að viðbættri þeirri hækkun, sem verða kann á byggingarvísitölu og komin er í ljós hverju sinni, þegar lán er veitt.

Enn hefur ekki komið til framkvæmda lánahækkun „júnísamkomulagsins", þótt níu mánuðir séu liðnir, síðan það samkomulag var gert — og dýrtíðin hafi

óðfluga hækkað. Hver veit, hve lengi á að draga, að sú framkvæmd fæðist? Engin yfirlýsing hefur heyrzt um það, hvenær hún gangi í gildi.

Við leggjum til, að tekið verði upp í frumvarpið og lögleitt ákvæði um það, að lánahækkunin komi til framkvæmda við lánveitingar til þeirra, sem sótt hafa um lán eftir 1. apríl 1964. Óhætt má fullyrða, að þeir hafa allir haft ástæðu til að gera sér vonir um þessa hækkun. Þeir hafa allir lent — og lenda — í þeirri dýrtíð — eða meiri —, sem hækkunin er við miðuð, og eru allir óafgreiddir enn.

Frumvarpið gerir ráð fyrir 25 ára lánstíma. Við teljum þann lánstíma of stuttan og leggjum til, að hann verði 35 ár. Lenging lánstímans um þessi tíu ár lækkar árgreiðsluna um ca. sjötta part. Þann, sem í bökkum berst, munar um minna.

Frumvarpið ætlast til, að þeir, sem kaupa nýjar íbúðir, geti átt kost á lánum, en það skilyrði er sett, að þeir hafi aflað sér loforðs frá húsnæðismálastjórn, áður en kaupin eru gerð. Þetta ákvæði er að okkar áliti of strangt og mundi stundum vera sama og afbolun, ekki sízt á þeim stöðum, sem eiga um langan veg að sækja til húsnæðismálastjórnar, — kaupatækifærin fara oft svo hratt hjá. Við gerum það þess vegna að tillögu okkar, að nægilegt verði að afla lánsloforðs, áður en afsal íbúðar er út gefið. Það ákvæði veitir kaupanda ráðrúmstíma.

Fleira um afstöðu okkar og tillögur, sem við flytjum á sérstöku þingskjali, sjáum við ekki ástæðu til að taka fram í nefndaráliti, en gerum fyllri grein í framsögu.

Alþingi, 2. apríl 1965.

Karl Kristjánsson, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 410. Breytingartillögur [147. mál]

við frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Karli Kristjánssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 7. gr.

1. Við A-lið greinarinnar:
   a. Í stað orðanna í 1. málsgr. „eða kaup á nýjum íbúðum eru gerð“ komi: eða afsal vegna kaupa á nýrri íbúð er gefið út.
   b. Upphaf 2. málsgr. orðist þannig:
      Sé um að ræða byggingarfélag, sem nýtur ríkisábyrgðar, skal húsnæðismálastjórn, ef um er sótt og unnt er, veita því bráðabirgðalán gegn ríkisábyrgð o. s. frv.
2. Við B-lið greinarinnar. Liðurinn orðist þannig:
   Lánsfjárhæð má vera allt að 300 þús. kr. út á hverja íbúð, að viðbættri hækkun, sem svarar til hækkunar, er verða kann á vísitölu byggingarkostnaðar frá árslokum 1964 til lánveitingardags að telja. Reglan um 300 þús. kr. lán út á íbúð kemur til framkvæmda við lánveitingar til þeirra, sem sótt hafa um lán eftir 1. apríl 1964. Þó skulu lánin ekki nema meiru en ¾ hlutum verðmætis íbúðar, skv. mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbankans. Heimilt er samt að veita hærra lán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, og skal í því skyni verja 15—20 milljónum króna árlega af tekjum byggingarsjóðs ríkisins, ef með þarf vegna gildrar eftirspurnar. Húsnæðismálastjórn ákveður lán þessi að fengnum tillögum viðkomandi verkalýðsfélags. Um viðbótarlánin skal í samráði við miðstjórn Alþýðusambands Íslands setja nánari ákvæði með reglugerð.
   Ef fleiri íbúðir eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig. Þó skal engum einstaklingi veitt lán nema út á eina íbúð.

3. Við C-lið greinarinnar. Liðurinn orðist þannig:
Lán til hverrar íbúðar skal vera í tvennu lagi: A-lán og B-lán, og skal B-lánið vísitölubundið og vera sama hlutfall af lánsfjárhæðinni og vísitölutryggt fé er af fjármagni því, er húsnæðismálastjórnin hefur til útlána hverju sinni.
Lánin skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðast síðan á 35 árum með 4% ársvöxtum og jöfnum árgreiðslum vaxta, kostnaðar og afborgana (annuitetslán). Til greiðslu á kostnaði Veðdeildarinnar vegna starfsemi hennar í þágu byggingarsjóðsins skulu lántakendur greiða árlega af lánsfjárhæð sinni ¼%, sem reiknast á sama hátt og árlegir vextir. Afborgunarhluti hverrar árgreiðslu B-lána skal hækkaður eða lækkaður eftir því, sem við á, til samræmis við kaupgreiðsluvísitölu.
A-lánin skulu tryggð með 1. veðrétti í íbúðinni, sem lánið er veitt til, og B-lán með 1. samhliða veðrétti.

Ed. 411. Breytingartillögur [147. mál]

við frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (AG).

1. Við 5. gr. Orðin „og vaxta“ í 2. málsgr. falli burt.
2. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „en lán skal þó því aðeins veita, að loforð um lánveitingu“ í A-lið komi: en setja má það skilyrði fyrir láni, að loforð um lánveitingu.
   b. Tveir fyrstu málsliðir í B-lið orðist svo:
   Lánsupphæðin skal nema allt að kr. 310000.00 á hverja íbúð, og breytist upphæðin samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, eins og hún er á hverjum tíma. Lánsupphæðin má þó ekki nema meiru en ¾ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbankans.
   c. Í stað orðanna „en greiðast síðan á 25 árum með 4% ársvöxtum“ í fyrsta málslið C-liðar komi: en greiðast síðan á 25 árum eða skemmri tíma, ef lántakandi óskar þess, með 4% ársvöxtum.
   d. Næstsíðasti málsliður í C-lið orðist svo:
   Hver afborgun skal hækkuð eða lækkuð eftir því, sem við á, samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu.
   Til vara:
   Aftan við næstsíðasta málslið C-liðar komi nýr málsliður, svo hljóðandi:
   Þó skal heildargreiðsla vaxta og kostnaðar aldrei fara fram úr því, sem hún hefði orðið, ef miðað væri við 8¼% vexti án vísitöluhækkunar.
3. Við 16. gr. Orðin „eftir því sem fjárlagaheimild hvers árs leyfir“ falli burt.

Ed. 412. Breytingartillaga [157. mál]

við frv. til laga um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Frá Alfreð Gíslasyni.

Við 13. gr. Greinin orðist svo:
Ríkissjóður greiðir einn allan kostnað, er af rekstri skólans leiðir.

Nd. 413. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. l. nr. 14 20. marz 1957.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 2. apríl 1965.

Einar Ingimundarson, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson, frsm.
Björn Fr. Björnsson.	Ragnar Arnalds.	Matthías Bjarnason.
	Skúli Guðmundsson.	

Nd. 414. Breytingartillögur [102. mál]

við frv. til jarðræktarlaga.

Frá Ágúst Þorvaldssyni, Hannibal Valdimarssyni og Birni Pálssyni.

1. Við 5. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist:
   Skrifstofu- og ferðakostnaður greiðist að hálfu af hvorum þessara aðila.
2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir:
   - I. Framræsla vegna túna-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir og handgrafnir opnir skurðir, svo og hvers konar lokuð ræsi):
     Framlag 85% kostnaðar.
   - II. Jarðrækt:
     a. Frumvinnsla lands vegna grænfóðurs- og kornræktar.
     b. Túnrækt á söndum.
     c. Túnrækt á valllendi, móum og melum.
     d. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi.
     e. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis.
     f. Grjótnám.
     Framlag 25% kostnaðar.
   - III. Girðingar um ræktunarlönd:
     a. Sex strengja gaddavírsgirðing.
     b. Fimm strengja gaddavírsgirðing.
     c. Þriggja strengja gaddavírsgirðing á skurðbakka.
     d. Vírnetsgirðing með einum gaddavírsstreng.
     Framlag 25% kostnaðar.
   - IV. Þurrheyshlöður úr varanlegu efni:
     Framlag 15% kostnaðar.
   - V. Votheyshlöður úr varanlegu efni:
     Framlag 25% kostnaðar.
   - VI. Áburðargeymslur:
     a. Safnþrær.
     b. Áburðarhús, haugstæði og kjallarar.
     Framlag 25% kostnaðar.

VII. Súgþurrkunarkerfi með eða án blásara:
Framlag 40% kostnaðar.
VIII. Garðávaxtageymslur steyptar með þaki úr varanlegu efni:
Framlag 15% kostnaðar.
IX. Vatnsveitur til heimilis- og búsþarfa (vatnsupptaka, þar með talin borun fyrir vatni, vatnsgeymar og vatnsleiðsla frá vatnsupptökum að vegg íbúðarhúss).
Framlag ⅓ kostnaðar.

Búnaðarfélag Íslands og Teiknistofa landbúnaðarins láta sérfræðinga sína meta árlega kostnað hverrar tegundar framkvæmda, sem upp eru taldar í grein þessari.

Nd. 415. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til jarðræktarlaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess, eins og það var afgreitt frá Ed. Hannibal Valdimarsson, Björn Pálsson og Ágúst Þorvaldsson áskilja sér rétt að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 2. apríl 1965.

Gunnar Gíslason, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Jónas Pétursson, frsm.
Hannibal Valdimarsson.	Björn Pálsson.	Ágúst Þorvaldsson.
	Sverrir Júlíusson.	

Nd. 416. Frumvarp til læknaskipunarlaga. [138. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. apríl.)

1. gr.

Á Íslandi skulu vera læknishéruð, sem hér greinir:

1. Reykjavíkurhérað: Reykjavíkurborg og Seltjarnarneshreppur. Læknissetur í Reykjavík;
2. Álafosshérað: Þingvallahreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Læknissetur á Álafossi;
3. Akraneshérað: Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Akraneskaupstaður og Leirár- og Melahreppur. Læknissetur á Akranesi;
4. Kleppjárnsreykjahérað: Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Læknissetur á Kleppjárnsreykjum;
5. Borgarneshérað: Borgarhreppur, Borgarneshreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur. Læknissetur í Borgarnesi;
6. Ólafsvíkurhérað: Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur, Neshreppur, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur. Læknissetur í Ólafsvík;
7. Stykkishólmshérað: Miklaholtshreppur, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur og Skógarstrandarhreppur. Læknissetur í Stykkishólmi;

8. Búðardalshérað: Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Læknissetur í Búðardal;
9. Reykhólahérað: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur, Gufudalshreppur, Múlahreppur og Flateyjarhreppur. Læknissetur á Reykhólum;
10. Patreksfjarðarhérað: Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur og Tálknafjarðarhreppur. Læknissetur á Patreksfirði;
11. Bíldudalshérað: Ketildalahreppur, Suðurfjarðahreppur og Auðkúluhreppur. Læknissetur á Bíldudal;
12. Þingeyrarhérað: Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur. Læknissetur á Þingeyri;
13. Flateyrarhérað: Mosvallahreppur og Flateyrarhreppur. Læknissetur á Flateyri;
14. Suðureyrarhérað: Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Suðureyri;
15. Bolungarvíkurhérað: Hólshreppur. Læknissetur í Bolungarvík;
16. Ísafjarðarhérað: Ísafjarðarkaupstaður og Eyrarhreppur. Læknissetur á Ísafirði;
17. Súðavíkurhérað: Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur. Læknissetur í Súðavík;
18. Hólmavíkurhérað: Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur, Óspakseyrarhreppur og Árneshreppur. Læknissetur á Hólmavík;
19. Hvammstangahérað: Bæjarhreppur, Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur. Læknissetur á Hvammstanga;
20. Blönduóshérað: Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi;
21. Höfðahérað: Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað;
22. Sauðárkrókshérað: Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seiluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur og Rípurhreppur. Læknissetur á Sauðárkróki;
23. Hofsóshérað: Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur og Holtshreppur. Læknissetur á Hofsósi;
24. Siglufjarðarhérað: Siglufjarðarkaupstaður og Grímseyjarhreppur. Læknissetur á Siglufirði;
25. Ólafsfjarðarhérað: Ólafsfjarðarkaupstaður. Læknissetur í Ólafsfirði;
26. Dalvíkurhérað: Hríseyjarhreppur, Dalvíkurhreppur, Svarfaðardalshreppur og Árskógshreppur. Læknissetur á Dalvík;
27. Akureyrarhérað: Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur og Svalbarðsstrandarhreppur. Læknissetur á Akureyri;
28. Grenivíkurhérað: Grýtubakkahreppur og Hálshreppur. Læknissetur á Grenivík;
29. Breiðumýrarhérað: Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur og Reykdælahreppur. Læknissetur á Breiðumýri;
30. Húsavíkurhérað: Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur og Flateyjarhreppur. Læknissetur á Húsavík;
31. Kópaskershérað: Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur. Læknissetur á Kópaskeri;
32. Raufarhafnarhérað: Raufarhafnarhreppur. Læknissetur á Raufarhöfn;
33. Þórshafnarhérað: Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur, Sauðaneshreppur og Skeggjastaðahreppur. Læknissetur á Þórshöfn;
34. Vopnafjarðarhérað: Vopnafjarðarhreppur. Læknissetur á Vopnafirði;
35. Norður-Egilsstaðahérað: Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur og Fljótsdalshreppur. Læknissetur á Egilsstöðum;

36. Austur-Egilsstaðahérað: Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur og Hjaltastaðahreppur. Læknissetur á Egilsstöðum;
37. Bakkagerðishérað: Borgarfjarðarhreppur. Læknissetur í Bakkagerði;
38. Seyðisfjarðarhérað: Loðmundarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður. Læknissetur á Seyðisfirði;
39. Neshérað: Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur. Læknissetur í Neskaupstað;
40. Eskifjarðarhérað: Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar. Læknissetur á Eskifirði;
41. Búðahérað: Fáskrúðsfjarðarhreppur, að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Læknissetur í Búðum;
42. Djúpavogshérað: Breiðdalshreppur, Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur. Læknissetur á Djúpavogi;
43. Hafnarhérað: Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Læknissetur á Höfn;
44. Kirkjubæjarhérað: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallahreppur og Álftavershreppur. Læknissetur á Kirkjubæjarklaustri;
45. Víkurhérað: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Læknissetur í Vík;
46. Vestmannaeyjahérað: Vestmannaeyjakaupstaður. Læknissetur í Vestmannaeyjum;
47. Hvolshérað: Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur. Læknissetur á Stórólfshvoli;
48. Helluhérað: Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur. Læknissetur á Hellu;
49. Laugaráshérað: Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Grímsneshreppur. Læknissetur í Laugarási;
50. Selfosshérað: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur á Selfossi;
51. Eyrarbakkahérað: Stokkseyrarhreppur og Eyrarbakkahreppur. Læknissetur á Eyrarbakka;
52. Hveragerðishérað: Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur. Læknissetur í Hveragerði;
53. Keflavíkurhérað: Grindavíkurhreppur, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Keflavíkurkaupstaður og Njarðvíkurhreppur. Læknissetur í Keflavík;
54. Hafnarfjarðarhérað: Vatnsleysustrandarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur. Læknissetur í Hafnarfirði;
55. Kópavogshérað: Kópavogskaupstaður. Læknissetur í Kópavogi.

Heimilt skal að ráða, þegar á þarf að halda að dómi landlæknis, einn lækni með ótiltekinni búsetu til að veita neyðarlæknisþjónustu í læknislausum héruðum á hvern þann hátt, er við verður komið vegna staðhátta og annarra aðstæðna.

2. gr.

Í eftirgreindum læknishéruðum eiga íbúar einstakra hreppa og hreppshluta jöfnum höndum rétt á að vitja héraðslæknis í nágrannahéraði, eins og hér greinir:

1. Búðardalshérað: íbúar Skarðshrepps og íbúar Klofningshrepps til Stykkishólms;
2. Stykkishólmshérað: íbúar Miklaholtshrepps til Borgarness;
3. Reykhólahérað: íbúar Flateyjarhrepps til Stykkishólms;
4. Bíldudalshérað: íbúar Auðkúluhrepps til Þingeyrar;
5. Þingeyrarhérað: íbúar Ingjaldssands til Flateyrar;

6. Súðavíkurhérað: íbúar héraðsins utan Súðavíkurhrepps til Ísafjarðar;
7. Blönduóshérað: íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár til Höfðakaupstaðar;
8. Siglufjarðarhérað: íbúar Grímseyjar til Húsavíkur og Akureyrar;
9. Grenivíkurhérað: íbúar Háls- og Illugastaðasókna í Hálshreppi til Akureyrar;
10. Breiðumýrarhérað: íbúar Ljósavatnshrepps neðan Þóroddsstaðar til Húsavíkur;
11. Kópaskershérað: íbúar Presthólahrepps austan Blikalóns til Raufarhafnar;
12. Þórshafnarhérað: íbúar Svalbarðshrepps norðan Hálsa til Raufarhafnar;
13. Hafnarhérað: íbúar Hofshrepps til Kirkjubæjarklausturs;
14. Kirkjubæjarhérað: íbúar Álftavershrepps til Víkur;
15. Víkurhérað: íbúar Austur-Eyjafjallahrepps til Stórólfshvols;
16. Helluhérað: íbúar Rangárvallahrepps sunnan Þverár til Stórólfshvols.

Í hverju einstöku tilfelli á hlutaðeigandi forgangsrétt til þjónustu af hendi þess héraðslæknis, sem greiðast er að ná til.

3. gr.

Ráðherra getur, eftir tillögu landlæknis, leyft héraðslækni að sitja annars staðar en á lögskipuðu læknissetri og, ef nauðsyn krefur, utan héraðs.

4. gr.

Nú tekst ekki í eitt ár að fá héraðslækni skipaðan í eitthvert læknishérað samkvæmt 1. gr., þó að það hafi verið auglýst minnst þrisvar, og er þá heimilt að sameina héraðið því nágrannahéraði, sem bezt hentar, ef staðhættir annars leyfa slíka sameiningu, enda verði læknir skipaður til starfa í hinu sameinaða læknishéraði ásamt héraðslækni þeim, sem starfar þar fyrir.

Þar sem staðhættir leyfa, má sameina fleiri læknishéruð, þegar svo stendur á, sem um ræðir í 1. mgr., enda verði að jafnaði skipaður læknir til viðbótar fyrir hvert hérað, sem sameinað er.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um læknamiðstöðvar, sem upp kunna að rísa samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

5. gr.

Forseti skipar landlækni og héraðslækna.

Reykjavíkurhéraði gegnir borgarlæknir, ráðinn af borgarstjórn, en skipaður af forseta. Áður en borgarlæknir er ráðinn, skal leita umsagnar ráðherra um umsækjendur.

Landlæknir og héraðslæknar taka laun samkvæmt hinu almenna launakerfi starfsmanna ríkisins. Borgarlæknir í Reykjavík tekur laun úr borgarsjóði. Þegar nauðsyn krefur, er héraðslækni skylt að taka við skipun um að annast, ásamt þjónustu héraðs síns, þjónustu nágrannalæknishéraðs gegn hálfum byrjunarlaunum þess héraðs.

Um skipun (ráðningu) annarra embættislækna og lækna ríkisstofnana fer eftir sérstökum lögum og venjum þar að lútandi.

Við veitingu héraðslæknaembætta skal sá umsækjandi, sem hefur lengstan starfsaldur sem héraðslæknir, að öðru jöfnu sitja fyrir öðrum umsækjendum um stöðuna.

6. gr.

Í eftirtöldum héruðum skal greiða héraðslækni staðaruppbót á laun, er nemi hálfum launum í hlutaðeigandi héraði: Búðardalshéraði, Reykhólahéraði, Bíldudalshéraði, Þingeyrarhéraði, Flateyrarhéraði, Suðureyrarhéraði, Hólmavíkurhéraði, Ólafsfjarðarhéraði, Kópaskershéraði, Raufarhafnarhéraði, Þórshafnarhéraði, Vopnafjarðarhéraði, Norður-Egilsstaðahéraði, Austur-Egilsstaðahéraði, Bakkagerðishéraði, Búðahéraði, Djúpavogshéraði, Hafnarhéraði, Kirkjubæjarhéraði og Víkurhéraði.

Nú hefur héraðslæknir setið samfleytt 5 ár í einhverju þeirra héraða, er um ræðir í 1. mgr., og á hann þá rétt á að hljóta, án skuldbindingar um áframhaldandi héraðslæknisþjónustu, eins árs frí með fullum launum til framhaldsnáms hér á landi eða erlendis og að fá greiddan úr ríkissjóði fargjaldakostnað fyrir sig og fjölskyldu sína að heiman og til þess lands í Evrópu eða Norður-Ameríku, þar sem hann hyggst stunda námið. Að ársleyfi loknu skal hann eiga rétt á að fá greiddan á sama hátt fargjaldakostnað heim til Íslands aftur, enda skuldbindi hann sig þá til að gegna áfram héraðslæknisstörfum. Eftir þriggja ára samfellda setu á hann þó rétt á að hljóta slíkt frí með sömu kjörum, en gegn skuldbindingu um að gegna áfram héraðslæknisstörfum eigi skemur en 2 ár að ársleyfi loknu. Ráðherra getur, ef nauðsyn krefur, takmarkað tölu þeirra, sem orðið geta aðnjótandi réttinda á einu og sama ári samkvæmt þessari málsgrein. Ráðherra er einnig heimilt að veita héraðslækni frí öðru sinni með sömu skilyrðum og að framan greinir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Nánari ákvæði um framkvæmd framangreindra atriða skulu sett í reglugerð.

Við embættaveitingar eða ráðningar í stöður við heilbrigðisstofnanir ríkisins eða héraðslæknisembætti skal embættis-(starfs-)aldur héraðslæknis í héruðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr., teljast 5 ár fyrir hver 3 ár, sem hann hefur gegnt héraðinu.

Ráðherra þeim, er fer með heilbrigðismál, skal heimilt, samkvæmt tillögu landlæknis, að láta auk þessa 5 ótiltekin læknishéruð njóta framantalinna hlunninda, eftir að þau hafa verið auglýst þrisvar í röð, án þess að læknir fáist þangað.

7. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði fjárhæð, sem svarar árslaunum 8 aðstoðarlækna héraðslækna. Þjónustu þeirra skulu njóta:

a) allir héraðslæknar, meðan þeir eru í orlofi eða forfallaðir sökum veikinda eða slysa samkvæmt ákvæðum um orlof og veikindaforföll opinberra starfsmanna,
b) héraðslæknar í fjölmennum kaupstaðarhéruðum,
c) héraðslæknar í fjölmennum eða erfiðum læknishéruðum utan kaupstaða, þar sem annar læknir starfar ekki, og
d) héraðslæknar, sem vilja afla sér aukinnar menntunar til héraðslæknisstarfa, þó ekki þegar um er að ræða námsdvöl samkvæmt 2. mgr. 6. gr.

Hlutaðeigandi héraðslæknar ráða sér aðstoðarlækna samkvæmt þessari grein í samráði við landlækni, en ráðherra staðfestir ráðningu þeirra.

8. gr.

Um greiðslu fyrir störf héraðslækna fer sem hér segir:

1. Embættislaun héraðslækna skulu greidd fyrir embættisstörf, en til slíkra starfa telst einkum: Samfelld gegningarskylda læknis í héraði, öll tilskilin skýrslugerð, sóttvarnir, ónæmisaðgerðir, berklapróf, almennt heilbrigðiseftirlit, svo sem með vatnsbólum, fráræslu, húsakynnum, þrifnaði, matvælum, aðbúnaði í verksmiðjum og á öðrum vinnustöðum og ýmislegt fleira, er fellur undir starfssvið heilbrigðisnefnda eða tekið er fram í erindisbréfi héraðslækna.

2. Fyrir störf í þágu sjúkrasamlaga og annarra greina almannatrygginga fari greiðsla eftir gjaldskrá, sem landlæknir semur og ráðherra staðfestir, eða samningum, er stéttarfélög lækna eiga annars vegar hlut að fyrir hönd lækna, en sjúkrasamlög eða Tryggingastofnun ríkisins hins vegar.

3. Fyrir störf, önnur en embættisstörf, í þágu ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir sömu reglum og þá er sjúkrasamlög eða aðrar greinar almannatrygginga eiga í hlut.

4. Fyrir störf í þágu annarra en almannatrygginga, ríkis, sveitarfélaga og opinberra stofnana fari greiðsla eftir reglum, er stéttarfélög lækna setja og birta almenningi. Nú eru slíkar reglur ekki birtar, og mega þá læknar, er í hlut eiga, ekki krefjast hærri greiðslu en þá er almannatryggingar eiga í hlut.

Verði héraðslæknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, ber að sjá honum fyrir öruggum flutningi ókeypis og svo beina leið, sem hægt er, frá og til heimilis hans.

9. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði ⅔ launa handa allt að sex hjúkrunarkonum til starfa í læknishéruðum. Hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir ráða héraðshjúkrunarkonur með ráði hlutaðeigandi héraðslæknis og í samráði við landlækni, en ráðherra staðfestir ráðningu þeirra.

Ráðherra setur héraðshjúkrunarkonum erindisbréf.

10. gr.

Landlæknir er ráðunautur ráðherra um allt það, er varðar heilbrigðismál, og annast framkvæmdir þeirra mála fyrir hönd ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með öllum læknum og heilbrigðisstarfsmönnum, en einkum héraðslæknum (í Reykjavík borgarlækni), öðrum embættislæknum og opinberum heilbrigðisstarfsmönnum.

Landlæknir skipuleggur skýrslugerðir héraðslækna (í Reykjavík borgarlæknis), annarra lækna og heilbrigðisstofnana, innheimtir fyrirskipaðar skýrslur frá þessum aðilum og annast útgáfu heilbrigðisskýrslna landsins.

11. gr.

Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) hafa, hver innan síns héraðs, eftirlit með heilbrigðismálum og annast þar framkvæmdir opinberra heilbrigðisráðstafana samkvæmt lögum og fyrirmælum ráðherra og undir eftirliti landlæknis.

Héraðslæknar stunda almennar lækningar hver í sínu héraði, annast lyfjasölu, þar sem er ekki sérstök lyfjabúð, og eru skyldir til að gegna aðkallandi sjúkravitjunum, hvenær sem þess er leitað, nema þeir séu hindraðir af öðrum embættisstörfum, sem eru meira aðkallandi, eða sjálfir sjúkir. Með þátttöku í læknaverði geta þeir og leyst sig undan gegningarskyldu á nánara tilteknum tímum.

Borgarlækni í Reykjavík er ekki skylt að sinna almennum lækningum. Í fjölmennum kaupstaðarhéruðum, þar sem er nægur fjöldi starfandi lækna, má ráðherra heimila héraðslækni að takmarka að meira eða minna leyti störf sín að almennum lækningum.

Nú er héraðslæknis vitjað úr öðru læknishéraði en sínu héraði til konu í barnsnauð eða í annarri mjög brýnni nauðsyn, fyrir þá sök að hægara er að ná til hans en hlutaðeigandi héraðslæknis, og er honum þá jafnskylt að vitja sjúklingsins sem héraðsbúi hans ætti í hlut.

Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) mega ekki, nema með sérstöku leyfi ráðherra, takast á hendur önnur föst, launuð störf en þau, er við koma embættisstörfum þeirra. Héraðslæknir má veita forstöðu eða starfa við almennt sjúkrahús við hæfi héraðs síns, en ekki gegna víðtækari sjúkrahúslæknisstörfum nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Ráðherra setur héraðslæknum og aðstoðarlæknum héraðslækna erindisbréf og kveður þar nánara á um skyldur þeirra og réttindi.

Borgarstjórn setur borgarlækni í Reykjavík erindisbréf, sem ráðherra staðfestir.

Um verksvið annarra embættislækna og lækna ríkisstofnana fer eftir sérstökum lögum og venjum þar að lútandi.

12. gr.

Nú sezt starfandi læknir að í læknishéraði, þar sem er ekki sérstök lyfjabúð, eða þar í héraði, sem langt er til lyfjabúðar að sækja, og fer þá um lyfjaafgreiðslu til sjúklinga hans eftir því, sem segir í 42. gr. lyfsölulaga, nr. 30 29. apríl 1963.

13. gr.

Heimilt skal, samkvæmt tillögum landlæknis, að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands, að veita á ári hverju læknastúdentum ríkislán til náms gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði að afloknu námi. Engum má þó veita slíkt námslán, fyrr en hann hefur staðizt fyrsta hluta embættisprófs. Nánari ákvæði um námslán þessi skal setja í reglugerð.

14. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Bifreiðalánasjóður héraðslækna.

Heimilt skal að lána héraðslæknum fé úr sjóðnum til bifreiðakaupa.

Þeir læknar einir, sem eru að hefja héraðslæknisstörf og skuldbinda sig til þess að sitja minnst eitt ár í héraði, eiga rétt til lántöku úr sjóðnum.

Ríkissjóður leggur sjóðnum 1 milljón króna stofnfé.

Ákvæði um stjórn sjóðsins, lánsfjárhæð og lánsskilyrði skal setja í reglugerð.

15. gr.

Heimilt er, að fengnum tillögum landlæknis, að greiða úr ríkissjóði allt að helmingi kostnaðar við nauðsynleg lækningatæki og útbúnað í lækningastofu héraðslæknis í fámennum læknishéruðum, gegn jafnmiklu framlagi frá læknishéraðinu.

16. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, til viðbótar heimildum, sem fyrir eru, að greiða allt að 300 þús. kr. árlega til þess að bæta læknisþjónustu í þeim héruðum, þar sem mestra úrbóta er þörf að dómi landlæknis.

17. gr.

Héraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við þær breytingar, sem verða á héruðum þeirra eða embættum eftir lögum þessum.

18. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi læknaskipunarlög, nr. 16 9. apríl 1955, og lög nr. 45 21. apríl 1962, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Áður en núverandi Flateyjarhérað og Djúpavíkurhérað, sem sameina skal öðrum héruðum samkvæmt 1. gr., verða lögð niður og sameinuð öðrum læknishéruðum, skulu þau auglýst laus til umsóknar þrisvar í röð með sömu kjörum og læknar njóta í læknishéruðum þeim, sem um ræðir í 6. gr.

2. Ákvæði 6. gr., 2. mgr. laga þessara koma fyrst til framkvæmda tveimur árum eftir gildistöku þeirra.

Ed. 417. Frumvarp til laga [173. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. grein laganna eru gerðar þessar breytingar:

1.	08.04	21	orðist svo:	
		21	Rúsínur	25%
2.	08.06		orðist svo:	
	08.06		**Epli, perur eða kveður, nýtt:**	
		10	*Epli*	15%
		20	*Perur og kveður*	15%
3.	08.12	01	orðast svo:	
	08.12	01	Sveskjur	25%
4.	15.07	81	orðist svo:	
	15.07	81	*Sojabaunaolía*	10%
5.	15.07	82	orðist svo:	
	15.07	82	*Baðmullarfræsolía*	10%
6.	18.06		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		02	Nougatmassi í 10 kg blokkum og stærri	70%
7.	19.05	00	orðist svo:	
	19.05	00	**Neyzluvörur úr uppbólgnuðu eða steiktu korni eða kornvörum, svo sem „puffed rice", „corn flakes" eða þess konar vörur**	50%
8.	20.07	09	orðist svo:	
		09	Annar	60%
9.	21.07		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		05	Hálftilreidd kornvara	50%
10.	39.07		Hér komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:	
		67	Mjólkurumbúðir, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		68	Smávarningur og annað þess háttar, úr plasti, til að búa, slá eða leggja með ýmsa hluti, snagar, fatahengi, hilluhné og annað þess háttar	70%
11.	58.02	00	orðist svo:	
	58.02		**Önnur gólfteppi (þar með taldir gólfdreglar og mottur), einnig fullgerð, kelím-, sumak-, karamaniteppi og önnur svipuð teppi, einnig fullgerð:**	
		01	Gólfteppi úr plasti án vefnaðar	60%
		09	Önnur	90%
12.	64.01	01	orðist svo:	
		01	Vaðstígvél með lágum hæl (ekki ætluð utan yfir aðra skó), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	25%
13.	73.22	00	orðist svo:	
	73.22		**Geymar, ker og önnur slík stór ílát, úr járni eða stáli, með yfir 300 lítra rúmtaki, undir alls konar efni, einnig klædd að innan og hitaeinangruð, en ekki með mekanískum búnaði eða hitunarbúnaði:**	
		01	Tankar úr ryðfríu stáli sérstaklega fyrir mjólk, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	25%
		09	Annað	50%

14. 73.29 09 orðist svo:

	09	Aðrar	35%

15. Í stað 84.01 00 til 84.65 09 komi:

84.01	00	**Katlar til framleiðslu á vatnsgufu eða annarri gufu (gufukatlar), þó ekki vatnsmiðstöðvarkatlar, sem einnig geta framleitt gufu með lágum þrýstingi**	25%
84.02	00	**Hjálpartæki við vatnsgufukatla og aðra gufukatla (t. d. forhitarar, yfirhitarar, gufugeymar, sótblásarar); eimsvalar (condensers) við gufuvélar**	25%
84.03	00	**Tæki til framleiðslu á loftgasi, vatnsgasi og acetylengasi (með vatnsaðferð) og önnur svipuð tæki til gasframleiðslu, einnig með hreinsitækjum**	25%
84.04	00	**Gufuvélar með sambyggðum katli (þar með taldir gufuvagnar, en ekki gufudráttarvélar í nr. 87.01 né vélknúnar vegþjöppur)**	25%
84.05	00	**Gufuvélar án ketils**	25%
84.06		**Brunahreyflar með bullu:**	
	10	*Flugvélahreyflar*	0
		Aðrir:	
	21	Benzínhreyflar og aðrir hreyflar með neistakveikju	35%
	22	Dísilhreyflar og hreyflar með þrýstikveikju, 200 hestöfl eða stærri	10%
	23	Dísilhreyflar og hreyflar með þrýstikveikju, minni en 200 hestöfl	35%
	24	Hlutar til hreyfla, sem teljast til nr. 84.06, þó ekki til flugvélahreyfla	35%
	29	Annars	35%
84.07	00	**Vatnshjól, vatnshverflar og aðrar vatnsknúnar aflvélar, ásamt tilheyrandi gangráðum (regulators)**	35%
84.08		**Aðrar aflvélar og hreyflar:**	
	10	*Flugvélahreyflar*	0
		Gashverflar (turbins) fyrir annað en flugvélar:	
	21	Gashverflar til bifreiða	35%
	29	Annars	35%
		Aðrar:	
	31	Aflvélar og hreyflar til bifreiða, ót. a.	35%
	39	Annars	35%
84.09	00	**Sjálfknúnar vegþjöppur**	25%
84.10		**Vökvadælur (þar með taldar hreyfidælur og hverfidælur), einnig með tilheyrandi mælum; vökvalyftur, sem vinna með skóflum, keðjum, sniglum, böndum og öðru þess háttar:**	
	01	Síldardælur, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4%
	09	Annað	35%
84.11		**Loftdælur, undirþrýstingsdælur, loft- og gasþjöppur (þar með taldar hreyfildælur og hverfildælur, hreyfilþjöppur, hverfilþjöppur og lausabulluþjöppur fyrir gashverfla), rellur, blásarar og annað þess háttar:**	
	01	Heyblásarar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	10%
	09	Annað	35%
84.12	00	**Loftjöfnunartæki sambyggð, gerð með hreyfildrifinni rellu og útbúnaði til að breyta rakainnihaldi og hitastigi loftsins**	35%
84.13	00	**Brennarar fyrir fljótandi eldsneyti (úðarar), fyrir malað fast**	

		eldsneyti og gas; vélkyndarar (mechanical stokers), vélristar (mechanical grates), mekanísk öskuhreinsunartæki og annar svipaður útbúnaður	35%
84.14	00	**Ofnar fyrir iðnaðar- og rannsóknarstofur (þó ekki rafmagnsofnar)**	25%
84.15		**Kæliskápar, tæki og vélar til kælingar og frystingar, útbúið fyrir rafmagn eða á annan hátt:**	
		Kæli- og frystivélar og samstæður, aðrar en þær, sem einkum eru til heimilisnotkunar:	
	11	Afgreiðsluborð og sýningarskápar fyrir verzlanir og varahlutir í þau	35%
	12	Kæli- og frystivélasamstæður aðrar	15%
	19	Hlutar til kæli- og frystivélasamstæðna ót. a.	15%
	20	*Kælitæki, einkum til heimilisnotkunar, ekki rafmagnsknúin*	80%
		Kælitæki, einkum til heimilisnotkunar, rafmagnsknúin:	
	31	Kælitæki	80%
	39	Varahlutir í kælitæki (þó ekki fylgihlutir), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
84.16	00	**Sléttipressur (calendering machines) og aðrar svipaðar valsvélar (þó ekki slíkar vélar til vinnslu málma og glers), einnig valsar til þeirra**	35%
84.17		**Vélar, tæki og vélasamstæður til rannsóknarstofa, einnig með rafmagnsupphitun, til vinnslu á efnum með aðferðum, sem fela í sér hitabreytingu, t. d. með upphitun, suðu, stiknun, eimingu, hreinsun, dauðhreinsun, pasteurhitun, eimvæting, þurrkun, uppgufun, gufugerð, þéttingu eða kælingu (þó ekki slíkar vélar til heimilisnotkunar); hrað- eða geymavatnshitarar, sem ekki eru gerðir fyrir rafmagn:**	
		Vélar, tæki og vélasamstæður (aðrar en þær, sem teljast til nr. 84.17.20):	
	11	Eimarar og þéttar til kæli- og frystivéla	15%
	12	Vélar til fiskiðnaðar og hvalvinnslu	15%
	13	Mjólkurvinnsluvélar (þó ekki skilvindur)	25%
	14	Kaffihitarar og önnur tæki til veitingarekstrar	35%
	19	Annað	35%
	20	*Hrað- eða geymavatnshitarar, einkum til heimilisnotkunar, ekki fyrir rafmagn*	35%
84.18		**Skilvindur; vélar og tæki til síunar og annarrar hreinsunar á vökvum og lofttegundum (þó ekki síunartrektar, mjólkursíur og annað þess háttar):**	
		Mjólkurskilvindur:	
	11	Mjólkurskilvindur, einkum til heimilisþarfa	20%
	19	Aðrar	25%
		Annað:	
	21	Þeytivélar til þurrkunar á þvotti, einkum til heimilisnotkunar	80%
	22	Aðrar þeytivélar til þurrkunar á þvotti	35%
	23	Lýsisskilvindur	10%
	24	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar þær og tæki, sem falla undir nr. 84.18.21, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
	29	Annars	35%

84.19		**Vélar og tæki til hreinsunar og þurrkunar á flöskum og öðrum ílátum; vélar og tæki til að fylla á, loka og líma einkennismiða á flöskur, dósir, öskjur, poka og önnur ílát; aðrar umbúðavélar og tæki; vélar og tæki til blöndunar kolsýru í drykkjarvörur; uppþvottavélar:**	
	01	Uppþvottavélar, einkum til heimilisþarfa	80%
	02	Aðrar uppþvottavélar	35%
	03	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í uppþvottavélar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
	09	Annað	25%
84.20	00	**Vogir, þar með taldar talnings- og eftirlitsvogir (þó ekki vogir, sem eru svo nákvæmar, að þær vegi 5 cg eða minna); vogarlóð alls konar**	35%
84.21	00	**Mekanísk tæki (einnig handdrifin) til dreifingar, sprautunar og úðunar á vökvum og dufti; slökkvitæki, einnig með fyllingum, úðabyssur og önnur svipuð áhöld; sand- og gufublásarar og svipaðar blástursvélar**	25%
84.22		**Vélar og tæki til lyftingar, hleðslu, losunar og flutnings (t. d. lyftur, lyftivindur, kranar, tjakkar, talíur, þráðbrautir og færibönd), að undanskildum vélum þeim og tækjum, er teljast til nr. 84.23:**	
	01	Kraftblakkir til fiskiskipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4%
	02	Vindur sérstaklega til skipa, ót. a.	20%
	03	Lyftikranar	25%
	04	Lyftur til vöru- og mannflutninga	50%
	05	Heyblásarar (til að færa til hey), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	10%
	09	Annað	35%
84.23		**Vélar og tæki til graftar, námuvinnslu, grjótnáms og annars þess háttar, fastar eða færanlegar (t. d. kolanámuvélar, vélskóflur, jöfnunarvélar og jarðýtur); fallhamrar; snjóplógar (þó ekki þeir snjóplógar, sem eru sjálfknúin ökutæki):**	
	01	Grafvélar og vélskóflur	25%
	02	Jarðýtur	25%
	03	Vegheflar	25%
	04	Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	10%
	09	Annað	25%
84.24		**Landbúnaðar- og garðyrkjuvélar til vinnslu jarðvegs og ræktunar (t. d. plógar, herfi, diska- og fjaðraherfi, sáningsvélar og áburðardreifarar); valtarar fyrir tún og íþróttavelli:**	
	01	Plógar	10%
	02	Herfi	10%
	03	Áburðardreifarar	10%
	09	Annað	10%
84.25		**Uppskeruvélar og þreskivélar; hálm- og fóðurpressur; sláttuvélar (þar með taldar handsláttuvélar); vélar til hreinsunar á fræi, korni og belgávöxtum, einnig ávaxtaflokkunarvélar, eggjaflokkunarvélar og aðrar flokkunarvélar við landbúnaðarframleiðslu (þó ekki mölunarvélar, er teljast til nr. 84.29):**	
	01	Garðsláttuvélar (þar með handsláttuvélar)	35%
	02	Aðrar sláttuvélar	10%

	03	Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti	10%
	04	Rakstrar- og snúningsvélar	10%
	05	Flokkunarvélar	25%
	09	Annað	10%
84.26		**Mjólkurbúsvélar og mjaltavélar:**	
	01	Mjaltavélar	10%
	02	Mjólkurvinnsluvélar	25%
	09	Aðrar	25%
84.27	00	**Pressur, marningsvélar og aðrar vélar og tæki til notkunar við framleiðslu á víni, víndrúfnasafa, öðrum ávaxtasafa og öðru þess háttar**	25%
84.28	00	**Aðrar vélar og tæki til landbúnaðar, garðyrkju, alifuglaræktar og býflugnaræktar; spírunartæki með mekanískum útbúnaði eða útbúnaði til upphitunar; útungunarvélar og ungamæður**	25%
84.29	00	**Vélar og tæki til brauðkornsmölunar og aðrar vélar og tæki til vinnslu á korni og belgávöxtum (þó ekki vélar og tæki, er talizt geta landbúnaðartæki)**	25%
84.30		**Vélar og tæki, sem ekki teljast til einhvers annars númers þessa kafla, til notkunar við framleiðslu mat- og drykkjarvara (í brauðgerðarhúsum, brauðverksmiðjum, kexverksmiðjum, makkaróníverksmiðjum, súkkulaðiverksmiðjum, sykurverksmiðjum, súkkulaði- og sykurvöruverksmiðjum og ölgerðum; einnig til vinnslu á kjöti, fiski, ávöxtum og grænmeti, þar með taldar hakkavélar og skurðvélar):**	
	01	Vélar og tæki til brauð- og kexgerðar	25%
	02	Vélar og tæki til súkkulaði- og sykurvörugerðar	25%
	03	Vélar og tæki til kjötvinnslu	25%
	04	Vélar og tæki til drykkjarvörugerðar	25%
	05	Flökunarvélar, flatningsvélar og hausskurðarvélar til vinnslu á fiski	10%
	09	Aðrar	25%
84.31	00	**Vélar og tæki til framleiðslu og vinnslu á pappírsmassa, pappír og pappa**	25%
84.32	00	**Bókbandsvélar (þar með taldar saumavélar til að hefta bækur)**	25%
84.33	00	**Pappírs- og pappaskurðarvélar; aðrar vélar til vinnslu á pappírsmassa, pappír og pappa**	25%
84.34		**Vélar, tæki og áhöld til að steypa og setja prentletur; vélar til framleiðslu og eftirvinnslu á prentmyndamótum, prentplötum og prentvölsum (þó ekki verkfæri, er teljast til nr. 84.45, 84.46 og 84.47); prentletur, matrixur, prentmyndamót, prentplötur, prentvalsar og annað þess háttar; litógrafísteinar, plötur og valsar undirbúnir til grafískrar notkunar (t. d. sléttað, kornað eða fágað):**	
	01	Setningarvélar og vélar til framleiðslu og eftirvinnslu á prentmyndamótum, prentplötum, prentvölsum og þess háttar	25%
	02	Prentletur, matrixur og tilheyrandi	25%
	03	Prentmyndamót, prentplötur, prentvalsar og þess háttar	25%
	04	Litógrafísteinar, plötur og valsar, undirbúnir til grafískrar notkunar	25%
	09	Annað	25%
84.35	00	**Aðrar prentvélar og hjálparvélar þeim tilheyrandi**	25%
84.36	00	**Vélar til pressunar (extrusion) á tilbúnum spunatrefjum; vél-**	

		ar til vinnslu á spunaefnum, náttúrlegum og tilbúnum; spuna- og tvinningarvélar og spólunar- og hespunarvélar	25%
84.37		**Vefstólar, prjónavélar og vélar til framleiðslu á yfirspunnum þræði, tylli, laufaborðum og knipplingum, útsaumi, possementi og netefnum; vélar til vinnslu á garni til notkunar í slíkum vélum (þar með taldar skurðarvélar og sléttunarvélar):**	
	01	Prjónavélar	25%
	09	Aðrar	25%
84.38	00	**Hjálparvélar og hjálpartæki til notkunar við vélar þær, er teljast til nr. 84.37 (t. d. skeftivélar, Jacquard-vélar, sjálfvirk tæki til stýringar á uppistöðu- og ívafsþráðum, skyttuskiptingarvélar); hlutar og tæki, er eingöngu eða aðallega heyra til og eru notuð við vélar þær, er teljast til þessa númers eða nr. 84.36 og 84.37 (t. d. snældur (spindles) og snælduleggir (spindle flyers), kambar, spunamunnstykki, skyttur, höföld og nálar í prjónavélar)**	25%
84.39	00	**Vélar og tæki til framleiðslu og snyrtingar á flóka í metramáli og af annarri lögun (þar með taldar vélar og mót til framleiðslu á höttum)**	25%
84.40		**Vélar og tæki til að þvo, hreinsa, þurrka, bleikja, lita, steina, gegndreypa og að snyrta á annan hátt spunagarn, spunaefni og vörur úr hvoru tveggja (þar með fataþvottavélar og fatahreinsunarvélar); vélar til að brjóta saman, vinda upp og sníða spunavörur; vélar til að bera efni á spunavörur eða annað undirlag við framleiðslu á línóleum og öðrum gólfdúk; vélar til að prenta á spunavörur, leður, veggfóður, umbúðapappír, línóleum og annars konar efni, endurtekin tákn eða stafi, eða lita allt yfirborð þeirra (þar með taldar grafnar plötur og valsar í slíkar vélar):**	
		Vélar og tæki önnur en þau, er teljast til nr. 84.40.20:	
	11	Fataþvottavélar (þar með taldar fatahreinsunarvélar), þó ekki til heimilisnotkunar	35%
	12	Strokvélar, einkum til heimilisnotkunar	80%
	13	Aðrar strokvélar	35%
	14	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar, sem teljast til nr. 84.40.12	50%
	19	Annars	25%
		Fataþvottavélar, einkum til heimilisnotkunar:	
	21	Fataþvottavélar	80%
	29	Varahlutir í þær	50%
84.41	00	**Saumavélar; húsgögn sérstaklega útbúin fyrir saumavélar; saumavélanálar**	25%
84.42	00	**Vélar og tæki (þó ekki saumavélar) til snyrtingar, sútunar og vinnslu á húðum og skinnum og til framleiðslu á vörum úr leðri og skinni (þar með talinn skófatnaður)**	25%
84.43	00	**Málmbræðsluofnar (converters), bræðslusleifar (ladles), hrájárnssteypumót (ingot moulds) og steypuvélar, þeirra tegunda, sem notaðar eru í málmvinnsluiðnaði og við málmsteypu** ..	25%
84.44	00	**Völsunarvélar til að valsa málma, einnig valsar til þeirra** ..	25%
84.45	00	**Vélar til smíða úr málmum og málmkarbíðum (þó ekki vélar, er teljast til nr. 84.49 og 84.50)**	25%
84.46	00	**Vélar til vinnslu og smíða úr steini, brenndum leir, steinsteypu, asbestsementi og öðru svipuðu efni, þar með talið gler í köldu ástandi (þó ekki vélar, er teljast til nr. 84.49)** ..	25%

84.47		**Vélar til smíða úr trjáviði, korki, beini, harðgúmmíi, harðplasti og öðru efni svipaðrar hörku (þó ekki tæki, er teljast til nr. 84.49.00):**	
	01	Trésmíðavélar	25%
	09	Aðrar	25%
84.48	00	**Hlutar og hjálpartæki þess konar, sem eingöngu eða aðallega heyra til og eru notuð við vélar þær, er teljast til nr. 84.45—84.47 (þar með taldar efnis- og verkfærafestingar, sjálfopnandi skrúfugangsskurðhöfuð, deilihöfuð og önnur tæki, er heyra smíðavélum til); verkfærafestingar fyrir hvers konar handverkfæri, vélknúin eða ekki**	25%
84.49	00	**Handverkfæri þrýstiloftknúin og handverkfæri með innbyggðum hreyfli, sem er ekki rafmagnshreyfill**	25%
84.50	00	**Vélar og tæki, sem nota gas til suðu, kveikinga, skurðar og herzlu á málmum**	25%
84.51	00	**Ritvélar (þó ekki sambyggðar reikni- og ritvélar); tékkaritvélar**	60%
84.52		**Reiknivélar, bókhaldsvélar, stimpilpeningakassar, frímerkjavélar, aðgöngumiðavélar og aðrar svipaðar vélar, sem eru með reikniútbúnaði:**	
	01	Bókhaldsvélar	60%
	02	Reiknivélar	60%
	03	Fételjarar (stimpilpeningakassar)	60%
	09	Aðrar	60%
84.53	00	**Skýrsluvélar, sem starfræktar eru með gataspjöldum (t. d. röðunarvélar, rafreiknar og töflugerðarvélar); vélar til reikningshalds, sem starfræktar eru með gataspjöldum; hjálparvélar slíkra véla (t. d. götunarvélar o. þ. h.)**	60%
84.54		**Aðrar vélar og tæki til notkunar í skrifstofum (t. d. fjölritunarvélar, bréfaáritunarvélar, myntteljarar, myntsundurgreiningarvélar, myntpökkunarvélar, vélar til að ydda blýanta, götunarvélar og heftivélar):**	
	01	Áritunarvélar og fjölritarar	60%
	09	Annað	60%
84.55		**Hlutar og hjálpartæki (þó ekki hlífðarhylki, umbúðakassar og annað þess háttar), sem einvörðungu eða aðallega er hægt að nota til véla og tækja, er teljast til nr. 84.51, 84.52, 84.53 og 84.54:**	
	01	Til ritvéla	60%
	09	Annað	60%
84.56		**Vélar og tæki til sundurgreiningar, sáldunar, þvotta, mölunar og blöndunar á mold, steinum, málmgrýti og öðrum föstum steinefnum, einnig þótt þau séu sem duft eða deig; vélar og tæki til að pressa eða móta fast eldsneyti, efni í leirvörur, óharðnað sement, gips og önnur steinefni í duft- eða deigformi; vélar til framleiðslu á steypumótum úr sandi:**	
	01	Steypuhrærivélar	25%
	09	Annað	25%
84.57	00	**Vélar og tæki til framleiðslu og vinnslu á gleri og glervörum í heitu ástandi; vélar til að setja saman rafvíra- og úrhleðslulampa og rafagnalampa og svipaðar pípur og loka**	25%
84.58	00	**Sjálfsalar (t. d. fyrir frímerki, vindlinga, súkkulaði og matvörur), sem ekki eru leiktæki eða happdrætti**	40%
84.59		**Vélar, tæki og mekanísk áhöld (þó ekki þau, sem eingöngu**	

		eða aðallega eru notuð sem hlutar af öðrum vélum og verkfærum), sem teljast ekki til neins annars númers í þessum kafla:	
	10	*Kjarnorkuofnar*	25%
		Annað:	
	21	Til matvælaiðnaðar, ót. a.	25%
	22	Til efnaiðnaðar, ót. a.	25%
	23	Til járn- og annars málmiðnaðar, ót. a.	25%
	24	Til mannvirkjagerðar, ót. a.	25%
	28	Stýrisvélar til skipa	4%
	29	Annars	25%
84.60	00	**Mótakassar til málmsteypu; steypumót fyrir málma (þó ekki hrájárnssteypumót), málmkarbída, gler, steinkennd efni (t. d. leirdeig og steinsteypu), gúmmí og plast**	25%
84.61		**Hanar, lokar og annað þess háttar, er heyrir pípuleiðslum, kötlum, geymum og öðru svipuðu til (þar með taldir þrýstiléttar og hitastilltir lokar):**	
	01	Brunahanar	35%
	02	Blöndunartæki, samsett og ósamsett og lausir hlutar til þeirra	60%
	09	Annað	35%
84.62	00	**Kúlu-, kefla- og nálaleg**	20%
84.63		**Drifásar, sveifarásar, leghús, ásleg, tannhjól og tannhjólasamstæður (þar með talin núningshjól, hjólahús (gear-boxes) og önnur tæki fyrir breytilegan snúningshraða), kasthjól, reimhjól, sambyggð reimhjól, tengsl og ástengsl:**	
	01	Til flugvéla	0
	02	Skrúfuásar, skrúfuásþéttar, skutpípur, skutpípufóðringar, heil hjólahús (marinegear, complete) og skiptiskrúfubúnaður til notkunar með aflvélum skipa, enda beri hver slíkur hlutur það með sér, að hann sé ætlaður til þeirra nota	4%
	09	Annað	35%
84.64	00	**Þéttingar og annað þess háttar úr málmplötum í sambandi við annað efni (t. d. asbest, flóka eða pappa) eða úr lögum af málmþynnum; samstæður eða úrval af þéttingum af mismunandi gerðum í vélar, pípnatengingar og annað þess háttar í pokum, hylkjum eða öðrum svipuðum umbúðum**	35%
84.65		**Hlutar til véla, tækja og áhalda, ekki búnir rafmagnstenglum, einöngrurum, spólum, snertum eða öðrum rafmagnsbúnaði, enda teljist þeir ekki til einhvers annars númers þessa kafla:**	
	01	Skipsskrúfur	4%
	09	Aðrir	35%
16. 85.11	00	orðist svo:	
85.11	00	**Rafbræðslu- og hitunarofnar til notkunar í iðnaði eða á tilraunastofum; tæki til upphitunar efna með spani eða torleiði; rafsuðu-, raflóðningar- og rafskurðarvélar og -tæki**	25%
17. 87.07	00	orðist svo:	
87.07	00	**Alls konar vagnar með hreyfli þeirrar gerðar, sem notaðir eru í verksmiðjum, vörugeymslum og við hafnir til flutninga stuttar vegalengdir, til hleðslu og annars þess konar á vörum (t. d. gaffallyftarar); dráttarvagnar þeirrar gerðar, sem notaðir eru á járnbrautarstöðvum; hlutar til þessara ökutækja**	25%

2. gr.

12. liður 3. gr. Í stað orðanna „að lækka“ í upphafi 12. liðar 3. gr. komi: að lækka eða endurgreiða.

27. liður 3. gr. Í stað orðanna „á allt að 150 bifreiðum árlega“ í 27. lið 3. gr. komi: á allt að 250 bifreiðum árlega.

Á eftir 1. mgr. 27. liðs 3. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður gjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir sama fólk og um getur í 1. mgr., til endurveitinga á áður veittum eftirgjöfum.

Á eftir 39. lið 3. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

40 Að endurgreiða gjöld af rúmum, sem ekki eru með mekanískum útbúnaði, sem flutt eru inn til notkunar í sjúkrahúsum, sem svari því að af rúmum þessum sé greiddur 35% verðtollur.

3. gr.

Við 16. gr. bætist ný málgrein, svo hljóðandi:

Nú verður ákveðið í lögum, að hver einstaklingur og hvert fyrirtæki skuli hafa auðkennisnúmer, og er fjármálaráðuneytinu þá heimilt að mæla svo fyrir, að sérhver innflytjandi skuli tilgreina númer sitt á aðflutningsskýrslu, og að skjöl skuli ekki tekin til tollmeðferðar, nema þessari skyldu sé fullnægt. Jafnframt getur fjármálaráðuneytið ákveðið, að tollyfirvald geti krafizt þess af innflytjanda, að hann framvísi skírteini til sönnunar því, að rétt númer sé tilgreint á aðflutningsskýrslu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 12. desember 1963 skrifaði fjármálaráðherra tollskrárnefnd svo hljóðandi bréf:

„Það er og hefur verið stefna núverandi ríkisstjórnar að hafa gjöld á innfluttum vélum og öðrum tækjum til atvinnuveganna eins lág og fjárhagur ríkissjóðs frekast leyfir. Í samræmi við það var með setningu nýrra tollskrárlaga á síðasta vori ákveðin veruleg lækkun á tolli landbúnaðarvéla, og sömuleiðis voru lækkaðir tollar á ýmsum tækjum og vélum til fiskveiða. Hins vegar var að svo stöddu ekki talið fært að lækka toll á vélum almennt frá því, sem verið hafði. Í nýju tollskránni er yfirleitt 35% tollur á vélum og tækjum öðrum en þeim, sem notuð eru við fiskveiðar og landbúnað.

Ráðuneytið telur nú tímabært, að kannaðir verði möguleikar á því, að tollar á vélum og tækjum verði lækkaðir, og er tollskrárnefnd hér með falið að gera þá athugun samkvæmt því, er hér segir:

1. Athuga þarf, hvort og þá að hve miklu leyti sé framkvæmanlegt að ákveða tolla á vélum og tækjum til vinnslu útflutningsafurða lægri en er á vélum og tækjum til annarra nota. Áætla mundi þurfa tekjumissi ríkissjóðs, ef til slíks kæmi.
2. Athuga þarf, hve mikið það mundi kosta ríkissjóð, ef lækkaðir yrðu tollar á vinnuvélum og öðrum tækjum þess iðnaðar, sem framleiðir vörur og veitir þjónustu fyrir innlendan markað. Í því sambandi verði athugað, hvort framkvæmanlegt sé, að takmarka tollalækkun við slíkar vélar og tæki, eða hvort óhjákvæmilegt sé að láta hana einnig taka til annarra véla og tækja, og þá hverra. — Þessu ætti að fylgja áætlun um áhrif slíkra ráðstafana á fjárhagslega afkomu ríkissjóðs.
3. Athuga þarf aðrar hliðar þessa máls, svo sem hvaða aðrar breytingar kynni að þurfa að gera á tollskránni, ef tollar á vélum og tækjum yrðu lækkaðir,

sbr. það, sem segir í liðum 1. og 2., og hverjar yrðu fjárhagslegar afleiðingar slíks fyrir ríkissjóð. Í þessu sambandi mundi einnig þurfa að athuga áhrif lækkunar vélatolla á samkeppnisaðstöðu innlendra vélarframleiðenda.

Ráðuneytið leggur áherzlu á, að nefndin hraði athugun sinni á þessu máli eins og frekast er kostur."

Í samræmi við bréf þetta hófst tollskrárnefnd handa um undirbúning að athugunum þeim, sem bréfið gerir ráð fyrir, og hefur skilað frv. því, sem hér er lagt fram. Meginbreytingin, sem frv. hefur í för með sér, er lækkun tolla af vélum, sem nú eru yfirleitt 35%, þannig að tollar af almennum iðnaðarvélum verði 25%, en 10% af vélum og tækjum til vinnslu útflutningsafurða, öðrum en þeim vélum, sem jafnframt eru framleiddar í landinu. Af þeim verði tollur 15%. Í frv. eru einnig nokkrar tæknilegar leiðréttingar og staðfestingar á eldri úrskurðum. Að öðru leyti vísast til athugasemda við hinar einstöku breytingartillögur.

Um 1. gr.

1.—5. Með auglýsingu fjármálaráðuneytisins, dags. 30. nóv. 1963, var tollur af nokkrum vörutegundum lækkaður með heimild í 6. tl. 3. gr. tollskrárlaga, og standa lækkanir þessar í sambandi við milliríkjasamning við Bandaríkin frá árinu 1943. Þar eð sýnt þykir, að lækkun þessi muni verða varanleg, þykir rétt að taka breytinguna inn í frv., þannig að viðkomandi vörur standi í lögunum með rétta tollprósentu. Vörur þær, sem hér um ræðir, eru rúsínur, ný epli og perur, sveskjur, sojabaunaolía og baðmullarfræsolía.

6. Lagt er til að lækka toll af nougatmassa í 10 kg blokkum og stærri úr 125% í 70% til samræmis við möndlumassa í nr. 17.04 02.

7.—8. Vörur þær, sem hér um ræðir, sem eru neyzluvörur úr uppbólgnuðu eða steiktu korni eða kornvörum, og ávaxtasafi, voru lækkaðar með áðurnefndri auglýsingu fjármálaráðuneytisins, dags. 30. nóv. 1963, og stóð sú breyting einnig í sambandi við milliríkjasamning við Bandaríkin frá 1943.

9. Kornvara, sem að einhverju leyti er tilreidd, telst til þessa númers í tollskrá með 100% tolli. Þar eð kornvara er almennt tollfrjáls, þykir rétt að lækka toll af hálftilreiddum kornvörum niður í 50%.

10. Lagt er til, að búin verði til tvö ný númer undir þessum lið, þ. e. fyrir mjólkurumbúðir úr plasti með 20% tolli til samræmis við toll af mjólkurflöskum úr gleri í nr. 70.10 01. Einnig er búið til nýtt númer fyrir ýmsan smávarning úr plasti með 70% tolli til samræmis við hliðstæðar vörur úr ódýrum málmi í nr. 83.02 00. Plastvörur þessar hafa verið með 100% tolli.

11. Lagt er til að skipta þessu númeri og búa til nýtt númer fyrir gólfteppi úr plasti án vefnaðar með 60% tolli. Önnur gólfteppi verða áfram með óbreyttum 90% tolli.

12. Með auglýsingu fjármálaráðuneytisins, dags. 8. ágúst 1964, var tollur af vaðstígvélum með lágum hæl lækkaður úr 35% í 25% vegna áðurgreinds milliríkjasamnings við Bandaríkin. Þar eð sýnt þykir, að lækkun þessi muni standa til frambúðar, er lagt til, að breytingin verði tekin í frumvarpið og varan standi í tollskrárlögum með 25% tolli.

13. Hér er lagt til að taka inn nýtt númer fyrir tanka úr ryðfríu stáli sérstaklega gerða fyrir mjólk, og lækkar þá tollur af vöru þessari úr 50% í 25%.

14. Hér er lagt til að lækka toll af ýmiss konar keðjum, sem mikið eru notaðar við vélar, úr 60% í 35% toll.

15. Aðalbreytingarnar, sem frv. þetta hefur í för með sér, verða á 84. kafla tollskrárinnar (Vélakaflanum). Er því kaflinn allur tekinn inn í frv., þó að nokkur númer hans séu óbreytt frá gildandi lögum. Í gildandi tollskrárlögum er yfirleitt 35% tollur á vélum og tækjum öðrum en þeim, sem notuð eru við fiskveiðar og landbúnað. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að tollur af almennum iðnaðarvélum

lækki í 25%, en í 10% af vélum og tækjum til vinnslu útflutningsafurða, öðrum en þeim vélum, sem jafnframt eru framleiddar í landinu. Af þeim verði tollur 15%. Þó er gert ráð fyrir, að síldardælur lækki í 4% toll til samræmis við toll af kraftblökkum. Iðnaðarvélar, sem bera nú 50% toll og hærri, sem lækkunin nær til, eru lækkaðar í 35% toll. Hagstofan hefur áætlað tekjutap ríkissjóðs vegna tollalækkana á vélum sem næst 25 milljón krónur á ári miðað við innflutning ársins 1963.

Svo sem kunnugt er, eru allmargar af vélum þeim og tækjum, sem frumvarp þetta tekur til, framleiddar hér í landinu, og hefur því verið ákveðið að endurgreiða tolla af efni í vélar og tæki, sem framleidd eru innanlands, þegar svo er ástatt, að efnið í vélarnar er með hærri tolli en vélarnar sjálfar. Í 12. lið 3. gr. tollskrárlaga er heimild til endurgreiðslu gjalda í slíkum tilfellum.

16. Lagt er til að lækka toll af rafbræðslu- og hitunarofnum til notkunar í iðnaði úr 35% í 25%.

17. Lagt er til, að tollur af vögnum með hreyfli þeirrar gerðar, sem notaðir eru í verksmiðjum, vörugeymslum og við hafnir til flutninga stuttar vegalengdir, lækki úr 45% í 25%.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir að fjölga tölu þeirra bifreiða, sem ráðuneytið hefur heimild til að lækka gjöld af árlega fyrir lamað og fatlað fólk, úr 150 í 250. Þá er tekin inn heimild fyrir ráðuneytið til að veita lækkun eða eftirgjöf á gjöldum af allt að 50 bifreiðum árlega, fyrir sama fólk, til endurveitinga áður veittum eftirgjöfum.

Þá er lagt til, að í 3. gr. tollskrárlaga verði tekin inn ný heimild, til þess að endurgreiða gjöld af rúmum, sem ekki eru með mekanískum útbúnaði, en sem flutt eru inn til notkunar í sjúkrahúsum, sem svari því, að af rúmum þessum sé greiddur 35% verðtollur. Sjúkrarúm, með mekanískum útbúnaði, eru nú með 35% tolli, en rúm, sem ekki eru með mekanískum útbúnaði, teljast til nr. 94.03 í tollskrá með 90% tolli.

Um 3. gr.

Þar sem nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um almenna útgáfu nafnskírteina, og Hagstofan er að undirbúa tillögur um stofnun fyrirtækjaskrár, þykir rétt, að fyrir hendi sé heimild til að mæla svo fyrir, að innflytjendur skuli ávallt tilgreina númer sitt á aðflutningskýrslu. Mundi tollstjóraskrifstofan í Reykjavík nota númer þetta sem almennt viðskiptamannanúmer, þegar hún fer að nota vélar til tollútreiknings, og auk þess mundu verða mikil not af númerinu við hagskýrslugerð og í sambandi við starfrækslu fyrirtækjaskrár.

Nd. 418. Breytingartillaga [138. mál]

við frv. til læknaskipunarlaga.

Frá Sigurvin Einarssyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú verður læknishérað læknislaust, og greiðir þá ríkissjóður helming kostnaðar af læknisvitjun og sjúkraflutningi þeirra, sem búsettir eru í hinu læknislausa héraði.

Nd. **419. Frumvarp til laga** [70. mál]

um búfjárrækt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 78 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndunum 65 hundraðshluta af launum héraðsráðunauta í búfjárrækt, og skulu laun þeirra, sem sá hundraðshluti miðast við, samþykkt af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

6. gr. hljóðar svo:

Eftir hverjar sveitar- og bæjarstjórnarkosningar kýs sveitarstjórn þriggja manna kynbótanefnd, ef héraðsráðunaut þykir ástæða til, þar sem búnaðarfélag hefur ekki sett sér nautgriparæktarsamþykkt samkvæmt lögum þessum, né heldur er starfandi nautgriparæktarfélag, sem fengið hefur lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands. Stjórn nautgriparæktarfélags, sem í er meiri hluti kýreigenda, er sjálfkjörin kynbótanefnd.

Setji búnaðarfélag sér nautgriparæktarsamþykkt, eftir að kosin hefur verið kynbótanefnd, eða stofnað er sérstakt nautgriparæktarfélag, sbr. fyrri málsgrein, fellur starf nefndarinnar niður, en við tekur stjórn þess félags. er samþykktina setti, eða þeir menn, er félagið kýs til þess sérstaklega.

10. gr. hljóðar svo:

Búnaðarfélag eða nautgriparæktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta, fær styrk til starfsemi sinnar eins og hér greinir á hverja reiknaða árskú, en tala þeirra á hverju búi er fundin með því að leggja saman skýrsludaga allra kúnna og deila í þá útkomu með 365:

1. Kr. 9.60, sé fitumagn mjólkur rannsakað sjaldnar en 6 sinnum á ári.
2. Kr. 18.60, sé fitumagn mjólkur rannsakað minnst annan hvern mánuð.

Styrkurinn greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslur í því formi, er það krefst og nánara skal kveðið á um í reglugerð.

12. gr. hljóðar svo:

Hafi búnaðarsamband ekki sett sér búfjárræktarsamþykkt, geta nautgriparæktarfélög á sambandssvæðinu stofnað samband, ef þau hafa 1000 kýr minnst. Slíku sambandi er heimilt að ráða sér ráðunaut með sömu kjörum og getur í 4. gr. og nýtur til þess sama framlags úr ríkissjóði, enda starfi það samkvæmt samþykkt og reglum, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Í samþykkt sé meðal annars kveðið á um sameiginlegt eftirlit félaganna, ættbókarfærslu, framkvæmd fitumælinga, er eigi skulu sjaldnar vera en annan hvern mánuð, spjaldskrárfærslu þeirra kúa, sem á skýrslu eru, og hvernig jafna skuli niður kostnaði, sem leiðir af samþykktinni. Nú setur búnaðarsamband sér búfjárræktarsamþykkt, og gerist þá nautgriparæktarsamband, ef til er í umdæminu, aðili að búfjárræktardeild búnaðarsambandsins.

17. gr. hljóðar svo:

2. Í fámennum byggðahverfum og sveitum, þar sem húsrými er takmarkað og áhorfendur fáir, tel ég heppilegast og hagkvæmast að sýna 16 mm kvikmyndir. Sýningarvélar fyrir 16 mm filmur eru léttari í vöfum og ódýrari en breiðfilmuvélar. Slíkar vélar eru líka víða til í skólum og hjá félagasamtökum.
3. Flestar kvikmyndir, sem sýndar eru hér í kvikmyndahúsum, eru gefnar út í 16 mm útgáfum, og er auðvelt að fá slíkar filmur leigðar, ef fé er fyrir hendi. Rank í Englandi og Metro-Goldwyn-Meyer í Bandaríkjunum hafa boðið Fræðslumyndasafninu slíkar langar, leiknar kvikmyndir til leigu, en safnið hefur ekki haft bolmagn til að sinna þessum tilboðum. Leiga á 90—100 mínútna leikinni kvikmynd er um 18 þúsund krónur í 3 ár fyrir svarthvíta mynd, en rúmlega helmingi hærri fyrir litmynd. Þessar filmur eru flestar leigðar til þriggja ára í senn, og ætti sá tími einmitt að vera hæfilegur til að lána þær út um hinar dreifðu byggðir.
4. Ekki tel ég nægilegt að hafa færri en um 20 kvikmyndir af þessu tagi til útlána, svo að nokkurt gagn yrði að. Leiga fyrir þessar 20 filmur í 3 ár yrði sem næst kr. 360000.00, ef um svarthvítar myndir væri að ræða, en um kr. 800000.00, ef það væru eingöngu litmyndir. Væri varlega áætlað, að til þessara hluta þyrfti kr. 150000.00 á ári. Ef aðgangseyrir væri reiknaður á kr. 20.00, þyrfti um 7500 áhorfendur til að standa undir myndaleigunni einni.
5. Fræðslumyndasafnið gæti með litlum aukakostnaði haft með höndum dreifingu á slíkum myndum um landið, enda er enginn munur á henni og annarri starfsemi safnsins. Hafa forráðamenn stofnunarinnar haft í huga að undanförnu að gera tilraun í þessum efnum, þótt í smáum stíl væri, en framkvæmdir hafa strandað á skorti á fé fyrir leigunni í upphafi.
6. Ef úr allreglubundnum kvikmyndasýningum yrði úti í dreifbýlinu, tel ég nauðsynlegt, að skipulag yrði gott á þeim heima í héruðum, þar sem framhald þeirra

yrði áreiðanlega komið undir því, að vel tækist til um hirðu á vélum og filmum og að skil yrðu sem bezt.

Að svo stöddu sé ég ekki ástæðu til að hafa þetta mál lengra, en vil þó að lokum taka það skýrt fram, að forráðamenn Fræðslumyndasafnsins telja það í verkahring stofnunarinnar að veita þeirri starfsemi, sem um er fjallað í þessari þingsályktunartillögu, allt það brautargengi, sem unnt er.

Virðingarfyllst,

Stefán Júlíusson.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis,
Alþingishúsinu.

Ed. 423. Frumvarp til laga [104. mál]

um landgræðslu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 153 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Landgræðsla ríkisins fer með landgræðslumál samkvæmt lögum þessum og skal hafa aðsetur í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Starfsemin greinist í tvo þætti:

1. Sandgræðsla (uppgræðsla), sem er hefting jarð- og sandfoks og græðsla gróðurlausra og gróðurlítilla landsvæða.
2. Gróðurvernd, sem kemur í veg fyrir ofnotkun gróðurs, hindrar hvers konar skemmdir á gróðurlendi og bætir gróið land til að auka mótstöðuafl þess gegn eyðingu.

3. gr. hljóðar svo:

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn landgræðslumála. Hann skipar landgræðslustjóra að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, sem jafnframt hefur umsjón með landgræðslumálum fyrir hönd ráðherra.

Landgræðslustjóri skal hafa háskólapróf í búfræði eða hliðstæðum greinum. Ráðherra skipar fulltrúa landgræðslustjóra að fengnum tillögum hans, og skal hann fullnægja sömu menntunarskilyrðum og landgræðslustjóri. Heimilt er að fela fulltrúa sérstaklega meðferð annars hvors þáttar landgræðslumála undir yfirstjórn landgræðslustjóra samkv. 2. gr.

8. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að styrkja landeigendur með framlagi úr ríkissjóði til að koma upp girðingu um uppblásturssvæði eða vangróið land, græða það og halda girðingu við, meðan á græðslu stendur. Styrkir mega nema allt að ⅔ kostnaðar við þessar framkvæmdir.

Umsóknir um styrk til þessa skal senda landgræðslustjóra ásamt lýsingu á staðháttum og ástæðum fyrir umsókninni. Þegar landgræðslustjóri hefur kynnt sér málið, sendir hann umsóknina með greinargerð og kostnaðaráætlun til landbúnaðarráðuneytisins, sem tekur ákvörðun um styrkveitingu.

Til tryggingar því, að landeigandi greiði sinn hluta kostnaðar, skal hann setja landið að veði. Hrepps- eða sýslunefnd er heimilt að taka ábyrgð á, að framlag landeiganda sé innt af höndum, og kemur þá sú ábyrgð í stað veðsetningar.

Áður en verk er hafið, skulu landgræðslustjóri og landeigandi gera með sér samning um umráð lands og framkvæmdir, meðan á græðslu stendur. Þegar landið er fullgróið að dómi landgræðslustjóra, skal jarðeigandi taka við því. Landgræðslustjóri getur sett reglur um meðferð landsins, sem jarðeiganda er skylt að hlíta.

Fáist arður af landgræðslusvæðinu, meðan á græðslu stendur, skal hann ganga upp í kostnað við landgræðsluna, unz afhending fer fram.

Eigi fleiri en einn landeigandi hlut að máli, má binda stuðning ríkissjóðs því skilyrði, að þeir stofni til félagsskapar um framkvæmdir. Skal þá farið eftir ákvæðum IV. kafla laganna.

40. gr. hljóðar svo:

Þegar rannsaka þarf beitarþol og hættu á gróðureyðingu samkvæmt 7., 22. og 23. gr., skal fela Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans að annast rannsóknirnar. Búnaðardeildinni ber að leita eftir plöntutegundum, sem vænlegar eru til landgræðslu.

Ed. 424. Frumvarp til laga [157. mál]

um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 345 með þessum breytingum:

9. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Skólastjórn er skipuð skólastjóra og föstum kennurum skólans, og skal starfssvið hennar nánar ákveðið í reglugerð.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins. Þeir skulu skipaðir af menntamálaráðherra, að fengnum tillögum fræðsluráðs.

Um launakjör og kennsluskyldu skólastjóra og kennara fari eftir ákvæðum laga nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

11. gr. hljóðar svo:

Skólastjóri ræður stundakennara og aðra starfsmenn skólans, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

13. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður greiðir einn allan kennslu- og rekstrarkostnað, er af kennaradeildunum leiðir.

Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra og fastra kennara.

Nú eru fastir kennarar skólans færri en heimilt er samkv. 10. gr., og greiðir þá ríkissjóður stundakennslu, sem því nemur, að fullu.

Kostnaður við stundakennslu umfram það, sem fram er tekið í 3. mgr. þessarar greinar, svo og annar kostnaður við rekstur skólans, að frádregnum tekjum, skiptist að jöfnu milli ríkissjóðs og borgarsjóðs.

Sþ. 425. Fyrirspurn [174. mál]

til sjávarútvegsmálaráðherra um fiskiðnskóla.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 30. apríl 1964 varðandi stofnun fiskiðnskóla?

Ed. 426. Nefndarálit [22. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 42 15. júní 1926, um skipströnd og vogrek.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 5. apríl 1965.

Eggert G. Þorsteinsson, form.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Ólafur Jóhannesson, frsm.
Magnús Jónsson.	Alfreð Gíslason.	Sigurður Ó. Ólafsson.
	Hermann Jónasson.	

Nd. 427. Frumvarp til laga [175. mál]

um breyting á lögum nr. 6 17. febr. 1959, um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flm.: Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar, leturhumarveiðar og fiskveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu, leturhumarvörpu og fiskivörpu, með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem nauðsynlegar kunna að þykja. Áður en undanþága er veitt, skal leitað um hana álits Fiskifélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Önnur meginástæða til útfærslu fiskveiðimarkanna er að sjálfsögðu sú, að Íslendingum einum sé sköpuð aðstaða til að nýta þau fiskimið, sem við strendur landsins eru, á þann hátt og með þeim veiðarfærum, sem hagkvæmast þykir á hverjum tíma og hverju veiðisvæði, enda verði þess að sjálfsögðu ávallt gætt, að ekki sé um ofveiði eða rányrkju að ræða.

Fiskveiðar og vinnsla sjávarafurða er, eins og kunnugt er, helzta atvinnugrein Íslendinga og aðalundirstaðan undir gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, og ekki annað sjáanlegt en svo verði um næstu framtíð. Það er því fyllilega tímabært og

eðlilegt, að nýtingu veiðisvæðanna innan fiskveiðimarkanna sé komið í fastara form en verið hefur og þá ekki einskorðuð við ákveðin veiðarfæri, heldur séu veiðarnar stundaðar á hverjum tíma og hverjum stað með þeim veiðarfærum, sem hagkvæmust geta talizt og arðvænlegust eru, án þess að um ofveiði eða rányrkju sé að ræða, eins og áður er sagt.

Svo hagar til á aðalveiðisvæðum vélbátaflotans að vetrinum til, að veiðar hafa nær eingöngu verið stundaðar með línu og netum og nú hin síðustu ár einnig með nót. Handfæraveiðar eru ekki lengur nein uppistaða í fiskveiðum Íslendinga. Að sumrinu til og einnig á sumum veiðisvæðum að vetrinum til, eins og t. d. á svæðinu frá Dyrhólaey og þar austur af, horfir þetta öðruvísi við. Á þessum tíma verða línu- eða netaveiðar ekki stundaðar með neinum árangri, a. m. k. ekki á svæðinu frá Reykjanesi og austur með suðurströnd landsins. En á þessu svæði, t. d. í Vestmannaeyjum einum, eru tugir báta, sem skortir rekstrargrundvöll, eins og aðstæður eru nú. Er hér um að ræða báta, sem eru of stórir til dragnótaveiða, en of litlir til síldveiða. Verður mjög að undirstrika í þessu sambandi, að einmitt þessi stærð báta er um land allt undirstaðan undir atvinnulífinu í þeim sjávarþorpum og útgerðarstöðum, þar sem fiskiðjuver eru starfandi og fiskvinnsla á sér stað. Víða má skapa þessum bátum nokkuð öruggan rekstrargrundvöll með rýmkun á ákvæðum um bann við botnvörpuveiði, þar sem það að áliti Fiskifélags Íslands og annarra sérfróðra aðila getur talizt áhættulaust og við eiga. En eins og lög um bann gegn botnvörpuveiði eru nú, getur sá ráðherra, sem með þessi mál fer, hvergi veitt undanþágu til slíkra veiða innan þeirra marka, sem sett voru í reglugerð nr. 21 frá 19. marz 1952, þ. e. 4 mílna markanna, nema um sé að ræða kampalampa- og leturhumarveiðar með þar til gerðum vörpum. Ég tel fyllilega tímabært, að ákvæði þessi séu rýmkuð, þannig að ráðherra hafi einnig heimild til að veita vélbátum undanþágu til botnvörpuveiða með venjulegri fiskivörpu, einnig innan fjögurra mílna markanna, þar sem slíkt að áliti sérfróðra aðila getur talizt áhættulaust og eðlilegt og þar með forðað stórfelldum samdrætti í atvinnu, eins og t. d. í Vestmannaeyjum. Af þeirri ástæðu er frumvarp þetta flutt.

Nd. 428. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60/1962, um verkamannabústaði.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess, þó þannig, að 2. gr. þess breytist eins og fram kemur í eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 2. gr.

1. Í stað „100 þúsund króna árstekjur“ komi: 120 þúsund króna árstekjur.
2. Í stað „að viðbættum 7500 krónum fyrir hvert barn“ komi: að viðbættum 10000 krónum fyrir hvert barn.
3. Í stað „né yfir 200 þúsund króna skuldlausa eign“ komi: né yfir 250 þúsund króna skuldlausa eign.

Alþingi, 6. apríl 1965.

Guðl. Gíslason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Jón Skaftason.
Ágúst Þorvaldsson.	Matthías Bjarnason.	Hannibal Valdimarsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Nd. 429. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt um frumvarpið á tveim fundum og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 6. apríl 1965.

Guðl. Gíslason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Jón Skaftason.
Ágúst Þorvaldsson.	Matthías Bjarnason.	Hannibal Valdimarsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Nd. 430. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um útgáfu og notkun nafnskírteina.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 6. apríl 1965.

Einar Ingimundarson, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm.	Björn Fr. Björnsson,
Matthías Bjarnason.	Skúli Guðmundsson.	Pétur Sigurðsson.
	Ragnar Arnalds.	

Nd. 431. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til laga um hreppstjóra.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 6. apríl 1965.

Einar Ingimundarson, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson, frsm.
Matthías Bjarnason.	Skúli Guðmundsson.	Pétur Sigurðsson.
	Ragnar Arnalds.	

Nd. **432. Frumvarp til laga** [176. mál]

um virkjun Svartár í Skagafirði.

Flm.: Gunnar Gíslason, Einar Ingimundarson, Björn Pálsson, Skúli Guðmundsson, Ragnar Arnalds.

1. gr.

Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu og bæjarstjórn Sauðárkróks heimilast að virkja Svartá í Skagafjarðarsýslu til vinnslu á raforku til almenningsþarfa, svo og að byggja háspennulínur og afspennistöðvar til þess að afhenda orkuna, eins og um getur í 5. gr.

2. gr.

Orkuver, háspennulínur og afspennistöðvar nefnast einu nafni Svartárvirkjun. Skal hún rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, sem ráðherra staðfestir. Heimili og varnarþing skal vera Sauðárkrókur.

3. gr.

Stjórn Svartárvirkjunar skipa 5 menn, 2 tilnefndir af sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, 2 tilnefndir af bæjarstjórn Sauðárkróks, og tilnefna þessir 4 nefndarmenn oddamann, en hæstiréttur, ef ekki næst samkomulag þeirra á milli. Allir stjórnarmeðlimir skulu vera búsettir á orkuveitusvæðinu.

4. gr.

Ríkissjóður ábyrgist lán, sem tekin verða til virkjunarinnar, allt að 85% virkjunarkostnaðar, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

5. gr.

Svartárvirkjun selur rafveitu Sauðárkróks og öðrum rafveitum á orkuveitusvæðinu raforku í heildsölu.

Allur tekjuafgangur, sem verða kann af rekstri Svartárvirkjunar, rennur í varasjóð hennar. Varasjóðnum má eingöngu verja í þágu Svartárvirkjunar og til aukninga á mannvirkjum hennar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. um sama efni var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Frv. var flutt samkv. eindreginni ósk sýslunefndar Skagafjarðarsýslu og bæjarstjórnar Sauðárkrókskaupstaðar. Sömu aðilar hafa skorað á þm. kjördæmisins að endurflytja frv., og þykir flm. ekki annað hlýða en verða við þeim tilmælum. Frv. er sem í fyrra flutt í samráði við hv. 3. þm. Norðurlandskjördæmis vestra og hv. 9. landsk. þm., en þeir eiga báðir sæti í hv. Ed. og geta því ekki verið meðflutningsmenn að frv.

Virkjun Reykjafoss í Svartá í Skagafirði hefur fengið mjög ýtarlega athugun, og á síðasta ári hafa enn farið fram athuganir, sérstaklega er varða stíflugerð við Reykjafoss. Á grundvelli þeirra nýju upplýsinga, sem nú liggja fyrir, hafa þeir hr. Steingrímur Jónsson fyrrv. rafmagnsstjóri og hr. Ásgeir Sæmundsson iðn-

fræðingur samið nýja álitsgerð um virkjun Reykjafoss í Svartá, og leyfa flm. sér að nota þessa álitsgerð þeirra sem greinargerð fyrir þessu frv., jafnframt því sem vísast til þeirrar greinargerðar, sem fylgdi frv. á síðasta þingi, og þeirra útreikninga, sem þar eru birtir. Enn fremur leyfum við okkur að birta sem fylgiskjal kostnaðarsamanburð á virkjun Svartár og línu frá Laxá í Þingeyjarsýslu til Skagafjarðar, miðaðan við tímabilið 1968—1979, sem Knútur Otterstedt rafveitustjóri á Akureyri hefur gert.

Í útreikningum Steingríms Jónssonar og Ásgeirs Sæmundssonar eru ekki talin með kaup á vatnsréttindum né greiðsla fyrir landspjöll, sem sjálfsagt verður að greiða, annaðhvort eftir samkomulagi milli aðila eða eftir mati.

Fylgiskjal I.

Um virkjun Reykjafoss í Svartá í Skagafirði samkvæmt áætlun gerðri í febrúar 1965 og samanburður við aðrar orkuöflunarleiðir fyrir Norðvesturland.

Eftir Steingrím Jónsson og Ásgeir Sæmundsson.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun um virkjun Reykjafoss í Svartá, dags. í febrúar 1965, kostar 3.8 MW. virkjun þar, sem framleiðir 18.0 GWh. í meðalári, 51.52 m. kr. (milljónir króna), 33 KV. háspennulína til Sauðárkróks og önnur 33 KV. virki 7.57 m. kr. og búnaður til tengingar 11 KV. héraðsveitu við virkjunina 1.53 m. kr. Í öllum þessum tölum eru tollar meðtaldir.

Í fyrri áætlun um virkjun Svartár við Reykjafoss, sem gerð var 1962, var stuðzt við greinargerð Hauks Tómassonar jarðfræðings um jarðlög og dýpi á berg á virkjunarsvæðinu. Vitað var, að rannsaka þyrfti jarðlög betur til staðfestingar á ofannefndri greinargerð. Reynt var að athuga dýpi lausra jarðlaga með léttum jarðkanna (Bonobor) haustið 1962 undir stjórn Tómasar Tryggvasonar jarðfræðings, en niðurstöður voru ekki öruggar. Var því ákveðið að fá jarðbor til frekari rannsókna sumarið 1963. Ekki tókst að fá borinn fyrr en vorið 1964, og voru þá boraðar fimm holur á virkjunarsvæðinu. Þessar boranir reyndust ekki fullnægjandi og gáfu ekki rétta mynd af möguleikum til stíflugerðar við Reykjafoss, en bentu þó til þess, að hægt væri að fá betra stíflustæði bæði ofar og neðar en áður var talið ódýrast. Var því enn leitað eftir borum og nú ákveðið að bora aðallega ofan við fyrra stíflustæðið. Bor fékkst ekki fyrr en liðið var á haustið 1964, og niðurstöður rannsókna þessara, sem Haukur Tómasson jarðfræðingur annaðist, fengust ekki fyrr en um síðastliðin áramót. Á grundvelli upplýsinga, sem þessar rannsóknir veittu, var valin önnur tilhögun virkjunar og áætlun gerð, eins og áður segir, dags. 1. febrúar 1965.

Samkvæmt áætluninni frá 1962 var kostnaður virkjunar og 33 KV. flutningsvirkja, þar með línu til Sauðárkróks, talinn 47.5 m. kr. Samkvæmt síðari áætluninni er kostnaður virkjunar 33 KV. flutningsvirkja og tengingar 11 KV. héraðsveitu við virkjunina talinn 60.62 m. kr. Hækkun er að nokkru vegna verðhækkana á tímabilinu. Kostnaður við vélar og rafbúnað hefur hækkað vegna breytts fyrirkomulags, aukinna afkasta og fullkomnari búnaðar. Lokubúnaður stíflu er einnig talinn með vélum og rafbúnaði í síðari áætluninni, en var talinn með byggingarhluta í þeirri fyrri. Háspennulína er gerð fyrir meiri orkuflutning en í fyrri áætlun. Tenging 11 KV. héraðsveitu við virkjunina var ekki tekin með í áætluninni 1962.

Í áætlun þeirri, sem gerð var í febrúar síðastliðnum, er gerð grein fyrir tveim tilhögunum virkjunar við Reykjafoss, en hér er eingöngu rætt um aðra tilhögunina, sem er lítið eitt dýrari, en báðar lausnirnar gefa sama afl og orku.

Til öflunar orku fyrir Norðvesturland hefur einkum verið talað um tvær leið-

ir, þ. e. virkjun Svartár í Skagafirði og tengingu við Laxá í S-Þingeyjarsýslu með háspennulínu um Öxnadalsheiði.

Tækninefnd í virkjunarmálum hefur áætlað, að 66 KV. lína frá Akureyri í Varmahlíð kosti 35 m. kr. án tolla.

Virkjun Svartár kostar á sama verðgrundvelli og án tolla 47.5 m. kr.

Framkvæmdastjórn Reykjafoss-virkjunar fékk Knút Otterstedt rafveitustjóra á Akureyri til þess að gera kostnaðarsamanburð á mismunandi leiðum til orkuöflunar fyrir Norðvesturland. Leiðirnar voru: aukning dísilvéla, tenging við Laxárvirkjun og virkjun Svartár við Reykjafoss.

Var Knúti falið að miða við áðurnefndar tölur um línu frá Akureyri og Reykjafossvirkjun, en nota sömu tölur um kostnað dísilvéla og notaðar hafa verið við samanburðaráætlanir á Laxársvæðinu, þ. e. verð véla 3000 kr. á kw. án tolla og olíukostnað 50 aura á kWh.

Enn fremur var talið rétt að taka ekki með í þennan samanburð kostnað 33 og 11 KV. flutningsvirkja í Skagafirði, þar sem þessi mannvirki verða því sem næst þau sömu fyrir síðari tvær leiðirnar. Hægt mun vera að fresta hluta þeirra eitthvað, ef dísilvélar eru notaðar, en þó aðeins um skamman tíma, og er ekki reiknað með því í samanburði.

Orkuþörfin, sem notuð er við samanburðinn, er samkvæmt orkuspá frá 1962. Hefur orkuþörf svæðisins farið mjög nærri þeirri spá undanfarið, en afltoppar hafa verið lægri, og er tekið tillit til þess hér. Þess má geta, að tækninefnd í virkjunarmálum reiknar með afltoppum allmiklu hærri en hér er gert í áætlun sinni um línu frá Akureyri til Skagafjarðar. Hærri afltoppar eru hagstæðir fyrir þær lausnir, sem erfiðan fjárhag hafa í byrjun.

Niðurstöður útreikninga Knúts eru þær, að kostnaður við orkuöflun fyrir veitusvæði Norðvesturlands umfram getu núverandi vatnsaflsstöðva árin 1968—1979 er eftirfarandi:

Með byggingu línu frá Akureyri 1967	80.67 m. kr.
— dísilstöðvum	69.98 — —
— virkjun Svartár 1969	48.92 — —

Ef notaðar eru dísilvélar, verður olíukostnaður á tímabilinu samtals 61.58 m. kr. eða allmiklu hærri en virkjunarkostnaður Reykjafoss.

Meðalverð aflsins verður á tímabilinu:

Um línu frá Akureyri	3130 kr/kw
Frá dísilstöðvum	1845 —
— Svartárvirkjun	1290 —

Greinargerð Knúts fylgir hér með sem fylgiskjal.

Stofnkostnaður 66 KV. línu frá Akureyri er lægri en Reykjafossvirkjunar. Er því athugandi sú leið, auk þeirra, sem fram koma í greinargerð Knúts, að Laxárvirkjun byggi línuna og selji raforku í Skagafirði á sama verði og Reykjafossvirkjun.

Í meðfylgjandi töflu nr. I er sýnt rekstraryfirlit yfir Svartárvirkjun og miðað við, að verð raforkunnar sé 1150 kr. árskw. og 7.5 aurar kWh. Niðurstöður sýna, að tekjur umfram gjöld eru 51.96 — 48.92 = 3.04 m. kr. Sé reiknað með 6% árlegum vöxtum af mismun tekna og gjalda, verður sjóður í lok tímabilsins 2.33 m. kr.

Tafla II sýnir mótsvarandi rekstraryfirlit fyrir línu frá Akureyri ásamt umframgjöldum Laxárvirkjunar vegna orkuöflunar fyrir Norðvesturlandið, en verð seldrar raforku er sama og frá Svartárvirkjun í töflu I. Niðurstöður sýna, að gjöld umfram tekjur fyrir tímabilið eru 69.9 — 51.96 = 17.94 m. kr. Sé eins og áður reiknað með 6% ársvöxtum af mismun tekna og gjalda, verður tapið í lok tímabilsins 22.61 m. kr., ef þessi leið er valin.

Af töflu I má ráða, að grundvöllur fyrir byggingu 66 KV. línu frá Akureyri er að skapast í lok tímabilsins, sem samanburðurinn nær til. Það er aftur á móti æskilegra, að lína á milli Akureyrar og Norðvesturlandssvæðisins verði byggð fyrir hærri spennu en 66 KV., þar sem flutningsgeta hennar verður að öðrum kosti fljótlega of lítil. En grundvöllur fyrir 130 KV. línu er vart fyrir hendi fyrr en eftir 1980, eins og nú horfir. Rétt er að taka fram, að í rekstraryfirliti fyrir línu frá Akureyri til Skagafjarðar er ekki reiknað með kostnaði vegna tapa á línunni, en þau eru vart minni en 3—4% á ári að meðaltali á tímabilinu.

Útreikningar Knúts Otterstedts sýna, að hagkvæmt er að ráðast í Svartárvirkjun, þegar þær dísilvélar, sem nú er ákveðið að bæta við á kerfinu, eru fullnýttar. Hins vegar er æskilegt, að virkjunin kæmi fyrr, m. a. vegna þess, að nauðsyn er að hafa nokkurt umframafl til þess að mæta óvæntri álagsaukningu og bilun véla.

Eins og sýnt var fram á í fyrri greinargerð með frumvarpi um Svartárvirkjun, er fjárhagslegur grundvöllur fyrir því að virkja fyrr með aðstoð stöðvanna, sem fyrir eru, og tryggja þannig betur örugga þjónustu fyrir notendur raforku á svæðinu.

Niðurstöður þessara athugana eru því þær, að virkjun Svartár við Reykjafoss sé hagstæðasta lausnin á orkuöflunarþörf Norðvesturlands næstu árin. Notkun dísilvéla er dýrari leið og óheppileg vegna olíukaupa og olíuflutninga. Tenging við Laxá er einnig dýrari leið en virkjun Svartár og gefur ekki héraðinu sömu tekjur af orkuöfluninni og skapar ekki verðmæti í héraðinu sjálfu. Öryggi notenda er einnig minna með línu yfir Öxnadalsheiði.

Svartárvirkjun virðist því hafa öll skilyrði til þess að verða lyftistöng rafvæðingar á Norðvesturlandi um áratug og auka verulega getu héraðanna til sjálfsbjargar í raforkumálum í framtíðinni.

Fylgiskjal II. **Tafla I.**

Svartárvirkjun, rekstraryfirlit, virkjað 1969.

	Orkuþörf		Tekjur*	Árl. kostn.	Árl. mism.	Mism. —6%
	MW	GWh	M. kr	M. kr.	M. kr.	
1968	1.88	4.0	2.40	2.20	0.2	0.2
1969	2.08	4.8	2.75	2.64	0.11	0.32
1970	2.28	5.6	3.04	4.25	—1.21	—0.87
1971	2.50	6.5	3.36	4.25	—0.89	—0.81
1972	2.73	7.4	3.69	4.25	—0.56	—2.48
1973	2.97	8.4	4.05	4.25	—0.2	—2.83
1974	3.20	9.5	4.39	4.25	0.14	—2.86
1975	3.47	10.6	4.78	4.25	0.55	—2.48
1976	3.75	11.8	5.19	4.25	0.94	—1.69
1977	4.05	13.1	5.64	4.76	0.88	—0.91
1978	4.35	14.4	6.08	4.77	1.31	0.24
1979	4.70	15.9	6.59	4.80	1.79	2.33
			Samtals 51.96	48.92		

Niðurstöður: Tekjur umfram gjöld 3.04 m. kr.
Safnaðar tekjur með vöxtum 2.33 m. kr.

*) Verð raforku 1150 árs-kw. og 7.5 aurar kWh.

Tafla II.

66 kw. lína frá Akureyri, rekstraryfirlit.

	Orkuþörf		Umframkostn. Tekjur*	Laxár	Árl. mism.	Mism.—6%
	MW	GWh	M. kr.	M. kr.	M. kr.	
1968	1.88	4.0	2.40	3.5	—1.1	—1.1
1969	2.08	4.8	2.75	3.5	—0.75	—1.92
1970	2.28	5.6	3.04	3.5	—0.46	—2.50
1971	2.50	6.5	3.36	3.5	—0.14	—2.79
1972	2.73	7.4	3.69	3.5	0.19	—2.76
1973	2.97	8.4	4.05	5.5	—1.45	—4.37
1974	3.20	9.5	4.39	6.7	—2.31	—6.93
1975	3.47	10.6	4.78	6.0	—1.22	—8.57
1976	3.75	11.8	5.19	6.0	—0.81	—9.87
1977	4.05	13.1	5.64	8.0	—2.36	—12.86
1978	4.35	14.4	6.08	16.7	—10.62	—24.22
1979	4.70	15.9	6.59	3.5	—3.09	—22.61
			Alls 51.96	69.9		

Niðurstöður: Gjöld umfram tekjur 17.94 m. kr.
Safnaður halli með vöxtum 22.61 m. kr.

*) Verð raforku 1150 árs-kw. og 7.5 aurar kWh.

Nd. 433. Frumvarp til laga [177. mál]

um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 58/1946 orðist svo:

Menntaskólar skulu vera sex, tveir í Reykjavík, einn á Akureyri, einn að Laugarvatni, einn á Vestfjörðum og einn á Austurlandi. Menntaskólarnir utan Reykjavíkur skulu vera heimavistarskólar. Menntaskólana á Vestfjörðum og Austurlandi skal stofna, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum. Einnig skal, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, heimilt að stofna fleiri menntaskóla í Reykjavík eða nágrenni. Heimilt er menntamálaráðuneytinu að koma á fót kennslu í námsefni 1. bekkjar menntaskóla við gagnfræðaskóla, þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði gera slíka ráðstöfun eðlilega og framkvæmanlega. Er þá ráðuneytinu heimilt að setja reglur um þetta skólahald, þ. á m. skilyrði um lágmarkstölu nemenda í hverjum bekk. Heimilt skal að koma framangreindum menntaskólum á fót í áföngum, bæði að því er varðar kennslu og bygging húsnæðis fyrir þá.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði, svo og kostnaður við menntaskóladeildir, er komið kann að verða á fót við gagnfræðaskóla samkvæmt heimild þessarar lagagreinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 1. gr. laga nr. 58/1946, um menntaskóla, segir, að menntaskólar séu tveir, annar í Reykjavík, en hinn á Akureyri, og að stofna skuli hinn þriðja í sveit, þegar fé sé veitt til þess í fjárlögum. Samkvæmt þessum ákvæðum eru nú þrír menntaskólar starfandi, í Reykjavík, á Akureyri og að Laugarvatni, en sá skóli var stofnaður árið 1953 samkvæmt heimild í nefndum lögum. Auk þessa er svo lærdómsdeild við Verzlunarskóla Íslands í Reykjavík, sem starfar samkvæmt reglugerð nr. 95 frá 5. nóvember 1942.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að menntaskólum verði nú þegar fjölgað um einn í Reykjavík og heimild veitt til að stofna heimavistarmenntaskóla á Vestfjörðum og á Austurlandi, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum. Þá er einnig veitt heimild til, þegar Alþingi veitir til þess fé, að stofna fleiri menntaskóla í Reykjavík eða nágrenni. Enn fremur er menntamálaráðuneytinu heimilað að koma á fót kennslu í námsefni 1. bekkjar menntaskóla við gagnfræðaskóla, þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði gera slíka ráðstöfun eðlilega og framkvæmanlega. Jafnframt er menntamálaráðuneytinu veitt heimild til að setja reglur um þetta skólahald, þ. á m. skilyrði um lágmarkstölu nemenda. Ætlazt er til, að heimilt sé að koma framangreindum menntaskólum á fót í áföngum, bæði að því er varðar kennslu og byggingu húsnæðis fyrir þá.

Í lok síðustu heimsstyrjaldar var nemendafjöldi menntaskólans í Reykjavík rúmlega 300, en nú er hann rúmlega 900. Þessi mikla nemendafjölgun hefur átt sér stað á sama tíma og byggt hefur verið heimavistarhús við menntaskólann á Akureyri, menntaskóli hefur verið stofnaður að Laugarvatni og lærdómsdeild við Verzlunarskóla Íslands í Reykjavík.

Ríkisstjórnin markaði á sínum tíma þá stefnu, að menntaskóli skyldi framvegis vera í Reykjavík á núverandi skólastað við Lækjargötu, en að jafnframt yrði byggður annar menntaskóli í Hamrahlíð. Var síðan hafizt handa um skipulagningu svæðisins umhverfis gamla menntaskólahúsið, og er miðað við, að menntaskólanum verði í framtíðinni ætlað allt svæðið milli Lækjargötu, Amtmannsstígs, Þingholtsstrætis og Bókhlöðustígs, að fráteknu nokkru belti vegna húsaraðar við Þingholtsstræti. Hefur nú verið byggt og tekið í notkun kennsluhúsnæði rétt hjá gamla skólahúsinu. Er þessi nýbygging raunar stærri að rúmmáli en gamla skólahúsið eða 5000 teningsmetrar, en gamla skólahúsið er 4450 teningsmetrar. Hið nýja húsnæði er fyrst og fremst ætlað til kennslu í sérgreinum, þ. e. náttúrufræðigreinum, efnafræði, eðlisfræði og kennslu í tungumálum og miðað við, að þarna verði hægt að beita nýjustu tækjum og aðferðum í þessum kennslugreinum. Þá hefur verið hafizt handa um undirbúning að byggingu menntaskólahúss við Hamrahlíð. Hefur teikning verið gerð að húsinu, og er miðað við að byggja það og taka í notkun í áföngum. Er stefnt að því, að sex kennslustofur verði byggðar í sumar og teknar í notkun haustið 1965. Lýtur það frumvarp, sem hér er flutt, m. a. að því, að hinn nýi menntaskóli verði sérstök stofnun.

Þá hefur verið ákveðið að stækka Menntaskólann að Laugarvatni í áföngum á fimm árum þannig, að nemendur verði 200, en nú eru þeir um 100. Næstu byggingarframkvæmdir við Menntaskólann að Laugarvatni eru heimavistir þær, sem á vantar til þess, að skólinn verði 200 nemenda skóli. Síðan verði kennslurými aukið svo, að komizt verði hjá tvísetningu í skólanum. Menntaskóli má ekki vera minni en 200 nemenda skóli til þess að starfsemi hans verði eðlileg og með hagkvæmum hætti, t. d. um nýtingu kennslukrafta.

Þótt byggt hafi verið fyrir skömmu heimavistarhús við Menntaskólann á Akureyri, þá þarf að horfast í augu við, að sjálft skólahúsið er gamalt timburhús, sem krefst endurnýjunar innan tíðar. Er nú í undirbúningi athugun á því, með hverjum hætti haganlegast sé að bæta aðstöðu til kennslu í sérgreinum við skólann.

Ástæða er til að vekja athygli á því, að heimildin til stofnunar nýrra menntaskóla er miðuð við, að fé sé veitt í fjárlögum. Er þá vitanlega átt við, að nægilegt

fé sé veitt til að ganga frá 1. áfanga eða þeim áföngum, sem ráðizt er í hverju sinni.

Rétt þykir að hafa í frumvarpinu heimild til þess að hefja menntaskólakennslu við gagnfræðaskóla, þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði gera slíka ráðstöfun eðlilega og framkvæmanlega. Þetta hefur t. d. verið reynt á Ísafirði um nokkurt skeið, og raunverulega var slík kennsla upphaf Menntaskólans að Laugarvatni.

Ed. 434. Frumvarp til laga [178. mál]

um eyðingu svartbaks.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson, Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason, Jón Þorsteinsson.

1. gr.

Veiðistjóri hefur, undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands, stjórn allra aðgerða við eyðingu svartbaks.

2. gr.

Veiðistjóri skal, svo sem kostur er, afla upplýsinga um svartbaksstofninn, leiðbeina mönnum við eyðingu hans, skipuleggja eyðingaraðgerðir, gera tilraunir með nýjar vinnsluaðferðir og vernda æðarvörp gegn ágengni svartbaks.

3. gr.

Ráða skal sérstaka menn til eyðingar svartbaks, til lengri eða skemmri tíma eftir ástæðum. Skulu menn þessir starfa undir stjórn veiðistjóra, og sér hann um ráðningu þeirra.

4. gr.

Hinir ráðnu veiðimenn skulu vera vel útbúnir að öllum tækjum og lyfjum, sem bezt henta við eyðingu svartbaks. Eru hinum ráðnu mönnum leyfilegar eyðingaraðgerðir hvar sem er, svo sem í varpstöðvum svartbaksins og annarra fugla, við árósa, fiskvinnsluhús, sláturhús eða á öðrum stöðum, þar sem svartbakur heldur sig mikið.

5. gr.

Heimilt er veiðistjóra að fela áðurnefndum ráðnum mönnum eyðingu minka, refa og hvers konar vargfugla, sem herja á æðarvörp, ef nauðsyn þykir.

6. gr.

Hinir ráðnu veiðimenn skulu fara eftir þeim fyrirmælum, sem sett hafa verið. Skal veiðistjóri fylgjast með, að þau séu haldin.

Veiðimönnum er skylt að halda skýrslur um störf sín og séu þær látnar fylgja reikningum.

7. gr.

Laun, bílakostnaður svo og nauðsynlegur áhaldakostnaður manna, sem ráðnir eru við svartbakseyðingu, skulu greidd úr ríkissjóði, sem ver til eins árs í senn vissri fjárupphæð til eyðingar svartbaks. Fjárupphæð þessi greiðist til Búnaðarfélags Íslands, er sér um greiðslu til veiðimanna samkvæmt reikningum staðfestum af veiðistjóra.

8. gr.

Hvarvetna skal svartbakur (veiðibjalla) réttdræpur.

9. gr.

Jarðarábúendum og öðrum er óheimilt að varna því, að svartbaksveiðar fari fram, eða hindra starfsemi við eyðingu hans á nokkurn hátt, séu veiðarnar fram-

kvæmdar af til þess ráðnum mönnum samkvæmt lögum þessum, nema á vissum árstímum í námunda við æðarvörp, selalagnir eða á öðrum friðlýstum svæðum.

10. gr.

Óheimilar eru öðrum en veiðimönnum ráðnum samkv. 3. gr. svartbaksveiðar án vitundar og leyfis viðkomandi landeiganda eða umráðamanns. Skulu veiðimenn ávallt gera viðkomandi landeigendum aðvart um ferðir sínar, ef þess er nokkur kostur, og gæta fyllstu varúðar við veiðarnar. Þeim er stranglega bannað að skjóta aðrar fuglategundir á friðlýstum tíma. Einnig er svartbaksskyttum bannað að skjóta aðrar fuglategundir án leyfis landeiganda eða umráðamanns. Skylt er veiðimönnum að fjarlægja eða grafa niður öll hræ af þeim fuglum, sem þeir vinna og ná til.

11. gr.

Fyrir hvern unninn svartbak, ungan (grámáf) og fullorðinn fugl, á veiðimaður 20 krónur í verðlaun. Engin verðlaun skal greiða fyrir ófleyga svartbaksunga. Oddviti (bæjarstjóri) greiðir verðlaun þessi.

Veiðimenn skulu leggja fram hægri væng fuglsins til sönnunar því að hafa unnið hann. Skal sá, er gjald þetta greiðir, brenna vængina strax og greiðsla hefur farið fram.

12. gr.

Veiðimenn skulu gefa eiginhandarkvittun fyrir greidd verðlaun. Skulu kvittanir þessar staðfestar með undirskrift þess, er verðlaunin greiðir, og fylgja árlegu reikningsyfirliti til sýslusjóðs.

13. gr.

Um hver áramót skulu oddvitar (bæjarstjórar) senda veiðistjóra skýrslu yfir tölu fugla, sem þeir hafa greitt verðlaun fyrir á árinu.

14. gr.

Þau bæjar- og sveitarfélög, sem samkvæmt lögum þessum greiða verðlaun fyrir unna svartbaka, skulu gera árlegt reikningsyfirlit um þau gjöld, sem síðan eru látin ganga til sýslumanns, en hann endurgreiðir þá hluta sýslusjóðs, 1/6, og annast innheimtu á hluta ríkissjóðs, 2/3.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög um eyðingu svartbaks, nr. 66 1936, lög nr. 89 1941, lög nr. 104 1951 og lög nr. 14 1962.

Greinargerð.

Lög um eyðingu svartbaks, nr. 66 1936, nr. 89 1941, nr. 104 1951 og nr. 14 1962, hafa komið að litlu haldi og eru nú orðið a. m. k. áhrifalaus og dauður bókstafur. Ganga þau einkum út á, að greidd verði skotlaun fyrir skotna fugla, en svo lág þó, að þau hrökkva ekki fyrir skotfærakostnaði. Svartbakur (veiðibjalla) gerist nú sífellt umsvifameiri með ári hverju, sem líður, í æðarvörpum og öðru fuglalífi hér um allt land. Einnig er þess vert að geta, að rökstudd ástæða er til að halda, að hann geri mikinn usla í veiðiám og vötnum, einkum við árósa, og éti þar laxaseiði og smásilung í stórum stíl. Hin síðustu ár er fjöldi svartbaks hér á landi orðinn svo mikill, að öll jafnvægislögmál, að því er fuglalíf varðar, eru komin úr skorðum. Einkum er það æðarfuglinn, sem verður fyrir barðinu á veiðibjöllunni, andarungar á vötnum og margar fleiri tegundir fugla. Allir, sem til

þekkja í æðarvörpum, vita, að vargur þessi leggst strax á egg æðarkollunnar og hún byrjar að verpa á vorin. Síðan situr hann fyrir ungunum, þegar þeir skríða úr hreiðri á árvatn eða sjó, og gleypir þá í hópatali, jafnvel 8—10 unga, sami fugl, á lítilli stundu. Það mun sízt vera ofmælt, að svo til hver einasti æðarungi frá mörgum varpstöðvum lendi niðri í maga þessa gráðuga vágests. Auðvitað hefur svartbakur alla daga haft þessa náttúru, að éta egg og gleypa unga, og þess vegna hafa varpeigendur jafnan lagt hina mestu stund á að eyða honum til að verja á þann veg varplöndin. Fé hefur verið lagt til höfuðs honum, egg hans tekin eftir föngum og ungum hans eytt. Nú hina síðustu áratugi hefur sú sókn orðið vægari vegna breyttra búhátta og breytinga á búsetu. Af þeim ástæðum m. a. hefur svartbaknum fjölgað ört, og flest bendir til, að ýmislegt annað hafi einnig komið til. En hvernig sem á fjölguninni stendur, er það staðreynd, að svartbaksmergðin er orðin svo mikil, að telja verður hreina plágu. Er það mál allra æðarvarpsbænda, að óumflýjanlegt sé að hefja sókn gegn þeirri offjölgun veiðibjöllunnar, ella muni æðarvörp svo að segja þurrkast út á næstu árum. Þess er og vert að geta, að hún er einnig mjög mikill skaðvaldur í laxveiðiám og silungsvötnum. Fjölgun svartbaks og um leið vaxandi tjón af völdum hans eru svo alþekkt sannindi, að óþarfi er um það að eyða fleiri orðum.

En þá er hin hliðin á málinu: Hvernig verður vargfugli þessum fækkað, svo að verulegu gagni komi?

Skotmannaverðlaun hafa litla þýðingu í því formi, sem verið hefur. Til þess eru verðlaunin allt of lág, og auk þess er sú aðferð allt of seinvirk. Aðrar leiðir verður að reyna að fara, ef von á að vera um viðunandi árangur. Og hví skyldi ekki vera unnt að ráða niðurlögum svo margra svartbaka, að eftir verði stofn, sem sé í hæfilegu samræmi við aðrar fuglategundir? Veiðitækni vex látlaust, og nýjar aðferðir þoka eldri aðferðum um set á öllum sviðum.

Búnaðarþing hefur haft þetta mál til meðferðar. Fjöldi blaðagreina hefur birzt um þær óviðunandi búsifjar, sem varpbændur hafa orðið fyrir af völdum veiðibjöllunnar. Hver maður, sem umgengst æðarfugl og andir í varplöndum eða horfir á ungahópana, sem þessi gráðugi vargur gleypir á fyrsta, öðrum eða þriðja sólarhring, segir sem svo: Hér er um svo stórfellt ungadráp að ræða, að grípa verður til nýrra ráða og fækka þessum fugli, svo að um munar. Um þetta biður hver einasti varpbóndi og ég held hver maður, sem einhvern tíma hefur stigið fæti í æðarvarp. Æðardúnn er mjög verðmæt vara, en fer minnkandi, svo sem að líkindum lætur. Ef æðarvörpum er sómi sýndur og unnt reynist að halda höfuðóvini æðarfuglsins í hæfilegum skefjum, gætu tekjur af æðardúni stóraukizt ár frá ári, að ekki sé talað um fegurð náttúrunnar í friðsælu æðarvarpi.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að reyndar verði nýjar leiðir til að fá svartbaknum fækkað, svo að um muni: Að fela veiðistjóra, þ. e. sama manni og annast og hefur umsjón með eyðingu refa og minka, einnig svartbaksdráp. Sú tilhögun, að einn maður hefði umsjón með minka- og refaveiðum, var upp tekin fyrir nokkrum árum og hefur gefizt vel, sjá lög um eyðingu refa og minka. Þessum meindýrum hefur fækkað, síðan þau lög gengu í gildi, og veiðistjórinn er ötull í starfi.

Í fylgiskjali, sem prentað er með frumv., gerir Sveinn Einarsson veiðistjóri nokkra grein fyrir aðferðum, sem nota má við svartbaksveiðar og eru tiltölulega aðgengilegar, eftir því sem um er að gera. Fleira getur til greina komið. En tekið skal fram, að stryknineitrun kemur ekki til greina að áliti flutningsmanna frumvarpsins.

Frumv. er samið af Búnaðarfélagi Íslands. Ýmis ákvæði þess þarf að endurskoða og einhverju við að auka. Má þar einkum nefna ákvæði um meðferð á fiskúrgangi, svo sem slógi, sem fleygt er, einnig ýmiss konar úrgangi frá sláturhúsum o. fl. En flutningsmenn vænta þess, að frumv. verði vandlega skoðað í þingnefnd og endurbætt þar, eftir því sem ástæða þykir til.

Fylgiskjal.

Búnaðarþing 1964 fól mér undirrituðum að gera tillögur um eyðingu svartbaks, og vil ég hér á eftir gera grein fyrir áliti mínu varðandi það mál.

Hin gífurlega fjölgun svartbaks og það tjón, sem hann veldur, einkum þó í æðarvarpi, sýnir ljóslega, að full þörf er gagngerðra ráðstafana af hálfu hins opinbera til þess fyrst og fremst að vernda æðarstofninn, og virðist ekki síður ástæða til lagasetningar til verndunar hans heldur en arnarins.

Um fjölgun svartbaks.

Eins og ég hef áður skýrt frá, er ein aðalástæðan fyrir hinni gífurlegu fjölgun svartbaks, sem átt hefur sér stað hér á landi nú um alllangt árabil, gnægð ætis, sem hreinlega er hent fyrir hann og annan vargfugl. Vil ég þar fyrst nefna alls konar fiskúrgang frá fiskvinnslustöðvum og aðgerðarplássum. Þá er einnig full þörf að minnast á sláturhúsin, sem fleygja úrgangi í tonnatali fyrir svartbak og aðra varga í sjó og vatnsföll. Það er algeng sjón að sjá alls konar líffæri úr búfé í hrönnum á bökkum vatnsfalla og einnig dreifð út um móa og mela. Fyrir utan þann óþrifnað, sem þetta veldur, er þetta forðabúr fyrir alls konar illfygli og rottur og hlýtur einnig að auka á smithættu hinna mörgu sjúkdóma, sem herja á búfénað landsmanna.

Meðan þetta fyrirkomulag er látið afskiptalaust og haldið verður áfram að ala svartbak á ýmiss konar „góðgæti", verður eyðing hans margfalt erfiðari viðfangs. Það er því að mínu áliti fyllilega tímabært að setja ströng lagaákvæði um að brenna eða grafa niður hvers konar úrgang, sem fleygt er frá áðurnefndum stöðum.

Tjón.

Tjón af völdum svartbaks er mikið og margvíslegt, þó að það sé tilfinnanlegast í æðarvarpi, eins og alkunnugt er. Ég hef rætt við allmarga varpbændur um þessi mál, og ber þeim öllum saman um, að mestur hluti æðarunga lendi í kjafti svartbaksins fyrstu dagana eftir að æðurin leiðir út, og fullyrða sumir, að allt upp í 90% unganna farist á þennan hátt.

Það er vitað, að svartbakurinn veldur sams konar tjóni á ýmsum öðrum fuglategundum, þó að athygli manna beinist mest að æðarfuglinum, þar sem hann er nytjafugl. Þá er kunnugt, að svartbakur getur verið hinn mesti skaðvaldur í laxi og silungi, og einnig er alkunnugt, hversu aðgangsharður hann getur verið við unglömb, en tjón það, sem hann veldur á þeim, er án efa miklu meira en margur hyggur.

Eyðingaraðferðir.

Undanfarin ár hef ég nokkuð kynnt mér eyðingu svartbaks og þær aðferðir, sem líklegastar eru til að fækka stofni hans í landinu. Að vísu eru í gildi lög um eyðingu svartbaks frá 1936, en þau lög hafa reynzt alveg gagnslaus og jafnvel verri en engin.

Að mínum dómi er langlíklegasta leiðin til fækkunar svartbaks, að sérstakir menn verði ráðnir til starfa í lengri eða skemmri tíma eftir ástæðum. Menn þessir þurfa að vera vel útbúnir öllum tækjum og kunna að notfæra sér þau meðul, sem til greina koma við eyðingu hans og annarra varga.

Eyðingaraðgerðir framkvæma hinir ráðnu menn á þeim stöðum, þar sem mergð fuglanna er mest, og í varpstöðvum þeirra sjálfra, svo og að sjálfsögðu í varplöndum æðarfugls, og sé þá sérstök áherzla lögð á að verja þau fyrir ágengni hans og annarra varga.

Það gefur t. d. auga leið, að menn, sem fara um æðarvörp, jafnt á landi sem í eyjum, í því skyni að eyða svartbak, ættu einnig að eyða minkum, sem þar kynnu að leynast. Hrafnar eru líka mjög illa séðir í varplöndum.

Hér verður ekki farið út í að lýsa hverri eyðingaraðferð í einstökum atriðum, það yrði of langt mál.

Skotverðlaun fyrir unna svartbaka geta orðið til mikils gagns við eyðingu hans, en því aðeins, að þau séu það há, að eitthvað meira sé greitt en það, sem rétt nægir fyrir skotunum, þegar vel gengur. Verður því ekki séð, að verðlaunin á hvern fugl megi vera undir 20—25 krónum. Víst er, að með þetta háum verðlaunum verða margar skyttur til að leggja þessum málum lið og flýta með því móti fyrir eyðingu fuglanna.

Kostnaður.

Varðandi kostnað, sem af eyðingu svartbaks hlýzt, verður vandfundin önnur leið en sú, að ríkissjóður greiði hann að mestu.

Það er með öllu óhugsandi að ætla fámennum hreppsfélögum að bera mikinn kostnað í þessu skyni, enda kæmi hann oft mjög ójafnt niður á þau, þar sem eyðing svartbaks gæti verið á mjög takmörkuðu svæði, þannig að fá hreppsfélög bæru mestan kostnaðinn.

Tillaga mín í sambandi við kostnaðarhlið þessa máls verður því á þá leið, að ríkissjóður verji hálfri milljón króna til eyðingar svartbaks og miðist það framlag við eitt ár í senn. Fjárupphæð þessari yrði varið til að bera kostnað í sambandi við fastráðna menn og einnig til að greiða hluta ríkissjóðs í verðlaunum fyrir unna svartbaka.

Máli þessu til frekari skýringar læt ég hér með fylgja tillögur að lögum um eyðingu svartbaks.

Reykjavík, 13. nóvember 1964.

Sveinn Einarsson,
veiðistjóri.

Ed. 435. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 7. apríl 1965.

Ólafur Björnsson, form., frsm.
Jón Þorsteinsson, fundaskr.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Björn Jónsson.
Helgi Bergs.
Ásgeir Bjarnason.
Magnús Jónsson.

Ed. **436. Breytingartillaga** [147. mál]

við frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Helga Bergs og Ólafi Jóhannessyni.

Við 7. gr. Við fyrri málslið 3. málsgr. A-liðar bætist: og einnig stjórn Stúdentagarðanna til byggingar íbúða fyrir kvænta háskólanema.

Sþ. **437. Þingsályktun** [77. mál]

um kvikmyndasýningar í sveitum.

(Afgreidd frá Sþ. 7. apríl.)

Samhljóða þskj. 102.

Ed. **438. Nefndarálit** [152. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 25 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 7. apríl 1965.

Eggert G. Þorsteinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Alfreð Gíslason. Ólafur Jóhannesson. Sigurður Ó. Ólafsson.
Hermann Jónasson.

Ed. **439. Nefndarálit** [57. mál]

um frv. til laga um eftirlit með útlendingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna (AG) tók ekki afstöðu til frumvarpsins.

Alþingi, 8. apríl 1965.

Eggert G. Þorsteinsson, form. Ólafur Björnsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson, frsm.
Alfreð Gíslason. Magnús Jónsson. Sigurður Ó. Ólafsson.
Hermann Jónasson.

Sþ. 440. Nefndarálit [108. mál]

um till. til þál. um síldarleit fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Norðausturlandi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þessa tillögu og leitað álits þeirra aðila. er bezt skil kunna á síldarleit. Urðu nefndarmenn ásáttir um að mæla með því, að tillagan hljóti samþykki með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að við síldarleit á sjó sé fyrir hendi nægur kostur vel útbúinna rannsóknar- og leitarskipa, svo að unnt verði að halda uppi öflugri, samfelldri og skipulagðri síldarleit fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum, meðan sumarsíldveiðarnar standa yfir. Skal síldarleitin hefjast eigi síðar en 15. maí sumar hvert.
2. Í stað „Norðausturlandi“ í fyrirsögn tillögunnar komi: Austfjörðum.

Alþingi, 8. apríl 1965.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Sverrir Júlíusson.
Gísli Guðmundsson.	Ragnar Arnalds.	Einar Ágústsson.
	Pétur Sigurðsson.	

Nd. 441. Breytingartillögur [101. mál]

við frv. til laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfólks.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Fyrir „hjúkrunarfólks“ komi: hjúkrunarkvenna.
2. Við 9. gr.
   a. Orðin „eða hjúkrunarmanna“ í 2. málsgr. falli burt.
   b. Orðin „og hjúkrunarmenn“ í 5. málsgr. falli burt.
3. Við 17. gr.
   a. Orðin „og hjúkrunarmenn“ á tveim stöðum í greininni falli burt.
   b. Í stað „skyldutryggð“ komi: skyldutryggðar.
4. Við 18. gr. Orðin „og hjúkrunarmenn“ á tveim stöðum í greininni falli burt.
5. Við 20. gr. Orðin „og hjúkrunarmenn“ falli burt.
6. Við 21. gr.
   a. Orðin „og hjúkrunarmanna“ falli burt.
   b. Orðin „og/eða hjúkrunarmenn“ falli burt.
7. Á eftir 21. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ákvæði þessara laga gilda einnig um karla, er annast hjúkrunarstörf og hafa réttindi til þess samkvæmt hjúkrunarlögum.
8. Við fyrirsögn frv. Í stað „hjúkrunarfólks“ komi: hjúkrunarkvenna.

Nd. 442. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum, o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 7. apríl 1965.

Einar Ingimundarson, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson, frsm.
Pétur Sigurðsson.	Skúli Guðmundsson.	Ragnar Arnalds.
	Matthías Bjarnason.	

Nd. 443. Lög [28. mál]

um breyting á lögum nr. 41 frá 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 29.

Nd. 444. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1962, um verkamannabústaði.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. apríl.)

1. gr.

4. gr. 2. málsgr. 3. málsliður orðist svo:

Lánsfjárhæð má vera allt að 90% af kostnaðarverði íbúðar, en þó ekki yfir 450 þúsund krónur.

2. gr.

6. gr. 4. tl. orðist svo:

Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins, hafi ekki átt viðunandi íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína síðastliðin tvö ár og hafi eigi haft yfir 120 þúsund króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 10000 krónum fyrir hvert barn á framfæri, né yfir 250 þúsund króna skuldlausa eign, allt miðað við þann tíma, þegar félagsmaður kaupir íbúðina. Tölur þessar breytast í samræmi við kaupgjaldsvísitölu.

3. gr.

6. gr. 8. tölul. síðasti málsliður orðist svo:

Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum byggingarlánsins, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 445. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og haldið einn fund sameiginlegan með fjhn. Nd., þar sem til voru einnig kvaddir sérfræðingar þeir, er samið hafa frv.

Nefndin hefur ekki náð samstöðu um afgreiðslu málsins, þannig að undirritaður meiri hl. mælir með því, að það verði samþ. með brtt., er fluttar eru á sérstöku þingskjali, en aðrir nm. skila sérálitum.

Alþingi, 8. apríl 1965.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 446. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Iðnaðurinn hér á landi hefur átt við mikla örðugleika að stríða að undanförnu, og eiga þeir sér rætur í ýmsum orsökum, m. a. minnkaðri tollvernd, takmörkuðu lánsfé til endurbóta í rekstrinum, samkeppni við vörur á undirboðsverði og háum tollum á vélum og tækjum til framleiðslunnar, en það er þetta síðastnefnda, sem þetta frv. miðar að því að lagfæra nokkuð.

Sú stefna að minnka tollvernd innlends iðnaðar er eðlileg sem liður í víðtækari aðgerðum, en hún er því aðeins réttlætanleg, að iðnaðinum sé gefið svigrúm og möguleikar til þess að laga sig að nýjum aðstæðum. Eitt af því, sem gera þarf, er að lækka mjög verulega eða jafnvel afnema alveg tolla á vélum og tækjum til framleiðslunnar. Það er ekki gert í þessu frv., sem miðar aðeins skamman spöl í þessa átt.

Það hefur um nokkurt skeið verið almennur skilningur á því, að það væri röng stefna og hættuleg að leggja háa tolla á vélar og tæki, sem framleiðslan byggist á. Það spillir ekki aðeins samkeppnisaðstöðunni vegna hærri vaxta og afskrifta, heldur dregur það beinlínis úr viljanum og viðleitninni til að vélvæða og taka upp nýja tækni, en allir eru þó sammála um það, að aukin tækni og vélvæðing er lausnarorðið í atvinnuuppbyggingu nútímans.

Frv. þetta stefnir þá einnig að því að lækka þessa tolla nokkuð, en því miður of lítið miðað við núverandi aðstæður og minna en vonir stóðu til, þegar á það er litið, að fjármálaráðherrann hefur jafnan sýnt þessum sjónarmiðum skilning.

Að þessu frv. samþykktu yrðu vélar og tæki til framleiðslunnar tollaðar á fimm mismunandi vegu:

1. 0% — bátar og vélar til fiskveiða.
2. 4% — veiðarfæri og tæki til fiskveiða.
3. 10% — landbúnaðarvélar og vélar til fiskiðnaðar.
4. 15% — vélar til fiskiðnaðar, sem eru einnig framleiddar hér innanlands.
5. 25% — vélar og tæki til iðnaðar úr landbúnaðarvörum og annars iðnaðar fyrir innlendan markað.

Það kann að hljóma sæmilega í fljótu bragði, að fiskveiðar og fiskiðnaður eigi í þessu efni að búa við betri kosti en önnur framleiðsla, en þegar betur er að gáð, liggja engin haldgóð rök til þeirrar skiptingar, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ef fara á eftir því, hvort um er að ræða frumframleiðslu (hráefnaöflun) eða iðnað, ættu landbúnaðarvélar að vera í flokki með vélum og tækjum til fiskveiða, þ. e. 0—4%, svo sem sjálfsagt er. Sé hins vegar farið eftir því, hvort unnið er fyrir innlendan eða erlendan markað, liggja ekki frekari rök til að tolla fiskiðnaðarvélar en t. d. veiðarfæri og tæki eða bátana sjálfa. Ekki ætti þá heldur að leggja háa tolla á vélar til ullar- og skinnavinnslu, prjónavélar o. fl. Að því verður að gá, að einmitt þessir háu vélatollar eiga sinn þátt í því, að ýmsar vörur eru ekki útflutningsvörur, þó að þær gætu annars verið það.

Það hníga engin rök til að flokka framleiðsluna á þennan hátt. Allar eru þessar greinar þýðingarmiklar fyrir þjóðarbúskapinn, og er enginn grundvallarmunur á, hvort framleitt er fyrir innlendan eða erlendan markað. Vélatollar eru alltaf af hinu illa, því að þeir eru hemill á tæknilegar framfarir.

Þess vegna leggjum við til, að þessar vélar og tæki (að undanskildum tölulið 1 að framan) verði allar í 4% tolli, og flytjum um það breytingartillögur á þskj. 447.

Aðrar breytingartill. flytjum við ekki. Ekki er það þó vegna þess, að við séum skyndilega orðnir ánægðir með ýmis atriði tollskrárinnar, sem við höfum áður gagnrýnt, heldur hitt, að við höfum talið eðlilegt að verða við tilmælum formanns fjárhagsnefndar að halda málinu innan þess sviðs, sem er höfuðatriði frv. þessa, þ. e. vélar og tæki, enda er þar um mikilsvert grundvallaratriði að ræða, eins og sýnt hefur verið fram á hér að framan.

Alþingi, 8. apríl 1965.

Helgi Bergs, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 447. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Við 1. gr.

a. Við 13. tölulið:

73.22.01 Í stað 25% komi 4%

b. Við 15. tölulið:

1.	84.06.22	Í stað 10%	komi 4%
2.	84.11.01	— 10—	— 4—
3.	84.15.12	— 15—	— 4—
4.	19	— 15—	— 4—
5.	84.17.11	— 15—	— 4—
6.	12	— 15—	— 4—
7.	13	— 25—	— 4—
8.	84.18.11	— 20—	— 4—
9.	19	— 25—	— 4—
10.	23	— 10—	— 4—
11.	84.22.05	— 10—	— 4—
12.	84.23.04	— 10—	— 4—
13.	84.24.01	— 10—	— 4—

14.	02	Í stað	10%	komi	4%
15.	03	—	10—	—	4—
16.	04	—	10—	—	4—
17.	84.25.02	—	10—	—	4—
18.	03	—	10—	—	4—
19.	04	—	10—	—	4—
20.	05	—	25—	—	4—
21.	84.26.01	—	10—	—	4—
22.	02	—	25—	—	4—
23.	09	—	25—	—	4—
24.	84.27	—	25—	—	4—
25.	84.28	—	25—	—	4—
26.	84.29	—	25—	—	4—
27.	84.30.01	—	25—	—	4—
28.	02	—	25—	—	4—
29.	84.30.03	—	25—	—	4—
30.	04	—	25—	—	4—
31.	05	—	10—	—	4—
32.	09	—	25—	—	4—
33.	84.36	—	25—	—	4—
34.	84.37.01	—	25—	—	4—
35.	09	—	25—	—	4—
36.	84.41	—	25—	—	4—
37.	84.42	—	25—	—	4—
38.	84.43	—	25—	—	4—
39.	84.44	—	25—	—	4—
40.	84.45	—	25—	—	4—
41.	84.46	—	25—	—	4—
42.	84.47	—	25—	—	4—
43.	84.48	—	25—	—	4—
44.	84.49	—	25—	—	4—
45.	84.50	—	25—	—	4—
46.	84.56	—	25—	—	4—
47.	84.59	—	25—	—	4—
48.	84.60	—	25—	—	4—

c. Við 16. tölulið:

85.11	Í stað 25%	komi 4%

d. Við 16. tölulið. Nýr töluliður:

87.01.11 Almennar hjóladráttarvélar, eftir nánari skýrgreiningu fjármálaráðuneytisins 4%

e. Við 17. tölulið:

87.07	Í stað 25%	komi 4%

Ed. 448. Frumvarp til laga [147. mál]

um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 311 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:

Veðlánakerfi til íbúðabygginga skal starfrækt undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands, og skulu lánveitingar innan þess vera í samræmi við hinar almennu útlánareglur húsnæðismálastjórnar.

Í þessu skyni skal veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út skuldabréf (bankavaxtabréf), sem nema allt að 400 milljónum króna árlega. Vaxtabréf þessi skulu vera með föstum vöxtum og afborgunum, en með vísitölukjörum þannig, að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar kaupgreiðsluvísitölu, sbr. lög nr. 63/1964.

Eigi skal öðrum en veðdeild Landsbanka Íslands heimilt að gefa út vísitölubundin verðbréf, nema sérstök lagaheimild komi til.

Ákvæði III. kafla laga nr. 70/1962, sbr. 31. gr. laga nr. 51/1964, gilda um bankavaxtabréf og vexti af þeim.

Byggingarsjóður ríkisins og veðdeild Landsbankans, eftir tillögu húsnæðismálastjórnar, hafa heimild til að taka erlend lán til íbúðabygginga, enda komi leyfi ríkisstjórnarinnar til.

Ábyrgð ríkissjóðs er á skuldabréfum samkvæmt þessari grein. Um verðbréfaútgáfu þessa gilda ákvæði laga nr. 55/1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum. Í reglugerð má þó ákveða annan frest um innlausn bankavaxtabréfa en ákveðinn er í 16. gr. laga nr. 55/1945.

7. gr. hljóðar svo:

Útlánareglur húsnæðismálastjórnar skulu vera þessar:

A. Lánin veitast aðeins til byggingar nýrra íbúða, meiri háttar viðbygginga eða til kaupa á nýjum íbúðum, en lán skal þó því aðeins veita, að loforð um lánveitingu hafi verið gefið áður en hlutaðeigandi byggingarframkvæmd hófst eða kaup á nýjum íbúðum eru gerð. Lánin skulu greidd lántakendum í peningum og koma til útborgunar vor og haust og þá í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu húsnæðisins, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Ef byggingarfélag er lántakandi, skal láninu skipt á hlutaðeigandi íbúðir að byggingu lokinni eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar.

Sé um að ræða byggingarfélag, sem nýtur ríkisábyrgðar, getur húsnæðismálastjórn veitt því bráðabirgðalán gegn ríkisábyrgð af fé byggingarsjóðs, enda verði láninu skipt að byggingu lokinni á eigendur hlutaðeigandi íbúða gegn 1. veðrétti, og fellur ríkisábyrgð þá niður.

Húsnæðismálastjórn getur enn fremur veitt sveitarfélögum og Öryrkjabandalagi Íslands lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leiguíbúðir.

B. Lánsupphæðin má nema allt að kr. 280 000.00 á hverja íbúð, þó ekki meira en ¾ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands. Heimilt er þó að veita hærra lán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, og skal í þessu skyni verja 15—20 millj. kr. árlega af tekjum byggingarsjóðs ríkisins. Húsnæðismálastjórn ákveður lán þessi að fengnum tillögum stjórnar viðkomandi verkalýðsfélags. Um viðbótarlán þessi skal í samráði við miðstjórn Alþýðusambands Íslands setja nánari ákvæði með reglugerð.

Ef fleiri en ein íbúð eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig. Þó skal engum einstaklingi veitt lán nema út á eina íbúð.

C. Lán þessi skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðast síðan á 25 árum með 4% ársvöxtum og jöfnum árgreiðslum vaxta og afborgana (annuitetslán). Til greiðslu á kostnaði veðdeildarinnar vegna starfrækslu hennar í þágu byggingarsjóðs skulu lántakendur greiða ¼% af lánsfjárhæðinni, sem reiknast á sama hátt og árlegir vextir. Hver árgreiðsla, afborgun, vextir og kostnaður skal hækkuð eða lækkuð, eftir því sem við á, samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, sbr. lög nr. 63/1964. Lán þessi skulu tryggð með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.

D. Heimilt er húsnæðismálastjórn að stytta lánstímann vegna sérstakra byggingahátta eða takmarkaðs leigutíma lóðaréttinda.

E. Félagsmálaráðherra skal að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar setja með reglugerð nánari ákvæði um veitingu lána, er húsnæðismálastjórn hefur með höndum. Um lánveitingar til einstaklinga skal þar m. a. setja ákvæði, sem tryggi, að farið sé eftir ástæðum umsækjenda, húsnæði, fjölskyldustærð, efnahag, lántökumöguleikum o. fl. Enn fremur um hámarksstærð íbúða, sem veita má lán til.

Við skiptingu lánsfjárins milli byggðarlaga skal tekið tillit til nauðsynlegs jafnvægis í byggð landsins og þeirra byggðarlaga, sem eru í mestri lánsfjárþörf.

Á meðan ekki er unnt að fullnægja lánsfjárþörf til íbúðarhúsabygginga, skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu sitja fyrir, er byggja minni íbúðir, enda fullnægi íbúðarstærðin þörfum viðkomandi fjölskyldu að dómi húsnæðismálastjórnar.

Ákveðið skal í reglugerð, hver skilríki umsækjandi skuli láta fylgja umsókn sinni, og um önnur almenn skilyrði fyrir lánveitingu.

9. gr. hljóðar svo:

Sérstök innlánsdeild skal starfa á vegum byggingarsjóðs ríkisins.

Þeir, sem leggja fé inn í deildina, skulu að minnst 10 árum liðnum, frá því að innlög hófust, eiga kröfu á að fá það útborgað, að viðbættum innlánsvöxtum og uppbótum, sbr. 10. gr. Nemi hin innlagða upphæð minnst 10 þús. krónum á ári, er skylt að láta þá, er taka þátt í innlögum þessum, sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, að öðru jöfnu, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist, þó aldrei yfir ¾ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þessarar innlánsdeildar og um réttindi og skyldur samkvæmt þessari grein skulu sett í reglugerð.

Tilsvarandi ákvæði gilda um þá menn utan kaupstaða og kauptúna, sem leggja á þennan hátt fé í stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands.

10. gr. hljóðar svo:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, en í stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveit.

Fé það, sem skylt er að spara á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Þegar sá, er safnað hefur fé í sjóð samkvæmt 1. mgr., hefur náð 26 ára aldri, eða gengur í hjónaband og stofnar heimili, skal hann eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt að viðbættum þeim vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum. Enn fremur skulu þeir sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir ¾ hluta af matsverði viðkomandi

íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjársöfnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samanlagt að minnsta kosti 100 000.00 kr.

Fé, sem lagt er til hliðar samkvæmt þessari grein og 9. grein, skal vera skatt- og útsvarsfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt. Enn fremur skulu vextir af þessu fé undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.

19. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, o. fl., lög nr. 45 12. júní 1958, um breyting á þeim lögum, lög nr. 56 4. apríl 1962, um breyting á sömu lögum, og lög nr. 18 23. maí 1964, um breyting á sömu lögum.

Ed. 449. Breytingartillaga [147. mál]

við frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Alfreð Gíslasyni.

Við frv. bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Unz sett hafa verið lög um verðtryggingu lána almennt, er lántakendum heimilt að velja á milli lánskjara samkvæmt lögum þessum, sbr. ákvæði C-liðar 7. gr. um ársvexti og vísitölutryggingu, og þess, að lánin séu með 7¼% ársvöxtum og án vísitöluálags.

Ed. 450. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

a. Við 1. gr. Fyrir „Tankar úr ryðfríu stáli sérstaklega fyrir mjólk, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins ..... 25%“ í 13. tölul. komi: Tankar úr ryðfríu stáli sérstaklega fyrir mjólk, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins ..... 10%.

b. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., þannig:
Aftan við 3. gr. laganna bætist nýr liður, svo hljóðandi:
41. Að lækka eða endurgreiða gjöld af heilum innfluttum dráttarbrautum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins, þannig að gjöld af þeim verði 10% verðtollur.

Nd. 451. Nefndarálit [158. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 9. apríl 1965.

Einar Ingimundarson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Skúli Guðmundsson.	Björn Fr. Björnsson.	Ragnar Arnalds.
	Pétur Sigurðsson.	

Sþ. **452. Nefndarálit** [117. mál]

um till. til þál. um athugun á samdrætti í iðnaði.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar. Meiri hlutinn vill vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, en undirritaðir leggja til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt óbreytt.

Umsagnir hafa borizt frá eftirtöldum aðilum: Iðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík, Iðju, félagi verksmiðjufólks á Akureyri, Félagi íslenzkra iðnrekenda, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Efnahagsstofnuninni.

Þeir fjórir aðilar, sem fyrst eru taldir, mæla allir eindregið með samþykkt tillögunnar, en Efnahagsstofnunin telur ekki þörf á samþykkt hennar. Að vísu virðist afstaða stofnunarinnar að einhverju leyti byggjast á því, að þingsályktunartillagan geri ráð fyrir „skipun sérstakrar nefndar" til athugunar á umræddu vandamáli, en svo er ekki, heldur segir þar, að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á samdrætti, sem orðið hefur í ýmsum iðngreinum, í samráði við Félag íslenzkra iðnrekenda og fulltrúa iðnverkafólks.

Staðreynd er, að í ýmsum greinum iðnaðar hefur orðið verulegur samdráttur á síðustu mánuðum, og hafa nokkur fyrirtæki þegar orðið að leggja rekstur sinn alveg niður, en önnur dregið reksturinn saman og fækkað starfsfólki. Ýmsar orsakir liggja til þeirra erfiðleika, sem hér um ræðir, m. a. minnkuð tollvernd, erlend undirboð, lánsfjárskortur, óhagstæð skattakjör o. fl. Í sumum tilfellum hníga fleiri en ein orsök til þessara erfiðleika og vega þá mismunandi þungt.

Til þess að hægt sé að gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta, er óhjákvæmilegt að þekkja til hlítar þær orsakir, sem til erfiðleikanna liggja, og því er það skoðun okkar, að umrædd athugun verði að fara fram.

Fleira fólk hefur nú framfæri sitt af hvers konar iðnaðarstarfsemi en nokkurri einni atvinnugrein hér á landi. Þýðing iðnaðar fyrir íslenzkan þjóðarbúskap er því óumdeilanleg og mun enn fara vaxandi, enda hljótum við Íslendingar eins og aðrar þjóðir að stefna að því að efla þennan þátt atvinnumálanna og búa honum skilyrði eftir föngum til jafns við aðrar höfuðatvinnugreinar þjóðarinnar.

Vitað er, að hin stóraukna dýrtíð, samfara lánsfjárskorti, hefur skapað iðnaðinum margvíslega rekstrarörðugleika. Afleiðingin er sú, að íslenzkur iðnaður stendur mjög höllum fæti í samkeppninni við erlend iðnfyrirtæki, sem búa við annars konar kjör að því er rekstrarfé og vexti snertir. Á það hefur oftlega verið bent, að iðnaðurinn hér á landi eigi að geta staðizt samkeppni erlendis frá án verndartolla eða óeðlilega hárra aðflutningsgjalda. Því aðeins er hugsanlegt að ná þessu marki, að iðngreinunum sé ekki, jafnframt því sem erlend framleiðsla flæðir inn í landið, íþyngt svo með ónógu og dýru lánsfé, að samkeppnisaðstaða hans sé þegar af þeirri ástæðu gersamlega vonlaus.

Með hliðsjón af framansögðu teljum við, að umrædda athugun beri að láta fram fara, og mælum því með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 8. apríl 1965.

Einar Ágústsson, frsm. Gísli Guðmundsson. Ragnar Arnalds.

Ed. 453. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Meginefni þessa frv. er það, að lagt er til, að tollar af vélum, sem nú eru almennt 35%, verði lækkaðir í 25% af almennum iðnaðarvélum og í 15% eða 10% af vélum, sem notaðar eru í sjávarútvegi og landbúnaði, en slíkar vélar bera nú í sumum tilvikum allt niður í 10% toll. Lækkunin snertir því ekki allan vélainnflutning.

Þetta frv. hefur verið til athugunar í fjhn., og var nefndin sammála um, að framangreindar meginbreytingar stefni til bóta, svo langt sem þær ná. Hins vegar reyndust um það skiptar skoðanir, hvort breytingarnar, sem frv. gerir ráð fyrir, gengju viðunanlega langt til móts við þarfir atvinnuveganna og þá sérstaklega iðnaðarins, sem nú á mjög í vök að verjast, fyrst og fremst vegna hömlulítils innflutnings erlends iðnvarnings og stórminnkaðrar tollverndar á síðari árum.

Undirritaður er þeirrar skoðunar, að aðstaða þess iðnaðar, sem framleiðir fyrir innlendan markað, sé nú í mörgum greinum slík, að framtíð hans sé mikil hætta búin, ef ekki koma til mjög verulegar umbætur af hálfu löggjafarvaldsins varðandi samkeppnisaðstöðu hans gagnvart hinum erlenda innflutningi, sem sífellt er hleypt inn á fleiri og fleiri svið. Virðist í þeim efnum vera nærtækast að létta hinum innlenda iðnaði endurskipulagningu fyrirtækja sinna og endurnýjun á vélakosti og hvers konar tæknibúnaði með því m. a. að lækka eða fella niður þá háu tolla, sem verið hafa á vélum og tækjum iðnaðarins. Aðrar hliðar á sama máli eru svo lækkun tolla á hráefnum til iðnaðarins, hugsanleg aukin tollvernd í sumum tilvikum og úrbætur varðandi lánsfjármöguleika bæði til endurbóta og rekstrar.

Að undanförnu hefur átt sér stað stórfelldur samdráttur í fjölmörgum greinum innlends neyzluiðnaðar, jafnvel svo, að komið hefur til algerrar framleiðslustöðvunar í einstökum tilvikum. Hefur þannig sannazt, að hann hefur ekki, miðað við þær aðstæður, sem hann á við að búa af hálfu ríkisvaldsins, verið viðbúinn að mæta þeirri hörðu og oft óeðlilegu samkeppni, sem stefna núv. ríkisstjórnar hefur eflt gegn honum. Hér þarf því skjótra úrbóta við, ef ekki á af að hljótast stórfellt þjóðhagslegt tjón, og eins og áður segir, virðist nærtækast að létta svo að um muni þá fjárfestingarsköttun, sem á iðnaðinum hvílir umfram aðrar atvinnugreinar.

Breytingartillögur undirritaðs við frv. þetta, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali, miða því flestar að því að lækka tolla af vélum og tækjum til neyzluiðnaðarins niður í sama tollflokk og sjávarútvegur og landbúnaður eiga hæstan við að búa, og virðist honum þar vera um lágmarksaðgerð að ræða til aðstöðujöfnunar atvinnuveganna á því sviði, sem hér um ræðir. Einnig hníga nokkrar breytingartill. í þá átt að færa tolla til véla og tækja landbúnaðarins niður til samræmis við hliðstæða tolla sjávarútvegsins. Þá flytur undirritaður nokkrar aðrar tillögur til breytinga á gildandi tollskrá, og eru þær helztu þær, að felldir verði niður tollar af pappír, hvort heldur er til blaða- eða bókaútgáfu. Og loks flytur hann þrjár breytingartillögur við heimildargrein laga um tollskrá. Í fyrsta lagi er þar lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að endurgreiða þeim, sem byggja í fyrsta skipti íbúð til eigin þarfa, aðflutningsgjöld af efnivörum til byggingarinnar, en þessi gjöld munu nú nema um 70000 kr. af meðalíbúð. Í öðru lagi er lagt til, að heimilt verði að endurgreiða aðflutningsgjöld af dráttarbrautum og hlutum til þeirra, en nokkrar dráttarbrautir eru nú í smíðum eða fyrirhugaðar, og eiga þeir aðilar, sem að þeim þjóðnýtu framkvæmdum standa, í miklum fjárhagsörðugleikum með þær framkvæmdir. Þar sem hér er um að ræða að skapa aðstöðu til óhjákvæmilegrar þjónustu við sjávarútveginn, virðist ekki óeðlilegt, að gjöld þessi séu felld niður. Loks er lagt til, að heimiluð verði endurgreiðsla tolla af dísilvélum til rafmagnsframleiðslu.

Undirritaður leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hann flytur á sérstöku þskj.

Alþingi, 9. apríl 1965.

Björn Jónsson.

Ed. 454. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá Birni Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. 10. liður orðist svo:
      39.07.36 orðist svo:
      Mjólkurbrúsar 10 lítra og stærri 4%
      Inn komi tvö ný númer, svo hljóðandi:
      67 Mjólkurumbúðir, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 4%
      68 Smávarningur og annað þess háttar, úr plasti, til að búa eða slá eða leggja með ýmsa hluti, snagar, fatahengi, hillutré og annað þess háttar 70%
   b. Á eftir 10. lið komi nýir liðir, svo hljóðandi:
      1. 44.16.00 orðist svo:
      Holplötur (lamelplötur) einnig lagðar ódýrum málmum 35%
      2. 44.17.00 orðist svo:
      Sérstaklega unninn (improved) viður í plötum, blokkum eða þess konar 35%
      3. 44.18.00 orðist svo:
      Gervitrjáviður úr spónum, sagi, viðarmjöli eða öðrum viðarkenndum úrgangi, haldið saman með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðru lífrænu bindiefni, í plötum, bitum eða þess konar .. 35%
      4. 48.01.10 orðist svo:
      Dagblaðapappír 0
      5. 48.01.20 orðist svo:
      Prent- og skrifpappír 0
   c. Við 13. lið:
      73.22.01 Í stað 25% komi 4%
   d. Á eftir 13. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
      73.23.02 orðist svo:
      Mjólkurbrúsar 10 l eða stærri 4%
   e. Við 15. lið:
      1. 84.11.01 orðist svo:
      Heyblásarar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 4%
      2. 84.17.13 orðist svo:
      Mjólkurvinnsluvélar, þó ekki skilvindur 15%
      3. 84.22.05 orðist svo:
      Heyblásarar (til að færa til hey), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 4%
      4. 84.25.05 orðist svo:
      Flokkunarvélar 15%

5. 84.26.02 orðist svo:
   Mjólkurvinnsluvélar 15%
6. 84.28.00 orðist svo:
   Aðrar vélar og tæki til landbúnaðar, garðyrkju, alifuglaræktar og býflugnaræktar; spírunartæki með mekanískum útbúnaði eða útbúnaði til upphitunar; útungunarvélar og ungamæður 15%
7. 84.29.00 orðist svo:
   Vélar og tæki til brauðkornsmölunar og aðrar vélar og tæki til vinnslu á korni og belgávöxtum 15%
8. 84.30.01 orðist svo:
   Vélar og tæki til brauð- og kexgerðar 15%
9. 84.30.02 orðist svo:
   Vélar og tæki til súkkulaði- og sykurvörugerðar 15%
10. 84.30.03 orðist svo:
    Vélar og tæki til kjötvinnslu 15%
11. 84.30.04 orðist svo:
    Vélar og tæki til drykkjarvörugerðar 15%
12. 84.36.00 Í stað 25% komi 15%
13. 84.37 Í stað 25% komi 15%
14. 84.38.00 Í stað 25% komi 15%
15. 84.39.00 Í stað 25% komi 15%
16. 84.41.00 Í stað 25% komi 15%
17. 84.42.00 Í stað 25% komi 15%
18. 84.43.00 Í stað 25% komi 15%
19. 84.44.00 Í stað 25% komi 15%
20. 84.45.00 Í stað 25% komi 15%
21. 84.46.00 Í stað 25% komi 15%
22. 84.47 Í stað 25% komi 15%
23. 84.48.00 Í stað 25% komi 15%
24. 84.49.00 Í stað 25% komi 15%
25. 84.50.00 Í stað 25% komi 15%
26. 84.57.00 Í stað 25% komi 15%
27. 84.59.21 orðist svo:
    Til matvælaiðnaðar, ót. a. 15%
28. 84.59.22 orðist svo:
    Til efnaiðnaðar, ót. a. 15%
29. 84.59.23 orðist svo:
    Til járn- og annars málmiðnaðar, ót. a. 15%
30. 84.59.24 orðist svo:
    Til mannvirkjagerðar, ót. a. 15%
31. 84.59.29 orðist svo:
    Annars 15%
32. 84.60.00 Í stað 25% komi 15%
33. 85.11.00 Í stað 25% komi 15%
34. 87.07.00 Í stað 25% komi 15%

2. Við 2. gr.
   Við greinina bætist 3 nýir liðir, svo hljóðandi:
   a. 41 Að endurgreiða þeim, sem byggja í fyrsta skipti íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína, aðflutningsgjöld af innfluttu byggingarefni, sem til byggingarinnar þarf. Hámarksupphæð endurgreiðslunnar skal miðuð við efnisþörf til íbúðar að stærð 360 m^3. Um endurgreiðsluna skal að öðru leyti farið eftir reglum, er fjármálaráðuneytið setur.

b. 42 Að endurgreiða að hluta eða að öllu leyti aðflutningsgjöld af dráttarbrautum eða hlutum til þeirra, eftir nánari ákvæðum fjármálaráðuneytisins.
c. 43 Að endurgreiða gjöld af dísilvélum, sem ætlaðar eru til raforkuframleiðslu.

Ed. 455. Frumvarp til laga [101. mál]

um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

(Eftir 3. umr. í Nd., 9. apríl.)

1. gr.
Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna.

2. gr.
Sjóðfélagar eru í lögum þessum taldir allir þeir, sem skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.
Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, formaður Hjúkrunarfélags Íslands, landlæknir og einn maður tilnefndur af ríkisstjórninni til þriggja ára í senn, og er hann formaður stjórnarinnar.

4. gr.
Stjórn sjóðsins heldur fund svo oft sem þörf er á, og skal hún halda gerðabók og skrá þar allar samþykktir sínar. Í stjórninni ræður meiri hluti atkvæða. Ekkert fé má greiða úr sjóðnum nema með samþykki sjóðstjórnarinnar.
Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.
Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.

5. gr.
Tryggingastofnun ríkisins hefur á hendi reikningshald sjóðsins, heimtir inn tekjur hans og annast greiðslur úr honum, hvort tveggja eftir tilvísun sjóðstjórnarinnar. Þóknun fyrir starf Tryggingastofnunarinnar fer eftir samkomulagi milli hennar og sjóðstjórnarinnar. Náist ekki samkomulag, ákveður félagsmálaráðherra þóknunina.

6. gr.
Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningur skal birtur með ársreikningum Tryggingastofnunar ríkisins og endurskoðaður á sama hátt og þeir.

7. gr.
Rétt til lífeyris úr sjóðnum hefur sérhver sjóðfélagi, sem hefur greitt iðgjöld til hans í 5 ár eða lengur og lætur af störfum sökum varanlegrar örorku eða elli. Rétturinn til að hætta störfum sökum elli miðast við 65 ára aldur, ef viðkomandi hefur makalífeyristryggingu í sjóðnum, en ella við 60 ára aldur.
Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

8. gr.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldsgreiðslutíma og launaflokki samkvæmt 1. málsgrein 13. greinar. Hann er 1.6% fyrir hvert ár, sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins í lægsta launaflokki, og hækkar um 0.02% við hvern flokk upp í 2% af launum fyrir hvert ár í hæsta flokki. Fyrir hvert námsár reiknast 1.6%. Fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri, bætist við 1% af launum í öllum flokkum, en 2% fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og sjóðfélaginn hefur öðlazt rétt til að fá ellilífeyri.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 60 til 67 ára uppbót á ellilífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Því til sönnunar ber viðkomanda að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins um heilsufar. Við ákvörðun um uppbót á lífeyri skal sjóðstjórnin hafa hliðsjón af heimilisástæðum viðkomandi sjóðfélaga og aðstöðu hans til að nýta þá starfskrafta, sem hann kann að hafa.

Til launa telst eigi aðeins laun greidd í peningum, heldur og fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni, og skal verðmæti þeirra fríðinda talið hið sama og þau eru metin til skatts.

9. gr.

Sjóðfélagar, sem verða vegna örorku fyrir launalækkun, er nemur meira en 10% af launum, eða verða að hætta störfum sökum varanlegrar örorku, eftir að þeir öðluðust aðild að sjóðnum, eiga rétt á lífeyri úr sjóðnum, enda sé örorkan metin meiri en 10%.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 8. gr. að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til hjúkrunarstarfsins, skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til þess tíma, er hann hefði öðlazt ellilífeyrisrétt. Áunninn lífeyrisréttindi skulu reiknast af launum í því starfi, sem sjóðfélaginn gegndi síðast, eins og þau eru á hverjum tíma. Ef um nema er að ræða, skal miða við laun almennra hjúkrunarkvenna á þeim spítala, sem viðkomandi starfaði.

Sé örorkan milli 10% og 50%, er örorkulífeyririnn sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75%, er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1%, sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri, greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginganna. Þegar sjóðfélagi, sem er metinn undir 75% öryrki, nær 60 ára aldri, fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 8. greinar. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans, sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.

Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris. Örorkumatið skal framkvæmt af trúnaðarlækni sjóðsins, og skal það aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélagans til að gegna hjúkrunarstörfum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja í sjóðnum hjúkrunarkonur, er starfa í þeirra þjónustu.

Þrátt fyrir örorku getur enginn sjóðfélagi fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði, hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

10. gr.

Stjórn sjóðsins getur heimilað sjóðfélögum að tryggja maka sínum makalífeyri úr sjóðnum gegn því, að viðkomandi sjóðfélagi öðlist ekki ellilífeyrisrétt fyrr en frá og með 65 ára aldri. Umsókn um slíkt verður sjóðfélaginn að hafa sent áður en hann nær 55 ára aldri. Sjóðfélagi, sem hefur þannig afsalað sér réttinum til að fá ellilífeyri frá 60 ára aldri, getur ekki öðlazt þann rétt aftur. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir veitingu makalífeyristryggingar, að viðkomandi sjóðfélagi sé heilsuhraustur og afli að minnsta kosti eins mikilla peningatekna með vinnu sinni og maki hans. Stjórn sjóðsins getur krafizt þess, að umsækjandi leggi fram vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins um heilsufar sitt.

Nú andast sjóðfélagi, sem notað hefur heimildarákvæði þessarar greinar, og lætur eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum, samkvæmt þeim reglum, er fara hér á eftir.

Upphæð makalífeyris ákvarðast þannig, að samanlagður makalífeyrir úr sjóðnum og maka- og ellilífeyrir, sem makinn kann að eiga rétt á frá almannatryggingunum, er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast. Ef starfstími sjóðfélagans hefur verið 30 ár eða skemmri, er hundraðshluti þessi 20% af greindum launum að viðbættu 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár. Fyrir hvert ár, sem hinn látni hafði starfað, eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, en áður en hann öðlaðist rétt til ellilífeyris, hækkar makalífeyririnn um ½% af launum, en um 1% fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu var lokið og hann öðlaðist rétt til að taka ellilífeyri.

Sé makalífeyrir samkvæmt næstu málsgrein hér á undan lægri en tvöfaldur einstaklingslífeyrir almannatrygginganna, skal greiða úr sjóðnum þeim makalífeyrisþegum, sem rétt eiga á maka- eða ellilífeyri frá almannatryggingunum, það, sem á vantar, að samanlagður lífeyrir þeirra nái tvöföldum einstaklingslífeyri almannatrygginganna. Þó skal greiðsla sjóðsins aldrei fara fram úr hundraðshlutum þeim, sem nefndir eru í 3. málsgrein þessarar greinar.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

Þegar sjóðfélagi deyr, sem verið hefur tvígiftur, og lætur eftir sig tvo maka á lífi, skiptist makalífeyririnn milli þeirra, í beinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna sjóðfélaga á þeim tíma, er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur, sé því hjónabandi slitið, enda veiti síðara hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum, eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir, séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

11. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára

að aldri, enda hafi hinn látni sjóðfélagi séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá sjóðfélagi lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

12. gr.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu, sem hærra var launað.

Sama regla gildir, þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi, er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á sem í þessari málsgrein ræðir um, er viðkomandi heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafizt vottorðs trúnaðarlæknis sjóðsins til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

13. gr.

Sjóðfélagar skulu greiða iðgjöld til sjóðsins, er séu ákveðinn hundraðshluti af launum, mismunandi eftir upphæð launa. Hundraðshluti þessi getur verið lægstur 2¼, en hæstur 4¼, og skal hann ákveðinn á sama hátt og hjá sjóðfélögum í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 29/1963.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Laungreiðendur greiði í iðgjöld til sjóðsins 6% af launum þeim, er sjóðfélagar taka hjá þeim. Laungreiðendum ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum þeirra og greiða þau ásamt eigin iðgjöldum til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna. Vanræki laungreiðandi að halda eftir iðgjaldi sjóðfélaga, er hann þrátt fyrir það ábyrgur fyrir öllu iðgjaldinu gagnvart lífeyrissjóðnum.

Iðgjöld skal reikna af föstum launum að meðtöldum fríðindum, svo sem fæði og húsnæði, ef slík fríðindi fylgja stöðunni, sbr. 3. mgr. 8. greinar.

14. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd með vöxtum iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Stjórn sjóðsins ákveður vextina með hliðsjón af ávöxtun sjóðsins. Hafi hann verið sjóðfélagi í 5 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans, sbr. 8. gr., miðast þá við starfstíma hans og laun þau, er hann hafði, er hann lét af stöðu þeirri, er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra, eftir að taka lífeyris hefst. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 30 ár,

skal barnalífeyrir ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 11. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlazt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu í 30 ár.

Sé staða eða starfi sjóðfélagans lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki, er staða hans var í, er hún var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

Láti sjóðfélagi um stundarsakir af starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, er honum heimilt að greiða iðgjöld fyrir þann tíma, er hann var í burtu, enda hafi hann verið við framhaldsnám eða unnið að hjúkrunarstörfum, sem ekki veita aðgang að sjóðnum.

15. gr.

Nú flyzt sjóðfélagi, er verið hefur í þessum lífeyrissjóði, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi sjóðfélaga í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

Á tilsvarandi hátt er sjóðstjórninni heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðherra, að veita viðtöku, vegna sjóðfélaga, er gerist sjóðfélagi í þessum sjóði, fé því, er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði, tryggingafélagi eða stofnun, sem að framan greinir, og veita honum réttindi í samræmi við það.

Einnig getur stjórnin, þegar sérstaklega stendur á, og með samþykki fjármálaráðherra, heimilað réttindakaup aftur í tímann, þó að ekki sé um að ræða yfirfærslu á réttindum annars staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum, að mælt sé með þeim af forstöðumanni þeirrar stofnunar, er sjóðfélaginn vinnur hjá, að gengið sé frá réttindakaupunum innan árs, frá því hann var ráðinn, og að hann sé eldri en 30 ára, þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum.

16. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingafræðingur hefur lagt til.

17. gr.

Allar hjúkrunarkonur, sem vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir, sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skulu vera skyldutryggðar í sjóði þessum. Heimilt er að taka í sjóðinn aðrar hjúkrunarkonur, er starfa að hjúkrun, enda sé viðkomandi eigi ráðinn til skemmri tíma en eins árs, eða með að minnsta kosti þriggja mánaða uppsagnarfresti.

18. gr.

Ríkissjóður og aðrir aðilar, sem tryggja hjúkrunarkonur í sjóði þessum, ábyrgjast hver fyrir sinn hóp greiðslur úr honum. Nú reynist einhver aðili, sem tryggt hefur hjúkrunarkonur í sjóðnum, ekki fær um að standa við ábyrgðarskuldbindingu sína, og er ríkissjóður þá bakábyrgur.

Lífeyrir greiðist með 1/12 árslífeyris fyrirfram á hverjum mánuði.

19. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

20. gr.

Frá og með 1. janúar 1964 hafa allar hjúkrunarkonur öðlazt full réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar og greiða frá sama tíma fullt gjald til þeirra. Stjórn sjóðsins semur við Tryggingastofnun ríkisins um uppgjör fyrir liðinn tíma í samræmi við ákvæði almannatryggingalaga um það atriði.

Hjúkrunarkonur, sem fengið hafa lífeyri fyrir gildistöku laga þessara, skulu fá greiddan lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga frá gildistöku þeirra. Ríkissjóður og aðrir aðilar, sem tryggt hafa hjúkrunarkonur í sjóðnum, endurgreiða honum mismuninn á þeim lífeyri, sem þannig verður greiddur, og þeim lífeyri, er viðkomandi lífeyrisþegum bar samkvæmt eldri reglum.

21. gr.

Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum hjúkrunarkvenna, sbr. 8., 9. og 10. gr., og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir aðilar, sem tryggt hafa hjúkrunarkonur í sjóðnum, honum þá hækkun, er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.

22. gr.

Ákvæði þessara laga gilda einnig um karla, er annast hjúkrunarstörf og hafa réttindi til þess samkvæmt hjúkrunarlögum.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 65/1955, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Nd. 456. Lög [116. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 312.

Nd. 457. Lög [142. mál]

um útgáfu og notkun nafnskírteina.

(Afgreidd frá Nd. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 302.

Nd. **458. Lög** [120. mál]

um breyting á lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. l. nr. 14 20. marz 1957.

(Afgreidd frá Nd. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 242.

Ed. **459. Lög** [22. mál]

um breyting á lögum nr. 42 15. júní 1926, um skipströnd og vogrek.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 22.

Ed. **460. Lög** [76. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Miðhús í Gufudalshreppi.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 99.

Ed. **461. Frumvarp til laga** [179. mál]

um heimild til hækkunar kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að semja um hækkun á kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum úr 11,25 milljónum dollara í 15 milljónir dollara.

Seðlabanki Íslands skal leggja fram það fé, sem þarf vegna hækkunar kvótans, sbr. 22. gr. laga nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar Ísland gerðist aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var kvóti Íslands hjá sjóðnum ákveðinn 1 milljón dollara. Árið 1959 var kvótinn hækkaður í 1,5 milljónir dollara í sambandi við almenna hækkun kvóta. Árið 1960 var hann hækkaður upp í 11,25 milljónir dollara í sambandi við efnahagsráðstafanirnar, sem þá voru gerðar. Á síðasta aðalfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem haldinn var í Tokio í september 1964, var samþykkt almenn hækkun kvóta aðildarríkja um 25%. Verður kvóti Íslands samkvæmt því 15 milljónir dollara eftir þeim reglum, sem um hækkunina gilda. Hin almenna hækkun á kvótum aðildarríkja er gerð til þess að auka möguleika sjóðsins til að gegna hlutverki sínu, sem m. a. felst í því að aðstoða aðildarríki, sem eiga í tímabundnum greiðsluerfiðleikum. Ísland fær þannig við hækkunina aukna möguleika til að notfæra sér fjárhagsaðstoð sjóðsins, ef þörf krefur.

Hækkun kvótans þarf að greiða að ¼ í gulli eða dollurum, en ¾ hlutar færast í krónum inn á reikning Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Seðlabankanum.

Með lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands, varð bankinn fyrir ríkisins hönd fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Er því í frumvarpinu gert ráð fyrir, að Seðlabankinn leggi fram það fé, sem þarf vegna hækkunarinnar.

Af hækkun kvótans hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum leiðir ekki hækkun kvóta í Alþjóðabankanum að þessu sinni.

Nd. 462. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frumv. á nokkrum fundum sínum og m. a. kvatt til fundar við sig út af því landlækni og borgarlækninn í Reykjavík. Mæla þeir báðir með samþykkt frumvarpsins.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frumv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr.

Á eftir „Tóbaksauglýsingar hvers konar eru bannaðar" komi: Þó er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum.

Einn nefndarmanna (MB) tekur ekki afstöðu til frumv., og annar nefndarmanna (PS) var fjarverandi, þegar frumv. var afgreitt.

Alþingi, 9. apríl 1965.

Einar Ingimundarson, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Skúli Guðmundsson.

Björn Fr. Björnsson. Ragnar Arnalds.

Nd. 463. Breytingartillaga [130. mál]

við frv. til laga um loðdýrarækt.

Frá Birni Pálssyni og Jóni Skaftasyni.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Ríkisstjórnin skal, áður en leyfi er veitt til minkaeldis, senda hæfan mann til Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar til að kynna sér allt, sem við kemur minkaeldi og minkarækt. Að fenginni jákvæðri greinargerð frá þeim manni, þannig að sterkar líkur bendi til, að minkaeldi hér á landi muni reynast arðbær atvinnuvegur, er landbúnaðarráðherra heimilt að veita leyfi til að reisa og reka allt að 20 minkabú.

Ed. 464. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

I. Við 1. gr.

1. Upphaf 10. liðar orðist svo:
   Aftan við nr. 39.07.66 í 23. lið 1. gr. laga nr. 15 21. maí 1964 komi inn tvö ný númer, svo hljóðandi:

2. 12. liður breytist þannig:
Í stað „35%“ í nr. 64.01.01 í 50. lið 1. gr. laga nr. 15 21. maí 1964 komi: 25%.

II. Við 2. gr.
1. Framan við gr. bætist:
Á 3. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:
2. 2.—3. málsgr. orðast þannig:
27. liður 3. gr. laga nr. 7 29. apríl 1963 orðist svo:
27 Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 250 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó aldrei nema meiru en 70 þús. krónum.
Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður gjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir sama fólk og um getur í 1. mgr., til endurveitinga á áður veittum eftirgjöfum.
3. Upphaf síðustu málsgr. orðist svo:
Á eftir 39. lið 2. gr. laga nr. 15 21. maí 1964 komi nýir liðir, svo hljóðandi:

III. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi 84., 85., 86., 87. og 88. liður 1. gr. og 3. liður 2. gr. laga nr. 15 21. maí 1964 og lög nr. 5 25. febr. 1965.

IV. Við fyrirsögn frumvarpsins bætist: og breyting á lögum nr. 15 21. maí 1964, um breyting á þeim lögum.

Nd. 465. Frumvarp til laga [173. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., og breyting á lögum nr. 15 21. maí 1964, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 10. apríl.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. grein laganna eru gerðar þessar breytingar:

1.	08.04	21	orðist svo: Rúsínur	25%
2.	08.06		orðist svo: **Epli, perur eða kveður, nýtt:**	
		10	*Epli*	15%
		20	*Perur og kveður*	15%
3.	08.12	01	orðast svo: Sveskjur	25%
Við téðan skóla starfa nú tvær verknámsdeildir, þ. e. trésmíðadeild og járnsmíða- og vélvirkjadeild. Í skólanum er nemendum kennd meðferð algengra verkfæra og véla og látnir smíða einfalda hluti.

Til þessa er varið 10—12 klukkustundum á viku í 28—30 vikur í 3. og 4. bekk.

Þessi kennsla er vafalaust til þess fallin að þjálfa handlagni nemenda og þroska hæfileika þeirra til þess að leysa ýmis verkleg viðfangsefni, sem menn almennt þurfa að fást við.

Það er hins vegar álit nefndarinnar, að ekki beri að líta á þessa kennslu sem undirbúning að iðnnámi, þ. e. að hún geti komið í stað kerfisbundinnar kennslu í undirstöðuatriðum iðnaðarstarfs, svo sem stefnt er að með verkstæðisskóla (forskóla).

Nefndin telur, að verkleg kennsla í verknámsdeildum gagnfræðastigsins, eigi fyrst og fremst að stefna að því að veita nemendum upplýsingar um helztu atvinnugreinar, t. d. með heimsóknum á vinnustaði, og gera nemendur hæfari til þess að ákveða sér lífsstarf. Kennslan yrði þannig fremur starfsfræðsla en undirbúningur að námi í ákveðinni grein í venjulegri merkingu.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir, er það skoðun nefndarinnar, að eigi sé unnt né hagkvæmt að sameina þetta fræðslustig forskólum fyrir iðnnema, þar sem kennslutilhögun og kröfur yrðu af eðlilegum ástæðum með gjörólíkum hætti.

Hins vegar kemur til álita, hvort ekki væri unnt, að uppfylltum vissum skilyrðum, að láta þá nemendur verknámsdeildar, sem hafa hug á iðnnámi, njóta veru sinnar í verknáminu, með þeim hætti, að þeir fengju styttingu á námstíma sínum á vinnustað, enda fari verklegt nám slíkra nemenda í verknámsdeildum gagnfræðastigsins fram eftir námsreglum, sem yfirvöld iðnfræðslunnar staðfesta.

Er nánar vikið að þessum möguleika í kaflanum um verkstæðisskóla — forskóla. Sjá enn fremur skýringamynd II.

Þessi hlið málsins var ítarlega rædd við þá Löken og Kvikstad og lögðu þeir mjög ákveðið áherzlu á að verknámskennsla gagnfræðadeildanna gæti á engan hátt komið í staðinn fyrir þá kerfisbundnu verklegu æfingaröð, sem forskólanum er ætlað að framkvæma, sem byrjun í skipulögðu iðnnámi. Töldu þeir, að slíkum skólum væri alls staðar ætluð almenn verkþjálfun og kynning af iðnnámi og starfsnámi (yrkesorientering). Þeir lögðu áherzlu á, að þeir teldu slíkt nám mjög styrkja aðstöðu nemendanna til iðnnáms og væri ekkert því til fyrirstöðu að láta það koma nemendunum til góða til styttingar á heildariðnnáminu að svo miklu leyti sem það fæli í sér bóklegt og verklegt nám umfram almenn inntökuskilyrði í forskóla. Þetta bóknám ætti þá að koma til frádráttar á almennu bóknámi forskólanna og iðnskólanna og verklegu námi vinnustaðanna, en gæti hins vegar ekki komið í stað verklega hluta forskólanna.

Ef beinlínis ætti að fara að skipuleggja verknám gagnfræðaskólanna til þess að gegna hlutverki forskólanna, sem byrjun á skipulögðu iðnnámi, væri ekki lengur um almennan gagnfræðaskóla að ræða, heldur skóla, sem skipulagslega séð ætti að koma undir stjórn hinnar almennu iðnfræðslu.

Nefndin hefur því, eins og áður er fram komið, gert ráð fyrir því að nám í 4. bekk verknámsdeildar komi eftir hæfilegu mati til frádráttar á bóknámi forskóla eða iðnskóla og verknámi vinnustaða, en ekki í stað verknáms forskóla.

Þjálfun sérhæfðra kennara.

Til þess að unnt verði að framkvæma þær tillögur, sem rætt er um hér að framan, er nauðsynlegt að hefja þegar undirbúning að sérmenntun þeirra sem fást eiga við kennslu í verkstæðisskólum. Skólarnir hafa ekki á að skipa kennurum sem gætu annazt slíka verklega kennslu, nema Iðnskólinn í Reykjavík að mjög tak-

mörkuðu leyti. Þarf því að þjálfa sérstaklega þá kennara sem eiga að hafa þessa kennslu með höndum.

Til kennslu í verkstæðisskólum þarf að velja iðnaðarmenn úr viðkomandi iðngreinum, sem hafa góða almenna menntun, faglega hæfileika og búa jafnframt yfir hæfni til þess að leiðbeina og kenna öðrum.

Með tilliti til þess skamma undirbúningstíma, sem til stefnu er, miðað við áætlun nefndarinnar um að verkstæðisskólar taki til starfa í Reykjavík, og e. t. v. á Akureyri, í byrjun skólaárs 1965—1966, hefur verið kannað hvort unnt sé að fá aðstoð erlendis við þjálfun sérhæfðra kennara í þessu skyni, þar sem ekki er fyrir í landinu slík aðstaða.

Fyrir milligöngu iðnaðarmálaráðuneytisins hefur styrkveitingarnefnd Evrópuráðsins í Strassborg boðið fram 6 styrki sem veittir verða kennurum, eða þeim sem hyggjast gera kennslu að lífsstarfi sínu. Hefur ráðuneytið gert tillögu um að styrkir þessir verði notaðir til þjálfunar kennara í málmiðnaðargreinum fyrir verkstæðisskóla og hefur nefnd Evrópuráðsins fallizt á þá tillögu.

Gert er ráð fyrir, að styrkir þessir verði veittir í byrjun næsta árs og nægi fyrir 6—7 mánaða dvöl í því landi, sem þjálfunin fer fram í. En hver styrkur mun nema um kr. 60 þús.

Evrópuráðið hefur ákveðið að þjálfun kennara fari fram við verkstæðisskóla í Napólí á Ítalíu fyrri hluta árs 1965. Gert er ráð fyrir að kennsla fari fram á ensku.

Nefndin hefði talið æskilegra að þjálfun kennara gæti farið fram á Norðurlöndum, en eigi að síður telur hún mikilvægt að þessi aðstoð skuli vera boðin fram og álítur einsýnt að hagnýta beri aðstoðina.

Gerir nefndin það að tillögu sinni, að Iðnskólanum í Reykjavík og á Akureyri verði heimilað að senda þátttakendur til þessarar þjálfunar, enda tryggi skólarnir sér, að hlutaðeigandi iðnaðarmenn, sem sendir yrðu, séu fúsir til þess að taka að sér kennslu við verkstæðisskóla, að afstöðnu þjálfunartímabili eða síðar, eftir því sem skólanum hentar.

Verði sú tilhögun samþykkt, þurfa skólarnir þegar að hefja undirbúning að vali þátttakenda, þar sem senda þarf Evrópuráðinu nöfn þeirra fyrir 20. nóvember n. k.

Nd. 467. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

4. mgr. 20. gr. orðist svo:

Áður en úthlutað er framlagi Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna, skal draga frá úthlutunarfénu 3% af tekjum sjóðsins til þess að mæta þörfum sveitarfélaganna samkvæmt 15. gr. laga þessara.

2. gr.

2. mgr. 31. gr. orðist svo:

Frá hreinum tekjum gjaldenda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær, samkvæmt 32. gr.:

Hjá einstaklingum kr. 32 500.00.

Hjá hjónum kr. 45 500.00.

Fyrir hvert barn, innan 16 ára aldurs, á framfæri gjaldanda kr. 6 500.00.

3. gr.

Stafliður A, töluliður 1. 32. gr. orðist svo:

1. Einstaklingar og hjón:
   Af fyrstu 20 000.00 kr. 10%.
   Af 20 000.00 kr.—60 000.00 kr. greiðast 2000.00 kr. af 20 000.00 kr. og 20% af afgangi.
   Af 60 000.00 kr. og yfir greiðast 10 000.00 kr. af 60 000.00 kr. og 30% af afgangi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1965.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur gjalddögum útsvara, álagðra 1964, verið fjölgað, svo að síðasta greiðsla fór ekki fram fyrr en 1. marz 1965, og telst útsvar þá greitt að fullu fyrir árslok 1964, samkvæmt síðustu málsgr. 31. gr. laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að persónufrádráttur verði hækkaður um 30%, eða úr kr. 25 000.00 hjá einstaklingum í kr. 32 500.00, úr kr. 35 000.00 hjá hjónum í kr. 45 500.00 og fyrir hvert barn úr kr. 5 000.00 í kr. 6 500.00.

Enn fremur er lagt til, að útsvarsstiganum verði breytt hjá einstaklingum og hjónum þannig:

1. Í stað tveggja tekjuútsvarsþrepa, 20% og 30%, komi þrjú þrep, 10%, 20% og 30%.
2. Í stað þess, að nú eru lögð 20% á fyrstu kr. 40 000.00, og 30% á það sem umfram er, verði nú lögð 10% á fyrstu kr. 20 000.00, 20% á næstu kr. 40 000.00 og 30% á það sem þar er umfram.

Það leiðir af þessum breytingum, að reikna verður með mun minni afslætti frá útsvarsstigum en verið hefur undanfarið og sums staðar er gert ráð fyrir, að til komi verulegt álag á stigann. Má því búast við, að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði að greiða einhver aukaframlög, ef áætlaðri útsvarsfjárhæð verður ekki náð með 20% álagi, sbr. 15. gr. d. Samkvæmt því ákvæði er það hlutverk Jöfnunarsjóðs að greiða þeim sveitarfélögum aukaframlag, sem ekki fá nægileg útsvör álögð, þó lagt sé á útsvör samkvæmt stiga 20% álag, en hærra álag á útsvarsstiga er óheimilt. Afkoma Jöfnunarsjóðs var mun lakari á árinu 1964 en árið áður. Á árinu 1963 var tekjuafgangur sjóðsins kr. 3 471 519.00, en tekjuhalli á árinu 1964 nam kr. 1 276 766.42. Ástæðan er tvíþætt. Annars vegar minnkandi tekjur vegna skerðingarákvæða og hins vegar aukin útgjöld vegna aðstoðar við sveitarfélög, sem áttu í fjárhagserfiðleikum. Horfur eru á frekari fjárstuðningi við sveitarfélög á þessu ári og minnkandi tekjum vegna skerðinga. Nauðsynlegt er því að tryggja afkomu sjóðsins betur, eins og lagt er til að gert verði í 1. gr. frv.

Vegna fjölgunar gjalddaga útsvara, sem álögð voru á árinu 1964, er með bráðabirgðaákvæði lagt til, að þegar svo stendur á, skuli útsvör, sem eigi voru að fullu greidd fyrr en 1. marz 1965, teljast greidd að fullu fyrir árslok 1964, sbr. 31. gr. laganna.

Ríkisstjórnin hefur átt viðræður við fulltrúa Alþýðusambands Íslands um breytingar þessar. Athugasemdir þær, sem fulltrúarnir báru fram, koma til athugunar við meðferð málsins á Alþingi.

Ed. **468. Frumvarp til laga** [182. mál]

um breyting á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Í stað orðanna „13000 kr.“ í 3. og 4. málslið 1. mgr. 4. gr. komi: 16000 kr.

2. gr.

Í stað orðanna „26000 kr.“ í A-lið 13. gr. komi: 32000 kr.
Í stað orðanna „10000 kr.“ í 2. málslið, 1. mgr., D-liðar 13. gr. komi: 15000 kr.
Í stað orðanna „4000 kr.“ í 1. málslið, 5. mgr., D-liðar 13. gr. komi: 6000 kr.
Í stað orðanna „6000 kr.“ í 2. málslið, 5. mgr., D-liðar 13. gr. komi: 9000 kr.

3. gr.

16. gr. orðist svo:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér í landi, eins og þær eru ákveðnar skv. lögum þessum, skal draga sem hér segir:

A. Fyrir einstaklinga 80000 kr.
B. Fyrir hjón 112000 kr., telji þau fram sitt í hvoru lagi 56000 kr. hjá hvoru.
C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 16000 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.

Ef foreldrar búa saman ógift, skal frádráttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlagsgreiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til frádráttar hjá því foreldri, sem innir hana af hendi.

Ef einstætt foreldri (stjúpforeldri, kjörforeldri, fósturforeldri) heldur heimili og framfærir þar börn sín, má það draga frá skattskyldum tekjum auk frádráttar skv. 1. mgr. upphæð, er nemur 16000 kr., að viðbættum 3200 kr. fyrir hvert barn.

Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skattyfirvalda.

Um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt fer eftir því, sem segir í 52. gr.

4. gr.

I.-liður 25. gr. orðist svo:

Tekjuskattur þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., sbr. 3. gr., 4. gr. og 6. gr. 3. málsgr., reiknast þannig:

Af fyrstu 37000 kr. skattgjaldstekna greiðist 9%
Af 37000—62000 kr. ..... greiðist 3330 kr. af 37000 kr. og 18% af afgangi.
Af 62000 kr. og yfir ..... greiðist 7830 kr. af 62000 kr. og 27% af afgangi.

5. gr.

Upphaf 1. mgr. 36. gr. orðist svo:

Allir framtalsskyldir aðilar, embættismenn og aðrir ...

Við 2. mgr. 36. gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, að hver móttakandi starfslauna og annarra greiðslna, sem fyrirmæli þessarar málsgr. taka til, skuli sýna greiðanda eða milligöngumanni nafnskírteini sitt, svo og að upplýsingar greiðanda til skattyfirvalda um nafn, fæðingardag og nafnnúmer hlutaðeiganda skuli vera í samræmi við það, sem stendur á nafnskírteini þeirra.

6. gr.

Á eftir orðunum„... um skattákvörðun, ...“ í fyrri málslið 4. mgr. 42. gr. komi orðin: .. skv. lögum þessum eða öðrum lögum um skatta og gjöld, sem á lögð eru af skattstjórum, ..

7. gr.

Við 1. mgr. 51. gr. bætist:

Um sektir þær, sem ríkisskattstjóri ákveður skv. 48. gr., gilda þó sömu reglur, að því er innheimtu varðar, og um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á, þar á meðal um lögtaksrétt.

8. gr.

Á eftir 52. gr. laganna komi ný gr., er verði 53. gr., svo hljóðandi:

Skylt er, frá og með gjaldárinu 1966, að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 1. gr., 1. mgr. 2. gr. og 3. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 4. gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal af fjármálaráðherra, í fyrsta sinn árið 1966, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1964.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 55 17. júlí 1964 og gefa lögin um tekjuskatt og eignarskatt út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á s. l. hausti fól fjármálaráðherra ríkisskattstjóra að endurskoða nokkra þætti gildandi laga um tekjuskatt og eignarskatt, í því skyni að gera ýmsar lagfæringar til hagsbóta fyrir gjaldendur.

Þessar eru helztu breytingar á reglum um álagningu tekjuskatts, sem felast í frumvarpinu:

Ráðgert er að hækka fjölskyldufrádrætti um 23%, breikka þrepin í tekjuskattsstiganum um 23% til 24% og lækka hundraðstölur hvers þreps um 10%.

Tvær fyrsttöldu breytingarnar eru að verulegu leyti miðaðar við niðurstöður athugana Efnahagsstofnunarinnar um áætlanir á breytingum á vinnutöxtum verka-, sjó- og iðnaðarmanna frá árinu 1963 til ársins 1964. Vinnutaxtabreytingarnar eru taldar hafa að meðaltali valdið um 23% hækkun launa þessara stétta á tímabilinu.

Þessar breytingar samkvæmt frumvarpinu leiða til þess, að skattþegn með 23% teknaaukningu milli ára greiðir hlutfallslega 10% lægri tekjuskatt 1965 en hann gerði 1964.

Þá er lagt til, að fjölskyldufrádrættir og skattstigaþrep, vegna álagðs tekjuskatts 1966 og síðar, breytist samkvæmt skattvísitölu.

Ríkisstjórnin hefur átt viðræður við fulltrúa Alþýðusambands Íslands um breytingar þær, sem felast í frumvarpinu. Rétt þykir, að breytingartillögur fulltrúa A. S. Í. verði teknar til athugunar við meðferð málsins á Alþingi.

Um einstakar greinar skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Með hliðsjón af breytingum skv. 3. gr. frumvarpsins er lagt til, að því aðeins sé heimilt að ákveða barni skatt, sem sjálfstæðum skattþegni, að hreinar tekjur þess nemi meira en 16000 kr. og að ætíð skuli telja til tekna hjá foreldrum 16000 kr. af tekjum barnsins.

Um 2. gr.

Með hliðsjón af breytingum skv. 3. gr. frumvarpsins er lagt til, að frádráttur vegna heimilisstofnunar verði hækkaður samsvarandi.

Þá er lagt til, að hámarksfrádráttur vegna iðgjalda af lífeyri verði hækkaður um 5000 kr., vegna iðgjalda af lífsábyrgð um 2000 kr. hjá þeim, sem eru aðilar að lífeyrissjóðum og um 3000 kr. að því er aðra varðar.

Um 3. gr.

Með hliðsjón af breytingum á kaupgjaldi þykir rétt að leggja til, að fjölskyldufrádráttur verði hækkaður um 15000 kr. fyrir einstakling, um 21000 kr. fyrir hjón og um 3000 kr. fyrir hvert barn.

Enn fremur er lagt til, að grunnfrádráttur vegna heimilishalds einstæðs foreldris verði 16000 kr. í stað 13000 kr. og frádráttur að auki vegna hvers barns verði 3200 kr. í stað 2600 kr.

Um 4. gr.

Lagt er til, að þrepin í tekjuskattsstiganum verði hækkuð í svipuðu hlutfalli og hækkun fjölskyldufrádráttar sbr. 3. gr. frumvarpsins. Þá er lagt til, að hundraðstölur hvers þreps lækki um tíu af hundraði og verði 9%, 18% og 27% í stað 10%, 20% og 30%.

Um 5. gr.

Lagt er til, að í 1. mgr. 36. gr. verði kveðið skýrar á en nú er um skyldu framtalsskyldra aðila til upplýsinga- og skýrslugjafa til skattyfirvalda.

Þar sem Alþingi hefur nú samþykkt frumvarp um útgáfu nafnskírteina til allra einstaklinga 12 ára og eldri, þykir rétt að fjármálaráðherra sé veitt heimild til að mæla svo fyrir, að hver móttakandi starfslauna og hliðstæðra greiðslna skuli sýna greiðanda nafnskírteini sitt, svo að hinn síðar nefndi geti sett nafnnúmer og aðrar upplýsingar samkvæmt nafnskírteini á launamiða til skattyfirvalda. Mundi slík tilhögun létta og treysta störf skattyfirvalda og skapa grundvöll fyrir úrvinnslu launamiða í skýrsluvélum.

Um 6. gr.

Skv. gildandi lögum er eigi öruggt, að ríkisskattanefnd megi breyta ákvörðun skattstjóra um aðra skatta og gjöld en tekjuskatt, eignarskatt og tryggingargjöld.

Skv. 2. mgr. 42. gr. gildandi laga hefur ríkisskattstjóri heimild til að rannsaka framkvæmd þessara laga, svo og allra annarra laga um skatta og gjöld, sem álögð eru af skattstjórum. Þykir því rétt að leggja til, að skýrt sé kveðið á um, að ríkisskattanefnd hafi heimild til að breyta ákvörðun skattstjóra varðandi hin sömu gjöld.

Um 7. gr.

Lagt er til, að um innheimtu sekta skv. 48. gr. fari á sama hátt og um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts, þegar um er að ræða skattsektir ákveðnar af ríkisskattstjóra.

Um 8. gr.

Lagt er til, að frá og með gjaldárinu 1966 sé skylt að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 1. gr., 1. mgr. 2. gr. og 3. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 4. gr. frumvarpsins, í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin sé af fjármálaráðherra, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra.

Sþ. 469. Nefndarálit [65. mál]

um till. til þál. um vigtun bræðslusíldar.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur haft mál þetta til athugunar og sent það til umsagnar nokkurra aðila, sem allir mæla með samþykkt tillögunnar. Nefndin mælir með samþykkt hennar með þessari

BREYTINGU:

Í stað orðanna „1. október 1965“ komi: 1. janúar 1966.

Alþingi, 10. apríl 1965.

Jón Þorsteinsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Pétur Sigurðsson, frsm.
Einar Ágústsson.	Sverrir Júlíusson.	Ragnar Arnalds.
	Gísli Guðmundsson.	

Sþ. 470. Nefndarálit [48. mál]

um till. til þál. um framtíðarstaðsetningu skóla og eflingu Akureyrar sem skólabæjar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið um hana umsögn fræðslumálastjóra, bæjarstjórnar Akureyrar, skólameistara menntaskólans á Akureyri, skólastjóra gagnfræðaskólans á Akureyri og Landssambands framhaldsskólakennara. Allar umsagnirnar eru jákvæðar varðandi meginefni tillögunnar, en um það, hvort stefna beri nú að stofnun háskóla á Akureyri í framtíðinni, eru skoðanir umsagnaraðila nokkuð skiptar.

Fræðslumálastjóri segir í svari sínu, að „rannsókn sú eða athugun á skólaþörf þjóðarinnar“, sem hafin sé „á vegum menntamálaráðuneytisins“, muni „taka tillit til þess, sem fram kemur í þingsályktunartillögunni“. Með tilliti til þessa og með því að nefndin telur rétt, að við rannsókn þessa eða athugun verði sérstaklega fjallað um framtíðarstaðsetningu skóla landsins og jafnframt athugað vandlega um stofnun eða eflingu sérstakra skólabæja, vill hún, eftir atvikum, gera það að tillögu sinni, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 12. apríl 1965.

Jón Þorsteinsson, form.	Gísli Guðmundsson, frsm.	Matthías Bjarnason, fundaskr.
Einar Ágústsson.	Ragnar Arnalds.	Sverrir Júlíusson.
	Pétur Sigurðsson.	

Fylgiskjal I.

AKUREYRARBÆR
Bæjarstjóri.

Akureyri, 13. marz 1965.

Í tilefni bréfs yðar, dags. 5. þ. m., þar sem þér beiðizt umsagnar bæjarstjórnar Akureyrar um hjál. till. til þál. um framtíðarstaðsetningu skóla og eflingu Akur-

eyrar sem skólabæjar, hefur bæjarstjórn Akureyrar á fundi sínum 9. þ. m. samþykkt eftirfarandi áskorun:

„Bæjarstjórn Akureyrar skorar á hið háa Alþingi að samþykkja þingsályktunartillögu, sem nú liggur fyrir Alþingi, um framtíðarstaðsetningu skóla og eflingu Akureyrar sem skólabæjar.

Telur bæjarstjórn Akureyrar, að sú áætlunargerð, sem gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunni, geti orðið mikilvægt spor í þá átt að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, sem svo mjög hefur verið á dagskrá að undanförnu.

Bendir bæjarstjórn Akureyrar á í þessu sambandi, að æskilegt er, að fjórðungsiðnskóli, Tækniskóli Íslands og garðyrkjuskóli verði staðsettir á Akureyri."

Þetta tilkynnist yður hér með.

Magnús E. Guðjónsson.

Allsherjarnefnd sameinaðs þings, Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 23. marz 1965.

Vegna tillögu til þingsályktunar á þskj. 53 um framtíðarstaðsetningu skóla og eflingu Akureyrar sem skólabæjar, sem háttv. allsherjarnefnd Alþingis sendi hingað til umsagnar hinn 5. þ. m., skal tekið fram, að ég er eindregið fylgjandi því, að í sambandi við þörf landsbúa fyrir sérskóla verði tekið fullt tillit til aðstöðu Akureyrar til að halda slíka skóla. Ég tel, að enn sé **alls ekki tímabært**, — m. a. sökum fámennis okkar — að hyggja til stofnunar **háskóla** á Akureyri, en hins vegar virðist mér mjög koma til greina, að þar verði stofnaður kennaraskóli, þegar Kennaraskóli Íslands hefur náð þeirri stærð, sem telja verður æskilega og hagkvæma fyrir þann skóla. Og þess verður vart langt að bíða með þeirri öru aðsókn, sem orðið hefur að skólanum síðustu árin. Rannsókn sú eða athugun á skólaþörf þjóðarinnar, sem hafin er fyrir atbeina menntamálaráðuneytisins, mun taka tillit til þess, sem fram kemur í þingsályktunartillögunni.

Helgi Elíasson.

Til allsherjarnefndar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI

Akureyri, 25. marz 1965.

Umsögn um tilllögu til þingsályktunar um framtíðarstaðsetningu skóla og eflingu Akureyrar sem skólabæjar.

Eðlilegt er, að staðsetning skóla sé gaumgæfilega athuguð, m. a. í sambandi við ráðstafanir, sem kunna að vera gerðar til eflingar „jafnvægi í byggð landsins", eins og nú er mjög á dagskrá. Skólar og fræðslumál eru orðin svo snar þáttur í allri gerð samfélagsins, að meginmáli skiptir, hvernig þeim er skipað. Ef efldir verða byggðakjarnar úti um land, eins og nú er rætt um, hljóta skólar einmitt að koma þar við sögu.

Margir munu telja, að sérskólar séu bezt settir í höfuðborginni, af því að þar sé mest mannval og hægast að fá kennara. Satt mun það, en á móti kemur, að þar hættir slíkum stofnunum til að drukkna í umhverfinu. Ókyrrð staðarins glepur, svo að jafnvel starfsmennirnir verða síður heilir í starfinu. Á minni stöðum, þar sem færra er að vísu að sækja í umhverfið, verður friðurinn meiri og mönnum gefst þeim mun betri kostur á að sækja í sjálfa sig það, sem þar er að hafa, en það er ekki minnst um vert. Til þess að bæta úr fábreytninni er og það ráð að hafa fleiri skóla á sama stað, svo sem gert hefur verið á Laugarvatni. Geta þeir þá stutt hverir aðra.

Akureyri er þegar skólabær. Nýjum skólum ætti að geta orðið styrkur að þeim skólum, sem fyrir eru, og gömlu skólunum yrði ekki síður styrkur í nýjum skólum. Þá er bókasafn staðarins, Amtsbókasafnið, að fá stórbætt húsakynni, og má vænta þess, að það eflist mjög í framtíðinni, en það er ein forsenda allrar menntastarfsemi. Þá er og á Akureyri byggðasafn, góður vísir að náttúrugripasafni og minningasöfn fleiri en eitt. Allt styrkir þetta hinn almenna menningargrunn. Er mikils um vert, að hér sé fram haldið, því að í framtíðinni hlýtur að rísa háskóli á Akureyri, þó að það verði ekki um sinn. En bezti undirbúningur undir slíka stofnun er einmitt sá, að skólamenning Akureyrar og fræðiiðkanir í sambandi við hana dafni og eflist.

Þórarinn Björnsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

GAGNFRÆÐASKÓLINN Á AKUREYRI

Akureyri, 24. marz 1965.

Hæstvirt allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Vegna tilmæla hæstvirtrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis leyfi ég mér að taka fram eftirfarandi:

Ég hef mikla ástæðu til að fagna því, að þingsályktunartillaga um stofnun ýmissa sérskóla á Akureyri og eflingu Akureyrar sem skólabæjar skuli hafa komið fram. Mæli ég þar bæði sem borgari Akureyrarbæjar og skólastjóri gagnfræðaskólans á Akureyri.

Ekki er að efa, að bæjarfélagið í heild og hið næsta umhverfi muni njóta mikils góðs af fjölgun og eflingu skóla hér, bæði menningarlega og efnahagslega, enda þegar fengin hin ágætasta reynsla af menntaskólanum á Akureyri. Fjölgun og staðsetning ýmissa annarra ríkisskóla og stofnana mun og eiga drjúgan þátt í eflingu byggðar og fjölgun fólks hér í bæ, næsta nágrenni og jafnvel fjórðungnum öllum til mótvægis þeim þjóðhagslega óhagkvæma fólksstraumi, sem undanfarna áratugi hefur legið til Reykjavíkur og byggðarlaganna við Faxaflóa sunnanverðan.

Fjölgun sérgreinaskóla og annarra ríkisstofnana á Akureyri mun auka á menningarlega reisn bæjarins, héraðs og fjórðungs. Fjöldi vel menntaðra kennara mun hingað flytjast, og fer ekki hjá því, að umhverfið njóti góðs af þekkingu þeirra, bæði beint og óbeint. Nemendur, sem sækja munu skólana, staðfestast að meira eða minna leyti á skólasvæðinu að námi loknu og stuðla með störfum sínum að vexti menningar- og atvinnulífs hér um slóðir.

Ekki orkar tvímælis, að námsfólk héðan úr bænum og mörgum nærliggjandi héruðum á hægra um vik að leita sér fræðslu og menntunar í stofnanir hér nyrðra heldur en sækja hana til fjarlægari landshluta, t. d. Reykjavíkur og nágrennis hennar.

Vegna þeirrar mannfjölgunar hér í bæ, sem stafa mun af aðflutningi starfsliðs og nemenda (að vísu árstíðabundinnar að nokkru leyti), verður svo þörf margs konar þjónustustarfsemi, sem sigla mun í kjölfarið og treysta enn frekar lífsafkomu fólksins og fjölbreytni í atvinnuháttum.

Allt það, sem að framan er talið, ætti að öllu samanlögðu að draga úr hinum hlutfallslega miklu fólksflutningum suður og vestur á bóginn og viðhalda og jafnvel auka við fólksfjöldahlutfall hér nyrðra, en íbúafjöldi landsbyggðarinnar hefur á undanförnum áratugum fremur dregizt saman, ef miðað er við mannfjölgun þjóðarinnar í heild. Öll jákvæð ráð til að stuðla að byggðajafnvægi tel ég horfa til heilla, og samþykkt og framkvæmd þessarar þingsályktunar virðist mér eitt slíkt ráð.

Fullkomin þörf er nú þegar fyrir ýmsa sérskóla hér norðanlands, sem þá yrðu bezt staðsettir hér á Akureyri, að minni hyggju. Sú þörf mun án efa fara vaxandi, eftir því sem tímar líða.

Hér starfar nú undirbúningsdeild tækniskóla og hefur starfað hartnær tvö ár með mikilli prýði, og þyrfti að stefna að því, að hér rísi fullkominn tækniskóli, sem brautskráði tæknifræðinga.

Iðnskólann, sem nú á við hin hraklegustu húsnæðisskilyrði að búa, væri hugsanlegt að gera að fjórðungsskóla eða ríkisskóla, þar sem til hans leita iðnnemar utan Akureyrar í hraðvaxandi mæli. Vaxandi og fjölþættari iðnfræðsla er fullkomin nauðsyn þróun hins gróskumikla iðnaðar á Akureyri, en hann hefur löngu fært sönnur á ágæti sitt í mörgum greinum.

Verzlunarskóli þyrfti að komast upp hér sem fyrst, annaðhvort sem framhaldsdeild við gagnfræðaskólann eða sem sérstök stofnun. Bæði samvinnufélög, önnur verzlunarfélög og einkafyrirtæki eru í þörf fyrir sérmenntað fólk í verzlunarfræðum, en sérþekkingu á þeim er hvergi að fá í skóla á Norður- og Austurlandi, ef frá er talin bókhalds- og vélritunarkennsla í gagnfræðaskólum.

Vel mætti hugsa sér, að Húsmæðrakennaraskóli Íslands yrði fluttur til Akureyrar, enda skilst mér, að hann búi nú við húsnæði, sem stjórn hans telji miður hagkvæmt og varla til langrar frambúðar.

Mjög er nú til umræðu stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri, og er erfitt að hugsa sér betri staðsetningu hans sakir hagstæðra veður- og jarðvegsskilyrða hér og gróinnar ræktunarhefðar og reynslu í bæ og héraði, — ekki sízt ef hingað fengist heitt jarðvatn við borunarframkvæmdir þær, sem nú standa yfir.

Enn fleiri tegundir skóla mætti hugsa sér að stofna hér, svo sem vélskóla, sjómannaskóla, tónlistarskóla, sem að vísu hefur starfað við þröngan kost um 20 ára skeið, myndlistarskóla og e. t. v. fleiri.

Einnig væri æskilegt, að mínum dómi, að hér yrði komið upp rannsóknar- og tilraunastofnunum af ýmsu tagi og þá helzt í þágu atvinnuveganna, svo sem til jarðvegs-, fiski- og byggingarefnarannsókna, svo og almennri efnarannsóknarstofu. Einnig væri fengur að því að efla þau söfn, sem fyrir eru í bænum, og þá ekki sízt Amtsbókasafnið.

Frá sjónarmiði þeirra skóla, sem fyrir eru í bænum, og þá vitaskuld helzt þess, sem mér stendur næstur, er fjölbreytni í fræðslustarfi og margar og margvíslegar skólastofnanir hér á Akureyri mjög mikilsvert takmark. Hef ég þá aðallega í huga betri nýtingu kennslukrafta og auðveldari útvegun stundakennara í ýmsum greinum til hinna almennu skóla jafnt sem hinna. Það er einnig sennilegt, að auðveldara verði en ella að útvega hæfa og vel menntaða fastakennara hingað að gagnfræðaskólanum, þegar komið verður enn meira orð á Akureyrarbæ sem skólabæ og menningarsetur en nú er, og vil ég þó sízt vanmeta það, sem þegar er orðið.

Kynni hins almenna nemanda af þessum sérskólum auðvelduðu honum val ævistarfs, sem hann hefði yndi af og áhuga á, og yrðu honum hvatning til að búa sig sem bezt undir framtíðarstörfin, sjálfum sér til heilla og þjóðarheildinni til hags.

Samstarf og gagnkvæm kynni milli skólanna ykju á víðsýni nemendanna og skilning á ýmsum starfsgreinum og viðfangsefnum, sem annars lægju utan við persónulegt áhugasvið hvers einstaks, — drægju úr fordómum og stéttarígi og efldu enn frekar almenna menntun.

Því miður sé ég mér ekki fært að mæla með því, að nýr háskóli verði reistur á Akureyri „í náinni framtíð". Tel ég bresta nær öll skilyrði til þess, auk þess sem

ég er þeirrar skoðunar, að skynsamlegra sé að efla Háskóla Íslands meir en orðið er, gera hann fjölbreyttari, sérstaklega í raunvísindagreinum, og bæta og auka við húsakost hans, kennslu og námsaðstöðu, rannsóknarstofur og bókasafn. Ég tel Íslendinga ekki hafa bolmagn til að halda uppi tveimur háskólum í landinu, svo að vel sé, meðan mannfjöldi hefur ekki vaxið til mikilla muna frá því, sem nú er, og stúdentafjöldi eftir því. Á það má benda, að við flesta erlenda háskóla skipta stúdentar þúsundum og sums staðar tugþúsundum, meðan fjöldi stúdenta við Háskóla Íslands nær ekki einu þúsundi. Með því er vitaskuld ekki sagt, að hann sé lélegur skóli, öðru nær, en þjóðin þarf að leggja við hann meiri rækt en hingað til og a. m. k. ekki hugsa til að efna til annars háskóla í landinu, meðan H. Í. nýtur ekki þeirrar aðstöðu, sem hann þarfnast.

Hins vegar virðist mér vel koma til greina, að hér á Akureyri verði haldið uppi einhverjum háskóladeildum og akademískri kennslu á takmörkuðum sviðum, ef það þætti henta, og þá sem hluta af Háskóla Íslands og undir stjórn og eftirliti hans.

Einnig mætti hugsa sér, að einhverjar þær stofnanir, sem að framan greinir, geti á löngum eða skömmum tíma þróazt upp í það að veita enn meiri sérfræðimenntun á sínum sviðum, t. d. í tæknilegum efnum (verði „teknólógisk institút").

En ég fæ ekki séð, að skynsamlegur grundvöllur sé fyrir nýjan háskóla á Akureyri í náinni framtíð, hvað sem síðar verður.

Að öllu samanlögðu fagna ég því, að þingsályktunartillaga þessi er fram komin, og vona, að hún nái samþykki Alþingis og verði landsbyggðinni allri og þá ekki síst Norðlendingafjórðungi og Akureyri til heilla og fremdar.

Virðingarfyllst,

Sverrir Pálsson.

Fylgiskjal V.

LANDSSAMBAND FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

Reykjavík, 6. apríl 1965.

Háttvirt allsherjarnefnd Alþingis.

Stjórn Landssambands framhaldsskólakennara hefur kynnt sér þingsályktunartillögu og greinargerð nr. 53, sem sambandinu var send til umsagnar.

Stjórnin er fylgjandi því, að athuganir þær og áætlanir, sem um getur í tillögunni, verði látnar fara fram.

Stjórnin telur þó, að fullnýta beri þær menntastofnanir, sem fyrir eru, áður en horfið verður að því að stofnsetja nýjar annars staðar.

Svars við bréfi yðar var óskað fyrir 20. marz s. l., en þar sem það barst formanni L. S. F. K. ekki í hendur fyrr en 23. þess mánaðar, var ekki unnt að svara því fyrir umbeðinn tíma.

Virðingarfyllst.

F. h. stjórnar L. S. F. K.

Ólafur H. Einarsson, formaður. Jónas Eysteinsson, ritari.

Sþ. 471. Fyrirspurnir. [183. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um dánar- og örorkubætur sjómanna.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hversu miðar þeirri athugun, sem gert er ráð fyrir í tillögu til þingsályktunar um sérstakar dánar- og örorkubætur sjómanna, sem samþykkt var á Alþingi hinn 4. marz 1964?

2. Eru líkur á, að niðurstöður þeirrar athugunar verði lagðar fyrir Alþingi það, er nú situr?

II. Til ríkisstjórnarinnar um félagsheimilasjóð.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til framkvæmda á þingsályktun um endurskoðun laga um félagsheimili og um eflingu félagsheimilasjóðs, sem samþykkt var á Alþingi 13. maí 1964?

Hvað hefur ríkisstjórnin gert eða hefur í hyggju að gera til fjáröflunar fyrir félagsheimilasjóðinn, til þess að hann geti greitt vangoldin framlög til félagsheimila, sem reist hafa verið eða eru í byggingu?

III. Til ríkisstjórnarinnar um ótollaðar vinnuvélar.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hefur fyrirtækinu Íslenzkum aðalverktökum verið heimilað að nota utan Keflavíkurflugvallar og við framkvæmdir í þágu íslenzkra aðila bifreiðar, vélar og verkfæri, sem flutt hafa verið inn tollfrjáls, samkv. ákvæðum í herstöðvasamningnum frá 1951?
2. Heimila lagaákvæði slíka notkun ótollaðra vinnuvéla utan herstöðvanna?

Nd. 472. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 1963, um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það til umsagnar yfirdýralæknis. Samþykkti nefndin að mæla með, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 10. apríl 1965.

Gunnar Gíslason, form. Jónas Pétursson, frsm. Hannibal Valdimarsson.
Ágúst Þorvaldsson. Björn Pálsson. Sverrir Júlíusson.

Nd. 473. Lög [104. mál]

um landgræðslu.

(Afgreidd frá Nd. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 423, sbr. 153.

Nd. 474. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., og breyt. á lögum nr. 15 21. maí 1964, um breyt. á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og haldið einn fund sameiginlegan með fjhn. Ed., þar sem til voru einnig kvaddir sérfræðingar þeir, er samið hafa frv.

Nefndin hefur ekki náð samstöðu um afgreiðslu málsins, þannig að undirritaður meiri hl. mælir með því, að það verði samþ. eins og hv. Ed. afgreiddi málið.

Alþingi, 12. apríl 1965.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Jónas G. Rafnar.
Ragnar Jónsson.

Nd. 475. Jarðræktarlög. [102. mál]

(Afgreidd frá Nd. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 358, sbr. 151.

Ed. 476. Lög [70. mál]

um búfjárrækt.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 419, sbr. 78.

Ed. 477. Lög [101. mál]

um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 455.

Ed. 478. Breytingartillögur [147. mál]

við frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 4. gr. 4. mgr. b-liður orðist svo:
   Framlag úr ríkissjóði, að fjárhæð kr. 40 000 000.00. Til þess að mæta þessum útgjöldum skal miða eignarskatt við gildandi fasteignamat þrefaldað. Ákvæði þetta gildir þó ekki um bújarðir í sveitum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum.

2. Við 4. gr. 4. mgr. c-liður orðist svo:
   1% álag, er innheimta skal aukalega, á tekju- og eignarskatt og ½% á aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá.
3. Við 12. gr. Við 1. mgr. bætist nýir málsliðir, svo hljóðandi:
   Kaupgreiðendur skulu krefjast þess, að launþegar færi sönnur á aldur sinn með framvísun nafnskírteinis, hvenær sem ástæða er til, þegar laun eru greidd. Launþegar skulu sýna kaupgreiðendum nafnskírteini, hvenær sem hinir síðarnefndu telja sig þurfa að sjá það vegna fyrirmæla þessarar málsgreinar.
4. Við 19. gr. Eftir orðunum „Lög þessi öðlast þegar gildi" komi: og fer um álagningu eignarskatts á árinu 1965 samkvæmt b-lið 4. mgr. 4. gr. þessara laga.

Nd. 479. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., og breyt. á l. nr. 15 21. maí 1964, um breyt. á þeim lögum.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarpið fjallar aðallega um breytingar á tollum af vélum og tækjum, en við teljum of skammt gengið til lækkunar á þeim. Við flytjum því breytingartillögur á sérstöku þingskjali, að mestu samhljóða þeim, sem fulltrúar Framsóknarflokksins í fjárhagsnefnd Ed. báru fram þar.

Megintilgangur breytingartillagna okkar er að jafna tolla af ýmsum vélum og tækjum til sjávarútvegs, landbúnaðar og iðnaðar, en tollar af þeim eru misháir samkvæmt frv., eða frá 0 og upp í 25%.

Tillögur okkar eru t. d. um lækkun tolla á: Kæli- og frystivélum, vélum til fiskiðnaðar, lýsisskilvindum, flökunarvélum, dísilhreyflum 200 hö. og stærri, grafvélum, jarðýtum, heyblásurum, mjólkurvinnsluvélum, plógum, herfum, áburðardreifurum, ámoksturstækjum, heyvinnuvélum, vélum til kjötframleiðslu, vélum til brauð- og kexgerðar, vélum til matvæla- og efnaiðnaðar, málmvinnsluvélum, trésmíðavélum, steypuhrærivélum, prjóna- og saumavélum, sútunarvélum o. s. frv.

Þá flytjum við breytingartillögu um heimild til að endurgreiða toll af hreyflum minni en 200 hö., sem notaðir eru til súgþurrkunar á sveitabæjum. Er þessi tillaga flutt eftir tilmælum Búnaðarfélags Íslands.

Það er meginstefna frv. að ákveða lægri tolla af vélum, sem notaðar eru til framleiðslu á útflutningsvörum, heldur en af öðrum vélum og tækjum. Við teljum þennan mun óeðlilegan, enda eru ýmsar vélar notaðar jöfnum höndum til framleiðslu á vörum til útflutnings og innanlandsnotkunar.

Við teljum þörf að gera víðtækari lagfæringar á tollskránni, en breytingartillögur okkar að þessu sinni eru eingöngu um þau atriði, sem nefnd eru í frumvarpinu.

Það er tillaga okkar, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem við flytjum tillögur um á sérstöku þingskjali.

Bréf, sem fjárhagsnefnd barst frá Búnaðarfélagi Íslands, er birt hér með sem fylgiskjal.

Alþingi, 13. apríl 1965.

Einar Ágústsson, frsm. Skúli Guðmundsson.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 12. apríl 1965.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Á búnaðarþingi 1965 var samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að gangast fyrir því við ríkisstjórn og Alþingi, að tollar og söluskattur af innfluttum landbúnaðarvélum, þar með taldar þungavinnuvélar til ræktunarsambanda, verði felldir niður og landbúnaðurinn búi við sömu kjör og sjávarútvegur og stóriðnaður, hvað þetta snertir. Enn fremur að lækka eða fella algerlega niður 35% tollinn af innfluttum varahlutum, er árlega þarf til þeirra véla, er landbúnaðurinn notar."

Þann 23. marz 1965 sendi Búnaðarfélag Íslands ályktun þessa til landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra.

Er stjórn Búnaðarfélags Íslands hélt síðasta fund sinn þ. 7. apríl 1965, var komið fram á Alþingi stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl. Í því tilefni gerði stjórn Búnaðarfélags Íslands eftirfarandi bókun:

„Stjórnin samþykkir að fela búnaðarmálastjóra að kynna sér breytingar þær á tollskránni, sem nú liggja fyrir Alþingi, og ganga úr skugga um það, hvort atvinnugreinar landsins, landbúnaður, sjávarútvegur og iðnaður, sitja ekki við sömu kjör, að því er tekur til tolla af vélum, sem notaðar eru í þágu þeirra."

Við athugun á tollskránni frá 1963, breytingum á henni frá 21. maí 1964 og breytingartillögum þeim, sem koma fram í stjórnarfrumvarpi því um breytingar á lögum nr. 7 29. apríl 1963, sem nú liggur fyrir Alþingi, kemur í ljós, að landbúnaðinum er að sumu leyti gert að greiða hærri tolla af vélum og tækjum en sjávarútveginum. Enn fremur er iðnaði þeim, sem vinnur úr landbúnaðarvörum, ýmist til neyzlu innanlands eða til útflutnings, ætlað að búa við hærri tolla á vélum en iðnaði, sem vinnur úr sjávarafurðum. Þetta skal rökstutt með eftirfarandi dæmi: Lægsti tollur á vélum, verkfærum og áhöldum til landbúnaðarins er 10%, en hærri á sumum vélum, eins og dísilhreyflum til að knýja súgþurrkunarblásara (35%) og jarðýtum (25%).

Sjávarútvegurinn fær að flytja inn báta án tolls, þar með taldar vélar í þeim, enn fremur fæst tollur endurgreiddur að fullu á vélar, sem fluttar eru inn og settar í nýja báta, smíðaða hér á landi. Einnig er mikið af alls konar tækjum vegna sjávarútvegsins í 4% tolli, eins og stýrisvélar, kraftblokkir, skipsskrúfur, áttavitar, dýptarmælar, ratsjár, síldardælur o. fl.

Eðlilegt væri, að ýmis tæki, vélar og verkfæri til landbúnaðarins væru í hliðstæðum tolli, svo sem hjóladráttarvélar, jarðyrkjuverkfæri og heyvinnuvélar og verkfæri.

Búnaðarfélag Íslands leyfir sér því hér með að fara þess á leit við háttvirtar fjárhagsnefndir Alþingis, að þær leggi til við hið háa Alþingi, að tollar á eftirtöldum vélum og verkfærum til landbúnaðarins verði lækkaðir í 4%:

Tollskrárnr.:		Tegund:
84.11	01	Heyblásarar
84.22	05	Heyblásarar (til að færa til hey)
84.23	04	Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar
84.24	01	Plógar
	02	Herfi
	03	Áburðardreifarar
	09	Annað

Tollskrárnr.:		Tegund:
84.25	02	Aðrar sláttuvélar
	03	Upptökuvélar
	04	Rakstrar- og snúningsvélar
	09	Annað
84.26	01	Mjaltavélar
76.10	01	Mjólkurbrúsar
87.01	11	Hjóladráttarvélar
87.06	00	Hlutar og fylgitæki fyrir ökutæki þau, er teljast til nr. 87.01 11

Þá þarf að breyta 4. lið 2. gr. laga nr. 5/1964 á þann hátt, að upphaf hans orðist þannig:

Að endurgreiða gjöld af hreyflum minni en 200 hestöfl, sem settir eru í báta eða notaðir til raflýsingar eða **súgþurrkunar** á sveitabæjum o. s. frv.

Enn fremur fer Búnaðarfélag Íslands fram á, að eftirtaldar vélar til iðnaðar úr landbúnaðarafurðum verði ekki hafðar í hærri tolli en 15%:

Tollskrárnr.:		Tegund:
39.07	67	Mjólkurumbúðir
73.22	01	Tankar úr ryðfríu stáli
84.18	19	Skilvindur í mjólkursamlög
84.26	02	Mjólkurvinnsluvélar
	09	Vélar og tæki til kjötvinnslu

Þá leyfir Búnaðarfélag Íslands sér að benda hinu háa Alþingi á, að óæskilegt sé, að tollur á vélum til hvers konar ullar- og skinnaiðnaðar skuli vera mun hærri en tollur á vélum til iðnaðar úr sjávarafurðum. Eins og hinu háa Alþingi er kunnugt, er nú þegar flutt út nokkuð af unnum ullarvarningi og skinnavörum, og þessi útflutningur á fyrir sér að vaxa verulega, sérstaklega á unnum gærum og vörum úr þeim. Er því nauðsynlegt að búa eins vel að þessum iðnaði eins og öðrum útflutningsgreinum atvinnuveganna.

Samhljóða bréf er sent báðum fjárhagsnefndum Alþingis. Samrit af bréfinu er sent landbúnaðarráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu.

Virðingarfyllst,

Halldór Pálsson.

Nd. 480. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., og breyt. á l. nr. 15 21. maí 1964, um breyt. á þeim lögum.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (EÁ og SkG).

1. Við 1. gr.
   a. Við 13. tölulið:
      73.22.01 Í stað 25% komi 4%
   b. Við 15. tölulið:

1.	84.06.22	Í stað 10%	komi 4%
2.	84.11.01	— 10—	— 4—
3.	84.15.12	— 15—	— 4—
4.	19	— 15—	— 4—
5.	84.17.11	— 15—	— 4—
6.	12	— 15—	— 4—
7.	13	— 25—	— 4—
8.	84.18.11	— 20—	— 4—

9.	19	Í stað 25%	komi 4%
10.	23	— 10—	— 4—
11.	84.22.05	— 10—	— 4—
12.	84.23.01	— 25—	— 4—
13.	84.23.02	— 25—	— 4—
14.	84.23.04	— 10—	— 4—
15.	84.24.01	— 10—	— 4—
16.	02	— 10—	— 4—
17.	03	— 10—	— 4—
18.	04	— 10—	— 4—
19.	84.25.02	— 10—	— 4—
20.	03	— 10—	— 4—
21.	04	— 10—	— 4—
22.	05	— 25—	— 4—
23.	84.26.01	— 10—	— 4—
24.	02	— 25—	— 4—
25.	09	— 25—	— 4—
26.	84.27	— 25—	— 4—
27.	84.28	— 25—	— 4—
28.	84.29	— 25—	— 4—
29.	84.30.01	— 25—	— 4—
30.	02	— 25—	— 4—
31.	84.30.03	— 25—	— 4—
32.	04	— 25—	— 4—
33.	05	— 10—	— 4—
34.	09	— 25—	— 4—
35.	84.36	— 25—	— 4—
36.	84.37.01	— 25—	— 4—
37.	09	— 25—	— 4—
38.	84.41	— 25—	— 4—
39.	84.42	— 25—	— 4—
40.	84.43	— 25—	— 4—
41.	84.44	— 25—	— 4—
42.	84.45	— 25—	— 4—
43.	84.46	— 25—	— 4—
44.	84.47	— 25—	— 4—
45.	84.48	— 25—	— 4—
46.	84.49	— 25—	— 4—
47.	84.50	— 25—	— 4—
48.	84.56	— 25—	— 4—
49.	84.59	— 25—	— 4—
50.	84.60	— 25—	— 4—

c. Við 16. tölulið:

85.11	Í stað 25%	komi 4%

d. Við 16. tölulið. Nýr töluliður:

87.01.11 Almennar hjóladráttarvélar, eftir nánari skýrgreiningu fjármálaráðuneytisins 4%

e. Við 17. tölulið:

87.07	Í stað 25%	komi 4%

2. Við 2. gr. Á undan síðustu málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

30. liður 3. gr. orðist svo:

Að endurgreiða gjöld af hreyflum minni en 200 hestöfl, sem settir eru í báta eða notaðir til raflýsingar eða súgþurrkunar á sveitabæjum.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Ed. 481. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og rætt það á fundi sínum. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt þess með þeirri breytingu, sem fram kemur á sérstöku þingskjali. Helgi Bergs, Gils Guðmundsson og Ólafur Jóhannesson áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. apríl 1965.

Jón Árnason, form., frsm.	Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson, með fyrirvara.
Helgi Bergs, með fyrirvara.	Sigurður Ó. Ólafsson.	Ólafur Jóhannesson, með fyrirvara.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 482. Breytingartillögur [154. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Á eftir 2. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Á árinu 1965 heimilast að greiða úr ríkissjóði til skreiðarframleiðenda 10 millj. kr. til verðuppbóta á útflutta skreiðarframleiðslu, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.
2. Á eftir 3. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 483. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 30. jan. 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. — Einn nefndarmanna (KK) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 12. apríl 1965.

Jón Þorsteinsson, form.	Auður Auðuns, fundaskr., frsm.	Bjartmar Guðmundsson.
Alfreð Gíslason.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson.	Ásgeir Bjarnason.

Nd. 484. Frumvarp til laga [147. mál]

um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed., 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 311 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Byggingarsjóður ríkisins lýtur stjórn húsnæðismálastjórnar.

Hlutverk sjóðsins skal vera að annast lánveitingar til íbúðabygginga og standa straum af framkvæmdum, er húsnæðismálastjórn kann að ráðast í til lausnar á húsnæðisvandamálum almennings.

Stofnfé sjóðsins var:

1. Varasjóður hins almenna veðlánakerfis.
2. Lán ríkisins til Lánadeildar smáíbúða.
3. A-flokka bréf ríkisins, er keypt voru fyrir tekjuafgang ríkissjóðs 1955.
4. Tveir þriðjungar skatts af stóreignum, álagðs 1957.

Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera:

a. Launaskattur, samkvæmt lögum um launaskatt.
b. Framlag úr ríkissjóði, að fjárhæð kr. 40 000 000.00. Til þess að mæta þessum útgjöldum skal miða eignarskatt við gildandi fasteignamat þrefaldað. Ákvæði þetta gildir þó ekki um bújarðir í sveitum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum.
c. 1% álag, er innheimta skal aukalega, á tekju- og eignarskatt, og ½% á aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá.
d. Afborganir og vextir lána, sem veitt hafa verið eða veitt verða af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis.
e. 1% lántökugjald af lánum, er húsnæðismálastjórn veitir, svo og vaxtatekjur byggingarsjóðs.
f. Höfuðstóll vaxtabréfa samkvæmt 5. gr. og vaxtafé af þeim, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, sé þess ekki vitjað innan 20 ára frá gjalddaga, sbr. 18. gr. laga nr. 55/1945.

Byggingarsjóðurinn skal vera í vörzlu veðdeildar Landsbanka Íslands.

5. gr. hljóðar svo:

Veðlánakerfi til íbúðabygginga skal starfrækt undir stjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands, og skulu lánveitingar innan þess vera í samræmi við hinar almennu útlánareglur húsnæðismálastjórnar.

Í þessu skyni skal veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út skuldabréf (bankavaxtabréf), sem nema allt að 400 milljónum króna árlega. Vaxtabréf þessi skulu vera með föstum vöxtum og afborgunum, en með vísitölukjörum þannig, að greiðslur afborgana og vaxta séu bundnar kaupgreiðsluvísitölu, sbr. lög nr. 63/1964.

Eigi skal öðrum en veðdeild Landsbanka Íslands heimilt að gefa út vísitölubundin verðbréf, nema sérstök lagaheimild komi til.

Ákvæði III. kafla laga nr. 70/1962, sbr. 31. gr. laga nr. 51/1964, gilda um bankavaxtabréf og vexti af þeim.

Byggingarsjóður ríkisins og veðdeild Landsbankans, eftir tillögu húsnæðismálastjórnar, hafa heimild til að taka erlend lán til íbúðabygginga, enda komi leyfi ríkisstjórnarinnar til.

Ábyrgð ríkissjóðs er á skuldabréfum samkvæmt þessari grein. Um verðbréfaútgáfu þessa gilda ákvæði laga nr. 55/1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum. Í reglugerð má þó ákveða annan frest um innlausn bankavaxtabréfa en ákveðinn er í 16. gr. laga nr. 55/1945.

7. gr. hljóðar svo:

Útlánareglur húsnæðismálastjórnar skulu vera þessar:

A. Lánin veitast aðeins til byggingar nýrra íbúða, meiri háttar viðbygginga eða til kaupa á nýjum íbúðum, en lán skal þó því aðeins veita, að loforð um lánveitingu hafi verið gefið, áður en hlutaðeigandi byggingarframkvæmd hófst eða kaup á nýjum íbúðum eru gerð. Lánin skulu greidd lántakendum í peningum og koma til útborgunar vor og haust og þá í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu húsnæðisins, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Ef byggingarfélag er lántakandi, skal láninu skipt á hlutaðeigandi íbúðir að byggingu lokinni eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar.

Sé um að ræða byggingarfélag, sem nýtur ríkisábyrgðar, getur húsnæðismálastjórn veitt því bráðabirgðalán gegn ríkisábyrgð af fé byggingarsjóðs, enda verði láninu skipt að byggingu lokinni á eigendur hlutaðeigandi íbúða gegn 1. veðrétti, og fellur ríkisábyrgð þá niður.

Húsnæðismálastjórn getur enn fremur veitt sveitarfélögum og Öryrkjabandalagi Íslands lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leiguíbúðir.

B. Lánsupphæðin má nema allt að kr. 280 000.00 á hverja íbúð, þó ekki meira en ¾ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands. Heimilt er þó að veita hærra lán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, og skal í þessu skyni verja 15—20 millj. kr. árlega af tekjum byggingarsjóðs ríkisins. Húsnæðismálastjórn ákveður lán þessi að fengnum tillögum stjórnar viðkomandi verkalýðsfélags. Um viðbótarlán þessi skal í samráði við miðstjórn Alþýðusambands Íslands setja nánari ákvæði með reglugerð.

Ef fleiri en ein íbúð eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig. Þó skal engum einstaklingi veitt lán nema út á eina íbúð.

C. Lán þessi skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðast síðan á 25 árum með 4% ársvöxtum og jöfnum árgreiðslum vaxta og afborgana (annuitetslán). Til greiðslu á kostnaði Veðdeildarinnar vegna starfrækslu hennar í þágu byggingarsjóðs skulu lántakendur greiða ¼% af lánsfjárhæðinni, sem reiknast á sama hátt og árlegir vextir. Hver árgreiðsla, afborgun, vextir og kostnaður, skal hækkuð eða lækkuð, eftir því sem við á, samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, sbr. lög nr. 63/1964. Lán þessi skulu tryggð með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.

D. Heimilt er húsnæðismálastjórn að stytta lánstímann vegna sérstakra byggingahátta eða takmarkaðs leigutíma lóðaréttinda.

E. Félagsmálaráðherra skal að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar setja með reglugerð nánari ákvæði um veitingu lána, er húsnæðismálastjórn hefur með höndum. Um lánveitingar til einstaklinga skal þar m. a. setja ákvæði, sem tryggi, að farið sé eftir ástæðum umsækjenda, húsnæði, fjölskyldustærð, efnahag, lántökumöguleikum o. fl. Enn fremur um hámarksstærð íbúða, sem veita má lán til.

Við skiptingu lánsfjárins milli byggðarlaga skal tekið tillit til nauðsynlegs jafnvægis í byggð landsins og þeirra byggðarlaga, sem eru í mestri lánsfjárþörf.

Á meðan ekki er unnt að fullnægja lánsfjárþörf til íbúðarhúsabygginga, skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu sitja fyrir, er byggja minni íbúðir, enda fullnægi íbúðarstærðin þörfum viðkomandi fjölskyldu að dómi húsnæðismálastjórnar.

Ákveðið skal í reglugerð, hver skilríki umsækjandi skuli láta fylgja umsókn sinni, og um önnur almenn skilyrði fyrir lánveitingu.

9. gr. hljóðar svo:

Sérstök innlánsdeild skal starfa á vegum byggingarsjóðs ríkisins.

Þeir, sem leggja fé inn í deildina, skulu að minnst 10 árum liðnum, frá því að innlög hófust, eiga kröfu á að fá það útborgað, að viðbættum innlánsvöxtum og uppbótum, sbr. 10. gr. Nemi hin innlagða upphæð minnst 10 þús. krónum á ári, er skylt

að láta þá, er taka þátt í innlögum þessum, sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, að öðru jöfnu, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist, þó aldrei yfir ¾ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Nánari ákvæði um fyrirkomulag þessarar innlánsdeildar og um réttindi og skyldur samkvæmt þessari grein skulu sett í reglugerð.

Tilsvarandi ákvæði gilda um þá menn utan kaupstaða og kauptúna, sem leggja á þennan hátt fé í stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands.

10. gr. hljóðar svo:

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða til bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu mánaðamót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu mánaðamót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, en í stofnlánadeild landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands fyrir þá, sem búsettir eru í sveit.

Fé það, sem skylt er að spara á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Þegar sá, er safnað hefur fé í sjóð samkvæmt 1. mgr., hefur náð 26 ára aldri, eða gengur í hjónaband og stofnar heimili, skal hann eiga þess kost að fá sparifé sitt endurgreitt að viðbættum þeim vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum. Enn fremur skulu þeir sitja fyrir um lán til íbúðabygginga frá húsnæðismálastjórn, og mega þau lán vera allt að 25% hærri en almennt gerist þá, þó eigi yfir ¾ hluta af matsverði viðkomandi íbúðar. Þessi forgangsréttur til lána er þó bundinn því skilyrði, að sparifjársöfnun þeirra, sem að byggingu hlutaðeigandi íbúðar standa, nemi samanlagt að minnsta kosti 100 000.00 kr.

Fé, sem lagt er til hliðar samkvæmt þessari grein og 9. grein, skal vera skatt- og útsvarsfrjálst sem eign og ekki framtalsskylt. Enn fremur skulu vextir af þessu fé undanþegnir framtalsskyldu til tekju- og eignarskatts og skatt- og útsvarsfrjálsir.

12. gr. hljóðar svo:

Vegna framkvæmda á ákvæðum þessa kafla skal heimilt að gefa út sparimerki, og skulu atvinnurekendur og aðrir kaupgreiðendur þá skyldir til að greiða tilskilinn hluta launa með slíkum merkjum hverju sinni, er kaup kemur til útborgunar. Kaupgreiðendur skulu krefjast þess, að launþegar færi sönnur á aldur sinn með framvísun nafnskírteinis, hvenær sem ástæða er til, þegar laun eru greidd. Launþegar skulu sýna kaupgreiðendum nafnskírteini, hvenær sem hinir síðarnefndu telja sig þurfa að sjá það vegna fyrirmæla þessarar málsgreinar.

Ákveða má í reglugerð sérstakt gjald, er skattayfirvald ákveður á hendur þeim, sem vanrækir sparimerkjakaup, er nema má allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir. Sömuleiðis má með reglugerð ákveða, að hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessara laga um skyldusparnað, skuli skylt að gera skattyfirvaldi grein fyrir sparimerkjaeign sinni með framvísun sparimerkjabókar sinnar að viðlögðu 200 króna gjaldi. Gjöld þessi skulu renna til byggingarsjóðs ríkisins eða stofnlánadeildar landbúnaðarins við Búnaðarbanka Íslands, eftir því sem við á.

Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði.

Sett skulu í reglugerð glögg ákvæði um framkvæmd þessa kafla.

19. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fer um álagningu eignarskatts á árinu 1965 samkvæmt b-lið 4. mgr. 4. gr. þessara laga. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 42

1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, o. fl., lög nr. 45 12. júní 1958, um breyting á þeim lögum, lög nr. 56 4. apríl 1962, um breyting á sömu lögum, og lög nr. 18 23. maí 1964, um breyting á sömu lögum.

Sþ. 485. Nefndarálit [98. mál]

um till. til þál. um símagjöld á Suðurnesjum.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað þessa tillögu og borið hana undir póst- og símamálastjóra. Hann er andvígur tillögunni á þeim forsendum, að af samþykkt hennar mundi leiða mjög aukinn fjárfestingarkostnað, jafnframt því sem rekstrartekjur símans mundu minnka. Enn fremur telur póst- og símamálastjóri, að í tillögunni geti falizt fordæmi fyrir aðra staði á landinu, sem mundi, ef fylgt yrði, baka landsmönnum mjög aukin útgjöld og óhjákvæmilegan hallarekstur.

Það er skoðun nefndarinnar, að við ákvörðun þess, hvort nálægir kaupstaðir og kauptún skuli vera eitt símagjaldsvæði innbyrðis og út á við, þurfi einkum að meta þrjú atriði, þ. e. fjarlægðina, notendafjöldann og kostnaðinn. Í því sambandi væri rétt að setja heildarreglu, sem gilt gæti fyrir landið allt. Þegar sú regla hefur verið sett, yrði að leysa þessi mál á Suðurnesjum í samræmi við hana. — PS var fjarverandi, er málið var afgreitt í nefnd.

Með tilvísun til framanritaðs leggur allsherjarnefnd til, að tillögu þessari verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 13. apríl 1965.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Gísli Guðmundsson.
Sverrir Júlíusson.	Einar Ágústsson.	Ragnar Arnalds.

Nd. 486. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., og breyt. á l. nr. 15 21. maí 1964, um breyt. á þeim lögum.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 2. gr. Við greinina bætist 2 nýir liðir, svo hljóðandi:

a. 41 Að endurgreiða þeim, sem byggja í fyrsta skipti íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína, aðflutningsgjöld af innfluttu byggingarefni, sem til byggingarinnar þarf. Hámarksupphæð endurgreiðslunnar skal miðuð við efnisþörf til íbúðar að stærð 360 m³. Um endurgreiðsluna skal að öðru leyti farið eftir reglum, er fjármálaráðuneytið setur.

b. 43 Að endurgreiða gjöld af dísilvélum, sem ætlaðar eru til raforkuframleiðslu.

Nd. 487. Lög [51. mál]

um hreppstjóra.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 57.

Nd. 488. Lög [53. mál]

um breyting á lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 59.

Nd. 489. Lög [173. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., og breyting á lögum nr. 15 21. maí 1964, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Nd. 13. apríl.)

Samhljóða þskj. 465.

Nd. 490. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frumv. á nokkrum fundum sínum, en nefndarmenn ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir nefndarmenn (meiri hl. nefndarinnar) leggja til, að frumv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

a. Í stað „notkunarrétt“ í 1. málsgr. komi: afnotarétt.
b. Síðari málsl. 4. tölul. orðist þannig:
   Í hlutafélögum skal 60 af hundraði hlutafjár vera eign íslenzkra ríkisborgara og íslenzkir ríkisborgarar fara með meiri hluta atkvæða á hluthafafundum.

Minni hluti nefndarinnar (BFB, SkG og RA) vill ganga lengra í takmörkun á eignarhluta erlendra manna í hlutafélögum, sem öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum hér á landi en meiri hl. nefndarinnar telur ástæðu til, og fleiri breytingar vill minni hl. nefndarinnar gera á frumv., t. d. viðkomandi heimild atvinnumálaráðherra til að veita undanþágur frá skilyrðum 1.—4. tölul. 1. gr. frumv. Mun minni hl. nefndarinnar annars gera grein fyrir skoðunum sínum á frumv. og breytingartillögum í sérstöku nefndaráliti.

Frumvarp þetta snertir aðeins eignarrétt og afnotarétt yfir fasteignum hér á landi. Við 1. umræðu málsins blönduðust þó inn í umræður atriði, sem varða rétt útlendinga til að stunda atvinnurekstur hér á landi. Þykir því rétt að prenta sem fylgiskjal með frumv. þessu lauslegt yfirlit yfir gildandi lagaákvæði um rétt útlendinga til að stunda atvinnurekstur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Alþingi, 14. apríl 1965.

Einar Ingimundarson, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Matthías Bjarnason.
Pétur Sigurðsson.

Fylgiskjal.

Lauslegt yfirlit yfir gildandi lagaákvæði um rétt útlendinga til að stunda atvinnurekstur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Danmörk:

Samkvæmt lögum (Næringslov nr. 138/1931 með síðari breytingum) þarf sérstakt leyfi til þess að stunda sjálfstæðan atvinnurekstur í hinum ýmsu greinum iðnaðar og verzlunar. Til þess að fá slíkt leyfisbréf þarf umsækjandi að vera danskur ríkisborgari búsettur í landinu, tuttugu og eins árs að aldri og hafa forræði á búi sínu.

Útlendingar, sem uppfylla þessi skilyrði, önnur en skilyrðið um ríkisborgararétt, geta fengið umrædd leyfi, eftir því sem heimilt kann að vera samkvæmt samningum við önnur ríki eða auglýsingu frá verzlunar- og iðnaðarmálaráðuneytinu. Sama ráðuneyti getur einnig að fenginni yfirlýsingu staðaryfirvalda veitt undanþágur frá áðurnefndum skilyrðum, en slík leyfisbréf skulu eigi gefin út til lengri tíma en 5 ára í senn.

Til þess að sameignarfélag megi reka atvinnu í þeim greinum, sem hér um ræðir, verða allir þeir félagsmenn, sem bera fulla ábyrgð á skuldbindingum félagsins, að fá leyfisbréf samkvæmt ákvæðum nefndra laga.

Erlend hlutafélög, sem látið hafa skrásetja útibú í hlutafélagaskrá, svo og önnur erlend félög með takmarkaðri ábyrgð, geta fengið leyfisbréf til atvinnurekstrar fyrir útibú sín, eftir því sem heimilt er samkvæmt samningum við önnur ríki eða auglýsingu verzlunar- og iðnaðarmálaráðuneytisins, eða samkvæmt sérstöku leyfi. Útibú erlendra hlutafélaga mega einungis selja atvinnurekendum, í hverra fyrirtæki er þörf fyrir þá vöru, sem um er að ræða. Með atvinnurekendum er hér einnig átt við samvinnufélög og opinberar stofnanir.

Hverjum þeim, sem er danskur ríkisborgari eða hefur dvalið í Danmörku samfellt í tvö ár, er heimilt að stunda fiskveiðar í danskri landhelgi, með þeim almennu takmörkunum, sem leiða kann af ákvæðum laga (l. nr. 500/1951). Ef félag rekur fiskveiðar, skal stjórn þess hafa aðsetur í landinu og meðlimir þess uppfylla framangreind skilyrði. Ef fiskveiðar eru stundaðar á skipi, skal það fullnægja þeim skilyrðum, sem krafizt er til að sigla undir dönskum fána, og skulu ⅔ hlutar áhafnarinnar uppfylla skilyrðin um ríkisborgararétt eða tveggja ára búsetu. Ríkisborgurum allra Norðurlanda er heimilt að stunda sportveiði með stöng, dorg eða öðrum handverkfærum á sama hátt og dönskum þegnum.

Noregur:

Í útlendingalögum (l. 27. júlí 1956) er svo kveðið á, að útlendingur, sem ætlar að reka sjálfstæða atvinnu í landinu, verði að fá til þess leyfi fyrir fram. Þetta tekur ekki til umferðarsala á vegum erlendra fyrirtækja. Þeir útlendingar, sem hyggjast setja á svið eða taka þátt í leiksýningum eða öðrum opinberum sýningum listræns eðlis, þurfa til þess leyfi aðeins eftir því sem konungur ákveður.

Til þess að fá leyfi til verzlunarrekstrar í Noregi þarf útlendingur, auk almennra skilyrða um menntun o. fl., að vera búsettur í landinu og hafa verið það s. l. 2 ár a. m. k. Hægt er þó, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá skilyrðinu um tveggja ára búsetu.

Að því er félög varðar, telst búsetuskilyrðinu fullnægt, ef tiltekinn fjöldi meðlima uppfyllir það. Þegar um er að ræða sameignarfélög, skulu ⅔ þeirra félagsmanna, sem fulla ábyrgð bera, uppfylla búsetuskilyrðið, en ef um er að ræða félag, þar sem sumir bera takmarkaða ábyrgð, þurfa einnig ⅔ hlutar stjórnarinnar (tilsynsrådet) að uppfylla það. Um hlutafélög og önnur félög með takmarkaða ábyrgð gildir sú regla, að þau teljast uppfylla búsetuskilyrðið, ef ⅔ stjórnar þess gera það.

Til þess að félag geti fengið verzlunarleyfi, þarf tiltekinn hluti félagsmanna og fyrirsvarsmanna félagsins að hafa verzlunarleyfi.

Leyfi til iðnrekstrar (iðnbréf) má veita þeim, sem búsettir eru í landinu og hafa verið það a. m. k. eitt ár samfleytt, enda uppfylli þeir hin almennu skilyrði til að stunda slíka atvinnu.

Öðrum en norskum ríkisborgurum og mönnum búsettum í landinu er óheimilt að stunda fiskveiðar innan norskrar landhelgi. Sama gildir um verkun, pökkun eða umhleðslu á fiski eða vörum unnum úr fiski, nema sérstakt leyfi hlutaðeigandi ráðuneytis komi til. Slíkt leyfi er ekki gefið, nema sérstaklega standi á, svo sem vegna skipskaða. Þeir, sem leyfi hafa til fiskveiða samkvæmt framansögðu, mega ekki án sérstaks leyfis stunda fiskveiðar með erlendum skipum, og ávallt verður a. m. k. helmingur áhafnarinnar að vera norskur.

Svíþjóð:

Útlendingar mega ekki án sérstaks leyfis stunda atvinnu eða inna af hendi starfsemi, sem leiðir af stöðu þeirra eða starfi erlendis. Undanþegnir eru þegnar Norðurlandanna allra. Undanþegnir eru einnig þeir útlendingar, sem hafa búsetuleyfi í landinu.

Útlendingi er heimilt að stunda útgerð skips, en hlutur hans í útgerðinni má aldrei vera meiri en ⅓, og aldrei má hann vera aðalútgerðarmaðurinn.

Heimilt er að veita útlendingum leyfi til að stunda verzlunar- og verksmiðjurekstur svo og iðngreinar, enda sé hann myndugur, og setja skal hann tryggingu fyrir greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarfélags fyrir þrjú ár. Verzlunarleyfi útlendings veitir honum ekki heimild til farandsölu. Við veitingu leyfa samkvæmt framansögðu skulu hlutaðeigandi stjórnvöld kanna og meta þörfina fyrir slíkan atvinnurekstur á þeim stað, sem hann er fyrirhugaður. Undanfarandi búsetu virðist ekki vera krafizt.

Heimilt er að veita erlendum fyrirtækjum, sem löglega eru stofnuð í heimalandinu, leyfi til að setja upp útibú. Forstjóri slíks útibús skal vera búsettur í landinu, og hann skal hafa umboð fyrirtækisins til þess að koma fram fyrir þess hönd í öllum málum og svara til saka fyrir það.

Nd. 491. Frumvarp til laga [184. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Eiríksstaði í Beruneshreppi.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Jónas Pétursson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hermanni Guðmundssyni bónda á Eyjólfsstöðum í Beruneshreppi og Gunnari Guðmundssyni bónda Lindarbrekku sama hreppi eyðijörðina Eiríksstaði í Fossárdal.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í Fossárdal í Beruneshreppi er jörðin Eiríksstaðir. Þetta er eyðibýli, og hefur svo staðið, það sem af er þessari öld og lengur. Það er álit ráðunauta, að mikil nauðsyn sé á því að auka land Eyjólfsstaða og Lindarbrekku í Beruneshreppi, sem næstar liggja Eiríksstöðum, og hafa ábúendur þeirra jarða haft afnot jarðarinnar. Ekki kemur til mála, að Eiríksstaðir byggist á ný.

Hreppsnefnd Beruneshrepps mælir með því, að Eiríksstaðir séu seldir ábúendum Eyjólfsstaða og Lindarbrekku.

Sþ. **492. Nefndarálit** [86. mál]

um till. til þál. um raforkumál.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Tillaga þessi var flutt á öndverðu þingi því, er nú situr, af átta alþingismönnum, en 1. flm. hennar er Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. vestra. Tillögunni var útbýtt á Alþingi 30. nóv., en langur dráttur varð á því, að hún kæmi til umræðu, og var henni ekki vísað til nefndar fyrr en 17. marz s. l. Nefndin sendi hana raforkumálastjóra til umsagnar, en sú umsögn var enn ókomin, þegar málið var tekið til afgreiðslu í nefndinni 13. apríl, rétt fyrir páskahléið. Meiri hluti nefndarinnar vill vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, en undirritaður minni hl. leggur til, að tillagan verði samþykkt eins og hún liggur fyrir á þskj. 117.

Víðs vegar um land er þess nú beðið með eftirvæntingu, hversu úr muni rætast um rafvæðingu landsins á næstu árum. Þegar lokið er þeim framkvæmdum, sem áformaðar eru á árinu 1965, munu þau sveitabýli, sem ekki hafa rafmagn frá samveitum eða vatnsaflsstöðvum, verða hátt á annað þúsund talsins. Á vegum raforkumálastjórnarinnar hefur á undanförnum árum nokkuð verið að því unnið að gera áætlanir um rafvæðingu einhvers hluta af þessum býlum, en hljótt hefur verið um það verk í seinni tíð, og nú í vetur hafa ekki verið haldnir nema 1—2 fundir í raforkuráði.

Minni hl. n. fellst á það sjónarmið flutningsmanna tillögunnar, að nauðsyn beri til að gera hið allra fyrsta heildaráætlun um það, hvernig ljúka skuli rafvæðingunni þannig, að hún nái á einhvern hátt til allra heimila, og hvað það kosti. Að því búnu verði Alþingi að taka ákvörðun í málinu. Í greinargerð tillögunnar er gert ráð fyrir, að raforkumálastjóra og raforkuráði verði falið að gera tvær kostnaðaráætlanir um rafvæðingu frá samveitum. Í fyrsta lagi um byggðir, þar sem meðalvegalengd milli býla er allt að 2,5 km. Í öðru lagi um byggðir, þar sem meðalvegalengd er allt að 3 km. Þegar áætlanir liggja fyrir, ætti svo að taka ákvörðun um, að hve miklu leyti rafmagnsþörfinni verði fullnægt með samveitum.

Að þeirri ákvörðun lokinni þarf að ákveða, hvernig þeim býlum verði séð fyrir raforku til frambúðar, sem ekki fá orkuna frá samveitum. Í því sambandi koma til greina sérstakar vatnsaflsstöðvar og dísilstöðvar. Um þennan þátt rafvæðingarinnar á samkvæmt tillögunni að gera sérstaka áætlun samtímis samveiturafvæðingaráætlunum þeim, er áður voru nefndar (2½ og 3 km meðalvegalengd). Yrði þá í fyrsta lagi áætlað, hve margar vatnsaflsstöðvar til heimilisnota gætu orðið og hver aðstoð ríkisins (til hverrar stöðvar og í heild) til þeirra þyrfti að vera, til þess að hún yrði „sambærileg“, eins og í tillögunni segir. Loks eru svo þau býli, sem eins og í tillögunni segir „eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja til þeirra raflínur frá samveitum, og ekki hafa hagstæð skilyrði til vatnsaflsvirkjunar“. Hér er ekki hægt að gera grein fyrir því, hve mörg þau býli muni vera, enda er það einmitt eitt af hlutverkum þeirra áætlunargerða, sem tillagan fjallar um, að áætla fjölda þeirra á grundvelli áður gerðra samveituáætlana og heildarkostnað við að koma þessum dísilstöðvum upp, með tilliti til þess, að ríkisrafveiturnar verði eigandi þeirra, þar sem bændur óska ekki eftir að eiga þær sjálfir, og leigi þær með þeim kjörum, sem telja má sambærileg við raforkukjör á samveitusvæðum. Um þennan þátt málsins tæki Alþingi svo sína ákvörðun á grundvelli þeirra upplýsinga, er fyrir lægju. Þess má geta, að ríkisstofnun á og leigir út talstöðvar í fiskiskipum, og er þar um fordæmi að ræða. Ef ríkisrafveiturnar ættu stöðvarnar, yrði þar með tryggt svo vel sem verða má, að eftirlits- og viðgerðarþjónusta yrði til staðar víðs vegar um landið, en það er mjög mikils virði fyrir þau býli, sem verða að sætta sig við rafmagn frá dísilstöðvum.

Framkvæmdaáætlun sú, sem nú hefur verið gerð grein fyrir, ætti ekki að þurfa að taka langan tíma, þar sem flest eða öll þau gögn, er vinna þarf úr, eru þegar

fyrir hendi. Ætti að mega ljúka henni á nokkrum mánuðum eða jafnvel nokkrum vikum. Í tillögunni er gert ráð fyrir, að allir þættir áætlunarinnar verði við það miðaðir, að rafvæðingunni, hvort sem um er að ræða samveitur, vatnsaflsstöðvar til heimilisnota eða dísilstöðvar í eigu ríkisrafveitnanna, verði lokið fyrir árið 1969 (í árslok 1968), ef Alþingi staðfestir áætlunina og gerir ráðstafanir til nauðsynlegrar fjáröflunar. Segja má, að hér sé nú ekki mjög langur tími til stefnu fyrir þá, er framkvæmdir og fjáröflun annast, en mörgum þeim, er þrá rafmagnið og þurfa þess með, mun þó þykja sá tími nógu langur. Undanfarin ár hafa flm. þessarar tillögu lagt það til þing eftir þing, að framkvæmdaáætlun verði við það miðuð að ljúka rafvæðingunni í árslok 1968. Hingað til hefur ekki verið á það fallizt og tíminn því skemmri orðinn til að ná þessu marki. En framkvæmanlegt er það að líkindum, ef nauðsynlegt fjármagn fæst og áætlunin verður gerð á þessu ári.

Alþingi, 14. apríl 1965.

Gísli Guðmundsson, frsm. Ragnar Arnalds. Einar Ágústsson.

Ed. 493. Frumvarp til laga [154. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. apríl.)

1. gr.

Á árinu 1965 greiðir ríkissjóður fiskseljendum 25 aura verðuppbót á hvert kíló línu- og handfærafisks. Þessi upphæð kemur til skipta milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram 33 millj. kr. á árinu 1965, er verja skal til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Stofnlánadeild sjávarútvegsins úthlutar fé þessu til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

3. gr.

Á árinu 1965 heimilast að greiða úr ríkissjóði til skreiðarframleiðenda 10 millj. kr. til verðuppbóta á útflutta skreiðarframleiðslu, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

4. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1964 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur, með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 494. Nefndarálit [90. mál]

um till. til þál. um síldarflutninga og síldarlöndun.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um þessa tillögu og leitað álits nokkurra aðila, er málið varðar. Umsagnir bárust frá síldarverksmiðjusamtökum Austur- og Norðurlands, Alþýðusambandi Íslands, Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Landssambandi íslenzkra útvegsmanna. Urðu nefndarmenn ásáttir um að mæla með því, að tillagan hljóti samþykki með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir samstarfi síldarverksmiðja og söltunarstöðva um rekstur flutningaskipa, er annazt gætu flutning bræðslu- og saltsíldar á hagkvæman hátt, einkum þegar móttökuskilyrði eru eigi fyrir hendi í næstu höfnum við miðin. Skal sérstaklega hafa í huga að bæta atvinnuástand þeirra staða, sem verða hart úti vegna skorts á síld til verkunar og vinnslu. Jafnframt hafi ríkisstjórnin forgöngu um samstarf síldarsaltenda, síldarverksmiðja og útvegsmanna um bætt skipulag á löndun og annað, er miðað gæti að sem fyllstri nýtingu á afkastagetu síldarvinnslustöðvanna og veiðimöguleikum síldveiðiflotans.

Alþingi, 20. apríl 1965.

Jón Þorsteinsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Ragnar Arnalds, frsm.
Gísli Guðmundsson.	Sverrir Júlíusson.	Einar Ágústsson.
	Pétur Sigurðsson.	

Nd. 495. Lög [158. mál]

um breyting á lögum nr. 4 1964, um þingfararkaup alþingismanna.

(Afgreidd frá Nd. 20. apríl.)

Samhljóða þskj. 349.

Ed. 496. Frumvarp til laga [185. mál]

um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Verðjöfnunargjald samkvæmt 2. gr. skal leggjast í verðjöfnunarsjóð. Úr verðjöfnunarsjóði skal greiða flutningskostnað á olíu og benzíni frá innflutningsstöðum til annarra útsölustaða. Ráðherra er heimilt að ákveða tímabundna greiðslu úr verðjöfnunarsjóði til reksturs innflutningsstöðva, sem reistar kunna að verða utan Faxaflóa, ef ætla má, að flutningur olíu og benzíns á viðkomandi svæði verði ódýrari

með því. Greiðsla þessi, að viðbættum flutningskostnaði til annarra útsölustaða, má þó ekki fara fram úr kostnaði þeim, sem mundi verða greiddur vegna flutnings frá innflutningsstöðum við Faxaflóa.

Viðskiptamálaráðuneytið annast greiðslur úr sjóðnum eftir reglum, er það setur með reglugerð.

Fé það, sem á hverjum tíma er í verðjöfnunarsjóði, skal ávaxtað í banka á sérstökum reikningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hafa flutningar á olíu frá innflutningshöfnum við Faxaflóa út á land farið mjög vaxandi. Sérstaklega hafa flutningar til Austfjarða aukizt mikið í sambandi við auknar síldveiðar og síldarvinnslu í þeim landshluta. Jafnframt hefur sala á olíu til húsakyndinga í Reykjavík farið minnkandi vegna stækkunnar hitaveitunnar.

Tímabært virðist að stuðla að því, að komið verði á fót innflutningsgeymi eða geymum fyrir olíu á Austfjörðum og e. t. v. á Norðurlandi. Í frumvarpinu felst, að ráðherra geti ákveðið, að úr verðjöfnunarsjóði megi greiða fé til reksturs slíkra geyma um takmarkaðan tíma. Slíkar greiðslur ásamt flutningskostnaði til annarra útsölustaða mega þó aldrei vera hærri en það, sem greitt yrði fyrir flutning olíunnar á viðkomandi svæði frá innflutningshöfn við Faxaflóa samkvæmt gildandi reglum. Má gera ráð fyrir, að með þessu yrðu flutningarnir ódýrari, og aukið öryggi er samfara því að hafa birgðastöðvar á stærstu notkunarsvæðum.

Sþ. 497. Nefndarálit [117. mál]

um till. til þál. um athugun á samdrætti í iðnaði.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin ræddi tillöguna á nokkrum fundum, en varð ekki sammála um afgreiðslu hennar.

Minni hlutinn (EÁ, GíslG, RA) leggur til, að till. verði samþykkt, en undirritaðir telja rétt að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Umsagna var leitað hjá Félagi ísl. iðnrekenda, Iðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík, Iðju, félagi verksmiðjufólks á Akureyri, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Efnahagsstofnuninni.

Hinir fjórir fyrst töldu aðilar mæla með samþykkt till. En Efnahagsstofnunin telur ekki þörf á samþykkt hennar.

Fyrir liggur, að á síðustu árum hefur fyrir forgöngu ríkisstjórnarinnar verið unnið skipulega að athugunum og að lausn ýmissa þeirra vandamála, sem flutningsmenn till. telja að athugunar þurfi við. Má þar nefna setningu laga um eflingu iðnlánasjóðs, er samþykkt voru 25. marz 1963, og lög um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán, er samþykkt voru 4. maí 1964. Hefur iðnaðarmálaráðherra beitt sér fyrir því, að Seðlabanki Íslands hefði forgöngu um samstarf milli bankanna í sambandi við fyrirhugaða framkvæmd laganna á grundvelli reglugerðar, sem þar um yrði sett. Mun nú svo komið, að reglugerðin verði bráðlega gefin út og breyting lausaskuldanna í umsamin föst lán geti þá hafizt.

Upplýst er, að á árinu 1963 fól ríkisstjórnin norskum sérfræðingi, Arne Haarr, að athuga aðlöðunarvandamál íslenzks iðnaðar. Skýrsla hans mun birtast innan skamms. Þá mun framhaldsathugun vera í undirbúningi.

Iðnaðarmálaráðherra skipaði í september 1964 nefnd til athugunar á vandamálum veiðarfæraiðnaðarins í landinu. Einnig skipaði hann á því ári nefnd til athugunar á iðnrekstri í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem atvinna er ónóg.

Einnig má benda á, að á vegum ríkisstjórnarinnar er starfandi sérstök tollskrárnefnd, sem falið hefur verið að reikna út tollvernd iðnaðarins og meta áhrif þau, sem tollbreytingar kunna að hafa á iðnaðinn í landinu. Hefur fulltrúi í iðnaðarmálaráðuneytinu nýlega tekið sæti í nefndinni til þess sérstaklega að fjalla um þau tollamál, sem iðnaðinn varða. Alþingi hefur einnig nýlega afgreitt sem lög tollskrárbreytingu, sem felur í sér mjög verulega tollalækkun á iðnaðarvélum, úr 35% í 25% og 15%, enn fremur enn meiri tollalækkun á innfluttum dráttarbrautum til skipaviðgerða og skipasmíða og jafnframt gert ráð fyrir endurgreiðslum á tollum á efnivörum til smíði dráttarbrauta innanlands.

Af framanrituðu má ljóst vera, að vandamál iðnaðarins eru nú þegar í athugun hjá ýmsum aðilum fyrir forgöngu ríkisstjórnarinnar.

Fyrir því telja undirritaðir ekki þörf á samþykkt till., en leggja til, að **málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 14. apríl 1965.

Jón Þorsteinsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Sverrir Júlíusson, frsm.
	Pétur Sigurðsson.	

Ed. 498. Breytingartillögur [154. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Við 4. gr. Við greinina bætist:
   Styrkur fyrir þann úthaldstíma, sem skip hefur veitt fyrir innlendan markað, skal þó vera helmingi hærri en fyrir þann tíma, sem það hefur veitt fyrir erlendan markað.
2. Á eftir 4. gr. komi svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
   Ríkisstjórnin skal strax að lögum þessum samþykktum skipa 5 manna nefnd, sem geri tillögur til Alþingis um ráðstafanir til þess að koma togaraútgerð landsmanna á rekstrarhæfan grundvöll.

Ed. 499. Breytingartillaga [154. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá Karli Kristjánssyni og Ólafi Jóhannessyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Enn fremur leggur ríkissjóður fram á árinu 1965 10 millj. kr., er verja skal til að greiða vinnslustöðvum, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu, vinnsluuppbætur á smáfisk, á tilteknar fisktegundir og á fisk veiddan á vissum tímum árs eftir reglum, sem ráðuneytið setur, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna.

Ed. **500. Frumvarp til laga** [186. mál]

um Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

I. KAFLI
Tilgangur, námstími og réttindi.

1. gr.

Húsmæðrakennaraskóli Íslands skal búa nemendur sína undir kennslu í hússtjórnarfræðum í barna- og framhaldsskólum og önnur hliðstæð störf, svo og undir framhaldsnám við búsýsluháskóla.

2. gr.

Húsmæðrakennaraskóli Íslands er þriggja ára skóli, sem endar með húsmæðrakennaraprófi og veitir kennararéttindi, eins og segir í 1. gr., og samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Húsmæðrakennaraskólinn heldur námskeið fyrir starfandi kennara, þegar henta þykir og fé er fyrir hendi. Heimilt er að halda námskeið fyrir hjúkrunarnema og fóstrur, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er að starfrækja ráðskonudeild, þegar svo er ákveðið og aðstæður eru fyrir hendi. Ráðskonudeildin býr nemendur m. a. undir ráðskonustörf við heimavistarskóla, sjúkrahús og aðrar opinberar stofnanir. Semja skal sérstaka reglugerð fyrir þessa deild, þar sem kveða má á um sérstök inntökuskilyrði, námsefni, réttindi o. fl.

3. gr.

Námstími Húsmæðrakennaraskóla Íslands skal vera 8—9 mánuðir ár hvert, auk 3½ mánaðar sumarnámskeiðs, þar sem aðaláherzlan er lögð á garðrækt.

II. KAFLI
Inntökuskilyrði, námsgreinar, próf.

4. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandinn hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið eða geri hann óhæfan til kennslustarfa.
2. að nemandinn sé óspilltur að siðferði.

Lágmarksaldur til inntöku skal ákveða í reglugerð.

5. gr.

Rétt til inngöngu í Húsmæðrakennaraskóla Íslands veitir:

1. Landspróf miðskóla með þeirri lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.
2. Fullgilt gagnfræðapróf með lágmarkseinkunn í nokkrum aðalgreinum, sem reglugerð ákveður, enda gangi gagnfræðingar undir viðbótarpróf í einstökum greinum, ef þörf krefur, svo að tryggt sé, að þeir hafi lokið námi, sem samsvarar námi til landsprófs miðskóla.

Æskilegt er, að nemendur hafi lokið námi í undirbúningsdeild sérnáms við Kennaraskóla Íslands, og skulu sett nánari ákvæði í reglugerð um slíka nemendur, ef þurfa þykir.

Til viðbótar þurfa umsækjendur að hafa lokið námi í fullgildum húsmæðraskóla.

Nú sækja ekki nægilega margir um skólavist með þeirri undirbúningsmenntun, sem um getur í 1. og 2. tölulið, skal þá gefa umsækjendum kost á að þreyta inn-

tökupróf, hliðstætt landsprófi, í eftirtöldum greinum: íslenzku, reikningi, dönsku og eðlisfræði. Lágmarkseinkunn í einstökum greinum skal ákveðin í reglugerð.

6. gr.

Í Húsmæðrakennaraskóla Íslands skal kenna þessar námsgreinar:

a) Íslenzku og íslenzkar bókmenntir, reikning.
b) Sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði, kennsluæfingar, raddbeitingu og framsögn, háttvísi.
c) Næringarefnafræði, vöruþekkingu, fæðuefnareikning, lífræna efnafræði, matreiðslufræði, matargerð, tilraunamatreiðslu og sjúkramatreiðslu.
d) Eðlisfræði, efnafræði, gerlafræði, líffærafræði, lífeðlisfræði, grasafræði, garðyrkju.
e) Ræstingu, þvott, hreinsun, veftafræði (textílfræði) og meðferð líns og fatnaðar, þvottafræði, áhaldafræði, vinnuhagfræði og híbýlafræði.
f) Heimilishagfræði, almenna hagfræði, félagsfræði, fjölskyldufræði, heilsufræði og meðferð ungbarna, hjálp í viðlögum, hjúkrun í heimahúsum.
g) Bókasafnsfræði, töfluskrift.

Heimilt er að fjölga eða fækka námsgreinum, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

7. gr.

Stefnt skal að því, að kennsluæfingar fari fram í sérstökum æfingastofum í skólanum sjálfum. Skylt er gagnfræðastigsskólum þeim, sem menntamálaráðuneyti ákveður, að fengnum tillögum skólastjóra Húsmæðrakennaraskóla Íslands, að taka við nemendum skólans til æfingakennslu. Skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands skal hafa samráð um þetta við skólastjóra viðkomandi skóla. Þóknun fyrir æfingakennslu, sem fer fram utan skólans, skal ákveðin af ráðuneyti.

8. gr.

Heimilt er skólastjóra að ákveða skyndipróf í einstökum greinum hvenær sem er á námstímanum. Kennarar skulu gefa vetrareinkunn hver í sinni grein, og gildir hún til jafns við prófeinkunn, þegar reiknuð er út aðaleinkunn. Í reglugerð skal ákveða nánar prófgreinar, próftíma, lágmarkseinkunnir, skiptingu fullnaðarprófs á námstímabil og annað, er að prófum lýtur.

9. gr.

Við fullnaðarpróf í hverri grein skulu prófdómendur skipaðir af menntamálaráðuneyti, að fengnum tillögum skólastjóra.

III. KAFLI

Skólastjórn og kennarar.

10. gr.

Menntamálaráðuneyti fer með yfirstjórn skólans. Fimm manna skólanefnd, kosin til fjögurra ára í senn, skal þannig skipuð: Kennarafélagið Hússtjórn tilnefnir tvo fulltrúa, Kvenfélagasamband Íslands tilnefnir tvo, en menntamálaráðuneyti skipar formann.

Skólastjóri boðar til kennarafunda, svo oft sem þörf krefur eða meiri hluti fastra kennara óskar þess. Kennarafundur skal vera ráðgefandi í meiri háttar málum, er varða skólastarfið.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum, er þar um gilda.

Menntamálaráðuneyti skipar skólastjóra, að fengnum tillögum skólanefndar. Það skipar einnig kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Ráðuneyti skipar yfirkennara, ef þurfa þykir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

11. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum. Enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ástæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

12. gr.

Þá eina má setja skólastjóra og kennara við Húsmæðrakennaraskóla Íslands, sem hafa lokið fullnaðarprófi frá honum eða hafa kennarapróf frá hliðstæðum kennaraskólum erlendum. Þeir kennarar, sem stundað hafa framhaldsnám í húsmæðrafræðslu, sitji að öðru jöfnu fyrir um stöður við skólann. Vinna ber að því að fá að skólanum kennara með kandidatsprófi frá Norræna búsýsluháskólanum eða sambærilegum háskólum. Til þess að fá skipun í stöðu við skólann þurfa kennarar til viðbótar húsmæðrakennaraprófi að hafa stundað framhaldsnám, sem menntamálaráðuneyti metur gilt á hverjum tíma.

Skólastjóri ræður sérfræðinga til stundakennslu.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.

Stofn- og rekstrarkostnaður Húsmæðrakennaraskóla Íslands greiðist úr ríkissjóði. Menntamálaráðuneyti setur reglugerð um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Menntamálaráðuneyti setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

15. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn V. kafli laga nr. 16 frá 12. marz 1947, um menntun kennara, enn fremur þau atriði í VII. kafla þeirra laga, svo og önnur ákvæði í lögum, sem koma í bága við þessi lög.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 8. maí 1962 skipaði menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, nefnd til þess að semja nýja reglugerð fyrir Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Vigdís Jónsdóttir, skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands, var skipuð formaður nefndarinnar, en með henni í nefndina voru skipuð Halldóra Eggertsdóttir, námsstjóri húsmæðrafræðslu, og Knútur Hallsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu.

Núgildandi reglugerð er nr. 47 frá 11. maí 1942, en um skólann gilda lög um menntun kennara nr. 16 frá 12. marz 1947, en VI. kafli þeirra laga fjallar um húsmæðrakennaraskóla.

Nefndin hafði nokkra hríð starfað, er hún komst að raun um, að eigi mundi unnt að semja skólanum viðhlítandi reglugerð, nema lögunum um skólann yrði breytt og þau endursamin í veigamiklum atriðum. Ráðherra féllst á þessa skoðun nefndarinnar, og hinn 25. marz 1963 fól hann nefndinni að semja frumvarp til nýrra laga um skólann.

Nefndin hefur kynnt sér fyrirkomulag húsmæðrakennaramenntunar á Norðurlöndum, enda telur hún, að þangað sé helzt að sækja fyrirmyndir, sem eru við okkar hæfi. Húsmæðrakennaramenntun á Íslandi hefur ávallt verið svipuð húsmæðra-

kennaramenntun á Norðurlöndum. Inntökuskilyrði, fjöldi námsgreina og námstími hefur verið mjög áþekkur. Árið 1960 voru í Danmörku samþykkt ný lög um menntun húsmæðrakennara og námið lengt í þrjú ár. Það sama var gert í Svíþjóð 1961. Í Noregi og Finnlandi er enn verið að vinna að breytingum á námsskránni, en útlit er fyrir, að ekki verði minni kröfur gerðar til húsmæðrakennaranámsins þar en í Danmörku og Svíþjóð. Við samning þessa frumvarps hafa lög og reglugerðir um húsmæðrakennaramenntun í Danmörku og Svíþjóð aðallega verið hafðar til hliðsjónar.

Fyrstu ákveðnu tillögurnar um húsmæðrakennaraskóla á Íslandi komu frá nefnd, er skipuð var af Búnaðarfélagi Íslands árið 1927 til þess að gera tillögur um framtíðarskipulag húsmæðrafræðslunnar í landinu. Í nefndinni voru Guðrún J. Briem, Ragnhildur Pétursdóttir og Sigurður Sigurðsson, fyrrverandi búnaðarmálastjóri. Kvenfélagasamband Íslands lét og málið til sín taka og stóð að samning frumvarps til laga um stofnun húsmæðrakennaraskóla árið 1935. Þetta frumvarp var flutt á Alþingi, en náði ekki fram að ganga. Árið 1937 gekkst Helga Sigurðardóttir fyrir stofnun Kennarafélagsins Hússtjórn. Stofnendur voru 9 konur, sem gengið höfðu á erlenda húsmæðrakennaraskóla. Eitt af aðalstefnumálum félagsins var að koma á fót húsmæðrakennaraskóla. Á fundi félagsins í febrúar 1941 voru þær Helga Sigurðardóttir, Ólöf Jónsdóttir og Soffía J. Claessen kosnar til þess að gera uppkast að reglugerð fyrir húsmæðrakennaraskóla. Kennarafélagið Hússtjórn sendi síðan Alþingi reglugerðaruppkastið ásamt kostnaðaráætlun um rekstur og stofnkostnað með áskorun um að veita þá þegar fé til stofnunar húsmæðrakennaraskóla. Varð Alþingi við þessari áskorun, enda var málið orðið þá mjög aðkallandi, því að heimsstyrjöldin lokaði leiðum til Norðurlanda, en þangað höfðu húsmæðrakennarar sótt menntun sína. Var sýnt, að skortur á húsmæðrakennurum mundi brátt há starfsemi húsmæðraskólanna og skólaeldhúsanna, ef ekkert væri að gert.

Húsmæðrakennaraskóli Íslands tók til starfa hinn 6. október 1942 samkvæmt heimild í l. nr. 65 frá 27. júní 1941, um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, og lögum nr. 60 frá 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, og áðurnefndri reglugerð nr. 47/1942, fyrir Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Fyrsti skólastjóri skólans var Helga heitin Sigurðardóttir, en frá árinu 1961 hefur Vigdís Jónsdóttir, áður skólastjóri Húsmæðraskólans að Varmalandi í Borgarfirði, verið skólastjóri hans. Skólinn var fyrst til húsa í kjallara háskólabyggingarinnar. Á árunum 1956—58 starfaði skólinn ekki sökum skorts á hæfu húsnæði, en frá því árið 1958 hefur hann verið til húsa í fyrrverandi rektorsbústað Menntaskólans í Reykjavík að Háuhlíð 9. Skólinn starfar annað hvort sumar að Laugarvatni. Fyrsti formaður skólanefndar skólans var Ólöf Jónsdóttir, húsmæðrakennari, en frá árinu 1950 hefur Karitas Sigurðsson, húsfrú, verið formaður hennar. Auk skólastjóra starfa nú við skólann 2 fastakennarar og 7 stundakennarar. Skólinn hefur frá því hann tók til starfa útskrifað 118 nemendur, en skólaárið 1964—65 eru nemendurnir 13.

Meginbreytingar þær frá gildandi lagaákvæðum, sem frumvarp þetta felur í sér, eru:

1) Starfstími skólans er lengdur úr tveimur og hálfu ári í þrjú og hálft ár.
2) Inntökuskilyrðum í skólann er breytt með hliðsjón af núgildandi inntökuskilyrðum í Kennaraskóla Íslands.
3) Námsgreinum hefur verið fjölgað.
4) Í frv. eru ýmis fyllri ákvæði um skólann og skólastarfið en eru í núgildandi lögum, og mun nánar að því vikið í aths. við einstakar greinar frumvarpsins.

Fræðslumálastjóri og skólanefnd skólans hafa fjallað um efni frumvarps þessa.

Athugasemdir við einstakar greinar:

Um 1. gr.

Höfuðhlutverk Húsmæðrakennaraskólans hefur verið og verður áfram að mennta og brautskrá húsmæðrakennara til kennslustarfa í barna- og gagnfræðaskólum, hús-

mæðraskólum og öðrum framhaldsskólum, svo og að búa nemendur sína undir skyld störf, svo sem leiðbeinenda- og ráðunautastörf hjá félagasamböndum og öðrum aðilum, er láta sig skipulagða húsmæðrafræðslu skipta að nokkru marki.

Það er nýmæli í greininni, að skólanum er ætlað að búa nemendur sína undir framhaldsnám í búsýsluháskólum, sbr. aths. við 2. gr., svo og að sjálfsögðu undir nám við aðra skóla, er veita framhaldsnám í húsmæðrafræðum.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari gr. verður skólinn þriggja og hálfs árs skóli, en samkvæmt núgildandi lögum er námstíminn tvö og hálft ár. Er m. a. talið nauðsynlegt að lengja skólanámið til samræmis við námstímalengd húsmæðrakennaraskóla á Norðurlöndum, einkum til þess að auðvelda ísl. húsmæðrakennurum aðgang að Norræna búsýsluháskólanum, sem nýlega hefur verið stofnaður.

Þá er og talið nauðsynlegt að lengja námstímann til samræmis við þá breytingu, að nú er eigi krafizt almenns kennaraprófs til inngöngu í skólann, en almennu kennaranámi er lokið eftir fjögurra ára nám. Stöðugt eru gerðar auknar kröfur til aukinnar menntunar kennara. Námsefni Húsmæðrakennaraskóla Íslands hefur svo að segja aukizt ár frá ári, þótt reglugerðin hafi verið óbreytt. Reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegt námsefni í húsmæðrakennaraskóla er svo yfirgripsmikið, að náminu verður ekki með góðu móti lokið á tveimur og hálfu ári.

Ákvæði um heimild til að halda námskeið fyrir starfandi kennara og fóstrur er óbreytt frá núgildandi lögum að efni til, en heimild til námskeiða fyrir hjúkrunarnema er nýmæli. Í framkvæmdinni hefur þessu verið þannig háttað, að matreiðslunámskeið hafa verið haldin fyrir hjúkrunarnema, en ekki fóstrur.

Í núgildandi lögum er eitt af markmiðum skólans talið það að búa nemendur undir ráðskonustörf við heimavistarskóla og aðrar hliðstæðar stofnanir. Í reyndinni hefur ráðskonudeild aldrei starfað við skólann. Þótti því raunhæfara í þessu frv., að ákvæði um rekstur ráðskonudeildar væri heimildarákvæði, og verði sett sérstök reglugerð um þessa deild.

Í núgildandi lögum segir, að námstími húsmæðraskólakennara skuli vera tvö ár hið minnsta, en gagnfræðastigskennara og ráðskvenna eitt ár. Í reyndinni hefur nám bæði húsmæðraskólakennara og húsmæðrakennara gagnfræðastigs verið tvö ár.

Um 3. gr.

Árlegur starfstími þarf að vera langur til þess, að hægt sé að koma af hinu umfangsmikla námsefni. Þess ber og að gæta, að mörg húsmóðurstörf eru árstíðabundin, svo að nauðsynlegt er, að skólinn starfi mikinn hluta árs.

Í núgildandi lögum segir, að skólinn skuli hafa aðstöðu til þess búreksturs, sem nauðsynlegur sé vegna námsins. Í framkvæmd hefur þessu ákvæði verið fullnægt þannig, að skólinn hefur starfað annað hvort sumar að Laugarvatni í húsakynnum Húsmæðraskóla Suðurlands.

Á Laugarvatni kynnast nemendur stjórn og starfi heimavistarskóla, læra garðyrkju, nýtingu grænmetis og búsafurða o. fl. Þykir nauðsynlegt, að haldið verði áfram þessum þætti í starfsemi skólans.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að ekki þótti rétt að lögbinda lágmarksaldur, en í núgildandi lögum er hann 21 ár. Landspróf miðskóla að viðbættu húsmæðraskólanámi veitir skv. frv. rétt til inngöngu í Húsmæðrakennaraskólann, en landsprófi er almennt lokið um 16 ára aldur.

Um 5. gr.

Í núgildandi lögum eru hin sérstöku inntökuskilyrði í skólann þau, að nemendur hafi lokið almennu kennaraprófi eða hlotið hliðstæða menntun að dómi fræðslu-

málastjórnar. Enn fremur skulu þeir hafa stundað fjögurra mánaða nám í húsmæðraskóla og unnið að minnsta kosti 12 mánuði samtals að heimilisstörfum í kaupstað eða sveit. Í framkvæmd hefur skilyrðinu um almennt kennarapróf sjaldnast verið fylgt, þótt lagaheimild til undanþágu skorti. Hefur nauðsyn brotið lög, þar sem ekki hefur verið kostur nægra umsækjenda með almennu kennaraprófi.

Varðandi inntökuskilyrðin ber núgildandi lögum og reglugerð ekki saman. Ekki þótti fært að gera það að inntökuskilyrði, að nemendur hefðu unnið um tíma við heimilisstörf.

Í frv. er gert ráð fyrir sömu inntökuskilyrðum í Húsmæðrakennaraskólann og í hina almennu kennaradeild Kennaraskóla Íslands. Ströng skilyrði eru sett fyrir undanþágum frá þessu ákvæði.

Í l. nr. 23/1963, um Kennaraskóla Íslands, er gert ráð fyrir, að „undirbúningsdeild sérnáms" starfi við þann skóla, „tveggja ára nám, sem býr nemendur undir kennaranám í sérgreinum, svo sem handavinnu, íþróttum, tónlist, teikningu, húsmæðrafræðslu og önnur uppeldisstörf, hvort heldur sérnámið fer fram í Kennaraskólanum eða annars staðar." Nefndin kannaði vandlega, hvort unnt væri á þessu stigi að krefjast þess af umsækjendum um skólavist, að þeir hefðu lokið námi frá þessari undirbúningsdeild. Að athuguðu máli var það talið ókleift að sinni. Inntökuskilyrði í undirbúningsdeildina eru í aðalatriðum þau sömu og í Húsmæðrakennaraskólann. Þegar frá er talið landspróf eða fullgilt gagnfræðapróf, er skv. þessu frv. krafizt húsmæðraskólanáms af nemendum Húsmæðrakennaraskólans, en fullgildir húsmæðraskólar starfa nú 8—9 mánuði eins og velflestir aðrir skólar, auk hins eiginlega þriggja og hálfs árs náms í skólanum sjálfum. Ef við þetta bættist tveggja ára nám í undirbúningsdeild, yrði námstími húsmæðrakennaranema rúmum tveim árum lengri en almennra kennaranema, og veitir þó próf hinna fyrrnefndu takmarkaðri réttindi. Auk þess hefur komið í ljós í viðræðum nefndarinnar við skólastjóra Kennaraskólans, dr. Brodda Jóhannesson, að undirbúningsdeildin er enn á tilraunastigi og óráðið, hvernig námsefni og öðru fyrirkomulagi hennar verði háttað. Kostir deildarinnar virðast fræðilega einkum vera þeir, að sérgreinakennarar mundu væntanlega öðlast þar allvandlegan almennan undirbúning undir kennarastörf og réttindi til að kenna nokkru fleiri námsgreinar en sérgrein sína eina, en bæði mundi slíkt auka möguleika á tilbreytingu í starfi og fullnægja betur kennaraþörf ýmissa skóla í dreifbýli. Nefndin treystir sér ekki til að mæla með, að nám í undirbúningsdeildinni verði gert að skilyrði fyrir inngöngu í skólann, en með því að ákveða í frv., að heimilt skuli vera í reglugerð að setja nánari ákvæði um þetta efni, er haldið opinni leið til þess að tengja skólann og undirbúningsdeildina með einhverjum hætti, eftir því sem fært kann að þykja.

Um 6. gr.

Nokkuð hefur verið vikið frá því námsefni, sem upp er talið í reglugerð skólans, og því breytt í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur þau 22 ár, sem skólinn hefur starfað samkvæmt henni. Við upptalningu námsgreina í frv. eru taldar þær námsgreinar, sem gert er ráð fyrir, að kenndar verði í þriggja og hálfs árs skóla. Heimild er í frumvarpinu til þess að fjölga eða fækka námsgreinum.

Til viðbótar þeim námsgreinum, sem nú eru kenndar, þykir nauðsynlegt að bæta við eftirfarandi. Kennslufræði bóklegri, raddbeitingu og framsögu, bókasafnsfræði, tilraunamatreiðslu, gerlafræði, lífeðlisfræði, veftafræði (textílfræði), almennri hagfræði, félagsfræði, fjölskyldufræði, töfluskrift. Þar að auki er gert ráð fyrir að auka kennslu, frá því sem nú er, í nokkrum af þeim námsgreinum, er kenndar hafa verið.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Samkvæmt frv. skal skólanefnd skipuð á sama hátt og áður, að öðru leyti en því, að skólanefndarmönnum er fjölgað úr þremur í fimm. Skólanefnd er einkum ætlað að vera skólastjóra til trausts og halds og ráðuneytis og þykir því heppilegt að fjölga nefndarmönnum lítillega.

Markað er starfssvið kennarafunda. Þykir eðlilegt, að stjórn skólans sé á ábyrgð skólastjóra, en kennarafundir séu einungis ráðgefandi í meiri háttar málum.

Hagkvæmt þykir, að heimilt verði að skipa einn af fastakennurum skólans yfirkennara, er geti verið staðgengill skólastjórans og honum til aðstoðar við skólastjórn. Þykir það hagfelldara en að fastir kennarar skuli verða yfirkennarar, er þeir hafa kennt í 16 ár, eins og ákveðið er í lögum um menntaskóla og Kennaraskólann. Hugsa mætti sér, að yfirkennari væri t. d. einum launaflokki hærri en aðrir fastir kennarar.

Um 11. gr.

Þetta er sams konar ákvæði og í lögum um Kennaraskólann.

Um 12. gr.

Í lögum nr. 16/1947, um menntun kennara, eru þessi skilyrði sett fyrir skipun í skólastjóra- og kennarastöðu við Húsmæðrakennaraskóla Íslands: almenn kennaramenntun eða stúdentsmenntun að viðbættu háskólanámi í uppeldis- og kennslufræðum, sem fræðslumálastjórn metur gilda, og að hafa kennt tvö til þrjú ár og hlotið meðmæli hlutaðeigandi skólastjóra.

Fram að þessu hefur ekki verið um að ræða neitt framhaldsnám í sérgreinum fyrir húsmæðrakennara, að undanskildum 6 mánaða námskeiðum við Árósarháskóla. Húsmæðrakennaranám í Bandaríkjunum er það ólíkt okkar námi, að vafasamt er, hvort hægt sé að telja, að þar geti verið um að ræða framhaldsmenntun fyrir húsmæðrakennara aðra en þá, sem stundað hafa nám sitt vestra. Með stofnun Norræna búsýsluháskólans breytist þetta viðhorf algerlega.

Í þessari frumvarpsgrein er stefnt að því að tryggja skólanum kennslulið, er hafi til að bera hagnýta undirbúningsmenntun og beztu sérmenntun undir starf við húsmæðrakennaraskóla, sem kostur er.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 501. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58/1946, um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess. Þó telur nefndin rétt að gera á því nokkrar breytingar. Rétt þykir að ákveða staðsetningu Vestfjarðaskólans á Ísafirði samkvæmt óskum Vestfjarðaþingmanna og taka skýrt

fram, að hugsanlegur skóli í nágrenni Reykjavíkur þurfi ekki að vera heimavistarskóli. Loks þykir ekki ástæða til að taka fram um þrjá menntaskólanna, að þeir skuli reistir, þegar fé er til þeirra veitt á fjárlögum. Þar sem menntamálaráðherra hefur þegar skýrt þinginu svo frá, að ríkisstjórnin hyggist gera tillögur um fjárveitingar til þessara skóla í fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár, þykir ekki þörf að nefna þetta atriði sérstaklega í lögunum.

Frv. þetta er sama efnis og þrjú önnur frv. um menntaskóla, sem til n. hefur verið vísað. N. telur þau frv. efnislega afgreidd með þessu frv.

Menntamálanefnd leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. frv. orðist svo:

1. gr. laga nr. 58/1946 orðist svo:

Menntaskólar skulu vera sex, tveir í Reykjavík, einn á Akureyri, einn á Laugarvatni, einn á Ísafirði og einn á Austurlandi. Heimilt er að stofna fleiri menntaskóla í Reykjavík eða nágrenni.

Menntaskólar utan Reykjavíkur eða nágrennis skulu vera heimavistarskólar. Heimilt er að koma framangreindum skólum á fót í áföngum, bæði að því er varðar kennslu og byggingu húsnæðis fyrir þá.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að koma á fót kennslu í námsefni fyrsta bekkjar menntaskóla við gagnfræðaskóla, þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði gera slíka ráðstöfun eðlilega og framkvæmanlega.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði, svo og kostnaður við menntaskóladeildir, er komið kann að verða á fót við gagnfræðaskóla samkvæmt heimild þessarar lagagreinar.

Alþingi, 21. apríl 1965.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Gunnar Gíslason, fundaskr. Einar Olgeirsson. Sigurvin Einarsson.
Björn Fr. Björnsson. Davíð Ólafsson. Einar Ingimundarson.

Nd. 502. Breytingartillaga [163. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 1963, um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við frv. bætist ný grein, sem verður 2. gr.:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 503. Frumvarp til laga [187. mál]

um lausn kjaradeilu atvinnuflugmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Verkfall það, sem Félag íslenzkra atvinnuflugmanna boðaði til frá og með 3. apríl 1965, er óheimilt frá gildistöku laga þessara að telja.

2. gr.

Hæstiréttur tilnefnir þrjá menn í gerðardóm, sem ákveði kjör flugmanna á flugvélum, af gerðinni Rolls Royce — 400. Hæstiréttur kveður á um, hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.

Gerðardómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfsdáðum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af þeim, sem dómurinn ákveður.

3. gr.

Gerðardómurinn skal við ákvörðun launa, vinnutíma og annarra starfskjara, hafa hliðsjón af kjörum annarra sambærilegra launþega hér á landi.

4. gr.

Verkföll í því skyni að knýja fram aðra skipan en lög þessi ákveða, eru óheimil.

5. gr.

Ákvarðanir gerðardóms, samkvæmt 2. gr., skulu gilda frá gildistöku laga þessara til 1. febrúar 1966.

6. gr.

Kostnaður við gerðardóminn, þar á meðal laun gerðardómsmanna, eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá því 4. apríl 1965 hefur allt millilandaflug á hinum nýju millilandaflugvélum Loftleiða h/f, af gerðinni Rolls Royce — 400, stöðvazt, vegna vinnustöðvunar, sem Félag íslenzkra atvinnuflugmanna boðaði til frá og með 3. s. m., til að knýja fram miklar kjarabætur til handa flugmönnum á umræddum flugvélum.

Þrátt fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins hefur samkomulag ekki náðst og virðist ljóst að samningar muni vart takast í bráð.

Stöðvun á rekstri hinna nýju flugvéla veldur tilfinnanlegum truflunum á rekstri Loftleiða h/f. og mun spilla því áliti, sem félagið hefur unnið sér á alþjóðavettvangi og stefna framtíð þess í voða, ef ekkert er að gert.

Það verður því að teljast þjóðarnauðsyn, að komið sé í veg fyrir frekari stöðvun umræddra flugvéla.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að verkfallið verði stöðvað og þriggja manna gerðardómi, tilnefndum af Hæstarétti, falið að ákveða kjör flugmanna á flugvélum af gerðinni Rolls Royce — 400.

Lagt er til, að ef frv. verður að lögum, gildi ákvarðanir gerðardómsins frá gildistöku laganna, til 1. febrúar 1966, en þá renna út kjarasamningar flugmanna á öðrum íslenzkum flugvélum en Rolls Royce — 400.

Sþ. 504. Nefndarálit [20. mál]

um till. til þál. um tæknistofnun sjávarútvegsins.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft tillögu þessa til meðferðar og leitað umsagnar margra aðila, en ekki hefur orðið um það samkomulag, hvaða afgreiðslu hún skuli hljóta. Meiri hlutinn vill vísa henni á bug með rökstuddri dagskrá á þeim forsendum, að fyrir Alþingi liggi nú frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og í því frumvarpi sé ráð fyrir því gert, að hafrannsóknarstofnunin hafi með höndum þau verkefni, sem þingsályktunartillagan fjallar um. Sé því eðlilegast, að flutningsmaður komi máli sínu fram með því að flytja breytingartillögu við það frumvarp.

Undirritaðir nefndarmenn, er orðið hafa í minni hluta í nefndinni, geta ekki fallizt á þessa afgreiðslu tillögunnar. Rannsóknir þær, sem till. fjallar um, þ. e. rannsóknir á veiðiaðferðum og veiðarfærum og hagkvæmustu gerð fiskiskipa, hafa enn ekki verið skipulagðar svo sem vera þyrfti hér á landi. Á sama tíma og unnið hefur verið ágætt starf við fiskileit og hafrannsóknir á vegum atvinnudeildar háskólans og einnig við rannsóknir á hráefnum og framleiðslu fiskiðnaðarins á vegum Fiskifélagsins hefur lítt verið sinnt rannsóknum í þágu **veiðitækninnar.** Á þessu verður að ráða bót, svo fljótt sem verða má, en hætt er við, að þessu mikilvæga verkefni verði ekki gerð viðhlítandi skil, nema sérstök rannsóknarstofnun fái það til meðferðar.

Það er rétt, að fyrir Alþingi liggur nú frumvarp um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Mörg ár eru nú liðin, síðan þetta merka frumvarp var undirbúið af nefnd. Fyrst lá hæstvirt ríkisstjórn á því um nokkurt skeið, en lagði það að lokum fyrir Alþingi á síðastliðnum vetri. Þar dagaði frumvarpið uppi, en í vetur var það flutt á ný. Því miður er allt í óvissu um það, hvort frumvarpið verði afgreitt á þessu þingi.

Hér er um svo mikilvægt mál að ræða, að ekki má tefjast, að hafinn sé undirbúningur að framkvæmd þess, enda þótt nokkuð dragist á langinn að afgreiða heildarlöggjöf um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Virðist því gæfulegast, að Alþingi samþykki nú þegar viljayfirlýsingu um stofnun sérstakrar rannsóknardeildar í þágu sjávarútvegsins. Þegar þar að kemur, má svo fella ákvæðin um tæknistofnun sjávarútvegsins inn í heildarlöggjöfina. Við leggjum sem sagt til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. apríl 1965.

Ragnar Arnalds, frsm. Gísli Guðmundsson. Einar Ágústsson.

Nd. 505. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur haft mál þetta til meðferðar um skeið. Ekki varð samkomulag um endanlega afgreiðslu þess. Minni hl. leggur til, að gerðar verði tvær meginbreytingar á frv. og nokkrar aðrar minni háttar breytingar, sem nánast leiðir af hinum tveim. Breytingartill. eru á sérstöku þingskjali nr. 506.

Á þingi 1962—1963 báru fjórir framsóknarmenn fram þingsályktunartillögu í sameinuðu þingi um endurskoðun laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Tillagan hlaut eigi afgreiðslu þá. Á þinginu 1963—1964 kom fram sams konar tillaga frá sömu þingmönnum. Tillagan var svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að endurskoða lög nr. 63 28. nóv. 1919, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, svo og lagaákvæði um atvinnurekstrarréttindi útlendinga hér á landi. Störfum nefndarinnar skal hraðað svo, að tillögur hennar geti legið fyrir næsta reglulegu Alþingi."

Úrslit málsins urðu nú þau, að því var vísað til ríkisstjórnarinnar.

Dómsmálaráðuneytið hefur síðan haft forgöngu um athugun á málinu og fengið til aðstoðar sérfræðinga. Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur svo dómsmálaráðherra lagt fram það frv., sem hér liggur fyrir, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Um nauðsyn ákveðnari og strangari lagaákvæða í þessu efni eru flestir samdóma. Núgildandi löggjöf frá árinu 1919 er byggð á þeirri grundvallarreglu, að heimilisfastir aðilar geti án sérstaks leyfis öðlazt eignarrétt og afnota að fasteignum hér á landi, en engin krafa gerð um þegnrétt eða búsetu tiltekið tímabil. Heimilisfesti er nægileg einstökum manni, hvort sem hann er íslenzkur eða útlendur, til þess að geta hlotið eignarrétt eða afnota að fasteignum. Svipuðu máli gegnir um félög eða stofnanir. Fullnægi aðili ekki þessu skilyrði, svo rúmt sem það er, getur ráðuneytið samt veitt honum leyfi til eignar- og afnotaréttinda. Að því er bezt verður séð, er þessi heimild ráðuneytisins til undanþáguveitingar nær ótakmörkuð.

Af þessu er ljóst, að lögin frá 1919 eru engan veginn sú vörn gegn hugsanlegri ásælni af hálfu erlendra aðila til fasteignaréttinda og afnota hér á landi, sem telja verður nauðsynlega. Fram til þessa tíma hefur að vísu eigi, svo að vitað sé, komið til teljandi ásóknar í þessu efni. En breyttar aðstæður, aukin hvers konar viðskipti okkar við aðrar þjóðir og aukinn kunnleiki útlendinga á landsgæðum hér og margvíslegri hagnýtri aðstöðu getur hæglega og fyrr en varir snúið öllu viðhorfi. Er því að okkar dómi brýnni nauðsyn en áður að skapa sem öruggast aðhald og setja strangar og svo afdráttarlausar réttarreglur um fasteignaréttindi útlendinga hér sem auðið er.

Í frv. þessu eru með nokkurri hliðsjón af því, sem hér hefur lauslega verið drepið á, gerðar breytingar á núgildandi löggjöf frá 1919.

Í fyrsta lagi er krafizt íslenzks ríkisfangs í stað heimilisfangs sem skilyrðis fyrir því að öðlast réttindi yfir fasteignum. Þessi breyting er eðlileg og sjálfsögð, enda í samræmi við sams konar löggjöf hinna Norðurlandaþjóðanna flestra.

Í öðru lagi er í frv. ákveðið, að meiri hluti hlutafjár, þegar um hlutafélög ræðir, skuli vera í eign íslenzkra ríkisborgara og íslenzkir ríkisborgarar fara með meiri hluta atkvæða á hluthafafundum.

Hér sýnist okkur undirrituðum vera of skammt gengið að því er varðar skorður við hlutafjáreign erlendra aðila. Við teljum tvímælalaust rétt að kveða svo á, að íslenzkir ríkisborgarar eigi a. m. k. ¾ hlutafjár og fari með minnst ⅗ atkvæða á hluthafafundum.

Samkvæmt því, sem upplýst er um réttarstöðu útlendinga á Norðurlöndum að því er varðar sams konar efni, kemur þetta m. a. í ljós:

Í Danmörku virðast reglurnar vera nokkuð rúmar og ekki ósvipaðar núgildandi réttarreglum okkar.

Í Noregi er það skilyrði, þegar hlutafélag á hlut að, að ⅔ hlutafjár sé norskt og stjórn félagsins öll norsk.

Í Finnlandi er það skilyrði, að eigi minna en ⅘ hlutafjár sé eign finnskra ríkisborgara og ⅘ atkvæða á hluthafafundum sé á hendi finnskra ríkisborgara.

Í Svíþjóð er skilyrðið, að minna en ýmist ⅖ eða ⅕ hlutafjár eða atkvæðamagns megi vera í höndum útlendinga.

Þegar litið er til þessara lagaákvæða frændþjóða okkar og eigi síður vegna nauðsynlegrar varðstöðu af hálfu okkar Íslendinga um fasteignaréttindi útlendinga hér á landi, sýnist skilyrðið um ¾ hlutafjáreignar íslenzkra ríkisborgara og

⅔ hluta atkvæða á hendi íslenzkra ríkisborgara eðlilegt mark. Þess vegna flytjum við brtt. þessa efnis við síðari málslið 4. töluliðar 1. gr. frv.

Þá höfum við getið þeirra meginbreytinga, sem frv. gerir á núgildandi lögum um fasteignaréttindi.

Eins og áður er vikið að, virðist ráðherra í sjálfsvald sett um leyfisveitingar, ef þau skilyrði, sem lögin annars setja, eru eigi fyrir hendi. Ekki er talið, að slíkt hafi fram að þessu komið að sök.

Frv. gerir ekki ráð fyrir neinni breytingu að þessu leyti. Ráðherra hafi framvegis sem hingað til heimild á hendi að veita undanþágur frá öllum skilyrðum, sem talin eru upp í 1. gr. frv., 1.—4. tölul., ríkisborgaraskilyrðinu, skilyrðinu um hámarkshlutafjáreign útlendinga o. s. frv.

Þessa óheftu heimild ráðherra til undanþáguveitinga teljum við fráleita. Löggjafinn hlýtur að leggja á það þunga áherzlu, að skilyrðin, svo þýðingarmikil sem þau eru, séu fyrir hendi og framkvæmdarvaldinu að því leyti sé markaður sem þrengstur bás. Þó að hinar Norðurlandaþjóðirnar hafi eitthvað rýmri heimildir um undanþágur úr hendi ráðherra, þegar lögmælt skilyrði eru ekki til staðar, getum við Íslendingar engan veginn fylgt þeirra fordæmi vegna margvíslegrar sérstöðu okkar.

Standi sérstaklega á og sé um að ræða aukna aðstöðu útlendinga til fasteignaréttinda hér á landi, er það að sjálfsögðu fyrst og fremst löggjafans að meta hverju sinni allar aðstæður og hagsmuni þjóðarinnar og ráða fram úr þeim vanda.

Þegar af þessari ástæðu leggjum við til, að ráðherra sé, ef ástæða þykir til, einungis heimilt að veita aðila, sem eigi fullnægir skilyrðunum, leyfi til þess að eiga fasteign, ef þessi aðili hefur eignazt fasteignina við hjúskap eða erfðir eða öðlazt fasteignaréttindi fyrir gildistöku laga þessara.

Aðrar tillögur okkar til breytinga á frv. eru til samræmis þeim breytingartill. okkar, sem við höfum gert grein fyrir, eða þá aðeins orðalagsbreytingar.

Þess skal að lokum getið, að í frv. er ekki fjallað um atvinnurekstrarréttindi útlendinga og réttarstöðu þeirra í því sambandi. Þykir betur fara á því og verður að telja eðlilegt, að þær réttarreglur verði athugaðar sérstaklega. En víst er um það, að brýna nauðsyn ber til að semja og setja slíka heildarlöggjöf og það sem fyrst.

Alþingi, 21. apríl 1965.

Björn Fr. Björnsson, frsm. Skúli Guðmundsson.

Nd. 506. Breytingartillögur [131. mál]

við frv. til laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

1. Við 1. gr.
   a. Í stað „notkunarrétt“ í 1. málsgr. komi: afnotarétt.
   b. Síðari málsl. 4. tölul. orðist svo:
      Í hlutafélögum skal ¾ hlutafjár vera eign íslenzkra ríkisborgara og íslenzkir ríkisborgarar fara með ⅔ atkvæða á hluthafafundum.
   c. 2 málsgr. orðist svo:
      Hafi maður eignazt fasteign við hjúskap eða erfðir eða öðlazt fasteignaréttindi fyrir gildistöku laga þessara, án þess að skilyrði 1.—4. tölul. séu fyrir hendi, er ráðherra heimilt að veita aðila leyfi til eignarhaldsins, ef ástæða þykir til. Eigi þarf leyfi til leigu á fasteign eða réttinda

yfir henni um 3 ára tímabil eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.

2. Við 2. gr. Greinin falli burt.
3. Við 4. gr. Greinin verði 3. gr. og orðist svo:
   Nú hefur ráðherra borizt skýrsla samkv. 2. gr. eða hann hefur á annan hátt fengið vitneskju um, að maður, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, hafi öðlazt réttindi þau yfir fasteign, er getur í 1. gr., og skal hann þá setja honum frest til að koma málinu í löglegt horf, með því að fá leyfi það, er vantar, eða með því að láta réttindin af hendi til annars manns, er öðlast megi þau að lögum. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár. Ákvörðun sína um þetta lætur ráðherra innrita fyrir fram eða þinglesa, svo fljótt sem unnt er, á varnarþingi fasteignarinnar. Frestinn skal telja frá þinglýsingardegi.
4. Við 5. gr. Greinin verði 4. gr. og orðist svo:
   Nú hefur aðili eigi sýnt full skilríki fyrir því, að málið sé komið í löglegt horf, áður en fresturinn er útrunninn, og lætur ráðherra þá selja eignarréttinn á nauðungaruppboði á kostnað eiganda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er réttindi eiga í eigninni. Um uppboðið fer eftir fyrirmælum laga um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949, eftir því sem við á. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum í stað skuldunauts birt fasteignareiganda, og sé hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og sé enginn þar fyrir, þá næstu grönnum. Eigandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið löglega kominn til eignar eða afnota.
5. Við 8. gr. (er verði 7. gr.). Í stað „4. og 5. gr.“ komi: 3. og 4. gr.

Nd. 507. Breytingartillögur [30. mál]

við frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. 1. mgr. orðist svo:
      Í Rannsóknaráði skal eiga sæti 21 maður.
   b. Í stað „5 alþingismenn“ í 2. mgr. komi: 7 alþingismenn.
   c. 9. mgr. orðist svo:
      Fimm fyrir hagnýtar rannsóknir, forstjórar eftirtalinna rannsóknarstofnana:
   d. Síðasta mgr. orðist svo:
      Menntamálaráðherra er formaður Rannsóknaráðs og skipar varaformann úr hópi annarra ráðsmanna.
2. Við 4. gr. Næstsíðasti málsl. („Í framkvæmdanefndinni ... til rannsókna“) falli niður.
3. Við 6. gr. Orðin „í raunvísindum“ falli niður.
4. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera þrír menn, skipaðir af sjávarútvegsmálaráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórn Fiskifélags Íslands og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.
5. Við 12. gr. Í stað orðsins „semur“ komi: samþykkir.
6. Við 13. gr. Í stað orðsins „Stjórn“ í síðasta málsl. komi: Forstjóri.

7. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
Við Hafrannsóknastofnunina er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:
Landssamband ísl. útvegsmanna tvo menn.
Fiskifélag Íslands einn mann.
Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda einn mann.
Fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambands Íslands einn mann.
Alþýðusamband Íslands einn mann.
Sjómannasamband Íslands einn mann.
Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni.
Nefndin kýs sér formann.
Ráðgjafarnefnd fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og sjávarútvegsins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð.
Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.
8. Við 17. gr.
a. Á eftir orðinu „skulu“ í 1. málsl. komi: meðal annars.
b. Á eftir 4. lið komi nýr liður:
Rannsóknir á fiskirækt og öllu, sem að þeim lýtur, áburð á sjó o. s. frv.
c. Við 5. lið bætist: svo og rannsóknir á hagkvæmustu gerð fiskiskipa.
9. Við 20. gr. Greinin orðist svo:
Í stjórn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skulu vera þrír menn, skipaðir af sjávarútvegsmálaráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórn Fiskifélags Íslands og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.
10. Við 21. gr. Í stað orðsins „semur“ komi: samþykkir.
11. Við 22. gr. Í stað orðsins „Stjórn“ í síðasta málsl. komi: Forstjóri.
12. Við 24. gr. Greinin orðist svo:
Við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:
Fiskifélag Íslands.
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
Félag íslenzkra fiskimjölsframleiðenda.
Samband ísl. samvinnufélaga.
Síldarútvegsnefnd.
Samlag skreiðarframleiðenda.
Sölusamband ísl. fiskframleiðenda.
Félag fiskniðursjóðenda.
Sjómannasamband Íslands.
Alþýðusamband Íslands.
Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni. Nefndin kýs sér formann. Nefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og fiskiðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórnarnefnd til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðgjafarnefnd er ólaunuð.
Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarinnar skuli hagað.
13. Við 26. gr. Á eftir orðinu „skulu“ í 1. málsl. komi: meðal annars.
14. Við 29. gr. Greinin orðist svo:
Í stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skulu vera þrír menn, skipaðir af landbúnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar,

einn tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

15. Við 30. gr. Í stað orðsins „semur“ komi: samþykkir.
16. Við 31. gr. Í stað orðsins „Stjórn“ í síðasta málsl. komi: Forstjóri.
17. Við 33. gr. Greinin orðist svo:

Við Rannsóknastofnun landbúnaðarins er tilraunaráð. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í ráðið til fjögurra ára í senn:

Sérfræðingar og tilraunastjórar, sem fara með verkefni samkv. 1.—5. tölulið 35. gr., einn mann.

Sérfræðingar og tilraunastjórar, sem fara með verkefni samkv. 6.—9. tölulið 35. gr., einn mann.

Búnaðarfélag Íslands tvo menn, og sé annar þeirra ráðunautur í jarðrækt, en hinn í búfjárrækt.

Framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann.

Stéttarsamband bænda tvo menn.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í tilraunráði.

Ráðið kýs sér formann.

Tilraunaráðið er tengiliður milli stofnunarinnar og hinna ýmsu greina landbúnaðarins. Það er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðið er ólaunað.

Landbúnaðarráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í tilraunaráði og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

18. Við 34. gr. 4. liður orðist svo:

Þjónusta við landbúnaðinn með rannsóknum.

19. Við 36. gr. Greinin orðist svo:

Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal fá umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar, sem ríkið á. Þar skulu framkvæmdar tilraunir í jarðrækt, búfjárrækt, heyverkun og öðru, sem stjórn stofnunarinnar ákveður.

Stofnuninni er heimilt að semja við einstaka bændur og búnaðarsambönd um tilraunir, ræktun úrvalsfræs og annað í sambandi við starfsemi stofnunarinnar, eins og stjórnin telur hentugt.

20. Við 38. gr. Greinin orðist svo:

Í stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins skulu vera þrír menn, skipaðir af iðnaðarmálaráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Félagi íslenzkra iðnrekenda og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

21. Við 39. gr. Í stað orðsins „semur“ komi: samþykkir.
22. Við 40. gr. Í stað orðsins „Stjórn“ í síðasta málsl. komi: Forstjóri.
23. Við 42. gr. Greinin orðist svo:

Við Rannsóknastofnun iðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:

Alþýðusamband Íslands.
Félag íslenzkra iðnrekenda.
Iðnaðarbanki Íslands.
Iðnaðarmálastofnun Íslands.
Landssamband iðnaðarmanna.
Samband ísl. samvinnufélaga.
Verzlunarráð Íslands.
Vinnuveitendasamband Íslands.
Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni.
Nefndin kýs sér formann.

Ráðgjafarnefnd fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og iðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð.

Iðnaðarmálaráðherra getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

24. Við 43. gr.
a. Á eftir orðinu „skulu“ í 1. málsl. komi: meðal annars.
b. Við 2. lið bætist: í þágu iðnaðar.

25. Við 47. gr. Greinin orðist svo:

Í stjórn Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins skulu vera þrír menn, skipaðir af iðnaðarmálaráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Landssambandi iðnaðarmanna og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

26. Við 48. gr. Í stað orðsins „semur“ komi: samþykkir.

27. Við 49. gr. Í stað orðsins „Stjórn“ í síðasta málslið komi: Forstjóri.

28. Við 51. gr. Greinin orðist svo:

Við Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:

Alþýðusamband Íslands.
Arkitektafélag Íslands.
Félag íslenzkra iðnrekenda.
Húsameistari ríkisins.
Húsnæðismálastofnun ríkisins.
Iðnaðarmálastofnun Íslands.
Landssamband iðnaðarmanna.
Borgarstjórn Reykjavíkur.
Sementsverksmiðja ríkisins.
Teiknistofa landbúnaðarins.
Vinnuveitendasamband Íslands.
Raforkumálastjóri.
Vegamálastjóri.
Vitamálastjóri.
Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni.
Nefndin kýs sér formann.

Ráðgjafarnefnd fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og byggingaiðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð.

Iðnaðarmálaráðherra getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

29. Við 52. gr. Á eftir orðinu „skulu“ í 1. málsl. komi: meðal annars.

30. Við 54. gr. Ný mgr. bætist við gr., svo hljóðandi:

Ráðherra ákveður deildaskiptingu í rannsóknastofnunum og skipar deildarstjóra að fengnu áliti forstjóra og stjórnar viðkomandi stofnunar.

31. Við 55. gr. Við síðustu mgr. bætist: eða samkvæmt sérstökum samningi.

32. Við 56. gr. Síðasta mgr. orðist svo:

Húseign Atvinnudeildar á lóð Háskólans ráðstafar ríkisstjórnin í þágu íslenzkrar vísindastarfsemi.

33. Við 57. gr. Greinin orðist svo:

Framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins kallar forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunarinnar saman á fund ársfjórðungslega eða oftar, ef þurfa þykir. Skulu þeir ræða málefni, sem eru þessum stofnunum sameiginleg.

34. Við 58. gr. 2. mgr. orðist svo:
Rannsóknaráð ríkisins skal hafa yfirumsjón með óráðstöfuðu landssvæði og sameiginlegum byggingum og tækjum, sem um getur að ofan, en einstakar byggingar og landssvæði þeirra skulu vera til óskertra umráða þeirra stofnana, sem þær nota.
35. Við 63. gr. Við síðasta málsl. bætist: enn fremur að heimila sérfræðingum rannsóknastofnananna að kenna við Háskóla Íslands.
36. Við 64. gr. Greinin orðist svo:
Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, lög nr. 64/1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, orðin „þá skal og starfa við Háskóla Íslands rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna, er nefnist atvinnudeild háskólans“ í 9. gr. laga nr. 60/1957, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.
37. Við 65. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 508. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um heimild til hækkunar kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 21. apríl 1965.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Björn Jónsson.	Helgi Bergs.
Karl Kristjánsson.	Magnús Jónsson.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson.	

Ed. 509. Frumvarp til laga [188. mál]

um breyting á lögum nr. 59 frá 20. nóv. 1964, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Fyrsta grein laganna orðist svo:
Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 150 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 59/1964 var ríkisstjórninni heimilað að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 75 millj. kr. Heimilt var að verðtryggja þessi skuldabréf með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Bréf þessi voru boðin til sölu um mánaðamótin nóv.—des. 1964, og seldust þau upp á skömmum tíma.

Í sambandi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir yfirstandandi ár þarf að afla nokkurs lánsfjár til ýmissa framkvæmda.

Af þessum sökum telur ríkisstjórnin rétt að leita með frv. þessu heimildar til að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 75 millj. kr. til viðbótar því, er upphaflega var heimilað í áðurnefndum lögum, þannig að lántökuheimildin er þá alls orðin 150 millj. kr.

Gert er ráð fyrir, að vextir og afborganir af hinu nýja láni verði bundin vísitölu, en að öðru leyti verði lánskjörin ákveðin með hliðsjón af almennt gildandi lánskjörum í landinu. Búast má við, að vextir verði eitthvað lægri en var á láni því, sem boðið var út fyrir áramót, þar eð almenn vaxtalækkun hefur orðið síðan.

Sþ. 510. Tillaga til þingsályktunar [189. mál]

um athugun á fjárhagslegum stuðningi ríkisins við orlofsheimili.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Eysteinn Jónsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu sjö manna nefnd, er athugi og geri tillögur um fjárhagslegan stuðning ríkisins við að reisa orlofsheimili með það fyrir augum, að í öllum landsfjórðungum verði sem fyrst reist orlofs- og hvíldarheimili, þar sem menn án tillits til þjóðfélagsstétta eða efnahags geti notið hvíldar í orlofi.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Réttur launþega til orlofs er viðurkenndur, og með samningum er orlof aukið. Tilgangurinn er sá, að þeir, er fá orlof, geti notið hvíldar og hressingar, og flestir nota orlofstímann til ferðalaga og dvalar fjarri heimili sínu og vinnustað. Ferðast menn þá í hópum út á landsbyggðina til dvalar þar um hríð.

Aðstaða í flestum sveitum er ófullkomin til þess að taka á móti hópum ferðamanna og veita þeim nægilega góða aðbúð, til þess að orlofið nái þeim tilgangi, sem að er stefnt. Á vegum verkalýðshreyfingarinnar er að vísu verið að reisa á Suðurlandi orlofsheimili verkalýðsfélaga. En það er ekki fullnægjandi. Stefna þarf að því að koma upp á ýmsum stöðum á landinu, a. m. k. í hverjum landsfjórðungi, orlofs- og hvíldarheimilum, þar sem menn án tillits til þjóðfélagsstétta eða efnahags geti notið hvíldar í orlofi. Hér er lagt til, að þetta mál verði tekið til athugunar af nefnd, er Alþingi kýs.

Nd. 511. Frumvarp til laga [190. mál]

um Lánasjóð sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Stofna skal Lánasjóð sveitarfélaga. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun, sameign ríkisins og sveitarfélaganna, en þau bera þó ekki ábyrgð á skuldbindingum hans

umfram hin árlegu tillög sín til sjóðsins. Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, sbr. 3. gr. laga þessara, og starfar undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Hlutverk Lánasjóðs sveitarfélaga er:

1. Að veita sveitarfélögum stofnlán til nauðsynlegra framkvæmda eða fjárfestinga, sem eru svo kostnaðarsamar, að fjár til þeirra verði ekki aflað af tekjum sveitarfélagsins, nema á löngum tíma. Enn fremur að aðstoða sveitarfélög við öflun stofnlána og hafa milligöngu um töku þeirra.
2. Að annast samninga við lánastofnanir um bætt lánakjör sveitarfélaga, sem búa við óhagstæð lánakjör og óska aðstoðar sjóðsins í þessu skyni, eða veita þeim, eftir því sem fært er, lán til greiðslu óhagstæðra lána, ef samningar takast ekki um bætt lánakjör við hlutaðeigandi lánastofnanir.
3. Að aðstoða sveitarfélög við útvegun nauðsynlegra rekstrarlána hjá bönkum og sparisjóðum.
4. Að stuðla að því að sveitarfélögin verði traustir og skilvísir lántakendur, sem þurfi ekki að setja tryggingar fyrir lánum, sem þeim eru veitt, nema sérstaklega standi á.

3. gr.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga skipa sjö menn, valdir eins og hér segir: Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu þrjá menn í stjórnina, fulltrúaráð Sambands íslenzkra sveitarfélaga kýs aðra þrjá, ráðherra skipar einn mann, sem jafnframt er formaður sjóðsstjórnar. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir með sama hætti.

Kjörtímabil stjórnarinnar er fjögur ár.

4. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um allar lánveitingar úr sjóðnum og önnur verkefni sjóðsins, samkvæmt 2. gr. laga þessara.

Hún ræður sjóðnum framkvæmdastjóra, sem annast bókhald fyrir sjóðinn og daglega afgreiðslu á vegum hans eftir nánari fyrirmælum stjórnarinnar. Samþykki stjórnarinnar þarf fyrir ráðningu aðstoðarfólks. Hún ákveður laun starfsfólks í samræmi við launagreiðslur starfsmanna ríkisins, eftir því sem við getur átt.

Stjórninni er heimilt að semja við stjórn Bjargráðasjóðs Íslands um sameiginlega framkvæmdastjórn og afgreiðslu fyrir Lánasjóð sveitarfélaga og Bjargráðasjóð Íslands.

Ráðherra ákveður þóknun til stjórnarnefndarmanna fyrir störf þeirra.

Allur kostnaður við rekstur sjóðsins greiðist úr sjóðnum.

5. gr.

Árlegar tekjur Lánasjóðs sveitarfélaga eru þessar:

a. Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, að fjárhæð kr. 15 000 000.00.
b. Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð kr. 15 000 000.00.
c. Gjöld skv. 12. gr.
d. Vextir.

Framlög samkvæmt a- og b-liðum þessarar greinar greiðast þannig: Þriðjungur fyrir 1. maí, þriðjungur fyrir 1. september og eftirstöðvarnar fyrir 1. desember.

6. gr.

Til þess að afla sjóðnum aukins fjár til útlána er stjórn hans heimilt að gefa út skuldabréf fyrir hönd sjóðsins til sölu á innlendum lánamarkaði. Samanlagðar skuldbindingar sjóðsins vegna útgáfu verðbréfa svo og ábyrgða, samkv. 10. gr., mega ekki nema hærri fjárhæð en tvöfaldri hreinni eign hans á hverjum tíma.

Ráðherra ákveður afborgana- og vaxtakjör og gerð verðbréfa þessara í samráði við stjórn Seðlabanka Íslands, að fengnum tillögum sjóðsstjórnar.

7. gr.

Nú hyggst sveitarfélag sækja um lán úr sjóðnum, samkvæmt 2. gr. 1.—2. tl., og skal það þá senda bráðabirgðaáætlun um lánsfjárþörf sína á næsta ári til sjóðsstjórnar fyrir 30. september, en endanleg umsókn ásamt gögnum þeim, sem um ræðir í 8. gr., skal send fyrir 31. janúar ár hvert.

Nú hrekkur ráðstöfunarfé sjóðsins, sbr. 5.—6. gr., ekki til þess að greiða úr lánaþörfinni samkvæmt áætlun sjóðsstjórnar, og skal stjórnin þá beita sér fyrir útvegun þess fjármagns, sem á vantar, í samráði við ráðherra og stjórn Seðlabanka Íslands.

8. gr.

Sjóðsstjórnin lætur gera eyðublöð undir umsóknir um lán og aðra þá aðstoð, sem um ræðir í 2. gr. laga þessara.

Umsókn til sjóðsstjórnar skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Ársreikningar sveitarfélagsins fyrir síðasta reikningsár, ef fullgerðir eru, annars reikningar næstsíðasta reikningsárs.
2. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár.
3. Kostnaðaráætlun vegna þeirra framkvæmda eða fjárfestinga, sem um ræðir í 2. gr. 1. tl., eða greinargerð um óhagstæð lán, sbr. 2. gr. 2. tl., eða greinargerð um rekstrarlánaþörf, sbr. 2. gr. 3. tl., allt eftir því sem við á.
4. Aðrar þær upplýsingar, sem sveitarstjórn telur skipta máli í sambandi við umsóknina.

9. gr.

Skilyrði fyrir því, að lán verði veitt úr Lánasjóði sveitarfélaga, eru þessi:

1. Að ársreikningar sveitarfélagsins hafi verið gerðir samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.
2. Að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins hafi verið gerð samkvæmt sömu lögum.
3. Að umsækjandi sé ekki í vanskilum við sjóðinn vegna eldri lána, sem veitt hafa verið.
4. Að fjárhagur sveitarfélagsins sé, að dómi sjóðsstjórnar, svo traustur, að telja megi vísa greiðslu afborgana og vaxta á umsömdum tíma, ella verði sett trygging fyrir láninu, sem sjóðsstjórn metur gilda.
5. Að sveitarfélaginu sé að dómi sjóðsstjórnar nauðsyn á umbeðnu láni að nokkru eða öllu leyti vegna framkvæmda, sem gera þarf í sambandi við þau verkefni, sem sveitarfélagið annast samkv. 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961, stafliðum A. og B. a., ef um er að ræða lán, samkv. 2. gr. 1. tl. þessara laga.
6. Önnur þau skilyrði, sem sjóðsstjórn kann að setja fyrir lánveitingunni.

10. gr.

Lánasjóði sveitarfélaga er heimilt að takast á hendur sjálfsskuldarábyrgð á rekstrarlánum sveitarfélaga, sbr. 2. gr. 3. tl., og á lánum sveitarfélaga til þess að greiða fyrir bættum lánskjörum, sbr. 2. gr. 2. tl., enda hafi hlutaðeigandi sveitarfélag þá ætíð sett tryggingu vegna ábyrgðarinnar, sem sjóðsstjórnin metur gilda, sbr. 9. gr. 4. tl.

Fjárhæð þeirra ábyrgða, sem sjóðsstjórnin tekst á hendur vegna rekstrarlána sveitarfélaga, skal háð því, hve mikið sjóðurinn á í handbæru fé. Nánari ákvæði um hlutfallið á milli handbærs fjár og samanlagðra rekstrarlánaábyrgða setur ráðherra.

11. gr.

Ríkisstjórnin ákveður vexti af lánum sjóðsins í samráði við Seðlabanka Íslands.

Fjárhæð stofnlána má vera allt að 75% af áætluðu kostnaðarverði hlutaðeigandi framkvæmda sem sveitarsjóði er ætlað að leggja fram.

Sjóðsstjórnin ákveður lánstíma í hverju einstöku tilfelli, en lánstími má þó aldrei vera lengri en 20 ár.

12. gr.

Til þess að standast kostnað af rekstri sjóðsins ber sveitarfélögunum að greiða til sjóðsins eftirtalin gjöld:

1. Lántökugjald, er vera skal 1% af lánsfjárhæð þeirra lána, sem sjóðurinn veitir.
2. Gjald vegna ábyrgða þeirra, sem sjóðurinn tekst á hendur samkvæmt 10. gr. og vera skal ½% af hverri ábyrgðarfjárhæð.

Gjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd um leið og lán er afgreitt eða ábyrgð veitt.

13. gr.

Nú vanrækir sveitarfélag greiðslu afborgana og vaxta af lánum úr sjóðnum á réttum gjalddaga, og getur ráðherra þá greitt vanskilin af framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eftir því, sem til vinnst. Sama gildir um greiðslur, sem Lánasjóður sveitarfélaga kann að hafa innt af hendi vegna ábyrgða, sem hann hefur tekizt á hendur samkvæmt 10. gr.

14. gr.

Reikningsár Lánasjóðs sveitarfélaga er almanaksárið.

Ársreikningar sjóðsins skulu gerðir fyrir janúarlok ár hvert.

Fjármálaráðherra skipar tvo endurskoðendur til þess að endurskoða reikninga sjóðsins, annan án tilnefningar, og skal hann vera löggiltur, en hinn eftir tilnefningu stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Skulu þeir hafa lokið endurskoðun reikninga sjóðsins fyrir marzlok ár hvert.

Að endurskoðun lokinni afgreiðir stjórn sjóðsins reikningana til félagsmálaráðherra, sem úrskurðar þá.

Reikninga sjóðsins skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

15. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum sjóðsstjórnar.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á landsþingi Sambands íslenzkra sveitarfélaga, hinn 22. ágúst 1963, flutti Gunnar Thoroddsen ráðherra ávarp og tilkynnti að hann hefði skipað nefnd „til að fjalla um lánsfjármál sveitarfélaganna."

Síðar var nefndarskipun þessi staðfest með ráðuneytisbréfi.

Í nefndina voru skipaðir:

Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu,

Sigtryggur Klemenzson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu,

Ásgrímur Hartmannsson, bæjarstjóri, Ólafsfirði,

Jón G. Maríasson, bankastjóri Seðlabanka Íslands,

Gunnlaugur Pétursson, borgarritari í Reykjavík,
Jónas Guðmundsson, formaður Sambands íslenzkra sveitarfélaga,
og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin kom saman á fyrsta fund sinn 18. marz 1964, til að skipuleggja starf sitt, og réð sér þá starfsmann, Sigurgeir Jónsson, hagfræðing Seðlabanka Íslands. Á þeim fundi var einnig ákveðið að safnað skyldi gögnum og upplýsingum erlendis frá, um það hvernig lánamálum sveitarfélaganna væri skipað í ýmsum Evrópulöndum, og skyldi starfsmaður nefndarinnar hafa samvinnu við skrifstofu Sambands íslenzkra sveitarfélaga um þá gagnasöfnun. Einnig var ákveðið að fela starfsmanni nefndarinnar að útvega ýmsar upplýsingar innanlands frá bönkum og öðrum stofnunum um skulda- og lánamál sveitarfélaga og vinna úr þeim upplýsingum, áður en nefndin kæmi aftur til starfa. Vegna veikinda formanns nefndarinnar, sem þurfti að dveljast alllengi erlendis af þeim sökum, var fundum nefndarinnar frestað þar til í byrjun septembermánaðar s. l. Þá hóf nefndin störf að nýju og hefur starfað óslitið síðan. Nefndin lauk fundum og skilaði áliti 20. nóvember 1964.

Viðfangsefni nefndarinnar. Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar skyldi verkefni hennar vera „að rannsaka og gera tillögur um á hvern hátt rekstrar- og stofnlánaþörf sveitarfélaganna verði bezt leyst."

Að landslögum er sveitarfélögum, svo sem kunnugt er, falið að hafa með höndum margháttaðar framkvæmdir og veita margs konar þjónustu, sem krefst oftast mikillar fjárfestingar. Sveitarfélögin hafa einnig með höndum margvíslega starfsemi, sem örðugt er að leysa af hendi nema sveitarfélögin ráði yfir allmiklu lausu fé, til þess þau geti staðið við skuldbindingar sínar á réttum tímum. Til þess að sveitarfélögin geti leyst þau verk af hendi, sem þeim eru falin, er þeim því nauðsynlegt að eiga kost á hagkvæmum lánum til fjárfestingarframkvæmda sinna, og hafa aðgang að rekstursfé í bönkum eða sparisjóðum til þess að brúa bilið þann tíma sem tekjur greiðast ekki nægilega ört til að standa undir útgjöldum. Ef hagkvæm lán eru ekki fáanleg til þeirra framkvæmda, sem sveitarfélögin eiga að annast, geta þau ekki framkvæmt það, sem þeim er falið, nema e. t. v. að einhverju leyti. Verða þá íbúarnir að fara á mis við þá þjónustu og þægindi sem sveitarfélögin eiga að veita þeim, eða viðfangsefnin verða að framkvæmast með lánum, sem eru of stutt og of dýr til þess að undir þeim verði staðið, nema með of miklum álögum á íbúana og verður þá gjaldþoli þeirra misboðið. Í sveitarstjórnarlögum, nr. 58/1961, er eftirfarandi upptalning á viðfangsefnum sveitarfélaga: Framfærslumál, barnavernd, fræðslumál, skipulags- og byggingarmál, hreinlætis- og heilbrigðismál, brunamál og eldvarnir, forðagæzla, lögreglumál, vegamál, holræsagerð, hafnargerð, vatnsveitufamkvæmdir, rafveitufamkvæmdir, hitaveitufamkvæmdir, leikvellir, íþróttavellir o. fl.

Af þessari upptalningu er ljóst hve umfangsmikið og mikilvægt það starf er, sem sveitarfélögunum er falið, og þó ríkissjóður taki þátt í mörgum þessara verkefna og styrki þau með ýmsum hætti, hvílir þó öll framkvæmd þeirra á sveitarfélaginu og það ber ýmist allan eða mikinn meirihluta kostnaðarins við stofnun þeirra og starfrækslu.

Samkvæmt skýrslu, sem Samband íslenzkra sveitarfélaga hefur látið gera, og legið hefur fyrir nefndinni, voru skuldir kaupstaða og kauptúna, með yfir 500 íbúa, eins og hér segir í árslok 1962:

Sveitarsjóðir.

	Föst lán Millj. kr.	Lausar skuldir Millj. kr.	Samtals Millj. kr.
Reykjavík	36.6	105.3	141.9
Kaupstaðir	59.2	64.5	123.7
Kauptún	25.7	7.7	33.4
Samtals	121.5	177.5	299.0

Stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga önnur en atvinnufyrirtæki.

	Föst lán Millj. kr.	Lausar skuldir Millj. kr.	Samtals Millj. kr.
Reykjavík	181.7	52.5	234.2
Kaupstaðir	128.8	75.3	204.1
Kauptún	44.1	16.9	61.0
Samtals	354.6	144.7	499.3

Skuldir þessar eru samtals um 798 millj. kr. Þar af eru föst lán talin vera um 476 millj. kr., en lausar skuldir rúmlega 322 millj. kr. Vitað er einnig, að verulegur hluti þeirra skulda, sem taldar eru undir „föst lán", eru lán til fárra ára á háum vöxtum og með miklum árlegum afborgunum, sem tekin hafa verið af því hagkvæmari lán voru ekki fáanleg.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagfræðideild Seðlabanka Íslands voru lán til sveitarfélaga og stofnana þeirra og fyrirtækja (annarra en atvinnufyrirtækja) í árslok 1962 eins og hér segir:

Viðskiptabankar	93.4	millj. kr.
Sparisjóðir	28.5	— —
Tryggingastofnun ríkisins	56.2	— —
Atvinnuleysistryggingasjóður	54.9	— —
Lífeyrissjóðir	20.4	— —
Brunabótafélag Íslands	39.8	— —
Önnur tryggingafélög	17.7	— —
Framkvæmdabankinn (í árslok 1963)	122.3	— —
Samtals	433.2	millj. kr.
Erlend lán	35.1	— —
Alls	468.3	millj. kr.

Hingað til hefur engri lánastofnun verið falið það hlutverk að útvega sveitarfélögunum lán til þeirra fjölþættu framkvæmda, sem þeim eru falin. Flestar eru þessar framkvæmdir þess eðlis, að þótt það kosti mikið fé að reisa þau mannvirki, sem fyrirskipuð eru, s. s. skóla, sjúkrahús, hafnargarða, íþróttavelli og sundlaugar, svo fátt eitt sé nefnt, eru eignir þessar raunverulega óveðhæfar (sbr. sveitarstjórnarlög nr. 58/1961, 11. og 82. gr.) og verða ekki taldar „örugg trygging" fyrir lánum, eins og á sér stað þegar um venjulegar framkvæmdir einstaklinga eða félaga er að ræða.

Af þessum ástæðum og fleirum, hafa sveitarfélögin orðið að sækja á um tryggingar fyrir lánum sínum hjá ríkissjóði, þegar um lán til lengri tíma, vegna meiriháttar framkvæmda, er að ræða. Í hafnarlögum, vatnsveitulögum og hitaveitulögum eru ákvæði um, að ríkissjóði sé heimilt að ganga í ábyrgð fyrir sveitarfélög vegna þessara verkefna og hefur Atvinnuleysistryggingarsjóður og Framkvæmdabankinn veitt mikil lán á undanförnum árum út á ábyrgð ríkissjóðs til þeirra framkvæmda, en það er þó hvergi nærri nægilegt. Um ríkisábyrgð á lánum til annarra framkvæmda er ekki að ræða, nema lagaheimild komi til hverju sinni. Stutt lán, sem geta greiðzt af tekjum sama árs, eða með styrkjum frá ríkissjóði, eru fáanleg að einhverju leyti, en löng lán er mjög erfitt að fá.

Nefndin er sammála um, að það ástand í þessum efnum, sem nú ríkir, er með öllu óviðunandi og að einhverra ráða verður að leita nú þegar til lausnar þessu vandamáli.

Leiðir til úrlausnar. Nefndin ræddi þessi mál öll á breiðum grundvelli á mörgum fundum og komu fram tvær aðaltillögur.

Önnur var sú, að stofna bæri sérstakan sveitarfélagabanka, sem fela mætti margháttaða fyrirgreiðslu í fjármálum sveitarfélaganna og stuðlaði jafnframt að því að gera sveitarfélögin að traustum og skilvísum viðskiptavinum við lánastofnanir og aðra, sem þau eiga skipti við. Jafnframt skyldi bankinn hafa það sem aðalhlutverk að veita og útvega sveitarfélögum stofnlán til þeirra framkvæmda, sem á þeim hvíla að lögum, og tryggja þeim sveitarfélögum, sem þess þarfnast, nauðsynleg rekstrarlán.

Hin tillagan var að komið yrði á fót stofnlánasjóði sveitarfélaga, sem hefði það hlutverk að veita hagkvæm lán til nauðsynlegra framkvæmda eða fjárfestinga, sem eru svo kostnaðarsamar, að fé til þeirra verði ekki lagt fram í einu lagi af árlegum tekjum sveitarfélagsins. Sjóðurinn yrði deild í lánastofnun eða banka, en lyti sérstakri stjórn, sem réði lánveitingum.

Um hvoruga þessa tillögu náðist samkomulag í nefndinni. Nefndarmenn urðu hins vegar fljótlega sammála um það, að hvaða leið sem farin yrði, ætti aðaltekjustofn slíkrar lánastofnunar að vera skyldusparnaður sveitarfélaga í einhverri mynd, og framlag frá ríkissjóði á móti hinu sameiginlega framlagi sveitarfélaganna.

Í nefndinni komu fram ýmsar tillögur aðrar til fjáröflunar, en um þær náðist ekki samkomulag og því verður þeirra ekki getið hér. Hér verður heldur ekki getið ýmissa annarra tillagna sem fram komu á fundum nefndarinnar, þar sem ekki náðist samkomulag um þær.

Nefndin varð loks ásátt um að fara þá millileið í tillögum sínum, að leggja til að stofna sérstakan lánasjóð sveitarfélaga, og taka þannig tillit til beggja þeirra sjónarmiða, sem fram komu í fyrrnefndum aðaltillögum, og er frumvarpið samið á þeim samkomulagsgrundvelli.

Aðalefni frumvarpsins. Samkvæmt frumvarpinu á að stofna Lánasjóð sveitarfélaga, sem starfræktur verður undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar. Sjóðurinn mundi væntanlega heyra undir félagsmálaráðuneytið, enda er það í beztu samræmi við þá tilhögun sem tíðkast hérlendis um hliðstæða stofnlánasjóði (sbr. Stofnlánadeild landbúnaðarins, Iðnlánasjóð, Fiskveiðasjóð o. fl.).

Hlutverk Lánasjóðs sveitarfélaga á að vera:

1. Að veita sveitarfélögum stofnlán til nauðsynlegra framkvæmda og fjárfestinga og aðstoða þau við öflun stofnlána og hafa milligöngu um töku þeirra.
2. Að annast samninga við lánastofnanir um bætt lánakjör sveitarfélaga sem búa við óhagstæð lánakjör eða veita þeim lán til greiðslu óhagstæðra lána.
3. Að aðstoða sveitarfélög við útvegun nauðsynlegra rekstrarlána hjá bönkum og sparisjóðum og ábyrgjast slík lán ef þörf krefur.
4. Að stuðla að því að sveitarfélögin verði traustir og skilvísir lántakendur sem ekki þurfi að setja tryggingar fyrir lánum sem þeim eru veitt, nema sérstaklega standi á.

Lánasjóður sveitarfélaga er gert ráð fyrir að verði sjálfstæð stofnun, sameign ríkisins og sveitarfélaganna, sem starfi undir sérstakri stjórn. Stjórnina skulu skipa 7 menn. Þrír kosnir af Sameinuðu Alþingi, þrír af fulltrúaráði Sambands íslenzkra sveitarfélaga og einn, formaðurinn, skipaður af ráðherra.

Árlegar tekjur sjóðsins er gert ráð fyrir að verði:

Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, 15 milljónir króna, og jafnhátt framlag úr ríkissjóði. Heimilt skal sjóðnum að gefa út skuldabréf til sölu á innlendum lánamarkaði. Vexti af lánum sjóðsins ákveður ríkisstjórn í samráði við Seðlabanka Íslands, en lánstíma, sem lengstur má vera 20 ár, ákveður sjóðsstjórnin. Fjárhæð stofnlána má vera allt að 75% af áætluðu kostnaðarverði hlutaðeigandi framkvæmda, sem sveitarsjóði er ætlað að leggja fram.

Sjóðurinn lánar aðeins sveitarfélögum (og stofnunum þeirra og fyrirtækjum). Stefnt skal að því að sveitarfélög þurfi ekki að setja tilteknar tryggingar fyrir lánum, sem þeim eru veitt úr sjóðnum, nema sérstakar ástæður liggi til, en ef

sveitarfélög vanrækja skuldbindingar sínar við sjóðinn getur ráðherra greitt vanskilin af framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði eftir því sem til vinnst. Sama er um ábyrgðarskuldbindingar vegna rekstrarlána.

Stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga hefur látið taka saman og sent nefndinni ýtarlega greinargerð um lánamál sveitarfélaga. Þótt nefndin í heild sé ekki samþykk öllum tillögum stjórnar sambandsins um lausn málsins, eins og nú horfir, er rétt að grg. þessari verði útbýtt til alþingismanna með frumvarpinu, því þar er mikinn fróðleik að finna um þessi málefni, bæði hér á landi og erlendis, sem annars hefði þurft að taka a. m. k. að einhverju leyti í hina almennu greinargerð með frumvarpinu. Vísast því til greinargerðar sambandsstjórnarinnar um þau atriði.

Skal nú vikið að hinum einstöku greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Um nauðsyn þess að leysa lánaþörf sveitarfélaganna vísast til almennu athugasemdanna. Með grein þessari er lagt til, að stofnaður verði Lánasjóður sveitarfélaga. Lagt er til, að sjóðurinn verði sjálfstæð stofnun, er lúti sérstakri stjórn, sem starfar undir yfirumsjón ríkisstjórnarinnar. Þar sem hér er um sveitarstjórnarmál að ræða, verður það að sjálfsögðu félagsmálaráðuneytið, sem fer með yfirumsjón sjóðsins í umboði ríkisstjórnarinnar. Sú skipun er í mestu samræmi við þá venju, sem skapazt hefur um sérstaka lánasjóði ýmissa atvinnugreina, sem stofnaðir hafa verið. Má þar benda á Fiskveiðasjóð Íslands, Iðnlánasjóð, Stofnlánadeild landbúnaðarins og Stofnlánadeild sjávarútvegsins, svo dæmi séu nefnd. Þessir lánasjóðir lúta yfirstjórn þeirra ráðuneyta, sem fara með þau mál, sem sjóðunum er ætlað að styðja, og yrði þá Lánasjóður sveitarfélaga engin undantekning frá þeirri reglu.

Um 2. gr.

Í almennum athugasemdum er gerð grein fyrir því, að horfið hafi verið frá því ráði, að stofna sveitarfélagabanka. Í raun og veru er hér lagt til, að komið verði á fót eins konar stofnlánadeild fyrir sveitarfélögin. En stofnun þessi hafi þó allverulega rýmra hlutverk en veitingu stofnlána, svo sem grein þessi ber með sér, þó að ekki sé gert ráð fyrir, að hún veiti önnur lán en stofnlán. Þannig er t. d. gert ráð fyrir því í 1. tl. greinarinnar, að stofnunin veiti sveitarfélögum aðstoð við útvegun stofnlána hjá öðrum lánastofnunum, ef hún hefur ekki sjálf nægilegt fjármagn til umráða. Aðstoð sú, sem gert er ráð fyrir að stofnunin veiti sveitarfélögum í sambandi við breytt og bætt lánakjör skv. 2. tl. greinarinnar og útvegun rekstrarlána skv. 3. tl., getur verið mikilsverð fyrir sveitarfélögin, ef stofnunin reynist traust og áreiðanleg í samskiptum við lánastofnanir, svo að ábyrgðir, sem hún kynni að veita til fyrirgreiðslu í þessu skyni, sbr. 10. gr. frv., yrðu metnar örugg trygging af öðrum lánastofnunum. Þó ekki sé gert ráð fyrir því, að stofnunin veiti önnur lán en stofnlán, virðist mega vænta þess að aðstoð sú, sem frv. heimilar henni að veita, greiði mjög fyrir útvegun annarra lána til sveitarfélaganna.

Loks er mikilsvert ákvæði í 4. tl. greinarinnar, sem fær stofnuninni það hlutverk að efla lánstraust sveitarfélaganna með því að stuðla að því, að þau reynist skilvísir lántakendur. Í frumvarpinu eru ýmis ákvæði, sem ætlað er að greiða fyrir því, að þessum tilgangi verði náð. Má þar til nefna ákvæði 8. og 9. gr. um reikningsskil sveitarfélaganna, svo sem sveitarstjórnarlög að vísu mæla fyrir um, en frv. þetta leggur aukna áherzlu á með því að setja þau skilyrði fyrir lánum úr sjóðnum, að fjárhagsáætlanir og fjárreiður séu í einu og öllu samkvæmt gildandi lögum.

Eins og ákveðið er í þessum tölulið, er takmarkið það, að sveitarfélögin verði yfirleitt svo skilvís, að óþarft sé að krefjast trygginga fyrir þeim lánum, sem þeim eru veitt.

Um 3. gr.

Í 5. gr. frv. er lagt til að framlög til sjóðsins komi frá ríkissjóði og sveitarfélögunum (Jöfnunarsjóði). Það þykir því eðlilegt, að stjórn sjóðsins verði skipuð

af ríkisvaldinu og sambandi sveitarfélaganna. Talið er nauðsynlegt, að í stjórn sjóðsins séu fulltrúar frá hinum ýmsu tegundum sveitarfélaga, (Reykjavík, kaupstaðir og stærri kauptún og önnur sveitarfélög), m. ö. o., að fulltrúar, sem fulltrúaráð Sambands íslenzkra sveitarfélaga skipi, verði þrír að tölu. Lagt er til að Alþingi kjósi aðra þrjá og að ráðherra skipi oddamann, sem verði formaður sjóðsstjórnar. Stjórnin verði þannig skipuð sjö fulltrúum.

Um 4. gr.

Svo sem áður segir, er gert ráð fyrir því, að lán þau, sem veitt verða úr sjóðnum, verði aðeins stofnlán. Þykir því eðlilegt að ákveða, að sjóðsstjórn taki ákvarðanir um allar lánveitingar eins og lagt er til í 1. mgr. Sama gildir um önnur verkefni sjóðsins, svo sem ef um er að ræða ábyrgðir, sem sjóðurinn tækist á hendur, samkvæmt 10. gr. frv.

Ákvæðin í 2., 4. og 5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Í 3. mgr. er lagt til, að sjóðsstjórn verði heimilað að semja við stjórn Bjargráðasjóðs Íslands um sameiginlega framkvæmdastjórn og afgreiðslu fyrir báða sjóðina. Bjargráðasjóður hefur nægilegt húsrými, vélar og áhöld til þess að annast störf fyrir báðar þessar stofnanir, og ekki ætti að þurfa að auka starfslið hans mikið frá því sem er, þó að Lánasjóður sveitarfélaga hlyti sína fyrirgreiðslu í samvinnu við Bjargráðasjóð. Það mælir einnig með þessari skipan, að báðum þessum stofnunum er ætlað að starfa í þágu sveitarfélaganna. Slík sameiginleg framkvæmd og afgreiðsla ætti að geta sparað verulega rekstrarkostnað þeirra.

Samkvæmt lögum nr. 41/1963 um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, er ráðuneytinu heimilt að fela lánastofnun að annast allar framkvæmdir í sambandi við lánveitingar, svo sem frágang lánsskjala, innheimtu afborgana og vaxta svo og reikningshald, vegna lánanna til landakaupa. Hér er um að ræða stofnlán til sveitarfélaga, svo að ekki væri óeðlilegt að nota þessa heimild og fela Lánasjóði sveitarfélaga þetta verkefni, þegar hann er kominn á fót og þess umkominn að annast það.

Á sama hátt gæti komið til athugunar að fela Lánasjóði sveitarfélaga síðar framkvæmd og afgreiðslu fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, en störfin á vegum Jöfnunarsjóðsins eru sívaxandi með ári hverju. Þó þau hafi enn verið innt af hendi í félagsmálaráðuneytinu án aukins starfsliðs þar, má varla vænta þess að svo geti orðið miklu lengur. Þessi hugmynd verður þó varla framkvæmd án breytingar á lögum um Jöfnunarsjóðinn, sjá lög nr. 51/1964, IV. kafla.

Það virðist ekki vera tímabært, að fela Lánasjóði sveitarfélaga þau tvö verkefni, sem hér voru síðast talin, fyrr en fengin er reynsla af starfsemi sjóðsins, sem bendi til þess, að hagkvæmt sé að fela honum meðferð þessara mála.

Um 5. gr.

Lagt er til, að sveitarfélögin leggi árlega fast framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga, sem nemur 15 millj. króna á ári. Til þess að auðvelda framkvæmd þessa atriðis virðist einfaldast að taka framlagið úr hinum sameiginlega sjóði sveitarfélaganna, Jöfnunarsjóðnum. Innheimta framlagsins hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig mundi kosta mikla fyrirhöfn, sem sparast með því, að Jöfnunarsjóður annist greiðsluna fyrir öll sveitarfélögin.

Lagt er til, að ríkissjóður leggi sjóðnum árlega fjárhæð jafnháa framlagi sveitarfélaganna, eða 15 millj. króna. Þetta ákvæði, um stuðning ríkissjóðs, er í samræmi við stuðning hans við aðra stofnlánasjóði, sem settir hafa verið á fót.

Um 6. gr.

Þó að Lánasjóði sveitarfélaga bætist árlega verulegt fjármagn, sbr. 5. gr., til útlána, mun lánsfjárþörf sveitarfélaga ekki verða leyst með því fjármagni einu saman. Er því lagt til, að sjóðnum verði heimilað að gefa út skuldabréf til sölu

á innlendum lánamarkaði. Jafnframt er lagt til, að takmörk verði sett fyrir fjárhæð slíkra verðbréfa, sem ásamt ábyrgðum, sem sjóðurinn tekst á hendur, samkvæmt 10. gr., mega ekki fara fram úr tvöfaldri hreinni eign sjóðsins. Þannig virðist mega telja, að umrædd verðbréf verði ætíð mjög vel tryggð.

Í frv. þessu eru engin ákvæði, sem tryggt geta sölu verðbréfanna, svo að fjáröflun samkvæmt þessari grein verði talin örugg. Hins vegar er gert ráð fyrir því í 7. gr., að árlega liggi fyrir áætlun sjóðsstjórnar um lánsfjárþörf sveitarfélaganna svo tímanlega, að unnt sé að gera ráð fyrir fjáröflun til sjóðsins í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Um 7. gr.

Lagt er til, að sveitarfélög, sem hyggjast fá stofnlán, eða lán til þess að breyta óhagstæðum lánum, sendi bráðabirgðaumsókn til sjóðsstjórnar eigi síðar en 30. sept. ár hvert. Endanleg umsókn með tilskildum gögnum skv. 8. gr. verði svo send fyrir 31. jan. ár hvert. Að fengnum bráðabirgðaumsóknunum, skal sjóðsstjórn meta lánsþörf hvers umsækjanda og semja áætlun um minnstu lánsþörf sveitarfélaganna á næsta ári. Þá kemur í ljós, hve mikið skortir á, að ráðstöfunarfé sjóðsins hrökkvi fyrir lánsþörfinni. Eins og að er vikið í athugasemd við 6. gr., er ætlazt til, að þessi niðurstaða liggi fyrir svo tímanlega, að hægt sé að taka tillit til þessarar lánsfjárþarfar í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir næsta ár, og þess vænzt, að sjóðsstjórn sjái um að svo verði gert í samráði við ríkisstjórnina og Seðlabankann.

Um 8. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Grein þessi hefur ekki tæmandi upptalningu þeirra gagna, sem fylgja þurfa umsókn. Hér er aðeins um að ræða frumgögn, sem óhjákvæmilega þurfa að fylgja öllum umsóknum, sem sjóðsstjórn eru send. Í sambandi við 1. tl. skal þess getið, að ef umsókn er ekki send fyrr en í janúar, geta síðustu ársreikningar naumast fylgt umsókn og verður þá að senda ársreikninga næsta árs á undan. Hins vegar verða síðustu ársreikningar að fylgja umsóknum, sem sendar eru á síðari árshelmingi. Þá verður að gera ráð fyrir því, að auk kostnaðaráætlunar þurfi einatt að senda teikningar og verklýsingar varðandi fyrirhugaða framkvæmd.

Þau gögn, sem ekki eru talin í grein þessari, eða upplýsingar, sem ekki er óskað eftir á eyðublaði, sbr. 1. mgr., getur sjóðsstjórn að sjálfsögðu óskað eftir að fá, sbr. 9. gr. 6. tl.

Um 9. gr.

Skilyrði í 1.—2. tl. virðast sjálfsögð. Í þeim felst aðeins sú krafa, að fjárreiður sveitarfélagsins, bókhald, reikningsskil o. fl., sé lögum samkvæmt. Gildandi lögum um þessi efni er ekki bókstaflega fylgt hjá sumum sveitarfélögum. Nauðsynlegt er, að úr því fáist bætt og stuðla ákvæði þessi að því að svo verði. Það er ekki vænlegt fyrir lánastofnun að veita aðila lán, sem ekki hefur gert umsamin skil á fyrri lánum sínum við stofnunina, og sýnist því eðlilegt að setja það skilyrði fyrir nýju láni, sem felst í 3. tl. Þetta skilyrði kemur ekki í veg fyrir, að sveitarfélag, sem hefur verið í vanskilum við sjóðinn, fái lán hjá sjóðnum. Lántakandi verður hins vegar að gera skil á eldri lánum sínum hjá sjóðnum áður en hann getur fengið nýtt lán, eða a. m. k. um leið og hann fær það. Í samræmi við það markmið Lánasjóðs sveitarfélaga, sem um ræðir í 2. gr. 4. tl. þessa frv., er þess ekki skilyrðislaust krafizt að trygging sé sett fyrir lánum. Tryggingar verður því ekki krafizt af vel stæðum sveitarfélögum, sem reynd eru að skilvísi og ráðdeild. Sjóðurinn tæki aðeins venjulegt skuldabréf fyrir lánum til slíkra sveitarfélaga. Sveitarfélög, sem ekki hafa aflað sér slíks trausts, verða aftur á móti að setja tryggingu fyrir lánum sínum, sem sjóðsstjórnin metur gilda, sbr. 4. tl. Í 5. tl. greinarinnar eru

ákvæði um hvaða framkvæmdir það eru, sem sjóðurinn veitir stofnlán til. Í fyrsta lagi má veita slík lán til framkvæmda, sem nauðsynleg eru vegna þeirra verkefna, sem sveitarfélaginu er skylt að annast, sbr. A-lið 10. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961. Í öðru lagi er heimilt að veita lán vegna verkefna, sem ekki verður sagt, að sveitarfélagi sé bókstaflega lagalega skylt að annast, sbr. sömu lagagrein B, a. Upptalning þessa stafliðar sveitarstjórnarlaganna er ekki tæmandi. Venja hefur verið, að flest sveitarfélög hafa annazt þessi verkefni að meira eða minna leyti. Sem dæmi um verkefni af þessari tegund, sem ekki er í upptalningu greinarinnar, mætti t. d. nefna íbúðabyggingar til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði, sbr. lög nr. 42/1957, 16. gr. Á hinn bóginn væri ekki heimilt að veita lán vegna verkefna, sem um ræðir í sveitarstjórnarlögunum 10. gr. staflið B, b, svo sem lán til útgerðar eða annarra slíkra framkvæmda. Skilyrði þau, sem sett eru í 5. tl. þessarar greinar, gilda ekki um lán, sem veitt yrðu til þess að greiða óhagstæð lán, sbr. 2. gr. 2. tl. Ákvæði 6. tl. greinarinnar þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Til þess að vænta megi þess, að Lánasjóður sveitarfélaga geti orðið sveitarfélögunum að verulegu liði við útvegun rekstrarlána og lána, samkv. 2. gr. 2. tl., virðist óhjákvæmilegt að heimila sjóðsstjórn að ganga í ábyrgð fyrir slíkum lánum. Enn fremur er hætt við því, að sú ábyrgð kæmi að litlu haldi, ef hún væri aðeins einföld ábyrgð. Er því lagt til að sjóðsstjórn fái heimild til þess að ganga í sjálfsskuldarábyrgð vegna slíkra lána, gegn sömu tryggingum og um ræðir í 9. gr. 4. tl. Ef þess verður gætt, að sjóðurinn geti ætíð staðið í skilum, ef slíkar ábyrgðir kynnu að falla á hann, mun fyrirgreiðsla hans um þessi lán reynast sveitarfélögunum hin mikilvægasta. Geti sjóðurinn hins vegar ekki staðið í skilum með ábyrgðir sínar, mun fyrirgreiðsla hans við útvegun lána reynast lítilvæg. Í 2. mgr. er því ákvæði, sem ætlað er að tryggja það, að til slíkra vanskila komi ekki af hálfu sjóðsins. Ákvæði þetta mælir svo fyrir, að sjóðurinn skuli ætíð hafa nokkurt fjármagn í handbæru fé. Lagt er til að ráðherra setji nánari ákvæði um þetta atriði með reglugerð.

Um 11. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. þarfnast ekki skýringa.

Lagt er til að sjóðsstjórnin ákveði lánstímann, sem þó skal ekki vera lengri en 20 ár. Lánstíminn getur annars verið mjög breytilegur allt eftir því hvers konar framkvæmdir er um að ræða og eftir því hver þörf sveitarfélaganna er í hverju einstöku tilviki. Lánstíminn gæti þá verið frá 2—3 árum styzt og allt að hámarki, 20 ár. Sem dæmi um stutt stofnlán mætti t. d. nefna vatnsveitu- eða skólabyggingalán, sem sveitarfélag gæti tryggt með ávísun á styrk úr ríkissjóði, samkvæmt lögum um þau efni. Reynslan hefur sýnt, að ýmsum sveitarfélögum er mikil þörf á slíkum styttri lánum. Slík lán þyrftu oft ekki að vera lengri en til 3—5 ára. Samkvæmt 2. gr. 1. tl. væri heimilt að veita slík lán.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 13. gr.

Í 21. gr. laga nr. 51/1964 er ákvæði, sem heimilar ráðherra að halda eftir af framlagi Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga til greiðslu ríkisábyrgða, sem fallið hafa á ríkissjóð. Með grein þessari er lagt til, að sama skuli gilda um vanskil sveitarfélaga við Lánasjóð sveitarfélaga. Ef sveitarfélag er í vanskilum í senn vegna ríkisábyrgðar og afborgana og vaxta af láni hjá sjóðnum og framlag Jöfnunarsjóðs hrekkur ekki til greiðslu á báðum stöðum, yrði það samkomulagsatriði á milli hlutaðeigandi ráðherra, hvernig með skuli fara, þar eð báðar kröfurnar væru jafnréttháar. Slík atvik gætu auðveldlega orðið, en geta tæplega valdið miklum vandræðum. Ákvæði

þetta er afar mikilvægt fyrir hinn nýja sjóð, sem komið verður á fót með frumvarpi þessu ef að lögum verður.

Þegar þess er gætt, að eitt aðalatriði frumvarpsins er að styrkja lánstraust sveitarfélaganna, svo að trygginga verði ekki þörf fyrir lánum til þeirra, er það mjög þýðingarmikið, að sjóðsstjórnin geti sýnt sem flestum sveitarfélögum traust með því að veita þeim lán án trygginga. Það verður mun framkvæmanlegra þegar vænta má stuðnings ráðherra á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir. En slíkt traust er hvatning fyrir sveitarfélagið til þess að reynast traustinu verðugt.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Þess skal að lokum getið, að fulltrúaráð Sambands íslenzkra sveitarfélaga gerði á fundi sínum 8.—9. apríl s. l. svofellda ályktun:

„Fulltrúaráðsfundurinn væntir þess, að lagt verði fram og afgreitt á Alþingi því, er nú situr, frumvarp til laga um lánasjóð sveitarfélaga, en slíkt frumvarp hefur verið undirbúið af sérstakri nefnd, er fjármálaráðherra skipaði."

Nd. 512. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 26. apríl 1965.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Sigurvin Einarsson. Björn Fr. Björnsson.

Einar Ingimundarson. Davíð Ólafsson. Einar Olgeirsson.

Sþ. 513. Nefndarálit [20. mál]

um till. til þál. um tæknistofnun sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur eigi orðið sammála um tillöguna. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar viðurkennir nauðsyn þeirrar rannsókna- og upplýsingastarfsemi, er í tillögunni greinir, en telur hitt álitamál, hvort þessar rannsóknir skuli allar framkvæmdar af einni og sömu stofnun, tæknistofnun sjávarútvegsins, eins og tillagan gerir ráð fyrir. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að tillagan verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Ríkisstjórnin hefur fyrir löngu lokið undirbúningi löggjafar um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og liggur frumvarp um það efni nú fyrir Alþingi. Í þessu

frumvarpi er rannsóknum í þágu sjávarútvegsins skipað á nokkuð annan veg en í tillögu þessari til þingsályktunar. Flutningsmaður tillögunnar, sem vill láta setja á stofn sérstaka tæknistofnun sjávarútvegsins, er hafi tiltekin verkefni með höndum, á þess því kost að koma fram sjónarmiðum sínum á Alþingi með því að flytja breytingartillögur við áðurgreint frumvarp um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, en við afgreiðslu þessa frumvarps er eðlilegast að Alþingi taki afstöðu til þess, hvernig tæknimálefnum sjávarútvegsins skuli skipað. Að svo vöxnu máli ályktar Alþingi að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. apríl 1965.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.
Matthías Bjarnason, fundaskr.
Sverrir Júlíusson.
Pétur Sigurðsson.

Sþ. 514. Nefndarálit [54. mál]

um till. til þál. um fyrirmyndar fiskiðjuver við Rifshöfn.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur athugað þessa tillögu og fengið umsagnir um hana frá ýmsum aðilum, m. a. frá stjórn landshafnarinnar í Rifi, sem leggur til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Landshafnarstjórnin segir m. a. svo í umsögn sinni um tillöguna:

„Stjórn landshafnarinnar hefur þegar ákveðið að beita áhrifum sínum í þá átt, að fiskiðjuverum, sem þar verða byggð til frambúðar, verði að staðsetningu og gerð vel og haganlega fyrir komið. Þess vegna hefur stjórnin látið skipuleggja hafnarsvæðið og landið umhverfis það með tilliti til uppbyggingar atvinnurekstrar og bæjarmyndunar. Stjórnin hefur ekki viljað afgreiða umsóknir um lóðir undir smærri fiskiðjuver, á meðan ekki liggja fyrir teikningar og greinargerð um fjárhagsmöguleika til að koma upp stóru fiskiðjuveri."

Með tilvísun til afstöðu stjórnar landshafnarinnar í Rifi og í trausti þess, að ríkisstjórnin láti sem fyrst athuga til hlítar, hvernig bezt megi veita aðstoð til uppbyggingar atvinnurekstrar við Rifshöfn, leggur undirritaður meiri hl. allsherjarnefndar til, að tillögu þessari verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 21. apríl 1965.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.
Matthías Bjarnason, fundaskr.
Gísli Guðmundsson.
Einar Ágústsson.
Pétur Sigurðsson.
Sverrir Júlíusson.

Ed. 515. Frumvarp til laga [163. mál]

um breyting á lögum nr. 8 1963, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

(Eftir 3. umr. í Nd., 26. apríl.)

1. gr.

Í stað 13. og 14. tölul. 1. gr. laganna komi þrír töluliðir, er orðist svo:

13. Þingeyjarþingsumdæmi: Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Húsavík og Keldunesshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu.
14. Norðausturlandsumdæmi: Norður-Þingeyjarsýsla austan Jökulsár, Skeggjastaðahreppur og Vopnafjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu. Í hreppum vestan Öxarfjarðarheiðar eiga menn rétt til að vitja dýralæknis á Húsavík.
15. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, að undanteknum Skeggjastaðahreppi og Vopnafjarðarhreppi, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að Breiðdalshreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 516. Frumvarp til laga [191. mál]

um breyting á lögum nr. 36 15. maí 1964, um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Í stað orðanna „á árunum 1957—1962, að báðum árum meðtöldum“, í 1. mgr. 1. gr. laganna, komi: fram til ársloka 1963.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við undirbúning reglugerðar, sem setja skal samkvæmt lögum nr. 36, 15. maí 1964, um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán, og í samráði við Seðlabankann, ríkisbankana og Iðnaðarbanka Íslands h.f. hefur þótt eðlilegt að miða heimild til breytingar lausaskulda iðnaðarins í föst lán við árslok 1963 og taka þá með lausaskuldir iðnaðarins, sem af sömu orsökum og í lögunum greinir kann að hafa verið stofnað til árið 1963. Við framkvæmd málsins hefur ekki verið talið raunhæft að binda þá fyrirgreiðslu, sem lögin heimila, við nokkurt fyrra tímamark um það, hvenær til skulda var stofnað. Er því lagt til, að ákvæði það í gildandi lögum, sem bindur fyrirgreiðsluna við það, að skuldin sé eigi eldri en frá árinu 1957, verði fellt niður.

Nd. 517. Frumvarp til laga [192. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, allt að 30 millj. kr. samtals, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, þó ekki meira en 60% af kostnaðarverði framkvæmda á hverjum stað, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðast liðnu ári hafði ríkisstjórnin forgöngu um að kanna fyrirætlanir og ráðagerðir um byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.

Eins og kunnugt er, hefur hinn mikli vöxtur fiskiskipaflotans undanfarin ár leitt til þess, að stækka verður til mikilla muna þær dráttarbrautir, sem fyrir eru í landinu, til þess að geta sinnt viðgerðarþjónustu á fullnægjandi hátt.

Þá leikur ýmsum hugur á að efna til stálskipasmíða innanlands, í stórum stíl, svo Íslendingar þurfi ekki að kaupa hin stærri fiskiskip að miklu eða öllu leyti erlendis frá, eins og undanfarin ár.

Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir, að hún muni stuðla að framgangi þessara mála. Einn þáttur þess er, að ríkissjóður ábyrgist lán, sem taka þarf til dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, til að auðvelda aðilum aðgang að lánsfé. Almenn heimild til ríkisábyrgðar á lánum í þessu skyni er ekki til, nema í lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, og nær sú heimild aðeins til dráttarbrauta, sem byggðar eru á vegum hlutaðeigandi hafnarsjóða, en ekki framkvæmda annarra aðila, og er frumvarp þetta flutt til þess að unnt sé að veita einnig slíkum aðilum sams konar aðstoð.

Nd. 518. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Tveir nefndarmanna (JR og LJós) voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 26. apríl 1965.

Davíð Ólafsson, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Matthías Á. Mathiesen.

Skúli Guðmundsson. Einar Ágústsson.

Ed. 519. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundum sínum, leitað umsagnar um málið og fengið svör.

Nefndin var ekki á einu máli um afgreiðslu frumvarpsins. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að það verði samþykkt óbreytt.

Minni hluti nefndarinnar, Helgi Bergs, Ólafur Jóhannesson og Gils Guðmundsson, mun gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins við afgreiðslu þess.

Alþingi, 26. apríl 1965.

Jón Árnason, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Sþ. 520. Nefndarálit [118. mál]

um till. til þál. um ræktun lerkis á Fljótsdalshéraði til framleiðslu á girðingarstaurum.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundum sínum, leitað umsagna um málið og fengið svör. — Nefndin er sammála um að mæla með því, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. apríl 1965.

Jón Árnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Gunnar Gíslason.

Halldór E. Sigurðsson. Matthías Bjarnason. Ingvar Gíslason.

Halldór Ásgrímsson. Jónas Pétursson. Geir Gunnarsson.

Ed. 521. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 20. nóv. 1964, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ., en þrír nm. skrifa undir með fyrirvara og áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja brtt.

Alþingi, 26. apríl 1965.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Björn Jónsson, með fyrirvara.

Helgi Bergs, með fyrirvara. Karl Kristjánsson, með fyrirvara. Magnús Jónsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 522. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til laga um lausn kjaradeilu atvinnuflugmanna.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað málið og rætt það við fulltrúa Félags ísl. atvinnuflugmanna og Loftleiða h/f. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar mælir eindregið með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. apríl 1965.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.
Jón Árnason, fundaskr.
Ragnar Jónsson.
Magnús Jónsson.

Nd. 523. Frumvarp til laga [193. mál]

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Laun skipaðra ljósmæðra í kaupstöðum skulu greidd mánaðarlega úr bæjarsjóði og fer um upphæð þeirra eftir því, sem bæjarstjórn ákveður í samræmi við launakjör annarra starfsmanna kaupstaðarins.

Laun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða skal greiða að einum þriðja hluta úr sýslusjóði og að tveimur þriðju hlutum úr ríkissjóði.

Launin greiða sýslumenn ársfjórðungslega fyrirfram og miðast upphæð þeirra við íbúatölu umdæmisins 1. desember næsta ár á undan þannig:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstala er 300 eða minna, skulu árslaunin vera kr. 10 500.00.
2. Í umdæmum, sem hafa fleiri en 300 manns, skulu árslaunin vera kr. 10 500.00 að viðbættum kr. 336.00 fyrir hverja fulla fimm tugi manna, sem fram yfir eru 300.
3. Í umdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri skipaðar ljósmæður, skal deila íbúatölu jafnt á milli þeirra og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum skipuðum ljósmæðrum, þó aldrei yfir kr. 24 000.00 í byrjunarlaun.

   Launin skulu hækka eftir 3 ár um kr. 1 780.00 og eftir önnur 3 ár um kr. 1 780.00.

Ef tveimur eða fleiri ljósmóðurumdæmum er steypt saman í eitt umdæmi fyrir það, að sýnt þykir, að umdæmin fást ekki skipuð hvort í sínu lagi, er ráðherra heimilt að ákveða ljósmóður hins nýja umdæmis laun, er mega nema allt að samanlögðum launum hinna fyrri umdæma.

Þegar almennar breytingar verða á launum starfsmanna ríkisins, skal breyta launum ljósmæðra að sama skapi.

Skipaðri ljósmóður, sem falið er um stundarsakir að gegna nágrannaumdæmi, ber að greiða fyrir það byrjunarlaun þess umdæmis.

Ríkissjóður leggur til áhöld í ljósmæðraumdæmin, og ákveður landlæknir í samráði við skólastjóra og aðalkennara Ljósmæðraskóla Íslands, hver þau skuli vera.

2. gr.

Með lögum þessum er felld úr gildi 1. gr. laga nr. 23 28. marz 1947, um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933, lög nr. 23 22. marz 1948 og lög nr. 114 29. desember 1951, bæði um breyting á lögum nr. 23 28. marz 1947, um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu laun ljósmæðra greiðast samkvæmt þeim fyrir allt árið 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt ósk Ljósmæðrafélags Íslands og meðmælum landlæknis hefur farið fram endurskoðun á launaákvæðum ljósmæðralaga. Jafnframt hefur verið leitað upplýsinga hjá sýslumönnum um viðhorf til umdæmaskipunar ljósmæðrastarfanna. Ekki hafa komið svo skýrar bendingar í umsögnum sýslumanna, að það gefi grundvöll fyrir skipulagsbreytingum að svo stöddu, þótt benda megi á, að uppi munu vera raddir hjá ljósmæðrum um, að þörf sé róttækrar skipulagsbreytingar á umdæmaskipan, en svo sem kunnugt er, gera gildandi lög ráð fyrir því, að sýslunefndir segi fyrir um skipan ljósmæðraumdæma.

Er því í lagafrumvarpi þessu eingöngu gert ráð fyrir breytingu á launaákvæðum gildandi ljósmæðralaga. Er launaákvæðunum breytt á samsvarandi hátt og gert er í lögum um hreppstjóra, sem nýlega hafa hlotið samþykki á Alþingi, en laun ljósmæðra og hreppstjóra eru byggð á svipuðum reglum, þ. e. lágmarkslaun skipaðra ljósmæðra í umdæmum utan kaupstaða miðuð við ákveðna íbúatölu í umdæmi, en hækkun kemur svo á þau laun við hverja fulla fimm tugi íbúa, sem fram yfir eru 300.

Laun ljósmæðra höfðu fram á árið 1963 hækkað í samræmi við almennar launabreytingar ríkisstarfsmanna, en eftir að launaákvæði kjaradóms komu til framkvæmda hafa launin verið hækkuð um 15%, sbr. samsvarandi hækkun á launum hreppstjóra þá.

Laun ljósmæðra í umdæmunum með 300 íbúa eða fleiri voru árið 1962 kr. 6 806.31, en árið 1964 með 15% hækkun allt árið kr. 7 827.26. Með hliðsjón af launahækkunum opinberra starfsmanna skv. kjaradómi hefur þótt rétt að gera tillögu um að lægstu launin verði kr. 10 500.00 og aðrar tölur breytist í sömu hlutföllum og er þó samtímis leiðrétt skekkja, sem komst í launaákvæðin við lagabreytingu 1948, er ekki voru gerðar samsvarandi breytingar á launaviðbótum vegna íbúatölu-hækkunar og starfsaldurs og gerðar voru þá á lágmarkslaununum.

Fólksfjöldi miðast við 1. desember árið á undan í stað áramóta, vegna viðmiðunar þjóðskrárinnar.

Þá er vikið við orðalagi til þess að tryggja betur, að laun ljósmæðra breytist í samræmi við almennar launabreytingar starfsmanna ríkisins.

Ed. 524. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til laga um lausn kjaradeilu atvinnuflugmanna.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd hefur athugað frv. þetta á einum fundi og rætt við deiluaðila, forráðamenn Félags ísl. atvinnuflugmanna og fulltrúa vinnuveitenda. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Leggur meiri hl. n., stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, til, að frv. verði samþykkt, en undirritaðir eru andvígir frv. og leggja til, að það verði fellt.

Með frv. þessu er stefnt að því að banna verkfall það, sem Félag ísl. atvinnuflugmanna boðaði til frá og með 3. apríl s. l. og er í alla staði lögmætt skv. lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Enn fremur er svo stefnt að því, að skipaður verði gerðardómur, sem ákveði þeim hópi atvinnuflugmanna, sem hér um ræðir, laun, vinnutíma og öll önnur starfskjör.

Það er skoðun undirritaðra, að engar þær röksemdir hafi verið færðar fram, sem réttlæti það, að atvinnuflugmenn séu sviptir samningsrétti sínum við atvinnurekendur. Ekki verður heldur séð, að slíkar aðgerðir þjóni á nokkurn hátt íslenzkum hagsmunum eða geti reynzt bjargráð fyrir Loftleiðir h/f eða önnur íslenzk flugfélög, þegar til lengdar lætur. Miklu líklegra er, að slíkar árásir á mannréttindi flugmannastéttarinnar mundu valda Loftleiðum ófyrirsjáanlegu tjóni í framtíðinni, m. a. vegna þeirrar hættu, að hin vel mennta og hæfa starfsstétt mundi í verulegum mæli hrekjast brott úr landinu til starfa hjá erlendum flugfélögum, sem flest eða öll bjóða miklu hærri launakjör og betri starfsskilyrði en hér tíðkast, a. m. k. enn sem komið er. Hafa flugmenn og lýst því yfir, **að þeir muni ekki una því að taka laun fyrir störf sín, nema samkvæmt frjálsum samningum við vinnuveitendur sína.** Þegar af þessari ástæðu erum við undirritaðir andvígir þessu frv.

Aðrar ástæður eru þó sízt veigaminni. Yfirvofandi hætta er á, að slíkt fordæmi, sem skapast mundi við mannréttindasviptingu flugmanna, yrði síðar notað gegn öðrum launastéttum, jafnvel þeim, sem lægstar tekjur bera frá borði í þjóðfélaginu. Alveg sérstaklega ber að hafa þessa hættu í huga nú, þegar svo stendur á, að láglaunastéttirnar búast til sóknar fyrir bættum kjörum eftir 5 ára tímabil nær algerrar kyrrstöðu í kjaramálum eða jafnvel beinnar afturfarar hvað launakjör snertir. Framkvæmd þessa frv. er því bein ógnun við stéttasamtökin í landinu, grundvallarréttindi þeirra og framtíðarkjarabaráttu.

Í þessu sambandi er og rétt að hafa í huga, að núv. ríkisstjórn hefur hvað eftir annað vegið að þeim réttargrundvelli, sem stéttasamtökin starfa á samkvæmt gildum landslögum, og er reynslan af þeim aðgerðum sízt til þess fallin að sætta almenning við frekari fordæmi af slíku tagi.

Í viðræðum við fulltrúa F. Í. A. og Loftleiða hefur það skýrzt fyrir n., að engar óskir hafa verið bornar fram frá þessum aðilum til ríkisstjórnarinnar að knýja fram lögþvingaðan gerðardóm. Vekur sú yfirlýsing beggja deiluaðila grun um, að hér séu aðrar og ógöfugri hvatir að baki en látið er í veðri vaka. Augljóst er einnig, að ófullnægjandi sáttaaðgerðir hafa farið fram, og er næsta líklegt, að atvinnurekendur hafi allt frá því er málið kom í hendur sáttasemjara skákað í því skjóli, að lögþvingaður gerðardómur yrði settur í deilunni.

Það er því skoðun minni hl., að sættir í þeirri deilu, sem hér um ræðir, séu því aðeins líklegar, að hv. Alþingi felli þetta frv. og geri þar með báðum deiluaðilum ljóst, að þeir verði hvor um sig og báðir sameiginlega að standa ábyrgir gerða sinna á grundvelli gildandi landslaga. Það styður og mjög þessa skoðun okkar, að miklu minna ber raunverulega á milli deiluaðila en ýmsir hafa látið í veðri vaka. Frjálsir samningar mundu því að öllum líkindum vera á næsta leyti, ef eðlilega væri að þeim unnið og ríkisstjórnin yrði hindruð í óeðlilegum og jafnvel stórhættulegum afskiptum af deilunni.

Alþingi, 28. apríl 1965.

Björn Jónsson, frsm.	Ásgeir Bjarnason.	Páll Þorsteinsson.

Fylgiskjal.

Í marzmánuði s. l. hófust viðræður fulltrúa F. Í. A. við fulltrúa Loftleiða h/f og Vinnuveitendasambandsins um samningsgerð varðandi kaup og kjör flugmanna, sem starfa á flugvélum af gerðinni R.R-400.

Flugmenn höfðu þá þegar starfað á þessum flugvélum frá því í júní 1964 gegn því, að laun yrðu síðar greidd skv. þeim samningi, sem gerður yrði.

Allar samningaviðræður hafa einkennzt af tregðu viðsemjenda F. Í. A. til að semja.

F. Í. A. lækkaði kröfur sínar fyrir verkfall um 25%, en Loftleiðir h/f hafa hins vegar til þessa ekki viljað greiða nokkra kauphækkun og tilkynntu jafnvel á einum fundi, að af félagsins hálfu væri gerð krafa um kauplækkun.

Auk þess sem deilt er um kaup, er mikill ágreiningur um vinnutíma, þann hluta vinnutímans, sem telst flugtími.

F. Í. A. lítur svo á, að frumvarp það til laga um lausn á kjaradeilu atvinnuflugmanna, sem hefur verið lagt fyrir Alþingi, sé m. a. skýringin á tregðu Loftleiða h/f til að semja um ágreiningsefnin, þ. e. að forráðamenn Loftleiða h/f hafi, meðan verið var að vinna að samningum, átt von á slíku lagafrumvarpi og verið því samþykkir, að það yrði lagt fram.

F. Í. A. hefur áður orðið fyrir barðinu á ríkisvaldinu, er bráðabirgðalög voru sett um bann við verkfalli atvinnuflugmanna, er félagið stóð í kjaradeilu árið 1960.

F. Í. A. lítur mjög alvarlegum augum á lagafrumvarp það, sem nú hefur verið lagt fram.

Verði það samþykkt, er félagið svipt grundvallarréttindum launþegasamtaka í lýðfrjálsum löndum, samningafrelsinu.

Flugmenn vilja ekki og **munu ekki** una því að taka laun fyrir starf sitt, nema skv. frjálsum samningum við vinnuveitendur sína.

Vinnutími flugmanna getur skv. samningum komizt upp í 22 klst. á sólarhring, og hefur hann fyrir baráttu flugmanna þó verið færður niður frá því, sem áður var.

Í þessari kjaradeilu er krafizt breytinga á flugtíma til lækkunar, fyrst og fremst til að forðast ofþreytu flugmanna út af næturvökum og vegna þeirrar röskunar, sem mikill tímamismunur á áfangastöðum og hvíldarstöðum veldur.

F. Í. A. telur óhæft með öllu að ætla öðrum en flugmönnum sjálfum í samráði við vinnuveitendur sína að ákveða vinnutíma atvinnuflugmanna.

Mundi slíkt sennilega einsdæmi meðal lýðræðisþjóða.

Með vísan til þess, sem að framan segir, og af fleiri ástæðum heitir F. Í. A. á hæstvirt Alþingi að fella nefnt lagafrumvarp, og telja má víst, að samningar milli F. Í. A. og Loftleiða h/f kæmust þá fljótt á.

Stjórn F. Í. A.

Ed. 525. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. og mælir með samþykkt þess með þeirri breytingu, sem nefndin flytur á þingskjali 526.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins í nefnd var Ólafur Jóhannesson.

Alþingi, 27. apríl 1965.

Eggert G. Þorsteinsson, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Hermann Jónasson.
Magnús Jónsson.	Alfreð Gíslason.	Sigurður Ó. Ólafsson.

Ed. 526. Breytingartillaga [140. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Orðin „nægjanlega heyrn“ falli niður.

Ed. 527. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og með vísun til reglna þeirra, sem birtar eru í nefndaráliti allsherjarnefndar Nd., leggur nefndin til, að það verði samþykkt með viðauka, sem flutt er till. um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. apríl 1965.

Eggert G. Þorsteinsson, form.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Alfreð Gíslason.	Sigurður Ó. Ólafsson.	Hermann Jónasson.

Ed. 528. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Moestrup, John Gilbert Grum, nemi í Reykjavík, f. í Danmörku 31. ágúst 1942.
2. Seefeld, Wolf, garðyrkjumaður í Hveragerði, f. í Lettlandi 19. júní 1912.
3. Segatta, Piergiorgio Luigi Natale, framreiðslumaður í Reykjavík, f. á Ítalíu 20. febrúar 1937.
4. Züber, Margareth, húsmóðir í Reykjavík, f. í Austurríki 5. júlí 1927.

Nd. 529. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 25 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til meðferðar og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. apríl 1965.

Einar Ingimundarson, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson, frsm.
Skúli Guðmundsson.	Matthías Bjarnason.	Björn Fr. Björnsson.
	Ragnar Arnalds.	

Nd. 530. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 3. febr. 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin tók frumv. til athugunar og varð sammála um að mæla með samþykkt þess.

Þeir Hannibal Valdimarsson og Matthías Bjarnason voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 27. apríl 1965.

Guðl. Gíslason, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson, frsm.

Jón Skaftason. Jónas G. Rafnar.

Nd. 531. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Lög nr. 63 frá 1919, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, eru löngu úrelt orðin og þörf á mikilvægum breytingum. Sérstaklega er nauðsynlegt að kveða skýrar á um rétt erlendra manna til að eignast fasteignir á Íslandi.

Meginstefna Alþýðubandalagsins í þessu efni hefur oft komið fram og mun flestum kunn. Alþýðubandalagið telur farsælast að hafa það viðhorf að leiðarljósi, að fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi skuli Íslendingar einir eiga. Þó er eðlilegt að gera undantekningu í nokkrum tilvikum. Ráðherra ætti t. d. að vera heimilt að veita erlendum mönnum leyfi til að eignast fasteignir á Íslandi við hjúskap og erfðir, einnig mætti leyfa erlendum mönnum búsettum hér að eignast íbúðir til eigin afnota, sjálfsagt er í samræmi við alþjóðavenjur að leyfa erlendum sendiráðum að eiga hér húseignir, og hið sama gildir um fasteignir í eigu alþjóðlegra stofnana, sem Ísland er aðili að, sem ætlaðar eru til afnota fyrir menningar- og heilbrigðisstarfsemi.

Að öðru leyti ber ekki að víkja frá þessari sjálfsögðu meginstefnu, nema sérstök ástæða sé til. Verður Alþingi að íhuga það hverju sinni, hvort ástæða sé til undantekningar. Sé það álit meiri hlutans, að fjárfesting hinna erlendu manna sé óveruleg eða þess eðlis, að hættulaus geti talizt, ber að samþykkja um það lagafrumvarp hverju sinni. Sem dæmi um slíka málsmeðferð mætti nefna lög um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, sem samþykkt voru á síðastliðnu ári. Þar var gert ráð fyrir óverulegri hlutafjáreign erlendra manna, enda mælti Alþýðubandalagið ekki sérstaklega gegn þeirri tilhögun.

Í allsherjarnefnd varð enginn ágreiningur um meginefni frumvarpsins: að ríkisborgararéttur verði skilyrði fyrir eignarrétti og afnotarétti fasteigna. Slík tilhögun hefur verið um árabil í Sviþjóð, Noregi og Finnlandi og á enn frekar við hér á landi. Hins vegar urðu nefndarmenn ekki á eitt sáttir um það atriði, að allt að 49% hlutafjár í hlutafélögum geti verið í eigu erlendra ríkisborgara. Ég flutti tillögu um það í nefndinni, að allt hlutafé skyldi vera í eigu íslenzkra ríkisborgara og þyrfti þá sérstaka lagasetningu hverju sinni, ef út af ætti að bregða. Benti ég á, að ekki mætti selja nokkra jörð úr eigu ríkisins, hvorki stórbú né örreytiskot í útkjálkabyggð, án þess að um það væri fjallað við sex umræður á Alþingi. Væri tæpast ástæða til minni

varkárni, þegar hleypa ætti erlendum auðmönnum inn í íslenzk hlutafélög, og væri því sjálfsagt, að Alþingi fjallaði um það hverju sinni.

Fulltrúar Framsóknarflokksins tóku sér stöðu miðja vegu á milli og lögðu til, að ekki minna en 75% hlutafjár yrði að vera í eigu íslenzkra ríkisborgara og 60% stjórnarmanna hið fæsta að vera með ríkisborgararétt. Athyglisvert er, að bæði fulltrúar Framsóknarflokksins og stjórnarflokkanna vilja ganga skemur en gert er í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi, en þar er yfirleitt miðað við, að meira en 80% atkvæða á hluthafafundum tilheyri ríkisborgurum viðkomandi lands í hlutafélagi, ef ekki á að sækja um sérstakt leyfi. Er þó miklu meiri ástæða til varkárni á Íslandi en hjá frændum okkar á Norðurlöndum, sem eru 20—40 sinnum fjölmennari og eiga því ólíkt hægara með að hafa í fullu tré við erlenda fjármagnseigendur.

Ekkert samkomulag varð um þetta atriði, en áður en umræðum lauk í nefndinni, gerðu fulltrúar stjórnarflokkanna tillögu um að hækka lágmarkshlutafjáreign íslenzkra ríkisborgara í 60%.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að ráðherra hafi ótakmarkaða heimild til að veita erlendum mönnum leyfi til að eiga og nota íslenzkar fasteignir, ef honum þóknast svo og þrátt fyrir önnur ákvæði frumvarpsins. Með þessu eru takmörk frumvarpsins fyrir eignarrétti útlendinga næstum því að engu gerð. Ráðherrar eru misjafnir, þeir koma og fara, sumir eru varkárir og aðrir eru ístöðulitlir. Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna gagnrýndu þetta ákvæði harðlega, og flytja framsóknarmennirnir breytingartillögu, sem ég styð, en samkvæmt henni er ráðherra aðeins heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum laganna, ef erlendir menn hafa komizt yfir fasteign við hjúskap eða erfðir.

Þessa dagana hafa stjórnarflokkarnir í undirbúningi að leyfa erlendum auðmönnum að reisa stóriðjuver á Íslandi. Ýmsir sérfræðingar ríkisstjórnarinnar fara ekki dult með, að þetta risafyrirtæki eigi að ryðja brautina fyrir erlenda auðmenn í íslenzkum atvinnuvegum. Íslenzkir fjármagnseigendur láta ósjaldan stjórnast af þröngsýnum gróðasjónarmiðum og eiginhagsmunum. En þeir eru ríkisborgarar þessa lands og hafa beinan og óbeinan hag af vexti og viðgangi íslenzkra atvinnuvega. Íslenzkir hagsmunir eru yfirleitt þeirra hagsmunir af fjárhagslegum, siðferðilegum eða tilfinningalegum ástæðum. Alþjóðlegt auðmagn er varhugavert, vegna þess að það spyr aldrei um íslenzka hagsmuni, hag þjóðarinnar. Og íslenzkir atvinnurekendur verða ekki þjóðlegri í hugsun eða athöfn við að blanda blóði við erlent auðmagn í íslenzkum atvinnuvegum.

Réttur útlendinga til þátttöku í íslenzkum hlutafélögum og ótakmörkuð heimild ráðherra til að veita undanþágu samrýmist illa íslenzkum hagsmunum. Í báðum þessum tilfellum verður Alþingi að hafa rétt til eftirlits og úrslitaákvörðunar um það, hvort og að hve miklu leyti erlendu fjármagni skuli hleypt inn í landið.

Alþingi, 26. apríl 1965.

Ragnar Arnalds.

Nd. 532. Breytingartillaga [131. mál]

við frv. til l. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá Ragnari Arnalds.

4. töluliður 1. gr. orðist svo:

Ef félag er, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, eða stofnun, þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og allir félagar, hluthafar eða aðilar vera íslenzkir ríkisborgarar.

Nd. **533. Nefndarálit** [30. mál]

um frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá menntamálanefnd.

Runnin er upp öld tækni og vísinda. Hafa mörg fögur orð verið sögð um nauðsyn og gildi rannsókna og margir tekið undir þá skoðun, að íslenzka þjóðin yrði að beita fyrir sig vísindum til að fá notið hinna beztu lífskjara í landi sínu.

Frumvarp þetta fjallar eingöngu um skipulag rannsóknarmála í þágu atvinnuveganna. Það er því atriði, sem afgreiða verður, áður en þjóðin getur gert upp við sig, hvað hún þarf að gera fyrir vísindarannsóknir í þágu atvinnuveganna til að fá notið fullra ávaxta tækninnar.

Frumvarpið var fyrst flutt á Alþingi 1962 og endurflutt 1963. Nú er það enn fram komið, og hefur menntamálanefnd fjallað ýtarlega um það. Eru nefndarmenn sammála um það meginatriði, að Alþingi megi ekki lengur draga að koma skipulagsmálum vísindarannsókna í betra horf, ef þjóðinni á nokkru sinni að auðnast að færa sér sjálfar rannsóknirnar betur í nyt en hingað til. Þess vegna er brýn nauðsyn að afgreiða þetta mál og dveljast ekki lengur við silkihúfur, heldur komast að kjarna málsins.

Áður hefur verið leitað álits fjölmargra aðila, sem láta sig þessi mál varða. Nú hefur menntamálanefnd rætt frumvarpið á mörgum fundum og fjallað um ýmsar breytingartillögur nefndarmanna, svo og nokkur erindi, sem borizt hafa. Nefndin hefur orðið sammála um allmargar breytingartillögur, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali, og stendur nefndin einhuga um framgang frumvarpsins með þeim breytingum. Þó er rétt að taka fram, að Einar Olgeirsson var andvígur þeirri skipan, sem höfð er um stjórnir rannsóknarstofnananna, en flytur ekki breytingartillögur um það atriði til að spilla ekki framgangi málsins. Sigurvin Einarsson og Björn Fr. Björnsson eru andvígir 45. og 53. greinum. Annars áskilja nefndarmenn sér allan rétt varðandi frekari breytingartillögur, sem fram kunna að koma.

Höfuðatriði breytingartillagna nefndarinnar eru þessi:

1. Nefndin leggur til, að fjölgað sé í rannsóknaráði úr 17 mönnum í 21. Leggur hún til, að í ráðinu sitji 7 alþingismenn, en ekki 5, og er það í samræmi við þróun mála á þingi. Virðist og æskilegt, að rannsóknaráð verði sá tengiliður milli vísindastofnana og löggjafarþings, sem skapaður hefur verið með sérstökum nefndum í öðrum löndum. Þá er gert ráð fyrir, að forstjórar allra fimm rannsóknarstofnana eigi sæti í ráðinu, en var áður gert ráð fyrir 3 fulltrúum þeirra. Loks er lagt til, að menntamálaráðherra verði formaður rannsóknaráðs, og mun það væntanlega auka vald og virðingu ráðsins.
2. Með breytingu við 4. gr. er forstjórum rannsóknarstofnananna heimilað að taka sæti í framkvæmdanefnd ráðsins.
3. Fellt er niður, að framkvæmdastjóri rannsóknaráðs þurfi að hafa háskólapróf „í raunvísindum", enda gætu menn menntaðir í öðrum greinum vel gegnt því starfi.
4. Sama breytingartillaga er gerð um stjórnir allra rannsóknarstofnananna: einn maður sé skipaður af ráðherra án tilnefningar, annar samkvæmt tilnefningu viðkomandi stofnunar (Fiskifélags, Búnaðarfélags o. s. frv.) og hinn þriðji tilnefndur af ráðgjafarnefnd.
5. Forstjórar stofnananna skulu semja starfsáætlanir þeirra og leggja fyrir stjórnir, og þeir skulu ráða starfsfólk. Er brtt. þessa efnis gerð um allar stofnanirnar.
6. Nefndin leggur til, að ráðgjafarnefnd skuli vera við allar rannsóknarstofnanir. Gert er ráð fyrir, að forstjórar stofnananna eigi sæti í þessum nefndum, en séu ekki sjálfkjörnir formenn þeirra. Þá er lagt til, að ráðherra geti með samþykki

stjórna viðkomandi stofnana fjölgað í ráðgjafarnefndum og veitt nýjum aðilum sæti í þeim, ef ástæða þykir til.

7. Með brtt. við 54. gr. er gert ráð fyrir, að ráðherra ákveði, að fengnu áliti forstjóra og stjórnar, deildaskiptingu rannsóknarstofnana og skipi deildarstjóra.
8. Í 56. gr. er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin ráðstafi húseign Atvinnudeildar háskólans í þágu íslenzkrar vísindastarfsemi. Um leið og ríkið sér rannsóknarstofnunum fyrir nýju húsrými, er eðlilegt, að háskólinn fái þetta hús til sinna afnota.
9. Í brtt. við 57. gr. er gert ráð fyrir, að framkvæmdastjóri rannsóknaráðs kalli forstjóra stofnananna saman til funda til að ræða sameiginleg málefni.
10. Í brtt. við 63. gr. er gert ráð fyrir, að sérfræðingar rannsóknarstofnana geti kennt við Háskóla Íslands, og skal skipa þeim málum með reglugerð.

Alþingi, 23. apríl 1965.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Gunnar Gíslason, fundaskr.	Einar Ingimundarson.
Sigurvin Einarsson, með fyrirvara.	Einar Olgeirsson.	Björn Fr. Björnsson, með fyrirvara.
	Davíð Ólafsson.	

Ed. 534. Lög [17. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1962, um verkamannabústaði.

(Afgreidd frá Ed. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 444.

Nd. 535. Lög [172. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands til flugvélakaupa.

(Afgreidd frá Nd. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 397.

Nd. 536. Frumvarp til laga [177. mál]

um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 27. apríl.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 58/1946 orðist svo:

Menntaskólar skulu vera sex, tveir í Reykjavík, einn á Akureyri, einn á Laugarvatni, einn á Ísafirði og einn á Austurlandi. Heimilt er að stofna fleiri menntaskóla í Reykjavík eða nágrenni.

Menntaskólar utan Reykjavíkur eða nágrennis skulu vera heimavistarskólar. Heimilt er að koma framangreindum skólum á fót í áföngum, bæði að því er varðar kennslu og byggingu húsnæðis fyrir þá.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að koma á fót kennslu í námsefni fyrsta bekkjar menntaskóla við gagnfræðaskóla, þar sem nemendafjöldi og önnur skilyrði gera slíka ráðstöfun eðlilega og framkvæmanlega.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði, svo og kostnaður við menntaskóladeildir, er komið kann að verða á fót við gagnfræðaskóla samkvæmt heimild þessarar lagagreinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 537. Frumvarp til laga [194. mál]

um eftirlaun alþingismanna.

Flm.: Einar Ingimundarson, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

Alþingismenn skulu greiða í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 4% — fjóra af hundraði — af þingfararkaupi sínu, eins og það er á hverjum tíma. Skal upphæðin dragast frá kaupinu mánaðarlega og greiðast sjóðnum ásamt mótframlagi, er greiðist af alþingiskostnaði, að upphæð 6% — sex af hundraði — af mánaðarlega greiddu þingfararkaupi. Alþingismenn skulu vera í sérstakri deild innan lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með sérstöku reikningshaldi. Þátttaka í alþingismannadeild sjóðsins hefur ekki áhrif á rétt né skyldu alþingismanna til að vera í öðrum deildum sjóðsins. Alþingismenn njóta að öðru leyti sömu réttinda og bera sömu skyldur og aðrir sjóðfélagar, meðan þeir eiga sæti á Alþingi, nema annars sé getið í lögum þessum.

2. gr.

Þegar alþingismaður hefur látið af þingmennsku og er 65 ára eða eldri eða öryrki, á hann rétt á eftirlaunum úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem lýst er í 3. gr. laga þessara. Þetta gildir um alla núverandi og fyrrverandi alþingismenn, sem á lífi eru, þegar lög þessi öðlast gildi. Þegar talað er um öryrkja í lögum þessum, er átt við 75% sannaða örorku eða meira. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, ef sérstaklega stendur á, að greiða skuli fyrrverandi alþingismanni, sem aflað hefur sér eftirlaunaréttar samkvæmt lögum þessum, hluta af eftirlaunum hans, en aldrei meira en 50% eftirlaunanna, þótt örorka hans nái ekki 75%.

3. gr.

Fyrrverandi alþingismaður, sem uppfyllir ákvæði 2. gr. þessara laga, á rétt á eftirlaunum sem hér segir: Fyrir tveggja kjörtímabila eða 6—10 ára þingsetu samanlagt 35% — þrjátíu og fimm af hundraði. Fyrir þriggja kjörtímabila eða 10—15 ára þingsetu samanlagt 50% — fimmtíu af hundraði. Fyrir 15—20 ára þingsetu samanlagt 55% — fimmtíu og fimm af hundraði, og fyrir 20—25 ára þingsetu samanlagt 60% — sextíu af hundraði. Nú hefur maður átt sæti á Alþingi lengur en 25 ár samanlagt, og á hann þá rétt á 1% — einum af hundraði — hækkun á eftirlaun sín fyrir hvert ár, sem hann hefur setið á Alþingi fram yfir 25 ár, þó aldrei hærri eftirlaunum en 70% — sjötíu af hundraði.

Hundraðshluti miðast við laun alþingismanns, eins og þau eru á hverjum tíma. Upphaf og lok þingsetu miðast við fyrsta dag næsta mánaðar, eftir að alþingiskosningar eru háðar, þingmaður segir af sér þingmennsku eða andast. Brot úr ári, sem nær ekki 6 mánuðum, fellur niður, en brot úr ári, 6 mánuðir eða meira, reiknast sem heilt ár.

4. gr.

Maður, sem setið hefur á Alþingi skemur en 2 kjörtímabil eða 6 ár, á ekki rétt á eftirlaunum, þótt hann hafi greitt iðgjöld til alþingismannadeildar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hins vegar á hann rétt á að fá endurgreidd úr sjóðnum iðgjöld þau, sem hann hefur greitt, þegar hann lætur af þingstörfum, svo sem ákveðið er um aðra sjóðfélaga í gildandi lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

5. gr.

Maki fyrrverandi alþingismanns, sem rétt hefur til eftirlauna samkvæmt lögum þessum, á rétt á að fá 50% — fimmtíu af hundraði — af eftirlaunum maka síns, að honum látnum. Sé maki látins fyrrverandi alþingismanns á lífi, þegar lög þessi öðlast gildi, á hann sama rétt til lífeyris og hann hefði öðlazt, ef maki hans hefði þá verið á lífi.

6. gr.

Nú andast alþingismaður eða fyrrverandi alþingismaður, sem öðlazt hefur rétt til eftirlauna samkvæmt 3. gr. laga þessara, áður en hann nær 65 ára aldri, og á þá maki hans, ef á lífi er, rétt til þess hundraðshluta af eftirlaunum hins látna, sem 5. gr. laga þessara segir til um.

7. gr.

Lífeyrir samkvæmt lögum þessum greiðist án tillits til lífeyris, er sjóðfélagi á rétt á úr öðrum deildum lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og öðrum lögboðnum lífeyrissjóðum, og hefur ekki áhrif á slík lífeyrisréttindi.

8. gr.

Halli, sem verða kann á lífeyrissjóði alþingismanna, ef iðgjöld í sjóðinn endast ekki til greiðslu eftirlauna til fyrrverandi alþingismanna, eða lífeyris til maka þeirra, greiðist af alþingiskostnaði.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felldar 6.—13. gr. laga nr. 82 24. des. 1953, um þingfararkaup alþingismanna o. fl., og öll önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1965.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fyrir 1. júlí 1965 skal lífeyrissjóður alþingismanna hafa verið sameinaður lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í samræmi við ákvæði laga þessara.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Með lögum nr. 84/1953, um þingfararkaup alþingismanna o. fl., var stofnaður sérstakur lífeyrissjóður alþingismanna, sem alþingismenn skyldu greiða 4% af þingfararkaupi sínu til, og skyldi sjóðurinn síðan annast lífeyrisgreiðslur til þeirra eða maka þeirra eftir nánar tilteknum reglum, sem síðar verður vikið að. Mótframlag ríkissjóðs í sjóð þennan skyldi vera 6% af greiddu þingfararkaupi. — Með lögum nr. 4/1964, um þingfararkaup alþingismanna, voru ákvæði áðurnefndra laga nr. 84/1953 um launagreiðslur til alþingismanna úr gildi felld. Hins vegar héldu gildi sínu ákvæði laga þessara um lífeyrissjóð alþingismanna, en í hinum nýju lögum um þingfararkaup alþingismanna (nr. 4/1964) var þó gert ráð fyrir, að sett yrðu ný lög um lífeyrissjóð alþingismanna.

Á síðari árum hefur verið vaxandi tilhneiging til að líta á alþingismenn sem starfsmenn ríkisins eða hliðstæða þeim, meðan þeir eiga sæti á Alþingi, sbr. það ákvæði gildandi laga um þingfararkaup alþingismanna, að þeim skuli greidd föst laun mánaðarlega (1. gr.) og að heimilt sé að hækka eða lækka laun þeirra, ef almennar breytingar verða á launum starfsmanna ríkisins.

Að þessu athuguðu þykir því eðlilegt, að alþingismenn greiði héðan í frá hluta af launum sínum til sérstakrar deildar lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og njóti þeir sömu réttinda og beri sömu skyldur og aðrir ríkisstarfsmenn, meðan þeir eiga sæti á Alþingi, nema annað sé tekið fram.

Um 2. gr.

Þessi grein frumvarpsins svarar til 7. gr. laga nr. 84/1953, um þingfararkaup alþingismanna o. fl., og er að mestu samhljóða henni. Ákvæðið um örorku er þó skilgreint nánar hér og um það settar nánari reglur.

Um 3. gr.

Í grein þessari felast reglur um greiðslu eftirlauna til alþingismanna, sem látið hafa af þingmennsku og hafa náð vissu aldursmarki eða eru öryrkjar, eftir því, hve lengi þeir hafa átt sæti á Alþingi. Er greinin hliðstæð 8. gr. laga nr. 84/1953, en þrepum í þeim stiga, sem fyrrverandi alþingismenn taka eftirlaun eftir, er þó fjölgað í þessari grein miðað við 8. gr. nefndra laga. Er hér gert ráð fyrir, að greiðsla eftirlauna hefjist eftir setu á Alþingi í tvö kjörtímabil eða 6 ára þingsetu samanlagt í stað þriggja kjörtímabila eða 10 ára þingsetu í gildandi lögum um þingfararkaup alþingismanna. Einnig er svo kveðið á í þessari grein, að eftirlaun alþingismanna hækki árlega um vissan hundraðshluta (1%) eftir samanlagt 25 ára þingsetu, og er þetta ákvæði nýmæli miðað við gildandi lög. Þykja þær breytingar, sem grein þessi ráðgerir, eðlilegar og sanngjarnar, er hafðar eru í huga stighækkandi eftirlaunagreiðslur til starfsmanna ríkisins samkv. lögum nr. 29/1963, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. — Miðun síðustu málsgr. 8. gr. laga nr. 84/1953 við dagkaup alþingismanna, er finna skal upphæð þess lífeyris, sem hann á rétt á, fellur niður af sjálfu sér, þar eð lagaákvæði segja fyrir um, að alþingismönnum skuli greidd föst laun mánaðarlega allt árið.

Um 4. gr.

Grein þessi er hliðstæð 9. gr. laga nr. 84/1953 og efnislega samhljóða henni að öðru leyti en því, að réttur til endurgreiðslu iðgjalda úr lífeyrissjóði er hér miðaður við minna en tveggja kjörtímabila setu eða 6 ára þingsetu í stað þriggja kjörtímabila eða 10 ára þingsetu í áðurnefndum lögum.

Um 5. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 11. gr. laga nr. 84/1953.

Um 6. gr.

Rétt þykir að taka skýrt fram, svo sem gert er í þessari grein, að maki alþingismanns eða fyrrverandi alþingismanns, sem öðlazt hefur eftirlaunarétt samkvæmt frumvarpi þessu með þingsetu sinni, en andast, áður en hann nær 65 ára aldri, eigi rétt á að fá greiddan sama hundraðshluta af eftirlaunum hins látna maka síns og orðið hefði, ef hann hefði náð 65 ára aldri.

Um 7. gr.

Með þessari grein frumvarpsins á að taka af allan vafa um, að lífeyrir, sem greiddur er samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa, skerði á engan hátt lífeyri, sem sjóðfélagar (alþingismenn) hafa unnið sér rétt til úr öðrum deildum lífeyrissjóðs

starfsmanna ríkisins og öðrum lögboðnum lífeyrissjóðum, né skerði slíkur lífeyrir lífeyrisréttindi alþingismanna eða maka þeirra, samkvæmt frumvarpi þessu.

Um 8. gr.

Búast má við, að halli verði á lífeyrissjóði alþingismanna um ófyrirsjáanlegan tíma. Hafa iðgjaldagreiðslur í sjóðinn hingað til hvergi nærri hrokkið til að standa undir greiðslu eftirlauna til fyrrverandi alþingismanna og lífeyrisgreiðslum til maka þeirra, sem látnir eru. Annars eru ákvæði þessarar greinar í samræmi við ákvæði gildandi laga um lífeyrissjóð alþingismanna (lög nr. 84/1953, 10. gr.). Halli, sem verða kann á sjóðnum, verði eftir sem áður greiddur af alþingiskostnaði.

Ed. 538. Frumvarp til laga [195. mál]

um eftirlaun ráðherra.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson, Björn Jónsson.

1. gr.

Ráðherrar skulu greiða í lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 4% — fjóra af hundraði — af ráðherralaunum sínum, eins og þau eru á hverjum tíma. Skal upphæðin dragast frá launununum mánaðarlega og greiðast sjóðnum ásamt mótframlagi, er greiðist úr ríkissjóði, að upphæð 6% — sex af hundraði — af mánaðarlega greiddum ráðherralaunum. Ráðherrar skulu vera í sérstakri deild innan lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með sérstöku reikningshaldi. Þátttaka í ráðherradeild sjóðsins hefur ekki áhrif á rétt né skyldu ráðherra til að vera í öðrum deildum sjóðsins. Ráðherrar njóta að öðru leyti sömu réttinda og bera sömu skyldur og aðrir sjóðfélagar, meðan þeir gegna ráðherraembættum, nema annars sé getið í lögum þessum.

2. gr.

Þegar maður hefur látið af ráðherraembætti og er 65 ára eða eldri eða öryrki, á hann rétt á eftirlaunum úr sjóðnum eftir þeim reglum, sem fyrir er mælt í 3. gr. þessara laga. Þetta gildir um alla núverandi og fyrrverandi ráðherra, sem á lífi eru, þegar lög þessi öðlast gildi. Þegar talað er um öryrkja í lögum þessum, er átt við 75% sannaða örorku eða meira. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða, ef sérstaklega stendur á, að greiða skuli fyrrverandi ráðherra, sem aflað hefur sér eftirlaunaréttar samkvæmt lögum þessum, hluta af eftirlaunum hans, en aldrei meira en 50% eftirlaunanna, þótt örorka hans nái ekki 75%.

3. gr.

Fyrrverandi ráðherra, sem uppfyllir ákvæði 2. gr. laga þessara, á rétt á eftirlaunum sem hér segir: Fyrir að hafa gegnt ráðherraembætti í 5—8 ár samanlagt 40% — fjörutíu af hundraði. Fyrir að hafa gegnt slíku embætti í 8—12 ár samanlagt 60% — sextíu af hundraði. Nú hefur maður gegnt ráðherraembætti samtals lengur en í 12 ár, og á hann þá rétt á 2% — tveimur af hundraði — hækkun á eftirlaun sín fyrir hvert ár, sem hann hefur gegnt embættinu fram yfir 12 ár, þó aldrei hærri eftirlaunum en 70% — sjötíu af hundraði.

Hundraðshluti miðast við laun ráðherra, eins og þau eru á hverjum tíma. Upphaf og lok starfs sem ráðherra miðast við fyrsta dag næsta mánaðar, eftir að hann tekur við embætti, fær lausn frá störfum eða andast. Brot úr ári, sem nær ekki 6 mánuðum, fellur niður, en brot úr ári, yfir 6 mánuði, reiknast sem heilt ár.

4. gr.

Maður, sem gegnt hefur ráðherraembætti skemur en 5 ár samanlagt, á ekki rétt á eftirlaunum samkvæmt lögum þessum, þótt hann hafi greitt iðgjöld í ráðherradeild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hins vegar á hann rétt á að fá endurgreidd úr sjóðnum, svo sem ákveðið er um aðra sjóðfélaga í gildandi lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, iðgjöld þau, sem hann hefur greitt, þegar hann lætur af ráðherrastörfum og önnur skilyrði fyrir eftirlaunagreiðslu eru fyrir hendi.

5. gr.

Maki fyrrverandi ráðherra, sem öðlazt hefur rétt til eftirlauna samkvæmt lögum þessum, á rétt á að fá 60% — sextíu af hundraði — af eftirlaunum maka síns, að honum látnum. Sé maki fyrrverandi ráðherra á lífi, þegar lög þessi öðlast gildi, á hann sama rétt til lífeyris og hann hefði öðlazt, ef maki hans hefði þá verið á lífi.

6. gr.

Nú andast ráðherra eða fyrrverandi ráðherra, sem öðlazt hefur rétt til eftirlauna samkvæmt 3. gr. laga þessara, áður en hann nær 65 ára aldri, og á þá maki hans, ef á lífi er, rétt til þess hundraðshluta af eftirlaunum hins látna, sem 5. gr. laga þessara segir til um.

7. gr.

Lífeyrir samkvæmt lögum þessum greiðist án tillits til lífeyris, sem sjóðfélagi á rétt á úr öðrum deildum lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og öðrum lögboðnum lífeyrissjóðum, og hefur ekki áhrif á slík lífeyrisréttindi.

8. gr.

Halli, sem verða kann á lífeyrissjóði ráðherra, ef iðgjöld í sjóðinn endast ekki til greiðslu eftirlauna samkvæmt lögum þessum, greiðist úr ríkissjóði.

9. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 30. gr. laga nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, svo og öll önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um 1. gr.

Í þessari grein frumvarpsins er gert ráð fyrir, að ráðherra greiði iðgjöld í sérstaka deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skulu ráðherrar greiða í sjóðinn 4% af ráðherralaunum sínum, en ríkissjóður 6% sem mótframlag af mánaðarlega greiddum launum til ráðherra. Ákvæði um eftirlaun ráðherra er nú að finna í 30. gr. laga nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, en þau lög hafa nú að mestu verið numin úr gildi með lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í 30. gr. áðurnefndra laga er hins vegar ekki gert ráð fyrir, að eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi ráðherra eða maka þeirra byggist á neinum iðgjaldagreiðslum þeirra, enda ekki um neinn lífeyrissjóð að ræða samkvæmt þeirri lagagrein, heldur gengið út frá því, að eftirlaunagreiðslur til ráðherra og maka þeirra séu inntar af hendi beint úr ríkissjóði. Ráðherrar eru starfsmenn ríkisins, og eru laun þeirra miðuð við ákveðinn launaflokk, sem opinberir starfsmenn taka laun eftir, þótt ekki sé þeirra getið í þeim flokki. Hækka og lækka laun þeirra eftir sömu reglum og laun annarra starfsmanna ríkisins. Þykir því eðlilegt, að ráðherrar greiði iðgjöld í sérstaka deild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og að þeir njóti sömu réttinda og beri sömu skyldur og aðrir sjóðfélagar, meðan þeir gegna ráðherraembættum, nema annað sé tekið fram.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um, við hvaða aldursmark fyrrverandi ráðherra öðlast rétt til eftirlauna samkvæmt lögum þessum. Er grein þessi efnislega samhljóða 1. málsgr. 30. gr. laga nr. 92/1955 að öðru leyti en því, að hér er gert ráð fyrir, að fyrrverandi ráðherra, sem verður öryrki innan 65 ára aldurs, öðlist þar með rétt til eftirlauna úr ráðherradeild lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, ef hann fullnægir annars skilyrðum 3. gr. frumvarps þessa. Sams konar ákvæði um lífeyrisgreiðslur vegna örorku fyrrverandi alþingismanna hefur verið í lögum frá 1953 (lög nr. 84/1953, um þingfararkaup alþingismanna o. fl., 7. gr.). Ákvæðið um örorku er þó skilgreint nánar hér og um það settar nánari reglur.

Um 3. gr.

Í grein þessari felast reglur um greiðslu eftirlauna til fyrrverandi ráðherra, sem náð hafa vissum aldri (65 ára) eða eru öryrkjar, eftir því, hve lengi þeir hafa gegnt ráðherraembættum. Er greinin að nokkru hliðstæð 2. og 1. málsgr. 30. gr. laga nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins. Gert er þó ráð fyrir því í þessari grein, að maður, sem gegnt hefur ráðherraembætti í a. m. k. 5 ár, öðlist rétt til eftirlauna, í stað þess, að miðað er við a. m. k. 10 ár í 1. málsgr. 30. gr. laga nr. 92/1955. Þá er í þessari grein frumvarpsins miðað við 3 mismunandi hundraðshluta við öflun eftirlaunaréttar (40%, 60% og allt að 70%) eftir því, hvað hlutaðeigendur hafa gegnt lengi ráðherraembættum, en aðeins einn (50%) í 2. málsgr. 30. gr. laga nr. 92/1955. Þá er enn fremur í þessari grein frumvarpsins svo kveðið á, að hundraðshluti skuli við greiðslu eftirlauna samkvæmt frumvarpinu miðast við laun ráðherra, eins og þau eru á hverjum tíma, en ekki við meðallaun ráðherra næstu 10 ár á undan því ári, er hlutaðeigandi öðlast eftirlaunarétt, svo sem gert er í 2. málsgr. 30. gr. laga nr. 92/1955. Er þetta síðastnefnda ákvæði frumvarpsins í samræmi við ákvæði 12. gr. laga nr. 29/1963, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Skerðingarákvæði 2. málsgr. 30. gr. laga nr. 92/1955, sem gilda áttu við greiðslu eftirlauna til fyrrverandi ráðherra og maka þeirra, eru felld niður í frumvarpi þessu, enda er slík ákvæði ekki að finna í lögum nr. 84/1953, um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl., sem frumvarp þetta er að verulegu leyti sniðið eftir.

Um 4. gr.

Grein þessi, sem fjallar um rétt fyrrverandi ráðherra, sem hefur ekki öðlazt rétt til eftirlauna samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa, til að fá endurgreidd iðgjöld, sem hann hefur innt af hendi til lífeyrissjóðs ráðherra, er hliðstæð 9. gr. laga nr. 84/1953, um þingfararkaup alþingismanna o. fl.

Um 5. gr.

Grein þessi, sem felur í sér ákvæði um lífeyrisgreiðslur til maka fyrrverandi ráðherra, er efnislega samhljóða 3. málsgr. 30. gr. laga nr. 92/1955, að öðru en því, að hér eru felld niður skerðingarákvæði umræddrar málsgreinar nefndrar lagagreinar.

Um 6. gr.

Rétt þykir að taka skýrt fram, svo sem gert er í þessari grein, að maki ráðherra eða fyrrverandi ráðherra, sem öðlazt hefur eftirlaunarétt samkvæmt frumvarpi þessu, en andast, áður en hann hefur náð 65 ára aldri, eigi rétt á að fá greiddan sama hundraðshluta af eftirlaunum hins látna maka síns og orðið hefði, ef hann hefði náð 65 ára aldri. Er grein þessi að vissu marki hliðstæð 4. málsgr. 30. gr. laga nr. 92/1955. Þar er þó miðað við vissan hundraðshluta af heildarlaunum ráðherra (30%), en í þessari grein er hins vegar miðað við vissan hundraðshluta (60%) af þeim eftirlaunum, sem maður hefði unnið sér rétt til með starfi sínu sem ráðherra, ef hann hefði náð 65 ára aldri.

Um 7. gr.

Með þessari grein frumvarpsins á að taka af allan vafa um, að lífeyrir, sem greiddur er samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa, skerði á engan hátt lífeyri, sem sjóðfélagar (ráðherrar) hafa unnið sér rétt til úr öðrum deildum lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og öðrum lögboðnum lífeyrissjóðum, né skerði slíkur lífeyrir lífeyrisréttindi ráðherra eða maka þeirra samkvæmt frumvarpi þessu.

Um 8. gr.

Gera má ráð fyrir, að einhver halli kunni að verða á lífeyrissjóði ráðherra, sem stofnaður yrði samkvæmt ákvæðum frumvarps þessa, með því að iðgjöld í sjóðinn entust ekki til greiðslu eftirlauna samkvæmt frumvarpinu. Er hér gert ráð fyrir, að sá halli yrði greiddur úr ríkissjóði.

Nd. 539. Breytingartillaga [30. mál]

við frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá Einari Olgeirssyni.

Á eftir 18. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Á árinu 1966 skal setja upp sérstaka deild innan Hafrannsóknastofnunarinnar, er hafi með höndum tilraunir með ný veiðarfæri og veiðiaðferðir og rannsóknir þar að lútandi, svo og rannsóknir á hagkvæmustu gerðum fiskiskipa, miðað við íslenzkar aðstæður, og enn fremur upplýsingastarfsemi um þessi efni. Ráðherra skipar deildarforstjóra.

Á árinu 1967 er ráðherra heimilt að gera þessa deild að sérstakri, sjálfstæðri stofnun, Tæknistofnun sjávarútvegsins, er hafi fyrrgreind verkefni, og falli þá liðirnir 5 í 17. gr. og 4 í 18. gr. undan verkefnum Hafrannsóknastofnunarinnar. Ráðherra skipar þá tæknistofnuninni forstjóra og sérfræðinga. Hafi forstjóri hennar sama vald og aðrir forstjórar slíkra stofnana hafa samkvæmt lögum þessum. Ráðherra ákveður með reglugerð um ráðgjafarnefnd tæknistofnunarinnar.

Sþ. 540. Þingsályktun [118. mál]

um ræktun lerkis á Fljótsdalshéraði til framleiðslu á girðingarstaurum.

(Afgreidd frá Sþ. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 240.

Nd. 541. Frumvarp til laga [196. mál]

um breyting á lögum nr. 53/1961, um Listasafn Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Safnið er eign íslenzka ríkisins. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þess. Menningarsjóður greiðir Listasafninu árlega a. m. k. ⅙ af tekjum sínum til listaverkakaupa.

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Mynda skal safnráð fimm manna, þannig:

Forstöðumaður safnsins á sæti í ráðinu samkvæmt stöðu sinni og er jafnframt formaður þess. Forstöðumaður getur falið safnverði að gegna störfum í safnráði í forföllum sínum.

Menntamálaráðherra skipar einn mann í ráðið og varamann hans eftir hverjar alþingiskosningar.

Íslenzkir myndlistarmenn skulu kjósa úr sínum hópi þrjá menn í safnráð til fjögurra ára í senn og jafnmarga varamenn, tvo listmálara og einn myndhöggvara. Varamenn skulu þeir vera, sem flest hljóta atkvæði næst hinum kjörnu safnráðsmönnum. Verði tala varamanna eigi fullskipuð með þeim hætti, skal kjósa á ný eins marga varamenn og á skortir fulla tölu. Forstöðumaður safnsins skal gera skrá um þá, sem kosningarrétt og kjörgengi hafa til safnráðs. Á henni skulu vera þeir myndlistarmenn, sem voru á kjörskrá við kosningu í safnráð 1961, og á lífi eru, svo og þeir, sem voru félagar í Félagi íslenzkra myndlistarmanna og Myndlistarfélaginu 1. jan. 1965, en eigi voru á kjörskrá 1961. Enn fremur skal jafnan bæta á kjörskrána þeim íslenzkum myndlistarmönnum, sem tvö af eftirtöldum atriðum eiga við um:

1. að hafa átt verk á opinberri listsýningu, innanlands eða utan, sem íslenzka ríkið beitir sér fyrir eða styður,
2. að hafa a. m. k. einu sinni hlotið listamannalaun af fé því, sem Alþingi veitir árlega til listamanna og úthlutað er af sérstakri nefnd, er Alþingi kýs, og
3. að verk hafi verið keypt eftir hann til Listasafns Íslands eftir að lög nr. 53/1961, um Listasafnið, tóku gildi.

Skal skráin liggja frammi í Listasafninu hæfilegan tíma, áður en kosning til safnráðs fer fram, til þess að mönnum gefist kostur á að kanna, hvort þeir eru á kjörskrá, og koma fram leiðréttingum.

Undirbúning og framkvæmd kosningar til safnráðs skal menntamálaráðherra fela kjörstjórn, er skipuð sé forstöðumanni safnsins, sem er formaður hennar, ráðuneytisstjóranum í menntamálaráðuneytinu og einum manni, tilnefndum af stjórn Bandalags íslenzkra listamanna.

Kosning til safnráðs skal vera leynileg og fara fram skriflega.

Þegar kjörstjórn er fullskipuð, skal hún láta gera kjörseðla. Kjörstjórn skal síðan senda einn kjörseðil ásamt tilheyrandi umslagi til hvers kjósanda, sem atkvæðisrétt hefur, og tilkynna honum um leið, hvenær kjörseðillinn skuli kominn í hendur hennar aftur. Kjörseðlar skulu sendir í ábyrgðarpósti milli kjósenda og kjörstjórnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að 1. gr. laga um Listasafn Íslands verði breytt á þann veg, að Menningarsjóður greiði safninu árlega tiltekinn hluta af tekjum sínum (⅙) til listaverkakaupa, í stað þess að í gildandi lögum er gert ráð fyrir ákveðinni upphæð sem lágmarki (500 þús. kr.), en þegar lögin um Listasafn Íslands voru sett, voru 500 þús. kr. sem næst ⅙ af árlegum tekjum Menningarsjóðs. Vegna breytilegra tekna Menningarsjóðs frá ári til árs þykir eðlilegra, að hér sé um hlutfall að ræða, en ekki fasta upphæð.

Þá miðar frumvarpið að því að breyta 5. gr. gildandi laga um Listasafn Íslands varðandi kosningar til safnráðs. Gildandi ákvæði eru þau, að íslenzkir myndlistarmenn, þeir sem eru eða hafa verið félagar í einhverju félagi myndlistarmanna,

sem starfandi er, þegar kosning fer fram, skuli kjósa úr sínum hópi 3 menn í safnráð. Þar sem atkvæðisréttur við þessa kosningu er miðaður við, að menn séu eða hafi verið félagar í einhverju félagi myndlistarmanna, þegar kosning fer fram, án nánari skilgreiningar á því, hvað telja skuli „félag myndlistarmanna", kynni slíkt að verða til þess, að mynduð yrðu ný félög til þess eins að félagar þeirra öðlist atkvæðisrétt við kosninguna. Til þess að girða fyrir hugsanlega misnotkun á bókstaf laganna er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir fyllri ákvæðum um, hverjir skuli hafa kosningarrétt og kjörgengi til safnráðs. Er í fyrsta lagi ákveðið í frumvarpinu, að allir þeir, sem voru á kjörskrá við kosningu í safnráð 1961 og á lífi eru, verði á kjörskrá við safnráðskosningar framvegis, svo og þeir, sem voru félagar í Félagi íslenzkra myndlistarmanna og Myndlistarfélaginu 1. janúar 1965, en voru ekki á kjörskrá 1961. Enn fremur skal jafnan bæta á kjörskrána þeim íslenzkum myndlistarmönnum, sem tvö af eftirtöldum atriðum eiga við um:

1. hafi átt verk á opinberri listsýningu, innanlands eða utan, sem íslenzka ríkið beitir sér fyrir eða styður,
2. hafi að minnsta kosti einu sinni hlotoð listamannalaun af fé því, sem Alþingi veitir árlega til listamanna og úthlutað er af sérstakri nefnd, er Alþingi kýs, og
3. að verk hafi verið keypt eftir listamanninn til Listasafns Íslands eftir að lög nr. 53/1961 um Listasafn Íslands tóku gildi.

Með þessum ákvæðum er kveðið skýrt á um, hverjir skuli hafa kosningarrétt og kjörgengi til safnráðs Listasafns Íslands við þær kosningar, sem fram eiga að fara á þessu ári og framvegis. Lagabreytingin tryggir öllum þeim, sem voru félagar í Félagi íslenzkra myndlistarmanna og Myndlistarfélaginu 1. janúar 1965, kjörgengi og kosningarrétt til safnráðs, svo og þeim, sem uppfylla einhver tvö af þeim þremur skilyrðum, er talin voru hér að framan.

Frumvarp þetta er flutt að höfðu samráði við safnráð Listasafns Íslands og forvígismenn beggja þeirra félaga myndlistarmanna, sem nú starfa.

Nd. 542. Lög [154. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Nd. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 493.

Nd. 543. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveim fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt, en þrír nefndarmenn skila séráliti.

Alþingi, 28. apríl 1965.

Guðlaugur Gíslason, form.
Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.
Matthías Bjarnason.
Jónas G. Rafnar.

Ed. 544. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og sent það Háskóla Íslands og Hinu íslenzka náttúrufræðifélagi til umsagnar. Þá hefur nefndinni borizt erindi frá stjórn Náttúrugripasafnsins.

Nefndin hefur á þessu stigi orðið sammála um að mæla með samþykkt frv., en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. við frv. við 3. umræðu, og mun nefndin taka málið til frekari athugunar milli umræðna.

Alþingi, 28. apríl 1965.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Jón Þorsteinsson.
Karl Kristjánsson.	Ragnar Jónsson.	Páll Þorsteinsson.
	Gils Guðmundsson.	

Ed. 545. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til laga um Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 28. apríl 1956.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Jón Þorsteinsson.
Karl Kristjánsson.	Gils Guðmundsson.	Páll Þorsteinsson.
	Ragnar Jónsson.	

Nd. 546. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 12 30. jan. 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur kynnt sér frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 29. apríl 1965.

Guðl. Gíslason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Matthías Bjarnason.
Jón Skaftason.	Hannibal Valdimarsson.	Ágúst Þorvaldsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Nd. 547. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 frá 19. júní 1933, um tékka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. — MÁM var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. apríl 1965.

Davíð Ólafsson, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Einar Ágústsson.	Skúli Guðmundsson.

Nd. 548. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumv. til athugunar og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 29. apríl 1965.

Guðl. Gíslason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Ágúst Þorvaldsson, frsm.
Matthías Bjarnason.	Jón Skaftason.	Hannibal Valdimarsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Nd. 549. Frumvarp til laga [197. mál]

um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Veðdeild Landsbankans skal vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, allt að 100 milljónum króna. Vaxtabréfunum má skipta í flokka, og nefnist sá þeirra, er fyrst kemur til framkvæmda, 19. flokkur veðdeildarinnar og hinir í áframhaldandi töluröð þar á eftir.

Ráðherra ákveður, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands, hvenær hverjum flokki skuli lokið. Heimilt er með samþykki ráðherra að hafa fleiri en einn flokk með mismunandi vöxtum starfandi í senn.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf, er hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn Landsbankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bankavaxtabréfanna. Ráðherra og bankastjórar Landsbankans undirskrifa bankavaxtabréfin. — Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum en nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildin á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildin fær frá lántakendum, skal trygging fyrir vaxtabréfum þessara flokka vera: 1. Varasjóður hvers flokks. — 2. Sameiginleg ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10%, sbr. 8. gr. — 3. Einföld ábyrgð ríkissjóðs. — Ef taka þarf til tryggginganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Í reglugerð fyrir hvern flokk, er bankastjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal ákveðið, hversu háum vöxtum skuli svarað af bankavaxtabréfunum og hvar þeir skuli greiðast, svo og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra, enda séu vextirnir ekki hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum.

5. gr.

Veðdeildin er undanþegin öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum.

6. gr.

Fé veðdeildarflokkanna má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum, húseignum eða einstökum íbúðum með lóð, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, enda sé veðið vátryggt í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda. — Lánsupphæðin má ekki fara fram úr ¾ af virðingarverði fasteignarinnar.

7. gr.

Eignir þær, sem veðdeildarflokkarnir taka að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð fyrir flokkana. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Landsbankans megi nefna til þá menn, er virða skuli veðin, og að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sú er í hlut á, samþykki virðinguna. Svo skal lántakandi, að minnsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórnin tekur gild fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda bankastjórn Landsbankans þetta skírteini, má stjórn bankans láta skoðunargerð af innanhéraðsmönnum fara fram á kostnað lántakanda.

8. gr.

Lántakendur veðdeildarflokkanna skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar hvers flokks, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar. Skal í reglugerð deildarinnar ákveða, hvenær grípa skuli til þessarar sameiginlegu ábyrgðar og hvernig henni að öðru leyti skuli vera fyrirkomið.

9. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán skal vera kr. 10 000.00 og skulu lán jafnan standa á hálfum eða heilum tug þúsunda króna. Lánstíminn má vera allt að 40 árum, sé veðið jarðeign eða vandað steinsteypuhús eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús.

10. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, má hún greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir nafnverði þeirra. Semja má um sölu bankavaxtabréfa þessara flokka fyrir fram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

11. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins, um leið og hann tekur lánið. — Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veð-

deildinni, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin og skal hann sanna eignarrétt sinn með veðbókarvottorði eða þinglýstu afsali. Slík lánsyfirtaka er ekki stimpilskyld.

12. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, sem hann hefur undirgengizt. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á réttum gjalddaga, eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur ekki vátryggðum húseignum, er að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið eftirstöðvar af sköttum eða afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka lán að sér, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga undireins án uppsagnar.

13. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til rekstrarkostnaðar við flokka þessa og til varasjóðs í einu lagi með föstu árgjaldi. Árlegt tillag til að greiða rekstrarkostnað við flokkana og til varasjóðs er ½% á ári af eftirstöðvum lánsins, eins og þær voru fyrir hvern gjalddaga. — Lántakendur mega á gjalddaga lánanna, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af lánum sínum, þó svo, að ávallt standi á 100 krónum, eða endurgreiða lánin að fullu. Endurgreiðslur þessar mega þeir greiða með bankavaxtabréfum hlutaðeigandi flokks með nafnverði þeirra. Á öðrum tíma árs má greiða lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildarflokknum að skaðlausu.

14. gr.

Heimilt er í reglugerð að ákveða dráttarvexti af afborgunum og vöxtum, sem ekki greiðast á gjalddaga, þó ekki hærri en Seðlabankinn ákveður þá hæsta fyrir sambærilegar skuldir.

15. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa bankavaxtabréf þau, er hlutaðeigandi veðdeildarflokkur hefur gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Nánari ákvæði um auglýsingar þessar skal setja í reglugerð veðdeildarflokkanna. Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

16. gr.

Eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið greiddan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því. Sama rétt hafa handhafar bréfanna, þótt eigi séu eigendur.

17. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð hlutaðeigandi veðdeildarflokks, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

18. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í blaði því á Íslandi, er flytur opin-

berar auglýsingar. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu fjárhæð og það, sem glataðist, án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildinni. Um ógildingu annarra bankavaxtabréfa fer eftir almennum lögum.

19. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið samkvæmt útdrætti eða sem aukaafborganir af lánum, skal jafnóðum ógilda ásamt vaxtamiðum þeirra og stofnum og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu veðdeildarinnar og skal síðan við lok næsta reikningsárs eyðileggja þau í viðurvist endurskoðenda bankans, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið á árinu.

20. gr.

Vaxtamiðar og bankavaxtabréf, sem gjaldfallin eru, greiðast í skrifstofu veðdeildarinnar í Reykjavík.

21. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga (sbr. 12. gr.), hefur veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum 39. gr. laga nr. 95 frá 1947, um lögræði, og lögum um nauðungaruppboð, nr. 57 frá 1949, eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin hefur ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara í skrifstofu uppboðshaldara.

22. gr.

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til kaupa á bankavaxtabréfum þessara veðdeildarflokka, en þó eigi á hærra verði en skráðu gangverði þeirra hjá Landsbanka Íslands.

23. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka, er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka eða veðlánastofnana, sem stofnsettar verða til að halda áfram veðlánastarfseminni, eftir að lokið er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum. Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind starfssvið, skiptist varasjóðurinn milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti réttrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefur það aflazt.

24. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn Landsbankans og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum bankans.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Veðdeild Landsbanka Íslands hefur nú að fullu notað heimild í lögum nr. 55, frá 3. marz 1945, um útgáfu bankavaxtabréfa.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að margir húseigendur, sem ekki eiga lögum samkvæmt rétt til lána frá Húsnæðismálastofnun ríkisins, t. d. þeir, sem

eiga gömul hús og þurfa á láni að halda til viðhalds eða endurbóta á húsum sínum, eiga mjög óhægt um vik með að fá lán í því skyni og leita oft til veðdeildarinnar með beiðni um lán á þeim forsendum, að þeir geti sjálfir komið vaxtabréfum deildarinnar í peninga.

Með frumvarpi þessu er því lagt til, að veðdeild Landsbankans sé heimilað að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa allt að 100 milljónum króna.

Einstakar greinar frumvarps þessa eru að mestu efnislega samhljóða hliðstæðum greinum eldri laga um heimildir veðdeildar Landsbankans til að gefa út bankavaxtabréf. Efnisleg frávik frá eldri lögum eru einkum fólgin í þrennu. Í fyrsta lagi í því, að viðskiptamálaráðherra ákveður, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands, hvenær hverjum lánaflokki skuli lokið, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Í öðru lagi felst breyting í því, að gert er ráð fyrir, að ábyrgð ríkissjóðs á vaxtabréfum deildarinnar sé einföld, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Þá eru ákvæði um vexti færð til samræmis við núgildandi löggjöf um vaxtaákvörðunarheimild Seðlabankans. Aðrar breytingar felast í því að fella niður ákvæði, sem telja verður, að séu nú óþörf og óeðlileg eða úrelt.

Um 1. gr.

Samkv. 2. mgr. 1. gr. á ráðherra frumkvæði að því, hvenær lánaflokki sé lokið, að höfðu samráði við Seðlabankann. Áður var þetta frumkvæði í höndum Landsbankans og ákvað ráðherra þá, hvenær hverjum flokki var lokið, er stjórn Landsbankans hafði gert tillögu um það.

Um 2. gr.

Grein þessi þarfnast ekki athugasemda.

Um 3. gr.

Í 3. tölulið 3. gr. er gert ráð fyrir, að ábyrgð ríkissjóðs á vaxtabréfum veðdeildarinnar sé einföld, en áður var ótiltekið um hvers konar ábyrgð var að ræða.

Um 4. gr.

Í niðurlagi 4. gr. er kveðið svo á, að vextir af bankavaxtabréfum megi ekki vera hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum bréfum.

Í eldri lögum um veðdeildina var ákvæði á þá leið, að vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skuli gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs og skuli gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð. Ákvæði þetta er nú úrelt og því fellt niður hér.

Um 5. gr.

Hér er veðdeildin undanþegin tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Í eldri lögum var veðdeildin undanþegin gjaldi fyrir eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfa sig, en sú undanþága er nú felld niður til samræmis við það, sem gildir um hliðstæðar stofnanir.

Um 6.—9. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Samkvæmt grein þessari má veðdeildin greiða lán þau, sem hún veitir, í bankavaxtabréfum sínum eftir nafnverði þeirra. Á hinn bóginn er ekki lengur gert ráð fyrir því, að lánþegi hafi rétt til að heimta, að veðdeildin annist um að koma bankavaxtabréfum í gjaldgenga peninga, ef þess er kostur, gegn greiðslu kostnaðar, sem af því leiðir, auk verðfalls, sbr. 10. gr. laga nr. 55 frá 3. marz 1945.

Um 11.—13. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Hér er nýmæli á þá leið, að dráttarvexti megi ekki ákveða hærri en Seðlabankinn ákveður þá hæsta fyrir sambærilegar skuldir.

Um 15.—25. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 550. Frumvarp til laga [198. mál]

um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Eigi er heimilt frekar en leyft er í lögum þessum að stofna til fjárskuldbindinga í íslenzkum krónum eða öðrum verðmæli með ákvæðum þess efnis, að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við breytingar á vísitölum, vöruverði, gengi erlends gjaldeyris, verðmæti gulls, silfurs eða annars verðmælis.

Ákvæði í fjárskuldbindingum, sem brjóta í bága við ákvæði 1. málsgreinar, eru ógild.

Ákvæði 1. og 2. málsgreinar eiga þó ekki við þær lögmætu fjárskuldbindingar, sem innlendir aðilar taka á sig gagnvart erlendum aðilum.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er þeim, sem endurlánar erlent lánsfé, heimilt að áskilja, að hið innlenda lán ásamt vöxtum endurgreiðist miðað við sama gengi og gildir um endurgreiðslu hins erlenda láns.

Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innanlands, endurgreitt fyrr eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því miðað við hærra gengi en gilti, þegar erlenda lánið var greitt.

3. gr.

Seðlabanki Íslands skal hafa umsjón með framkvæmd laga þessara. Veitir hann heimildir til verðtryggingar, nema hún sé heimiluð sérstaklega í lögum. Umsóknir um heimildir til verðtryggingar skulu sendar bankaeftirliti Seðlabankans.

4. gr.

Almenn skilyrði verðtryggingar samkvæmt lögum þessum skulu vera þessi:

a) Verðtrygging skal yfirleitt miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar, eins og hún er reiknuð á hverjum tíma. Seðlabankanum skal þó heimilt að leyfa, að verðtrygging sé miðuð við aðra vísitölu eða við breytingar tiltekins vöruverðs, enda sé sú viðmiðun betri mælikvarði á greiðslugetu þess aðila, sem tekst á hendur verðtryggða skuldbindingu. Sé ekki um opinbera, skráða vísitölu eða verðlag að ræða, skal Seðlabankinn, í samráði við Hagstofu Íslands, setja sérstakar reglur um þann verðtryggingargrundvöll, sem miðað sé við.
b) Verðtrygging skal fyrst og fremst heimiluð í fjárskuldbindingum, sem eru tengdar öflun fasteigna eða annarra fjármuna, sem ætla má að hækki í verði með almennum verðlagsbreytingum. Skulu verðtryggð lán ætíð vera tryggð með veði í slíkum eignum eða öðrum verðtryggðum kröfum.

c) Fjárskuldbindingin skal vera gerð til eigi skemmri tíma en þriggja ára, og er þá miðað við greiðslu í einu lagi eftir á. Sé samið svo um, að greiðslur hefjist áður en þrjú ári eru liðin, skal fjárskuldbindingin vera gerð til lengri tíma, eða sem því nemur, að hún standi eigi skemur en þrjú ár að meðaltali. Þannig sé lán með jöfnum árlegum afborgunum skemmst til 5 ára. Skal ekki miðað við samningstíma heldur þann tíma, sem skuldbindingin raunverulega stendur, nema hún sé eindöguð innan samningstímans vegna verulegra vanefnda. Reikna skal lánstíma frá því að lán var útborgað og þar til það er endurgreitt, en greiðslufrest kaupsamnings frá afhendingu hins selda.
d) Eigi má reka peningaviðskipti með þeim hætti að endurlána með verðtryggingu fé, sem fengið er með öðrum kjörum. Sé um endurlán að ræða, skal það vera meginregla, að verðtryggingarákvæðin standist á í báðum samningunum.
e) Verðtryggðar kröfur og skuldbindingar skulu ætíð skráðar á nafn.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um endurlán erlends fjár samkv. 2. gr.

5. gr.

Seðlabankinn getur heimilað bönkum og öðrum innlánsstofnunum að taka á móti innstæðum gegn verðtryggingu og lána út samsvarandi fé auk jafnvirðis eigin fjár með verðtryggingu. Er Seðlabankinn ekki bundinn af ákvæðum 4. gr. c. við veitingu slíkra heimilda, þegar um innstæðufé við innlánsstofnanir er að ræða. Seðlabankanum ber að tilkynna ákvarðanir í þessu efni á sama hátt og vaxtaákvarðanir, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961.

6. gr.

Opinberar fjárfestingalánastofnanir, sem stofnaðar eru með lögum, skulu hafa heimild til að veita verðtryggð lán af eigin fé sínu og endurlána verðtryggt fé. Lánskjör verðtryggðra lána slíkra stofnana ákveðast af stjórn þeirra, enda liggi fyrir samþykki ráðherra þess, sem stofnunin heyrir undir, svo og Seðlabankans.

7. gr.

Viðurkenndum lífeyrissjóðum skal heimilt að ávaxta sjóði sína í verðtryggðum lánum, tryggðum með veði í íbúðarhúsum og með sömu kjörum og íbúðalán Húsnæðismálastofnunar ríkisins við veðdeild Landsbankans eru á hverjum tíma. Önnur verðtryggð lán lífeyrissjóða eru því aðeins heimil, að samþykki Seðlabankans komi til.

Seðlabankinn getur heimilað líftryggingarfélögum að veita lán með verðtryggingu, enda njóti eigendur líftryggingarsamninga alls hags af þeim verðbótum, sem um kann að verða að ræða.

8. gr.

Nú rís ágreiningur um grundvöll og/eða útreikning verðtryggingar og getur þá hver aðili vísað málinu til þriggja manna nefndar, en hún fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Ef breyting verður gerð á grundvelli einhverrar vísitölu, sem leyfð hefur verið í verðtryggðum samningum, skal nefndin fella úrskurð um það, hvernig umreikna skuli milli hinna tveggja vísitölugrundvalla. Hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar, en auk hans tilnefnir Hæstiréttur mann í nefndina og Seðlabankinn annan.

9. gr.

Verðtryggingarákvæði í fjárskuldbindingum eru því aðeins gild, að viðeigandi skjöl séu skráð við hlutaðeigandi embætti, sem annast þinglýsingar. Á þetta einnig við skuldaskjöl vegna endurlánaðs fjár skv. 4. gr. d., ef ný skjöl eru útgefin vegna endurlánsins. Skrásetning skal fara fram innan tveggja mánaða frá útgáfu skjals og gegn þóknun, sem ráðherra ákveður. Hlutaðeigandi embættismaður staðfestir með áritun á samning eða skuldbindingu, að skrásetning hafi farið fram. Hann

heldur sérstaka skrá um öll árituð skjöl. Hann skal einnig sjá um, að verðtryggingar sé getið í veðbókarvottorðum, ef slíkri kvöð hefur verið þinglýst á eign.

10. gr.

Almennar heimildir til verðtryggingar, svo og leiðbeiningar til embættismanna, sem annast skrásetningar samkv. 9. gr., skulu auglýstar í Lögbirtingablaðinu.

11. gr.

Seðlabankinn getur krafið hvern þann, er fengið hefur heimild til verðtryggingar, um skýrslur og gögn, sem hana varða. Sé slíkum skýrslum og gögnum eigi skilað innan tilsetts tíma, má beita dagsektum 50—500 krónum eftir ákvörðun ráðherra. Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 500 þúsund krónum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum og svipta má hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi öll fyrri lagaákvæði um verðtryggingu, svo og önnur ákvæði, sem fara í bága við lög þessi. Þegar áunnin réttindi og skyldur samkv. fyrri lögum skulu þó halda gildi sínu.

Haldast skulu ákvæði eftirtalinna laga:

Lög nr. 17/1953, 10. gr., um Framkvæmdabanka Íslands.

Lög nr. 42/1957, 4. gr., um húsnæðismálastofnun, byggingasjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Lög nr. 17/1961, 2. gr., um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Lög nr. 10/1964, 3. gr., um Seðlabanka Íslands.

Lög nr. 59/1964, 2. gr., um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meðfylgjandi frumvarp hefur verið samið í Seðlabankanum í framhaldi hinnar almennu vaxtabreytingar, sem tók gildi í upphafi ársins, en þá beindi bankastjórn hans þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, að undirbúin yrði almenn löggjöf um notkun verðtryggingarákvæða í samningum, eftir því sem heilbrigt væri talið á hverjum tíma og undir traustu eftirliti.

Frumvarpinu er ætlað að vera almenn löggjöf um hvers konar verðtryggingu í viðskiptum, öðrum en kaupgjaldsmálum, en um þau gilda sérstök lög. Hefur þótt rétt að taka upp í það núgildandi ákvæði um samninga með gengisákvæði, sbr. 1. og 2. gr. frumvarpsins. Efnislega er hér um að ræða sömu ákvæði og í lögum um efnahagsmál nr. 4 frá 1960, 6. gr. Tilraun hefur þó verið gerð til þess að gera lögin í þessu efni nokkru skýrari en verið hefur.

Meginefni frumvarpsins er verðtrygging, þar sem annað hvort er miðað við vísitölu eða annan hliðstæðan grundvöll, og nær það til fjárskuldbindinga, bæði

þeirra, sem ákveðnar eru í peningum, svo og í öðrum verðmæli. Það er meginstefna frumvarpsins, að verðtrygging sé aðeins leyfð, þegar ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Gert er ráð fyrir sjálfstæðri en takmarkaðri heimild til verðtryggingar hjá lífeyrissjóðum og fjárfestingalánastofnunum. Verðtrygging á innlánum eða útlánum innlánsstofnana yrði háð ákvörðun Seðlabankans, svo og verðtrygging í samningum milli annarra aðila.

Hér er í raun og veru mörkuð leið til þess að eyða einni tegund áhættu, þ. e. a. s. óvissu um framtíðarverðgildi peninga, úr viðskiptum sparifjáreigenda og annarra eigenda fjármagns annars vegar og lántakenda hins vegar. Stefnt er að því að skapa svipaðar aðstæður að þessu leyti og við stöðugt verðlag. Í reynd hefur óvissunni um framtíðina verið mætt með hærri vöxtum. Að öðru jöfnu er því erfiðara að meta hana, því lengra sem horft er, og er því ávinningur að verðtryggingu samanborið við hærri vexti því meiri því lengri sem fjárskuldbinding er. Er því lagt til að heimila verðtryggingu í fjárskuldbindingum til langs tíma. Líklegt er, að við það örvist sparnaður og framboð lánsfjár aukist, en jafnframt dragi úr verðbólgufjárfestingu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að verðtrygging sé því aðeins leyfð, að fjárskuldbinding standi í a. m. k. þrjú ár, en með því mundi komið í veg fyrir, að „vísitölukrónan“ ryðji sér til rúms í almennum peningaviðskiptum. Til greina kemur að heimila styttri tíma í verðtryggðum innlánum við innlánsstofnanir. Einnig hefur frumvarpið að geyma margvísleg ákvæði, er koma eiga í veg fyrir misnotkun verðtryggingar og tryggja nauðsynlegt eftirlit með henni. Þar sem hér er farið inn á nýtt svið, ekki aðeins í löggjöf, heldur í öllu skipulagi peningamála, er vafasamt að binda öll atriði fast í löggjöf. Það er því gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn geti haft veruleg áhrif á það, hve ört verðtryggingarákvæði í samningum verði tekin upp og í hvaða formi. Mundi þá verða hægt að láta reynsluna skera úr því, hve hratt skuli farið og hvaða fyrirkomulag endanlega valið.

Um 1. gr.

Hér er að finna grundvallarákvæði hinnar almennu verðtryggingar. Verðtryggingarákvæði í hvers konar fjárskuldbindingum, sem brjóta í bága við ákvæði laganna, eru ógild eftir gildistöku þeirra. Með fjárskuldbindingu er átt við hvers konar greiðsluskyldu, hvort sem hún er ákveðin í peningum, þjónustu, fríðu eða annarri mynd.

Hugtakið verðtrygging er tekið í víðri merkingu og á við hvers konar tilvik, þar sem um er að ræða, að greiðsla eða fullnæging er tengd breytingu á vísitölu, vöruverði, gengi gjaldeyris eða annarri viðmiðun.

Um 2. gr.

Hér er heimilað að endurlána erlent lánsfé með gengiskvöð. Sambærileg ákvæði voru í 11. gr. laga nr. 80/1961 og 6. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál. Er hér veitt almenn heimild til þeirrar verðtryggingar, sem hér um ræðir, án sérstakrar heimildar Seðlabankans. Grundvöllur ákvæðisins er, að hinn innlendi kröfuhafi hvorki hagnist né skaðist af gengisbreytingum, sem eiga sér stað á lánstímanum.

Um 3. gr.

Ljóst er, að hér er farið inn á nýtt svið, þar sem erfitt er að sjá fyrir um ýmis tæknileg atriði. Er óumflýjanlegt að fela opinberum aðila eftirlit með framkvæmd laganna og setningu reglna um verðtryggingu. Seðlabankinn er hinn rétti aðili til að hafa þetta verkefni með höndum. Honum hefur verið falin yfirumsjón peningamála og fengið í því sambandi m. a. ákvörðunarvald um vexti, bæði innan sem utan bankakerfisins. Líkt er farið um vexti og verðbætur. Við framkvæmd laganna yrði bankinn að ákveða vaxtakjör í verðtryggðum samningum með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni, þ. á m. verðtryggingu þeirri, sem í hlut á, tímalengd samninga og til hvaða hluta hið verðtryggða fé skuli notað. Ætla má, að vextir í verð-

tryggðum samningum verði að öðru jöfnu aðrir og lægri en í óverðtryggðum samningum.

Sparisjóðseftirlitið skv. lögum um sparisjóði frá 1941 var falið Seðlabankanum 1961 og heitir nú bankaeftirlit. Er hagkvæmast, að þessi deild bankans fylgist með framkvæmd verðtryggingar skv. lögunum.

Um 4. gr.

Í þessari grein er að finna grundvallaratriði varðandi framkvæmd verðtryggingar.

a) Ætla má, að meginreglan verði sú, að vísitala framfærslukostnaðar verði notuð sem verðmælir í verðtryggðum samningum og skuldbindingum. Vísitala framfærslukostnaðar er nú algengasti verðlagsmælirinn, enda er kaupgjald tengt breytingum á henni.

b) Ákvæði þetta er m. a. til verndar skuldara til þess, að verðtrygging út af fyrir sig geti ekki orðið til þess að stefna fjárhag hans í hættu. Enn fremur felst í greininni það undirstöðuatriði, sem sett er fram til leiðbeiningar fyrir Seðlabankann, að verðtrygging eigi fyrst og fremst við, þegar um er að ræða lántökur, sem opna leið til öflunar eigna, sem hækka í verði við almennar verðlagsbreytingar. Af eftirlits- og öryggisástæðum er sett fram sú krafa, að verðtryggð lán skuli vera með veði í hlutaðeigandi eignum eða öðrum verðtryggðum kröfum, þegar um endurlán er að ræða.

c) Með þessu ákvæði er sett sú meginregla, að takmarka verðtryggingu við samninga til langs tíma og mörkin dregin við þrjú ár. Mikilvæga undantekningu er þó heimilt að gera um sparifé, sbr. 5. gr. Takmörkun þessi er sett til þess að koma í veg fyrir, að „vísitölukrónan“ geti rutt sér til rúms í almennum peningaviðskiptum. Með þessu er þó ekki dregið úr þýðingu verðtryggingar, þar sem þörfin á verðtryggingu stuttra samninga er miklu minni en langra, og fyrirhöfn og kostnaður og ýmis vandamál samfara verðtryggingu svipuð, hvort sem samningurinn er til langs eða skamms tíma. Vafasamur ávinningur væri því af verðtryggingu stuttra samninga.

d) Hér er stefnt að því að hindra misnotkun verðtryggingar og óábyrg peningaviðskipti.

e) Ákvæði þetta er sett til þess að unnt sé að koma við nauðsynlegu eftirliti með verðtryggðum kröfum og tryggja framkvæmd laganna.

Um 5. gr.

Í greininni er Seðlabankanum heimilað að leyfa innlánsstofnunum að verðtryggja sparifé. Við það er miðað, að útlán með verðtryggingu samsvari að fjárhæð og vaxtakjörum þeim verðtryggðu innlánum, sem skapast. Um venjulegan vaxtamismun verður að sjálfsögðu að ræða vegna reksturs stofnunarinnar. Hins vegar er fyrirsjáanlegt, að binding innlána verður að öðru jöfnu til styttri tíma en útlánin og því er veitt undanþága frá ákvæðum 4. gr. c, að því er þau varðar.

Sanngjarnt þykir, að innlánsstofnanir fái að lána út eigið fé sitt með verðtryggingu, enda séu skilyrði um lánstíma og vexti þau sömu og koma til með að gilda um önnur verðtryggð útlán.

Um 6. gr.

Hér er opinberum fjárfestingalánastofnunum veitt heimild til að áskilja verðtryggingu í útlánum sínum. Þær þurfa þó að leita samþykkis hlutaðeigandi ráðherra og Seðlabankans um lánskjörin og verður að ganga út frá því, að leitað sé samþykkis um lánaflokka en ekki einstök lán.

Um 7. gr.

Lífeyrissjóðir, sem viðurkenndir eru af hinu opinbera, fá hér heimild til að áskilja verðtryggingu í lánssamningum, en þó því aðeins, að um sé að ræða lán til íbúðarhúsa og lánskjör, þ. m. t. verðtrygging, lánstími og vextir séu hin sömu

og í verðtryggðum lánum, sem Húsnæðismálastofnun ríkisins veitir á vegum veðdeildar Landsbankans.

Um önnur verðtryggð lán lífeyrissjóða verður að leita heimildar Seðlabankans.

Í annarri málsgrein greinarinnar er opnuð leið fyrir líftryggingarfélög til að setja verðtryggingarákvæði í líftryggingarsamninga. Það mikilvæga sparnaðarform, sem hér um ræðir, hefur sem næst lagzt niður vegna verðbólguþróunar. Er brýn nauðsyn að endurvekja þetta form í höndum innlendra vátryggingarfélaga.

Um 8. gr.

Mörg vafaatriði geta komið upp í sambandi við notkun verðtryggingarákvæða í samningum, einkum ef um það verður að ræða, að verðtryggingargrundvelli er breytt, t. d. með setningu nýrrar löggjafar um opinberar vísitölur. Er nauðsynlegt, að nefnd sérfræðinga fjalli um þessi mál eins og gert er ráð fyrir í greininni.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er að taka upp sérstaka skráningu verðtryggðra samninga og skuldbindinga. Er eðlilegast, að sýslumenn og bæjarfógetar og yfirborgarfógeti í Reykjavík hafi hana með höndum og áriti skjöl þar um, þegar skrásetning hefur farið fram. Dómstólar mundu ekki dæma verðbætur, nema þessu formskilyrði væri fullnægt. Nauðsynlegt er, að nefndir embættismenn komi upp sérstökum skrám um verðtryggð skjöl, bæði veðskjöl og önnur. Auk þess verða þeir að skrá í veðmálabækur um verðtryggingu í þinglesnu veðskjali. Verðtryggingarkvaðar skal ávallt getið í veðbókarvottorðum. Hafa þinglýsingaryfirvöld þegar tekið upp þennan sið, þegar um er að ræða erlend lán, sem hvíla á eignum. Ljóst er, að öðrum veðhöfum er nauðsyn á að vita um verðtryggingarákvæði á áhvílandi veðskuldabréfum.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir, að Seðlabankinn auglýsi almennar heimildir til verðtryggingar, en að hlutaðeigandi ráðuneyti auglýsi fyrirmæli og leiðbeiningar til embættismanna, sem annast skrásetningar.

Um 11. til 14. gr.

Þessar greinar þarfnast ekki skýringa.

Ed. 551. Frumvarp til laga [199. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til vegaframkvæmda.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlend eða innlend lán, að upphæð allt að 135.5 milljónir, til framkvæmda á eftirgreindum þjóðvegum:

1.	Reykjanesbraut	115.0 millj. kr.
2.	Siglufjarðarvegur	13.0 — —
3.	Múlavegur	4.5 — —
4.	Ólafsvíkurvegur um Enni	3.0 — —
		135.5 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Reykjanesbraut:

Fyrir liggur áætlun um kostnað við að fullgera Reykjanesbraut frá Engidal við Hafnarfjörð að bæjarmörkum í Keflavík:

1. Stofnkostnaður við að fullgera veginn	115.2	millj. kr.
2. Vextir og kostnaður af föstum lánum til ársloka 1964	19.1	— —
Alls	134.3	millj. kr.

Áætlað er að fresta megi til ársins 1967 framkvæmdum ofan við Hafnarfjörð, sem nema um 16.6 millj. kr., og lækkar þá stofnkostnaður í ár að sama skapi. Miðað við að það verði gert, þá er gert ráð fyrir eftirfarandi fjáröflun í ár:

1. Fjárveiting í vegáætlun	6.8	millj. kr.
2. Framlag varnarliðsins	0.3	— —
3. Lánsfé	115.2	— —
Alls	122.3	millj. kr.

Samkvæmt þessum kostnaðaráætlunum, sem gerðar voru s. l. haust, myndi lánsfjárþörf vegna Reykjanesbrautar, á þessu ári, nema 110.6 millj. kr.

Vegna verðhækkana, sem síðan hafa orðið, þykir rétt að miða lántökuheimildina við 115 millj. kr.

Siglufjarðarvegur:

Í greinargerð með till. til þingsályktunar um vegáætlun fyrir 1965—1968 er áætlað, að beinn kostnaður við að ljúka lagningu Siglufjarðarvegar frá Brúnastöðum í Fljótum til Siglufjarðar verði 12.0 m.kr. í ár og 11.4 m.kr. á næsta ári. Þar sem þegar hafa verið tekin 5.15 m.kr. lán til vegarins er áætlað, að taka þurfi 11.4 m.kr. lán til framkvæmda í ár til viðbótar 1.5 m.kr. fjárveitingu í vegáætlun.

Rétt þykir þó að miða lánsheimildina við 13.0 m.kr., þar sem kostnaðaráætlanir eru frá s. l. ári og að verkið hefur verið boðið út og því nokkur óvissa um hvernig tilboð muni verða.

Múlavegur:

Í greinargerð með till. til þingsályktunar um vegáætlun 1965—1968, er beinn kostnaður við að ljúka lagningu Ólafsfjarðarvegar um Ólafsfjarðarmúla í ár áætlaður 5.1 m.kr. Þar við bætast greiðslur vaxta og afborgana af föstum lánum til vegarins, sem áætlaðar eru 450 þús. kr. og verður því heildarfjárþörfin 5.55 m.kr. Af þessu fé er áætlað að af vega- og brúafé í vegáætlun fáist 1.55 m.kr., en taka þurfi 4.0 m.kr. framkvæmdalán.

Rétt þykir þó að miða lánsheimildina við 4.5 m.kr., þar sem kostnaðaráætlanir eru frá s. l. ári.

Ólafsvíkurvegur um Enni:

Framkvæmdum við lagningu vegar um Ólafsvíkurenni var lokið í ársbyrjun 1964 og varð heildarkostnaður við lagningu vegarins 15.2 m.kr. eins og greint er í greinargerð með till. til þingsályktunar um vegáætlun fyrir 1965—1968. Í fjárl. fyrir 1964 var á 22. gr. lið XX heimild til 12.0 m.kr. lántöku vegna þessa vegar og er því hér leitað eftir 3.0 m.kr. viðbótarlánsheimild.

Sþ. **552. Tillaga til þingsályktunar** [200. mál]

um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Gils Guðmundsson, Alfreð Gíslason, Ragnar Arnalds, Björn Jónsson, Eðvarð Sigurðsson, Einar Olgeirsson, Geir Gunnarsson, Hannibal Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að æskja nú þegar endurskoðunar á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, samkvæmt heimild í 7. gr. samningsins, svo og að leggja fyrir Alþingi frumvarp til uppsagnar samningsins, þegar er endurskoðunarfrestur sá, sem í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans.

Greinargerð.

Hinn 1. desember 1918, þegar Ísland gerðist fullvalda ríki, átti sér stað atburður, sem um margt var einstæður í sögu síðari tíma. Íslendingar voru langsamlega fámennust fullvalda þjóð í veröldinni, þá aðeins rúmlega 90 þúsundir manna. Fullveldiskynslóðin gerði sér ljóst, að fámennið markaði Íslendingum sérstöðu um margt, lagði þeim sérstakar skyldur á herðar, hvatti til varkárni, en einurðar og festu í öllum skiptum við umheiminn. Íslendingum datt ekki í hug að einangra sig. Þeir voru staðráðnir í að byggja hér upp nútímaþjóðfélag, taka eðlilegan þátt í samskiptum ríkja, en gæta í hvívetna sæmdar sinnar og sjálfsvirðingar. Flestum var ljóst, að það gæti kostað fórnir að varðveita og efla íslenzkt sjálfstæði. Ætti svo sárafámenn þjóð að fá valdið hlutverki sínu, hlaut hún að forðast að láta annarleg sjónarmið draga hugann frá íslenzkum vandamálum. Forustumenn Íslendinga á þessum tímum báru gæfu til að leggja grundvöll að sjálfstæðri stefnu í utanríkismálum. Það gerðist, þegar lýst var yfir ævarandi hlutleysi landsins. Þá var vel af stað farið og viturlega. Þjóðin stóð einhuga að baki þessari mikilvægu ákvörðun. Menn skildu, að hlutleysi í hernaði hæfði betur en nokkuð annað fámennri og vopnlausri þjóð, sem kaus að vera fullvalda og eiga einvörðungu friðsamleg skipti við allar aðrar þjóðir.

Allt fram yfir stofnun lýðveldisins 1944 mátti segja, að íslenzkir stjórnmálamenn og íslenzk þjóð fylgdi nokkurn veginn þeirri utanríkisstefnu, sem eðlileg var smáríki, er vildi halda sjálfstæði sínu og sæmd. Frá árdögum fullveldisins hafði þjóðinni fjölgað um þriðjung. Efnahagurinn hafði stórbatnað og möguleikarnir til að efla atvinnuvegina og treysta íslenzka menningarsókn voru meiri en nokkru sinni. Hið unga íslenzka lýðveldi hlaut viðurkenningu jafnt stórvelda sem smáríkja og átti þess allan kost að ganga fram frjálst og óháð í fylkingu þjóðanna. Ekkert virtist sjálfsagðara en að Íslendingar neyttu þessa færis, kostuðu kapps um góð og heilbrigð skipti við önnur lönd og beittu áhrifum sínum, þótt takmörkuð væru, við hlið annarra óháðra ríkja til fullţingis kröfunni um allsherjar afvopnun og frið.

En við áttum ekki slíku láni að fagna. Þegar lýðveldisfáninn íslenzki var dreginn að húni, stóð heimurinn í báli. Sá eldur var að vísu slökktur ári síðar. Í fyrstu virtust góðar horfur á, að þær þjóðir, er sameinaðar höfðu brotið morðvél fasismans, bæru gæfu til að skipa málum af einhug og raunsýni, tryggja afvopnun og varanlegan frið. En mannkynið reyndist enn sem fyrr sjálfu sér sundurþykkt, stormar ólíkra hugmyndakerfa tóku að geisa frá öndverðum heimshornum. Síðan hefur mannkynið búið við kalt stríð. Og fyrr en varði hafði vígstöðvum kalda stríðsins verið komið upp á Íslandi. Voldugasta ríki á vesturhveli jarðar sóttist hér eftir hernaðaraðstöðu á láði og legi. Eftir nokkurt hik og skammvinna mótstöðu tókst að ginna andvaralausa valdamenn landsins til að fórna hlutleysinu. Síðan hefur ekki verið um að ræða neina íslenzka stefnu í utanríkismálum. Upp frá þeim degi, er

hlutleysinu var fórnað, hafa flestar mikils háttar ákvarðanir, sem varða þau mál, verið teknar á erlendum vettvangi, af erlendum mönnum, í þágu annarlegra sjónarmiða. Þetta er afleiðing þess, að vopnlaus þjóð var ginnt í herbandalag. Fyrstu árin eftir þau umskipti áttu íslenzkir ráðamenn það til að ræða utanríkismál af nokkurri kokhreysti, eins og þeirra væri mátturinn og valdið. Þá fullyrtu þeir ýmislegt, sem þeir reyndust síðar ekki menn til að standa við, svo sem það, að hér skyldi ekki vera her á friðartímum. En þeir komust fljótlega að raun um, að valdið var ekki þeirra í þessum efnum. Ýmsar ákvarðanir íslenzkra valdamanna hin síðari ár verða og naumast skýrðar á annan veg en þann, að þeir telji sig bundna af samningum til þóknunar og hlýðni við erlenda aðila. Og nú gæta þeir tungu sinnar betur en áður. Þegar utanríkisráðherra var að því spurður á Alþingi í fyrra, hvort leyfð yrði staðsetning kjarnavopna í landinu, svaraði hann því einu til, að fram á slíkt hefði ekki verið farið, Meira gat hann ekki sagt.

En afleiðing þess, að sjálfstæðri íslenzkri utanríkisstefnu hefur verið varpað fyrir borð, er sú staðreynd, að valdamenn skirrast ekki lengur við að brjóta jafnt landslög sem siðferðilegan rétt eigin þjóðar til að verða við tilmælum eða kröfum hernámsliðsins. Er þá ýmist við haft laumuspil eða gripið til skýringa, er reynast staðlausir stafir. Ekki var haft hátt um það, þegar Bandaríkjamönnum var í öndverðu leyfð útvarpsstarfsemi í landinu, þvert ofan í ákvæði íslenzkra laga. Og þó var enn laumulegar að farið, þegar sama aðila var veitt einkaleyfi til að reka hér sjónvarpsstöð, í fyrstu að vísu takmarkaða við herstöðina sjálfa, en í næsta áfanga opnuð leið til sjónvarpssendinga á svæði, þar sem býr meira en helmingur þjóðarinnar.

Ekkert er íslenzku þjóðinni brýnna í dag en að losna úr þeim hlekkjum, sem samningar um erlenda hersetu og aðild að hernaðarbandalagi hafa hneppt hana í. Með því móti einu að brjóta af sér slíkar viðjar geta Íslendingar mótað að nýju sjálfstæða og heilbrigða utanríkisstefnu. Tillaga sú, sem hér er lögð fram, fjallar um annan þátt þessa máls, uppsögn herstöðvasamningsins frá 1951 og brottför alls herliðs af íslenzkri grund.

Rétt þykir að fara nokkrum orðum um þær röksemdir, sem fylgismenn herstöðvasamningsins hafa leitazt við að halda uppi honum til varnar.

Fyrst er að nefna þá staðhæfingu, að hinn erlendi her eigi að verja Íslendinga í hugsanlegri styrjöld. Þessari kenningu var mjög hampað á fyrstu árum hernámsins en nú trúir henni vart nokkur maður lengur. Ástæðan er sú, að með tilkomu kjarnorkuvopna hafa orðið alger þáttaskil í öllum hernaði. Áður var hernaður tvíþættur, sóknarstríð og varnarstríð. En nú má segja, að annar þátturinn, varnarstríðið, sé með öllu horfinn. Því til sönnunar er þarflaust að nefna margar hernaðarnýjungar á atómöld. Aðeins skal á það minnzt, að á síðustu tímum hefur eldflaugatækni komizt á það stig, að hægt er að senda með hraða hljóðsins og nákvæmri öryggismiðun tortímandi vetnissprengjur milli hvaða staða á hnettinum sem er.

Með þessar staðreyndir í huga hljóta Íslendingar að svara þeirri spurningu, hvaða vernd sé að herstöð og herliði í landi þeirra í styrjöld. Svarið er einfalt og afdráttarlaust: Herlið og herstöðvar veita enga vörn.

En hervernd er verri en gagnslaus. Á sömu stundu og „verndarþjóðin“ lenti í styrjöld, yrðu herstöðvar hennar hvarvetna á hnettinum ófriðarsvæði og sennilegt skotmark hins styrjaldaraðilans. Herstöð í landi okkar frá þjóð, sem ætti í styrjöld, hlyti nær óhjákvæmilega að gera það að skotspæni þegar í upphafi kjarnorkustríðs.

Nú er svo komið, að engin þjóð í víðri veröld er þess megnug að verja sitt eigið land í heimsstyrjöld, hvað þá heldur lönd annarra. Að því er „varnarleysi“ snertir, er okkur ekki vandara um en öðrum. Vissulega er það rétt, að á ógnartímum kjarnorkubáls yrði enginn óhultur. En ríki án hers og herstöðva, sem lýst hefði yfir hlutleysi í hernaðarátökum, væri stórum betur sett en hernumið land. Vopnleysi og hlutleysi dregur stórlega úr hættunni á skyndiárás í upphafi styrjaldar. Og á

meðan vopn eru slíðruð, yrði slík afstaða til að draga úr spennu, ákall um afvopnun, eina hugsanlega framlag smáþjóðar friði til viðhalds og verndar.

Önnur röksemd fylgismanna herstöðva á Íslandi er sú, að land okkar sé og eigi að vera hlekkur í varnarkerfi vestrænna þjóða, en slíkt varnarkerfi sé líklegt til að bægja frá hættunni af nýrri heimsstyrjöld. Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem þeirri kenningu er varpað fram, að vopn og vígbúnaður eigi að halda vörð um friðinn. En hefur það nokkru sinni tekizt? Er ekki deginum ljósara, að vígbúnaðarkapphlaup hefur alltaf endað á sömu lund: með styrjöld? Eru líkur til, að annað verði uppi á teningnum nú, ef ekki tekst að stöðva þetta kapphlaup? Er ekki eina von þjóðanna um frið í því fólgin, að takast megi að draga úr spennunni milli stórveldanna og styðja hverja þá viðleitni, sem miðar til afvopnunar og friðsamlegra samskipta.

Þessi augljósa staðreynd hefur þrátt fyrir allt átt vaxandi skilningi að fagna síðustu árin. Þar hafa smáþjóðirnar og hinar hlutlausu þjóðir lagt drjúgan skerf af mörkum, enda vex áhrifavald þeirra stöðugt. Allar líkur benda til, að vaxandi samstarf þeirra og samstaða á alþjóðavettvangi eigi eftir að bera ríkulegan ávöxt og stuðla að afvopnun og friðsamlegri lausn deilumála. Hlekkur í slíkri keðju ber Íslandi að vera, en ekki aðili að hernaðarsamtökum.

Þegar íslenzkir ráðamenn fengu því til leiðar komið, að Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu, var því hátíðlega lýst yfir, að hér á landi mundi ekki dveljast her á friðartímum. Vornótt eina árið 1951 kom herinn og hefur setið hér alla stund síðan, í rétt 14 ár. Á hernum er ekkert fararsnið, heldur býr hann sig nú undir það að koma hér upp nýrri herstöð — flotastöð í Hvalfirði. Þau 14 ár, sem bandarískur her hefur dvalizt hér í náðum, geta að vísu ekki talizt friðartímar í þeim skilningi, að hvergi í heiminum hafi komið til vopnaðra átaka. En þrátt fyrir allt hafa þess sézt ýmis merki, að ráðamenn í austri og vestri geri sér í vaxandi mæli ljósa þá ábyrgð, sem á þeim hvílir, gagnvart lífi og framtíð alls mannkyns. Augu æ fleiri manna eru að opnast fyrir því, að fjölgun herstöðva og síaukinn herbúnaður eru sízt af öllu trygging fyrir friði og öryggi. Þetta kom berlega í ljós hina örlagaríku daga í októbermánuði 1962, þegar Kúbudeilan var í hámarki. Árum saman hafði Atlantshafsbandalagið vígbúizt linnulaust. Það hafði komið upp herstöðvum víðs vegar um Evrópu og alla leið austur í Tyrkland. Bandaríkin sjálf stóðu grá fyrir atómsprengjum og vígvélum. En skyndilega vaknar hinn vestræni heimur við það, samkvæmt frásögn Bandaríkjaforseta, að hann er í ægilegum háska staddur — vegna þess að Rússar undirbúa hið sama á Kúbu og Atlantshafsbandalagið hafði fyrir löngu framkvæmt í Tyrklandi og víðar, að koma fyrir eldflaugum, sem borið geta atómsprengjur til fjarlægra skotmarka. Þegar vígbúnaðarkapphlaupið hófst að nýju, nokkru eftir síðustu heimsstyrjöld, nefndu Bandaríkin aldrei, að lífsháski vofði yfir þeim. En eftir að þau höfðu vígbúizt dag og nótt í meira en áratug, var hann skyndilega kominn heim að bæjardyrum þeirra. — Þetta dæmi, og mörg önnur, hafa átt þátt í að efla skilning manna um heim allan á þeirri staðreynd, að vígbúnaðarkapphlaupið er sjálft undirrót háskans, fækkun herstöðva og afvopnun eina leiðin til að tryggja friðinn.

Með samningi þeim, sem gerður var árið 1964 um takmörkun tilrauna með kjarnorkuvopn, var stigið fyrsta alvarlega skrefið til að hefta hið ægilega vígbúnaðarkapphlaup stórveldanna. Og þó að sorglega hægt gangi að feta í átt til afvopnunar, ríkir vaxandi skilningur á því, að þá leið verði að fara. Tortryggni sú og ótti, sem er afleiðing hernaðarbandalaga og dreifðra herstöðva um allan heim, á sinn ríka þátt í að torvelda þessa göngu. Hver viðleitni, sem að því miðar að draga úr spennunni, hver herstöð, sem niður er lögð, hreinsar andrúmsloftið og léttir gönguna í átt til friðsamlegra samskipta. Uppsögn herstöðvasamningsins frá 1951 og brottför alls herliðs af íslenzkri grund er brýnni nauðsyn nú en nokkru sinni áður. Sú ráðstöfun er ekki aðeins sjálfsögð vegna lífshagsmuna Íslendinga, ef til ótíðinda kynni að draga. Hún er, eins og nú standa sakir, hið eina og sjálfsagða framlag okkar til að draga úr spennu og auðvelda friðsamlega sambúð þjóða.

Nd. 553. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 36 15. maí 1964, um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna, MÁM, var fjarverandi.

Alþingi, 28. apríl 1965.

Jónas G. Rafnar, form.
Sig. Ágústsson.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm.
Eðvarð Sigurðsson.
Sigurður Jóhannesson.
Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 554. Nefndarálit [192. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.
Eðvarð Sigurðsson, Sigurður Jóhannesson og Þórarinn Þórarinsson áskilja sér rétt til þess að flytja og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frv.

Alþingi, 29. apríl 1965.

Jónas G. Rafnar, form., frsm.
Eðvarð Sigurðsson.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Sig. Ágústsson.
Þórarinn Þórarinsson.
Sigurður Jóhannesson.
Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 555. Breytingartillaga [192. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.

Frá Eðvarð Sigurðssyni, Þórarni Þórarinssyni og Sigurði Jóhannessyni.

Við 1. gr. Í stað „60%“ komi: 75%.

Ed. 556. Frumvarp til laga [140. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. apríl.)

1. gr.

Í stað orðanna „hafi góða sjón og heyrn og sé nægjanlega hraustur andlega og líkamlega“ í 2. mgr. 27. gr. komi: hafi góða sjón og sé að öðru leyti nógu hraustur andlega og líkamlega.

2. gr.

1. og 2. mgr. 70. gr. orðist svo:

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í vátryggingarfélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við vátryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 500 000.00 fyrir reiðhjól með hjálparvél, kr. 1 000 000.00 fyrir dráttarvél, kr. 1 000 000.00 fyrir bifhjól og kr. 2 000 000.00 fyrir bifreið.

Fyrir vélknúin ökutæki, er flytja mega farþega, skal vátryggingarfjárhæðin þó aldrei vera lægri en svo, að kr. 100 000.00 bætist við vátryggingarfjárhæðina fyrir hvern farþega, er ökutækið má flytja umfram tíu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. koma þó til framkvæmda 1. maí 1965.

Ed. 557. Frumvarp til laga [9. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Bajic, Mile, bakari í Keflavík, f. í Júgóslavíu 29. september 1932.
2. Benkovic, Mijo, verkamaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 23. júlí 1936.
3. Brown, Arthur Kellogg, matsveinn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 29. apríl 1907.
4. Busetti, Ferruccio Mario, verkamaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 14. ágúst 1939.
5. Csillag, Maria, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi, 27. janúar 1938.
6. Culjak, Ivan, bakari í Keflavík, f. í Júgóslavíu 29. september 1940.
7. Dahm, Gisela Gerda Edith, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 16. júní 1938.
8. Dam, Eina, húsmóðir á Akranesi, f. í Færeyjum 6. apríl 1938.
9. Djonic, Osman, verkamaður í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 19. ágúst 1918.
10. Djonic, Slavica, húsmóðir í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 6. maí 1933.
11. Dragutin, Urh, verkamaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 10. maí 1935.
12. Englezos, Anastasios, stud. phil. í Reykjavík, f. í Grikklandi 3. maí 1935.
13. Hansen, Harald Erwin, nemandi í Reykjavík, f. í Austurríki 8. júní 1944.
14. Hansen, Jógvan Georg, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 26. maí 1938.
15. Hansen, Kristian, bifreiðarstjóri í Reykjavík, f. í Danmörku 18. febrúar 1928.
16. Horváth, Adél, þjónustustúlka í Ytri-Njarðvík, f. í Ungverjalandi 2. ágúst 1941.
17. Ipsen, Inger Bjarna, iðnverkakona í Reykjavík, f. í Danmörku 5. ágúst 1944.
18. Jensen, Jens Varnek Julius Meinhard, sjómaður í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 23. nóvember 1936.
19. Jepsen, Frederik Peter, vélstjóri í Reykjavík, f. í Danmörku 3. marz 1927.
20. Johannessen, Ellen Marie, húsmóðir í Hrísey, f. í Færeyjum 10. janúar 1942.
21. Johansen, Helína Ólafía, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 29. júlí 1937.
22. Jón Hallgrímsson, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Englandi 12. janúar 1944.
23. Juhasz, Istvan, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. í Ungverjalandi 11. febrúar 1935.
24. Kersbergen, Anna Cornelia, nunna í Hafnarfirði, f. í Hollandi 31. maí 1900.
25. Kujundzic, Josip, sjómaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 19. febrúar 1939.
26. Larsen, Knud Broberg, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Danmörku 5. maí 1937.
27. Lettau, Christel Hildegard, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 16. október 1920.

28. Martin, Donald Lewis, tannsmiður í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 7. janúar 1934.
29. Mazibrada, Slobodan, matsveinn í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 13. júlí 1941.
30. Moen, Roththraut Elisabeth, húsmóðir á Eyrarbakka, f. í Þýzkalandi 14. apríl 1928.
31. Moestrup, John Gilbert Grum, nemi í Reykjavík, f. í Danmörku 31. ágúst 1942.
32. Molnár, István Ferencz, rafvirki í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 13. ágúst 1936.
33. Mustac, Simica, þjónustustúlka í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 13. febrúar 1932.
34. Mörk, Olga Stefanie, starfsstúlka í Reykjavík, f. í Noregi 2. nóvember 1902.
35. Nielsen, Folmer Martin, járnsmiður í Reykjavík, f. á Íslandi 10. júlí 1930.
36. Nielsen, Guðlaugur Ragnar, pípulagningamaður í Reykjavík, f. á Íslandi 28. júní 1932.
37. Nilsson, Karl Rudolf Kristian, verkamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 4. desember 1903.
38. Pasch, Elisabeth, húsmóðir í Keflavík, f. í Þýzkalandi 13. september 1921.
39. Paulsen, Martha Kathrina Maria (Jónsson), húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 8. ágúst 1931.
40. Petrovic, Dragoljub, blikksmiður í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 25. desember 1927.
41. Petrovic, Dusanka, húsmóðir í Ytri-Njarðvík, f. í Júgóslavíu 20. október 1928.
42. Ratec, Franjo, vefari á Álafossi, f. í Júgóslavíu 16. janúar 1926.
43. Schaupp, Jutta Eva Hedwig (Pálmason), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 24. desember 1935.
44. Seebörger, Christa, húsmóðir í Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 29. maí 1935.
45. Seefeld, Wolf, garðyrkjumaður í Hveragerði, f. í Lettlandi 19. júní 1912.
46. Segatta, Piergiorgio Luigi Natale, framreiðslumaður í Reykjavík, f. á Ítalíu 20. febrúar 1937.
47. Sindicic, Berislav, verkamaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 24. júní 1937.
48. Stavar, Franc, vefari á Álafossi, f. í Júgóslavíu 25. nóvember 1935.
49. Terzic, Ivan, smiður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 21. febrúar 1937.
50. Willert, Herta Johanne, húsmóðir í Þorlákshöfn, f. í Þýzkalandi 22. marz 1938.
51. Züber, Margareth, húsmóðir í Reykjavík, f. í Austurríki 5. júlí 1927.
52. Þórunn Sofia Jóhannsdóttir (Ashkenazy), húsmóðir í London, f. á Íslandi 18. júlí 1939.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 558. Frumvarp til laga [30. mál]

um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. apríl.)

I. KAFLI

Rannsóknaráð ríkisins.

1. gr.

Rannsóknaráð ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Í Rannsóknaráði skulu eiga sæti 21 maður.

Á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi 7 alþingismenn og jafnmarga alþingismenn til vara í Rannsóknaráð. Aðra fulltrúa í Rannsóknaráði skipar menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn, svo sem hér segir:

Einn samkvæmt tilnefningu stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Einn samkvæmt tilnefningu stjórnar Fiskifélags Íslands.

Einn samkvæmt tilnefningu Iðnaðarmálastofnunar Íslands.

Einn samkvæmt tilnefningu Efnahagsstofnunarinnar. Skal hann hafa lokið háskólaprófi í hagfræði.

Einn samkvæmt tilnefningu Raforkuráðs og raforkumálastjóra sameiginlega.

Þrjá samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, og skulu þeir hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Fimm fyrir hagnýtar rannsóknir, forstjóra eftirtalinna rannsóknarstofnana:

Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunarinnar.

Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Menntamálaráðherra er formaður Rannsóknaráðs og skipar varaformann úr hópi annarra ráðsmanna.

3. gr.

Rannsóknaráð ríkisins er ráðgjafarstofnun, sem vinnur að eflingu hagnýtra rannsókna í landinu, en einnig að eflingu undirstöðurannsókna, að því leyti sem þau verkefni eru eigi í höndum Háskóla Íslands, og þá jafnan í fullu samráði við hann.

4. gr.

Rannsóknaráð kýs úr sínum hópi 5 manna framkvæmdanefnd, sem í umboði Rannsóknaráðs gerir tillögur um þau málefni, sem því eru falin í lögum þessum. Nefndin kýs sér formann. Ráðherra ákveður laun hennar.

5. gr.

Rannsóknaráð skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um rannsóknamál. Það skal gera hlutaðeigandi ráðuneyti aðvart um rannsóknaverkefni, er það telur að sinna ætti. Rannsóknaráð skal hafa samstarf við rannsóknastofnanir. Skylt er þeim stofnunum og einstaklingum, sem fá framlag úr ríkissjóði til rannsókna, að láta Rannsóknaráði ríkisins í té upplýsingar og hafa samstarf við það, þegar þess er óskað og við verður komið.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs, að fengnum tillögum ráðsins. Sérfræðinga við Rannsóknaráð skipar menntamálaráðherra að fengnum tillögum framkvæmdanefndar. Framkvæmdanefnd ræður annað starfslið. Framkvæmdastjóri annast daglegar framkvæmdir Rannsóknaráðs, fjárreiður þess og reikningsskil. Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi.

7. gr.

Rannsóknaráð skal koma saman ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Ráðið er ólaunað. Það heldur gjörðabók um störf sín. Reikningar þess skulu endurskoðaðir árlega af ríkisendurskoðuninni, og skýrslu um störf Rannsóknaráðs skal senda menntamálaráðuneytinu að loknu hverju reikningsári, svo og samrit af reikningum ráðsins.

8. gr.

Verkefni Rannsóknaráðs ríkisins skulu vera:

1. Efling og samræming hagnýtra rannsókna og undirstöðurannsókna í landinu. Ráðið skal hafa náið samstarf við hinar ýmsu rannsóknastofnanir. Það skal hafa sem gleggsta yfirsýn yfir alla rannsóknastarfsemi í landinu og gera tillögur til úrbóta, ef það telur rannsóknastarfsemina ófullnægjandi, rannsóknaskilyrði ófullkomin eða markverð rannsóknaverkefni vanrækt.
2. Athuganir á nýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnuvega og atvinnugreina, enda skulu allar tillögur um nýjungar á sviði atvinnuvega og atvinnugreina, sem berast ríkisvaldinu, sendar ráðinu, og skal það beita sér fyrir því, að fram fari tæknileg og þjóðhagsleg athugun þeirra, ef það telur þess þörf.
3. Gera tillögur um framlög ríkisins til rannsóknamála og fylgjast með ráðstöfun opinberra fjárframlaga til þeirra rannsóknastofnana, sem lög þessi ná til.
4. Öflun fjármagns til rannsóknastarfseminnar almennt til viðbótar framlagi ríkisins og tillögugerð um skiptingu þess á milli rannsóknastofnana og rannsóknaverkefna.
5. Að hafa í sínum vörzlum skýrslur um rannsóknir á sviði raunvísinda, sem kostaðar eru af opinberu fé, og hlutast til um, að niðurstöður séu kynntar. Rannsóknaráð semur árlega skýrslu um rannsóknastarfsemina í landinu.
6. Að stuðla að söfnun erlendra rita og annarra upplýsinga um vísindastörf, rannsóknastörf og tækni og úrvinnslu þeirra til hagnýtingar fyrir atvinnuvegi landsins. Upplýsingum þessum skal komið á framfæri við rannsóknastofnanir.
7. Að beita sér fyrir skjótri hagnýtingu tæknilegra nýjunga hjá atvinnuvegunum með kynningastarfsemi og upplýsingaþjónustu.
8. Samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir og að stuðla að þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsóknamála.
9. Önnur þau verkefni, sem æskilegt reynist að sameina fyrir rannsóknastarfsemina.

II. KAFLI

Rannsóknastofnanir.

9. gr.

Á vegum ríkisins skulu starfræktar eftirtaldar rannsóknastofnanir, eftir því sem nánar er kveðið á í lögum þessum.

Hafrannsóknastofnunin.
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
Rannsóknastofnun iðnaðarins.
Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins.

Ráðherra getur að fengnum tillögum Rannsóknaráðs ríkisins og með samþykki Alþingis stofnsett rannsóknastofnanir, sem vinni að öðrum verkefnum en greinir í III. til VII. kafla laga þessara.

III. KAFLI

Hafrannsóknastofnunin.

10. gr.

Hafrannsóknastofnunin er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir sjávarútvegsmálaráðuneytið.

11. gr.

Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera þrír menn, skipaðir af sjávarútvegsmálaráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefnd-

ur af stjórn Fiskifélags Íslands og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

12. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

13. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga við Hafrannsóknastofnunina að fengnum tillögum stjórnarinnar. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum og vera sérfróður um hafrannsóknir. Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

14. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

15. gr.

Við Hafrannsóknastofnunina er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:

Landssamband ísl. útvegsmanna tvo menn.
Fiskifélag Íslands einn mann.
Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda einn mann.
Fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambands Íslands einn mann.
Alþýðusamband Íslands einn mann.
Sjómannasamband Íslands einn mann.
Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni.
Nefndin kýs sér formann.

Ráðgjafarnefnd fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og sjávarútvegsins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

16. gr.

Hafrannsóknastofnunin skal hafa yfirstjórn fiskirannsóknaskipa, sem eru í eigu ríkisins.

17. gr.

Verkefni Hafrannsóknastofnunarinnar skulu meðal annars vera:

1. Rannsóknir á göngum og stofnsveiflum íslenzkra sjávardýra og áhrifum þeirra á aflamagn, veiðihorfur og hámarksnýtingu. Enn fremur rannsóknir á dýrastofnum og öðrum sjávarverðmætum, sem ónýtjuð eru, í því skyni að auka fjölbreytni sjávarútvegsins.
2. Rannsóknir á lifnaðarháttum og lífsskilyrðum sjávardýra og sjávargróðurs.
3. Rannsóknir á sviði efna- og eðlisfræði sjávar.
4. Skipulagning og stjórn rannsókna og fiskileitar á veiðisvæðum og leit nýrra fiskimiða.
5. Rannsóknir á fiskirækt og öllu, sem að þeim lýtur, áburð á sjó o. s. frv.
6. Tilraunir með ný veiðarfæri og veiðiaðferðir og rannsóknir þar að lútandi, svo og rannsóknir á hagkvæmustu gerð fiskiskipa.
7. Að stuðla að söfnun og úrvinnslu veiðiskýrslna.
8. Kynning á niðurstöðum rannsóknanna í vísinda- og fræðsluritum.

Hafrannsóknastofnunin ein skal annast þau verkefni, sem tilgreind eru hér að framan og unnið er að á vegum ríkisins.

18. gr.

Til framkvæmda á verkefnum, sem um ræðir í 17. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirtalin verksvið:

1. Síldar- og svifrannsóknir.
2. Botnfiska- og botndýrarannsóknir.
3. Sjófræði- og lífeðlisfræðirannsóknir.
4. Veiðitæknirannsóknir.

IV. KAFLI
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

19. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir sjávarútvegsmálaráðuneytið.

20. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skulu vera þrír menn, skipaðir af sjávarútvegsmálaráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórn Fiskifélags Íslands og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

21. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

22. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins að fengnum tillögum stjórnarinnar. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum og vera sérfróður um fiskiðnað. Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

23. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

24. gr.

Við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:

Fiskifélag Íslands.
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
Félag íslenzkra fiskimjölsframleiðenda.
Samband ísl. samvinnufélaga.
Síldarútvegsnefnd.
Samlag skreiðarframleiðenda.
Sölusamband ísl. fiskframleiðenda.
Félag fiskniðursjóðenda.
Sjómannasamband Íslands.
Alþýðusamband Íslands.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni. Nefndin kýs sér formann. Nefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og fiskiðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórnarnefnd til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðgjafarnefnd er ólaunuð.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarinnar skuli hagað.

25. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er ásamt Hafrannsóknastofnuninni eigandi hússins Skúlagötu 4 í Reykjavík. Þegar byggingarnefnd hússins Skúlagötu 4 hefur lokið störfum, annast stjórnir fiskiðnaðarstofnunarinnar og Hafrannsóknastofnunarinnar rekstur hússins og önnur mál, er varða þessar stofnanir sameiginlega.

26. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skulu meðal annars vera:

1. Rannsóknir á hráefnum og framleiðslu fiskiðnaðarins til þess að tryggja fyllstu nýtingu hráefnanna og gæði afurðanna.
2. Aðstoð og leiðbeiningar við fiskiðnaðinn við undirbúning og byggingu fiskiðjuvera og val véla og tækja til fiskiðnaðar.
3. Kynning á nýjungum í fiskiðnaði, tækjum og vinnsluaðferðum og prófun á gagnsemi þeirra.
4. Nauðsynleg rannsóknaþjónusta við fiskiðnaðinn.
5. Námskeið fyrir matsmenn, vélstjóra og verkstjóra í fiskiðnaðinum.
6. Kynning á niðurstöðum rannsóknanna í vísinda- og fræðsluritum.

27. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 26. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirtalin verksvið:

1. Efnafræðirannsóknir.
2. Efnaverkfræðirannsóknir.
3. Gerlafræðirannsóknir.
4. Rannsóknir á sviði véla- og verksmiðjutækni.

V. KAFLI
Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

28. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir landbúnaðarráðuneytið.

29. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skulu vera þrír menn, skipaðir af landbúnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

30. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

31. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga við Rannsóknastofnun landbúnaðarins að fengnum tillögum stjórnarinnar. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum og vera sérmenntaður í einhverri grein búvísinda. Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

32. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

33. gr.

Við Rannsóknastofnun landbúnaðarins er tilraunaráð. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í ráðið til fjögurra ára í senn:

Sérfræðingar og tilraunastjórar, sem fara með verkefni samkv. 1.—5. tölulið 35. gr., einn mann.

Sérfræðingar og tilraunastjórar, sem fara með verkefni samkv. 6.—9. tölulið 35. gr., einn mann.

Búnaðarfélag Íslands tvo menn, og sé annar þeirra ráðunautur í jarðrækt, en hinn í búfjárrækt.

Framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann.

Stéttarsamband bænda tvo menn.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í tilraunaráði.

Ráðið kýs sér formann.

Tilraunaráðið er tengiliður milli stofnunarinnar og hinna ýmsu greina landbúnaðarins. Það er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðið er ólaunað.

Landbúnaðarráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í tilraunaráði og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

34. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal annast eða hafa umsjón með öllum rannsóknum og tilraunum á sviði landbúnaðarins, sem fé er veitt til á fjárlögum, og falla undir eftirtalin verkefni:

1. Rannsóknir og tilraunir til öflunar vísindalegrar og hagnýtrar þekkingar og reynslu í undirstöðuatriðum jarðræktar og búfjárræktar.
2. Rannsóknir á orsökum þess, að landgæði spillast eða landnytjar ganga úr sér, og tilraunir með varnarráðstafanir.
3. Rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins, sem miða að betri og fullkomnari nýtingu.
4. Þjónusta við landbúnaðinn með rannsóknum.
5. Kynning á niðurstöðum rannsóknanna og starfsemi stofnunarinnar í vísinda- og fræðsluritum.

35. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 34. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirfarandi verksvið:

1. Jarðvegsrannsóknir, áburðar- og jarðræktartilraunir.
2. Jurtakynbætur, lífeðlisfræðirannsóknir, gróður- og frærannsóknir.
3. Rannsóknir á beitilöndum.
4. Garðyrkju- og ylræktarrannsóknir.
5. Rannsóknir á sjúkdómum og meindýrum jurtagróðurs og varnir gegn þeim.
6. Vinnu- og verktæknirannsóknir og tilraunir með búvélar.
7. Búfjárkynbætur og arfgengisrannsóknir búfjár.
8. Fóðurrannsóknir, fóðrunartilraunir og rannsóknir á fóðrunarsjúkdómum.
9. Rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins.

36. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal fá umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar, sem ríkið á. Þar skulu framkvæmdar tilraunir í jarðrækt, búfjárrækt, heyverkun og öðru, sem stjórn stofnunarinnar ákveður.

Stofnuninni er heimilt að semja við einstaka bændur og búnaðarsambönd um tilraunir, ræktun úrvalsfræs og annað í sambandi við starfsemi stofnunarinnar, eins og stjórnin telur hentugt.

VI. KAFLI
Rannsóknastofnun iðnaðarins.

37. gr.

Rannsóknastofnun iðnaðarins er sjálfstæð stofnun, sem heyrir undir iðnaðarmálaráðuneytið.

38. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins skulu vera þrír menn, skipaðir af iðnaðarmálaráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Félagi íslenzkra iðnrekenda og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

39. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun hennar og fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

40. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga við Rannsóknastofnun iðnaðarins, að fengnum tillögum stjórnarinnar. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

41. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

42. gr.

Við Rannsóknastofnun iðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:

Alþýðusamband Íslands.
Félag íslenzkra iðnrekenda.
Iðnaðarbanki Íslands.
Iðnaðarmálastofnun Íslands.
Landssamband iðnaðarmanna.
Samband íslenzkra samvinnufélaga.
Verzlunarráð Íslands.
Vinnuveitendasamband Íslands.
Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni.
Nefndin kýs sér formann.

Ráðgjafarnefnd fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og iðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð.

Iðnaðarmálaráðherra getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

43. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar iðnaðarins skulu meðal annars vera:

1. Rannsóknir til eflingar og hagsbóta fyrir iðnaðinn í landinu og rannsóknir vegna nýjunga á sviði iðnaðar og annarrar framleiðslu.
2. Rannsóknir á nýtingu náttúruauðæfa landsins í þágu iðnaðar.
3. Nauðsynleg rannsóknaþjónusta í þeim greinum, sem stofnunin fæst við.
4. Kynning á niðurstöðum rannsóknanna í vísinda- og fræðsluritum.

44. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem getur í 43. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirtalin verksvið:

1. Efnarannsóknir vegna sérverkefna og nýjunga í iðnaði og annarri framleiðslu.
2. Almennar efnarannsóknir, samkvæmt 3. lið 43. gr.
3. Gerlarannsóknir.
4. Rannsóknir vegna tilraunaframleiðslu.
5. Rannsóknir á sviði véla og tækni.

45. gr.

Til greiðslu kostnaðar við Rannsóknastofnun iðnaðarins, auk þeirra framlaga og tekna, sem stofnunin fær samkvæmt ákvæðum 55. gr. VIII. kafla, skal innheimt hjá iðnfyrirtækjum, verksmiðjum og verkstæðum gjald, sem nemur 2‰ af útborguðu kaupi hvers slíks fyrirtækis til verkafólks og fagmanna.

Undanþegin gjaldi samkvæmt 1. mgr. eru hraðfrystihús, síldar- og fiskmjölsverksmiðjur, hvalstöðvar og annar iðnaður úr sjófangi, sláturhús, kjötiðnaður, mjólkurbú og annar slíkur iðnaður, sem vinnur úr landbúnaðarafurðum, svo og sements- og áburðarframleiðsla.

Verði ágreiningur um gjaldskyldu, sker iðnaðarmálaráðherra úr og er úrskurður hans endanlegur.

VII. KAFLI

Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins.

46. gr.

Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins er sjálfstæð stofnun, sem heyrir undir iðnaðarmálaráðuneytið.

47. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins skulu vera þrír menn, skipaðir af iðnaðarmálaráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af Landssambandi iðnaðarmanna og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

48. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og samþykkir starfsáætlun hennar og fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn. Fjárhagsáætlun skal senda ráðherra til staðfestingar.

49. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Forstjóri stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

50. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

51. gr.

Við Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:

Alþýðusamband Íslands.
Arkitektafélag Íslands.
Félag íslenzkra iðnrekenda.
Húsameistari ríkisins.

Húsnæðismálastofnun ríkisins.
Iðnaðarmálastofnun Íslands.
Landssamband iðnaðarmanna.
Borgarstjórn Reykjavíkur.
Sementsverksmiðja ríkisins.
Teiknistofa landbúnaðarins.
Vinnuveitendasamband Íslands.
Raforkumálastjóri.
Vegamálastjóri.
Vitamálastjóri.
Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni.
Nefndin kýs sér formann.

Ráðgjafarnefnd fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og byggingaiðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð.

Iðnaðarmálaráðherra getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

52. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins skulu meðal annars vera:

1. Endurbætur í byggingaiðnaði og lækkun kostnaðar við mannvirkjagerð, þar á meðal sjálfstæðar grundvallarrannsóknir í byggingatækni, hagnýtingu húsrýmis, bæjarskipulagning og gatnagerð. Í þeim tilgangi skal stofnunin fylgjast með nýjungum í byggingaiðnaði og laga þær að íslenzkum staðháttum.
2. Hagnýtar jarðfræðirannsóknir.
3. Vatnsvirkjarannsóknir.
4. Kynning á niðurstöðum rannsókna og veiting upplýsinga um byggingafræðileg efni.
5. Aðstoð við eftirlit með byggingaefnum og byggingaframkvæmdum.
6. Nauðsynleg rannsóknaþjónusta í þeim greinum, sem stofnunin fæst við.

53. gr.

Af öllu innfluttu timbri, sementi og steypustyrktarjárni skal greiða ½% aðflutningsgjald og ½% framleiðslugjald af sementi, sem framleitt er hér á landi.

Gjöld þessi renna til greiðslu kostnaðar við starfsemi Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, auk þeirra framlaga og tekna, sem stofnunin hlýtur samkvæmt ákvæðum 55. gr. VIII. kafla.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði.

54. gr.

Forstjórar rannsóknastofnana, sérfræðingar og annað starfsfólk tekur laun samkvæmt gildandi kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

Ráðherra ákveður deildaskiptingu í rannsóknastofnunum og skipar deildarstjóra að fengnu áliti forstjóra og stjórnar viðkomandi stofnunar.

55. gr.

Tekjur hinna ýmsu rannsóknastofnana eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunar á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.

5. Gjöld, sem fást með álagningu á framleiðsluvörur eða á annan hátt, eins og ákveðið kann að vera í lögum.

Framlag ríkisins, samkv. 1. lið, skal aldrei vera minna en helmingur þeirrar upphæðar, sem fæst samkvæmt 5. lið.

Verkefni, sem rannsóknastofnun vinnur að beiðni einkaaðila eða samtaka þeirra eða þeim til hagsbóta, skulu verðlögð í gjaldskrá, sem ráðherra setur að fengnum tillögum hlutaðeigandi rannsóknastofnana, eða samkvæmt sérstökum samningi.

56. gr.

Eignum Atvinnudeildar Háskólans skal ráðstafa þannig:

Eignir fiskideildar skulu falla til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Eignir búnaðardeildar skulu falla til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Eignum iðnaðardeildar skal skipta á milli Rannsóknastofnunar iðnaðarins og Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins samkvæmt ákvörðun iðnaðarmálaráðuneytisins.

Húseign Atvinnudeildar á lóð Háskólans ráðstafar ríkisstjórnin í þágu íslenzkrar vísindastarfsemi.

57. gr.

Framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins kallar forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunarinnar saman á fund ársfjórðungslega eða oftar, ef þurfa þykir. Skulu þeir ræða málefni, sem eru þessum stofnunum sameiginleg.

58. gr.

Ríkið kemur upp hentugum byggingum og athafnasvæðum í rannsóknahverfi til handa þeim rannsóknastofnunum, sem um getur í lögum þessum, að svo miklu leyti, sem stofnunum er ekki séð fyrir þeirri aðstöðu annars staðar, svo og rannsóknatækjum og öðrum hjálpargögnum, sem sameiginleg not geta orðið af fyrir margar rannsóknastofnanir.

Rannsóknaráð ríkisins skal hafa yfirumsjón með óráðstöfuðu landssvæði og sameiginlegum byggingum og tækjum, sem um getur að ofan, en einstakar byggingar og landssvæði þeirra skulu vera til óskertra umráða þeirra stofnana, sem þær nota.

Um tilhögun bygginga og athafnasvæða skal, svo sem við verður komið, farið eftir tillögum þeirra rannsóknastofnana, sem ætlað er að nota þau.

59. gr.

Hver rannsóknastofnun hefur aðskilinn fjárhag og bókhald. Þó skal kappkosta, eins og við verður komið, að rannsóknastofnanir noti sameiginlega starfskrafta við skrifstofustörf og önnur þjónustustörf.

60. gr.

Fé það, sem Háskóla Íslands ber að greiða til ríkissjóðs sem einkaleyfisgjald fyrir happdrætti Háskóla Íslands, rennur í byggingasjóð rannsóknastarfseminnar.

61. gr.

Þær stofnanir, sem um getur í lögum þessum, skulu eiga aðgang að upplýsingum, sem opinberar stofnanir og fyrirtæki geta í té látið og varða starfsemi þeirra.

62. gr.

Ekki er heimilt að veita upplýsingar um rannsóknir, sem kostaðar eru af einstaklingi, félagi eða stofnun, nema með samþykki hennar. Ef þagnarskylda er brotin, varðar það ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn og skaðabótaskyldu.

63. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi stofnana þeirra, er lög þessi taka til, má setja með reglugerðum. Þar á meðal er heimilt að ákveða breytingu á verksviðum einstakra stofnana, enn fremur að heimila sérfræðingum rannsóknastofnananna að kenna við Háskóla Íslands.

64. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, lög nr. 64/1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, orðin „þá skal og starfa við Háskóla Íslands rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna, er nefnist atvinnudeild háskólans“ í 9. gr. laga nr. 60/1957, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

65. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 559. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um Lánasjóð sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og leggur meiri hluti hennar til, að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 16. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1966.

Einn nefndarmanna, Hannibal Valdimarsson, hefur lýst sig andvígan einstaka greinum frumvarpsins. Var hann fjarverandi, þegar málið var endanlega afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 29. apríl 1965.

Guðl. Gíslason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Jón Skaftason.
Jónas G. Rafnar.	Ágúst Þorvaldsson.	Matthías Bjarnason.

Nd. 560. Lög [157. mál]

um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 424, sbr. 345.

Nd. 561. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta inniheldur aðallega þær breytingar á húsnæðismálalöggjöfinni, sem um var samið að gerðar skyldu samkvæmt júnísamkomulaginu svokallaða.

Heimild sú, sem í frumvarpinu er veitt sveitarfélögum til að byggja leiguhúsnæði, er til bóta.

Undirritaður mælir því með samþykkt frumvarpsins.

Kannaðir voru möguleikar þess í nefndinni að fá meiri hlutann til að fallast á meiri lagfæringar á löggjöfinni, en öllu slíku var synjað.

Þar sem nú líður að þinglokum, en nauðsynlegt er, að frumvarpið fái afgreiðslu á þessu þingi, tel ég ekki rétt að flytja margar breytingartilögur við frumvarpið, og engar þær, er orðið gætu til að bregða fæti fyrir afgreiðslu þess.

Nánast teldi ég það, að menn mættu velja um vaxtakjör og að lánsupphæðin yrði á hverjum tíma sem næst því verðgildi, er hún hafði, þegar júnísamkomulagið var gert, vera ákvæði til að tryggja rétta framkvæmd samkomulagsins, eins og frá var gengið, og leyfi ég mér því að flytja eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 7. gr. Fyrsti málsliður í B-lið orðist svo:
   Lánsupphæðin skal nema allt að kr. 310000.00 á hverja íbúð, og breytist upphæðin samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, eins og hún er á hverjum tíma. Lánsupphæðin má þó ekki nema meira en ¾ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbankans.
2. Við frv. bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
   Unz sett hafa verið lög um verðtryggingu lána almennt, er lántakendum heimilt að velja milli lánskjara samkvæmt lögum þessum, sbr. ákvæði C-liðar 7. gr. um ársvexti og vísitölutryggingu, og þess, að lánin séu með 7¼% ársvöxtum og án vísitöluálags.

Alþingi, 29. apríl 1965.

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 562. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar hefur athugað frv. þetta á nokkrum fundum, en ekki getað náð saman um afgreiðslu þess. Við undirritaðir fulltrúar Framsóknarflokksins í nefndinni flytjum nokkrar breytingartillögur við frv. á sérstöku þingskjali og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu fyrir nefndarálitinu.

Alþingi, 29. apríl 1965.

Jón Skaftason, form. Ágúst Þorvaldsson.

Nd. **563. Breytingartillögur** [147. mál]

við frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Jóni Skaftasyni og Ágúst Þorvaldssyni.

Við 7. gr.

1. Við A-lið greinarinnar:
   a. Í stað orðanna í 1. málsgr. „eða kaup á nýjum íbúðum eru gerð“ komi: eða afsal vegna kaupa á nýrri íbúð er gefið út.
   b. Upphaf 2. málsgr. orðist þannig:
      Sé um að ræða byggingarfélag, sem nýtur ríkisábyrgðar, skal húsnæðismálastjórn, ef um er sótt og unnt er, veita því bráðabirgðalán gegn ríkisábyrgð o. s. frv.
   c. Við fyrri málslið 3. málsgr. bætist: og einnig stjórn Stúdentagarðanna til byggingar íbúða fyrir kvænta háskólanema.
2. Við B-lið greinarinnar. Liðurinn orðist þannig:
   Lánsfjárhæð má vera allt að 300 þús. kr. út á hverja íbúð, að viðbættri hækkun, er svarar til hækkunar, er verða kann á vísitölu byggingarkostnaðar frá árslokum 1964 til lánveitingardags að telja. Reglan um 300 þús. kr. lán út á íbúð kemur til framkvæmda við lánveitingar til þeirra, sem sótt hafa um lán eftir 1. apríl 1964. Þó skulu lánin ekki nema meiru en ¾ hlutum verðmætis íbúðar, samkv. mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbankans. Heimilt er samt að veita hærra lán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, og skal í því skyni verja 15—20 milljónum króna árlega af tekjum byggingarsjóðs ríkisins, ef með þarf vegna gildrar eftirspurnar. Húsnæðismálastjórn ákveður lán þessi að fengnum tillögum viðkomandi verkalýðsfélags. Um viðbótarlánin skal í samráði við miðstjórn Alþýðusambands Íslands setja nánari ákvæði með reglugerð.
   Ef fleiri íbúðir eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig. Þó skal engum einstaklingi veitt lán nema út á eina íbúð.
3. Við C-lið greinarinnar. Liðurinn orðist þannig:
   Lán til hverrar íbúðar skal vera í tvennu lagi: A-lán og B-lán, og skal B-lánið vísitölubundið og vera sama hlutfall af lánsfjárhæðinni og vísitölutryggt fé er af fjármagni því, er húsnæðismálastjórn hefur til útlána hverju sinni.
   Lánin skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðast síðan á 35 árum með 4% ársvöxtum og jöfnum árgreiðslum vaxta, kostnaðar og afborgana (annuitetslán). Til greiðslu á kostnaði Veðdeildarinnar vegna starfsemi hennar í þágu byggingarsjóðsins skulu lántakendur greiða árlega af lánsfjárhæð sinni ¼%, sem reiknast á sama hátt og árlegir vextir. Afborgunarhluti hverrar árgreiðslu B-lána skal hækkaður eða lækkaður eftir því, sem við á, til samræmis við kaupgreiðsluvísitölu.
   A-lánin skulu tryggð með 1. veðrétti í íbúðinni, sem lánið er veitt til, og B-lán með 1. samhliða veðrétti.

Nd. 564. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað málið og leitað um það umsagnar nokkurra aðila, sem eru því yfirleitt meðmæltir, að frv. verði samþykkt óbreytt

Hefur nefndin orðið sammála um að mæla með samþykkt frv.

Alþingi, 29. apríl 1965.

Benedikt Gröndal, form.	Davíð Ólafsson, frsm.	Einar Olgeirsson.
Einar Ingimundarson.	Óskar E. Levy.	Björn Fr. Björnsson.
	Sigurvin Einarsson.	

Nd. 565. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og fékk um það umsagnir frá Landhelgisgæzlunni og saksóknara ríkisins. Telur Landhelgisgæzlan það ekki á sínum vegum að fjalla um þau atriði, sem fram koma í frumvarpinu, þar sem þau snúa að fullnustu landhelgismála. Saksóknari fjallar hins vegar í sínu svari um efnisatriði frumvarpsins, og er bréf hans prentað sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

Efnisatriði frv. eru þrjú, eins og fram er tekið í greinargerð með frv.

Í fyrsta lagi er lagt til, að sektir fyrir landhelgisbrot verði hækkaðar verulega.

Í öðru lagi er lagt til, að bannað verði að láta af hendi eða selja upptæk veiðarfæri þeirra, sem sekir hafa gerzt um botnvörpuveiðar í landhelgi, fyrr en í fyrsta lagi einum mánuði eftir að sektardómur hefur verið kveðinn upp.

Í þriðja lagi er lagt til, að sett verði ótvíræð ákvæði í lögin um það, að náist ekki í sekan skipstjóra á veiðiskipi, sem tekið hefur verið að ólöglegum veiðum, sé heimilt að dæma útgerðarfyrirtæki skipsins og gera það á allan hátt ábyrgt fyrir landhelgisbrotinu.

Það er sameiginlegt álit nefndarinnar, að l. nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, þurfi í heild endurskoðunar við. Enn fremur telur nefndin, að við þá endurskoðun þurfi að taka tillit til þeirra atriða, sem frv. fjallar um, þótt ágreiningur sé hins vegar innan nefndarinnar um einstakar breytingartill., sem frv. hefur inni að halda.

Með hliðsjón af þessu leggur nefndin til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til nánari athugunar í sambandi við heildarendurskoðun laganna, og leggur nefndin áherzlu á, að málið verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Alþingi, 29. apríl 1965.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Sigurður Jóhannesson.
Jón Skaftason.	Sverrir Júlíusson.	Guðlaugur Gíslason, með fyrirvara.
	Lúðvík Jósefsson.	

Fylgiskjal.

SAKSÓKNARI RÍKISINS

Reykjavík, 26. marz 1965.

Með bréfi, dagsettu 23. þ. m., hefur háttvirt sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis sent mér til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Látlaus ásókn veiðiþjófa í fiskveiðilandhelgina virðist bera þess vott, að þau viðurlög, sem nú er beitt við fiskveiðibrotum, séu eigi til nægilegs varnaðar og að þess vegna sé eðlilegt að gera þau strangari. Ganga tvær fyrrgreindu breytingarnar, svo sem þær eru taldar í greinargerð frumvarpsins, í þessa átt, en hvort þær breytingar séu alls kostar heppilegar, eins og þær eru orðaðar í frumvarpinu, er málefni, sem þarfnast gaumgæfilegrar athugunar.

Í fyrsta lagi álít ég, að of mikið stökk sé í lágmarkssektarfjárhæð, þegar stærð skipanna fer yfir 200 rúmlestir brúttó.

Í öðru lagi sé vafasamt, hvort nægileg ástæða sé til að hækka sektarviðurlögin svo mjög frá því, sem nú er, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Í þriðja lagi, hvort eigi teljist eðlilegt og nauðsynlegt frá friðunarsjónarmiði og til samræmis við stærri skipin að hækka sektirnar að því er varðar skip upp að 200 rúmlestum brúttó.

Í fjórða lagi tel ég fyrst og fremst vafamál, hvort heppilegt sé ákvæðið um veiðarfæri í niðurlagssetningu 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins, og eru þá einkum höfð í huga þau tilvik, að sakfellt sé í héraði, en sýknað í Hæstarétti. Ef löggjafanum þætti samt rétt að taka upp þessa reglu — efnislega, þyrfti að athuga orðun hennar mjög nákvæmlega, til þess að tillit væri tekið til allra hugsanlegra málsatvika.

Nýmælið í síðustu málsgrein 1. gr. frumvarpsins getur orðið til þess, ef að lögum verður, að leysa vanda í undantekningartilvikum, en til bóta mundi það vera að bæta við málsgreinina ákvæði um, að nægilegt væri að birta útgerðarfélagi skipsins ákæru og stefnu um borð í skipinu, og enn fremur, að í þessum tilvikum yrði vararefsingu eigi beitt.

Virðingarfyllst,

Valdimar Stefánsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 566. Breytingartillögur [193. mál]

við frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni.

Við 1. gr.

a. Fyrir „10500.00“ komi: 15750.00.
b. Fyrir „336.00“ komi: 504.00.
c. Fyrir „24000.00“ komi: 36000.00.
d. Fyrir „1780.00“ á tveimur stöðum komi: 2670.00.

Nd. 567. Breytingartillögur [188. mál]

við frv. til l. um breyting á l. nr. 59 frá 20 nóv. 1964, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá Einari Ágústssyni, Lúðvík Jósefssyni og Skúla Guðmundssyni.

1. Á eftir 1. gr. komi 2 nýjar greinar, þannig:
   a. (2. gr.). Við 3. gr. laganna bætist:
      Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nöfn eigenda.
   b. (3. gr.). Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
      Fjárhæðir þær, sem bundnar eru á reikningum banka og annarra innlánsstofnana hjá Seðlabankanum, samkv. ákvæðum 11. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, má ekki hækka frá því, sem þær verða hinn 1. júlí 1965.
2. Við fyrirsögn frv. bætist: o. fl.

Nd. 568. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um breyt. á víxillögum, nr. 93 frá 19. júní 1933.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. apríl 1965.

Davíð Ólafsson, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Skúli Guðmundsson.	Matthías Á. Mathiesen.
	Einar Ágústsson.	

Nd. 569. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyting á l. nr. 59 frá 20 nóv. 1964, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess. Mun minni hlutinn skila séráliti. Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. apríl 1965.

Davíð Ólafsson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.
	Jónas G. Rafnar.	

Nd. 570. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 59 frá 20. nóv. 1964, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Í nóvembermánuði s. l. var samþykkt á Alþingi lagafrumvarp ríkisstjórnarinnar um innlent ríkislán að upphæð allt að 75 millj. kr., og var ákveðið í lögunum, að lánið skyldi vera vísitölutryggt. Skuldabréf fyrir hinu nýja láni seldust upp á skömmum tíma, og kunnugt er, að meginhluti þess fjár var tekinn út úr bönkum og sparisjóðum. Síðan þetta gerðist eru liðnir fjórir mánuðir, og nú leggur ríkisstjórnin fyrir Alþingi frumvarp um að tvöfalda lántökuheimildina frá í nóvember. Samkvæmt því á að taka nýtt 75 millj. króna lán til viðbótar hinu fyrra og með svipuðum kjörum.

Um nokkur undanfarin ár hafa þær kvaðir verið lagðar á banka og sparisjóði að leggja hluta af innlánsfé sínu inn á bundinn reikning í Seðlabankanum. Um síðustu áramót voru þessar bundnu innstæður í Seðlabankanum orðnar samtals 1098.1 millj. kr. og höfðu aukizt á árinu 1964 um 300 millj. kr. Enn fremur hafa verið gerðir sérstakir samningar við bankana um að verja 10% af sparifjáraukningu sinni til kaupa á ríkisskuldabréfum og ríkistryggðum skuldabréfum á þessu ári eins og tvö undanfarin ár. Þegar þess er gætt, að skuldabréf ríkissjóðs frá í nóvember s. l. voru nær eingöngu keypt fyrir fé, sem tekið var úr bönkum og sparisjóðum, og allar líkur benda til, að svo muni einnig verða að því er umrædda viðbótarlánsfjáröflun snertir, er sýnt, að slík lagasetning til viðbótar fyrrnefndum kvöðum muni stórkostlega rýra hlut viðskiptabankanna og sparisjóðanna í landinu og gera þeim torvelt að gegna því hlutverki, sem Alþingi hefur falið þeim.

Við flytjum því breytingartillögu við frv. um það, að ekki skuli aukið við frysta féð í Seðlabankanum eftir 1. júlí n. k.

Um ráðstöfun lánsins frá í nóvember fengum við eftirfarandi upplýsingar:

Innlent lán ríkissjóðs 1964
75 millj.

Þegar ráðstafað:

Ríkisspítalar	kr.	2 250 000.00
Ennisvegur	—	3 000 000.00
Múlavegur	—	2 000 000.00
Landshöfn, Rifi	—	9 300 000.00
— Njarðvík	—	4 500 000.00
Raforkusjóður	—	5 000 000.00
	Kr.	26 050 000.00

Ráðstafað fljótlega:

Raforkusjóður	—	9 000 000.00
Jarðboranir	—	7 000 000.00
	Kr.	42 050 000.00
Bíður ráðstöfunar skv. áætlun	—	32 950 000.00
	Kr.	75 000 000.00

Kjör seldra spariskírteina.

Lánstími mest ..... 10 ár
meðtaltalsvextir ..... 7.2% p.a.
byggingarvísitala í des. 1964 220 stig, marz—júní 1965 237 stig.
Útlánskjör sama fjár alveg sambærileg ofanskráðu þ. e.
lánstími mest ..... 10 ár
vextir ..... 7.5% p.a.
byggingarvísitölukvöð.

Að því er snertir ráðstöfun væntanlegs láns skv. frv., sem hér liggur fyrir, segir í athugasemdum þess, að í sambandi við framkvæmdaáætlun ríkissjóðs fyrir yfirstandandi ár þurfi að afla nokkurs lánsfjár til ýmissa framkvæmda. Fjárhagsnefnd fékk eftirfarandi upplýsingar um fyrirhugaða skiptingu lánsfjárins:

Til rafveitna	9	millj. kr.
— hafna	29	— —
— vega	27	— —
— flugvalla	10	— —

Hins vegar fengust ekki neinar nánari skýringar í þessu máli, þó að óskað væri eftir þeim í fjárhagsnefndinni. T. d. var um það spurt, hvort lánin til hafnargerða færu eingöngu til landshafna, eða að einhverju leyti til annarra hafna og þá hverra. Einnig var spurt um það, til hvaða vegaframkvæmda væri áformað að veita 27 millj. kr. lán, en ríkisstjórnin hefur nú lagt fram á Alþingi sérstakt lagafrv. um lántökur til vegaframkvæmda. Við þessum spurningum fengust engin svör. Teljum við þó, að fjárhagsnefnd hefði átt að fá slíkar upplýsingar um ráðstöfun á eftirstöðvum af láninu frá í nóvember og hinu nýja væntanlega láni.

Einnig var þess óskað, að áðurnefnd framkvæmdaáætlun yrði lögð fram í fjárhagsnefndinni, en því var neitað.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sem áformað er að gefa út skv. frv., eiga að vera skattfrjáls og undanþegin framtalsskyldu. En til þess að gera skattayfirvöldum auðveldara að fylgjast með framtölum manna og koma í veg fyrir skattsvik, teljum við, að setja þurfi það ákvæði í lögin, að skuldabréfin og spariskírteinin skuli skráð á nöfn eigenda. Flytjum við brtt. um það.

Samkvæmt framansögðu flytjum við, ásamt hv. 5. þm. Austurlands, 2 brtt. á sérstöku þingskjali, í fyrsta lagi um, að ríkisskuldabréfin og spariskírteinin skuli skráð á nöfn eigenda, og í öðru lagi um, að ekki skuli aukið við bundnar innstæður innlánsstofnana í Seðlabankanum eftir 1. júlí næstkomandi.

Alþingi, 30. apríl 1965.

Einar Ágústsson, frsm. Skúli Guðmundsson.

Nd. 571. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 frá 20. nóv. 1964, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni vilja samþ. frumvarpið óbreytt, en ég tel, að ekki sé

ástæða til að veita ríkisstj. þá heimild, sem í frumv. felst, að svo stöddu máli. Til þess liggja m. a. eftirfarandi ástæður:

Ríkisstjórnin fékk sams konar heimild til lántöku og hún nú fer fram á í nóvembermánuði s. l. Samkvæmt þeirri heimild aflaði hún sér lánsfjár að upphæð 75 millj. kr. Enn er óráðstafað af þeirri upphæð 32.9 millj. kr., og Alþingi hefur ekki fengið upplýsingar um, hvernig þessu fé verður varið.

Óskað hefur verið eftir upplýsingum um það, hvernig ráðgert sé að verja því fé, sem nú er farið fram á heimild til að taka að láni. Þær upplýsingar hafa ekki fengizt nema að litlu leyti.

Lánskjör á skuldabréfaláninu, sem boðið var út samkv. heimildinni frá 20. nóv. s. l., voru 7.2% vextir og auk þess vísitölutrygging samkv. byggingarvísitölu. Vextir af þessum skuldabréfum munu nú vera orðnir um 8%, og stofn bréfanna hefur hækkað um nær 8%.

Enn hugsar ríkisstjórnin sér að afla fjár með lánsútboði á svipuðum grundvelli. Hér er því augljóslega um mjög óhagstæð lán fyrir ríkissjóð að ræða.

Þá tel ég, að rétt sé að skrá skuldabréf eða spariskírteini þessa fyrirhugaða lánsútboðs á nafn þeirra, sem þau kaupa, svo að komið verði í veg fyrir, að lánsútboð þetta verði til þess að auðvelda ýmsum skattsvik.

Ég mun flytja breytingartillögur á sérstöku þingskjali við frumvarpið, en get ekki fallizt á að samþykkja það óbreytt að svo komnu máli.

Alþingi, 30. apríl 1965.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 572. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um lausn kjaradeilu atvinnuflugmanna.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd hefur rætt frv. og leitað um það álits fulltrúa Félags ísl. atvinnuflugmanna og stjórnar Loftleiða. Mættu fulltrúar frá þessum aðilum á fundi nefndarinnar í dag, ásamt flugmálastjóra. Nefndin varð ekki sammála um frv. Leggur undirritaður meiri hl. hennar til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn er því andvígur.

Alþingi, 30. apríl 1965.

Sigurður Bjarnason, form., frsm.
Benedikt Gröndal, fundaskr.
Guðlaugur Gíslason.
Sig. Ágústsson.

Nd. 573. Lög [140. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 556.

Sþ. 574. Nefndarálit [49. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Frá allsherjarnefnd.

Félagsmálaráðuneytið vinnur nú að endurskoðun laga um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, og hafa þegar verið samin drög að frumvarpi um þetta efni. Í trausti þess, að þessu starfi verði haldið áfram og því lokið eigi síðar en um næstu áramót, leggur allsherjarnefnd til, að tillögu þessari verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 30. apríl 1965.

Jón Þorsteinsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Ragnar Arnalds, frsm.
Sverrir Júlíusson.	Einar Ágústsson.	Sigurður Jóhannesson.
	Pétur Sigurðsson.	

Sþ. 575. Nefndarálit [149. mál]

um till. til þál. um fjárhagslega aðstoð við byggingu dráttarbrautar á Siglufirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál og mælir með því, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 30. apríl 1965.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Sverrir Júlíusson.
Einar Ágústsson.	Sigurður Jóhannesson.	Pétur Sigurðsson.
	Ragnar Arnalds.	

Sþ. 576. Nefndarálit [86. mál]

um till. til þál. um raforkumál.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Tillögu þessari var vísað til nefndarinnar 17. marz s. l., og sendi nefndin raforkumálastjóra tillöguna til umsagnar. Annar flutningsmaður tillögunnar lagði mikla áherzlu á, að nefndin afgreiddi tillöguna, þó að umsögn raforkumálastjóra hefði ekki borizt, og varð nefndin við þeirri ósk og afgreiddi málið á fundi sínum 13. apríl. Minni hluti nefndarinnar leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt, en undirritaður meiri hl. nefndarinnar leggur til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Það er álit meiri hl. nefndarinnar, að hraða beri framkvæmdaáætlun um rafvæðingu allra sveitaheimila, sem hafa ekki þegar rafmagn frá samveitum eða sérstökum rafstöðvum. Nefndin hefur kynnt sér, að raforkumálaráðherra og raforkuráð vinnur nú að framkvæmdaáætlun í þessum málum.

Framkvæmdir í þessum málum eru fyrst og fremst því háðar, að nægilegt fjármagn sé fyrir hendi, og er sjáanlegt, að þessum framkvæmdum verður eigi unnt að ljúka á þeim tíma, sem þáltill. gerir ráð fyrir.

Alþingi, 30. apríl 1965.

Jón Þorsteinsson, form. Matthías Bjarnason, fundaskr., frsm. Pétur Sigurðsson.
Sverrir Júlíusson.

Ed. 577. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Mælir undirritaður meiri hl. með því, að frv. verði samþ. óbreytt til 3. umr., en nefndin mun taka nokkur atriði í sambandi við afgreiðslu þess til nánari athugunar milli 2. og 3. umr.

Alþingi, 30. apríl 1965.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Nd. 578. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til laga um lausn kjaradeilu atvinnuflugmanna.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Stjórnarfrv. þetta er flutt, að sögn ríkisstjórnarinnar, til lausnar á kjaradeilu Félags ísl. atvinnuflugmanna og Loftleiða h.f.

Samkv. frv. er gerðardómi ætlað að ákveða flugmönnum kaup og kjör, þ. á m. að setja fyrirmæli um vinnutíma.

Í umræðum þeim, sem þegar hafa farið fram á Alþingi um þetta frv., er ljóst orðið, að miklar líkur eru til þess, að R.R-400 flugvélar Loftleiða h.f. verði ekki starfræktar, þótt gerðardómur setji flugmönnunum kaup og kjör. Þetta sést bezt á því, að flugmenn hafa lýst yfir m. a., að „flugmenn vilja ekki og **munu ekki** una því að taka laun fyrir starf sitt, nema skv. frjálsum samningum við vinnuveitendur sína." Það getur því svo farið, að deilan „leysist", eins og ríkisstjórnin kallar það, með þessu frv., en flugvélarnar hreyfist ekki þrátt fyrir það. Og hver yrði þá árangurinn fyrir deiluaðila? Margt bendir til þess, að þessi væntanlegu gerðardómslög eigi að nota sem fordæmi fyrir hliðstæðum aðgerðum í vinnudeilum síðar.

Samgmn. Nd. kom saman á fund kl. 11 árd. í dag til að ræða frv. Á þeim fundi mættu skv. ósk SE, RA og BP fulltrúar frá deiluaðilum, Félagi ísl. atvinnuflugmanna og Loftleiðum h.f., svo og flugmálastjóri. Létu þessir aðilar nefndarmönnum í té ýmsar upplýsingar í málinu. Ekki fengust þó upplýsingar um það, hversu hárri upphæð í heild næmi mismunurinn á tilboðum deiluaðila, á ári, fyrir Loftleiðir h.f.

Á þessum fundi bar SE fram eftirfarandi tillögu: að umræðum á Alþingi um

frv. verði frestað til næstk. mánudags, 3. maí, en deiluaðilar noti þann frest til samninga.

Fulltrúar flugmanna kváðu sig reiðubúna til að koma til samningafunda. Fulltrúar Loftleiða h.f. kváðust einnig reiðubúnir til samningatilrauna, en töldu litlar líkur til, að þær bæru árangur. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í n. lýstu sig andvíga því, að þessi frestur á umræðum um málið yrði veittur.

Þá bar RA fram till. um það, að n. héldi annan fund um málið síðar í dag, þar sem flugmálastjóri mætti og léti n. í té upplýsingar um vinnutíma flugmanna, bæði hér og erlendis, en þær upplýsingar hafði flugmálastjóri ekki tiltækar á þessum fundi. Þessari till. synjuðu stuðningsmenn ríkisstj. í nefndinni, en lýstu sig samþykka frumv. óbreyttu.

Undirritaðir nm. líta svo á, að meiri hl. samgmn. hafi með þessu komið í veg fyrir, að reyndar yrðu nú samkomulagstilraunir með deiluaðilum, áður en gerðardómsfrv. ríkisstjórnarinnar yrði samþ. á Alþingi.

Af öllu þessu, svo og af samningatilraunum að undanförnu, er sýnilegt, að ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar leggja meira kapp á að setja gerðardómslög en að fá deiluna leysta með frjálsum samningum.

Undirritaður minni hl. samgmn. leggur til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 30. apríl 1965.

Sigurvin Einarsson, frsm. Ragnar Arnalds.

Nd. 579. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um greiðslu uppbótar á styrktarfé og eftirlaun.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Einar Ágústsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. apríl 1965.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Ragnar Jónsson.
Lúðvík Jósefsson. Skúli Guðmundsson. Jónas G. Rafnar.

Sþ. 580. Nefndarálit [144. mál]

um till. til þál. um endurskoðun á gildandi reglum um tekjustofna sýslufélaga.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd fékk þingsályktunartillögu á þskj. 305 til athugunar. Nefndin kynnti sér málið og er sammála um að leggja til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. apríl 1965.

Jón Árnason, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Halldór E. Sigurðsson, frsm.
Ingvar Gíslason. Óskar E. Levy. Matthías Bjarnason.
Geir Gunnarsson. Jónas Pétursson. Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. **581. Lög** [152. mál]

um breyting á lögum nr. 25 13. apríl 1954, um brunatryggingar í Reykjavík.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 324.

Nd. **582. Lög** [165. mál]

um breyting á lögum nr. 7 3. febr. 1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 373.

Ed. **583. Nefndarálit** [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Þegar álagning beinu skattanna var kunngerð á s. l. sumri, reis mikil alda vonbrigða og reiði og var ekki að ástæðulausu. Til þess að lægja þá öldu voru gefin fögur fyrirheit um leiðréttingu á skattalöggjöfinni. Þetta frv. er ekki í samræmi við þau fyrirheit, og það nægir alls ekki, eins og það liggur fyrir, til þess að koma í veg fyrir, að sömu vonbrigðin endurtaki sig á þessu ári, enda er með því stefnt út í sömu ófæruna. Við teljum, að það þurfi að breyta frv. verulega.

Árið 1960 lýsti ríkisstjórnin yfir þeirri stefnu sinni að leggja á nýja óbeina skatta og lækka beinu skattana í staðinn. Í samræmi við þetta var lögleiddur 3% söluskattur, sem sagður var til að afla tekna á móti lækkun beinu skattanna, og jafnframt var lögunum um tekjuskatt og eignarskatt breytt þannig, að persónufrádráttur var aukinn.

Síðan hafa óbeinu skattarnir farið síhækkandi, og söluskatturinn er nú orðinn 7½%. En jafnframt hafa beinu skattarnir einnig hækkað langt umfram verðlagsbreytingar. Á undanförnum árum hafa söluskattur og tekju- og eignarskattur numið þeim upphæðum sem hér segir í milljónum króna samkv. ríkisreikningum (söluskattur í innflutningi ekki meðtalinn):

Ár	Söluskattur	Tekju- og eignarsk.
1960	102	97
1961	200	106
1962	237	119
1963	293	183
1964	546	259
1965 (fjárlög)	923	375

Þannig hefur söluskatturinn nífaldazt og tekju- og eignarskatturinn fjórfaldazt á þessu tímabili.

Við teljum, að meðan þeirri stefnu er fylgt að síhækka óbeinu skattana, beri ekki að hækka tekju- og eignarskattinn nema í hæsta lagi sem svarar verðlagsbreytingum frá því, sem hann var ákveðinn árið 1960. Flytjum við á sérstöku þskj. brtt. um það. Eftirfarandi tafla sýnir, hverja lækkun brtt. okkar mundi hafa í för með sér frá því, sem frv. gerir ráð fyrir:

Skattsk. tekjur	Tekjuskattur skv. frv.	Tekjusk. skv. brtt. okkar
20 000	1 800	1 200
50 000	5 670	4 300
100 000	18 090	12 800
150 000	31 590	25 000
200 000	45 090	40 000

Við leggjum enn fremur til á sama þskj., að 8. gr. frv. verði breytt þannig, að umreikningur, sem nú á að taka upp á nýjan leik, fari eftir verðlagsvísitölu tekjuöflunarársins, en ekki einhverri nýrri vísitölu, sem fjármálaráðherra verði heimilað að ákveða.

Okkur er ljóst, að í brtt. okkar felast ekki nægar hagsbætur í skattamálum, sérstaklega ekki fyrir þá lægst launuðu, en á þeim eru útsvörin miklu þyngri byrði en tekjuskatturinn, og því verður að leiðrétta þeirra hlut í sambandi við meðferð frv. um tekjustofna sveitarfélaga, sem einnig liggur fyrir Alþingi um þessar mundir.

Við teljum mikla nauðsyn á því að tryggja betur en nú er gert, að framtöl séu rétt og að komið sé í veg fyrir skattsvik. Munum við athuga það nánar fyrir 3. umr.

Alþingi, 2. maí 1965.

Helgi Bergs, frsm. Karl Kristjánsson.

Ed. 584. Breytingartillögur [182. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Helga Bergs og Karli Kristjánssyni.

1. 4. gr. orðist svo:
   I-liður 25. gr. orðist svo:
   Tekjuskattur þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., sbr. 3. gr., 4. gr. og 6. gr. 3. málsgr., reiknast þannig:
   Af fyrstu 16000 kr. skattgjaldstekna greiðist 5%.
   Af 16000—48000 kr. greiðist 800 kr. af 16000 kr. og 10% af afgangi.
   Af 48000—80000 kr. greiðist 4000 kr. af 48000 og 15% af afgangi.
   Af 80000—112000 kr. greiðist 8800 kr. af 80000 og 20% af afgangi.
   Af 112000—144000 kr. greiðist 15200 kr. af 112000 og 25% af afgangi.
   Af 144000 kr. og yfir greiðist 23200 kr. af 144000 og 30% af afgangi.
2. Við 8. gr. Í stað orðanna „skattvísitölu, sem ... og ríkisskattstjóra“ komi: verðlagsvísitölu, og skal miða við meðalvísitölu tekjuöflunarársins.

Ed. 585. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Á valdatíma núverandi stjórnarflokka hefur verið framkvæmd gerbreyting á skattakerfinu í landinu, breyting, sem hefur haft víðtækar efnahagslegar afleiðingar. Eðli þessara breytinga má nokkuð marka af eftirtöldum staðreyndum:

1. Heildarskattheimta ríkisins (tollar og skattar) hefur hækkað í krónutölu úr 778 millj. kr. 1959 í 3348 millj. kr. 1965 (miðað við fjárlagafrv. bæði árin) eða um 330%. Ætla má, að skattheimta sveitarfélaga hafi hækkað viðlíka. Á sama tíma hafa samningsbundin laun almennra verkamanna hækkað um nálægt 58% (ársmeðaltöl 1959—1964) eða nær 6 sinnum minna en skattheimtan.
2. Beinir skattar til ríkissjóðs hafa rösklega tvöfaldazt, en hlutfall þeirra í heildarskattheimtunni hefur lækkað úr ca. 20% 1959 í rösk 11% 1965.
3. Söluskattur hefur hækkað úr 151 millj. kr. 1959 í 922 millj. kr. 1965 eða um 510%.
4. Skattar gróðafélaga hafa farið síminnkandi hlutfallslega, og er nú svo komið, að tekjuskattur félaga nemur aðeins tæplega 2% af sköttum og tollum ríkisins og eignarskattur um 0.2%.

Auðsætt er af þessu, hvert stefnt hefur verið. Skattþunginn hefur verið aukinn gífurlega eða meira en fjórfaldazt á þessu tímabili að krónutölu og svo að í engu samræmi er hvorki við almenna tekjuaukningu einstaklinganna né heldur við samningsbundin laun almennings. Bilið milli aukningar skattheimtunnar og hækkunar launa hefur farið síbreikkandi ár frá ári.

Horfið hefur verið í æ ríkari mæli frá beinni skattheimtu, sem miðaðist við tekjur. Gróðarekstur hefur verið gerður nær algerlega skattfrjáls til ríkisins, en söluskattur verið aukinn að sama skapi. Þannig hefur hin aukna skattabyrði verið færð einhliða yfir á almenna neyzlu með hækkuðu verðlagi, og hefur þessa gætt mest á þeim þáttum neyzlunnar, sem óhjákvæmilegastir eru: matvörum, sem á umræddu tímabili hafa meira en tvöfaldazt í verði, og hins vegar á húsaleigu og byggingarkostnaði.

Skattabreytingin hefur þannig verið ein af höfuðorsökum sívaxandi dýrtíðar og verðbólgu og átt ríkan þátt í þeirri efnahagslegu þróun, að raunlaun verkafólks til lands og sjávar fyrir eðlilegan vinnudag hafa lækkað stórlega, þrátt fyrir vaxandi þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur.

Það frv., sem hér er flutt af ríkisstjórninni, boðar enga breytingu á skattastefnu hennar, né heldur felast í því neinar umbætur fyrir almenning. Frv. miðar aðeins að því að samræma nokkuð þau lög um tekjuskatt og eignarskatt, sem nú gilda, því verðlagi, sem dýrtíðarstefnan hefur skapað, og þeim launabreytingum, sem orðnar eru á s. l. ári. Breytingarnar eru þó ekki meiri en svo, að miðað við hliðstæðar tekjur 1963 og 1964 er tekjuskattsgreiðendum nú ætlað að greiða nokkru hærri tekjuskatt í krónum talið en s. l. ár, en í hlutfalli við tekjur er um örlitla lækkun að ræða.

Frv. gerir ekki ráð fyrir neinum breytingum á sköttum félaga, og er þeim ætlað nær fullt skattfrelsi sem áður. Ekki er heldur gert ráð fyrir neinum endurbótum á ákvæðum um skatteftirlit, né heldur er mætt kröfum almennings um, að skattar verði innheimtir jafnóðum og tekjur falla til.

Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar hafa í viðræðum við ríkisstjórnina látið í ljós óskir um breytingar á frv. þessu, en hún hefur ekki að svo komnu a. m. k. séð sér fært að taka þær óskir til greina. Undirritaður hefur því talið rétt að flytja breytingartill. við frv. í samræmi við þær hugmyndir, sem fram komu af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, svo að þingdeildinni gefist kostur á að taka afstöðu til þeirra. Breytingartill. um fjölgun skattþrepa og aukinn persónufrádrátt mótast að sjálfsögðu af því, að hin óhæfilega söluskattsheimta er staðreynd, sem verður ekki breytt í sambandi við afgreiðslu þessa frv. Að öðru leyti miða brtt. undirritaðs að bættu skatteftirliti, og að því að þyngja skattgreiðslur gróðafélaganna í landinu. Enn fremur eru gerðar till. um nokkrar fleiri lagfæringar, svo sem um sérstakan skattfrádrátt fyrir verkafólk í fiskiðnaði og hafnarverkamenn. Með samþykkt þessara tillagna yrði ekki um að ræða neinar gagngerðar breytingar á skattakerfinu, en vafalaust mundu þær færa ríkissjóði auknar tekjur, sem nota mætti til þess að

létta útgjaldabyrðar bæjarfélaganna og þar með útsvör á lágtekjur og þurftarlaun, jafnframt því sem um nokkra lækkun tekjuskatts á einstaklingum, einkum hinum tekjulægri, yrði að ræða.

Undirritaður leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hann flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. maí 1965.

Björn Jónsson.

Ed. 586. Breytingartillögur [182. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Birni Jónssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „16000 kr.“ komi: 17000 kr.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „32000 kr.“ komi: 34000 kr.
3. Á eftir 2. gr. komi nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (3. gr.) Við 13. gr. bætist nýr liður, sem verður F-liður, svo hljóðandi:
      Greiðslur vegna veikinda eða slysa úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga.
   b. (4. gr.) 3. málsgr. 14. gr. laganna orðist svo:
      Sömu aðilum, svo og verkafólki, sem vinnur við hvers konar fiskiðnað, og hafnarverkamönnum skal veittur sérstakur frádráttur, 700 kr. fyrir hverja viku, sem þeir vinna að viðkomandi störfum, enda hafi þeir unnið þau störf ekki skemur en sex mánuði af skattárinu. Hlutaráðnir menn skulu og njóta frádráttar skv. 1. málsgrein og þessari málsgrein, þótt þeir séu ekki lögskráðir. Nánari reglur skulu settar í reglugerð.
   c. (5. gr.) B-liður 15. gr. laganna falli brott.
4. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „80000 kr.“ komi: 85000 kr.
   b. Í stað orðanna „112000 kr.“ komi: 118000 kr.
   c. Í stað orðanna „56000 kr.“ komi: 59000 kr.
   d. Í stað orðanna „16000 kr.“ komi: 17000 kr.
   e. Í stað orðanna „32000 kr.“ komi: 33000 kr.
5. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Í stað „¼ af hreinum tekjum“ í 2. mgr. 17. gr. laganna komi: ⅕ af hreinum tekjum.
6. Við 4. gr.
   a. 3. málsgr. orðist svo:
      Af fyrstu 20000 kr. skattgjaldstekna greiðist 5%.
      Af 20000—40000 kr. greiðist 1000 kr. af 20000 kr. og 10% af afgangi.
      Af 40000—60000 kr. greiðist 3000 kr. af 40000 kr. og 20% af afgangi.
      Af 60000 kr. og yfir greiðist 7000 kr. af 60000 kr. og 30% af afgangi.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      II. liður 25. gr. orðist svo:
      Skattgjald þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í A-, B-, C- og D-liðum 5. gr., skal vera 30% af skattskyldum tekjum.
7. Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   3. mgr. 42. gr. orðist svo:
   Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild, er hafi með höndum rannsókn skv. lögum þessum. Rannsóknardeildin skal árlega taka til sérstakrar og gaumgæfilegrar rannsóknar 3% allra framtala einstaklinga og 5% allra félaga samkvæmt útdrætti. Skulu framtöl þessi sannreynd a. m. k. tvö ár aftur í tímann.

Nd. 587. Breytingartillaga [180. mál]

við frv. til l. um iðnfræðslu.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Við 12. gr.

1. Í stað „átta“ í 1. gr. komi: níu.
2. Orðið „Vestmannaeyjakaupstaður“ í 6. tölul. 1. mgr. falli niður.
3. Í 1. mgr. komi nýr töluliður:
   9. Vestmannaeyjakaupstaður.

Ed. 588. Breytingartillögur [138. mál]

við frv. til læknaskipunarlaga.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „til að veita neyðarlæknisþjónustu“ komi: til skyndiþjónustu.
2. Við 7. gr. Í stað „8 aðstoðarlækna“ í upphafi greinarinnar komi: 12 aðstoðarlækna.
3. Við 8. gr. Í stað „ónæmisaðgerðir“ í 1. lið komi: lögboðnar ónæmisaðgerðir.
4. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt skal, samkvæmt tillögum landlæknis, að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands, að veita á ári hverju læknanemum, er hyggja á læknisþjónustu í héraði að námi loknu, fjárframlag úr ríkissjóði. Engum má þó veita slíkt fjárframlag, fyrr en hann hefur staðizt fyrsta hluta embættisprófs. Forfallist nemi eða hverfi síðar frá áformi sínu um þjónustu í héraði, skal litið á ríkisframlag þetta sem námslán, en vera óafturkræfur styrkur að öðrum kosti. Nánari ákvæði um fjárframlag þetta skal setja í reglugerð.

Ed. 589. Frumvarp til laga [201. mál]

um Landsvirkjun.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur setja á stofn virkjanafyrirtæki, er nefnist Landsvirkjun. Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili, er hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkisins og Reykjavíkurborgar og á hvor aðili um sig helming fyrirtækisins. Hvor aðili um sig er í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins, en um innbyrðis ábyrgð þeirra fer eftir eignarhlutföllum. Hvorugum aðila er heimilt að ganga úr fyrirtækinu án samþykkis hins.

2. gr.

Tilgangur Landsvirkjunar er:

1. Að byggja og starfrækja mannvirki til vinnslu og flutnings á raforku til almenningsnota og iðnaðar.
2. Að yfirtaka með samningum orkuver og aðalorkuveitur frá öðrum aðilum og starfrækja þessi mannvirki í sama skyni.

3. Að selja raforku í heildsölu til héraðsrafmagnsveitna, rafmagnsveitna ríkisins og iðjufyrirtækja, að svo miklu leyti sem héraðsrafmagnsveitur eða rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki milligöngu um raforkusölu til slíkra iðjufyrirtækja.
4. Að annast áætlanagerð um nýjar aflstöðvar og aðalorkuveitur á orkuveitusvæði Landsvirkjunar.

3. gr.

Starfsemi Landsvirkjunar skal í upphafi beinast að öflun raforku fyrir þau orkuveitusvæði, sem nú eru tengd Sogsvirkjun. Sýni áætlanir fyrirtækisins, að fjárhagslega sé hagkvæmt að leggja aðalorkuveitur frá orkuverum Landsvirkjunar til annarra orkuveitusvæða, skal einnig heimilt að tengja þau orkuverum fyrirtækisins. Áður en til framkvæmda kemur skal hafa náðst samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar gerðir.

Verkefni og orkuveitusvæði Landsvirkjunar skal nánar skilgreint í reglugerð.

4. gr.

Landsvirkjun tekur við öllum eignum Sogsvirkjunar og eimhverfilsstöð Reykjavíkurborgar við Elliðaár ásamt áhvílandi skuldum svo og rekstri þessara mannvirkja með öllum réttindum og skyldum, er honum fylgja. Jafnframt tekur Landsvirkjun við öllum vatnsréttindum og réttindum ríkisins og Reykjavíkurborgar til virkjana í Sogi og í Þjórsá við Búrfell, sbr. 6. gr., svo og öllum áætlunum og undirbúningsframkvæmdum ríkisins vegna virkjunar við Búrfell.

5. gr.

Ríkið og Reykjavíkurborg leggja Landsvirkjun til sem endurgjaldslaust stofnframlag eignir þær og réttindi, sem greinir í 4. gr. Í sameignarsamningi aðilanna um Landsvirkjun skal gerð nánari grein fyrir þessum framlögum og endurskoðuðu bókfærðu verðmæti þeirra.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að ríkissjóður leggi Landsvirkjun til sem höfuðstól allt að 50 millj. kr. gegn jöfnu framlagi frá Reykjavíkurborg. Af höfuðstól þessum greiðir Landsvirkjun aðilum arð frá sjöunda rekstursári að telja, skv. nánari ákvörðun í reglugerð.

6. gr.

Landsvirkjun er heimilt að reisa allt að 210 þús. kW raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til þess að tryggja rekstur hennar.

Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisaflstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

7. gr.

Til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál. Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur er aflstöðvar eða aðalorkuveitur, skal Landsvirkjun senda ráðherra þeim, sem fer með raforkumál, uppdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkjanna, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.

8. gr.

Stjórn Landsvirkjunar skal skipuð sjö mönnum. Sameinað Alþingi kýs þrjá stjórnarmenn hlutfallskosningu og borgarstjórn Reykjavíkur kýs þrjá. Ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur skipa sameiginlega sjöunda manninn, og skal hann vera formaður. Nái eignaraðilar ekki samkomulagi um skipun oddamannsins, skal hann skipaður af Hæstarétti.

Varamenn jafnmargir skulu kosnir og skipaðir á sama hátt.

Kjörtími stjórnarinnar skal vera 6 ár í senn. Heimilt er að endurskipa stjórnarmenn.

Nánari ákvæði um starfshætti stjórnarinnar og starfskjör stjórnarmanna skulu sett í reglugerð.

9. gr.

Stjórn Landsvirkjunar hefur á hendi yfirstjórn á rekstri fyrirtækisins, framkvæmdum þess og undirbúningi þeirra.

Stjórn Landsvirkjunar ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu. Framkvæmdastjóri skal annast allan daglegan rekstur fyrirtækisins, og skal hann eiga sæti á stjórnarfundum.

Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Landsvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

Nánari ákvæði um starfssvið stjórnar og framkvæmdastjóra skulu sett í reglugerð.

10. gr.

Stjórn Landsvirkjunar ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða og staðfesta reikninga fyrirtækisins. Enn fremur er eignaraðilum hvorum um sig heimilt að tilnefna endurskoðanda til að endurskoða reikningana. Ársskýrsla fyrirtækisins skal lögð fyrir eignaraðila til staðfestingar innan þriggja mánaða frá lokum hvers reikningsárs.

Nánari ákvæði um reikningshald og endurskoðun skal setja í reglugerð.

11. gr.

Stjórn Landsvirkjunar ákveður, að fengnum tillögum Efnahagsstofnunarinnar, heildsöluverð Landsvirkjunar á raforku. Skal raforkuverðið við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku.

Landsvirkjun gerir orkusölusamninga við rafmagnsveitur ríkisins, héraðsrafmagnsveitur og iðjuver, innan þeirra marka sem segir í 2. gr. Til orkusölusamninga til langs tíma við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kWst á ári, þarf Landsvirkjun leyfi ráðherra þess, er fer með raforkumál. Slíkir samningar mega ekki að dómi ráðherra valda hærra raforkuverði til almenningsrafveitna en ella hefði orðið.

12. gr.

Heimilt er Landsvirkjun að taka lán til þarfa fyrirtækisins og að taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Fyrirtækið getur ekki skuldbundið eignaraðila að því er snertir greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra hvors um sig. Þó þarf Landsvirkjun ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir eru minna en sem svarar 10 millj. kr. á ári að meðaltali á hverju 5 ára tímabili.

13. gr.

Við virkjun Landsvirkjunar í Þjórsá við Búrfell, sbr. 5. gr., skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, svo og til eldsneytisaflstöðva Landsvirkjunar.

Niðurfelling gjalda samkvæmt 1. mgr. nær ekki til vinnuvéla vegna framkvæmdanna. Fjármálaráðherra er þó heimilt að fresta innheimtu aðflutningsgjalda og söluskatts af þeim, eða hluta þeirra, gegn þeim tryggingum, sem hann metur gildar. Gjöld þessi falla niður, ef vélarnar og tækin eru flutt úr landi að loknum framkvæmdum. Að öðrum kosti skulu gjöldin miðast við matsverð véla og tækja.

14. gr.

Þegar hafin verður virkjun Landsvirkjunar við Búrfell í Þjórsá, sbr. 5. gr., er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að ríkissjóður láni Landsvirkjun allt að 100 millj. kr. með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður, enda standi slíkt lán að baki stofnlánum annarra aðila til þessara virkjunarframkvæmda.

15. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til Búrfellsvirkjunar að fjárhæð allt að 1204 millj. króna (28 millj. dollara) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. málsgr. Lánið endurlánar hún Landsvirkjun með þeim kjörum og skilmálum, sem hún ákveður.

16. gr.

Landsvirkjun er undanþegin tekjuskatti, stimpilgjöldum, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóða og sveitarfélaga. Þó skal Landsvirkjun greiða sýslusjóðum og sveitarsjóðum þau opinber gjöld, sem þeim er gert að greiða vegna húseigna Landsvirkjunar samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

17. gr.

Eigendum Laxárvirkjunar er heimilt að ákveða, að Laxárvirkjun sameinist Landsvirkjun. Náist ekki samkomulag milli eigenda Landsvirkjunar og Laxárvirkjunar um eignarhlutdeild aðila og nýjan sameignarsamning, skulu dómkvaddir menn meta eignir hvors fyrirtækis fyrir sig og fer þá eignarhlutdeildin eftir því mati. Verði eignarhlutur ríkisins samkvæmt þessu undir helmingi, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að ríkissjóður leggi Landsvirkjun til nýtt fjárframlag eða taki að sér greiðslu skulda, þannig að tryggð verði helmingseign af hálfu ríkisins.

Eftir sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjun skulu aðilar skipa sjö menn í stjórn fyrirtækisins í hlutfalli við eignarhlutdeild, þó þannig, að allir aðilar eigi a. m. k. einn mann í stjórn þess. Ráðherra skipar formann úr hópi þingkjörinna fulltrúa og fer hann með tvö atkvæði við atkvæðagreiðslur stjórnarinnar, ef heimild í 1. mgr. til að tryggja ríkissjóði helmingseign hefur verið notuð, en ella með eitt atkvæði.

18. gr.

Ráðherra getur heimilað Landsvirkjun að taka eignarnámi vatnsréttindi, lönd, mannvirki og önnur réttindi, sem nauðsynleg eru til framkvæmda samkv. lögum þessum. Um framkvæmd eignarnámsins fari eftir lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms.

19. gr.

Mál, er varða framkvæmd laga þessara og aðild ríkisins að Landsvirkjun, falla undir ráðherra þann, er fer með raforkumál.

20. gr.

Við gildistöku laga þessara skal stjórn fyrirtækisins skipuð og sameignarsamningur gerður milli aðila. Skal þessu hvoru tveggja lokið fyrir 1. júlí 1965. Frá þeim tíma fellur niður núverandi umboð stjórnar Sogsvirkjunar, en hin nýja stjórn Landsvirkjunar kemur að öllu leyti í hennar stað.

Stjórn Landsvirkjunar undirbýr í samráði við eignaraðila reglugerð fyrir fyrirtækið, þar sem setja skal nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Reglugerðina setur ráðherra sá, sem fer með raforkumál. Setningu reglugerðar og yfirfærslu allra eigna og skuldbindinga í hendur hins nýja fyrirtækis skal lokið fyrir 31. desember 1965, en þá falla úr gildi lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins, lög nr. 26

23. apríl 1951 og lög nr. 67 24. apríl 1954, um viðauka við þau lög, svo og önnur ákvæði, er brjóta í bága við lög þessi.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sogið er nú fullvirkjað og fyrir dyrum stendur að virkja á nýjum stöðum til að fullnægja aukningu í raforkuþörf þjóðarinnar. Raforkunotkunin vex svo ört, að hún tvöfaldast á hverjum 10 árum. Áður en 10 ár eru liðin verður því að vera lokið að virkja afl til viðbótar, er nemur öllu því rafafli, sem nú er fyrir hendi í orkuverum landsins. Og þannig mun raforkunotkun halda áfram að vaxa hér á landi næstu áratugi. Til að fullnægja þessum þörfum verður að gera stærri og stærri virkjanir og er nú, að Soginu fullvirkjuðu, að því komið að hefja virkjun í stórám landsins.

Að hefja virkjun í stórám landsins er að vísu mikið átak, en þó tæplega meira nú en fyrsta virkjun í Sogi var á sínum tíma. Með virkjun Ljósafoss í Sogi var stigið stórt skref fram á við í rafveitumálum Íslands. Með því skrefi vannst þrennt: skyndilega var leyst úr raforkuskorti, sem þá var orðinn mjög tilfinnanlegur; við það að virkja mjög miklu stærra en áður hafði verið gert, lækkaði vinnslukostnaður raforkunnar á einingu verulega og í þriðja lagi var með þessari fyrstu virkjun í Sogi mörkuð stefna í virkjunarmálum, sem entist þjóðinni til eðlilegrar þróunar rafveitumála um langt árabil. Með Sogsvirkjunarlögunum var því slegið föstu, að orkuverin í Sogi skyldu vinna raforku ekki einungis fyrir höfuðborgina eina, heldur fyrir öll héruð Suður- og Suðvesturlands jafnótt og fjárhagur þjóðarinnar leyfði, að veitur yrðu lagðar um þau héruð. Þar með var lagt inn á braut samvirkjunar fyrir mörg héruð í senn. Hið sama hefur átt sér stað annars staðar á landinu, svo sem með virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu fyrir Akureyri og héruð Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslna; enn fremur með virkjun Andakílsár fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur og Akraneskaupstað; með virkjun Mjólkánna fyrir Vestfirði og virkjun Grímsár fyrir miðbik Austurlands. Fossá í Engidal var og á sínum tíma virkjuð fyrir tvö sveitarfélög, Ísafjarðarkaupstað og Hnífsdal. Nú eru 8 slík samveitukerfi hér á landi: 1) Suðvesturlandið, 2) Snæfellsnes, 3) Vestfirðir, 4) Steingrímsfjörður og Reykhólakerfið, 5) Skagafjarðar- og Húnavatnssýslur saman, 6) Siglufjörður, Ólafsfjörður og Fljótin frá Skeiðfossvirkjun, 7) Akureyri, Eyjafjarðar- og S-Þingeyjarsýsla frá Laxárvirkjun og 8) miðbik Austurlands frá Grímsárvirkjun. 12 kauptún víðs vegar um landið hafa enn hvert um sig sína eigin stöð, án tengsla við aðra.

Með flestum eða öllum þessum samveitum var tilgangurinn fyrst og fremst sá, að sameinast um stærra orkuver en ella og á þann hátt tryggja hagkvæmari orkuvinnslu, aukið öryggi í rekstri og aukna möguleika til fjáröflunar. Með því að tengja saman umdæmi fleiri en eins sveitarfélags og sýslufélaga fékkst stærri orkumarkaður og skapaðist um leið möguleiki til stærri virkjunar með þar af leiðandi hagkvæmari orkuvinnslu.

Af þeim samveitusvæðum, sem að framan eru nefnd, eru Suðvesturlandið og orkuveitusvæði Laxárvirkjunarinnar langstærst. Samanlagt afl orkuvera á þessum tveimur orkuveitusvæðum er nú 125 000 kW og orkuvinnsla þeirra um 600 millj. kWst. á ári. Þetta er meira en 90% af allri raforkuvinnslu landsins í heild. Áður en tíu ár eru liðin mun afl- og orkuþörf þessara svæða hafa vaxið um 100%, og verður því þá að vera búið að virkja yfir 100 þús. kW til viðbótar og orkuvinnslan að hafa aukizt um aðrar 600 millj. kWst., enda þótt engin stóriðja kæmi upp á þeim tíma. Þannig er jafnmikil aukning framundan á næstu 10 árum og verið hefur á þeim 30 árum, sem liðin eru, síðan undirbúningur hófst að fyrstu virkjunum Sogsins.

Jafnframt er vert að gera sér grein fyrir, að á næstu 30 árum mun orkuþörfin meir en 5-faldast. Á þeim tíma mun óhjákvæmilega þurfa að virkja meir en ½ millj. kW til að fullnægja þörfum íbúanna á þessum orkuveitusvæðum.

Hér er um nýtt þróunarstig að ræða og verður nú mögulegt og jafnframt nauðsynlegt að framkvæma enn aflmeiri virkjanir en áður, með þeim kostum, sem það hefur í för með sér.

Til þeirra virkjunarframkvæmda, sem framundan eru, þarf mikið fjármagn og verður að sjálfsögðu að sækja megnið af því fjármagni til erlendra lánastofnana. Miklu máli mun því skipta, að það fyrirtæki, sem kemur virkjunum upp, á þær og rekur, sé fjárhagslega traust og þannig rekið, að það njóti þess lánstrausts, sem því er nauðsyn að hafa.

Megintilgangur þess að stofna til landsvirkjunar er sá, að skapa skilyrði til aflmikilla virkjana í stórám landsins, tryggja með því í senn næga raforku í landinu og lágan vinnslukostnað orkunnar. Því aflmeiri, sem virkjunin er, því lægra er að jafnaði vinnsluverðið. Aflmiklar virkjanir þurfa tilsvarandi meiri markað fyrir orkuna.

Á orkuveitusvæðum Sogsvirkjunar og Laxárvirkjunar fer nú fram, eins og áður er getið, meir en 90% af allri raforkunotkun þjóðarinnar. Raforkunotkun annarra landshluta er lítil og það verður að fara eftir því, hvað réttlætanlegt reynist af kostnaðarástæðum á hverjum tíma, hve ört þeir landshlutar verða tengdir við Landsvirkjun. En sú tenging er þeim meira í hag en Landsvirkjun sjálfri.

Ríkisstjórnin hefur rætt við meðeigendur sína að Sogsvirkjun og Laxárvirkjun, Reykjavíkurborg og Akureyrarkaupstað, um sameignarfélag allra þriggja aðilanna um Landsvirkjun. Meðeigandi Laxárvirkjunar, Akureyrarkaupstaður, hefur svarað því til, að hann sé ekki tilbúinn að ganga að sinni í félag við ríkið og Reykjavíkurborg um Landsvirkjun, en óskar þó jafnframt eftir því, að eiga þess kost að gerast meðeigandi að Landsvirkjun síðar.

Samkomulag hefur hins vegar náðst milli ríkisstjórnarinnar og stjórnar Reykjavíkurborgar um að mynda sem fyrst, að fengnu samþykki Alþingis, félag um Landsvirkjun, þótt Laxárvirkjun verði ekki aðili að henni að sinni. Jafnframt mæla þessir aðilar með því að Laxárvirkjunin geti síðar sameinazt Landsvirkjuninni.

Frumvarp þetta til laga um Landsvirkjun er samið með hliðsjón af niðurstöðum af þessum viðræðum við meðeigendur ríkisins að Sogsvirkjun og Laxárvirkjun.

Þegar er Landsvirkjun hefur verið stofnuð mun hún verða að hefjast handa við hið fyrsta virkjunarverkefni til að fullnægja aukningu orkuþarfa á Suður- og Suðvesturlandi, svo og orkuþörf í öðrum landshlutum eftir því sem áætlanir sýna að hagkvæmt verður að veita raforku milli landshluta.

Undanfarin 15—20 ár hafa farið fram ítarlegar rannsóknir á vatnsafli landsins og verið gerðar áætlanir um virkjanir á ýmsum stöðum. Með frumvarpi þessu er prentuð greinargerð um rannsóknir til undirbúnings virkjana á Suðvesturlandi og Norðurlandi, sem raforkumálastjóri tók saman í október 1964. Vísast til þeirrar greinargerðar. Þá hafa verið gerðar áætlanir um, hver muni verða vöxtur í raforkuþörf í ýmsum landshlutum, miðað við áætlaða fólksfjölgun í landinu og við eðlilega aukningu í atvinnuvegum þjóðarinnar, sem nú eru þekktir. Loks hafa verið í athugun nú um nokkurt skeið möguleikar á því að hér yrði komið upp stóriðju, sem svo er nefnd, þ. e. a. s. iðnaði, sem krefst mjög mikillar raforku til framleiðslu sinnar. Er hér um að ræða aluminiumvinnslu, enda er það eini iðnaðurinn af þessu tagi, sem vitað er um, að til mála getur komið að koma hér upp sem stendur. Umræður hafa farið fram við svissneska fyrirtækið Swiss Aluminium og hefur það áhuga á því að fá leyfi til þess að reisa og reka aluminiumverk-

smiðju og semja við íslenzkan raforkuframleiðanda um kaup á miklu magni af raforku til aluminiumvinnslunnar. Er rætt um verksmiðju, er framleiði 60 000 tonn á ári og myndi hún til þess þurfa árlega tæplega 1000 millj. kWst.

Til þess að mæta í senn vaxandi þörfum raforku til almennra nota í landinu og þörfum slíkrar aluminiumverksmiðju, þykir bezt henta að velja til virkjunar fallið í Þjórsá við Búrfell og gera þar í nokkrum áföngum orkuver er verði 210 000 kW að afli og geti framleitt kringum 1700 milljónir kWst á ári til þeirra nota. Samtals munu þá Sogsvirkjun og Búrfellsvirkjun geta framleitt rúmlega 2200 milljónir kWst á ári.

Miðað við þá áætlun, sem gerð hefur verið um aukningu á raforkuþörf til almennra nota á Suður- og Suðvesturlandi ásamt raforkunotkun umræddrar aluminiumverksmiðju, mun þessi virkjun vera fullnýtt einhvern tíma á árunum 1975—76. Komi hins vegar ekki til þess, að aluminiumverksmiðja eða annar orkufrekur iðnaður rísi hér upp á þeim tíma, getur afl virkjunarinnar enzt töluvert lengur. Fyrir þessu er nánar gerð grein í „Samanburði á nokkrum virkjunarkostum fyrir Suðvesturland", dags. apríl 1965, sem tekinn hefur verið saman á vegum raforkumálastjóra og prentaður er með frumvarpi þessu. Þar er sett fram áætlun um raforkuþörf á Suður- og Suðvesturlandi næstu 10—20 árin bæði án og með umræddri aluminiumverksmiðju. Í þeirri greinargerð er gerður samanburður nokkurra virkjunarkosta og athugað í hverju tilviki, hve ört muni þurfa að virkja, hver fjárfestingin er og hverjar eru líkur um fjárhagslega afkomu ýmist með eða án aluminiumverksmiðju.

Áætlanir voru gerðar um virkjun Dettifoss með það fyrir augum að orka úr þeim fossi kynni að verða notuð til aluminiumvinnslunnar. Á vegum Stóriðjunefndar var gerður samanburður á virkjun Þjórsár við Búrfell og Jökulsár við Dettifoss með raforkuvinnslu fyrir aluminiumbræðslu fyrir augum. Stóriðjunefnd gerði einnig samanburð á þeim tveim möguleikum annars vegar að sala raforku til aluminiumverksmiðju yrði takmörkuð við 30 000 tonna verksmiðju og hins vegar að samið yrði um sölu orku í helmingi stærri eða 60 000 tonna verksmiðju.

Í bréfi verkfræðingafirmans Harza Engineering Company International til raforkumálastjóra, dags. 24. apríl 1965, er í stuttu máli gerð grein fyrir áætlun þeirra um virkjun Þjórsár við Búrfell. Bréfið er prentað með frumvarpinu í íslenzkri þýðingu.

Niðurstaða allra þessara athugana hefur orðið sú, að rétt þykir að leggja til að heimilað verði að ráðast í allt að 210 000 kW virkjun í Þjórsá við Búrfell og eru af þeirri ástæðu heimildarákvæði til þeirrar virkjunar felld inn í frumvarpið.

Athugasemdir við einstakar greinar:

Um 1. gr.

Milli ríkisstjórnarinnar og borgarstjórnar Reykjavíkur hefur orðið samkomulag um, að leggja til við hið háa Alþingi, að Landsvirkjun verði stofnuð sem sameignarfyrirtæki ríkisins og Reykjavíkurborgar og eigi þessir aðilar hvor um sig helming fyrirtækisins, en jafnframt sé þegar í upphafi ákveðið, að eigendum Laxárvirkjunar sé heimilt að ákveða síðar, að Laxárvirkjun sameinist Landsvirkjun, sbr. 17. gr.

Jafnframt er svo til ætlazt, að Landsvirkjun sé sjálfstætt fyrirtæki með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir, að eignaraðilarnir, ríkið og Reykjavíkurborg, séu í einfaldri ábyrgð fyrir skuldbindingum Landsvirkjunarinnar. Regla þessi er í samræmi við ákvæði laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, og þá venju, sem fylgt hefur verið hin síðari ár um ábyrgðir ríkissjóðs.

Um 2. gr.

Þau orkuver, sem Landsvirkjun tekur við í upphafi, vinna nú orku fyrir orkuveitur, sem tengdar eru Sogsvirkjuninni, og mun Landsvirkjun annast þá orkuvinnslu framvegis, sbr. 3. og 4. gr. Tilgangur Landsvirkjunar er þó víðtækari en þetta, eins og nafnið bendir til. Við áframhaldandi virkjun vatnsafls landsins verða orkuver tengd saman með meginlínum og raforkunni frá þeim veitt til fleiri og fleiri landshluta, sbr. greinargerðina „Vatnsafl Íslands“, er raforkumálastjóri hefur tekið saman og prentuð er með frumvarpi þessu. Það verður höfuðmarkmið Landsvirkjunar að tryggja nægа raforku í landinu á hverjum tíma á sem hagstæðustu verði, með því að koma upp hagkvæmum virkjunum í stórám landsins og flytja raforku frá þeim um meginorkuveitu til fleiri og fleiri landshluta, jafnóðum og það reynist réttlætanlegt af kostnaðarástæðum. Úr meginveitu er Landsvirkjun ætlað að selja raforkuna í heildsölu til héraðsrafmagnsveitna og til rafmagnsveitna ríkisins, en jafnframt er gert ráð fyrir, að til mála komi, að Landsvirkjun selji beint til einstakra iðjufyrirtækja, sem nota rafmagn í mjög stórum stíl, sbr. 11. gr.

Þá er hér gert ráð fyrir, að Landsvirkjun geti yfirtekið raforkuver og raf veitumannvirki frá rafmagnsveitum ríkisins og öðrum aðiljum, ef talið verður, að það henti betur til að ná tilgangi þeirrar verkaskiptingar, sem verður milli þess ara fyrirtækja, annars vegar vinnsla raforkunnar og orkuflutningur Landsvirkjunar eftir meginlínum milli landshluta og hins vegar dreifing orkunnar innan landshluta og héraða.

Um 3. gr.

Landsvirkjunin hefur starfsemi sína með yfirtöku á rekstri þeim, sem Sogsvirkjun hefur nú með höndum, og þar með vinnslu raforku fyrir allt Suðurland og Suðvesturland frá Vík í Mýrdal til Borgarness. Af raforku þeirri, sem notuð er á öllu þessu svæði, eru nú um 95% framleidd í orkuverum Sogsins og aukning raforkuvinnslu Sogsvirkjunarinnar var á árinu 1963 33 millj. kWst eða rúmlega 7%.

Stærstu verkefnin, sem framundan eru, um tengingu annarra orkuveitusvæða við núverandi orkuveitusvæði Sogsvirkjunarinnar, eru tengilína milli þess og Laxárvirkjunarinnar, línur frá Laxárvirkjunarsvæðinu til Austurlands og Skagafjarðar og lína úr Borgarfirði til Snæfellsness. Landsvirkjun er heimilað að leggja slíkar tengiveitur (sbr. þó 7. gr.), ef undangengnar rannsóknir og áætlanir sýna, að það sé fjárhagslega hagkvæmt, og samningar hafa tekizt um raforkusöluna.

Einnig kemur til greina að aðrir aðilar svo sem rafmagnsveitur ríkisins leggi eitthvað af slíkum tengiveitum frá Landsvirkjun til annarra orkuveitusvæða. Greinin gerir ráð fyrir því, að orkuveitusvæði Landsvirkjunarinnar verði nánar skilgreint í reglugerð.

Um 4. gr.

Landsvirkjunin tekur í upphafi við öllum eignum Sogsvirkjunar og eimhverfilsstöðinni við Elliðaárnar og við rekstri þessara mannvirkja með öllum réttindum og skyldum. Eitt hið fyrsta verkefni Landsvirkjunar annað en rekstur þeirra mannvirkja, sem hún yfirtekur, er að koma í framkvæmd nýrri virkjun til aukningar á raforkuvinnslu, og er nú ráðgert, að sú virkjun verði gerð í Þjórsá við Búrfell. Í því skyni tekur Landsvirkjun við vatnsréttindum og réttindum ríkisins til virkjunar í Þjórsá við Búrfell. Með mannvirkjum Sogsvirkjunar fær Landsvirkjun í hendur vatnsréttindi í Sogi.

Ríkið hefur á undanförnum árum kostað til mjög umfangsmikilla rannsókna á virkunarskilyrðum í fallvötnum landsins, sbr. „Greinargerð um rannsóknir til undirbúnings virkjana á Suðvesturlandi og Norðurlandi“, er prentuð er með frumvarpinu. Kostnaðarmestar hafa rannsóknirnar við Búrfell og undirbúningsframkvæmdir þar orðið. Við þeim áætlunum og undirbúningsframkvæmdum tekur Landsvirkjun, ef frv. þetta verður að lögum.

Um 5. gr.

Sogsvirkjunin er sameign ríkis og Reykjavíkurborgar, og leggja þessir aðilar eignarhluta sína til sem endurgjaldslaust stofnframlag til Landsvirkjunar auk annarra eigna og réttinda, sem um ræðir í 4. gr. Hér er svo fyrir mælt, að nánari grein skuli gerð fyrir endurskoðuðu bókfærðu verðmæti þessara stofnframlaga í sameignarsamningi milli aðila.

Þá er lagt til, að heimilað sé að leggja Landsvirkjun til, auk þessa, höfuðstólsframlag úr ríkissjóði allt að 50 millj. kr. gegn jafnháu framlagi frá Reykjavíkurborg. Frá og með 7. rekstursári ber Landsvirkjun að greiða arð af því höfuðstólsframlagi.

Um 6. gr.

Svo sem fram er tekið í almennum athugasemdum við frumvarp þetta er stefnt að því, að fyrsta virkjun, er Landsvirkjun framkvæmir, verði í Þjórsá við Búrfell. Samkvæmt ákvæðum raforkulaganna þarf heimild Alþingis að koma til fyrir virkjun sem þessari, og er slíkrar heimildar óskað með þessari grein frumvarpsins.

Bréf verkfræðingafirmans Harza Engineering Company International um áætlun þess um virkjun Þjórsár við Búrfell fylgir sérprentað með frumvarpinu, en jafnframt vísast til annarra fylgiskjala með því, sem þegar hafa verið nefnd, einkum „Greinargerð um rannsóknir til undirbúnings virkjana á Suðvesturlandi og Norðurlandi“ og „Samanburður á nokkrum virkjunarkostum fyrir Suðvesturland“.

Svo sem fram gengur af nefndum fylgiskjölum með frumvarpinu verða eldsneytisrafstöðvar reistar samtímis Búrfellsvirkjun og í fyrstu reknar sem varastöðvar til að koma í veg fyrir að truflanir verði á afhendingu raforku vegna ísskriðs í Þjórsá á vetrum, línubilana eða annarra truflana á vinnslu og veitumannvirkjum, en síðar að nokkru sem toppstöðvar.

Um 7. gr.

Í 6. gr. er Landsvirkjun heimilað að reisa allt að 210 þús. kW raforkuver við Búrfell ásamt aðalorkuveitum, svo og nauðsynlegar eldsneytisaflstöðvar. Samhliða þessari heimild þykir rétt að taka fram, að Landsvirkjun geri ráðherra fyrirfram ýtarlega grein fyrir fyrirhugaðri tilhögun allra mannvirkja og fái samþykki hans fyrir gerð og frágangi þeirra. Er það í samræmi við ákvæði vatnalaganna og raforkulaganna.

Um 8. gr.

Lagagreinin gerir ráð fyrir, að stjórn Landsvirkjunar sé skipuð sjö mönnum.

Rétt þykir, að kjörtími stjórnarinnar sé 6 ár til þess að tryggja, eftir því sem föng eru á, kunnugleika og festu í stjórn fyrirtækisins.

Um 9. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 10. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 11. gr.

Landsvirkjun skal reka þannig, að hún verði ávallt fjárhagslega traust fyrirtæki og hafi beztu skilyrði til að inna hlutverk sitt af hendi, að tryggja notendum sínum jafnan næga raforku með lægsta mögulegan vinnslukostnað. Hún þarf að geta byggt upp eigið fjármagn og skapað sér öruggt lánstraust, þannig að hún hafi jafnan bolmagn til að framkvæma nýjar virkjanir í svo stórum áföngum, sem þörf er á og hagkvæmast á hverjum tíma, enn fremur að leggja meginorkulínur til fleiri landshluta, þegar tímabært er orðið.

Mestan hluta þeirrar orku, er Landsvirkjun vinnur, selur hún í heildsölu til rafveitna þeirra, er annast dreifingu orkunnar innan landshluta og héraða, en nauðsynlegt þykir að heimila henni einnig að selja raforku beint til einstakra stórnotenda, og er þá einkum höfð í huga orkufrek stóriðja, sem upp kynni að rísa. Ekki er þó heimilt að ívilna slíkum fyrirtækjum svo um verð, að af því hljótist að selja verði raforkuna fyrir hærra verð en ella til rafveitufyrirtækja þeirra til almenningsþarfa, sem raforku kaupa í heildsölu af Landsvirkjun. Þessu til öryggis er samþykki ráðherra gert að skilyrði fyrir samningum við iðjufyrirtæki um meir en 100 millj. kWst á ári.

Til að tryggja það, að hin hagfræðilegu sjónarmið komi fram við ákvörðun heildsöluverðsins á raforku, er gert ráð fyrir, að leitað sé álits Efnahagsstofnunarinnar um raforkuverðið.

Um 12. gr.

Að sjálfsögðu þarf samþykki eignaraðilja að koma til vegna meiriháttar greiðsluskuldbindinga Landsvirkjunar. Til þess að auðvelda rekstur fyrirtækisins, þykir þó hagkvæmt, að stjórnin hafi frjálsar hendur til að skuldbinda fyrirtækið fyrir 50 millj. kr. á hverju fimm ára tímabili, umfram venjulegar rekstursskuldbindingar.

Um 13. gr.

Til að styrkja fjárhagslega afkomu Landsvirkjunar, þykir rétt að fella niður aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum til virkjunarinnar, svo og til eldsneytisaflstöðva Landsvirkjunar. Sérstök heimildarákvæði eru um gjöld af vélum og tækjum, sem sérstaklega eru flutt til landsins til byggingarframkvæmda við virkjunina.

Um 14. gr.

Búizt er við, að þess kunni að verða þörf að veita Landsvirkjun lán úr ríkissjóði til viðbótar því fé, er fæst frá erlendum og innlendum lánsstofnunum, sbr. 15. gr. Með þessari grein er ríkisstjórninni veitt heimild til slíkrar lánveitingar allt að 100 millj. kr., en það er talið nægilegt í þessu skyni.

Um 15. gr.

Til þess að auðvelda Landsvirkjun lántökur erlendis eða innanlands til hinna fjárfreku raforkuframkvæmda, er ríkisstjórninni heimilað að ábyrgjast lán, er Landsvirkjun tekur vegna Búrfellsvirkjunar, allt að 1204 millj. kr., eða taka lán hennar vegna allt að sömu fjárhæð og endurlána það Landsvirkjuninni. Fjárhæð sú, sem greinin nefnir, er miðuð við þann hluta stofnkostnaðar af fyrstu framkvæmdum, sem gert er ráð fyrir, að lán verði tekin til.

Um 16. gr.

1. málsliður þessarar greinar er samhljóða 56. gr. raforkulaga nr. 12/1946.

Samkvæmt 101. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 er sýslusjóðsgjaldi jafnað niður á hreppana að þriðjungi eftir samanlögðu skattmati fasteigna. Almannatryggingaframlag sveitarsjóða samkvæmt b-lið 2. mgr. 27. gr. laga um almannatryggingar nr. 40/1963 er að þriðja hluta miðað við fasteignamat allra eigna í sveitarfélaginu. Sýsluvegasjóðsgjald er miðað við fasteignamat mannvirkja samkvæmt IV. kafla vegalaga nr. 71/1963.

Rétt þykir, að Landsvirkjun greiði gjöld þau, er í 2. mgr. greinir, af húseignum sínum, en ekki öðrum mannvirkjum.

Um 17. gr.

Í hinum almennu athugasemdum hér að framan er gerð grein fyrir viðhorfum Akureyrarkaupstaðar til aðildar að Landsvirkjun.

Lagagrein þessi mælir fyrir um, hvernig skuli fara við sameiningu Laxárvirkjunar við Landsvirkjunina, ef til kemur. Ríkissjóður er nú eigandi að 35 hundraðshlutum Laxárvirkjunarinnar, en verður eigandi að helmingi hennar, þegar lokið er næstu aukningu, samkvæmt reglum, sem fyrir er mælt um í lögum nr. 64/1950. Æski eigendur Laxárvirkjunar sameiningar við Landsvirkjun áður en ríkissjóður hefur eignazt helming virkjunarinnar, getur ríkissjóður tryggt sér eignarrétt að hálfri Landsvirkjuninni með fjárframlögum eða yfirtöku skulda.

Um 18. gr.

Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir almennri eignarnámsheimild til töku lands, mannvirkja eða réttinda í þágu virkjunarinnar.

Um 19., 20. og 21. gr.

Greinarnar þurfa ekki skýringa við.

Fylgiskjal I, 1.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Greinargerð um rannsóknir til undirbúnings virkjana á Suð-Vesturlandi og Norðurlandi.

I. Almennt.

Ætlunin er að gera grein fyrir þeim virkjunarrannsóknum, sem fram hafa farið á undanförnum árum á Suð-Vesturlandi og Norðurlandi, og þá fyrst og fremst þeim rannsóknum, sem beinlínis varða valið á næsta virkjunarstað í þessum landshlutum.

Virkjunarrannsóknir miða, sem kunnugt er, að því að afla þeirrar vitneskju, sem nauðsynleg er talin til að meta rétt aðstöðu til vatnsaflsvirkjunar á tilteknum stað eða svæði, til að hanna virkjunarmannvirki á þann hátt sem hagkvæmastur má teljast og til að gera trausta kostnaðaráætlun um virkjunarframkvæmdirnar.

Raforkuver starfa nú á tímum yfirleitt ekki ein sér, heldur senda að jafnaði mörg orku sína inn á sameiginlegt veitukerfi. Vatnsorkuver á sama vatnasviði nota auk þess að meira eða minna leyti sama vatnið, þannig að þau, sem neðar standa við árnar, fá vatnið að nokkru leyti frá hinum efri. Slík orkuver eru, ef svo má að orði komast, samtengd bæði vatnsmegin og raforkumegin. Gerð og tilhögun eins slíks orkuvers verður því ekki ákveðin svo vel sé, nema jafnframt sé höfð hliðsjón af hinum. Af þessu leiðir, að þegar gerð er áætlun um raforkuver í vatnakerfi eins og t. d. Þjórsá með þverám, verður jafnframt að hafa í huga önnur væntanleg orkuver á svæðinu, sem síðar koma. Það er m. ö. o. nauðsynlegt að gera sér nokkra grein fyrir heildarvirkjun vatnakerfisins jafnframt því, sem fyrsta virkjunin er ákveðin. Það fer mjög eftir staðháttum, hversu náin slík tengsl einstakra orkuvera verða og að hve miklu leyti eitt verður ákveðið án tillits til hinna.

Þetta, sem nú var nefnt, leiðir til þess, að þegar vatnasvið eins og t. d. Þjórsársvæðið er tekið til rannsóknar, þarf tvennt að gera að meira eða minna leyti samtímis: (1) að afla yfirlitsþekkingar á vatnasviðinu í heild til þess að gera sér grein fyrir, hvernig heildarnýtingu þess verði bezt hagað, og (2) að rannsaka einstaka virkjunarstaði. Skilin milli slíkrar yfirlitsrannsóknar heilla vatnakerfa og sérrannsókna einstakra virkjunarstaða eru þó hvergi nærri skörp. Í megindráttum eru yfirlitsrannsóknirnar frumrannsóknir en sérrannsóknirnar ítarlegri og nákvæmari.

Virkjunarrannsóknir á þeim svæðum, sem hér um ræðir, hafa verið fastur liður í starfi raforkumálastjórnarinnar um mörg undanfarin ár. Þær hafa að langmestu leyti verið bundnar við eftirtalin vatnasvið:

Á Suð-Vesturlandi: Þjórsársvæðið.
Hvítársvæðið (í Árnessýslu).
Á Norðurlandi: Laxársvæðið í S-Þingeyjarsýslu.
Jökulsársvæðið á Fjöllum.

Þessi fjögur vatnasvið hafa að geyma um 55—60% af öllu vatnsafli landsins, að því er nú er talið. Til viðbótar þeim hafa nokkrir einstakir virkjunarstaðir utan þeirra verið rannsakaðir meira og minna, eins og nánar er skýrt frá hér á eftir.

Rannsóknunum hefur í megindráttum verið hagað þannig, að byrjað var á yfirlitsrannsóknum og frumrannsóknum á mörgum virkjunarstöðum, en hin síðari ár hefur vaxandi áherzla verið lögð á sérrannsóknir álitlegustu virkjunarstaðanna, sem suma hverja hefur þurft að rannsaka mjög nákvæmlega af jarðfræðilegum ástæðum, svo sem virkjunina við Búrfell. Yfirlitsrannsóknunum hefur þó jafnframt verið haldið áfram á síðari árum eftir því sem fé og mannafli hefur leyft að gera jafnhliða sérrannsóknunum. Þær eru nú það langt komnar, að áætlanir um álitlegustu staðina, svo sem Búrfellsvirkjun í Þjórsá, Brúarvirkjanir í Laxá, Dettifossvirkjun í Jökulsá o. fl. eru taldar nægilega traustar. Nauðsyn ber þó til að halda þessum yfirlitsrannsóknum áfram, ef unnt á að vera að tryggja frá upphafi sem hagkvæmasta heildarnýtingu vatnasvæðanna og þar með sem mestan afrakstur þess fjármagns, sem lagt er í virkjanir á þeim.

Við rannsóknir undanfarinna ára hafa bæði verið hafðar í huga virkjanir vegna þarfa almennra raforkunotenda í landinu í framtíðinni og eins möguleikarnir á nýtingu hinnar miklu vatnsorku landsins til stóriðju. Á sumum virkjunarstöðum hafa bæði sjónarmiðin komið til greina; á öðrum aðeins annað þeirra.

Alls hafa verið teknir til meiri eða minni athugunar í rannsóknum þessum:

Á Þjórsársvæðinu	19	staðir
- Hvítársvæðinu	18	—
- Jökulsársvæðinu	3	—
- Laxársvæðinu	7	—
- öðrum svæðum	5	—
Alls	52	staðir

Auk orkuvera eru hér meðtalin meiri háttar veitu- og miðlunarmannvirki. Sumir þessara staða útiloka þó hvor annan, þ. e. um mismunandi tilhögun á virkjun sömu fallhæðar og rennslis er að ræða.

Á mörgum þessara staða voru rannsóknirnar takmarkaðar við frum- og yfirlitsathuganir, en þær voru svo notaðar sem grundvöllur undir úrval á virkjunarstöðum til frekari rannsókna. Kostnaðaráætlun var gerð um virkjun á 33 þessara staða, og á grundvelli þeirra var enn valið úr stöðunum. Á þennan hátt voru valdir alls 8 virkjunarstaðir, sem taldir voru koma til álita og samanburðar fyrir næstu virkjanir suðvestanlands og norðanlands, og þeir rannsakaðir nákvæmlega. Í næsta kafla þessarar greinargerðar eru þessir staðir taldir og lýst í megindráttum niðurstöðum rannsóknanna á þeim. Í þar næsta kafla er nokkuð minnzt á þá staði, sem gerðar hafa verið áætlanir um, en ekki þóttu koma til álita að þessu sinni, þ. e. fyrir næstu virkjun.

Um eitt vatnasvæðanna, Jökulsársvæðið á Fjöllum, skal þess getið, að áherzla var lögð á að fá trausta áætlun um virkjun í Jökulsá í samræmi við svohljóðandi ályktun, sem Alþingi samþykkti hinn 22. marz 1961:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvöru, og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi."

Áður en þessi ályktun var samin hafði raforkumálastjórnin fyrir alllöngu hafið almenna rannsókn á Jökulsársvæðinu, en eftir samþykkt hennar var rannsóknum þessum fyrst og fremst beint að því að finna hentugan virkjunarstað fyrir stóriðju. Sýndi sig þá fljótlega, að í Jökulsá kom Dettifoss einn til greina, og voru rannsóknirnar eftir það bundnar við hann að langmestu leyti.

Á síðari árum, eftir að kleift varð að bora mun dýpra eftir jarðhita en áður tíðkaðist hér landi, hafa raunhæfir möguleikar skapazt á að nýta jarðhita til raforkuvinnslu. Því þótti rétt að rannsaka einnig aðstæður til virkjunar jarðhita, áður en næstu virkjanir yrðu ákveðnar. Ýmis jarðhitasvæði voru athuguð. Varð niðurstaðan sú, að einungis tvö þeirra, Hengilsvæðið og Krýsuvíkursvæðið, voru talin koma til greina fyrir næstu virkjun. Voru rannsóknarboranir og ýmsar fleiri athuganir gerðar á þeim báðum. Við þær rannsóknir sýndi það sig fljótlega, að Hengilsvæðið hafði ótvíræða yfirburði yfir Krýsuvík í þessu tilliti. Eftir það var jarðhitarannsóknunum eingöngu beint að Hengilsvæðinu og áætlanir hafa verið gerðar um jarðgufuorkuver í suðurhluta þess, norðan við Hveragerði.

II. Helztu virkjunarstaðir.

Átta virkjunarstaðir þóttu koma til álita, eftir að alls 52 staðir höfðu verið athugaðir, auk jarðgufustöðvar í Hveragerði, eða 9 staðir alls. Um alla þessa staði hafa verið gerðar ítarlegar kostnaðaráætlanir. Auk þess hefur Andakílsárvirkjun látið gera áætlun um einn virkjunarstað, Kláffoss í Hvítá í Borgarfirði. Sú áætlun bendir til, að um álitlega virkjun þar geti verið að ræða, er geti komið til samanburðar við þá staði suma, er raforkumálastjórnin hefur látið rannsaka. Tafla 1 sýnir ráðgerða virkjunarstærð, áætlaða örugga orkuvinnslugetu, áætlaðan virkjunarkostnað (án orkuflutningsmannvirkja, en kostnaður þeirra er fyrst og fremst kominn undir staðsetningu virkjunarinnar miðað við notkunina), stofnkostnað á afleiningu og orkuverð miðað við fullnýtta orkuvinnslugetu á þessum tíu stöðum. Á nokkrum stöðum er fleiri en ein tilhögun tilgreind, einkum ef um mismikið virkjað afl getur verið að ræða; að öðru leyti er einungis hagkvæmasta virkjunartilhögunin á hverjum stað tekin með.

Tekið skal fram, að tollar og aðflutningsgjöld eru hvergi meðtalin í stofnkostnaði. Stofnkostnaðartölurnar myndu hækka um rúm 20%, ef tollunum er bætt við.

Orkuverðið er byggt á árlegum útgjöldum, er nema 10% stofnkostnaðar vatnsaflsstöðvanna og 15% af stofnkostnaði jarðhitastöðvanna.

Sem dæmi upp á kostnað við flutningsvirki, þ. e. spennistöðvar og háspennulínur, má nefna, að flutningsvirki frá 105 MW Búrfellsvirkjun til Faxaflóa eru áætluð á 180 millj. kr. og frá 210 MW virkjun 217 millj. kr. Flutningsvirki frá 133 MW Dettifossvirkjun til Eyjafjarðar áætlast kosta 165 millj. kr., og er þá miðað við eina háspennulínu í báðum tilfellum.

Þess er loks að geta, að sérstök áherzla hefur verið lögð á rannsókn eftirtalinna virkjunarstaða: Búrfell, Dettifoss, Hestvatn, Efstidalur, Laxá við Brúar og Hveragerði. Auk þess hafa forráðamenn Andakílsárvirkjunar látið gera ágæta áætlun um virkjun Kláffoss.

III. Aðrir virkjunarstaðir.

Hér að framan hafa aðeins verið ræddir þeir virkjunarstaðir, tíu alls, sem að undangengnu úrvali hafa þótt koma til álita fyrir næstu virkjanir. Af eðlilegum ástæðum hafa þessir staðir hlotið rækilegasta athugun. Sem fyrr segir hafa margir

fleiri verið kannaðir meira og minna. Sú rannsókn var nauðsynleg forsenda fyrir úrvali hinna og jafnframt liður í yfirlitsrannsókn þessara fjögurra þýðingarmiklu vatnasvæða.

Tafla 2 gefur yfirlit yfir þá af þessum virkjunarstöðum, sem kostnaðaráætlanir hafa verið gerðar um. Áætlanir þessar eru sumar hverjar lauslegar, þar sem um frumrannsókn er að ræða. Enn fremur eru þær gerðar á mismunandi tíma og verðlag því ekki sambærilegt. Af þessum sökum hefur ekki þótt ástæða til þess að geta um niðurstöðutölur hér.

Úrval hinna framangreindu níu virkjunarstaða fór sumpart fram á grundvelli þessara samanburðaráætlana. Í nokkrum tilvikum sýndu frumrannsóknirnar, að um svo örðugar virkjunaraðstæður var að ræða, að eigi myndi vinnast tími til fullnaðarrannsóknar á viðkomandi stað, áður en taka þyrfti ákvörðun um næstu virkjun, og var því staðurinn útilokaður að þessu sinni af þeim sökum, og ýmsar fleiri orsakir komu einnig til, svo sem rakið er í töflu 2.

Varðandi þá staði, sem ekki eru taldir í töflum 1 og 2, en eru meðal þeirra 52 sem athugaðir hafa verið, skal þess getið, að auk þess sem þar er um að ræða valkosti, sem af margvíslegum ástæðum hafa þótt óhentugri en aðrir og því verið útilokaðir, er einnig um að ræða nokkur meiri háttar miðlunarmannvirki til rennslisjöfnunar í Þjórsá, Hvítá, Jökulsá og Laxá, er koma munu mörgum virkjunum í hverri á til góða. Óhjákvæmilegt er að rannsaka aðstæður til miðlunar þegar í upphafi sem lið í yfirlitsrannsókn svæðanna, enda þótt ljóst kunni að vera, að sökum kostnaðar komi ekki til greina að gera ýmis þessara miðlunarvirkja fyrr en með síðari virkjunum. Loks eru nokkrir virkjunarstaðir, sem lausleg athugun sýndi, að ekki kæmu til greina fyrr en síðar.

IV. Lokaorð.

Greinargerðir og skýrslur um þær virkjunarrannsóknir, er hér ræðir um, svo og áætlanir og teikningar, eru orðnar mjög umfangsmiklar og fylla þegar hillur. Er ekki hægt að láta þær fylgja þessu yfirliti, heldur verður að leita til þeirra sem frumgagna, þegar á þeim þarf að halda.

Rannsóknir þær, er um ræðir, hafa farið fram á vegum raforkumálastjórnarinnar allt frá því á árinu 1947. Frá þeim tíma til loka síðastliðins árs hefur verið til þeirra varið samtals um 80 millj. króna, og er þá áætlun um jarðhitaorkuver meðtalin. Mjög verulegur hluti rannsóknarkostnaðarins fellur þó á síðustu 5—6 árin.

Þess er að framan getið, að rannsóknirnar hafa í senn beinzt að virkjunum til að fullnægja raforkuþörf almennings í landinu og að möguleikum til nýtingar vatnsaflsins til stóriðju. Það er áður vitað og kemur enn betur í ljós við nánari athugun, að þetta tvennt getur orðið mjög samantvinnað hér á landi svo sem víða annars staðar, og rannsóknir á þessum tveimur sviðum verða ekki skildar alveg að.

Rannsóknir undanfarinna ára hafa og sýnt það, sem raunar var að nokkru vitað áður, að vegna jarðfræðilegra staðhátta og sérkennilegs veðurfars eru virkjunaraðstæður erfiðari og virkjunarstaðhættir viðsjárverðari hér á landi en í nágrannalöndum, svo sem Noregi og Svíþjóð. Virkjunarundirbúningur hér krefst því í vissum efnum flóknari og umfangsmeiri rannsókna en annars staðar. Þannig getur t. d. komið í ljós, að á fyrirhuguðu stíflustæði, sem er að öðru leyti í alla staði álitlegt, sé 70—80 m þykkt hraun í mörgum lögum með vikri og sandi á milli, svo að aðeins eitt dæmi sé nefnt.

Virkjunarrannsóknir hér á landi eru því bæði kostnaðarsamar og tímafrekar. Veitir þannig ekki af að nota tímann vel á milli virkjunarframkvæmda til almennra og staðbundinna rannsókna.

Kostnaður nokkurra virkjana á Suðvesturlandi og Norðurlandi.

Vatnasvið	Virkjun	Ráðgerð stærð MW	Örugg ársorka GWh	Stofnkostnaður vinnsluvirkja Mkr	Stofnkostnaður vinnsluvirkja Kr/kw	Orkuverð við stöðvar-vegg au/kwh (1	Tilgangur virkjunar
Þjórsársvæðið	Búrfell 1. áfangi	105	850	870	8300	10,3	Stóriðja og alm. notk.
"	" 1. áfangi	70	570	735	10500	12,9	Almenn notkun
"	" fullv.	210	1635	1400	6700	8,6	Stóriðja og alm. notk.
"	" fullv.	180	1450	1335	7400	9,2	" " " "
Hvítársvæðið	Hestvatn	40	200	765	19100	38,3	Almenn notkun
"	Efstidalur(Brúará)	22	160	285	12900	17,7	" "
"	Tungufell	100	740	1100	11000	14,9	Stóriðja og alm. notk.
"	Sandárver	100	510	1050	10500	20,6	" " " "
Jökulsársvæðið	Dettifoss	133	1050	1180	8900	11,2	Stóriðja og alm. notk.
"	Vígabergsfoss	116	985	1630	14000	16,6	" " " "
Laxársvæðið	Brúar 1. áfangi	19	128	230	12100	18,0	Almenn notkun
"	" 2. áfangi	19	8	150	8000	190,0	" "
"	" 3. áfangi	38	142	110	2900	7,8	" "
"	" fullv.	76	278	490	6500	17,7	" "
Hengil-svæðið	Hveragerði	30	240	268	9000	16,7	Almenn notkun
Hvítá í Borgarf.	Kláffoss	13	85	130	10000	15,3	Almenn notkun

1) Verðið er miðað við 10% reksturskostnað á vatnsvirkjunum og 15% á jarðgufuvirkjuninni.

Tafla 2. Yfirlit yfir nokkra virkjunarstaði, sem rannsakaðir hafa verið, en ekki þykja koma til greina að sinni.

Vatnasvið	Virkjun	Ráðgerð stærð MW	Helztu ástæður, sem útilokuðu virkjun að sinni
Þjórsá	Þórisvatnsvirkjun	120	Örðugar jarðfræðilegar aðstæður. Virkjun vatnsins með Tungnaá hagkvæmari.
	Tungnaárkrókur	52	Örðugar jarðfræðilegar aðstæður. Tímafrekar rannsóknir.
	Hrauneyjafoss	84	Örðugar jarðfræðilegar aðstæður. Tímafrekar rannsóknir.
	Urriðafoss	80	Mjög alvarlegar ístruflanir. Aðrir staðir hagkvæmari.
	Fossá	50	Dýr virkjun.
Hvítá í Árness.	Bláfellsvirkjun	124	Fullnægjandi rannsókn illframkvæmanleg.
	Ábóti	38	Aðrar virkjanir við Bláfell hagkvæmari.
	Fremstaver	40	Aðrar virkjanir við Bláfell hagkvæmari.
Brúará	Kálfárvirkjun	3	Efstadalsvirkjun er hagkvæmari og hún útilokar þessar virkjanir vegna staðhátta.
	Hrútárvirkjun	5.5	
	Vallárvirkjun	10	
	Dynjandi	6	Lítil virkjun og óhagkvæm.
	Fullsælsvirkjun	3.5	Lítil virkjun og óhagkvæm.
Ytri-Rangá	Árbæjarfoss	4.5	Lítil virkjun og óhagkvæm.
Eystri-Rangá	Tungufoss	5	Lítil virkjun og óhagkvæm.
Botnsá	Hvalvatn	30	Of lítil orkuvinnslugeta. Kæmi til greina sem topp- og varastöð, en stenzt ekki samanburð við gashverfilsamstæður.
Svartá, Skag.	Reykjafoss	3.5	Í rannsókn.
	Krýsuvík	Óákv.	Hveragerði reyndist hentugri staður fyrir jarðgufustöð.

Fylgiskjal II.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Samanburður á nokkrum virkjunarkostum fyrir Suðvesturland.

Inngangur.

Í greinargerð Tækninefndar í virkjunarmálum frá því í október 1964, sem afhent hefur verið öllum alþingismönnum, er gerður samanburður á nokkrum virkjunarkostum á orkuveitusvæði Sogsvirkjunar og Laxárvirkjunar. Þær forsendur sem sú greinargerð byggði á hafa breytzt. Nú er ráðgerð 60 þúsund tonna aluminiumbræðsla í stað 30 þúsund tonna áður og óráðin er tenging Suður- og Norðurlands en gert var ráð fyrir því í greinargerðinni að sú tenging yrði skömmu eftir 1970.

Aðrar forsendur hafa einnig breytzt og því hefur verið gerður nýr samanburður nokkurra virkjunarkosta fram til ársins 1984. Er þar áætlað fyrir Suðvesturland eitt, en þá er átt við svæðið frá Hvammsfirði suður um land til Víkur í Mýrdal, og gert ráð fyrir að Snæfellsnes tengist núverandi kerfi Sogs- og Andakílsárvirkjana 1968—1969.

Virkjunarkostir þeir sem valdir hafa verið eru þessir:

Kostur A 1: Virkjuð allt að 210 MW í Þjórsá við Búrfell, samfara byggingu 60 þúsund tonna aluminiumbræðslu, og allt að 40 MW í varastöð (gastúrbínur), aðallega vegna mögulegra ístruflana.

Kostur A 2: Virkjuð allt að 210 MW við Búrfell en án þess að efnt verði til aluminiumbræðslu, og allt að 40 MW varastöð með gastúrbínum.

Kostur B 1: Virkjuð fyrst 30 MW í jarðgufustöð í Hveragerði. Síðan 14 MW í Kláffossi í Borgarfirði. Loks 22 MW virkjun í Brúará við Efstadal. Þessi kostur mundi endast nokkurn veginn jafnlengi og Búrfellsvirkjun í kosti A 1. Ekki er möguleg aluminiumbræðsla í þessum kosti.

Kostur B 2: Virkjuð 30 MW í jarðgufuvirkjun í Hveragerði, þá 14 MW í Kláffossi, síðan 22 MW í Brúará og loks Búrfellsvirkjun. Þegar Búrfellsvirkjun væri komin í 105 MW yrði komið upp 20 MW gastúrbínustöð. Ekki er gert ráð fyrir aluminiumbræðslu í þessum kosti.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um nýtt virkjanafyrirtæki og er það nefnt Landsvirkjun í frumvarpinu. Fyrirtæki þessu er ætlað að taka við hlutverki Sogsvirkjunar og nokkru því til viðbótar. Landsvirkjunarheitið er notað í greinargerð þessari, sbr. töflu 2 og 3.

Orkumarkaður.

Í töflu 2 er reiknað með sömu orkuspá og tækninefndin studdist við í greinargerðinni í október 1964. Í töflu 3 er hins vegar gert ráð fyrir að afköst aluminiumbræðslunnar geti farið í allt að 66 þúsund tonn á ári, sem þýðir samkvæmt nýjustu upplýsingum að hver keraröð (pot-line) þarf að orkutöpum meðtöldum um 63 MW í stað 55 MW og 505 GWh á ári í stað 470 GWh, sem Tækninefnd reiknaði með. Reiknað er með að fyrrihluti aluminiumbræðslunnar, 30 þúsund tonn, taki til starfa á miðju ári 1969 og sá síðari 3 árum síðar eða á miðju ári 1972. Vera kann að síðari hluti bræðslunnar verði byggður í tveimur 15 þúsund tonna áföngum og síðasti hlutinn dragist allt fram til ársins 1975. Ekki er þó gert ráð fyrir þessu hér. Tafla 2 gerir ráð fyrir að Áburðarverksmiðjan verði stækkuð. Verði hins vegar olíugösun fyrir valinu er engu að síður rétt að gera ráð fyrir þeirri orkunotkun sem tafla 2 sýnir, því eins og Tækninefndin bendir á, má þess vænta að húshitun myndi aukast hlutfallslega til muna ef næg orka er fyrir hendi.

Röð virkjana.

Gert er ráð fyrir að fyrsta virkjunin í kostunum A 2, B 1 og B 2 taki til starfa í árslok 1968, en í kosti A 1 á miðju ári 1969. Í kosti A 1 er þó áætlað að fyrsta vélin í Búrfellsvirkjun geti tekið til starfa í árslok 1968 þó að virkjuninni væri þá ekki að fullu lokið.

Röð virkjananna yrði eins og sýnt er í töflunum nr. 4, 5, 6 og 7, en þær sýna einnig áætlaða orkuvinnslu olíustöðvanna og varaafl. Með varaafli er þá eingöngu átt við ónotað afl í eldsneytisstöðvum.

Í töflunum eru einnig talin þau 89 MW, sem nú eru í Sogi og þau 35 MW, sem áætlað er að verði í núverandi eldsneytisstöðvum og gömlu Elliðaárstöðinni árið 1969. Tækninefndin taldi að koma þyrfti upp 20 MW gastúrbínustöð árið 1967, en nú er þess ekki talin þörf.

Stofnkostnaður.

Áætlunin um Búrfellsvirkjun er gerð af ameríska verkfræðifyrirtækinu Harza, áætlunin um virkjun í Brúará við Efstadal af verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og Harza, áætlunin um jarðgufuvirkjun í Hveragerði af brezka verkfræðifyrirtækinu Merz & McLellan og Vermi sf. og áætlunin um virkjun Kláffoss í Borgarfirði af Rögnvaldi Þorlákssyni og Ásgeiri Sæmundssyni. Áætlanir um gastúrbínustöðvar eru hins vegar gerðar á skrifstofu raforkumálastjóra.

Áætlaður stofnkostnaður hinna ýmsu virkjana er sýndur í töflu 1.

Rétt þótti að hækka stofnkostnað þann sem Tækninefndin gerði ráð fyrir í greinargerð sinni um 2—3% og flytja meira af stofnkostnaði Búrfellsvirkjunar yfir á fyrsta virkjunarstig. Einnig hefur nokkrum minni háttar kostnaðarliðum verið aukið við Búrfellsvirkjun og Hveragerðisvirkjun.

Rekstrargjöld.

Með rekstrargjöldum er hér átt við: Stjórn, eftirlit, viðhald, gæzlu og vexti og afborganir lána. Opinberum gjöldum, og gjöldum fyrir lands- og vatnsréttindi er þannig sleppt, svo og þeim hagnaði, sem Landsvirkjun er nauðsynlegur.

Fyrrgreind rekstrargjöld eru áætluð:

9.2% af stofnkostnaði vatnsvirkjananna og þá miðað við 25 ára annuitetslán með 6% vöxtum,

14.5% af stofnkostnaði jarðgufustöðvarinnar og þá gert ráð fyrir 15 ára annuitetsláni með 6% vöxtum,

11.3% af stofnkostnaði gastúrbínustöðvar og þá áætlað 15 ára annuitetslán með 6% vöxtum og að stöðvarnar séu nær eingöngu notaðar sem varastöðvar.

Sé gert ráð fyrir að olíukostnaður eldsneytisstöðvanna verði 50 aurar/kwh að jafnaði, væntanlega nokkru hærri í gastúrbínustöðvunum en lægri í eimtúrbínustöðinni við Elliðaár, þá áætlast rekstrargjöldin eins og sýnt er á töflum 4, 5, 6 og 7.

Í töflu 4 eru sýndar áætlaðar tekjur af raforkusölu til aluminiumbræðslu og þær dregnar frá áætluðum gjöldum svo að sambærilegur aflkostnaður (kr/árskw) fáist miðað við þá virkjunarkosti, sem ekki gera ráð fyrir aluminiumbræðslu.

Við útreikning á rekstrargjöldum er aðeins miðað við stofnkostnað hinna áætluðu virkjana, en ekki þeirra virkjana, sem fyrir eru, og gildir það sama um aflið að við útreikning á aflkostnaði er ekki meðtalið afl eldri stöðva.

Samanburður á kostum A 1 og B 1.

Samkvæmt töflu 4 er munurinn á gjöldum á kostunum A 1 og B 1 til ársloka 1975 þessi:

Ár	Útgj. í kosti B1 Mkr	Útgj. í kosti A1 Mkr	Mismunur Mkr	Mismunur í árslok m. 6% vöxtum Mkr
1969	46.5	31.5	15.0	15.0
1970	60.5	66.0	÷ 5.5	10.5
1971	61.5	70.0	÷ 8.5	2.5
1972	88.5	61.5	27.0	29.5
1973	88.5	70.0	18.5	50.0
1974	91.5	71.0	20.5	73.5
1975	94.5	72.0	22.5	100.5

Til ársloka 1975 spara notendur þannig um 100 Mkr., ef ráðizt er í Búrfellsvirkjun með 60 þús. tonna aluminiumbræðslu í stað smávirkjana eða að meðaltali rúmar 14 Mkr. á ári en það er t. d. um 19% af áætluðum gjöldum Sogsvirkjunar 1965. Á árunum 1976—1983 eru árleg útgjöld 22.5 Mkr. hærri í kosti B1. Við þann mun ber að bæta verðmæti þeirra 170 + 60 = 230 GWh, sem Búrfell hefur umfram smávirkjanirnar í árslok 1975 (sbr. töflu 4 og 5). Sé þessi orka metin á 5 aur/kwh, sem er mjög lágt, þá hækkar framangreindur 22.5 Mkr. mismunur á ári í 34 Mkr. Þetta jafngildir að á árunum 1976—1983 verði notendur fyrir um 335 Mkr. meiri útgjöldum vegna viðbótarorku áranna 1969—75 ef smávirkjanaleiðin er farin og kemur sú upphæð til viðbótar við áðurnefndar 100 Mkr. frá árunum 1969—1975.

Auk þessa er rétt að taka fram:

Smávirkjanaleiðin gefur á árunum 1969—1975 um 66 MW og 485 GWh á ári og kostar það afl 780 Mkr. eða 11.800 kr/kw og 161 au/kwh í stofnkostnaði. Sé Búr-

fellsleiðin valin fást hins vegar 84 MW og 720 GWh á ári fyrir 740 Mkr. eða 8.800 kr/kw og 103 au/kwh í stofnkostnaði. Er þar meðtalinn kostnaðurinn af gastúrbínustöð en dregin frá aluminiumbræðsla, en hluti hennar í stofnkostnaði Búrfellsvirkjunar er talinn um 60% (gjöld samkvæmt töflu 4 eru 176 Mkr. árið 1975 og tekjur af raforkukaupum aluminiumbræðslunnar 104 Mkr.).

Auk þessa stofnkostnaðarmunar er á það að líta að endingartími jarðgufustöðva er í mesta lagi helmingur endingartíma vatnsaflsstöðva og enn fremur er viðhald og gæzla jarðgufustöðvar hlutfallslega miklum mun meiri.

Einnig er þess að gæta að ætla má að sá hluti Búrfellsvirkjunar, sem aluminiumbræðslan nýtir, verði orðin skuldlaus eign eftir 25 ár og að samningur um raforkusölu til 60 þúsund tonna aluminiumbræðslu mundi standa undir nær öllum þeim erlendu lánum sem líklegt er að taka þurfi til Búrfellsvirkjunarinnar allrar.

Samanburður á kostum A 2 og B 2.

Samkvæmt töflum 5 og 6 er mismunurinn á útgjöldum í kostum A 2 og B 2 þessi, en í þessum kostum er ekki reiknað með aluminiumbræðslu:

Ár	Kostur B2 Mkr	Kostur A2 Mkr	Mismunur Mkr	Mismunur í árslok með 6% vöxtum Mkr
1969	46.5	85.0	÷38.5	÷ 38.5
1970	60.5	86.5	÷26.0	÷ 67.0
1971	61.5	90.5	÷29.0	÷100.0
1972	88.5	90.5	÷ 2.0	÷108.0
1973	88.5	90.5	÷ 2.0	÷116.5
1974	91.5	92.5	÷ 1.0	÷124.5
1975	94.5	103.5	÷ 9.0	÷141.0
1976	172.5	104.0	68.5	÷ 81.0
1977	176.0	114.0	62.0	÷ 24.0
1978	177.5	118.5	59.0	+ 33.5
1979	178.5	132.0	46.5	+ 82.0
1980	190.5	137.0	53.5	+140.5
1981	191.0	150.0	41.0	+190.0
1982	203.5	167.5	36.0	+237.5
1983	219,0	173,0	46.0	+298.0
1984	224.0	177.0	47.0	+363.0

Niðurstaðan er að Búrfellsvirkjun án aluminiumbræðslu sé erfið fyrstu árin samanborið við smávirkjanir en ólíkt betri þegar fram í sækir, eða sem svarar 360 Mkr. á 16 árum. Að sjálfsögðu má fara millileið og reikna með t. d. tveimur smávirkjunum í stað þriggja áður en ráðizt er í Búrfellsvirkjun og bætir það smávirkjunarleiðina. Á hinn bóginn mundi sú millileið ekki létta byrjunarörðugleika Búrfellsvirkjunar það mikið, að ekki sé réttara að ráðast í hana strax ef nægileg lán eru fáanleg.

Til viðbótar við framangreindan samanburð á virkjunarkostum skal upplýst að mjög lætur nærri að orkukaup rafveitna á Suðvesturlandi séu 50% af heildarútgjöldum þeirra, sem þýðir t. d. að 50% hækkun á heildsöluverði leiðir af sér um 25% hækkun á smásöluverði.

Tafla 1.

Stofnkostnaður virkjana án aðflutningsgjalda en að meðtöldum vöxtum á byggingartíma, vinnslugeta þeirra o. fl.

	Uppsett afl MW	Örugg ársorka GWh	Stofnkostnaður Alls Mkr	Afl kr/kW	Orka au/árs-kWh
Búrfellsvirkjun	105	910	1300	12370	143.0
	70	570	330	4720	58.0
	35	250	60	1715	24.0
	210	1730	1690	8050	97.8
Búrfellsvirkjun	35	305	925	26400	303.0
	35	305	60	1715	19.5
	35	300	135	3860	45.0
	35	290	185	5280	63.8
	35	280	290	8280	103.5
	35	250	75	2140	30.0
	210	1730	1670	7950	96.5
Kláffossvirkjun	14	85	155	11050	182.5
Efstadalsvirkjun	22	160	305	13850	190.5
Hveragerðisstöð	30	240	320	10650	133.0
Gastúrbínustöð	20	—	60	3000	—

Ath.: Að opinberum gjöldum, gjöldum fyrir vatnsréttindi og hagnaði slepptum reiknast árleg gjöld þannig á afborgunartíma í hundraðshlutum af stofnkostnaði.
Vatnsvirkjanir 9.2%.
Gufuvirkjanir 14.5%.
Gastúrbínur 11.3% (notaðar sem varastöðvar).

Tafla 2.

Áætluð orkuvinnsla Landsvirkjunar án aluminiumbræðslu 1969—1985.

Ár	Alm. notkun MW	GWh	Kefl.völlur MW	GWh	Áburðarverksm. MW	GWh	Notkun alls MW	GWh
1969	102	457	11	73	7	278	120	808
1970	110	491	12	78	7	278	129	847
1971	118	528	12	82	7	278	137	888
1972	126	567	13	85	7	278	146	930
1973	135	609	13	88	7	278	155	975
1974	145	654	13	94	7	278	165	1026
1975	155	702	13	97	7	278	175	1077
1976	167	753	13	97	7	278	187	1128
1977	179	808	13	97	10	417	202	1322
1878	192	867	13	97	10	417	215	1381
1979	205	930	13	97	10	417	228	1444
1980	220	997	13	97	10	417	243	1511
1981	236	1069	13	97	10	417	259	1583
1982	252	1146	13	97	10	417	275	1660
1883	269	1227	13	97	10	417	292	1741
1884	286	1312	13	97	10	417	309	1826
1985	304	1403	13	97	10	417	327	1917

Ath.: Reiknað er með að Snæfellsnes verði tengt við Landsvirkjun 1969. Almenna notkunin á SV-landi í heild fæst með því að bæta vinnslugetu Andakílsárvirkjunar og Rjúkandavirkjunar við ofangreinda „almenna notkun“ þ. e. a. s. rúmum 4 MW og 33 GWh/ári. Dæmi: Almenn notkun á SV-landi árið 1975 áætlast í heild 159 MW og 735 GWh.

Tafla 3.

Áætluð orkuvinnsla Landsvirkjunar að aluminiumbræðslu meðtalinni 1969—1985.

Ár	Notkun samkv. töflu 2 MW	GWh	Al-bræðsla MW	GWh	Notkun alls MW	GWh
1969	120	808	63	295	183	1103
1970	129	847	63	505	192	1352
1971	137	888	63	505	200	1393
1972	146	930	126	800	272	1730
1973	155	975	126	1010	281	1985
1974	165	1026	126	1010	291	2036
1975	175	1077	126	1010	301	2087
1976	187	1128	126	1010	313	2138
1977	202	1322	126	1010	328	2332
1978	215	1381	126	1010	341	2391
1979	228	1444	126	1010	354	2454
1980	243	1511	126	1010	369	2521
1981	259	1583	126	1010	385	2593
1982	275	1660	126	1010	401	2670
1983	292	1741	126	1010	418	2751
1984	309	1826	126	1010	435	2836
1985	327	1917	126	1010	453	2927

Tafla 4.

Virkjunarkostur A 1.

Röð virkjana

Ár	Sogið MW	Búrfell MW	Olíust. toppur MW	Stöðvar alls MW	Álag alls MW	Olíust. MW	Varaafl MW	Vinnsla með olíu Toppur GWh	Truflun GWh
1969	89	105	–	194	183	55	55	–	1
1970	89	105	–	194	192	55	55	–	2
1971	89	105	6	200	200	55	49	7	3
1972	89	175	8	272	272	75	67	9	6
1973	89	210	–	299	281	75	75	–	10
1974	89	210	–	299	291	75	75	–	12
1975	89	210	2	301	301	75	73	2	12

Útgjöld vegna viðbótarafls.

Ár	Viðbótarafl MW[1])	Viðbótargjöld Búrfell Mkr	Gastúrb. Mkr	Olía Mkr	Tekjur af al-bræðslu Mkr	Útgjöld alls Mkr[2])	Aflkostn. kr/kW
1969	31	60.0	7.0	0.5	36.0	31.5	1020
1970	40	120.0	7.0	1.0	62.0	66.0	1650
1971	48	120.0	7.0	5.0	62.0	70.0	1460

1) Að afli al-bræðslu frádregnu.
2) Að tekjum af al-bræðslu frádregnum.

Ár	Viðbótarafl MW[1])	Viðbótargjöld: Búrfell Mkr	Gastúrb. Mkr	Olía Mkr	Tekjur af al-bræðslu Mkr	Útgjöld alls Mkr[2])	Aflkostn. kr/kW
1972	57	135.0	7.0	7.5	88.0	61.5	1080
1973	66	155.0	14.0	5.0	104.0	70.0	1060
1974	76	155.0	14.0	6.0	104.0	71.0	930
1975	86	155.0	14.0	7.0	104.0	72.0	840

Ath.: Árið 1975 eru 170 GWh af öruggri ársorku ónotaðar í Búrfellsvirkjun.

Tafla 5.

Virkjunarkostur B 1.
Röð virkjana.

Ár	Sogið MW	Hveragerði MW	Kláff. Efstid. MW	Olíust. alls MW	Stöðvar alls MW	Álag alls MW	Olíust. MW	Varaafl MW	Vinnsla með olíu Toppur GWh
1969	89	30	–	1	120	120	35	34	–
1970	89	30	14	–	133	129	35	35	–
1971	89	30	14	4	137	137	35	31	2
1972	89	30	36	–	155	146	35	35	–
1973	89	30	36	–	155	155	35	35	–
1974	89	30	36	10	165	165	35	25	6
1975	89	30	36	20	175	175	35	10	12

Útgjöld vegna viðbótarafls.

Ár	Viðbótarafl MW	Viðbótargjöld: Hveragerði Mkr	Kláff. Mkr	Efstid. Mkr	Gastúrb. Mkr	Olía Mkr	Alls Mkr	Aflkostn. kr/kW
1969	31	46.5	–	–	–	–	46.5	1500
1970	40	46.5	14.0	–	–	–	60.5	1510
1971	48	46.5	14.0	–	–	1.0	61.5	1280
1972	57	46.5	14.0	28.0	–	–	88.5	1550
1973	66	46.5	14.0	28.0	–	–	88.5	1340
1974	76	46.5	14.0	28.0	–	3,0	91.5	1200
1975	86	46.5	14.0	28.0	–	6.0	94.5	1100

Ath.: Árið 1975 er orkunotkunin orðin 60 GWh meiri en örugg ársorka virkjananna og varaaflið mjög knappt.

Tafla 6.

Virkjunarkostur A 2.
Röð virkjana.

Ár	Sogið MW	Búrfell MW	Olíust. toppur MW	Stöðvar alls MW	Álag alls MW	Olíustöðv. MW	Varaafl MW	Vinnsla með olíu Toppur GWh	Truflun GWh
1969	89	35	–	124	120	35	35	–	–
1970	89	35	5	129	129	35	30	3	–
1971	89	70	–	159	137	35	35	–	–
1972	89	70	–	159	146	35	35	–	–
1973	89	70	–	159	155	35	35	–	–
1974	89	70	6	165	165	35	29	4	–
1975	89	105	–	194	175	35	35	–	1
1976	89	105	–	194	187	35	35	–	2

1) Að afli al-bræðslu frádregnu.
2) Að tekjum af al-bræðslu frádregnum.

Ár	Sogið MW	Búrfell MW	Olíust. toppur MW	Stöðvar alls MW	Álag alls MW	Olíustöðv. MW	Varaafl MW	Vinnsla með olíu Toppur GWh	Truflun GWh
1977	89	105	8	202	202	55[1])	47	5	3
1978	89	105	21	215	215	55	34	13	4
1979	89	140	–	229	228	55	55	–	10
1980	89	140	14	243	243	55	41	8	12
1981	89	140	30	259	259	75[1])	45	18	14
1982	89	175	11	275	275	75	64	7	6
1983	89	210	–	299	292	75	75	–	10
1984	89	210	10	309	309	75	65	6	12

Útgjöld vegna viðbótarafls.

Ár	Viðbótarafl MW	Viðbótargjöld Búrfell Mkr	Gastúrb. Mkr	Olía Mkr	Gjöld alls Mkr	Aflkostn. kr/kW
1969	31	85.0	–	–	85.0	2740
1970	40	85.0	–	1.5	86.5	2160
1971	48	90.5	–	–	90.5	1890
1972	57	90.5	–	–	90.5	1590
1973	66	90.5	–	–	90.5	1370
1974	76	90.5	–	2.0	92.5	1220
1975	86	103.0	–	0.5	103.5	1200
1976	98	103.0	–	1.0	104.0	1060
1977	113	103.0	7.0	4.0	114.0	1010
1978	126	103.0	7.0	8.5	118.5	940
1979	139	120.0	7.0	5.0	132.0	950
1980	154	120.0	7.0	10.0	137.0	890
1981	170	120,0	14.0	16.0	150.0	880
1982	186	147.0	14.0	6.5	167.5	900
1983	203	154.0	14.0	5.0	173.0	850
1984	220	154.0	14.0	9.0	177.0	800

Tafla 7.

Virkjunarkostur B 2.

Röð virkjana.

Ár	Sogið MW	Hverag. MW	Kláff. Efstid. MW	Búr-fell MW	Olíust, toppur MW	Stöðv. alls MW	Álag alls MW	Olíu-stöðv. MW	Vara-afl MW	Vinnsla m. olíu Toppur GVh	Truflun GWh
1969 ..	89	30	—	—	1	120	120	35	34	—	—
1970 ..	89	30	14	—	—	133	129	35	35	—	—
1971 ..	89	30	14	—	4	137	137	35	31	2	—
1972 ..	89	30	36	—	—	155	146	35	35	—	—
1973 ..	89	30	36	—	—	155	155	35	35	—	—
1974 ..	89	30	36	—	10	165	165	35	25	6	—
1975 ..	89	30	36	—	20	175	175	35	15	12	—
1976 ..	89	30	36	35	—	190	187	35	35	—	—
1977 ..	89	30	36	35	12	202	202	35	23	7	—
1978 ..	89	30	36	70	—	225	215	35	35	—	—
1979 ..	89	30	36	70	3	228	228	35	32	2	—
1980 ..	89	30	36	105	—	260	243	35	35	—	1
1981 ..	89	30	36	105	—	260	259	35	35	—	2
1982 ..	89	30	36	105	15	275	275	55[1])	40	9	4
1983 ..	89	30	36	140	—	295	292	55	55	—	10
1984 ..	89	30	36	140	14	309	309	55	41	8	12

1) 20 MW gastúrbínu bætt við.

Útgjöld vegna viðbótarafls.

Ár	Viðbótarafl MW	Viðbótargjöld Búrfell Mkr	Smástöðvar Mkr	Gastúrb. Mkr	Olía Mkr	Gjöld alls Mkr	Aflgjald kr/kW
1969	31	—	46.5	—	—	46.5	1500
1970	40	—	60.5	—	—	60.5	1510
1971	48	—	60.5	—	1.0	61.5	1280
1972	57	—	88.5	—	—	88.5	1550
1973	66	—	88.5	—	—	88.5	1340
1974	76	—	88.5	—	3.0	91.5	1200
1975	86	—	88.5	—	6.0	94.5	1100
1976	98	84.0	88.5	—	—	172.5	1760
1977	113	84.0	88.5	—	3.5	176.0	1560
1978	126	89.0	88.5	—	—	177.5	1410
1979	139	89.0	88.5	—	1.0	178.5	1280
1980	154	101.5	88.5	—	0.5	190.5	1240
1981	170	101.5	88.5	—	1.0	191.0	1120
1982	186	101.5	88.5	7.0	6.5	203.5	1090
1983	203	118.5	88.5	7.0	5.0	219.0	1080
1984	220	118.5	88.5	7.0	10.0	224.0	1020

Fylgiskjal III.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Vatnsafl Íslands.

1. Magn þess.

Fyrstu tilraun til að ákveða, hve vatnsmagn Íslands er mikið, gerði Jón Þorláksson á vegum Fossanefndarinnar gömlu kringum 1920. Hann hafði ekki önnur frumgögn að byggja á en ófullkomnar úrkomumælingar og hæðakort af landinu. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að vatnsafl Íslands væri 26 000 000 000 kWst á ári.

Næstu tilraun til þess að ákveða magn vatnsaflsins gerði Sigurður S. Thoroddsen verkfræðingur. Hóf hann þessar athuganir í fyrstu kringum 1950 á eigin reikning, en vann síðar að þeim að meira eða minna leyti á vegum raforkumálastjórnarinnar. Árið 1952 setti Sigurður fram á norræna raffræðingamótinu, sem þá var haldið hér, töluna 38 000 000 000 kWh um heildarvatnsafl landsins. Það var þó ekki fyrr en snemma árs 1962 á ráðstefnu íslenzkra verkfræðinga, að Sigurður setti fram endanlegar niðurstöður í yfirlitsáætlun um magn vatnsafls Íslands í heild. Sigurður hafði þegar í upphafi milli handa fullkomnari upplýsingar um vatnsrennsli í ám hér á landi en Jón Þorláksson og betri uppdrætti af landinu, en auk þess nýjar hugmyndir um virkjunartækni að styðjast við. Á þessum árum, frá 1947—1962, fóru auk þess fram mjög umfangsmiklar rannsóknir á virkjunarskilyrðum hér á landi; m. a. voru vatnsrennslismælingar framkvæmdar í miklu ríkari mæli á því tímabili en áður hafði verið. Sigurður fylgdist með öllum þessum athugunum og mælingum og notfærði sér niðurstöður þeirra jafnóðum. Áætlun hans um heildarmagn vatnsafls á Íslandi er því talin svo ábyggileg og nákvæm sem slík áætlun getur með góðu móti orðið við núverandi þekkingu okkar á þeim atriðum, er ráða virkjunarskilyrðum. Hún er því almennt viðurkennd sem hin öruggasta heimild, sem fyrir hendi er, um heildarmagn vatnsafls Íslands. Það liggur þó jafnframt í hlutarins eðli, að endurskoðun á útreikningi á magni vatnsaflsins þarf aftur að fara fram eftir nokkurra ára bil, t. d. 5—10 ár, þegar enn ítarlegri mælingar og athug-

anir hafa farið fram og hæfilega mikil viðbótarvitneskja um staðhætti og skilyrði er fyrir hendi.

Sigurður kemst að þeirri niðurstöðu, að tæknilega virkjanlegt vatnsafl á Íslandi nemi 35 000 000 000 kWst á ári í meðalvatnsári, en mundi skila 31 000 000 000 kWst í þurru ári. Hann nafngreinir um það bil 90 virkjunarstaði víðs vegar um landið og er ársorka hins minnsta þeirra um 4 000 000 kWst, en hins stærsta 3 180 000 000 kWst.

2. Vatnsafl annarra landa.

Mörg lönd bæði í Evrópu og öðrum heimsálfum hafa að sjálfsögðu meira vatnsafl en Ísland. Ekkert land í heimi hefur hins vegar til umráða jafnmikið vatnsafl að tiltölu við íbúafjölda landsins. Tafla 1 sýnir vatnsafl nokkurra landa víðs vegar í heiminum. Við lestur töflunnar ber að hafa í huga, að ýmis lönd, sem vitað er að hafa mikið vatnsafl að geyma, svo sem Kína, Indland, Congo o. fl. eru þar ekki með talin, sumpart vegna þess, að athuganir eru þar skammt á veg komnar og skýrslur því ekki tiltækar; sumpart af öðrum orsökum. Auk þess að sýna heildarvatnsaflið (í GWh/ári) sýnir taflan einnig, hve mikið vatnsafl kemur á hvern íbúa í hverju landi um sig. Af þeim löndum, sem talin eru, er vatnsaflið á íbúa langmest á Íslandi.

Sjá einnig stöplarit á 1. mynd.


Tafla 1.

Vatnsafl nokkurra landa.

(Heimild: World Power Conference Survey of Energy Resources, 1962.)

Land	Ár	Vatnsafl GWh/ári	Íbúafjöldi milljónir	Vatnsafl á íbúa kWh/ári; íbúa
Arabiska Sambandslýðveldið	1960	15 000	26.1	565
Argentína	1960	67 040	20.0	3 350
Austurríki	1961	35 000	7.07	5 000
Ástralía	1961	23 200	10.28	2 260
Bandaríkin	1960	643 000	179.3	3 600
Chile	1961	153 100	7.67	19 900
Finnland	1960	17 000	4.45	3 820
Frakkland	1960	67 000	45.5	1 470
Grikkland	1960	15 600	8.35	1 870
Ísland	1962	35 000	0.18	195 000
Ítalía	1960	65 000	51.2	1 270
Japan	1956—59	130 090	93.4	1 395
Nigería	1961	17 000	35.1*	485*
Noregur	1961	151 600	3.6	42 000
Pakistan	1960—61	72 940	93.8	775
Portúgal	1961	18 184	9.1	2 000
Sambía og Malawi	1960	35 500	8.4	4 220
Sovétríkin	1960	2 100 000	216.2	9 720
Sviss	1961	36 200	5.43	6 660
Svíþjóð	1960	80 000	7.47	10 700
Tyrkland	1961	46 330	27.48	1 680
Venezúela	1960	98 330	7.3	13 400
Vestur-Þýzkaland	1961	19 500	53.8	363

* Áætluð tala.




1. mynd.

Vatnsafl í nokkrum Evrópulöndum, reiknað á íbúa.

3. Orkunotkun á Íslandi og víðar.

Vinnsla á raforku á Íslandi nemur nú um 650 000 000 kWst á ári og eru 98% hennar unnar með vatnsafli. Af vinnslunni fara u. þ. b. 20% í eigin þarfir orkuvera og töp í veitum, en raforkunotkunin um 500 000 000 kWst á ári, er talin vera 17% af allri orkunotkun íslenzku þjóðarinnar.



2. mynd.

Skipting orkunotkunar Íslendinga á orkugjafa og orkunotendur.

2. mynd sýnir alla orkunotkun íslenzku þjóðarinnar og hvernig hún skiptist annars vegar á orkugjafa og hins vegar í notkunartegundir. Enn hafa ekki verið tekin í notkun nema tæplega tvö prósent af vatnsafli landsins og þó er raforkunotkun íslenzku þjóðarinnar allmikil að tiltölu við íbúafjölda. Ísland er 7. hæsta landið í þessu efni í heiminum, sbr. töflu 2.

Tafla 2.

Verg raforkunotkun á íbúa í ýmsum löndum árið 1963.

(Heimild: Skýrslur ECE.)

Lönd	Verg raforkunotkun 1963 kWh/íbúa
Noregur	10 510
Kanada	5 760
Bandaríkin	5 325
Svíþjóð	5 244
Luxemburg	5 190
Sviss	3 613
Ísland	3 546
Nýja Sjáland	3 470
Bretland	3 045
Ástralía	2 810
Austur-Þýzkaland	2 760
Finnland	2 597
Vestur-Þýzkaland	2 523
Austurríki	2 335
Tékkóslóvakía	1 999
Frakkland	1 861
Belgía	1 860
Sovétríkin	1 835
Japan	1 670
Holland	1 662
Danmörk	1 584
Ítalía	1 429
Pólland	1 086
Írland	971
Ungverjaland	963
Búlgaría	900
Spánn	785
Júgóslavía	675
Rúmenía	620
Portúgal	468
Grikkland	372

Þó stendur Ísland enn ofar í röðinni í samanburði við önnur lönd, þegar um alla orkunotkun er að ræða. Þegar miðað er við hráorkunotkun er það talið vera 2. eða 3. landið í röðinni.

Í þessu sambandi má geta þess, að aðeins mjög lítill hluti allrar þeirrar orku, sem mannkynið í heild notar, er framleitt með vatnsafli, nfl. aðeins um 2%, sbr. töflu 3.

Tafla 3.

Skipting vergrar hráefnanotkunar í heiminum 1963.

(Heimild: Skýrslur ECE; nóv. 1964.)

Kol og annað fast eldsneyti	48.4%
Olíur	32.7%
Jarðgas	16.8%
Vatnsorka	2.1%
	100%

Eins og 2. mynd sýnir eru sem stendur 65% af notorku í íslenzkum orkubúskap fengin úr innfluttu eldsneyti. Töluvert af þeirri eldsneytisnotkun má í framtíðinni flytja yfir á innlenda orkugjafa, vatnsaflið og jarðhitann, svo sem t. d. upphitun húsa og ýmsa varmanotkun í iðnaði, en sumt annað, svo sem orkunotkun í samgöngutækjum og fiskiskipum, verður ekki hægt að láta hina innlendu orkugjafa annast. Hin almenna orkunotkun þjóðarinnar skal þó ekki rædd nánar hér.

4. Stærð virkjunarstaða.


Þeir virkjunarstaðir, sem tilgreindir eru í yfirlitinu um vatnsafl Íslands eru, svo sem þegar er frá greint, mjög mismunandi stórir, hinir smæstu þeirra aðeins sem svarar 4 millj. kWst. á ári í meðalári. Sumir þeirra allra smæstu hafa þegar verið virkjaðir og eru aðeins teknir með af þeirri ástæðu.

Við áframhaldandi þróun virkjunarmála hér hjá okkur verða hinir minnstu virkjunarstaðir tæplega nýttir, heldur verður farið í stærri virkjanir, orkuverin öll samtengd og raforkuveitusvæðin á þann hátt fljótlega tengd í eina heild nema nokkrir útkjálkar landsins, sem ekki koma með fyrr en síðar. Má því búast við, að þeir virkjunarstaðir, sem veita minna en 200 millj. kWst. á ári í meðalári verði ekki notaðir. Þeir eru samkvæmt heildaryfirlitinu um það bil 54 að tölu og orkuvinnslugeta þeirra í meðalári tæplega 5000 millj. kWst samtals. Eftir eru þá um það bil 36 virkjunarstaðir frá 200 millj. kWst á ári upp í rúml. 3000 millj. kWst, er samtals geta gefið 30.000 millj. kWst í meðalári. Á 3. mynd er virkjunarstöðunum öllum, um 90 að tölu, raðað í stöplariti upp eftir stærð og veitir stöplaritið allglögga hugmynd um stærðardreifinguna. Skilin milli hinna smærri og hinna stærri virkjunarstaða eru sett við 200 millj. kWst á ári. Minnstu virkjunarstaðirnir, sem lenda ofan við þau skil, eru: virkjun vatnanna í botni Arnarfjarðar, sem er alveg á mörkum að geta náð þessari stærð, virkjun í Skjálfandafljóti við Íshólsvatn, Lagarfoss, Háifoss í Þjórsárdal og Óri í Hvítá fyrir Öndverðarnesslandi.


Á 4. mynd eru þessir 36 virkjunarstaðir merktir inn á uppdrátt Íslands og auðkenndir með mismunandi stórum hringum, en flatarmál hringsins gefur til kynna stærð þeirrar virkjunar, sem þar má gera, miðað við árlega orkuvinnslugetu. Uppdrátturinn þessi ber það með sér, að vatnsaflið er töluvert dreift um landið. Sú dreifing er fremur hagstæð. Verulegur hluti vatnsaflsins er hér sunnanlands, þ. e. í þeim hluta landsins, sem þéttbýlastur er nú og mun væntanlega verða um langan aldur, og þar sem rafmagnsnotkun mun verða mest í sjáanlegri framtíð. En jafnframt eru þó mikil og góð fallvötn norðanlands, þar sem eru t. d. Jökulsá á Fjöllum, Laxá í S-Þingeyjarsýslu og Blanda í Húnavatnssýslu. Hin stærsta virkjun, sem inn á uppdráttinn er merkt, er á Austurlandi, í Jökulsá á Brú, en því miður er hún í flokki hinna dýrustu virkjana og ekki víst, að hún muni við nánari rannsókn reynast hagkvæm til virkjunar.

Virkjunarstaðir á Íslandi, raðað eftir virkjunarstærð (í GWh/ári).

(Heimild: Sigurður Thoroddsen: Vatnsafl Íslands í Orkulindir og iðnaður. Ráðstefna íslenzkra verkfræðinga 1962. Verkfræðingafélag Íslands 1962.)



3. mynd.


Virkjunarstaðir
á Íslandi
>200 GWh/ári
1000
2000
3000
4000 GWh/ári

4. mynd.

Hér eftir munu nýjar virkjanir ekki verða starfandi einar út af fyrir sig, heldur strax vera tengdar við samveitukerfi þeirra virkjana, sem fyrir eru. Það heildarveitukerfi, sem sameinar virkjanir landsins, verður kostnaðarminna en ella vegna þess að vatnsaflið er svo dreift. Svíþjóð má nefna sem land þar sem þessu er á annan veg farið. Þar er meginhluti vatnsaflsins í norðurhluta landsins og flutningaleiðin þaðan til aðalbyggða landsins er eitt til tvö þúsund km.

5. Samtenging orkuvera og meginorkuveita.


Á 5. mynd eru sýndir sömu 36 virkjunarstaðir sem á 4. mynd. Milli þeirra eru dregnar upp þær línur, sem munu tengja þá saman, og að auki nokkrar línur út frá þeim til aðalnotkunarstaða. Þetta línukerfi allt má nefna meginorkuveitu og sýnir myndin í höfuðatriðum hvernig hún muni líta út, þegar allt vatnsafl landsins hefur verið virkjað. Öll orkuver landsins vinna þá saman inn á þessa meginveitu, en úr henni verður orkan afhent í ýmsum landshlutum til þeirra héraðsveitna, sem taka við henni þar og dreifa henni út til einstakra notenda. Þegar svo er komið, er hægt að afhenda úr þessari meginveitu hvar sem er á landinu svo mikið rafafl, sem verkast vill, að kalla má, og iðjuver og orkufrek fyrirtæki er þá hægt að staðsetja hvar á landinu sem hagkvæmast er talið eða æskilegt þykir af öðrum ástæðum en orkunotkun við kemur. Samrekstri orkuveranna allra um meginveitu verður hagað með þeim hætti, að vatn allt nýtist sem bezt, rekstur verði sem hagkvæmastur og rekstraröryggi í sem fyllstum mæli.

Meðan vatnsafl landsins er í virkjun hefur meginveitan einnig öðru hlutverki að gegna, nefnilega því að gera mögulegt að velja í hvert sinn hagkvæmastan virkjunarstað og að hanna virkjunina með samrekstur fyrir augum, þannig að vatn nýtist vel og vinnsla verði ódýr.


6. Vinnslukostnaður raforku úr vatnsafli landsins.

Aðstæður til virkjunar eru æði misjafnar á ýmsum virkjunarstöðum. Í stórum dráttum er því svo varið, að virkjun er tiltölulega ódýrust þar sem um mikið afl er að ræða á einum stað. Þetta er þó ekki alveg einhlítt. Áætlanir hafa þegar verið gerðar á undanförnum árum um virkjanir víða um landið. Margar þeirra áætlana eru þó lauslegar bráðabirgðaáætlanir, gerðar til fyrstu athugunar á staðnum, en hins vegar eru fyrir hendi allítarlegar áætlanir um nokkrar virkjanir, áætlanir sem á einstöku stöðum nálgast fullnaðaráætlun. Miklu máli skiptir að sem fyrst fáist nokkurn veginn örugg vitneskja um það, hversu mikið orkan úr fallvötnum landsins muni kosta á hverjum stað, en áður en sú vitneskja fæst mun verða að verja æði miklu fé í ítarlegri undirbúningsrannsóknir, mælingar og áætlanir og hlýtur þetta óhjákvæmilega að taka mörg ár enn.

Þær lauslegu hugmyndir, sem við gerum okkur nú um vinnslukostnaðinn í þeim 36 væntanlegu orkuverum víðsvegar um landið, sem að framan er rætt um, eru settar fram í línuriti á 6. mynd. Á þessu línuriti má sjá að lægsta vinnsluverð, sem gert er ráð fyrir, er í virkjun Þjórsár við Búrfell, sem nú er fyrirhugað, og er um 9 aurar á kWh í orkuveri. Í línuritinu er virkjunarstöðum raðað þannig, að þeir ódýrustu koma fyrst og síðan raðað eftir hækkandi virkjunarkostnaði. Síðast koma virkjunarstaðir þar sem orkuvinnslan kostar 35—40 aura á kWst. Af línuritinu má jafnframt sjá að u. þ. b. þriðjungur vatnsaflsins eða sem svarar 10.000 milljónum kWst á ári í meðalári er talið verða á verðlagi undir 15 aurum á kWst í orkuveri. Annar þriðjungur þess er talinn liggja á milli 15 og 25 aura á kWst og loks einn þriðjungur milli 25 og 35 aura á kWst eða þar yfir. Þann hluta vatnsaflsins, sem er undir 25 aurum á kWst í orkuveri, verður að telja sæmilega hagkvæmt að virkja en fari virkjunarkostnaður þar yfir og einkum þegar hann er kominn upp í 30—40 aura á kWst eða meir, fer mjög að leika vafi á, hvort virkjun þess vatnsafls muni nokkurn


MEGIN-RAFORKUKERFIÐ
Á ÍSLANDI UM ÞAÐ LEYTI
SEM VATNSAFL LANDSINS
VERÐUR FULLNÝTT
Svörtu hringirnir tákna helztu
vatnsaflsstöðvarnar
0 10 20 30 40 50 60 70 80 90 100 km

5. mynd.


50 aur/kWh
40
30
20
10
0
10
20
30·10⁹ kWh/ári
Verðdreifing vatnsafls Íslands.
Núverandi notkun og fyrirhuguð
Búrfellsvirkjun.
Orkuvinnsla væntanlegrar Búrfellsvirkjunar.
Áætluð heildarnotkun raforku um
næstu aldamót.
Núverandi vatnsaflsnotkun.
Til alúmínverksm.
Önnur rafm.notkun

6. mynd.

tíma verða talin hagkvæm og hvort nokkurn tíma verður í hana ráðizt. Þó getum við, sem betur fer, gert okkur vonir um að nánari athugun kunni að sýna, að unnt verði síðar að virkja einnig þennan hluta vatnsaflsins á ódýrari máta heldur en hinar lauslegu byrjunaráætlanir segja.

7. Vinnslukostnaður raforku erlendis.

Vinnsluverð raforku frá stærstu nýtízku orkuverum, sem kynt eru með kolum eða olíu, er nú í stærstu löndum Evrópu svo sem Stóra-Bretlandi 25—30 aurar kWst. Svo ódýr raforka fæst þó aðeins í allra stærstu orkuverum svo sem t. d. í Englandi þar sem í smíðum eru 2000 milljón kW stöðvar með 500.000 til 1.000.000 kW vélasamstæðum. Í Danmörku og Svíþjóð er enn ekki farið að byggja svo stórar rafstöðvar. Stærstu vélasamstæður, sem þar eru settar upp til raforkuvinnslu, eru ekki nema 250—300 þúsund kW, og í öllum löndum er enn tiltölulega lítið af þessum stóru og hlutfallslega ódýru samstæðum en mjög mikið enn í notkun af eldri og smærri vélaeiningum, þar sem vinnsluverð raforkunnar er til muna hærra.

Frá kjarnorkustöðvum Evrópu og Ameríku er raforkuverðið ennþá æði hátt, í kringum 50 aurar á hverja kWst, hins vegar er reiknað með að innan skamms, ef til vill á næstu 10 árum, muni verðið frá stærstu kjarnorkuverunum, sem þá verða tekin í notkun, komast niður í 25 aura á kWh eða þar um kring. Er þá einnig um að ræða 500.000 til 1.000.000 kW vélasamstæður í orkuverunum og jafnframt gert ráð fyrir mjög háum nýtingartíma eða 7000 klst. og þar yfir.

Ekki eru miklar líkur fyrir því, að raforka frá kjarnorkuverum fari í náinni framtíð að marki niður fyrir þetta verð og þetta lága verð næst aðeins frá mjög stórum vélasamstæðum.

8. Hagnýting vatnsafls Íslands.

Eins og fyrr getur hafa enn ekki verið tekin í notkun nema um það bil 2% af virkjanlegu vatnsafli Íslands. Meginhluti þeirrar orku er unnin í Sogsvirkjun og Laxárvirkjun. Meðalvinnsluverð raforku hjá báðum þessum fyrirtækjum er með núverandi verðlagi um 20 aurar á kWst. Á línuritinu á 6. mynd er þessi núverandi vatnsaflsnotkun sýnd með skástrikuðum stöpli við 20 aura vinnsluverð línuritsins.

Þá er á sama línuriti afmörkuð orkuvinnsla væntanlegrar Búrfellsvirkjunar. Hún er við upphaf línuritsins þar sem vinnsluverðið er lægst, enda nú talið að þetta sé ódýrasti virkjunarstaður landsins og virkjun þar verður þegar í upphafi framkvæmd með ódýrasta hætti. Þarna er fyrirhuguð 210.000 kW virkjun, er geti gefið um 1.500.000.000 kWst á ári. Um það bil helmingur þeirrar orku er hugsaður handa 60.000 tonna aluminverksmiðju og er sá hluti auðkenndur á línuritinu með þverstrikuðum stöpli. Hinn hlutinn, auðkenndur á línuritinu með skástrikuðum stöpli, er ætlaður til almennra raforkunota í landinu. Hin fyrirhugaða Búrfellsvirkjun er rúmlega 4% af tæknilega virkjanlegu vatnsafli landsins, en hins vegar um 7½% af þeim hlutanum, sem talinn er vera virkjanlegur fyrir 25 aura á kWst eða minna og því talinn örugglega hagkvæmur til virkjunar í framtíðinni.

Loks er markað inn á línuritið á 6. mynd það sem nefnt er „áætluð heildarnotkun raforku um næstu aldamót". Hefur þá verið lauslega áætluð aukning raforkunotkunar í hinum þekktu atvinnuvegum þjóðarinnar og reiknað að nálægt næstu aldamótum hafi þjóðinni fjölgað upp í 400.000 manns. Er þá jafnframt reiknað með mjög verulegri aukningu raforkunotkunar á hvern einstakling og gert ráð fyrir, að allur almennur iðnaður vaxi mjög mikið. Hins vegar er ekki tekin með í þann reikning nein stóriðja önnur en sú 60.000 tonna aluminverksmiðja, sem nú er í ráðagerð. Í þessari áætlun hefur almenn orkunotkun verið látin vaxa frá um 3000 kWst á mann, eins og hún nú er, upp í 12—13000 kWst á mann um aldamótin. Áætlun svo langt fram í tímann hlýtur að sjálfsögðu að vera mjög óviss, en þó

verður varla komizt hjá að gjöra einhverjar spár um framtíðarorkuþörfina. Sannkvæmt þessari lauslegu spá mun í kringum næstu aldamót hafa verið tekinn í notkun um það bil ⅙ hluti af vatnsafli landsins, því sem talið er tæknilega virkjanlegt og kringum 30% af því vatnsafli, sem nú er talið muni örugglega verða hagkvæmt að virkja.

Fylgiskjal IV.

Yfirlitsbréf Harza Engineering Company International, dags. 24. apríl 1965, úr lokaskýrslu um Búrfellsvirkjun; í íslenzkri þýðingu.[1])

Apríl 24, 1965.

BÚRFELLSVIRKJUN LOKASKÝRSLA

Raforkumálastjóri, Laugavegi 116, Reykjavík.

Inngangur.

Í skýrslunni er greint frá niðurstöðum þeirra rannsókna, athugana og áætlanagerða, sem unnið hefur verið að síðan 1959. Athuganir þessar voru venju fremur ítarlegar. Fyrirtæki okkar hefur átt mikilvægan þátt í verkfræðilegri hönnun Búrfellsvirkjunar allt frá þeim tíma, er ríkisstjórn Íslands hóf rannsóknir þessar. Við höfum lagt fram 14 skýrslur um Búrfellsvirkjun og mál sem henni eru nátengd og fylgir útdráttur úr hverri þeirra í viðauka A. Við höfum unnið ráðgefandi verkfræðistörf vegna vatnsvirkjana á Íslandi síðan 1957, og höfum auk áðurnefndra starfa við Búrfellvirkjun unnið að athugunum á virkjunarmöguleikum á ýmsum öðrum stöðum á landinu.

Verkfræðilegur undirbúningur Búrfellsvirkjunar er nú kominn á lokastig. Vegalagning að virkjunarstað var hafin síðsumars 1964. Fjáröflunarleiðir hafa verið kannaðar og möguleikar á fjáröflun virðast fyrir hendi. Nú standa yfir viðræður um möguleika á að selja orku til aluminiumbræðslu. Ríkisstjórn Íslands hefur í undirbúningi lög um virkjunarframkvæmdir. Fyrirtæki okkar hóf lokahönnun snemma á árinu 1964, og er nú haldið áfram með það fyrir augum, að hægt verði að ganga frá samningum við verktaka um byggingu orkuversins og gera samninga um kaup á vélum, búnaði og tækjum snemma á árinu 1966. Modeltilraunir, sem stefna að því að finna endanlegt fyrirkomulag á inntaks- og stíflumannvirkjum í Þjórsá, eru nú framkvæmdar í Noregi. Niðurstöður af tilraunum þessum munu liggja fyrir eftir nokkra mánuði og verður þá hægt að halda áfram verkfræðilegri lokahönnun þessara mannvirkja.

Aðalhluti skýrslunnar fjallar um tæknilegt fyrirkomulag við Búrfellsvirkjun, sem byggist á, að núverandi orkuveitusvæði verði aukið þannig, að eitt kerfi nái yfir allt Suðvesturland og sjái þessum hluta landsins fyrir orku ásamt aluminiumbræðslu, sem byggð yrði í þrem áföngum. Gengið er út frá, að fyrsta keraröð[2]) aluminiumverksmiðjunnar verði komin í notkun á miðju ári 1969. Síðan yrði verksmiðjan stækkuð um hálfa keraröð í tvö skipti með 3ja ára millibili. Gert er ráð fyrir að byggja og auka Búrfellsvirkjun á þann hátt, sem með þarf til að mæta allri þessari orkuþörf.

Viðauki B við skýrslu þessa sýnir tvo aðra hætti um byggingu Búrfellsvirkjunar. Með hinum fyrra hætti er gert ráð fyrir, að virkjunin verði tengd við orkuveitukerfi Suðvesturlands um leið og fyrsta stig (1 keraröð) aluminiumverksmiðju tekur til

1) Lokaskýrsla Harza er of viðamikil til þess að birtast í þingskjali, en í bréfi þessu er gefið yfirlit um rannsóknir og áætlanir þær, er gerðar hafa verið, svo og greint frá niðurstöðum. Í þýðingunni er kostnaðartölum breytt úr dollaragildum í íslenzkar krónur.

2) Ein keraröð svarar til 30 þús. tonna aluminiumbræðslu á ári og er aflþörfin 60 MW. Á sama hátt svarar hálf keraröð til 15 þús. tonna bræðslu og 30 MW aflþarfar.

starfa um mitt ár 1969 og að annað stig (1 keraröð til viðbótar) taki til starfa um mitt ár 1972. Með hinum síðari hætti er gert ráð fyrir, að Búrfellsvirkjun verði byggð í 5 áföngum og verði eingöngu ætluð til að fullnægja orkuþörf til almenningsþarfa á Suðvesturlandi en aluminiumbræðsla komi ekki til.

Þegar settar hafa verið tvær keraraðir í aluminiumbræðslunni (aflþörf 120 MW) getur Búrfellsvirkjun fullnægt aflþörf fram til ársloka 1975 eða þar um bil. Um það bil í árslok 1975 mundi því þurfa nývirkjun fyrir orkuveitusvæðið, þó ekki sé um að ræða annan orkufrekan iðnað en aluminiumbræðsluna og hugsanlega aukningu áburðarvinnslu til þess tíma.

Það er farið allnáið út í verkfræðileg atriði í hinum ýmsu köflum skýrslunnar og viðaukum við hana. Stutt yfirlit er gefið hér á eftir.

Lýsing mannvirkja.

Búrfellsvirkjun í Þjórsá er í um það bil 100 km fjarlægð frá Reykjavík. Byggð verður lág stífla norðaustan við Búrfell og árvatninu beint með skurði inn í inntakslón norðan Búrfells. Lág fyrirhleðsla er gerð við suðvesturkrika inntakslónsins. Nokkrar fyrirhleðslur þarf að gera á þessu svæði til þess að halda Þjórsá innan síns núverandi farvegs. Úr inntakslóni rennur árvatnið í stuttum skurði að inntaki, þaðan í jarðgöngum og loks í stálpípum neðanjarðar að stöðvarhúsi ofanjarðar undir vesturhlíðum Sámsstaðamúla. Í stöðvarhúsi verður rúm fyrir sex vélasamstæður, 35 MW að stærð hver. Frá stöðvarhúsi rennur vatnið í stuttum frárennslisskurði út í Fossá og síðan eftir farvegi hennar út í Þjórsá um tveim km neðar. Á þennan hátt er virkjað um það bil 118.5 m fall.

Með orkuflutningskerfi Búrfellsvirkjunar er séð fyrir afl- og orkuflutningi til aðveitustöðva við Reykjavík og Straumsvík, en þar hefur aluminiumbræðslunni verið ætlaður staður. Einrása 230 KV háspennulína mun verða lögð frá Búrfelli að Írafossi, þar sem gerð verður millitenging, svo hægt sé að tengja orkuverin við Sog inn á 230 KV kerfið þar. Frá Írafossi verður línan lögð til aðveitustöðvar við Geitháls um 7 km frá Elliðaárstöðinni. Frá Geithálsi verður lögð tvírása 230 KV háspennulína til aðveitustöðvar við Straumsvík. Aðveitustöð við Geitháls verður að hluta 138 KV til þess að taka við þeirri orku, sem kemur frá Sogi og Búrfelli. Frá þessum hluta aðveitustöðvarinnar að Geithálsi greinist síðan 138 KV kerfið.

Við hönnun Búrfellsvirkjunar er gert ráð fyrir vatnsmiðlun í Þórisvatni, sem liggur í um 40 km fjarlægð í norðaustur frá rafstöðinni við Búrfell. Vatnsmiðlun þessari er ætlað að geyma vatn til notkunar við útskolun á ís gegnum stíflumannvirki í Þjórsá, og að miðla vatni þegar lítið er í ánni.

Auk virkjunarframkvæmdanna sjálfra eru verk, svo sem vegalagning um virkjunarsvæðið og að virkjunarstað, bygging starfsmannabústaða og ýmislegar ísvarnarráðstafanir, svo sem snjógirðingar, tekin með í áætlanirnar.

Í kafla I í aðalhluta skýrslu þessarar er tæknilegri tilhögun Búrfellsvirkjunar lýst nánar. Í köflum þeim, sem taldir eru upp hér á eftir, er að finna eftirtalin sératriði um Búrfellsvirkjun:

Í kafla II, rennslivirki.
Í kafla III, vélar og stöðvarhús.
Í kafla IV, orkuflutningsvirki.
Í kafla V, byggingavirki.
Í kafla VI, kostnaður.
Í kafla VII, áætlun um afl og orkuvinnslu.
Í kafla VIII, almenn lýsing á ísvandamálum.
Í kafla IX, miðlunarvirki í Þórisvatni.

Úrdrátt úr skýrslum, sem áður hafa verið gerðar af fyrirtæki okkar, er að finna í viðauka A. Í viðauka B eru teknir til athugunar tveir aðrir hættir um virkjunarframkvæmdir við Búrfell en reiknað er með í aðalhluta þessarar skýrslu.

Áfangar virkjunarframkvæmda.

Virkjun Þjórsár við Búrfell, eins og hún er áætluð í aðalhluta skýrslunnar, verður hagað þannig, að hún haldist í hendur við stigaukningar í orkuþörf aluminiumbræðslunnar við byggingar hverrar nýrrar keraraðar. Í fyrsta áfanga er ráðgert að setja upp 3 vélasamstæður, hver 35 MW að stærð, eða samtals 105 MW. Aflþörf vegna 1. stigs aluminiumverksmiðjunnar er 60 MW. Orkuvinnsla hefst þegar gengið hefur verið frá fyrstu vélasamstæðu í lok ársins 1968. Áætlað er, að fyrstu þrjár vélasamstæðurnar verði komnar í gang í apríl 1969, eða áður en aluminiumverksmiðjan þarf á fullri orku að halda fyrir sína fyrstu keraröð., en reiknað er með að það verði á miðju ári 1969. Einni vélasamstæðu mun verða bætt við á öðrum áfanga í lok ársins 1971, nokkru áður en helmingur af annarri keraröð aluminiumbræðslunnar verður kominn í fullan gang, en sá helmingur þarf 30 MW. Ein vélasamstæða til viðbótar mun verða sett upp í þriðja áfanga í lok ársins 1973, til þess að mæta venjulegri álagsaukningu á Suðvesturlandi. Síðasta vélasamstæða verður svo sett upp í lok ársins 1974, áður en síðasta hálfa keraröðin með 30 MW orkuþörf er komin í gang. Háspennuvirki verða byggð svo haldist í hendur við uppsetningu vélasamstæðna.

Mikill hluti Búrfellsvirkjunar verður í 1. áfanga byggður nægilega stór fyrir 6 vélasamstæður. Stöðvarhúsi, svo og uppsetningu vélabúnaðar og tækja, verður einnig fulllokið, að þrem vélasamstæðum undanskildum, en þeim verður bætt við einni í hverju virkjunarstigi. Rennslisvirkin í 1. áfanga verða að mestu leyti þau endanlegu, enda þótt í fyrstu sé vatnsborði haldið 2 m lægra en á lokastigi. Vatnsborð verður sett upp í endanlega hæð í 3. áfanga með því að hækka framhjárennslisstíflu og setja upp lokur á hana, skurður að inntakslóni verður breikkaður og nokkrar af stíflunum hækkaðar. Hægt er að fresta því að ljúka þessum mannvirkjum, meðan vélasamstæður eru ekki fleiri en fjórar, en nauðsynlegt að stjórna rennsli með hærri stíflu eftir það. Miðlun í Þórisvatni er fyrirhuguð í 3. áfanga. Háspennulínum ásamt háspennuvirkjum verður komið upp þegar í 1. áfanga, en aukningar háspennuvirkjana verða framkvæmdar innan hvers stigs í samræmi við álag og orkuvinnslu. Sameining á ýmsum atriðum hinna fjögurra áfanga Búrfellsvirkjunar er framkvæmanleg frá byggingarlegu og fjárhagslegu sjónarmiði, ef sérstakar ástæður er krefjast þessa koma síðar til. Einstöku atriði virkjunarinnar eru rædd almennt í aðalhluta skýrslunnar. Í viðauka B eru ræddir virkjunarhættir Búrfellsvirkjunar án aluminiumbræðslu og einnig með aluminiumbræðslu, sem byggð yrði í tveimur áföngum, þ. e. a. s. heil keraröð í hvorum áfanga.

Afl og orka.

Búrfellsvirkjun er rennslisvirkjun, og er afl og orkuvinnsla hennar háð nýtanlegri fallhæð og vatnsmagni því, sem fyrir hendi er hverju sinni. Fallhæð breytist yfirleitt varla meir en 2%. Falltap vegna mótstöðu í vatnsvegum er fremur lítið. Meðalrennsli í Þjórsá, þar sem vatni er veitt til virkjunarinnar, hefur verið áætlað 338 rúmmetrar á sekúndu (m^3/sek). Þetta er miklu meira vatnsmagn en það, sem 6 túrbínur taka við á mesta álagi. Rennsli Þjórsár er að vísu ekki háð miklum breytingum miðað við flestar þær ár, sem virkjaðar hafa verið víða um heim. Þetta tiltölulega jafna rennsli á rót sína að rekja til þess, að náttúrlegir staðhættir eru hagstæðir í þessu efni. Engu að síður er vatnsmagnið nokkrum sveiflum háð. Hefur það í för með sér, að á vissum tímum er ekki nægilegt vatnsrennsli til þess að allar vélasamstæður gangi með fullu álagi. Í eftirfarandi töflu er sýnt, um hve mikinn hundraðshluta af tíma er að ræða, sem vatnsrennsli árinnar er minna en vatnsþörf véla við fullt álag.

Fjöldi uppsettra rafala	Vatnsþörf véla við fullt álag, m^3/s	Tíminn í %, sem vatnsrennsli er minna en vatnsþörf við fullt álag
2	75	0.0
3	112	0.2
4	150	3.4
5	188	13.8
6	224	25.0

Aðalorkuvinnsla Búrfellsvirkjunar reiknast sú, sem unnin er með því vatnsrennsli sem fyrir hendi er hverju sinni upp að því marki, sem vélar nýta við fullt álag, sbr. töfluna hér að ofan. Á þessum grundvelli er áætlað, að árleg aðalorka frá Búrfellsvirkjun verði við Geitháls í meðalári sem hér segir:

Fjöldi uppsettra vélasamstæðna	Aðalorka GW/ári
2	600
3	900
4	1190
6	1480
6	1720

Afgangsorka verður fyrir hendi langtímum saman. Þessi orka hefur þó ekki verið metin til verðs hér.

Fari raforkuþörf á stundum fram úr því, er Búrfellsvirkjun og aðrar vatnsvirkjanir Suðvesturlandskerfisins geta fullnægt, geta legið til þess þessar ástæður:

1. Álag fari fram úr áætlun.
2. Minnkað nothæft vatnsrennsli við Búrfellsvirkjun vegna íss, sem annað hvort hindrar vatnsrennsli til rennslisvirkja eða útheimtir hluta vatnsmagnsins til skolunar í gegnum framhjárennslisvirki.
3. Bilun á háspennulínum eða virkjum.
4. Lágt vatnsrennsli, samanber töfluna, hér að ofan.

Miðlun í Þórisvatni er fyrirhuguð í 3. áfanga, þegar vélasamstæður eru orðnar 5, til útskolunar á ís og krapi frá inntaksmannvirkjum. Að öðru leyti verður að mæta þessum mismun með varastöðvum. 33 MW afl mun vera fyrir hendi í núverandi stöðvum, sem notaðar verða sem varaafl. Það, sem þarf af nýjum rafstöðvum til viðbótar þessu varaafli, er fyrir utan ramma þessarar skýrslu.

Notkun varastöðva nógu stórra til að tryggja stöðuga orku frá kerfinu er miklu hagkvæmari en að koma upp vatnsmiðlun ofar í ánni í þessu skyni.

Toppafl það, sem Búrfellsvirkjun getur skilað til aðveitustöðvarinnar við Geitháls samkvæmt skýrslu þessari, hefur verið áætlað þannig:

Fjölda vélasamstæðna	Toppaflsgeta, MW
2	75
3	111
4	148
5	183
6	220

Ofangreind toppaflsgeta mun hvorki háð flóðum og vatnsþurrð né heldur ístruflunum í Þjórsá eða Fossá svo neinu verulegu nemi. Sveiflur á aflþörf orkuveitukerfisins hafa væntanlega það í för með sér, að hægt verði að afhenda nokkru meiri raforku til alúmínbræðslu en að ofan greinir.

Vatnsorkuvinnsla Búrfellsvirkjunar er ítarlega rædd í VII. kafla skýrslunnar.

Stofnkostnaður.

Við höfum gert kostnaðaráætlun um hin fjögur virkjunarstig Búrfellsvirkjunar, sem fjallað er um í aðalhluta skýrslunnar. Þar er gerð stofnkostnaðaráætlun og áætlun um gæzlu- og viðhaldskostnað stig af stigi. Hvorki í stofnkostnaðaráætlununum né í áætlununum um árlegan kostnað eru teknir með þeir þættir, sem eru undir lánskjörum eða ákvörðunum stjórnarvalda komnir, svo sem vextir á byggingartíma, tryggingafjár- og rekstrarfjárkostnaður, afskriftir eða afborganir, kostnaður vegna vatnsréttinda, skattar, vátryggingar, hagnaður, varasjóðstillag og þess háttar.

Kostnaðaráætlanirnar eru ítarlega ræddar í VI. kafla skýrslunnar.

Kostnaðaráætlanirnar eru að mestu leyti byggðar á reynslu af verksamningum og kaupsamningum, sem gerðir hafa verið á samkeppnisgrundvelli í hinum frjálsa hluta heims. Gert er ráð fyrir, að hvert virkjunarstig væri framkvæmt sérstaklega. Álitið er, að kostnaðaráætlanirnar verði í góðu gildi 1965, svo framarlega sem hvorki komi til mikilla kauphækkana á Íslandi né um gengisfall, sem taka verður tillit til, verði að ræða. Í samanlögðum byggingarkostnaði hvers virkjunarstigs er innifalinn beinn byggingarkostnaður, ófyrirséður kostnaður, verkfræðikostnaður og yfirumsjónarkostnaður. Í kostnaðaráætlun fyrsta virkjunarstigs er innifalinn sá kostnaður, sem ríkisstjórn Íslands hefur þegar innt af hendi og ætlazt er til að virkjunin standi undir. Í kostnaðaráætlun hinna þriggja síðari virkjunarstiga eru innifaldir kostnaðarliðir, sem lagðir eru á vegna þess, að þau eru framkvæmd síðar.

Áætlaður byggingarkostnaður Búrfellsvirkjunar sundurliðaður eftir virkjunarstigum, sem hæfa aflþörf alúmínbræðslunnar, er eins og hér segir:

	Byggingarkostnaður í milljónum króna		
Virkjunarstig	Innl. fé	Erl. gjaldeyrir	Samtals
I	495.0	725.0	1220.0
II	16.6	53.0	69.6
III	99.3	152.5	251.8
IV	13.4	47.2	60.6
Samtals	624.3	977.7	1602.0

Greiðsluáætlanir um byggingarkostnað, sundurliðaðar eftir árum fyrir þá virkjanahætti, sem hér um ræðir, eru settar fram í skýrslunni. Greiðsluáætlanirnar eru byggðar á raunverulegri fjárþörf á hverjum tíma, og munu greiðslur vera nokkuð á eftir greiðsluskuldbindingum. Gert er ráð fyrir, að 10% af greiðslum til verktaka verði haldið eftir sem tryggingarfé og að þessar greiðslur verði ekki inntar af hendi fyrr en verki er lokið og fullnaðarúttekt hefur farið fram.

Í eftirfarandi töflu um greiðsluþörf frá ári til árs eru þrír neðantaldir virkjunarhættir teknir fyrir:

A. Virkjunarháttur fyrir eina keraröð í byrjun og tvær hálfar keraraðir hvor á fætur annarri síðar (aðalhluti skýrslunnar).
B. Virkjunarháttur fyrir eina keraröð í byrjun og aðra keraröð þrem árum síðar (viðauki B við skýrsluna).
C. Virkjunarháttur fyrir almenningsnotkun án alúmínbræðslu (viðauki B við skýrsluna).

	Greiðsluþörf í milljónum króna		
Ár	A. Ein keraröð + 2×½ keraröð	B. Ein keraröð + önnur eftir 3 ár	C. Án alumin-bræðslu
1964	43	43	43
1965	52	52	52
1966	151	151	181
1967	452	452	340

Ár	Greiðsluþörf í milljónum króna A. Ein keraröð + 2×½ keraröð	B. Ein keraröð + önnur eftir 3 ár	C. Án aluminbræðslu
1968	404	404	228
1969	120	120	78
1970	30	55	0
1971	34	188	0
1972	124	98	0
1973	128	39	0
1974	60	—	43
1975	4	—	73
1976	—	—	13
1977	—	—	52
1978	—	—	103
1979	—	—	22
1980	—	—	86
1981	—	—	164
1982	—	—	52
1983	—	—	47
1984	—	—	4
Samtals	1602	1602	1581

Með áætlunartölunni fyrir árið 1964 er átt við allan kostnað til loka þess árs.

Árlegur gæzlu- og viðhaldskostnaður, miðaður við núverandi verðlag og miðaður við fjölda uppsettra vélasamstæðna í Búrfellsvirkjun, er áætlaður eins og hér segir:

Fjöldi vélasamstæðna	Árlegur gæzlu- og viðhaldskostn. í milljónum kr.
2	12.3
3	13.5
4	15.1
5	16.5
6	18.1

Tölur þessar geta að sjálfsögðu hækkað við kaup- og verðhækkanir.

Yfirlit og niðurstöður.

Þær athuganir, sem yfirlit er gefið um í skýrslunni, hafa leitt í ljós, að Búrfellsvirkjun er tæknilega viðráðanleg og að ekki er um nein óvenjuleg byggingartæknileg vandamál að ræða. Enn fremur, að virkjun í þeim virkjunarstigum, sem gert er ráð fyrir, er framkvæmanleg og hefur ekki í för með sér tvíverknað. Miðað við orkuspá fyrir Suðvesturland mun ekki vera þörf á aukningu raforkuvera umfram þessa virkjun fram til ársins 1975, þegar frá er talin hin sérstaka varaaflsþörf hinnar fyrirhuguðu alúmínverksmiðju.

Á grundvelli verkfræðilegra athugana og áætlana vorra um virkjun vatnsafls á Íslandi undanfarin sjö ár höfum við komizt að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt sé og rökrétt að velja Búrfell sem næsta virkjunarstað til að fullnægja orkuþörf Suðvesturlands.

Virðingarfyllst,

HARZA ENGINEERING COMPANY INTERNATIONAL

C. K. Willey (sign.)

Fylgiskjal V.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Áhrif ískrapa á rekstur Búrfellsvirkjunar.

Þeim, sem unnið hafa að undirbúningi Búrfellsvirkjunar, hefur alla tíð verið ljóst, að gera verður ráð fyrir ístruflunum við þá virkjun. Þess vegna miðast allt fyrirkomulag mannvirkja við að gera slíkar truflanir sem hættuminnstar. Gert er ráð fyrir að aðskilja ís og vatn, skola ískrapanum yfir stíflu, en veita hreinu vatni inn í veituskurðinn og áfram að stöðinni. Þetta fyrirkomulag er nú verið að útfæra með módeltilraunum.

Töluvert magn af vatni þarf til að skola ískrapanum fram hjá inntaki. Til að gera sér grein fyrir þessu var tíu ára tímabilið frá 1953 til 1963 athugað og reiknað út, hversu mikið vatn hægt væri að nýta til raforkuframleiðslu, þegar búið er að skola ísnum yfir stíflu. Þetta var gert á þann hátt, að reiknað var út ísskriðið frá degi til dags og það, ásamt nauðsynlegu skolvatni, dregið frá daglegu rennsli. Á þennan hátt fæst áætlun um, hversu mikið íslaust vatn er fyrir hendi til raforkuframleiðslu á hverjum degi og þá jafnframt hversu mikill hinn árlegi orkuskortur yrði.

Þessi reikningsaðferð á aðeins við, meðan engin miðlun er í ánni og rennslið óbreytt frá því, sem verið hefur. Eftir að miðlun úr Þórisvatni er fengin, þá ætti, reikningslega séð, allur orkuskortur að vera úr sögunni. Engu að síður er gert ráð fyrir nokkrum orkuskorti eftir að miðlunin hefur fengizt.

Þessir reikningar voru gerðir í þeim tilgangi að finna hversu miklar ístruflanir gætu orðið. Þess vegna voru allar forsendur reikninganna hafðar þannig, að ísskriðið yrði reikningslega sem mest:

1. Ísskriðið var reiknað út miðað við veðurlýsingu á Hæli í Gnúpverjahreppi, en Hæll er 25 km vestan við Búrfell og í 130 m hæð. Til að staðfæra veðurlýsinguna var hitastigið lækkað um 2°C og vindstyrkleikinn aukinn um eitt vindstig.
2. Reiknað var með, að ís myndaðist á 7 ferkílómetra opnum vatnsfleti.
3. Daglegt rennsli var fengið úr skýrslum Vatnamælingadeildar.
4. Gengið var út frá þeirri forsendu, að hlutfallið á milli íss og skolvatns væri: einn hlutur af hreinum ís á móti fjórum hlutum af hreinu vatni miðað við þyngd.
5. Gert var ráð fyrir, að stöðin hefði orðið að ganga með fullu álagi á meðan á ístruflun stæði.


Miðað við þessar forsendur verður meðal árlegur afl- og orkuskortur eins og sýnt er í töflu I.

Tafla I.

Meðal árlegur afl- og orkuskortur.

Ár	Reikningslegur skortur á afli MW	Reikningslegur skortur á orku GWh
1969	25	1
1970	33	2
1971	35	3
1972	25	6
1973	60	10
1974	60	12
1975	60	12

Tafla I er miðuð við virkjunartilhögun A 1, samanber töflu 4 í fylgiskjali II, og eins og þar er gert ráð fyrir miðlun í Þórisvatni árið 1972, þegar stöðin er stækkuð í 175 MW.



Nd. **590. Nefndarálit** [196. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 53/1961, um Listasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.
EOl var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 3. maí 1965.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Óskar E. Levy, fundaskr.	Davíð Ólafsson.
Björn Fr. Björnsson.	Sigurvin Einarsson.	Einar Ingimundarson.

Nd. 591. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um eftirlaun alþingismanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1965.

Davíð Ólafsson, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm.	Jónas G. Rafnar.
Lúðvík Jósefsson.	Skúli Guðmundsson.	Einar Ágústsson.
	Matthías Á. Mathiesen.	

Nd. 592. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Garðahreppi landspildur úr Garðatorfunni fornu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á fundum landbúnaðarnefndar hefur frv. þetta verið rætt og sent til umsagnar jarðeignadeildar ríkisins og landnámsstjóra. Umsagnir hafa borizt, og mæla báðir með samþykkt frv. Þá hefur nefndin á sama hátt athugað tvö önnur frv., um sölu Vindheima í Neskaupstað og sölu eyðijarðarinnar Eiríksstaða í Beruneshreppi. Frv. þessi voru send sömu aðilum til umsagnar, og hafa umsagnir borizt. Mæla þær með samþykkt þessara frv.

Jörðin Eiríksstaðir er húsalaus eyðijörð, og er farið fram á heimild til að selja hana tveimur tilteknum ábúendum næstliggjandi jarða, sem hafa mikla þörf fyrir að nytja jörðina. Fyrir liggur samþykki hreppsnefndar Beruneshrepps um söluna og meðmæli héraðsráðunauta.

Frv. um sölu Vindheima heimilar að selja bæjarsjóði Neskaupstaðar jörðina. Í umsögn landnámsstjóra segir m. a.: „Hér er ekki lengur um lögbýlisjörð að ræða, og virðist það eðlileg ráðstöfun, að Neskaupstaður eignist landið, þar sem það verður á skipulögðu svæði kaupstaðarins."

Stærð þess lands, er þarna um ræðir, er 3 ha. Landbúnaðarnefnd barst bréf frá bæjarfógeta Neskaupstaðar, þar sem hann sendir athugasemdir frá 3 mönnum, sem haft hafa land þetta á leigu. Þótt sala þessa lands verði nú heimiluð til bæjarsjóðs Neskaupstaðar, getur það ekki svipt aðra rétti, sem þeir kunna að hafa að öðrum lögum.

Að þessu athuguðu vill nefndin mæla með, að þær jarðasölur, sem heimildar er leitað fyrir í umræddum þremur frumvörpum, verði samþykktar. Hún flytur á sérstöku þingskjali brtt. við frv. á þskj. 321, þar sem efni tveggja annarra jarðasölufrv. er fellt inn í það.

Hannibal Valdimarsson var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 3. maí 1965.

Jónas Pétursson, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Óskar E. Levy.
Ágúst Þorvaldsson,	Björn Pálsson.	Sverrir Júlíusson.

Nd. 593. Breytingartillögur [151. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Garðahreppi landspildur úr Garðatorfunni fornu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
      Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar landspildur og jarðir:
      I. Garðahreppi þessar landspildur úr Garðatorfunni:
   b. Aftan við gr. bætist tveir liðir, svo hljóðandi:
      II. Bæjarsjóði Neskaupstaðar jörðina Vindheima í Neskaupstað.
      III. Hermanni Guðmundssyni bónda á Eyjólfsstöðum í Beruneshreppi og Gunnari Guðmundssyni bónda, Lindarbrekku, sama hreppi, eyðijörðina Eiríksstaði í Fossárdal.
2. Við 2. gr. Á eftir orðunum „söluverð landsins“ í 1. mgr. komi: samkv. I. tölul. 1. gr.
3. Fyrirsögnin orðist svo:
   Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildur úr Garðatorfunni fornu og tvær jarðir.

Ed. 594. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til læknaskipunarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. og mælir með því, að það verði samþ., en 3 nefndarmenn, þeir AG, KK og ÁB, áskilja sér rétt til þess að flytja breytingartill. og að fylgja breytingartill., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 3. maí 1965.

Jón Þorsteinsson, form.	Auður Auðuns, fundaskr.	Ragnar Jónsson, frsm.
Karl Kristjánsson.	Ásgeir Bjarnason.	Alfreð Gíslason.
	Rafn A. Pétursson.	

Ed. 595. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til laga um eftirlaun ráðherra.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 3. maí 1965.

Ólafur Björnsson, form.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Björn Jónsson, frsm.
Karl Kristjánsson.	Helgi Bergs.	Rafn A. Pétursson.
	Magnús Jónsson.	

Sþ. 596. Nefndarálit [111. mál]

um till. til þál. um eftirlit með fyrirtækjasamtökum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál, og mælir hún með því, að tillagan verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 30. apríl 1965.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Einar Ágústsson.
Sverrir Júlíusson.	Pétur Sigurðsson.	Sigurður Jóhannesson.
	Ragnar Arnalds.	

Sþ. 597. Nefndarálit [69. mál]

um till. til þál. um lýsisherzluverksmiðju.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt tillöguna á fundum sínum og leitað umsagnar nokkurra aðila um hana.

Nefndin mælir einróma með því, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar kanna möguleika á sölu hertrar síldarfeiti á erlendum mörkuðum og gera að öðru leyti rækilegar rannsóknir á því, hvort nú sé orðið tímabært að byggja verksmiðju til herzlu síldarlýsis, samkv. ákvæðum laga nr. 93 frá 1942.

Sýni rannsóknirnar hagstæða útkomu, skal þegar kanna til hlítar, hvar verksmiðjan skuli staðsett, og að því loknu hefja undirbúning að byggingu hennar.

Alþingi, 3. maí 1965.

Jón Árnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
Ingvar Gíslason.	Geir Gunnarsson.	Halldór E. Sigurðsson.
	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Óskar E. Levy.
	Jónas Pétursson.	

Ed. 598. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til hjúkrunarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 3. maí 1965.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Rafn A. Pétursson.
Ragnar Jónsson.	Ásgeir Bjarnason.	Karl Kristjánsson.
	Alfreð Gíslason.	

Nd. **599. Lög** [9. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 557.

Nd. **600. Lög** [89. mál]

um breyting á lögum nr. 12 30. jan. 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 128.

Nd. **601. Lög** [188. mál]

um breyting á lögum nr. 59 frá 20. nóv. 1964, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 509.

Nd. **602. Lög** [147. mál]

um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 484, sbr. 311.

Sþ. **603. Nefndarálit** [25. mál]

um till. til þál. um akvegasamband um Suðurland milli Austfjarða og Reykjavíkur.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillöguna á fundum sínum og fengið umsögn vegamálastjóra. Á sama hátt hefur þáltill. á þskj. 75 um sama efni frá Lúðvík Jósefssyni legið fyrir nefndinni. Sú tillaga var einnig fyrir fjárveitinganefnd á síðasta þingi, en varð ekki afgreidd. Hins vegar barst umsögn vegamálastjóra um till. seint á þingtímanum 1963—64 til fjárveitinganefndar, og hafa báðar þessar umsagnir verið athugaðar nú.

Umsagnir þessar bera með sér, að vegagerðin er að láta vinna að rannsókn þessara mála. Í umsögn vegamálastjóra nú segir m. a.:

„Á s. l. sumri voru gerðar nokkrar mælingar á Skeiðarársandi með það fyrir augum að geta fylgzt vel með því, hvernig næsta hlaup í Skeiðará muni haga sér,

en jöklafræðingar eiga von á slíku hlaupi í ár eða í seinasta lagi á næsta ári. Einnig voru þá gerðar fyrstu frummælingar við Núpsvötn, Súlu og Sandgígjukvísl með nauðsynlega brúargerð fyrir augum.

Af hálfu Vegagerðarinnar mun verða fylgzt með væntanlegu Skeiðarárhlaupi í samvinnu við vatnamælingadeild raforkumálaskrifstofunnar. Er þess vænzt, að þessar athuganir muni gefa nokkuð ljósari mynd en nú er af þeim vandamálum, sem við er að etja við byggingu brúa á vatnsföllin á Skeiðarársandi.

Vegagerð ríkisins er vel ljóst, hvaða þýðingu það hefði fyrir Austurland, ef takast mætti að ná fullkomnu akvegasambandi þangað um Suðurland, og hefur fullan hug á að rannsaka ýtarlega erfiðasta þröskuldinn á þeirri leið, en það eru vatnsföllin á Skeiðarársandi."

Þessi umsögn vegamálastjóra ber með sér, að nú þegar er í gangi rannsókn á þessari samgönguleið og verður haldið áfram. Vegáætlun fyrir næstu fjögur ár hefur verið afgreidd, og samkvæmt henni er ákveðin brúargerð á öll meiri háttar vatnsföll, sem enn eru óbrúuð í Austur-Skaftafellssýslu allt vestur að Skeiðará, og einnig talsverð vegagerð á þessari leið í sambandi við brýrnar og á erfiðustu köflunum. Nefndin lítur því svo á, að nú þegar sé í fullum gangi í meginatriðum sú athugun og þær framkvæmdir, sem tillögurnar fjalla um, og treystir á almennan áhuga og skilning yfirstjórnar samgöngumálanna fyrir opnun ökufærrar hringleiðar um landið, strax og kostur er. Leggur hún því til, að þessari tillögu sé **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 28. apríl 1965.

Jón Árnason, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Jónas Pétursson, frsm.
Matthías Bjarnason. Óskar E. Levy.

Sþ. 604. Nefndarálit [67. mál]

um till. til þál. um opnun vegasambands milli Fljótshverfis og Suðursveitar, þannig að vegakerfið myndi órofa hringleið um landið.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið umsögn vegamálastjóra um hana. Fjallar hún um sama efni og þáltill. á þskj. 26 frá Óskari Jónssyni o. fl. Skal vísað hér í rökstuðning í nefndaráliti á þskj. 603 um þá till. fyrir afgreiðslu málsins. Nefndin leggur til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 28. apríl 1965.

Jón Árnason, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Jónas Pétursson, frsm.
Matthías Bjarnason. Óskar E. Levy.

Nd. 605. Lög [187. mál]

um lausn kjaradeilu atvinnuflugmanna.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 508.

Nd. **606. Frumvarp til laga** [130. mál]

um loðdýrarækt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 3. maí.)

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi, hvort dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

2. gr.

Loðdýrarækt nefnist í lögum þessum, þegar loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni eða ef dýrin eru alin um stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýragarðar nefnast búr og girðingar, þar sem loðdýr eru höfð í vörzlu.

3. gr.

Loðdýrarækt er óheimil nema í loðdýragörðum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt ákvæðum þessara laga.

4. gr.

Það er meginstefna þessara laga, að loðdýr verði einungis ræktuð hér á landi í sérstaklega útbúnum og vönduðum loðdýragörðum og einungis verði ræktuð þar valin kyn loðdýra.

5. gr.

Embætti veiðistjóra skv. 1. gr. laga nr. 52 5. júní 1957 annast eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara sé fylgt.

6. gr.

Þeir, sem óska að stofnsetja loðdýragarð hér á landi, skulu senda landbúnaðarráðuneytinu umsókn um það efni. Umsóknum skulu fylgja ýtarlegar áætlanir um byggingu loðdýragarðsins, um gerð hans, tæknilegan rekstur og fjármál, svo og um þau dýr, sem fyrirhugað er að rækta í garðinum.

Að fengnu áliti veiðistjóra um þessi gögn, tekur landbúnaðarráðuneytið ákvörðun um viðurkenningu loðdýragarðsins, með skilyrði um, að loðdýrarækt hefjist þar ekki, fyrr en gerð hans öll er í samræmi við fyrrgreindar áætlanir.

7. gr.

Um gerð loðdýragarða, rekstrarfyrirkomulag og framkvæmd laga þessara að öðru leyti skal skipað í reglugerð.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi skal aðeins veita til ræktunar minka næstu tvö árin frá gildistöku laganna og eigi fleiri en 5 minkabúum.

Nd. 607. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Eftir 2. umr. í Nd., 3. maí.)

1. gr.

Á eftir síðari mgr. 2. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tóbaksauglýsingar hvers konar eru bannaðar. Þó er Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins heimilt að auglýsa verð á tóbaksvörum.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Nd. 608. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og rætt það á nokkrum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hl. til, að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem fram koma á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 4. maí 1965.

Guðlaugur Gíslason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Matthías Bjarnason.

Jónas G. Rafnar.

Nd. 609. Breytingartillögur [181. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

   31. gr. orðist svo:

   Útsvar skal miða við hreinar tekjur og eign samkv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr. Við ákvörðun eigna til útsvars skal miða við gildandi fasteignamat þrefaldað.

   Frá hreinum tekjum gjaldenda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær, samkv. 32. gr.

   Hjá einstaklingum kr. 35 000.00.

   Hjá hjónum kr. 50 000.00.

   Fyrir hvert barn, innan 16 ára aldurs, á framfæri gjaldanda kr. 10 000.00.

2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

   Við 35. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

   Í kaupstöðum skulu útsvör kr. 1500.00 og lægri felld niður.

Ed. 610. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til laga um sölu dýralæknisbústaðar í Borgarnesi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á fundi sínum. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. maí 1965.

Jón Árnason, form., frsm.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.	Ragnar Jónsson.
Ásgeir Bjarnason.	Páll Þorsteinsson.	Jón Þorsteinsson.

Ed. 611. Frumvarp til laga [202. mál]

um Laxárvirkjun.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Laxárvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkisins og Akureyrarkaupstaðar. Eign ríkisins er 35 hundraðshlutar og Akureyrarkaupstaðar 65 hundraðshlutar. Þegar hafin verður næsta aukning vatnsaflsstöðvanna, á ríkið rétt á að gerast eigandi að 50 hundraðshlutum og kaupir þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu. Kaupverðið eða hluta þess má ríkið inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarandi hluta lána og annarra greiðsluskuldbindinga fyrirtækisins. Kaupverð mannvirkja, sem fyrir eru, þegar lög þessi ganga í gildi, skal, ef samkomulag næst ekki, ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, en kaupverð þeirra mannvirkja, sem gerð eru eftir þann tíma, skal vera kostnaðarverð þeirra að frádreginni eðlilegri fyrningu.

Eignir Laxárvirkjunar eru núverandi vatnsaflsstöðvar í Laxá í Laxárgljúfrum við Brúar í Suður-Þingeyjarsýslu og aukningar þeirra allt að fullvirkjun árinnar í þeim gljúfrum. Enn fremur núverandi aðalorkuveita til Akureyrar og eldsneytisaflstöð þar og aukningar þessara mannvirkja.

Laxárvirkjun skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sjálfstæðum fjárhag og reikningshaldi.

Heimili Laxárvirkjunar og varnarþing er á Akureyri.

2. gr.

Tilgangur Laxárvirkjunar er að vinna raforku fyrir núverandi orkuveitusvæði virkjunarinnar með eigin aflstöðvum eða afla hennar á annan hátt og selja raforkuna í heildsölu til rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna frá aðalorkuveitu eða aflstöð.

Sýni áætlanir stjórnar Laxárvirkjunar og eigenda hennar, að fjárhagslega sé hagkvæmt að leggja aðalorkuveitur frá Laxárvirkjun til Norðvesturlands, Skeiðfossvirkjunar og Austurlands, skal það vera í verkahring Laxárvirkjunar að leggja og eiga slíkar aðalorkuveitur og selja raforkuna í heildsölu til rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna í þessum landshlutum. Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar verið gerðir.

3. gr.

Eignaraðilar Laxárvirkjunar, sbr. 1. gr., eru hvor um sig í einfaldri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum hennar.

4. gr.

Laxárvirkjun er heimilt að reisa allt að 12 þús. kW raforkuver í Laxá við Brúar.

Enn fremur er Laxárvirkjun heimilt að reisa eldsneytisstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.

5. gr.

Til byggingar nýrra aflstöðva og aðalorkuveitna þarf Laxárvirkjun leyfi ráðherra þess, sem fer með raforkumál.

Áður en byrjað er á nýjum mannvirkjum, hvort heldur eru aflstöðvar eða aðalorkuveitur, skal Laxárvirkjun senda ráðherra þeim, sem fer með raforkumál, uppdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum og lýsingu á þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkjanna, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna.

6. gr.

Stjórn Laxárvirkjunar skal skipuð fimm mönnum. Þar til ríkið er orðið eigandi að helmingi Laxárvirkjunar, skipar bæjarstjórn Akureyrar 3 menn, þar af einn sem formann stjórnarinnar, en ríkisstjórnin 2. Þegar ríkið er orðið eigandi að hálfu fyrirtækinu skipar bæjarstjórnin tvo menn í stjórnina, ríkisstjórnin tvo menn, en eignaraðilar skipa sameiginlega fimmta manninn, og skal hann vera formaður. Nái eignaraðilar ekki samkomulagi um skipun oddamannsins, skal hann skipaður af Hæstarétti.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Kjörtími stjórnarinnar skal vera 6 ár.

Stjórn Laxárvirkjunar ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu, og ákveður verksvið hans.

Stjórn Laxárvirkjunar ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga virkjunarinnar. Heimilt er eignaraðilum að tilnefna að auki sinn endurskoðandann hvor til að endurskoða reikningana.

7. gr.

Stjórn Laxárvirkjunar hefur á hendi stjórn og rekstur fyrirtækisins, framkvæmdir þess og undirbúning þeirra. Hún getur ekki skuldbundið eigendurna að því er snertir greiðsluskuldbindingar og ábyrgð á lánum til aukinna framkvæmda og breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra hvors um sig. Þó þarf stjórnin ekki að leita slíks samþykkis, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgð eru minni en sem svarar 2 millj. krónum á ári að meðaltali á hverju fimm ára tímabili.

8. gr.

Stjórn Laxárvirkjunar ákveður, að fengnum tillögum Efnahagsstofnunarinnar, heildsöluverð Laxárvirkjunar á raforku. Skal raforkuverðið við það miðað, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í rekstri fyrirtækisins. Einnig skal að því stefnt, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi til þess, að það geti jafnan með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku.

9. gr.

Við næstu stækkun vatnsaflsstöðvanna í Laxá við Brúar er ríkisstjórninni heimilt að ákveða:

a. Að ríkissjóður leggi Laxárvirkjun til óafturkræft framlag allt að 5 millj. króna gegn jöfnu framlagi frá Akureyrarkaupstað. Í framlagi ríkissjóðs skal talinn

sá undirbúningskostnaður, sem ríkið hefur lagt fram, þegar framkvæmdir hefjast. Af höfuðstól þessum greiðir Laxárvirkjun eignaraðilum arð frá sjöunda rekstursári að telja, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

b. Að ríkissjóður láni Laxárvirkjun 20 millj. króna með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður.

10. gr.

Við virkjun Laxárvirkjunar í Laxá við Brúar, sbr. 4. gr., skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, svo og til eldsneytisaflstöðva Laxárvirkjunar á Akureyri.

Niðurfelling gjalda samkvæmt 1. mgr. nær ekki til vinnuvéla vegna framkvæmdanna. Fjármálaráðherra er þó heimilt að fresta innheimtu aðflutningsgjalda og söluskatts af þeim eða hluta þeirra, gegn þeim tryggingum, sem hann metur gildar. Gjöld þessi falla niður, ef vélarnar og tækin eu flutt úr landi að loknum framkvæmdum. Að öðrum kosti skulu gjöldin miðast við matsverð véla og tækja.

11. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að ríkissjóður taki lán að upphæð allt að 160 millj. kr. eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt og endurláni Laxárvirkjun fjárhæðina til raforkuframkvæmda með þeim skilyrðum og gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegar til þess að tryggja hag ríkissjóðs. Ef hentara þykir, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að Laxárvirkjun sé lántakandi og að ríkissjóður taki á sig sjálfskuldarábyrgð á lánum hennar allt að sömu upphæð.

12. gr.

Laxárvirkjun er undanþegin tekjuskatti, stimpilgjöldum, útsvari, aðstöðugjaldi og öðrum gjöldum til ríkis, sýslusjóða og sveitarfélaga.

Þó skal Laxárvirkjun greiða sýslusjóðum og sveitarsjóðum þau opinber gjöld, sem þeim er gert að greiða vegna húseigna Laxárvirkjunar samkvæmt öðrum lagafyrirmælum.

13. gr.

Ráðherra sá, sem fer með raforkumál, setur með reglugerð, að fengnum tillögum stjórnar Laxárvirkjunar, nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr 54 1949 og lög nr. 64 1950, um Laxárvirkjun.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í öllum megindráttum byggt á núgildandi lögum um Laxárvirkjun nr. 54 29. maí 1949, sbr. lög nr. 64 25. maí 1950, um breyting á þeim lögum. Breytingar þær, sem gerðar eru frá gildandi lögum um Laxárvirkjun, miða einkum að því að gera ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess, að unnt sé að stækka vatnsaflsstöðvarnar í Laxá við Brúar eins og orkuþörfin á Norðurlandi gefur tilefni til.

Er í megindráttum gert ráð fyrir í frumvarpinu, að Laxárvirkjunin verði sá aðili á Norðurlandi, sem eigi og reki þau raforkuver, sem þörf er fyrir á svæðinu, og eigi jafnframt og reki aðalorkuveitur um Norðurland til að tryggja samræmda og hagkvæma framleiðslu og dreifingu á raforku á þessu svæði.

Um skýringar á frumvarpinu að öðru leyti vísast til eftirfarandi athugasemda við einstakar greinar þess:

Um 1. gr.

Í 1. gr. eru ákvæði um að Laxárvirkjun sé sameignarfyrirtæki ríkisins og Akureyrarkaupstaðar, um eignarhlutföll og rétt ríkisins til að breyta þeim eignarhlutföllum, þegar næst verður hafin aukning vatnsaflsstöðva Laxárvirkjunar. Í greininni eru tilgreindar eignir Laxárvirkjunarinnar og tekið fram, að hún skuli rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sjálfstæðan fjárhag. Efnislega eru þessi ákvæði hin sömu og í gildandi lögum, sbr. 1. gr. laganna nr. 54/1949 og 3. gr., sbr. 2. gr. laganna nr. 64/1950.

Um 2. gr.

Í þessari grein er stefnuyfirlýsing um tilgang Laxárvirkjunarinnar. Beina yfirlýsingu um þetta efni er ekki að finna í gildandi lögum um virkjunina.

Samkvæmt fyrri málsgrein greinarinnar er megintilgangur Laxárvirkjunarinnar að vinna raforku fyrir núverandi orkuveitusvæði virkjunarinnar og selja raforku til dreifiveitna.

Í 2. málsgrein greinarinnar er því lýst yfir, að það sé verkefni Laxárvirkjunar að leggja aðalorkuveitur frá Laxárvirkjun til Norð-vesturlands og Austurlands, þegar lagning slíkra veitna verður orðin hagkvæm.

Um 3. gr.

Frumvarpsgreinin er ný grein og gerir ráð fyrir, að eignaraðilar séu í einfaldri ábyrgð fyrir skuldbindingum Laxárvirkjunar. Þessi regla er í samræmi við ákvæði laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, og þá venju, sem fylgt hefur verið hin síðari ár um ábyrgðir ríkissjóðs.

Um 4. gr.

Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir, að Laxárvirkjun sé veitt heimild til þess að reisa allt að 12 þús. kW raforkuver í Laxá við Brúar, svo og eldsneytisaflstöðvar, sem rekstri fyrirtækisins eru nauðsynlegar.

Ákvæði þetta er ætlað til að fullnægja ákvæðum raforkulaganna um heimild Alþingis fyrir virkjun sem þessari.

Um 5. gr.

Frumvarpsgreinin er sama efnis og 5. gr. laga nr. 54/1949 og þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um stjórn virkjunarinnar. Greinin er efnislega óbreytt frá 4. gr. laga nr. 54/1949, sbr. 3. gr. laga nr. 64/1950. Þó eru tvö minni háttar frávik frá eldri ákvæðum. Er ríkið er orðið eigandi að hálfu fyrirtækinu, er gert ráð fyrir að eignaraðilar skipi tvo menn í stjórnina hvor, en fimmti maðurinn verði skipaður sameiginlega af eignaraðilum, eða Hæstarétti, ef samkomulag næst ekki. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að þessi stjórnarmaður sé skipaður af Hæstarétti.

Í greinina er auk þess bætt ákvæði um hvernig endurskoðun reikninga virkjunarinnar skuli háttað. Gert er ráð fyrir, að stjórn Laxárvirkjunar ráði löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga virkjunarinnar, en auk þess sé eignaraðilum heimilt að tilnefna sinn endurskoðandann hvor til að endurskoða reikningana.

Um 7. gr.

Meginmál frumvarpsgreinarinnar er samhljóða 2. mgr. 4. gr. laganna um Laxárvirkjun og fjallar um verksvið stjórnar Laxárvirkjunar og heimildir hennar til að skuldbinda eigendurna. Aftan við ákvæðin eins og þau eru nú er bætt nýjum málslið, þar sem stjórn virkjunarinnar er heimilt að skuldbinda fyrirtækið án samþykkis eigendanna, ef samanlagðar skuldbindingar og ábyrgðir eru minni en sem svarar 2 millj. króna á ári að meðaltali á hverju fimm ára tímabili. Er hér verið að rýmka lítillega gildandi heimildir stjórnar virkjunarinnar.

Um 8. gr.

Frumvarpsgreinin er að uppistöðu til stefnuyfirlýsing um verðlagningu á raforku, sem Laxárvirkjun selur til dreifiveitna. Er gert ráð fyrir, að raforkuverð verði nægilega hátt til þess, að eðlilegur afrakstur fáist af því fjármagni, sem á hverjum tíma er bundið í fyrirtækinu. Einnig er gert ráð fyrir því, að verðlag á raforku verði nægilega hátt til að fyrirtækið skili nógum greiðsluafgangi til þess, að það geti af eigin ramleik og með hæfilegum lántökum tryggt notendum sínum næga raforku til frambúðar.

Hér er um að ræða stefnubreytingu frá því sem nú gildir í þessu efni samkvæmt 6. gr. laganna um Laxárvirkjun nr. 54/1949.

Um 9. gr.

Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir, að við næstu stækkun vatnsaflsstöðvanna í Laxá við Brúar leggi ríkissjóður Laxárvirkjun til allt að 5 millj. króna sem óafturkræft framlag, enda leggi Akureyrarkaupstaður fram jafnhátt framlag. Í framlagi ríkissjóðs skal teljast sá undirbúningskostnaður, sem ríkið hefur þegar lagt í vegna þessarar virkjunar, þegar framkvæmdirnar hefjast. Það nýmæli er í greininni, að gert er ráð fyrir, að Laxárvirkjun greiði eignaraðilum arð af þessu framlagi frá sjöunda rekstursári hinnar nýju stækkunar að telja.

Enn fremur er í greininni ákvæði um, að ríkissjóður skuli við næstu stækkun Laxárvirkjunar lána Laxárvirkjun 20 millj. króna með þeim kjörum, sem fjármálaráðherra ákveður.

Um 10. gr.

Í þessari grein er kveðið á um, að aðflutningsgjöld og söluskattur af efni og tækjum til næstu virkjunar í Laxá við Brúar skuli felld niður. Enn fremur er ákvæði um, að sams konar niðurfelling aðflutningsgjalda og söluskatts skuli gerð að því er varðar byggingu eldsneytisaflstöðva Laxárvirkjunar á Akureyri.

Sérstakt ákvæði er um, hvernig með skuli fara greiðslu aðflutningsgjalda af vinnuvélum, sem sérstaklega eru fluttar inn vegna framkvæmda við virkjunina.

Um 11. gr.

Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir heimild til þess að ríkissjóður taki lán að upphæð 160 millj. kr. til að endurlána Laxárvirkjun til raforkuframkvæmda eða ef hentara þykir að ábyrgjast slíkt lán, sem Laxárvirkjun mundi taka. Slík ábyrgð mundi mega vera sjálfskuldarábyrgð.

Um 12. gr.

Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir, að Laxárvirkjun sé undanþegin hvers konar opinberum gjöldum til ríkis, sýslusjóða og sveitarfélaga. Þó er gerð undantekning um opinber gjöld til sýslusjóða og sveitarsjóða, sem lögð eru á húseignir Laxárvirkjunar.

Um 13.—15. gr.

Frumvarpsgreinarnar þarfnast ekki skýringa.

Ed. 612. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til laga um eyðingu svartbaks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir eindregið með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. maí 1965.

Ragnar Jónsson, form., frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.
Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason.
Jón Þorsteinsson.
Björn Jónsson.
Jón Árnason.

Nd. 613. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, Sigurður Jóhannesson, mun gera grein fyrir afstöðu sinni við afgreiðslu málsins. Lúðvík Jósefsson var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 4. maí 1965.

Birgir Finnsson, form.
Pétur Sigurðsson, fundaskr., með fyrirvara.
Sverrir Júlíusson, frsm.
Guðlaugur Gíslason.
Jón Skaftason, með fyrirvara.

Sþ. 614. Nefndarálit [25. mál]

um till. til þál. um akvegasamband um Suðurland milli Austfjarða og Reykjavíkur.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Jökulvötnin hafa frá upphafi verið erfiður þrándur í götu vegagerðar á Íslandi. Við lok „fjögurra ára áætlunar“ verður þó svo komið, að einungis vatnasvæðið á Skeiðarársandi hindrar, að ekið verði á bifreiðum umhverfis landið.

Fyrr á þessu þingi fluttu þeir Óskar Jónsson, Páll Þorsteinsson, Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Ágúst Þorvaldsson og Helgi Bergs till. til þál. um fullnaðarathugun á þessu svæði. Till. er á þskj. 26, 25. mál í Sþ. Enn fremur flutti Lúðvík Jósefsson till. til þál. um sama efni, 67. mál í Sþ., þskj. 75.

Meiri hluti fjárveitinganefndar leggur til að vísa báðum þessum till. til ríkisstjórnarinnar.

Við undirritaðir nefndarmenn erum á annarri skoðun. Við viljum, að Alþingi kveði skýrt á um það, að fullnaðarrannsókn vatnasvæðisins á Skeiðarársandi verði

lokið það snemma, að unnt sé við setningu næstu vegáætlunar að taka ákvarðanir um aðgerðir í þessu stórmáli.

Við leggjum því til, að tillaga Óskars Jónssonar o. fl. á þskj. 26 verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga til hlítar, hvort unnt sé og hvað kosta muni að gera akfært um Skeiðarársand.

Fullnaðarathugun skal liggja fyrir, áður en lýkur framkvæmd fjögurra ára áætlunar þeirrar um vegagerð, sem nú hefur verið samþykkt, þannig að unnt verði að taka málið til afgreiðslu við samningu næstu vegáætlunar.

Alþingi, 4. maí 1965.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Ingvar Gíslason. Halldór E. Sigurðsson.

Ed. 615. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Frá menntamálanefnd.

4. gr. falli niður.

Nd. 616. Breytingartillaga [175. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 6 17. febr. 1959, um breyt. á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er ráðherra að veita fiskiskipum undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar, leturhumarveiðar og fiskveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu, leturhumarvörpu og fiskivörpu, með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem nauðsynlegar kunna að þykja. Áður en undanþága er veitt, skal leitað um hana álits fiskideildar Atvinnudeildar Háskóla Íslands og Fiskifélags Íslands.

Nd. 617. Breytingartillögur [130. mál]

við frv. til l. um loðdýrarækt.

Frá Benedikt Gröndal.

1. Við 6. gr. Við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Leyfi til minkaeldis má þó aðeins veita í sveitarfélögum, þar sem villiminkur hefur þegar náð öruggri fótfestu að dómi veiðistjóra.
2. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Greiða skal útflutningsgjald af loðdýraskinnum eða lifandi loðdýrum, 4.2% af fob-verði. Gjaldið skal renna til vísindalegra rannsókna á lifnaðarháttum villiminks og til sérstakra ráðstafana til útrýmingar honum.

Nd. 618. Nefndarálit [57. mál]

um frv. til laga um eftirlit með útlendingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. maí 1965.

Einar Ingimundarson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.
Matthías Bjarnason.	Björn Fr. Björnsson.	Skúli Guðmundsson.
	Ragnar Arnalds.	

Sþ. 619. Nefndarálit [67. mál]

um till. til þál. um opnun vegasambands milli Fljótshverfis og Suðursveitar, þannig að vegakerfið myndi órofa hringleið um landið.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillaga þessi er nú flutt í þriðja sinn á Alþingi, en hefur ekki fengizt afgreidd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og fengið um hana umsögn vegamálastjóra, sem staðfestir mikilvægi þess máls, sem tillagan fjallar um.

Meiri hluti fjárveitinganefndar hefur lagt til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en undirritaður leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. maí 1965.

Geir Gunnarsson.

Ed. 620. Frumvarp til laga [203. mál]

um breytingu til bráðabirgða á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Varðandi kjarasamninga opinberra starfsmanna, er taki gildi 1. janúar 1966, eru um málsmeðferð gerðar þessar breytingar á lögum nr. 55/1962:

1. Frestur sáttasemjara ríkisins samkvæmt 2. mgr. 12. gr. til að taka kjaradeilu til meðferðar framlengist til 1. september 1965.

2. Frestur aðila samkvæmt 1. mgr. 14. gr. til að senda Kjaradómi greinargerðir framlengist til 1. október 1965.

3. Frestur Kjaradóms samkvæmt síðara málslið 16. gr. til að leggja dóm á ágreiningsefni framlengist til 1. desember 1965.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem fjármálaráðherra skipaði hinn 10. marz 1965 „til að annast endurskoðun á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna". Eru störf nefndarinnar enn á undirbúningsstigi, en hún mun leitast við að ljúka þeim það fljótt, að tillögur hennar megi leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi. Með hliðsjón af fenginni reynslu þykir hins vegar nauðsynlegt að gera nú þegar á greindum lögum þær breytingar, sem í frumvarpinu felast, og er samkomulag ríkisstjórnarinnar og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja um flutning frumvarpsins.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur ákveðið uppsögn núgildandi kjarasamninga ríkisstarfsmanna frá 1. janúar 1966 með sjö mánaða fyrirvara, miðað við 1. júní n. k., sbr. 8. gr. laga nr. 55/1962.

Samkvæmt 10. gr. laganna skal aðili, er segir kjarasamningi upp, senda gagnaðila samtímis uppsögn tillögur í höfuðatriðum um nýjan samning, og skulu samningsviðræður hafnar þá þegar, þ. e. eigi síðar en 1. júní, og er eigi lagt til, að þessum tímamörkum verði breytt.

Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laganna skal sáttasemjari ríkisins sjálfkrafa taka kjaradeilu til meðferðar og reyna sættir, hafi deilu eigi verið vísað til hans eða samningar komizt á, þegar mánuður uppsagnarfrests er liðinn, þ. e. 1. júlí. Er lagt til, að frestur þessi framlengist til 1. september, þannig að aðilar fái þrjá mánuði til samningaumleitana í stað eins mánaðar samkvæmt lögunum, en sáttasemjari ljúki störfum og aðilar sendi Kjaradómi greinargerðir fyrir 1. október í stað 1. ágúst.

Loks er lagt til, að frestur Kjaradóms til uppsögu dóms um ágreiningsefni verði til 1. desember í stað 1. september, sbr. 16. gr. laganna.

Nd. 621. Breytingartillaga [130. mál]

við frv. til laga um loðdýrarækt.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist:
Minkabú, sem leyfð kunna að verða, skulu vera í Vestmannaeyjum.

Nd. 622. Lög [155. mál]

um greiðslu uppbótar á styrktarfé og eftirlaun.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 334.

Nd. 623. Frumvarp til laga [151. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildur úr Garðatorfunni fornu og tvær jarðir.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar landspildur og jarðir:

I. Garðahreppi þessar landspildur úr Garðatorfunni:
   1. Spildu, sem afmarkast að norðan af Arnarneslæk, að austan af Reykjanesbraut að Álftanesvegi, meðfram Álftanesvegi að Gálgahrauni, meðfram hraunjaðrinum í Arnarnesvog, síðan meðfram Arnarnesvogi að Arnarneslæk.
   2. Spildu, sem afmarkast að norðan af Álftanesvegi, frá skógræktargirðingu að markavörðu Hafnarfjarðar og Garðahrepps við Engidal, að sunnan og austan af markalínu Hafnarfjarðar og Garðahrepps frá ofannefndri vörðu, þar til hún sker línu, sem dregin er frá Álftanesvegi samhliða skógræktargirðingunni.
   3. Spildu, sem afmarkast að norðan af Vífilsstaðavegi, að austan af fyrirhuguðum Suðurnesjavegi, að sunnan af Hraunsholtslæk að landamörkum Hraunsholts, síðan meðfram þeim mörkum að Reykjanesbraut, að vestan af Reykjanesbraut að Vífilsstaðavegi.

II. Bæjarsjóði Neskaupstaðar jörðina Vindheima í Neskaupstað.

III. Hermanni Guðmundssyni bónda á Eyjólfsstöðum í Beruneshreppi og Gunnari Guðmundssyni bónda, Lindarbrekku, sama hreppi, eyðijörðina Eiríksstaði í Fossárdal.

2. gr.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins samkv. I. tölul. 1. gr., skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Andvirði landsins skal Garðahreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Garðahreppi var gert að greiða fyrir landið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 624. Nefndarálit [94. mál]

um till. til þál. um kaup síldarleitarskipa.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu síldveiðarnar hafa hin síðustu missirin verið hraðvaxandi þáttur í þjóðarbúskap Íslendinga. Miklum fjármunum er stöðugt varið til skipakaupa og til uppbyggingar í síldariðnaði. Og æ fleiri, fyrirtæki og einstaklingar, eiga afkomu sína undir gangi síldveiða.

Fjárveitinganefnd hefur fjallað um þingsályktunartillögu um kaup síldarleitarskipa á þskj. 140, sem þeir flytja Jón Skaftason, Ingvar Gíslason, Eysteinn Jónsson og Ólafur Jóhannesson. Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu máls-

ins. Meiri hluti nefndarinnar sér ekki ástæðu til að samþykkja tillöguna og leggur til, að henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Minni hluti nefndarinnar er á allt annarri skoðun, telur tillöguna í fyllsta máta tímabæra og leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. maí 1965.

Vilhjálmur Hjálmarsson, frsm. Halldór E. Sigurðsson. Ingvar Gíslason.

Geir Gunnarsson.

Ed. 625. Breytingartillögur [7. mál]

við frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Við 2. gr.
   a. Fyrri málsliður 1. málsgr. orðist svo:
      Starf til verndar börnum og ungmennum rækja, samkvæmt lögum þessum, barnaverndarnefndir, heilsuverndarstöðvar og barnaverndarráð.
   b. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. málsgr. komi: Félagsmálaráðuneytið.
   c. Í stað orðanna „Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð“ á tveim stöðum síðar í greininni komi: Barnaverndarnefndir, heilsuverndarstöðvar og barnaverndarráð.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Barnaverndarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og í hverjum hreppi. Í Reykjavík skal sérstök barnaverndardeild í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur annast vernd barna og ungmenna, og gildi fyrir þá deild ákvæði þessara laga um störf og starfsháttu barnaverndarnefnda. Heimilt er kaupstöðum, er þess óska, að fela heilsuverndarstöð vernd barna og ungmenna. Þá er og heimilt að hafa sameiginlegar barnaverndarnefndir fyrir fleiri en einn hrepp, séu þeir fámennir.
3. Við 6. gr.
   a. Fyrsti málsliður 1. málsgr. orðist svo:
      Bæjarstjórn kýs 5 manna barnaverndarnefnd.
   b. 3. málsgr. falli niður.
4. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „58. gr.“ í 2. málsgr. komi: 62. gr.
   b. Orðið „(borgarstjóri)“ í 3. málsgr. falli niður.
5. Við 13. gr. Orðin „(í Reykjavík borgardómari)“ falli niður.
6. Við 14. gr. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 3. málsgr. komi: félagsmálaráðherra.
7. Við 36. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Barnaverndarnefnd er heimilt að úrskurða, að barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldrum, þótt þeir, er foreldraráðin hafa, kalli eftir því, enda sé ástæða til að ætla, að betur fari um barnið hjá fósturforeldrum.
8. Við 37. gr. Í stað „menntamálaráðherra“ í 1. málsgr. komi: félagsmálaráðherra.
9. Við 41. gr. Greinin orðist svo:
   Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því, að barn eða ungmenni sé ekki þjakað af þungri eða óhollri vinnu, löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum lifnaðarháttum. Enn fremur skal nefndin hafa eftirlit með, að barni

sé ekki íþyngt um of með skólanámi og að því sé daglega ætlaður nægur tími til hvíldar frá námi og til leikja.

Eigi má ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í frystihúsum eða öðrum verksmiðjum né til upp- og útskipunarvinnu eða byggingarvinnu. Yngri börnum en 15 ára má ekki fela stjórn vélknúinna vinnutækja. Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára við vinnu í skipum nema skólaskipi eða æfingaskipi. Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar né starfa við vélgæzlu á skipum. Eigi má ráða yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára til vinnu í loftfari.

Alger hámarksvinnutími barna undir 14 ára aldri er 5 stundir á dag og 5 daga vinnuvika, en hámarksvinnutími barna 14—16 ára skal vera 6 stundir og vinnuvikan 5 dagar.

Eigi skulu skólaskyld börn ráðin til vinnu, frá því þau hefja skólagöngu að hausti þar til henni lýkur að vori.

Ráðherra skal setja reglugerðir, er taka yfir landið í heild og ef við á einstök umdæmi, þar sem nánar er kveðið á um aldur barna til vinnu í tiltekinni starfsgrein, hvíld, aðbúnað, orlof og önnur vinnuskilyrði barna og ungmenna í tilteknum starfsgreinum og við tiltekin störf starfsgreinar. Þá skal einnig setja ákvæði í reglugerð um bann við næturvinnu og helgidagavinnu barna, nánar um hámarksvinnutíma þeirra svo og eftir atvikum um læknisskoðun til úrskurðar um það fyrir fram, hvort vinna sé barni eða ungmenni um megn eða ekki. Enn fremur skal setja ákvæði í reglugerð um bann við vinnu barna og ungmenna með tækjum, er sérstök slysahætta stafar af.

Ákvæði reglugerða um vinnuvernd barna og ungmenna skulu m. a. taka til verndar sendisveina í starfi, þ. á m. útbúnaðar flutningatækja þeirra, takmörkunar á blað- og merkjasölu barna og annarri verzlunarstarfsemi þeirra, starfa barna og ungmenna í veitingahúsum og á opinberum skemmtistöðum og þátttöku þeirra í opinberri skemmtistarfsemi, svo og til annarra starfa, er siðferði þeirra getur stafað hætta af.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar svo og brot gegn ákvæðum reglugerða, er settar eru samkvæmt henni, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þrem árum. Auk refsingar má svipta menn réttindum, samkv. almennum hegningarlögum, ef miklar sakir eru.

10. Við 42. gr. Greinin orðist svo:

Hverju barni og ungmenni er skylt að sýna nafnskírteini með mynd eða annað jafngilt skilríki, þegar þess er krafizt af löggæzlumönnum og eftirlitsmönnum, svo sem dyravörðum. Við ráðningu barna og ungmenna til vinnu skal slíkra skilríkja krafizt.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkv. grein þessari, varða sektum allt að 10000 krónum.

11. Við 45. gr. Á eftir 4. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Rétt er að banna í reglugerð að gefa eða selja börnum tóbak.

12. Við 57. gr.

a. Í stað orðanna „til fullnaðarúrskurðar“ í 1. málsgr. komi: til úrskurðar.

b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Úrskurði barnaverndarráðs má áfrýja til dómstóla.

13. Við 58. gr. Í stað „menntamálaráðherra“ komi: félagsmálaráðherra.

14. Við 62. gr. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ á tveim stöðum í greininni komi: Félagsmálaráðuneytið, — og í stað „Menntamálaráðherra“ komi: Félagsmálaráðherra.

15. Við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Á meðan bandaríska hermannasjónvarpið nýtur þess réttar að senda myndir inn á íslenzk heimili, skulu um þær myndir gilda ákvæði íslenzkra laga um barnavernd, sbr. 59. gr.

Ed. 626. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Frá Ólafi Björnssyni.

5. gr. liðir a—c orðist svo:

a. Að koma upp sem fullkomnustu vísindalegu safni íslenzkra og erlendra náttúrugripa, varðveita það og skipuleggja til afnota fyrir vísindamenn á þeim sviðum, sem safnið nær til.
b. Að koma upp sýningarsafni, er sé opið fyrir skóla og almenning. Skal safn þetta miðað við það að vera liður í náttúrufræðikennslu skólanna og auk þess stefna að því að glæða áhuga og skilning almennings á náttúrunni.
c. Að vinna að rannsóknum og skipulagningu almennra rannsókna á náttúru Íslands, einkum að því er snertir meiri háttar verk, þar sem samvinna við aðrar stofnanir og einstaklinga er æskileg eða nauðsynleg, svo sem kerfisbundin úrvinnsla úr efnivið safnsins, efling safnsins að vísindalegum efnivið, náttúrufræðileg kortagerð og skyld verkefni.

Nd. 627. Breytingartillaga [130. mál]

við frv. til l. um loðdýrarækt.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Fyrir „loðdýrarækt“ í fyrirsögn frumvarpsins komi: minkaeldi.

Ed. 628. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt, en einstakir nm. hafa þó fyrirvara um einstakar greinar þess og áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 4. maí 1965.

Auður Auðuns, form.	Ólafur Björnsson, fundaskr., frsm.	Gils Guðmundsson.
Páll Þorsteinsson.	Ragnar Jónsson.	Karl Kristjánsson.
	Jón Þorsteinsson.	

Ed. 629. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58/1946, um menntaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. maí 1965.

Auður Auðuns, form.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson, frsm.
Ragnar Jónsson.	Gils Guðmundsson.	Karl Kristjánsson.
	Jón Þorsteinsson.	

Ed. 630. Nefndarálit [163. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8/1963, um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna (JÞ) hefur þó ekki tekið afstöðu til málsins.

Alþingi, 4. maí 1965.

Ragnar Jónsson, form.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson, frsm.
Ásgeir Bjarnason.	Jón Árnason.	Björn Jónsson.

Ed. 631. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til vegaframkvæmda.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta frumv. Kvaddi hún vegamálastjóra á sinn fund og fékk hjá honum ýmsar upplýsingar varðandi ráðstöfun lánsfjárins. Fyrirhugað mun vera, að af lántökufjárhæðinni, 135 milljónum króna, fáist 27 milljónir króna af sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina, sbr. nýsamþykkt lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Fjárhagsnefnd mælir með samþykkt frumvarpsins. Þrír nefndarmenn, KK, HB og BJ, áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið og fylgja breytingartillögum, er fram kynnu að koma.

Alþingi, 4. maí 1965.

Ólafur Björnsson, form.	Jón Þorsteinsson, fundaskr., frsm.	Magnús Jónsson.
Karl Kristjánsson, með fyrirvara.	Helgi Bergs, með fyrirvara.	Björn Jónsson, með fyrirvara.
	Rafn A. Pétursson.	

Nd. **632. Nefndarálit** [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar og rætt það á nokkrum fundum, eftir því sem tíminn hefur leyft, en ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þess.

Við undirritaðir fulltrúar Framsóknarflokksins í nefndinni teljum, að létta verði enn þá meira útsvarsbyrðina á almenningi með lágar tekjur og miðlungstekjur, og þá fyrst og fremst á barnmörgum fjölskyldum, frá því, sem fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni telja sér fært að samþykkja, og við það eru breytingartillögur okkar miðaðar.

Enn fremur leggjum við til í bráðabirgðaákvæði, að ríkissjóður greiði Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þetta árið aukalega það, sem með þarf, til þess að hann geti staðið straum af aukaframlögum til sveitarfélaganna, er nauðsynleg kunna að verða vegna takmörkunar á álagningarrétti þeirra skv. tillögum okkar.

Þá leggjum við einnig til, að sérstök nefnd verði skipuð til þess að endurskoða gildandi lög um útgjaldaskyldur sveitarfélaga og tekjuöflun þeirra o. s. frv., sbr. brtt. okkar, og að nefndin skili áliti og tillögum fyrir næsta reglulegt Alþingi um frambúðarskipan þessara mála.

Í upphafi valdaferils síns ákvað ríkisstjórnin og stuðningslið hennar að gerbreyta tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs, þannig að óbeinir skattar, þ. e. aðflutningsgjöld og söluskattur, yrðu meginuppistaðan í tekjuöflun hans, en beinir skattar mjög óverulegur hluti heildarteknanna. Var því lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar, að almennar launatekjur væru undanþegnar tekjuskatti.

Í framhaldi af þessari yfirlýsingu hafa óbeinir skattar verið margfaldaðir á valdatíma ríkisstjórnarinnar, sem bezt má sjá af því, að heildarálögur skv. fjárlögum þessa árs eru fjórfaldar miðað við árið 1958. Söluskattur hefur t. d. hækkað úr 102 millj. kr. 1960 í 923 millj. kr. skv. fjárlögum 1965, en það er níföld hækkun. En þessi gífurlega hækkun óbeinu skattanna hefur ekki nægt ríkissjóði, því að jafnframt henni hefur tekju- og eignarskattur fjórfaldazt á sama tíma, hefur hækkað úr 97 millj. kr. 1960 í 375 millj. kr. skv. fjárlögum 1965.

Með hinni miklu hækkun óbeinu skattanna 1960 var mjög þrengt að greiðslugetu gjaldenda sveitarútsvara. Var það í reynd viðurkennt af forustumönnum ríkissjóðs með því að ákveða Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 20% af 3% söluskatti á viðskipti innanlands, er renna skyldi til sveitarsjóðanna.

Með ört vaxandi verðbólgu hafa bæði beinir og óbeinir ríkisskattar stóraukizt frá 1960, svo sem vikið er að hér að framan. Áhrif verðbólgunnar hafa einnig sagt til sín í rekstri sveitarfélaganna, en þau hafa samt engan hluta fengið í hækkun söluskattsins úr 3% í 7½%, eins og hann nú er. Þetta hefur leitt til þess, að sveitarfélögin hafa orðið að hækka mjög verulega álögur sínar, þannig að samanlögð skattheimta ríkisins og sveitarfélaganna á launafólk gengur langt úr hófi fram. Það sást bezt á s. l. ári, er Skattskrá Reykjavíkur birtist.

Til þess að forða því, að svipuð saga gerist aftur, eru tillögur okkar fluttar.

Með þeim leggjum við til að hækka persónufrádrátt á einstaklingum og hjónum um 80% frá gildandi lögum og 140% fyrir börn innan 16 ára aldurs. Ætti þessi persónufrádráttur, auk annars lögleyfðs frádráttar, að tryggja að gjaldendur, sem hafa ekki hærri tekjur en taldar eru nauðþurftartekjur í framfærsluvísitöluútreikningi, þurfi ekki að greiða tekjuútsvar. Það er eðlileg og sanngjörn viðmiðun.

Þá leggjum við einnig til, að tekjubilum útsvarsstigans verði breytt nokkuð, eins og brtt. okkar kveða nánar á um. Er tilgangurinn með þeim breytingum sá, að létta útsvarsbyrðarnar á lágum tekjum og miðlungstekjum fyrst og fremst.

Sem dæmi um áhrif af samþykkt þessara tillagna okkar annars vegar og tillagna stjórnarliða hins vegar er hér reiknað útsvar af mismunandi nettótekjum hjóna með 2 börn:

Af nettótekjum	Skv. tillögum stjórnarliða		Skv. tillögum okkar	
kr. 90000	Útsvar	2000 kr.	Útsvar	300 kr.
— 100000	—	4000 —	—	1300 —
— 125000	—	9000 —	—	3800 —
— 150000	—	16000 —	—	8600 —
— 200000	—	31000 —	—	20900 —
— 250000	—	46000 —	—	35900 —

Þá leggjum við til, að 20% hækkunarheimild sveitarfélaga á útsvörum skv. 2. málsgr. 34. gr. l. um tekjustofna sveitarfélaga verði færð niður í 10%.

Í framsögu fyrir nefndaráliti þessu verður nánari grein gerð fyrir breytingartillögunum.

Alþingi, 5. maí 1965.

Jón Skaftason, frsm. Ágúst Þorvaldsson.

Ed. 633. Breytingartillögur [181. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (JSk, ÁÞ).

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Á eftir orðinu „mjólkurbú“ í síðari málsgr. 8. gr. laganna komi: ræktunarsambönd af jarðræktarvinnu fyrir félagsmenn.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   31. gr. laganna orðist svo:
   Útsvar skal miða við hreinar tekjur og eign skv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr. Við ákvörðun eigna til útsvars skal miða við gildandi fasteignamat þrefaldað.
   Frá hreinum tekjum gjaldenda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær skv. 32. gr.:
   Hjá einstaklingum ..... kr. 45000.00
   Hjá hjónum ..... — 63000.00
   Fyrir hvert barn, innan 16 ára aldurs, á framfæri gjaldanda — 12000.00
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Stafliður A, tölulíður 1. 32. gr. laganna orðist svo:
   Einstaklingar og hjón:
   Af fyrstu 40000 kr. 10%.
   Af 40000—90000 kr. greiðast 4000 kr. af 40000 kr. og 20% af afgangi.
   Af 90000 kr. og yfir greiðast 14000 kr. af 90000 kr. og 30% af afgangi.
4. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   2. málsgr. 34. gr. laganna orðist svo:
   Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 10 hundraðshlutum.
5. Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætist:
   Ríkissjóður greiði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga aukalega það, sem með þarf árið 1965, til þess að jöfnunarsjóðurinn geti skv. d-lið 15. gr. l. nr. 51/1964, um tekjustofna sveitarfélaga, staðið straum af aukaframlögum, sem leitt getur af takmörkunum á álagningarrétti sveitarfélaganna þetta ár

Ríkisstjórnin skal, strax eftir að frv. þetta hefur hlotið lagagildi, skipa 5 manna nefnd til þess að endurskoða öll löggjafaratriði, er gilda um útgjaldaskyldur sveitarfélaga og tekjuöflun þeirra. Skal nefndin sérstaklega leggja áherzlu á það með tillögum sínum að leggja grundvöll að eðlilegri skiptingu þjóðfélagslegra verkefna milli sveitarfélaganna og ríkisins í samræmi við breytta þjóðarhætti, svo og grundvöll að skiptingu tekjustofna milli þessara aðila eða skiptingu tekna, ef þær eru innheimtar í einu lagi af sama stofni fyrir sveitarfélög og ríki.

Jafnframt rannsaki nefndin, hvernig hægt verði að komast í álögum hjá því mikla ósamræmi, sem núverandi reglur um gjaldskyldu þegna þjóðfélagsins leiða af sér miðað við efni og ástæður.

Nefndin verði þannig skipuð, að þingflokkarnir fjórir tilnefni í hana sinn manninn hver, en ríkisstjórnin skipi fimmta manninn án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndinni er heimilt að fá sér aðstoð við störf sín, og hafa skal hún samráð við stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga.

Nefndin skili áliti og tillögum svo fljótt, að næsta reglulegt Alþingi geti fjallað um þær.

Nd. 634. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarpið var rætt á nokkrum fundum, og klofnaði nefndin um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn hefur fallizt á hækkun persónufrádráttar um 40% frá gildandi lögum, þannig að hann verður 35000 kr. hjá einstaklingum og 45000 kr. hjá hjónum. Þrátt fyrir þessa breytingu telur undirritaður, að persónufrádrátturinn sé allt of lágur og þannig seilzt til útsvarsálagningar á tekjur, sem eru langt neðan við það að geta kallazt lágmarks þurftartekjur.

Veigamesta breytingin, sem meiri hlutinn hefur fallizt á, er hækkun frádráttar fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs úr 5000 kr. í 10000 kr., eða um 100%. Léttir þetta útsvarsbyrði barnafjölskyldna verulega, og ber að fagna því.

Þá hefur meiri hlutinn enn fremur fallizt á, að í kaupstöðum skuli útsvör 1500 kr. og lægri falla niður.

Allar þessar breytingartillögur eru til bóta, svo langt sem þær ná, og mun minni hlutinn greiða þeim atkvæði.

En þrátt fyrir þær leggjast útsvarsbyrðarnar of þungt á lágtekjur og miðlungstekjur, og leyfi ég mér því að bera fram við frumvarpið svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Á undan 1. gr. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) 10. gr. laganna orðist svo:
      Aðstöðugjald skal vera sem hér segir:
      a. ½% af rekstri fiskiskipa og flugvéla.
      b. 1% af rekstri verzlunarskipa og af fiskiðnaði.
      c. 1½% af hvers konar iðnaðarrekstri öðrum.
      d. 2% af öðrum atvinnurekstri.
   b. (2. gr.) 17. gr. laganna orðist svo:
      Landsútsvör greiða:
      Fyrirtæki og stofnanir, sem reka starfsemi, er nær til landsins alls, svo sem olíufélög, skipafélög, bankar, tryggingafélög, heildsölufyrirtæki, þar með

Samband ísl. samvinnufélaga, útflutningssamtök, verzlunarstofnanir ríkisins, þar með talin Sölunefnd varnarliðseigna, einnig Síldarverksmiðjur ríkisins, Áburðarverksmiðjan, Sementsverksmiðja ríkisins, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, svo og þau fyrirtæki önnur, sem félagsmálaráðuneytið úrskurðar, að samkvæmt eðli málsins falli undir þessi ákvæði.

c. (3. gr.) 18. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæð landsútsvara skal vera sem hér segir:

a. 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja samkvæmt 17. gr.

b. 2% af heildarsölu annarra stofnana og fyrirtækja, sem landsútsvör skulu greiða skv. 17. gr.

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Eftir bókstafslið k í 3. gr. laganna komi nýr liður, l, svo hljóðandi:

Verkafólki, sem vinnur við hvers konar fiskiðnað, og hafnarverkamönnum skal veittur sérstakur frádráttur, 700 krónur fyrir hverja viku, sem þeir vinna að viðkomandi störfum, enda hafi þeir unnið þau störf ekki skemur en sex mánuði af skattárinu.

Nánari reglur um skattfríðindi þessi skulu settar með reglugerð, ef þurfa þykir.

3. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

31. gr. laganna orðist svo:

Útsvör skal miða við hreinar tekjur og eign skv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr.

Frá hreinum tekjum gjaldenda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er á þær lagt samkv. 32. gr.:

Fyrir einstaklinga 50000 kr.

Fyrir hjón 70000 kr.

Fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs á framfæri gjaldanda 10000 kr.

Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun.

Nú hefur gjaldandi greitt helming útsvars síns eða meir fyrir áramót, og ber þá að draga þann hluta útsvarsins frá hreinum tekjum.

4. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Upphaf 32. gr. laganna, að B-lið, skal orðast þannig:

Útsvör skulu vera sem hér segir:

A. Af útsvarsskyldum tekjum skv. 31. gr. greiða:

1. Einstaklingar og hjón:

Af fyrstu 20000 kr. 5%.

Af 20000—30000 kr. greiðast 1000 af 20000 kr. og 10% af afganginum.

Af 30000—40000 kr. greiðast 2000 af 30000 kr. og 15% af afganginum.

Af 40000—50000 kr. greiðast 3500 kr. af 40000 kr. og 20% af afganginum.

Af 50000—60000 kr. greiðast 5500 kr. af 50000 og 25% af afganginum.

Af 60000 kr. og þar yfir greiðast 8000 kr. af 60000 kr. og 30% af afgangi.

5. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Síðasti málsliður 34. gr. laganna orðist svo:

Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 10 hundraðshlutum.

Alþingi, 5. maí 1965.

Hannibal Valdimarsson.

Sþ. **635. Skýrsla**

ríkisstjórnarinnar til Alþingis um athugun á byggingu aluminiumverksmiðju á Íslandi.

I. Inngangur.

Undanfarin ár hafa farið fram athuganir á vegum ríkisstjórnarinnar á því, hvort unnt væri og hagstætt að koma upp hér á landi aluminiumvinnslu eða öðrum orkufrekum iðnaði, er byggðist á hinni miklu ónotuðu vatnsorku landsins. Athuganir í þessum efnum hafa annars vegar verið í höndum sérstakrar nefndar, Stóriðjunefndar, sem skipuð var af iðnaðarmálaráðherra 5. maí 1961, en hins vegar í höndum Raforkumálaskrifstofunnar. Hinn 14. nóvember 1964 skilaði Stóriðjunefnd ítarlegri skýrslu til ríkisstjórnarinnar um aluminiumverksmiðju og stórvirkjun, en þar eru störf nefndarinnar og gangur viðræðna við erlend aluminiumfyrirtæki rakin fram til þess tíma. Skýrslu þessari fylgdu allmörg fylgiskjöl, er einkum fjalla um raforkumál og stórvirkjanir. Skýrsla þessi ásamt fylgiskjölum var afhent öllum alþingismönnum sem trúnaðarmál skömmu síðar, og eru þær allar birtar hér með sem fylgiskjöl. Einnig var þingmönnum afhent framhaldsskýrsla Stóriðjunefndar um málið, er dagsett var 6. febrúar 1965.

Það voru meginniðurstöður skýrslu Stóriðjunefndar frá 14. nóvember 1964, að aðstaða væri fyrir hendi til að ná viðunandi samningum um byggingu aluminiumverksmiðju hér á landi, er gæti skapað fjárhagslegan grundvöll stórvirkjunar við Búrfell. Einnig virtist unnt að afla nægilegs lánsfjár erlendis til slíkrar virkjunar, en ástæða væri til að ætla, að verulegur hluti lánsfjárins fengist hjá Alþjóðabankanum. Varðandi nánari greinargerð fyrir þessum viðhorfum vísast til skýrslu nefndarinnar, sem prentuð er hér með sem fylgiskjal I.

Á grundvelli fyrrnefndrar skýrslu Stóriðjunefndar ákvað ríkisstjórnin, að haldið skyldi áfram viðræðum við hið svissneska fyrirtæki, Swiss Aluminium Ltd., svo og Alþjóðabankann, er leitt gætu í ljós endanlega, hverra kosta gæti verið völ fyrir Íslendinga í þessum efnum. Fyrstu fundirnir fóru fram dagana 14.—17. desember í Zürich, en í þeim tóku þátt bæði fulltrúar frá Swiss Aluminium og sendinefnd frá Alþjóðabankanum. Af hálfu íslenzku ríkisstjórnarinnar tóku þátt í viðræðunum dr. Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, formaður Stóriðjunefndar, Eiríkur Briem, rafmagnsveitustjóri, og Steingrímur Hermannsson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, en þeim til aðstoðar voru Hjörtur Torfason, lögfræðingur og dr. Gunnar Sigurðsson, verkfræðingur. Annar fundur með sömu aðilum var haldinn í Washington fyrstu vikuna í marz þessa árs, og voru fulltrúar íslenzku ríkisstjórnarinnar þá hinir sömu og áður. Þriðji fundurinn var svo haldinn dagana 31. marz og 1. apríl í Reykjavík, en til þess fundar komu aðeins fulltrúar frá Swiss Aluminium. Forustu í þeim viðræðum af hálfu ríkisstjórnarinnar hafði Jóhann Hafstein, iðnaðarmálaráðherra, en að öðru leyti tóku sömu menn þátt í viðræðunum og áður að viðbættum Brynjólfi Ingólfssyni, ráðuneytisstjóra. Loks dvaldist svo sendinefnd frá Alþjóðabankanum í Reykjavík dagana 12.—22. apríl, en hún vann að lokaathugunum Alþjóðabankans varðandi Búrfellsvirkjun.

Allir þessir viðræðufundir hafa orðið til þess að skýra mjög viðhorf í málinu, enda þótt lokasamningar hafi að sjálfsögðu ekki getað farið fram og mörg atriði séu enn óútkljáð. Verður nú fyrst gerð grein fyrir helztu atriðum, sem fram hafa komið í þessum viðræðum, en síðan verður gefið heildaryfirlit yfir efnisatriði málsins, eins og það nú stendur.

II. Yfirlit um viðræður síðan í desember 1964.

Þegar Stóriðjunefnd gaf skýrslu sína 14. nóvember 1964, stóðu mál þannig, að samkomulagsgrundvöllur virtist hugsanlegur við Swiss Aluminium um byggingu

30 þús. tonna verksmiðju hér á landi, er keypti raforku frá Búrfellsvirkjun samkv. löngum orkusölusamningi. Svissneska fyrirtækið hafði frá upphafi lagt áherzlu á það, að það fengi raforku fyrir 8,6 aura eða 2 mill kWst., ef verksmiðja af þessari stærð ætti að teljast hagkvæm hér á landi. Af nefndarinnar hálfu var hins vegar talið, að raforkuverðið þyrfti að vera hærra, og taldi hún ástæðu til að ætla, að svissneska fyrirtækið fengist til að hækka tilboð sitt upp í 10,75 aura eða 2,5 mill á kWst., ef til alvarlegra samninga kæmi. Það var megintilgangur þeirra viðræðna, sem fram fóru í Zürich í desember, að kanna hvaða samningum yrði unnt að ná í þessum efnum.

Í þessum viðræðum féllst Swiss Aluminium á að raforkuverð hækkaði upp í 10,75 aura (2,5 mill) á kWst., en jafnframt greiddi verksmiðjan fastan skatt á tonn af aluminium, er væri í samræmi við venjulega skattlagningu á Íslandi. Hins vegar lögðu forstöðumenn fyrirtækisins höfuðáherzlu á það, að slík hækkun raforkuverðs væri ekki samrýmanleg hagkvæmum rekstri, nema unnt væri að stækka verksmiðjuna tiltölulega fljótlega upp í 60 þús. tonna ársafköst. Óskaði fyrirtækið eindregið eftir því, að samningsbundinn réttur til slíkrar stækkunar yrði fyrir hendi frá upphafi. Eftir viðræðurnar í Zürich voru þessi nýju viðhorf tekin til athugunar. Var sérstaklega reynt að athuga, hvaða áhrif það hefði á raforkukerfið, ef aluminiumverksmiðjan yrði stækkuð innan fárra ára upp í 60 þús. tonna ársafköst. Lagði Stóriðjunefnd sérstaka skýrslu um þetta mál fyrir ríkisstjórnina 6. febrúar 1965, en hún fylgir hér með sem fylgiskjal II. Niðurstaða hennar var sú, að það væri hagkvæmt að byggja Búrfellsvirkjun í tveimur áföngum í stað fjögurra, sem áður hefðu verið ráðgerðir, og selja frá henni orku til aluminiumverksmiðju, er hefði 60 þús. tonna ársafköst og einnig yrði byggð í tveimur áföngum. Hin örari uppbygging raforkukerfisins eftir þessum leiðum mundi m. a. skapa tækifæri til byggingar annarrar stórvirkjunar fljótlega eftir Búrfellsvirkjun á sterkum efnahagslegum grundvelli.

Um þessi mál var frekar rætt í viðræðum þeim, sem fram fóru í Washington í byrjun marzmánaðar. Var þá m. a. á það bent af hálfu Íslendinga, að erfitt væri fyrir þá að taka á sig þá óvissu, sem samningsbundinn réttur Swiss Aluminium til stækkunar upp í 60 þús. tonn mundi hafa í för með sér. Mundi það þýða miklu örari stækkun Búrfellsvirkjunar en ella, en aðstæður gætu breytzt, þannig að slíkt yrði erfiðleikum bundið. Í sambandi við þetta bentu fulltrúar Alþjóðabankans á, að réttur Swiss Aluminium til handa til þess að stækka verksmiðjuna mundi á engan hátt greiða fyrir lántökum til virkjunarinnar, nema um skuldbindingu væri að ræða. Ef fyrirtækið féllist hins vegar á, að gerður yrði fastur samningur um orkukaup til 60 þús. tonna verksmiðju frá ákveðnum tíma, gæti það greitt verulega fyrir fjáröflun til framkvæmdanna. Kom sú tillaga fram á fundinum, að gerður yrði fastur samningur um 60 þús. tonna verksmiðju, er byggð yrði í áföngum, enda væri þegar í upphafi gengið frá allri lánsfjáröflun til 210 MW Búrfellsvirkjunar. Töldu fulltrúar Alþjóðabankans, að bankinn mundi verða reiðubúinn til þess að auka lánveitingar til virkjunarinnar, svo að þetta yrði kleift. Swiss Aluminium féllst fyrir sitt leyti á þessa tillögu Alþjóðabankans, enda gæti stækkunin upp í 60 þús. tonna ársafköst farið fram í tveimur áföngum, er yrðu 15 þús. tonn hvor.

Umræðum um þetta efni var svo haldið áfram á fundum þeim, sem haldnir voru í Reykjavík 31. marz og 1. apríl s. l. og varð þá samkomulag um það, að gengið yrði út frá byggingu 60 þús. tonna verksmiðju í þremur áföngum. Er nánar gerð grein fyrir niðurstöðu þessara viðræðna hér á eftir. Á öllum þeim þremur fundum, sem nú hefur verið drepið á, var rætt um ýmis önnur atriði, svo sem skattamál, lengd samninga, endurskoðunarákvæði o. s. frv. Hefur þótt heppilegast að draga saman niðurstöður þessara viðræðna allra í eitt yfirlit, þar sem greinilega komi fram öll helztu efnisatriði, sem um hefur verið fjallað í viðræðum milli aðila síðan í desember 1964.

III. Yfirlit um stöðu viðræðna við Swiss Aluminium um byggingu og rekstur aluminiumverksmiðju á Íslandi.

1. Grundvallarskipulag verksmiðjunnar.

Gert er ráð fyrir því, að hér verði komið upp aluminiumbræðslu til vinnslu á hreinmálmi úr aluminiumoxydi og öðrum innfluttum hráefnum. Mun Swiss Aluminium setja hér á stofn dótturfélag til að byggja og reka slíka verksmiðju, er verði skrásett hér á landi samkvæmt íslenzkum hlutafélagalögum. Swiss Aluminium mun sjá um útvegun á öllu því fjármagni, sem þarf til byggingar og reksturs verksmiðjunnar, og mun láta í té tæknilega og viðskiptalega aðstoð, bæði að því er varðar byggingu verksmiðjunnar, framleiðslu hennar, útvegun á hráefnum og sölu á afurðum. Er til þess ætlazt af hálfu Íslendinga, að verksmiðjan verði jafnan rekin með fullum afköstum eftir því sem tæknilegar aðstæður leyfa, nema sérstakir markaðsörðugleikar komi til.

Stofnkostnaður aluminiumbræðslu hér á landi með um 60 þús. tn. afköstum er áætlaður sem næst 60 milljónum bandarískra dollara, eða sem svarar 2.500 milljónum íslenzkra króna. Búast má við því, að fé þetta verði að verulegu leyti lagt fram í formi hlutafjár, eða allt að helmingi. Annars stofnfjár verður að líkindum aflað með markaðslánum í Sviss eða annars staðar og með bundnum lánum frá þeim aðilum, sem selja munu tæki til verksmiðjunnar. Ráðgert er, að Swiss Aluminium leggi fram svo til allt hlutafé verksmiðjufélagsins. Það hefur þó í athugun þann möguleika að fá annað aluminiumfélag til samstarfs um verksmiðjuna sem minnihlutaeiganda í verksmiðjufélaginu, og áskilur Swiss Aluminium sér rétt til að semja við slíkan samstarfsaðila með samþykki íslenzkra yfirvalda. Að öðru leyti er ráðgert, að hlutafé Swiss Aluminium og hvers konar samningsréttindi þess hér á landi verði óframseljanlegt nema með samþykki íslenzkra yfirvalda.

Verksmiðjufélagið yrði stofnað samkvæmt íslenzkum lögum, sem fyrr segir, og yrði jafnframt áskilið, að stjórn þess hafi aðsetur sitt hér á landi. Verður það því innlent félag í hvoru tveggja þessu tilliti. Swiss Aluminium er auk þess reiðubúið að fallast á það fyrir sitt leyti, að stjórn félagsins verði skipuð íslenzkum ríkisborgurum að meirihluta til, en venja er víða um lönd að áskilja slíkt um félög, sem stofnuð eru með erlendu hlutafé. Loks er gert ráð fyrir því, að íslenzka ríkisstjórnin fái beina aðild að stjórn félagsins, hvort sem um hlutafjárframlag verður að ræða af hálfu Íslendinga eða ekki, og eigi til dæmis jafnan sem svarar tveimur fulltrúum af sjö í stjórn félagsins.

Starfsgrundvöllur slíks fyrirtækis hér á landi er háður því, að hægt sé að útvega því næga raforku við samkeppnishæfu verði. Talið er, að verksmiðjan muni þurfa sem næst 15 þús. kWst. af raforku fyrir hvert tonn af málmi, sem þar verður framleitt. Má búast við því, að orkukostnaður verksmiðjunnar verði um 10—15% af heildarframleiðslukostnaði, eða um 30% af því verðmæti, sem bætt er við hin innfluttu hráefni á þessu framleiðslustigi. Þessi orka þarf að vera stöðugt fyrir hendi, þannig að það afl, sem verksmiðjan þarf að hafa til ráðstöfunar, nýtist væntanlega ekki minna en sem svarar 8000 stundum á ári. Gert er ráð fyrir því, að verksmiðjunni yrði látin þessi orka í té frá Búrfellsvirkjun og samtengdum virkjunum samkvæmt sérstökum orkusölusamningi, er yrði uppistaðan í væntanlegum samningum Íslendinga við hinn erlenda aðila. Með samningnum yrði verksmiðjunni tryggð tiltekin hámarksorka til langs tíma og yrði verksmiðjufélaginu jafnframt gert skylt að greiða fyrir ákveðið lágmarksmagn raforku á ári hverju, hvort sem það nýtist í verksmiðjunni eða ekki. Með þessu móti er hægt að tryggja hinni fyrirhuguðu Landsvirkjun fastar tekjur af orkusölu, sem orðið geti undirstaða að fjáröflun til virkjunarframkvæmda hennar.

2. Staðsetning verksmiðjunnar.

Í viðræðum við Swiss Aluminium hefur verið gerð ítarleg athugun á mörgum staðsetningarmöguleikum fyrir verksmiðjuna. Hefur ríkisstjórnin talið það mjög

æskilegt, að hægt yrði að staðsetja verksmiðjuna þar sem hún gæti stuðlað að auknu jafnvægi í byggð landsins. Það hefur hins vegar komið ótvírætt í ljós á síðustu fundum aðilanna, að óhjákvæmilegt verður af fjárhagslegum ástæðum að staðsetja verksmiðjuna við sunnanverðan Faxaflóa, ef hana á að byggja hér á landi á annað borð. Hafa fulltrúar Swiss Aluminium tekið það skýrt fram, að verksmiðjan þyrfti að fá mun hagstæðara raforkuverð, ef staðsetja ætti hana utan þessa svæðis, þar sem stofnkostnaður hennar yrði þá hærri og önnur aðstaða erfiðari. Á hinn bóginn hafa fulltrúar Alþjóðabankans bent á, að Íslendingum yrði nauðsynlegt að fá hærra raforkuverð í þessu tilfelli, þar sem stofnkostnaður raforkukerfisins yrði þá meiri. Á þetta sérstaklega við um verksmiðjustæðið á Gáseyri við Eyjafjörð, sem einkum hefur verið talið koma til greina, en ýmsa aðra staði hefur auk þess orðið að útiloka vegna of mikils tilkostnaðar við hafnargerð.

Af þessum ástæðum er nú gert ráð fyrir því, að verksmiðjan yrði staðsett við Straumsvík fyrir sunnan Hafnarfjörð, sem er mjög ákjósanlegur staður í flestu tilliti. Búizt er við, að þar megi koma upp allgóðri höfn fyrir þau 10—20 þúsund tonna skip, sem annast mundu flutninga að og frá verksmiðjunni, með tiltölulega litlum tilkostnaði. Sérstök vegagerð vegna verksmiðjunnar yrði að sjálfsögðu ónauðsynleg, og nægilegt vatn til starfrækslunnar er að finna í næsta nágrenni staðarins eða jafnvel á verksmiðjulóðinni sjálfri. Aukakostnaður við lagningu háspennulína til verksmiðjunnar verður óverulegur, þar sem notast má við háspennulínuna til Reykjavíkur svo til alla leið. Vegna hins óbyggða og óræktaða umhverfis er við því búizt, að hægt verði að stilla kostnaði af hreinsun á útblásturslofti verksmiðjunnar mjög í hóf. Loks er þess að gæta, að ekki verður teljandi þörf á sérstökum byggingum yfir starfsfólk verksmiðjunnar á þessum stað, þar sem gera má ráð fyrir, að starfsfólkið yrði yfirleitt búsett í Reykjavík, Kópavogi eða Hafnarfirði. Starfslið verksmiðjunnar er ekki svo fjölmennt, að ástæða sé til að ætla, að gera þurfi sérstakar ráðstafanir í byggingarmálum í Reykjavík og nágrenni þess vegna.

Enda þótt ekki hafi tekizt að koma viðræðum um aðra staðsetningu verksmiðjunnar á þessu stigi á raunhæfan grundvöll, hefur það komið skýrt fram af hálfu fulltrúa Swiss Aluminium í viðræðum um möguleika á starfrækslu norðanlands, að félagið mundi vera reiðubúið til að taka þátt í byggingu og rekstri aluminiumverksmiðju á Norðurlandi í helmingafélagi við íslenzka aðila, ef ríkisstjórnin hefði hug á því að koma upp slíku fyrirtæki á síðara stigi, til dæmis á næstu 10—15 árum. Mundi Swiss Aluminium þá jafnframt reiðubúið til að láta slíkri verksmiðju í té viðskiptalega og tæknilega aðstoð með sanngjörnum kjörum.

3. Stærð verksmiðjunnar.

Niðurstaða viðræðnanna hefur orðið sú, svo sem áður greinir, að rétt sé að miða við, að samið verði þegar í upphafi um 60 þúsund tonna verksmiðju, er byggð verði í tveimur eða þremur áföngum. Í fyrsta áfanga verði byggð ein 30 þúsund tonna keraröð, er væntanlega geti tekið til starfa í árslok 1968 eða á árinu 1969. Síðan verði verksmiðjan stækkuð um ½ keraröð, ekki síðar en þremur árum frá því, að fyrsti áfangi tæki til starfa. Þriðji áfanginn mundi svo bætast við þremur árum síðar, í síðasta lagi, og yrði þá fullum afköstum náð. Gert er ráð fyrir því, að styttra geti orðið á milli áfanga, ef um það verður samkomulag milli aðila. Ekki er þó við því búizt, að síðari áfangar verksmiðjunnar geti báðir tekið til starfa fyrr en á 3. eða 4. starfsári í fyrsta lagi.

Samið verður þannig um byggingu verksmiðjunnar í 1. áfanga, að hann verði fullbyggður á þeim tíma, sem 1. áfangi Búrfellsvirkjunar, 105 MW, er tilbúinn til afhendingar á raforku. Á þeim tíma verður verksmiðjufélagið skuldbundið til að greiða fyrir það lágmarksmagn raforku, sem því er skylt að kaupa til þessa áfanga, hvort sem hann er þá tilbúinn til starfrækslu eða ekki. Sami háttur yrði hafður á um síðari áfanga verksmiðjunnar. Verður félagið í hvert sinn skyldað til að greiða fyrir það lágmarksmagn, sem svarar til orkuþarfar þess áfanga, hvort sem á því þarf að halda eða ekki.

Um byggingu verksmiðjunnar í 1. áfanga er þess að gæta, að hún tekur mun styttri tíma en bygging 1. áfanga Búrfellsvirkjunar. Er við því búizt, að ekki þurfi að hefja byggingu verksmiðjunnar fyrr en 1—1½ ári eftir að hafizt er handa um Búrfellsvirkjun. Ástæða verður því til að krefjast þess, að Swiss Aluminium leggi fram geymslufé eða aðra fullnægjandi tryggingu fyrir því, að það muni standa við skuldbindingu sína um byggingu verksmiðjunnar. Fulltrúar Swiss Aluminium hafa talið sig reiðubúna til að fallast á slíkt skilyrði og hafa einkum rætt þann möguleika, að félagið leggi fram tryggingu sína í formi bankaábyrgðar.

4. Orkukaup og orkuverð.

Það er grundvallaratriði í skipulagi verksmiðjunnar, sem fyrr segir, að fyrirtækið geri samninga um föst kaup á raforku til langs tíma og skuldbindi sig með þeim til að greiða fyrir tiltekið lágmarksmagn raforku á ári hverju, hvort sem það nýtist í verksmiðjunni eða ekki. Er við því búizt, að fyrirtækið verði þannig skyldað til að greiða fyrir a. m. k. 450 millj. kWst. á ári vegna 1. áfanga og 900 millj. kWst. á ári eftir að verksmiðjan er fullbyggð. Leyfileg hámarksnotkun verksmiðjunnar verði þá á sama hátt 530 og 1060 kWst.

Það yrði áskilið af hálfu Íslendinga, að Swiss Aluminium ábyrgist greiðslu skuldbindinga verksmiðjufélagsins vegna orkukaupa og þá lágmarksgreiðslu þess með sjálfskuldarábyrgð, þannig að hægt verði að ganga að því jafnharðan, ef dótturfélagið skyldi bregðast. Frá hinni skilorðslausu lágmarksgreiðslu yrði því aðeins gerð undantekning, að afhending eða nýting á raforku yrði fyrir truflun af óviðráðanlegum ástæðum. Það er að sjálfsögðu mikilvægt samningsatriði, bæði fyrir aðilana og lánveitendur þeirra, hvað telja beri óviðráðanlegar ástæður í þessu sambandi og hver skuli vera áhrif þeirra. Eru umræður um þau efni enn á byrjunarstigi.

Gert er ráð fyrir því, að grunnverð á raforku til verksmiðjunnar verði 2,5 mill eða 10,75 aurar á kWst. Má ætla, að þau kjör muni reynast viðunandi fyrir Íslendinga og geti tryggt Búrfellsvirkjun traustan starfsgrundvöll. Raforkuverðið verður tiltekið í bandarískri mynt og að því leyti gengistryggt. Mun það haldast óbreytt fyrstu 15 árin, en breytist þá í samræmi við áorðnar breytingar á reksturskostnaði Búrfellsvirkjunar og síðan reglulega á sama hátt á 5 ára fresti. Verður orkuverðið þá endurskoðað með tilliti til breytilegra kostnaðarþátta við orkuvinnsluna og því breytt til hækkunar, ef framleiðslukostnaður á hverja raforkueiningu frá Búrfellsvirkjun hefur hækkað, en um lækkun á orkuverðinu niður fyrir grunnverð verður ekki að ræða. Verði samningar aðilanna framlengdir fram yfir 25 ár, verður grunnverðið endurskoðað samkvæmt nánar tilteknum reglum, eins og síðar verður að vikið.

Af hálfu Alþjóðabankans hefur verið lögð áherzla á nauðsyn þess, að raforkuverðið verði hærra en 2,5 mill á kWst. á fyrstu starfsárum virkjunarinnar meðan vinnslugeta hennar er ekki fullnýtt. Eru fulltrúar Swiss Aluminium reiðubúnir til að fallast á það fyrir sitt leyti, að slík tilhögun verði viðhöfð, enda verði þá í sköttum verksmiðjunnar fullt tillit tekið til þeirrar hækkunar á reksturskostnaði, sem þessi hækkun á raforkuverðinu hefði í för með sér. Hefur að undanförnu verið miðað við það, að orkuverð yrði 3 mill á kWst. fyrstu 5—10 árin. Þó er nú talið æskilegt af hálfu beggja aðila, að þessi hækkun raforkuverðsins vari ekki lengur en til þess tíma, er verksmiðjan nær fullri stærð.

5. Skattamál.

Það hefur frá upphafi verið eitt meginviðfangsefni viðræðnanna að kanna, hvort hægt væri að finna skattlagningu verksmiðjufélagsins hér á landi sérstakt form, sem báðir aðilar gætu sætt sig við. Hefur því einkum verið kannað, hvort unnt væri að semja um fastan skatt, sem miðaður væri við almenna skattabyrði á Íslandi samkvæmt gildandi lögum og umreiknaður sem ákveðið gjald af tiltekinni framleiðslueiningu í verksmiðjunni. Var hægt að gera sér nánari grein

fyrir möguleikum í þessa átt, eftir að Swiss Aluminium hafði lagt fram nákvæmar skýrslur um arðsemi verksmiðju sinnar sumarið 1964. Hefur niðurstaðan orðið sú, að æskilegt væri að freista þess að fara þessa leið.

Í samræmi við þetta er nú gert ráð fyrir því, að í stað almennrar skattlagningar á Íslandi verði verksmiðjufélaginu gert að greiða einn skatt eða framleiðslugjald miðað við hvert tonn af útskipuðum málmi, er yrði tiltekinn með ákveðinni upphæð í bandarískri mynt og að því leyti gengistryggður. Skattur þessi verði 20 dollarar á tonn fyrstu 15 ár hvers áfanga verksmiðjunnar, en eftir það 35 dollarar á tonn, eða nánar tiltekið sem hér segir:

1) Frá upphafi starfrækslu og þar til 15 árum eftir að 1. áfangi verksmiðjunnar á að taka til starfa ..... $ 20.00
2) Eftir það og þar til 15 árum eftir að 2. áfangi verksmiðjunnar á að taka til starfa ..... $ 27.50
3) Eftir það og þar til 15 árum eftir að 3. áfangi á að taka til starfa ..... $ 31.25
4) Eftir þann tíma ..... $ 35.00

Skatturinn verður væntanlega nokkru lægri fyrstu árin meðan verksmiðjan er enn ófullbyggð og raforkuverð hærra en 2.5 mill af þeim sökum.

Grunnskattur þessi er miðaður annars vegar við almenna skattabyrði fyrirtækja á Íslandi og hins vegar við áætlaðar tekjur verksmiðjunnar miðað við núgildandi heimsmarkaðsverð á aluminiummálmi, en það er 24,5 bandarísk cent á enskt pund. Verður hann háður breytingum til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á heimsmarkaðsverðinu. Helzt hann óbreyttur meðan verðið helzt milli 22—27 centa á pund. Fyrir hvert cent á pund, sem heimsmarkaðsverðið hækkar eða lækkar út fyrir þessi mörk, skal skatturinn breytast um 7 dollara til hækkunar eða lækkunar, eða sem svarar ⅓ úr centi. Við hækkun um brot úr centi hækkar skatturinn um samsvarandi brot af þessari upphæð.

Skattbreytingar þessar verða sjálfkrafa án tillits til þess, hvort breyting verður jafnhliða á framleiðslukostnaði verksmiðjunnar. Breytingarnar geta því valdið stórkostlegri og jafnframt óeðlilegri hækkun á skattbyrði verksmiðjunnar og hefur Swiss Aluminium eindregið óskað eftir samningsfyrirvara, er tryggt geti aðstöðu hennar að þessu leyti með sanngjörnum hætti. Er talið eðlilegt að heimila fyrirtækinu að óska eftir leiðréttingu, ef skattar þess færu fram úr 50 af hundraði af ágóða, þannig að skattbyrði þess yrði ekki þyngri á neinu ári en sem þessu nemur. Skuli félagið eiga þess kost að bera fyrir sig þetta hámark með því að leggja fram rekstrargögn, er gerð séu á hlutlægum grundvelli viðskipta milli óskyldra aðila og fullnægi að öðru leyti kröfum íslenzku ríkisstjórnarinnar.

Jafnframt hefur Swiss Aluminium fallizt á þann fyrirvara, að skattur fyrirtækisins yrði aldrei lægri en sem nemur 100 þúsund dollurum á ári af 1. áfanga verksmiðjunnar og 200 þúsund dollurum af verksmiðjunni fullbyggðri, og yrði þessi lágmarksskattur greiddur án tillits til þess, hvort ágóði eða tap væri af rekstri verksmiðjunnar.

Ætla verður, að ofangreint skattfyrirkomulag geti orðið til að leysa margháttuð vandamál í sambúð fyrirtækisins við íslenzka aðila og þá ekki síður í eftirliti þeirra með afkomu þess, þar sem verksmiðjan verður liður í langri framleiðsluketju undir handleiðslu Swiss Aluminium. Jafnframt benda líkur til þess, að fyrirkomulagið standist mjög vel samanburð við íslenzka skatta samkvæmt núgildandi lögum, að því er varðar arðsemi þess fyrir þjóðarbúið. Kemur þar ekki sízt til greina, að hér verður um að ræða fastar greiðslur allt frá fyrstu tíð. Á hinn bóginn hefur þótt eðlilegt, að fyrirtækinu verði gefinn kostur á að hverfa frá þessu fyrirkomulagi og segja sig undir íslenzk skattalög, enda verði framtöl þess þá í meginatriðum byggð á hlutlægum grundvelli viðskipta milli óskyldra aðila. Hefur verið rætt um, að fyrirtækinu skyldi heimilað að velja þennan kost í eitt skipti fyrir öll, eftir að afskriftir þess væru vel á veg komnar, eða að loknu 10. starfsári í fyrsta lagi. Jafnframt var sá fyrirvari gerður, að skattbyrði félagsins

samkvæmt íslenzkum lögum yrði þá aldrei hærri en 50 af hundraði og aldrei lægri en 33,3 af hundraði af ágóða þess.

Búizt er við því, að áðurnefndur grunnskattur verði innheimtur með svipuðum hætti og nú er um útflutningsgjöld. Þar sem skatturinn er miðaður við hvert tonn af útskipuðum málmi verður væntanlega gerður fyrirvari til að tryggja það, að óeðlileg birgðasöfnun hjá fyrirtækinu geti ekki átt sér stað, án þess að skattur verði greiddur af málminum miðað við heimsmarkaðsverð á hverjum tíma.

6. Aðflutningsgjöld og aðrar greiðslur.

Á fundum aðilanna að undanförnu hefur verið samkomulag um nauðsyn þess, að verksmiðjan yrði undanþegin aðflutningsgjöldum af byggingarvörum, hráefnum og öðrum rekstrarvörum til framleiðslunnar, eins og yfirleitt tíðkast í öðrum löndum. Hefur verið rætt um það sem heppilega lausn þessa máls, að stofnuð yrði með lögum iðnaðarfríhöfn hér á landi, er tæki til starfsemi verksmiðjunnar. Á síðustu fundum aðilanna hefur þó fremur verið um það rætt, að veitt yrði bein undanþága frá aðflutningsgjöldum vegna starfsemi verksmiðjunnar, og hefði hún þá sérstaka tollvörugeymslu fyrir undanþáguvörur. Í hvoru tilfellinu sem er, er gert ráð fyrir því, að félagið greiði eðlilegan kostnað af tolleftirliti og tollmeðferð.

Undanþága þessi er ekki sízt mikilvæg frá sjónarmiði Swiss Aluminium að því er varðar vörur til byggingar verksmiðjunnar. Að því er varðar hráefni og rekstursvörur er fyrst og fremst um að ræða útfærslu á núgildandi heimild tollskrárlaga til niðurfellingar á gjöldum af innfluttum efnivörum og umbúðum til útflutningsframleiðslu.

Gert er ráð fyrir því, sem fyrr segir, að hinn fasti skattur á framleiðslu komi í stað allrar almennrar skattlagningar á verksmiðjufélagið. Að sjálfsögðu mun þó undanþágan ekki ná til allra opinberra gjalda. Það hefur ekki verið kannað til fulls í viðræðum aðilanna, hvaða gjöld verði eftir sem áður lögð á verksmiðjuna. Þó er þegar gert ráð fyrir því, að undanþágan muni ekki ná til eftirfarandi gjalda:

1) Félagslegra gjalda, svo sem til almannatrygginga, atvinnuleysistryggingasjóðs, byggingasjóðs ríkisins eða annarra gjalda, sem eru í eðli sínu hlunnindi til starfsfólks og greidd eru af öðrum íslenzkum atvinnurekendum.
2) Gjalda, sem í eðli sínu eru greiðsla fyrir þjónustu við verksmiðjufélagið.
3) Skráningar- og stimpilgjalda, sem almennt eru álögð. Um stimpilgjöld af hlutabréfum verksmiðjufélagsins er þess vænzt af hálfu Swiss Aluminium, að þeim verði stillt í hóf.

Gert er ráð fyrir samningsákvæðum, er tryggi Swiss Aluminium gegn tvísköttun hér á landi.

7. Samningstími.

Ágreiningur aðilanna um lengd samningstímans hefur verið eitt erfiðasta viðfangsefni viðræðnanna að undanförnu. Hafa íslenzku fulltrúarnir jafnan lagt áherzlu á það, að óeðlilegt væri að gera bindandi samninga til mjög langs tíma, einkum þar sem búast mætti við að unnt yrði að greiða upp stofnlán Búrfellsvirkjunar á 25 árum. Swiss Aluminium hefur hins vegar lagt á það æ ríkari áherzlu, að samningstími yrði sem lengstur.

Samstaða hefur nú náðst um að gengið yrði út frá því, að samningar aðilanna verði gerðir til 25 ára frá þeim tíma, er 1. áfangi verksmiðjunnar á að taka til starfa. Jafnframt skuli hvor aðili um sig hafa rétt til að krefjast framlengingar á samningunum um 10 ára skeið og að því loknu um önnur 10 ár, enda fari fram endurskoðun á raforkuverði og skattamálum verksmiðjunnar í hvort sinn, ef krafizt er.

Það hefur komið skýrt fram af hálfu Swiss Aluminium, að æskilegt væri að tryggja áframhaldandi rekstur eða uppgjör verksmiðjunnar á einhvern hátt, eftir

að samningar féllu niður. Jafnframt er ljóst, að þeir mundu reiðubúnir til að afhenda Íslendingum endurgjaldslaust tiltekna eignarhlutdeild í verksmiðjunni, ef gerðir yrðu bindandi samningar til lengri tíma. Af hálfu íslenzku fulltrúanna hefur verið talið eðlilegra að láta með öllu ósamið um slík atriði, og leggja fremur áherzlu á að fá sanngjarnan samningstíma.

8. Endurskoðun skatta og raforkuverðs.

Áskilið er, að aðilar skuli hafa rétt til að krefjast endurskoðunar á sköttum fyrirtækisins og raforkuverði í hvort sinn, ef samningar verði framlengdir fram yfir hið umsamda 25 ára tímabil.

Við endurskoðun skatta er gert ráð fyrir því, að grunnskattur á tonn af málmi frá verksmiðjunni verði endurmetinn á grundvelli þeirrar almennu skattabyrði, sem þá er við lýði á Íslandi, enda sé hún ekki hærri en 50 af hundraði, og skýrslna um rekstrarafkomu fyrirtækisins á þeim tíma og næstu ár á eftir, er byggðar séu á fullnægjandi heimildum.

Umræður um endurskoðun raforkuverðs hafa einkum leitt til þeirrar niðurstöðu, að grunnverði til verksmiðjunnar verði breytt til samræmis við breytingar á orkuverði á nálægum mörkuðum, auk þess sem heppilegt sé eftir atvikum að hafa hliðsjón af verðhreyfingum á aluminiummálmi. Í því sambandi hafa fulltrúar Swiss Aluminium lagt megináherzlu á nauðsyn þess, að tryggja samkeppnisaðstöðu fyrirtækisins gagnvart Bandaríkjamönnum annars vegar og evrópskum framleiðendum, og þá einkum Norðmönnum, hins vegar. Telja þeir sig geta fallizt á, að grunnverðinu yrði breytt til samræmis við þann, sem lægri verði af neðangreindum valkostum, þó þannig, að orkuverð til verksmiðjunnar verði aldrei lægra en 2.5 mill að viðbættum áorðnum hækkunum vegna breytilegra kostnaðarþátta:

1) 2.5 mill á kWst. að viðbættri hlutfallslegri hækkun heildsöluverðs á raforku í Noregi eða frá Tennessee Valley Authority, sem verið hefur stærsti orkuframleiðandi í Bandaríkjunum um alllangt skeið.
2) 1.2% af heimsmarkaðsverði á aluminium, en það jafngildir í dag tæplega 3 millum.

9. Ýmis aðstaða verksmiðjunnar.

A. Lóð og höfn.

Swiss Aluminium hefur frá upphafi talið æskilegt, að verksmiðjufélagið fengi keypta lóð undir starfsemi sína, en í viðræðum aðilanna að undanförnu hefur þó verið miðað við það, að verksmiðjan yrði byggð á leigulóð. Er nú gert ráð fyrir því, að íslenzka ríkið fái sjálft eignarhald á landi og hafnarsvæði í Straumsvík og láti fyrirtækinu í té nauðsynlega lóð undir verksmiðjubyggingar. Fyrirtækið muni síðan sjálft koma upp nauðsynlegum tilfæringum á lóðinni að því er varðar vatn, holræsi, götur og rafmagn. Hafnarmannvirki á staðnum muni ríkið byggja og sjá um rekstur þeirra, en fá tekjur til að standa undir kostnaðinum með hafnargjöldum, er lögð verði á flutninga að og frá verksmiðjunni. Auk þess má búast við, að höfnin geti orðið gagnleg uppskipunarhöfn fyrir meiriháttar flutninga til Reykjaness.

Að því er sérstaklega varðar vatn til starfsemi verksmiðjunnar er gert ráð fyrir því, að hún fái leyfi til þess að bora eftir vatni á verksmiðjusvæðinu eða í nágrenni þess, enda sjái hún þá höfninni fyrir vatni án endurgjalds.

B. Varúðarráðstafanir.

Aluminiumbræðslur gefa frá sér fluorgös, sem kunnugt er, og geta þau haft skaðleg áhrif á vissar gróðurtegundir í næsta nágrenni verksmiðjunnar, einkum þar sem skýlt er fyrir vindum og loft kyrrt. Að áliti sérfræðinga er hverfandi hætta á því, að skaðleg áhrif geti stafað af aluminiumbræðslu, sem staðsett yrði í hrauninu sunnan Hafnarfjarðar. Er því ekki gert ráð fyrir því, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til hreinsunar á útblásturslofti verksmiðjunnar í byrjun. Hins vegar verð-

ur áskilið, að verksmiðjufélagið beri alla áhættu af tjóni af útblásturslofti eða öðrum úrgangi frá verksmiðjunni í Straumsvík. Verði tjón af þessum sökum, mundi það vera fullkomlega skaðabótaskylt og auk þess skuldbundið til að grípa til nauðsynlegra varúðarráðstafana, ef hætta yrði talin á frekara tjóni.

C. Íslenzkt vinnuafl og þjónusta.

Swiss Aluminium er reiðubúið til þess að takast á hendur skuldbindingar þess efnis, að nota skuli íslenzkt vinnuafl við byggingu og rekstur verksmiðjunnar eftir því sem framboð og kunnátta leyfir. Jafnframt verði verksmiðjufélagið skuldbundið til að þjálfa Íslendinga til slíkra starfa svo fljótt sem auðið er.

Swiss Aluminium er einnig reiðubúið til þess að skuldbinda verksmiðjufélagið til að nota íslenzkar vörur og þjónustu, þar á meðal íslenzk skip, tryggingarfélög og verktaka, bæði við byggingu og rekstur verksmiðjunnar, ef vörur þessar og þjónusta eru fáanlegar á samkeppnishæfu verði.

D. Gjaldeyrismál.

Til þess að einfalda gjaldeyriseftirlit og meðferð gjaldeyris á vegum verksmiðjunnar er gert ráð fyrir því, að verksmiðjufélagið þurfi ekki að yfirfæra til Íslands aðrar greiðslur fyrir málm en þær, sem samsvara rekstrarútgjöldum félagsins og sköttum á Íslandi á hverjum tíma. Er þá jafnframt áskilið, að félagið ráði jafnan yfir nægu handbæru fé á Íslandi til þess að geta staðið við rekstrarskuldbindingar sínar.

Þess ber að geta, að greiðslur félagsins fyrir raforku hafa hér nokkra sérstöðu. Er búizt við því, að þær fari fram í erlendri mynt og verði lagðar á sérstakan bankareikning, sem notaður verði til að ráðstafa afborgunum á erlendum lánum til Búrfellsvirkjunar, meðan þær standa yfir. Hér kemur einnig til sjálfskuldarábyrgð Swiss Aluminium á lágmarksorkugreiðslum félagsins.

Loks er þess að gæta, að Swiss Aluminium er reiðubúið til að taka á sig einfalda ábyrgð á öllum greiðsluskuldbindingum verksmiðjufélagsins gagnvart íslenzkum yfirvöldum og hinni fyrirhuguðu Landsvirkjun. Ætla má, að í þessu felist fullkomin trygging fyrir greindu fyrirkomulagi á gjaldeyrismálum verksmiðjufélagsins.

E. Skuldbinding um samfelldan rekstur.

Swiss Aluminium telur sig reiðubúið til að fallast á tilmæli Íslendinga um það, að verksmiðja félagsins verði jafnan rekin með fullum afköstum, eftir því sem tæknilegar ástæður leyfa, nema sérstakir markaðsörðugleikar komi til. Er við því búizt, að hægt verði að fá nægilega trygga viðmiðun í þessu efni með samanburði við aðrar aluminiumbræðslur á vegum Swiss Aluminium, og þá fremur einstakar verksmiðjur en verksmiðjur samsteypunnar almennt. Ekki hefur verið kannað til fulls á þessu stigi, hvaða viðurlögum verði hægt að beita, ef brigð verða á þessari skuldbindingu, en að sjálfsögðu er nokkurt aðhald fólgið í lágmarksskatti þeim, sem fulltrúar Swiss Aluminium hafa þegar talið sig geta fallizt á. Einföldustu viðurlögin virðast hér hins vegar vera þau, að skattleggja verksmiðjuna með framleiðslugjaldi eins og hún hefði verið rekin með fullum afköstum þann tíma, sem út af skyldunni væri brugðið.

10. Ábyrgðir af hálfu Swiss Aluminium.

Á það hefur verið minnzt hér að framan, að Swiss Aluminium muni taka á sig tilteknar ábyrgðir vegna starfsemi dótturfélags síns hér á landi. Er þetta að sjálfsögðu mjög mikilvægt, bæði frá sjónarmiði Íslendinga sjálfra og lánveitenda til virkjunarinnar. Hefur félagið talið sig geta fallizt á eftirfarandi ábyrgðir:

1) Sjálfskuldarábyrgð á lágmarksgreiðslum þeim fyrir raforku, sem verksmiðjufélagið verði skuldbundið til að inna af hendi samkvæmt orkusölusamningi.
2) Einfalda ábyrgð á öðrum greiðsluskuldbindingum félagsins gagnvart íslenzka ríkinu og hinni fyrirhuguðu Landsvirkjun. Er hér fyrst og fremst um að ræða skattgreiðslur og orkukaup umfram það lágmark, sem fyrr var getið.
3) Sérstaka tryggingu fyrir því, að 1. áfangi verksmiðjunnar verði byggður á tilsettum tíma, og verði það bein peningatrygging eða bankaábyrgð.

11. Önnur starfræksla.

Gert er ráð fyrir því, að starfsvið verksmiðjunnar verði bundið við aluminiumbræðsluna eina. Það er á hinn bóginn ljóst af viðræðum við fulltrúa Swiss Aluminium, að félagið hefur fullan vilja til að athuga gaumgæfilega þá möguleika, sem hér eru fyrir hendi til úrvinnslu á aluminiummálmi, og að aðstoða íslenzka aðila við að koma á fót slíkum atvinnurekstri á eigin spýtur. Hefur Swiss Aluminium þegar gert ráðstafanir til að koma á samvinnu við íslenzka iðnrekendur og aðra aðila um athugun á þessu máli. Hér er að sjálfsögðu um að ræða hið mikilvægasta málefni, og er við því búizt, að í samningum aðilanna verði gengið frá yfirlýsingu um slíka nýtingu þess óbeina hagnaðar, sem orðið getur af starfrækslu aluminiumbræðslunnar hér á landi.

12. Væntanlegt samningsform.

Fyrirhugað er, að um aðstöðu verksmiðjunnar almennt og réttindi Swiss Aluminium hér á landi verði gerður sérstakur samningur milli ríkisstjórnarinnar, Swiss Aluminium og verksmiðjufélagsins og verði þar fjallað um framangreind atriði og annað, sem byggingu verksmiðjunnar og starfrækslu varðar. Búast má við því, að nauðsynlegt verði jafnframt að gera undirsamninga um einstök atriði, svo sem hafnaraðstöðu verksmiðjunnar og lóð, milli ríkisstjórnarinnar og verksmiðjufélagsins, auk hins mikilvæga orkusölusamnings, sem gerður yrði milli verksmiðjufélagsins og hinnar fyrirhuguðu Landsvirkjunar. Sérsamningar verða væntanlega einnig gerðir við Swiss Aluminium um framangreindar ábyrgðir á skuldbindingum hins innlenda dótturfélags. Til þess er ætlazt af hálfu beggja aðila, að allir þessir samningar verði lagðir fyrir Alþingi og háðir samþykki þess. Jafnframt verði leitað eftir nauðsynlegri löggjöf um þau atriði, sem ekki verður skipað með samningum án lagabreytinga, svo sem skattamál verksmiðjunnar. Hljóti samningarnir staðfestingu, verði þeir undirritaðir samtímis öðrum samningum, sem málið varða, svo sem lánssamningum og ábyrgðarsamningum við Alþjóðabankann og aðra lánveitendur til virkjunarinnar, ef um er að ræða. Réttindi þau, sem Swiss Aluminium eða verksmiðjufélagið kunna að öðlast með slíkum samningum, verða ekki framseljanleg án samþykkis íslenzkra yfirvalda, sem fyrr greinir.

IV. Þjóðhagsleg áhrif af byggingu 60 þús. tonna aluminiumverksmiðju.

Í skýrslu Stóriðjunefndar frá 14. nóvember 1964 er gerð grein fyrir þjóðhagslegum áhrifum 30 þús. tonna aluminiumverksmiðju. Þar sem öll meginatriði, önnur en upphæðir, eru þau sömu, þótt verksmiðjan stækki upp í 60 þús. tonn, er rétt að vísa hér til þess, sem þar segir um þetta mál. Jafnframt er nauðsynlegt að gera í meginatriðum grein fyrir þeim breytingum, sem stækkunin hefur í för með sér.

Ef fyrst er litið á raforkumálin, hefur stækkun aluminiumverksmiðju úr 30 þús. í 60 þús. tonn í för með sér miklu örari nýtingu Búrfellsvirkjunar. Verður þetta til þess, að virkjunin verður væntanlega byggð í tveimur meginátöngum. Gert er ráð fyrir því, að fyrsta vélasamstæða fyrri áfangans taki til starfa seint á árinu 1968, en þeim áfanga verði fulllokið um mitt árið 1969, en um líkt leyti

mundi 30 þús. tonna aluminiumverksmiðja hefja fulla starfsemi. Síðari áfangi Búrfellsvirkjunar yrði svo aðallega byggður á árunum 1971 og 1972, en það ár mundi næsti áfangi aluminiumverksmiðju líklega taka til starfa.

Með þessari öru uppbyggingu aluminiumverksmiðjunnar mundu tekjur af henni geta staðið undir miklu stærri hluta stofnkostnaðar Búrfellsvirkjunar en ella hefði orðið. Samkvæmt þeim áætlunum, sem nú liggja fyrir, er gert ráð fyrir því, að beinar tekjur af raforkusölusamningnum muni geta staðið undir vöxtum og afborgunum af öllum erlendum lánum, sem taka þarf til Búrfellsvirkjunar. Mun þetta að sjálfsögðu greiða mjög fyrir lánsfjáröflun til virkjunarinnar, en hefur auk þess þá meginþýðingu, að hin erlendu lán verða fyrst og fremst tekin út á lánstraust hins erlenda fyrirtækis, þar sem það ábyrgist greiðslu á orkunni, hvort sem aluminiumverksmiðjan þarf á henni að halda eða ekki. Um áhrif orkusölu til 60 þús. tonna aluminiumverksmiðju á raforkukerfið vísast að öðru leyti til upplýsinga, sem fylgja frumvarpi til laga um Landsvirkjun.

Þegar á heildina er litið, er enginn vafi á því, að stækkun aluminiumverksmiðju úr 30 þús. í 60 þús. tonn mun stórauka þjóðhagslegan ávinning fyrirtækisins. Fyrstu tekjurnar munu Íslendingar fá af byggingu verksmiðjunnar, en áætlað hefur verið, að þessar tekjur muni fyrir 60 þús. tonna verksmiðju fullbyggða nema allt að 600 millj. kr., en það er mjög svipuð upphæð stofnkostnaði þess hluta Búrfellsvirkjunar, sem notaður mundi verða í þágu aluminiumverksmiðjunnar.

Hreinar árlegar gjaldeyristekjur af rekstri 60 þús. tonna verksmiðju eru áætlaðar 300—350 millj. kr. á ári, en sú upphæð mundi skiptast í aðalatriðum sem hér segir: Greiðslur fyrir raforku munu nema um 103 millj. kr. á ári, skattgreiðslur rúmum 50 millj. og launagreiðslur og greiðslur fyrir ýmiss konar þjónustu hér innanlands 150—200 millj. kr. Alls munu þessar tekjur nema yfir 650 þús. kr. á ári á hvern vinnandi mann hjá verksmiðjunni, en áætlað er, að 60 þús. tonna verksmiðja muni hafa um 450 manns í þjónustu sinni.

Á það er bent í skýrslu Stóriðjunefndar frá 14. nóvember s. l., að mannaflaþörfin vegna byggingar aluminiumverksmiðjunnar og Búrfellsvirkjunar samtímis sé eitt helzta vandamálið, sem sé samfara framkvæmd þessara áætlana. Vísast hér til þess, sem um þessi efni segir í skýrslu nefndarinnar. Er því þar helzt við að bæta, að þetta vandamál verður á engan hátt erfiðara, þótt aluminiumverksmiðjan stækki upp í 60 þús. tonn. Verður það til þess eins, að byggingarframkvæmdir dreifast yfir lengri tíma, en mesta mannaflaþörfin er í sambandi við fyrsta áfanga virkjunar og verksmiðju og er hin sama, þótt verksmiðjan stækki síðar. Frekari athuganir hafa hins vegar bent til þess, að heppilegra sé, að aluminiumverksmiðjan hefji ekki starfsemi, fyrr en komið sé nokkuð fram á árið 1969, en það gæti orðið til þess, að mannaflaþörfin dreifist nokkuð jafnara á ár en ella, en það er mjög mikilvægt atriði. Verða gerðar á næstu árum nýjar áætlanir um mannaflaþörf þessara framkvæmda og hugsanleg áhrif á vinnumarkaðinn, og ætti þá að koma skýrar í ljós, hvaða ráðstafanir séu líklegastar til þess að koma í veg fyrir, að vinnuafl dragist frá framleiðsluatvinnuvegum þjóðarinnar.

Þótt vinnuaflsskortur setji nú mjög svip sinn á allan atvinnurekstur í landinu, er engan veginn víst, að þau viðhorf verði óbreytt eftir tvö til þrjú ár. Koma þar bæði til ófyrirsjáanlegar sveiflur í framleiðslu og útflutningi en jafnframt aukið framboð vinnuafls vegna fólksfjölgunar. Ef litið er til lengri tíma, er full ástæða til að ætla, að rekstur aluminiumverksmiðju muni gefa mikilvæga og arðbæra atvinnu fyrir vaxandi fólksfjölda. Skiptir þar ekki minnstu máli, að aluminiumbræðsla hefur yfirleitt reynzt mjög stöðugur atvinnurekstur, og ekki háður þeim sveiflum vegna utanaðkomandi orsaka, sem einkennir mikinn hluta íslenzks atvinnulífs. Mundi slíkur atvinnurekstur því hafa mikilvæg áhrif til aukins stöðugleika í atvinnulífi Íslendinga.

Niðurstöður.

Ríkisstjórnin telur árangur þeirra viðræðna og athugana, sem lýst er hér að framan og í fylgiskjölum þessarar skýrslu, eindregið benda til þess, að bygging aluminiumbræðslu, er fengi raforku frá stórvirkjun í Þjórsá við Búrfell, geti orðið mikils virði fyrir atvinnulíf þjóðarinnar og orðið til þess að styrkja efnahagsþróun landsins.

Ríkisstjórnin telur því rétt, að halda áfram athugunum og samningaviðræðum um þetta mál með það fyrir augum, að fullreynt verði, hvort samningar geti tekizt við fyrirtækið Swiss Aluminium Ltd. á viðunandi grundvelli. Mun ríkisstjórnin gefa þingmönnum kost á að fylgjast með framvindu málsins, en leiði samningar til árangurs, má vænta þess, að samningur um raforkusölu til hins erlenda fyrirtækis og aðstöðu þess að öðru leyti hér á landi verði lagður fyrir Alþingi seint á þessu ári.

Samtímis áframhaldandi viðræðum við hið svissneska fyrirtæki, svo og Alþjóðabankann og aðrar lánsstofnanir, mun ríkisstjórnin láta vinna að framkvæmdaáætlun fyrir það tímabil, sem virkjunar- og byggingarframkvæmdir verksmiðjunnar munu ná yfir. Markmið slíkrar áætlunar sé að tryggja, að þessar framkvæmdir falli inn í heildarframkvæmdaáætlanir þjóðarinnar með eðlilegum hætti, þannig að þær dragi hvorki vinnuafl né fjármagn frá framleiðsluatvinnuvegunum, sem þeir ættu ella kost á, eða drægju úr uppbyggingu þeirra. Slíka áætlun hyggst ríkisstjórnin leggja fram, áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar í þessu máli.

Með hliðsjón af staðsetningu hugsanlegrar aluminiumbræðslu hér á landi og vegna þess, hve mikilvægt ríkisstjórnin telur, að jafnvægis sé gætt milli byggðarlaga, hefur hún ákveðið að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um framkvæmdasjóð strjálbýlisins, er hafi það hlutverk að tryggja landsmönnum sem jafnasta aðstöðu til alhliða iðnþróunar og uppbyggingar. Verði að því stefnt, að verulegur hluti af skatttekjum aluminiumverksmiðju gangi til slíks framkvæmdasjóðs.

Fylgiskjal I.

STÓRIÐJUNEFND: 14. nóv. 1964.

Skýrsla til ríkisstjórnarinnar um aluminiumverksmiðju og stórvirkjun.

Útdráttur helztu efnisatriða skýrslunnar.

1. Farið hafa fram könnunarviðræður við Swiss Aluminium, er benda eindregið til þess, að nú sé aðstaða til að ná viðunandi samningum um byggingu aluminiumverksmiðju hér á landi, er geti skapað fjárhagslegan grundvöll stórvirkjunar við Búrfell í Þjórsá.
2. Alþjóðabankinn telur þessa leið þjóðhagslega hagkvæma og hefur með vissum skilyrðum um væntanlega samninga við aluminiumfyrirtækið lýst sig reiðubúinn til að lána verulegan hluta þeirra 20 millj. dollara, sem afla þyrfti erlendis til Búrfellsvirkjunar, er seldi orku til aluminiumverksmiðju, staðsettrar á Suð-Vesturlandi.
3. Rannsóknir hafa leitt í ljós, að í raforkumálum mundi sú leið hagkvæmust að virkja Þjórsá við Búrfell í því skyni að fullnægja orkuþörf Suð-Vesturlands og orkuveitusvæðis Laxárvirkjunar, en að selja um leið helming orkunnar í fyrsta áfanga til aluminiumverksmiðju, er staðsett yrði í Straumsvík fyrir sunnan Hafnarfjörð. Eftir að þessi virkjun væri fullnýtt, er gert ráð fyrir stórri virkjun í Laxá.
4. Athugað hefur verið rækilega, hvort staðsetning aluminiumverksmiðju við Eyjafjörð væri framkvæmanleg. Samanburður á virkjun Dettifoss og Búrfells leiddi

í ljós, að við núverandi aðstæður væri Dettifossvirkjun ekki fær leið, en þá var kannað, hver kostnaður væri af því að sjá verksmiðju staðsettri við Eyjafjörð fyrir raforku frá Búrfellsvirkjun. Tölulegur samanburður á því og öðrum leiðum í virkjunarmálum er rakinn hér á eftir. Auk þess mundi stofnkostnaður aluminiumverksmiðju verða 50—100 millj. kr. hærri við Eyjafjörð, en það mundi vafalaust leiða til óska fyrirtækisins um hagstæðara raforkuverð eða önnur fríðindi, ef verksmiðjan væri staðsett þar.

5. Það vandamál að hrinda í framkvæmd stórvirkjun hér á landi og nýta hið ódýra vatnsafl, sem fáanlegt er með því móti, er fyrst og fremst fólgið í hinum mikla stofnkostnaði fyrsta áfanga slíkrar framkvæmdar. Fjórar leiðir hafa verið athugaðar sérstaklega, og er kostnaðarsamanburður fyrsta áfanga þeirra sem hér segir:
   a. 105 MW Búrfellsvirkjun með aluminiumverksmiðju á Suð-Vesturlandi mundi kosta 1050 millj. krónur, en þar af mundi orkusölusamningur við verksmiðjuna standa undir a. m. k. hálfum stofnkostnaði, svo að raunverulegur kostnaður Íslendinga af þessum fyrsta áfanga yrði **525 millj. króna.**
   b. 105 MW Búrfellsvirkjun með aluminiumverksmiðju við Eyjafjörð mundi kosta 1475 millj. króna, en aluminiumverksmiðjan mundi standa undir sömu fjárhæð og áður, svo að kostnaður, sem á Íslendinga félli, yrði **950 millj. króna.**
   c. Fyrsti áfangi Búrfellsvirkjunar (70 MW), er eingöngu yrði ætlaður fyrir innanlandsmarkað, en án aluminiumverksmiðju, mundi kosta **900 millj. kr.**
   d. Smærri orkuver, sem að sjálfsögðu yrðu miklu afkastaminni, mundu fram til ársloka 1968 kosta **375 millj. kr.**

   Þegar fram í sækir, yrði smávirkjanaleiðin miklu dýrari en hinar. Helmingur upphaflegs stofnkostnaðar Búrfellsvirkjunar með aluminiumverksmiðju nyrðra vinnst upp síðar, þar sem þegar í byrjun eru komnar stórar varastöðvar og lína til Norðurlands.
6. Sé litið á rekstrarkostnað þessara kerfa og borinn saman kostnaður þeirra í fimmtán ár, er Búrfell með aluminiumverksmiðju á Suð-Vesturlandi einnig hagkvæmast. Í lok fimmtán ára tímabilsins yrði hagur kerfisins samkvæmt þeirri leið, ef reiknað er með 6% vöxtum, orðinn:

   400 millj. kr. betri en Búrfellsvirkjun án aluminiumbræðslu.

   575 millj. kr. betri en Búrfellsvirkjun ásamt verksmiðju við Eyjafjörð, og er þá mismunandi kostnaður hafnarmannvirkja og fleira tekinn inn í dæmið.

   800 millj. kr. betri en ef farið er í röð smávirkjana og síðar Búrfellsvirkjun.

   Þessar þrjár leiðir munu því hafa í för með sér hærra raforkuverð en Búrfellsvirkjun með aluminiumverksmiðju syðra. Vegna hins mikla stofnkostnaðar í byrjun yrði auk þess mjög erfitt að afla fjár til Búrfellsvirkjunar án slíkrar verksmiðju eða með verksmiðjunni við Eyjafjörð.
7. Rekstur aluminiumverksmiðju mundi skila þjóðarbúinu miklum gjaldeyristekjum. Heildarútflutningur frá verksmiðjunni mundi nema um 620 millj. kr. á ári, en hreinar gjaldeyristekjur eru áætlaðar um 160 millj. kr. á ári að meðaltali fyrstu fimmtán árin, en 190 millj. kr. eftir það. Við verksmiðjuna mundu starfa um 300 menn, svo að hreinar gjaldeyristekjur yrðu yfir hálf millj. kr. á mann.
8. Stofnkostnaður aluminiumverksmiðju er ásamt vöxtum á byggingartíma og varúðarprósentu vegna verðhækkana talinn yfir 1500 millj. kr. Gjaldeyristekjur Íslendinga af byggingu verksmiðjunnar eru áætlaðar rúmar 400 millj. kr. Séu þessar tekjur lagðar við tekjur af rekstrinum fyrstu fimmtán árin mundu hreinar gjaldeyristekjur á því tímabili nema samtals 2840 millj. kr. án vaxta. Við þetta mundu bætast ýmsar duldar gjaldeyristekjur, svo sem vegna flutninga á sjó.
9. Hámarksmannaflaþörf í sambandi við byggingu stórvirkjunar við Búrfell og aluminiumverksmiðju yrði samtals um 890 menn sumarið 1968. Vegna aukins framboðs vinnuafls á næstu árum ætti þessi mannaflaþörf ekki að valda atvinnuvegunum erfiðleikum, enda sé tekið tillit til hennar varðandi ákvarðanir um aðrar opinberar framkvæmdir, sérstaklega á árunum 1966 til 1968.

10. Vegna hinna miklu gjaldeyristekna, sem aluminiumverksmiðjan mundi skila, er talið, að fjáröflun til stórvirkjunar yrði ekki á neinn hátt til að draga úr lántökumöguleikum Íslendinga erlendis til annarra þarfa. Þvert á móti mætti segja, að stofnun aluminiumiðnaðar á Íslandi samfara stórláni Alþjóðabankans til Íslands yrði til að auka traust þjóðarinnar út á við.
11. Mikil samkeppni er um það milli landa, er hafa ódýra vatnsorku, að koma upp aluminiumiðnaði, en auk þess er fyrirsjáanlegt, að aðrir orkugjafar svo sem kjarnorka og jarðgas muni á komandi árum verða mjög samkeppnishæfir við vatnsorku, ekki sízt vegna staðsetningar þeirra nærri höfuðmörkuðum fyrir aluminium. Þessi atriði ásamt upplýsingum, sem fyrir liggja, um áætlanir helztu aluminiumfyrirtækja í heiminum, benda til þess, að lítil líkindi séu til, að Íslendingum bjóðist annað tækifæri í fyrirsjáanlegri framtíð til að koma upp aluminiumiðnaði. Gæti þá svo farið, að hin mikla óbeizlaða orka íslenzkra fallvatna yrði seint undirstaða verulegrar stóriðju.

I. KAFLI

Inngangur.

Hinn 5. maí 1961 skipaði iðnaðarmálaráðherra, dr. Bjarni Benediktsson, eftirtalda menn í Stóriðjunefnd til að kanna möguleika á vinnslu aluminium hér á landi:

Dr. Jóhannes Nordal, bankastjóra, formann, Eirík Briem, rafmagnsveitustjóra, Þórhall Ásgeirsson, ráðuneytisstjóra, Jóhann Hafstein, þáverandi bankastjóra, Pétur Pétursson, forstjóra og Svein Valfells, forstjóra.

Þegar Jóhann Hafstein tók sæti í ríkisstjórninni, kom Magnús Jónsson, bankastjóri, til starfa í nefndinni í hans stað.

Starfsmenn nefndarinnar hafa verið lögfræðingarnir Jón Sigurðsson og Halldór Jónatansson.

Haustið 1960 leitaði svissneska fyrirtækið Aluminium-Industri-Aktien-Gesellschaft (nú Swiss Aluminium Ltd.) eftir upplýsingum um möguleika á aðstöðu til aluminiumvinnslu hér á landi. Nefndinni var sumarið 1961 falið að taka upp viðræður við þetta fyrirtæki varðandi þessa málaleitan og hefur þeim verið haldið áfram sleitulaust síðan. Viðræður þessar hafa verið hreinar könnunarviðræður, er stefnt hafa að því að kanna, með hvaða hætti unnt gæti verið að taka upp raunverulega samninga um byggingu aluminiumverksmiðju hér á landi eða aluminiumbræðslu eins og hún er einnig kölluð. Hefur verið leitazt við að afla upplýsinga um hvað eina, sem máli skiptir um slíkar framkvæmdir hér á landi, bæði tæknileg mál, hagfræðileg og lögfræðileg. Um tíma leit út fyrir, að ameríska fyrirtækið American Metal Climax Inc. hefði áhuga á samvinnu við Swiss Aluminium í þessu máli, en upp úr samvinnu þeirra hefur nú slitnað.

Á starfstíma nefndarinnar hafa aluminiumfyrirtækin Pechiney í Frakklandi, Reynolds International í Bandaríkjunum og Kaiser Aluminium, sömuleiðis í Bandaríkjunum, einnig leitað til nefndarinnar eftir sams konar upplýsingum. Hefur nefndin veitt þeim ýmsar upplýsingar og rætt við fulltrúa þeirra. Einkum áttu sér stað allítarlegar viðræður við fulltrúa Pechiney.

Raforkumálastjórnin hefur haft með höndum athugun á öllum tæknilegum atriðum, er varða raforkuvinnslu, í samvinnu við bandaríska verkfræðifirmað Harza Engineering International, auk ýmissa innlendra aðila.

Skýrsla þessi er yfirlit um störf og niðurstöður Stóriðjunefndar í þessu máli.

Þegar fyrir lágu áætlanir í virkjunarmálunum og viðræður við aluminiumfyrirtækin voru komnar nokkuð áleiðis, voru teknar upp viðræður við Alþjóðabankann um möguleika á lánveitingum bankans til hugsanlegrar virkjunar í þágu aluminiumvinnslu.

Nefndin hefur í störfum sínum reynt að gera sé grein fyrir, hvaða möguleikar aðrir til orkufreks iðnaðar væru fyrir hendi hér á landi. Til að fá sem gleggstar

upplýsingar hér að lútandi, kom nefndin því til leiðar, að fjórir sérfræðingar frá norsku fyrirtækjunum Norsk Hydro og Elektrokemisk A/S komu hingað til lands í desember 1961, nefndinni til ráðuneytis og til að gefa sérstaka álitsgerð um hina ýmsu möguleika til orkufreks iðnaðar, sem til greina kæmu hér á landi.

Í skýrslu hinna norsku sérfræðinga er vikið að möguleikum til áburðarframleiðslu, vinnslu á magnesium, klór og natronlút, kalcium karbít, fosfór, þungu vatni og járnblöndum, auk aluminium. Voru hinir norsku sérfræðingar þeirrar skoðunar, að aluminiumvinnslan væri sú tegund orkufreks iðnaðar, sem helzt kæmi til greina á Íslandi, eins og öllum aðstæðum er háttað. Allar frekari athuganir og viðræður nefndarinnar hafa stutt þessa skoðun. Sú leið virðist að vísu enn vera hugsanleg að halda áfram að auka framleiðslu köfnunarefnisáburðar með raforku, fyrir innanlandsmarkað, enda þótt nú sé talið ólíklegt, að sú leið verði valin. Um meiri háttar áburðarvinnslu, er gæti orðið undirstaða stórra virkjunarframkvæmda, virðist alls ekki geta orðið að ræða.

II. KAFLI

Öflun raforku til stóriðju.

a) Inngangur.

Framleiðsla aluminium er raforkufrekari en flestur annar iðnaður og þarfnast um 15 kwh á kg af málmi þó raforka til framleiðslu rafskauta o. fl. sé ekki meðtalin. Raforkuverðið hefur því ávallt haft mikla þýðingu í þessari iðngrein og hefur enn. Að vísu hefur raforkukostnaður aukizt minna á undanförnum áratugum en aðrir kostnaðarþættir við aluminiumframleiðslu vegna stækkunar orkuvera og aukinnar tækni, en hann er þó enn 10—15% af framleiðslukostnaði og er nú talið ólíklegt, að þessi hundraðshluti lækki niður fyrir þetta mark. Jafnvel getur svo farið, að hann hækki til muna, ef þær tilraunir með nýjar framleiðsluaðferðir, sem nú eru gerðar, gefa jákvæðan árangur.

Sakir hinnar hörðu samkeppni er ágóðahlutinn í málmefnaiðnaði ekki hærri en svo, að raforkuverðið eitt getur riðið baggamuninn og þegar þess er gætt, að raforkan er sá þáttur, sem framleiðendur eiga auðveldast með að ná samningum um til langs tíma, þá er fundin skýring á því, hvers vegna þeir leggja höfuðáherzlu á lágt raforkuverð. Og kröfurnar og framboðið þrýsta verðinu enn lægra niður, ef um staðsetningu aluminiumverksmiðju utan heimalands er að ræða, annars vegar vegna þess, að framleiðandinn telur sig taka á sig áhættu og hins vegar vegna þess, að raforkuframleiðandinn vill nýta orkulindir sínar og laða erlent fjármagn að landi sínu. Gott dæmi um þetta er Noregur, sem lagt hefur mikla áherzlu á að flytja erlent fjármagn inn í landið í sem flestum myndum, enda haft af því langa og góða reynslu, eins og fram kom í fyrirlestri ríkisbankastjóra Noregs, herra Brofors, hér í Reykjavík fyrir nokkru.

Á alþjóðavettvangi er nú yfirleitt einingin „mill" notuð um raforkuverð til aluminiumverksmiðju, en eitt mill er þúsundasti hluti úr bandarískum dollar eða 4.3 aurar miðað við núverandi gengi. Allt fram á síðustu ár bauð Noregur rétt rúm 2 mills eða tæpa 9 aura á kwh til aluminiumframleiðenda, en hefur nú hækkað verðið í ca. 3 mills eða um 13 aura á kwh, enda er Noregur búinn að ná góðri aðstöðu í aluminiumiðnaði. Má segja, að um hærra verð en þetta sé yfirleitt ekki að ræða. Að vísu eru aluminiumverksmiðjur enn reistar í t. d. Mið-Evrópu þar sem raforkuverð er tiltölulega hátt, en þá er ástæðan jafnan sú, að verksmiðjurnar eiga gömul, afskrifuð orkuver, sem framleiða verulegan hluta raforkunnar eða þá að öryggissjónarmið eru látin ráða, nema hvort tveggja sé.

Noregur er að sjálfsögðu ekki eina landið, sem miða þarf við. Þannig hefur verið samið um 2.65 mills á kwh í Ghana og firmanu American Metal Climax, sem getið er á öðrum stað í þessari skýrslu, tókst nýlega ásamt fleirum að ná samningi um rúm 2 mills á kwh á vesturströnd Bandaríkjanna og í Venezuela mun hafa verið

samið ekki alls fyrir löngu um mun lægra verð en 3 mills á kwh, en þeir samningar hafa ekki verið birtir. Svo mætti lengi telja og eins og síðar verður að vikið má búast við enn hættulegri keppinautum, áður en langt um líður. Það er því ljóst, að 3 mills á kwh er hæsta verð, sem til greina getur komið, og allar athuganir nefndarinnar benda til þess, að verðið verði í rauninni að vera lægra, ef takast á að skapa fyrsta vísinn að aluminiumvinnslu hér á landi. Engin reynsla er fengin af erlendri fjárfestingu og erlend fyrirtæki telja sig því taka sérstaka áhættu, ef þau staðsetja sig hér, auk þess sem lega landsins er óhagstæðari en t. d. Vestur- og Suður-Noregs, þar sem fyrirtækjunum standa til boða góð kjör við þekktar aðstæður og fá meðal annars fullvissu fyrir því, að þau skuli aldrei sæta lakari kjörum en norskar aluminiumverksmiðjur.

Nefndinni varð því í upphafi ljóst, að raforkan mundi skipta meginmáli og tók því strax upp náið samstarf við raforkumálastjóra. Skal nú vikið nánar að athugunum í virkjunarmálunum.

b) Virkjunarrannsóknir.

Eins og kunnugt er, hefur raforkumálastjórnin allt frá stríðslokum látið framkvæma miklar og víðtækar rannsóknir á vatnsafli landsins og um það leyti, sem Stóriðjunefnd var skipuð, var þeim rannsóknum það langt komið, að þegar hafði verið unnt að byrja á áætlunum um einstakar virkjanir. Höfðu virkjun Dettifoss og virkjun Vígabergsfoss í Jökulsá á Fjöllum orðið fyrstar fyrir valinu og lágu frumáætlanir um þær fyrir haustið 1959. Á grundvelli þingsályktunar frá 22. marz 1961 var svo ákveðið að gera fullnaðaráætlun um virkjun Dettifoss með stóriðju fyrir augum og jafnframt var áætlunum um virkjanir í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu, í Hvítá, Þjórsá og víðar haldið áfram. Fljótlega kom í ljós, að virkjun við Búrfell væri mjög álitleg og kæmi e. t. v. til greina fyrir almenna notkun eina saman, þótt stór væri. Það var því ákveðið að gera fullnaðaráætlun einnig um þessa virkjun auk ýmissa minni virkjana, en frumáætlanir um stórar virkjanir í Hvítá voru taldar nægja að sinni. Fyrir norðan var ákveðið að gera fullnaðaráætlun um virkjun Laxár við Brúar og sýnir fylgiskjal I, 2 yfirlit yfir allar þessar áætlanir.

Fyrsta skrefið í stóriðjumálunum var að sjálfsögðu að fá traustar áætlanir um stofnkostnað þeirra raforkuvera, sem helzt gátu talizt koma til greina og í ársbyrjun 1963 lágu fyrir fullnaðaráætlanir um 133 MW virkjun við Dettifoss og 180 MW virkjun við Búrfell. Var þá, hvað þá síðarnefndu snertir, um að ræða aðra af tveimur tilhögunum, sem þar voru taldar koma til greina. Á grundvelli þessara áætlana var gerður samanburður á þessum virkjunum (fylgiskjal I, 2) í apríl 1963 og kom í ljós, að orkan frá Dettifossvirkjun afhent við Eyjafjörð yrði um 20% dýrari en orkan frá Búrfellsvirkjun afhent við Faxaflóa. Þetta þurfti út af fyrir sig ekki að þýða, að Dettifossvirkjun hentaði ekki fyrir aluminiumvinnslu. Hitt var verra, að eina fyrirtækið, Swiss Aluminium, sem ræddi aluminiumverksmiðju hér af fullri alvöru, taldi sig ekki vilja ráðast í stærri verksmiðju en sem svaraði tæpum 60 MW (30 þús. tonna) og vildi ekki skuldbinda sig til þess að stækka hana innan ákveðins tíma. Raforkuverði frá Dettifossvirkjun, sem til umræðu getur komið í þessu sambandi, verður hins vegar ekki náð nema virkjunin sé a. m. k. 100 MW og vegna smæðar hins almenna raforkumarkaðar fyrir norðan var hér um að ræða meira vandamál en talið var leysanlegt. Að því er snerti Suðurland mátti hins vegar sjá lausn á málinu vegna stærðar markaðarins þar, auk þess sem þar mundi verða fyrir allmikið af varastöðvum, sem síðar verður vikið að. Það var því ákveðið að gera einnig áætlun um aðra þá tilhögun, sem til greina gat komið við Búrfell, og liggur hún nú fyrir. Í henni er reiknað með stöðvarhúsinu ofanjarðar í stað neðanjarðar áður, og hefur virkjunin jafnframt verið stækkuð úr 180 MW í 210 MW jafnhliða nokkurri miðlun í Þórisvatni (1. miðlunarstig). Þessi virkjun er miklu hagstæðari og er samanburðurinn við Dettifossvirkjun nú þannig, ef miðað er við t. d. eina háspennulínu á báðum stöðum og núverandi verðlag:

	Afl alls MW	Örugg ársorka GWh	Stofnkostnaður Alls Mkr.	Afleining kr./kw	Orkueining au/árskwh
Búrfell, 1. áfangi	105	850	1050	10000	124
— síðari áfangar	105	785	567	5400	72
— fullvirkjað	210	1635	1617	7700	99
Dettifoss, fullvirkjaður	133	1050	1345	10100	128

Með fullvirkjun er þá hér átt við þær virkjanir, sem hægt er að ráðast í án mikilla miðlunarmannvirkja. Eins og sjá má, er orkan frá virkjun Dettifoss um 30% dýrari og álíka dýr og frá fyrsta áfanga Búrfellsvirkjunar, en með honum er búið í haginn fyrir mjög ódýrar stækkanir síðar. Svo gildir hins vegar ekki um 133 MW Dettifossvirkjun.

Af því sem að framan segir er augljóst, að Búrfellsvirkjun er ólíkt viðráðanlegri en Dettifossvirkjun bæði vegna kostnaðar og legu, enda að dómi nefndarinnar eina hugsanlega virkjunin, ef ráðast á í 30 þús. tonna aluminiumverksmiðju nú. Ekki þarf þó þar með að slá því föstu, að verksmiðjan yrði að vera staðsett á Suðurlandi og hefur nefndin látið rannsaka mjög rækilega, hver kostnaðurinn yrði af því að leggja háspennulínu með mikilli flutningsgetu til Eyjafjarðar og staðsetja verksmiðjuna þar. Því miður er niðurstaðan ekki hagstæð, eins og fram kemur á öðrum stöðum í þessari skýrslu, og eru öll líkindi til, að örðugleikarnir við þessa leið verði torleystir.

Þar til hægt er að ráðast í stærri miðlanir og meiri virkjanir í jökulám okkar en nú eru til athugunar, verður að reikna með ístruflunum. Að vísu má ráðast í mannvirki, þó virkjanirnar séu tiltölulega litlar, sem væntanlega mundu útiloka truflanirnar að mestu, en þau mundu örugglega bera virkjanirnar ofurliði, þegar um er að ræða raforkuverð til aluminiumvinnslu. Ráðunautar raforkumálastjórnarinnar við framangreindar virkjanir, verkfræðingafirmað Harza, telja einu raunhæfu lausnina á þessu vandamáli vera þá að koma upp hæfilega stórum gastúrbínustöðvum, sem fyrst í stað yrðu varastöðvar en síðar toppstöðvar eftir því sem ístruflanavandamálið leystist með auknum virkjunum, aukinni fjárhagslegri getu og reynslu. Verð þessara stöðva fer lækkandi og er nú um 3000 kr/kw, og er hér reiknað með að koma upp verulegu afli í slíkum stöðvum eins og fylgiskjal I, 3—5 sýna. Reynslan ein mun geta skorið úr um, í hvorri ánni ístruflanir verða meiri, Jökulsá eða Þjórsá. Við samanburð á Dettifossvirkjun og Búrfellsvirkjun eru aðstæður þó, hvað varaaflið snertir, Búrfellsvirkjun í hag, þar sem á Suðurlandi verða bráðlega upp sett 35 MW í eldsneytisstöðvum, en á Akureyri aðeins 4 MW. Eykur þetta á verðmun virkjananna við samanburð.

Hér skal að lokum bent á, að allar kostnaðartölur í þessari skýrslu og fylgiskjölum hennar eru reiknaðar án aðflutningsgjalda. Athuganir leiddu snemma í ljós, að til að ná samkeppnisfæru verði á raforkunni yrði að fella þessi gjöld niður að mestu, a. m. k. á fyrsta virkjunarstiginu, enda eiga keppinautar okkar ekki við þau að búa, nema þá að mjög litlu leyti. Þótti því heppilegt að reikna dæmið á þennan hátt og bæta heldur aðflutningsgjöldunum við að svo miklu leyti, sem þeim yrði beitt, auk þess sem Alþjóðabankinn taldi sér betur henta þessa reikningsaðferð. Núverandi aðflutningsgjöld hækka kostnað vatnsvirkjananna um sem næst 20%, en gastúrbínustöðva nær 30%. Að aðflutningsgjöldum aluminiumverksmiðjunnar er vikið á öðrum stað, en þau mundu hækka stofnkostnað hennar um sem næst 20%.

c) Áætlanir um Búrfellsvirkjun og samanburður á henni og öðrum virkjunarleiðum.

Að undanförnu hefur verið gerður ítarlegur samanburður á mismunandi virkjunartilhögunum, arðsemi virkjananna og fjárhagsafkomunni, þegar einnig er tekið tillit til þeirra virkjana, sem fyrir eru. Hefur ýmis niðurröðun smærri virkjana

verið borin saman við Búrfellsvirkjun, bæði með og án aluminiumverksmiðju, fyrir norðan eða sunnan. Á fylgiskjali I, 3 er slíkur samanburður sýndur, sem miðast við að fá fram mismuninn á kostnaðinum við raforkuöflunina á árunum 1969—1983 til annarra en aluminiumverksmiðjunnar. Álag hennar 55 MW, eins og það reiknast nú, og tekjur af henni miðað við 2.5 mills á kwh (10.75 au á kwh) eru með öðrum orðum dregnar frá. Þrjár leiðir eru athugaðar eða:

Búrfellsvirkjun með aluminiumverksmiðju fyrir sunnan, sem tekur til starfa í árslok 1968. Lína til Akureyrar í árslok 1973 og Laxárvirkjun, þegar Búrfellsvirkjun er fullnýtt.

Búrfellsvirkjun án aluminiumverksmiðju, sem tekur til starfa í árslok 1968. Lína til Akureyrar í árslok 1971.

Hveragerðisvirkjun og stækkun Ljósafossvirkjunar, þá Kláffossvirkjun, þá Efstadalsvirkjun í Brúará og loks Búrfellsvirkjun, án aluminiumverksmiðju, samfara línu til Akureyrar.

Línan til Akureyrar er valin í samræmi við aðra greinargerð, sem einnig fylgir hjálagt (fylgiskjal I, 4), en samkvæmt henni er ólíkt hagkvæmara fyrir orkuneytendur á Laxárvirkjunarsvæðinu, að í línuna sé ráðizt fyrst og Laxá virkjuð síðar í stórum áföngum. Einnig hefur varaaflið við Búrfellsvirkjun verið aukið mikið frá því sem áður hefur verið reiknað með í öryggisskyni. Niðurstaðan af áðurnefndum samanburði er sú, að Búrfellsvirkjun jafnhliða aluminiumverksmiðju spari í rekstrurskostnaði á umræddum 15 árum alls um 800 millj. kr. samanborið við smávirkjunarleiðina, en Búrfellsvirkjun án verksmiðjunnar um 400 millj. kr., hvort tveggja miðað við 6% vexti.

Það er enn ekki vitað, um hvaða raforkuverð kynni að semjast við aluminiumverksmiðjuna, en hér er miðað við 2.5 mills á kwh eins og áður segir. Raforkusölusamning til t. d. 25 ára með þessu verði má meta á um 525 millj. kr. miðað við 6% vexti, og sé sú upphæð dregin frá byrjunarkostnaði Búrfellsvirkjunar verður sá stofnkostnaður, sem aðrir en aluminiumverksmiðjan þurfa að standa undir, þessi:

Árabil	Búrfell með al.-verksm. Mkr.	Búrfell án al.-verksm. Mkr.	Smávirkj. Mkr.
1965—1968	525	840	375
1969—1972	60	190	450
	585	1030	825
1973—1983	1504	920	1470
	2089	1950	2295

Enda þótt Búrfellsvirkjun án aluminiumbræðslu gefi góða raun að lokum á umræddu tímabili samanborið við smávirkjunarleiðina, þá sýnir þessi tafla, að erfiðleikarnir eru miklir í byrjun vegna hinnar miklu fjárfestingar, sem fellur í upphafi á núverandi rafmagnsnotendur. Er hætt við, að erfitt reynist að komast yfir þennan hjalla og að raunhæfasta leiðin til lækkunar á rafmagnsverði sé að ráðast í aluminiumverksmiðju, ef kostur er, enda verður þá verðlækkunin mest.

d) Samanburður á staðsetningu aluminiumverksmiðju norðanlands og sunnan.

Eins og áður segir, hefur staðsetning aluminiumverksmiðju fyrir norðan með raforku frá Búrfellsvirkjun verið athuguð gaumgæfilega. Sýnir fylgiskjal I, 5 nýjustu útreikninga í því sambandi og er þá eins og áður miðað við, að Akureyri verði tengd við Búrfell, einnig þó verksmiðjan sé fyrir sunnan og Laxá virkjuð, þegar Búrfellsvirkjun er fullnotuð. Eins og fylgiskjalið ber með sér, þarf að reikna með um 25 MW meira varaafli, ef verksmiðjan er við Eyjafjörð, en þar yrði henni valinn staður á Gáseyri og þarf mikill hluti þess að koma þegar í upphafi eða 50

MW, auk þess sem línan norður þarf að hafa miklu meiri flutningsgetu og þar með hærri spennu. Stofnkostnaður er í upphafi um 425 millj. kr. hærri, ef verksmiðjan er fyrir norðan, en í lok 15 ára tímabils minnkar þessi munur í um 220 millj. kr. Þessi mismunur á byrjunarkostnaði veldur því, að samanlögð rekstursgjöld á árunum 1969—1983 eru miðuð við 6% vexti um 655 millj. kr. lægri, ef verksmiðjan er fyrir sunnan, þar sem henni yrði valinn staður í Straumsvík fyrir sunnan Hafnarfjörð.

Annar stofnkostnaður Íslendinga en vegna raforkuvirkja, þ. e. a. s. vegna hafnar, vega o. fl., en reiknað er með að þessi mannvirki verði í eigu þeirra, er um 24 millj. kr. lægri fyrir norðan, en það telst samsvara um 80 millj. kr. í rekstrarkostnaði á 15 árum, ef ekki er reiknað með, að höfn í Straumsvík gefi meiri tekjur en að Gáseyri. Við þetta lækkar áðurnefndur 655 millj. kr. munur niður í 575 millj. kr. Samandregið reiknast munurinn í fjárfestingu þessi:

Árabil	Framkvæmd	Staðsetning verksmiðju Gáseyri Mkr.	Straumsvík Mkr.
1965—1968	Raforkuvirki	1475	1050
	Höfn	41	69
	Vegir	4	–
	Annað	2	2
		1522	1121
1969—1972	Raforkuvirki	–	60
		1522	1181
1973—1983	Raforkuvirki	1359	1504
		2881	2685

Eins og sjá má er stofnkostnaðarmunurinn mikill, sérstaklega í byrjun, og sama er að segja um muninn á rekstursgjöldum. Er líklegt, að erfitt reynist að ráða við hvort tveggja eins og nánar er vikið að síðar. Að því er stofnkostnað sjálfrar aluminiumverksmiðjunnar varðar, telur Swiss Aluminium, að hann verði alls um 1660 millj. kr. á Gáseyri, en um 1490 millj. kr. í Straumsvík, og munurinn þannig um 170 millj. kr. Nefndin telur þetta ofreiknað og að 100 millj. kr. sé nær sanni. Um helmingur þeirrar upphæðar stafar af því, að Swiss Aluminium reiknar með flúorhreinsun á Gáseyri, en telur hana ónauðsynlega í Straumsvík. Reynist svo ekki, lækkar framangreindur munur niður í rúmar 50 millj. kr. að dómi nefndarinnar.

e) Lokaorð.

Norðmenn leggja nú mikið kapp á að fá erlend fyrirtæki til þátttöku í aluminiumframleiðslu eins fljótt og framkvæmanlegt er. Ástæðurnar eru ýmsar. Hið mikla og ódýra vatnsafl í Afríku og Suður-Ameríku áætlast í sumum tilfellum kosta undir 1.5 mills og yfirleitt um og jafnvel undir 2 mills á kwh, auk þess sem hráefnin eru þar í námunda við virkjanirnar. Fyrirsjáanlegt þykir, að í náinni framtíð verði reistir kjarnorkuofnar til vinnslu á fersku vatni úr sjó, sem jafnframt mundu verða látnir knýja rafmagnsstöðvar, sem boðið gætu mjög lágt raforkuverð og auk þess má reikna með miklum framförum á sviði kjarnorkustöðva yfirleitt og eru sumar þeirra þegar boðaðar. Þá er og þess að gæta, að jarðgasstöðvar eru álitnar verða skæðir keppinautar, sérstaklega þar sem jarðgasið er að finna í námunda við stór iðnaðarsvæði, sbr. Holland, Norðursjó og Frakkland og fleira mætti telja. Það má því telja víst, að ef ekki tekst að koma upp aluminiumiðnaði á Íslandi mjög fljótlega sé mjög vafasamt, að það takist yfirleitt. Að minnsta kosti er áhættan

við að bíða mjög mikil. Aðalskilyrðið fyrir að þetta megi takast er, að hægt sé að bjóða hagstætt raforkuverð, sérstaklega við fyrstu framkvæmd, og er nánar vikið að því síðar.

III. KAFLI
Viðræður við aluminiumfyrirtæki.

a) Inngangur.

Eins og áður var vikið að, sýndi franska aluminiumfyrirtækið Pechiney á tímabili talsverðan áhuga á að reisa aluminiumverksmiðju hér á landi. Kom fulltrúi fyrirtækisins nokkrum sinnum hingað til lands til viðræðna við nefndina, auk þess sem formaður nefndarinnar átti í París viðræður við fulltrúa fyrirtækisins.

Um tíma leit einnig svo út sem bandaríska fyrirtækið American Metal Climax mundi óska eftir því að gerast meðeigandi hinnar fyrirhuguðu aluminiumverksmiðju hér með Swiss Aluminium. Af þessu varð þó ekki, þar eð hið bandaríska fyrirtæki náði hagstæðum samningum um aðild að aluminiumverksmiðju í Bandaríkjunum. Féll þá niður áhugi þeirra á samvinnu við Swiss Aluminium, svo og á verksmiðjubyggingu hér á landi.

Á hinn bóginn hefur Swiss Aluminium eitt fyrirtækja sýnt stöðugan áhuga á byggingu aluminiumverksmiðjunnar allt frá því, er nefndin hóf störf sín. Hafa átt sér stað viðræður við fulltrúa fyrirtækisins hvað eftir annað síðan sumarið 1961, bæði í Reykjavík og Zürich, þar sem höfuðstöðvar þess eru. Viðræður þessar hafa, eins og áður segir, fyrst og fremst verið könnunarviðræður, þar sem engin ákveðin boð hafa verið gerð af Íslands hálfu, en lögð höfuðáherzla á að kanna, hvaða kosti hið erlenda fyrirtæki vildi bjóða og hvaða skilyrði það myndi setja. Verður hér á eftir gerð grein fyrir helztu atriðum, sem þessar viðræður hafa leitt í ljós, en þau hafa mjög skýrzt af viðræðum við önnur aluminiumfyrirtæki og af ýmsum upplýsingum, sem nefndin hefur getað viðað að sér um slík mál.

b) Raforkuverð.

Swiss Aluminium hefur frá upphafi lagt áherzlu á það, að eina ástæða þess fyrir því að hafa áhuga á byggingu aluminiumverksmiðju hér á landi væri, að hér gæti verið um að ræða raforku á lágu verði. Hefur fyrirtækið frá upphafi farið fram á, að það fengi keypta raforku fyrir 2 mills á kwh (8.6 au á kwh), enda væri það reiðubúið til þess að gera langan og bindandi samning um raforkukaupin. Hefur Swiss Aluminium lagt áherzlu á það, að fjarlægð Íslands frá erlendum mörkuðum og sú óvissa, sem er samfara byggingu aluminiumverksmiðju í nýju landi, þar sem engin sambærileg stóriðja er fyrir, gerði það óhjákvæmilegt, að raforkuverð hér yrði lægra en annars staðar. Í Noregi hefur raforkuverð til nýrra aluminiumverksmiðja nýlega hækkað í um 3 mills á kwh, en það var fyrir fáum árum rétt rúm 2 mills á kwh.

Svisslendingunum hafa til þessa ekki verið gerð nein verðtilboð, en hins vegar bent á, að verð á raforku hér á landi hlyti að fara mjög eftir lánskjörum, sem fáanleg væru á lánum til nýrrar virkjunar. Ekki kæmi heldur til greina, að gerður yrði samningur um sölu á raforku til aluminiumfyrirtækis, sem hefði í för með sér, að raforkuverð hér innanlands yrði hærra en ella. Sá möguleiki var m. a. kannaður, hvort Swiss Aluminium væri reiðubúið til þess að lána fé til virkjunarinnar og fá endurgreiðslu í raforku, en þá mundu þeir njóta þess sjálfir, ef lánskjörin væru sérstaklega hagstæð. Þetta treysti Swiss Aluminium sér ekki til að gera, en hefur á hinn bóginn viljað stuðla að því, að Íslendingar gætu fengið lán í Sviss til nýrrar virkjunar, og nánar er að því vikið síðar.

Það lengsta, sem Swiss Aluminium hefur teygt sig til þessa, er að fallast á, að raforkuverðið verði hærra en 2 mills, ef þeir fengju þá hækkun upp bætta með

ívilnun í sköttum. Hins vegar er það skoðun nefndarinnar, að líklegt sé, að Svisslendingarnir fáist til að hækka tilboð sitt, þegar á reynir og hægt er af Íslands hálfu að leggja fram ákveðnar tillögur bæði um raforkuverð og önnur atriði væntanlegs samnings.

Svisslendingarnir hafa m. a. bent á, að hinir háu tollar Efnahagsbandalags Evrópu geri það óhagstæðara að byggja aluminiumverksmiðju hér á landi. Hafa þeir lýst sig fúsa til þess, að ákvæði yrði í samningi, er gerðu ráð fyrir hækkun raforkuverðs, ef Íslendingar fengju tollfrjálsan aðgang að þessum mörkuðum með einhverjum hætti. Einnig hafa þeir lýst sig reiðubúna til þess, að orkusölusamningur innihéldi einhver ákvæði, er gerðu ráð fyrir hækkun raforkuverðs á samningstímabilinu, ef beinn rekstrarkostnaður raforkuversins hækkar.

Rétt er í þessu sambandi að minna á, að American Metal Climax, sem um tíma hafði áhuga á samvinnu við Svisslendingana um aluminiumverksmiðju hér á landi, hefur nú gert samning um byggingu verksmiðju á norð-vesturströnd Bandaríkjanna, og mun raforkuverðið vera aðeins rúm 2 mills á kwh, svo sem áður segir. Er því vafalaust ekki auðvelt að fá tilboð Svisslendinganna hækkað, svo að miklu muni. Nefndin hefur þó talið réttlætanlegt vegna þess, sem fram hefur komið í viðræðunum, að reikna með því, að 2.5 mills á kwh fáist án þess að það þurfi að kosta sérstakar ívilnanir í beinum sköttum.

c) Beinir skattar.

Swiss Aluminium taldi sig í upphafi viðræðnanna þurfa á að halda ívilnunum í sköttum a. m. k. fyrstu árin, ef þeir ættu að treysta sér til að reisa verksmiðju hér á landi. Þeim var þegar bent á, að þetta myndi sérstaklega erfitt atriði. Jafnframt var þeim bent á, að samanburður á skattlagningu fyrirtækja hér og erlendis sýndi, að skattlagning hér væri mjög sambærileg við það, sem gengur og gerist í öðrum löndum, sem hér skipta máli.

Á hinn bóginn er ljóst, að það muni valda erfiðleikum í samningum, að reglur um skattlagningu fyrirtækja hér á landi eru mjög margbrotnar og því erfitt að gera sér grein fyrir skattabyrði langt fram í tímann. Swiss Aluminium hefur því lagt til, að samið yrði um einn fastan skatt, sem miðaðist við útreiknaða skattabyrði samkvæmt gildandi lögum, en greiddist sem ákveðin fjárhæð á hvert tonn af útfluttum málmi. Nefndin hefur talið margt mæla með þessari aðferð, svo sem að minni óvissa mundi ríkja um skattatekjur af verksmiðjunni, auk þess sem komizt yrði hjá hugsanlegum ágreiningsatriðum um ákvörðun hagnaðar verksmiðjunnar með tilliti til skattlagningar. Hafa ber í huga, að beinar tekjur opinberra aðila af verksmiðjunni falla til bæði í formi skatta og raforkusölu og verður því að líta á þetta sem eina heild. Skattlagning í formi eins skatts mundi óneitanlega auðvelda breytingar á hlutfallinu á milli skatta og raforkuverðs, eins og komið hefur til orða, m. a. í viðræðum við Alþjóðabankann, án þess að heildartekjur opinberra aðila af verksmiðjunni raskist.

Í upplýsingum, sem Swiss Aluminium hefur gefið um arðsemi aluminiumverksmiðju hér á landi, hafa þeir reiknað með, að skattgreiðsla verksmiðju, sem staðsett væri í Straumsvík, yrði að meðaltali um 570 þús. dollarar eða 25 millj. íslenzkar krónur á ári næstu 15 árin, en á því tímabili yrði stofnkostnaður verksmiðjunnar afskrifaður. Eftir þetta mundi skattgreiðslan hækka í um 1.2 millj. dollara á ári eða 52 millj. íslenzkra króna. Fyrir verksmiðju staðsetta norðanlands telja þeir skattgreiðsluna verða rúmlega 20% lægri, á meðan á afskriftatímanum stendur vegna hærri stofnkostnaðar, en um það atriði er nefndin ekki sömu skoðunar, sbr. fylgiskjal I, 5.

d) Aðflutningsgjöld.

Aðflutningsgjöld af innfluttum vélum, tækjum og efnum til að reisa og reka aluminiumbræðslu eru mjög há hér á landi skv. gildandi tollskrárlögum. Athuganir

nefndarinnar hafa leitt í ljós, að í öðrum löndum, sem hér skipta máli, tíðkast ýmist engin eða aðeins mjög óveruleg innheimta aðflutningsgjalda af slíkum vörum, enda hefur Swiss Aluminium lagt áherzlu á frá upphafi, að niðurfelling þessara gjalda sé alger forsenda fyrir því, að ráðizt verði í byggingu aluminiumverksmiðju hér á landi, og er þá höfð hliðsjón af samkeppnisaðstöðu við önnur lönd annars vegar, en hins vegar hversu aluminiumvinnsla er kapitalfrekur iðjurekstur.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að hagkvæmasta lausnin á þessum vanda sé fólgin í því, að gera verksmiðjusvæðið að iðnaðarfríhöfn. Kæmi þá til greina að takmarka iðnaðarfríhöfnina ekki við aluminiumverksmiðjuna eina, heldur hafa hana almenna og gefa þannig öðrum íslenzkum iðnfyrirtækjum, sem sambærileg gætu talizt, tækifæri til iðjureksturs á fríhafnarsvæðinu, enda sé beinlínis um útflutningsiðnað að ræða. Slíkar iðnaðarfríhafnir eru til í ýmsum löndum, t. d. Danmörku og Írlandi, og hafa þær orðið iðnþróuninni mikil lyftistöng.

e) Staðsetning og önnur aðstaða.

Í viðræðum nefndarinnar við Swiss Aluminium hefur verið gerð athugun á mörgum staðsetningarmöguleikum fyrir verksmiðjuna, bæði sunnan lands og norðan. Norðanlands hafa verið athugaðir staðirnir á óshólmum Eyjafjarðarár, við síldarverksmiðjuna á Dagverðareyri og á Gáseyri við ósa Hörgár og á Húsavík. Sunnanlands hafa verið athugaðir staðir í Þorlákshöfn, Hafnarfirði, Geldinganesi og við Straumsvík sunnan Hafnarfjarðar. Af ýmsum ástæðum hafa staðirnir á Gáseyri við Eyjafjörð og Straumsvík sunnan Hafnarfjarðar verið taldir helzt koma til greina sem byggingarstaðir, eftir því hvort verksmiðjan yrði norðanlands eða sunnan. Swiss Aluminium hefur lagt áherzlu á, að aluminiumverksmiðjunni verði látið í té nægilegt landrými, auk þess sem íslenzkir aðilar leggi verksmiðjunni til hafnaraðstöðu, vegi og vatn. Þar að auki vill Swiss Aluminium komast hjá afskiptum af byggingu húsnæðis, sem þörf kann að vera á fyrir starfsfólk verksmiðjunnar.

Swiss Aluminium er reiðubúið til, hvort heldur sem er að kaupa eða leigja nægilegt landrými fyrir verksmiðjuna. Að því er varðar hafnaraðstöðu, má gera viðunandi höfn á báðum stöðunum að Gáseyri og í Straumsvík, en um kostnað af þeim hafnargerðum er rætt í fylgiskjali I, 5. Höfn sem þessi kæmi að sjálfsögðu að gagni til annarra nota, einkum þó í Straumsvík, vegna flutninga á sjó til Hafnarfjarðar og Suðurnesja. Aluminiumverksmiðjan mundi að sjálfsögðu greiða venjuleg hafnargjöld af þeim vörum, sem um höfnina yrðu fluttar.

Vegagerð er ekki veruleg að verksmiðjustöðunum, hvort heldur sem væri að Gáseyri eða í Straumsvík. Gáseyri liggur ekki langt frá aðalþjóðvegi, en í Straumsvík mundi Reykjanesbraut liggja meðfram verksmiðjusvæðinu, sem þar yrði notað.

Nægilegt vatn er á báðum stöðum rétt við verksmiðjustæðið, þannig að kostnaður við öflun vatnsins er lítill.

Að því er varðar húsnæði, er augljóst, að starfsfólk verksmiðju, sem byggð væri í Straumsvík, mundi að mestu leyti búa í Reykjavík, Kópavogi eða Hafnarfirði. Því mundi ekki koma til teljandi bygginga fyrir starfsfólk vegna verksmiðju staðsettrar þar. Nokkru öðru máli gegnir um verksmiðju að Gáseyri, þar sem hún væri staðsett lengra frá þéttbýli. Mundi þá e. t. v. nauðsynlegt að byggja í námunda við verksmiðjuna húsnæði fyrir nokkurn hluta starfsfólksins. Með tilliti til húsnæðisþarfar í landinu öllu, mundi hér hins vegar ekki vera um aukakostnað að ræða, auk þess sem flest starfsfólkið mundi vafalaust búa á Akureyri, en þar er ekki meiri húsnæðisekla en annars staðar á landinu.

f) Eignarfyrirkomulag aluminiumverksmiðju.

Í viðræðum nefndarinnar við Swiss Aluminium hefur verið gert ráð fyrir, að væntanlegt hlutafélag um aluminiumverksmiðju yrði að langmestu leyti í eigu hins svissneska fyrirtækis. Hluti Íslendinga í fyrirtæki sem þessu gæti, hvort sem er,

aldrei orðið nema óverulegur. Hagur af slíkri eignarhlutdeild er því vafasamur, þar sem hún mundi væntanlega skila litlum arði og veita takmarkaða aðstöðu til áhrifa á stjórn verksmiðjunnar. Það er auk þess alþekkt, að hagnaðurinn af framleiðslu sem þessari dreifist á hin ýmsu stig framleiðslunnar, allt frá hráefnaöflun til fullvinnslu og sölu. Íslenzkir hluthafar mundu því verða í erfiðri aðstöðu til að gæta réttar síns.

Swiss Aluminium hefur á hinn bóginn lýst sig reiðubúið til að samþykkja þátttöku íslenzkra aðila í verksmiðjunni, ef óskað væri, og sömuleiðis fallizt á, að 1—2 fulltrúar íslenzku ríkisstjórnarinnar eigi sæti í stjórn verksmiðjunnar.

g) Hugsanlegt samningsform.

Í viðræðum við Svisslendingana hefur verið lögð mikil áherzla á það, að gerðir yrðu traustir og sem mest tæmandi samningar um starfsemi hins erlenda fyrirtækis hér á landi, réttindi þess og skyldur. Hér mundi fyrst og fremst vera um tvo samninga að ræða. Annars vegar heildarsamning, er fjallaði almennt um réttindi og skyldur aluminiumverksmiðjunnar og hefði inni að halda þau sérákvæði, sem nauðsynleg væru í þessu sambandi. Hins vegar orkusölusamningur, sem kvæði á um orkuverð og greiðsluskyldu fyrir orku.

Aðalsamningurinn yrði væntanlega gerður milli ríkisstjórnarinnar annars vegar og Swiss Aluminium hins vegar, en gefa yrði honum lagagildi með því að leggja hann fyrir Alþingi í einu eða öðru formi. Með þessu móti væru réttindi hins erlenda fyrirtækis hér á landi bundin við það eitt, sem í samningnum fælist, og ekki væri opnuð leið fyrir önnur fyrirtæki til að fara sömu leið, nema með nýju samþykki Alþingis. Nefndin hefur leitað aðstoðar þekkts erlends lögfræðifyrirtækis, svo og lögfræðinga Alþjóðabankans í sambandi við undirbúning að slíkri samningsgerð, en hún er enn á frumstigi. Verði sérákvæði látin gilda um starfsemi aluminiumverksmiðjunnar hér á landi, t. d. að því er viðvíkur sköttum, mundu ákvæði um það koma í aðalsamninginn.

Orkusölusamningurinn yrði hins vegar gerður milli Swiss Aluminium annars vegar og hins íslenzka virkjunarfyrirtækis hins vegar. Í honum mundi virkjunin skuldbinda sig til að selja aluminiumverksmiðjunni ákveðið orkumagn í tiltekinn tíma, en aluminiumverksmiðjan skuldbinda sig til að kaupa hina samningsbundnu orku, hvort sem verksmiðjan væri í rekstri eða ekki. Einnig yrði að sjálfsögðu kveðið á um raforkuverð í samningnum. Slíkur orkusölusamningur til langs tíma er mjög mikilvæg undirstaða væntanlegrar fjáröflunar til stórvirkjunar og form samningsins mundi að nokkru háð kröfum Alþjóðabankans og annarra lánveitenda.

Swiss Aluminium hefur farið fram á það, að þessir samningar væru til sem lengsts tíma, helzt fimmtíu ára. Nefndin hefur hins vegar verið þeirrar skoðunar, að orkusölusamningurinn og önnur atriði viðskiptalegs eðlis gætu ekki gilt til lengri tíma en 25 ára. Hins vegar væri ekki óeðlilegt, að sum önnur atriði giltu til lengri tíma. Til samanburðar má geta þess, að norskir orkusölusamningar gilda yfirleitt til 40 ára.

h) Yfirlit um samningsaðstöðu.

Enn þá hefur hvergi nærri reynt á, um hvað Swiss Aluminium mundi vilja semja hér á landi. Fyrirtækið hefur gert einhliða tilboð, en af Íslands hálfu hefur eingöngu verið leitað upplýsinga og sjónarmið skýrð, en engar ákveðnar eða bindandi tillögur gerðar um höfuðatriði hugsanlegs samnings, svo sem raforkuverð eða skattafyrirkomulag. Nefndin er þó þeirrar skoðunar, að líkindi séu til þess, að unnt yrði að semja um raforkuverð, er næmi 2.5 mills á kwh, en auk þess skattgreiðslu, er væri í samræmi við núgildandi skattalögur á Íslandi, en bundið með samningi til lengri tíma. Ætti slíkur samningur að tryggja Íslendingum um 25 millj. kr. árlegar skatttekjur af verksmiðjunni í 15 ár, ef hún væri afskrifuð á þeim tíma, en eftir það mundu skattarnir hækka mjög verulega.

Alþjóðabankinn hefur, eins og síðar verður greint frá, talið slík kjör viðunandi af Íslands hálfu, en jafnframt hagstæð fyrir aluminiumfyrirtækið. Það er því rétt að gera grein fyrir því, hvers vegna ekki er talið líklegt, að unnt sé að ná jafn góðum kjörum og Norðmenn hafa fengið í síðustu samningum sínum, en þar í landi hefur raforkuverð verið um 3 mills, en skattar auk þess nokkru hærri en hér. Hefur Swiss Aluminium nýlega samið um þátttöku í fyrirtæki þar í landi með þessum kjörum. Ýmis atriði koma hér til álita.

Í fyrsta lagi hugsar Swiss Aluminium sér að byggja hér á landi minnstu stærð aluminiumverksmiðju, sem til greina er talin koma, þ. e. a. s. 30 þús. tonna ársframleiðslu. Hefur það greinilega komið fram af hálfu fyrirtækisins, að það treystir sér ekki til þess að taka meiri áhættu hér á landi, þar sem engin erlend fyrirtæki hafa reynslu af sambærilegri starfsemi hér. Svo lítil verksmiðja er hins vegar ekki eins arðbær og stærri verksmiðja og þarf því á hagstæðari kjörum að halda.

Það liggur fyrir, að Swiss Aluminium hefur nú einkum um tvo sambærilega kosti að velja, annað hvort að reisa aluminiumverksmiðju á Íslandi eða stækka þá verksmiðju, sem þeir eru nú aðilar að í Noregi. Sú verksmiðja er nú í byggingu og verður með 60 þús. tonna ársafköstum, svo að stækkun hennar t. d. í 90 þús. tonn væri mjög hagkvæm. Hafa Svisslendingarnir samningsbundinn rétt til raforku til slíkrar stækkunar í Noregi, er gildir til 1970. Þótt slík stækkun í Noregi gæti orðið mjög hagkvæm, virðist Swiss Aluminium hafa fullan áhuga á byggingu verksmiðju hér á landi, enda er það skýr stefna fyrirtækisins að dreifa framleiðslu sinni á fleiri lönd, m. a. vegna pólitískrar áhættu. Hins vegar verður augljóslega mjög erfitt fyrir Íslendinga að keppa við Norðmenn í þessum efnum, þar sem þeir hafa þegar fengið mjög sterka aðstöðu í aluminiumiðnaðinum. Swiss Aluminium hefur t. d. almennan samningsbundinn rétt til þess að njóta ekki lakari kjara í Noregi en önnur aluminiumfyrirtæki, sem starfa þar í landi, en tvö hin stærstu eru í norskri eign. Þetta er þeim að sjálfsögðu geysimikil trygging, sem Íslendingar geta ekki boðið upp á á jafn einfaldan hátt.

Að lokum er rétt að benda á, að líklegt er, að Swiss Aluminium mundi vilja teygja sig lengra, ef það fengi um leið fyrirheit um möguleika til stækkunar verksmiðjunnar með sæmilega hagstæðum kjörum. Það hefur hins vegar verið skoðun nefndarinnar, sem Alþjóðabankinn hefur einnig lagt áherzlu á, að Íslendingar ættu ekki að binda sig í þessu efni, nema sem allra minnst. Vegna þess, að fyrsti áfanginn í stórvirkjunarmálunum er sérstaklega erfiður hjalli fyrir Íslendinga, mundu þeir samningar, sem nú virðast mögulegir, geta orðið Íslendingum mjög hagstæðir. Á hinn bóginn er engin ástæða til þess, að jafn góð kjör yrðu í boði, ef til stækkunar kæmi, enda yrðu þá viðhorfin í virkjunarmálunum allt önnur en nú. Ef allt gengur vel í þessum efnum, svo að Íslendingar teldu sér hag að frekari stækkun aluminiumverksmiðjunnar í framtíðinni, ættu Íslendingar að geta fengið svo að segja sömu kjör og Norðmenn þá byðu. Eftir því sem aluminiumverksmiðjur stækka verða þær hagstæðari, svo að Swiss Aluminium mundi tvímælalaust hafa áhuga á stækkunum, ef aðstæður í aluminiumiðnaðinum væru þá enn svipaðar og nú. Kemur þetta m. a. í ljós af því, að fyrirtækið hefur lagt mikla áherzlu á, að nægilegt rými væri á verksmiðjusvæðinu til stækkunar, jafnvel allt að 160 þús. tonna ársframleiðslu.

IV. KAFLI

Lánsfjáröflun og viðræður við Alþjóðabankann.

Í viðræðum um aluminiummálið var áherzla á það lögð frá upphafi, að verðlagning raforku á Íslandi hlyti að verulegu leyti að fara eftir þeim lánskjörum, sem fáanleg væru í sambandi við lántökur til virkjunarinnar. Eigið fé raforkukerfisins hér á landi er svo lítið, að afskriftatími getur ekki orðið lengri en lánstími þeirra lána, er til virkjunar fást. Þótt stofnkostnaður orkuvera væri lágur á

afleiningu, nægði það ekki til að tryggja lágt raforkuverð, nema hægt yrði að fá löng lán til framkvæmdanna með hóflegum vöxtum. Ef raforkuverð frá Búrfellsvirkjun ætti að nálgast 2.5 mills (10.75 au á kwh), mættu árlegir vextir og afborganir varla fara mikið yfir 8% á ári. Það mundi t. d. samsvara 6% láni, sem endurgreitt yrði með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana á 23—24 árum. Líklegt er, að vaxtakjör Alþjóðabankans yrðu nokkru betri en þetta, en hins vegar eru ekki líkur til þess, að Ísland eigi kost á jafn hagstæðum lánum á hinum almenna lánamarkaði.

Um það var rætt frá upphafi við Svisslendingana, hvort þeir gætu lánað eða útvegað lán til virkjunarinnar, er væri nægilega hagstætt til þess að tryggja það raforkuverð, sem þeir óskuðu eftir. Niðurstaða þeirra viðræðna varð sú, að þeir sögðust ekki treysta sér til þess að lána til virkjunarinnar sjálfir, enda yrði fjárfesting þeirra vegna aluminiumverksmiðjunnar mjög mikil. Treystu þeir sér ekki til þess að auka áhættu sína í fyrirtækinu umfram þá upphæð. Á hinn bóginn sögðust þeir mundu fúsir að aðstoða Íslendinga við öflun nokkurs lánsfjár í Sviss, ef það gæti orðið til þess að greiða fyrir byggingu orkuversins. Í framhaldi af þessu átti formaður nefndarinnar tvívegis viðræður við einn af helztu bönkunum í Sviss, Credit Suisse, um málið. Kom þar fram, að líklegt væri, að Íslendingar gætu fengið markaðslán í Sviss til virkjunarinnar, er næmi ef til vill ⅓ lánsfjárþarfarinnar, enda var þá gengið út frá því, að einnig fengist lán til hennar frá Alþjóðabankanum. Til tryggingar slíku láni kvaðst bankinn þurfa tekjur af orkusölusamningi við Swiss Aluminium, enda mætti þá búast við því, að lánskjör yrðu hagstæð.

Fleiri athuganir í lánsfjármálum hafa farið fram af hálfu nefndarinnar, en ekki er ástæða til að rekja þær hér. Er komið var fram á árið 1963 var ljóst orðið, að leita þyrfti til Alþjóðabankans um lánveitingu, ef von ætti að vera til þess, að Íslendingar gætu hrint slíku stórvirki í framkvæmd. Með þetta fyrir augum hafði Alþjóðabankinn verið látinn fylgjast með þeim áætlunum, sem gerðar höfðu verið í virkjunarmálunum, frá því árið 1961. Athugunum málsins og viðræðum við hin erlendu fyrirtæki var hins vegar ekki komið svo langt áleiðis, að ástæða þætti til þess að óska beinna viðræðna um málið við Alþjóðabankann, fyrr en haustið 1963. Á ársfundi Alþjóðabankans þá um haustið var óskað eftir því af hálfu íslenzku fulltrúanna, að Alþjóðabankinn féllist á, að teknar yrðu upp könnunarviðræður um málið. Leiddi þetta til þess, að deildarstjóri Norður-Evrópudeildar bankans kom til Íslands í lok október 1963. Var málið þá rætt í aðalatriðum við fulltrúa nefndarinnar, og bankanum voru afhent öll gögn, sem þá lágu fyrir. Síðan var ákveðið, að rækilegri viðræður um málið skyldu fara fram í Washington fyrir eða eftir áramót.

Fundur var síðan haldinn með fulltrúum Alþjóðabankans í Washington í janúar 1964. Voru þá bornir saman fjórir meginmöguleikar varðandi raforkuframleiðslu fyrir höfuðorkuveitusvæði Íslands, Sogsvirkjunarsvæðið og Laxárvirkjunarsvæðið. Þessar leiðir voru í fyrsta lagi 105 MW Búrfellsvirkjun, er framleiddi orku bæði fyrir aluminiumverksmiðju og suð-vesturhluta landsins og ef til vill einnig fyrir Laxárvirkjunarsvæðið um háspennulínu til Akureyrar. Í öðru lagi sama virkjun með öflugri háspennulínu til Akureyrar og staðsetningu aluminiumverksmiðju þar í grenndinni. Í þriðja lagi 60 MW Búrfellsvirkjun, er sæi fyrir raforkuþörf Suð-Vesturlands og e. t. v. Laxárvirkjunarsvæðisins um háspennulínu til Akureyrar. Og í fjórða lagi röð smærri orkuvera, svo sem gufuaflsstöðvar í Hveragerði, Efstadalsvirkjunar í Brúará og viðbótarvirkjun í Laxá við Brúar.

Niðurstöður bankans voru þær, að raunhæfustu möguleikarnir væru annars vegar Búrfellsvirkjun með aluminiumverksmiðju sunnanlands, en hins vegar smávirkjanir. Bygging Búrfellsvirkjunar án sölusamnings við aluminiumverksmiðju taldi bankinn í alltof mikið ráðizt, enda þótt raforkuverð frá slíkri virkjun yrði til lengdar ódýrara en frá smávirkjunum. Lítil þjóð eins og Íslendingar gæti ekki leyft sér að ráðast í svo fjármagnsfreka framkvæmd, nema hún skilaði arði til-

tölulega fljótlega. Bankinn óskaði því eftir því, að frekari athuganir í málinu beindust annars vegar að Búrfellsvirkjun með aluminiumverksmiðju á Suð-Vesturlandi, en hins vegar smávirkjunum. Bankinn féllst þó á það í viðræðunum, að það skyldi einnig athugað, hver hin fjárhagslega útkoma yrði, ef aluminiumverksmiðjan yrði staðsett í grennd við Akureyri. Bankinn benti hins vegar þegar á, að mjög erfitt yrði að réttlæta hinn mikla aukakostnað, sem þeirri lausn væri samfara. Ákveðið var í lok viðræðnanna, að gerður skyldi af Íslendinga hálfu tölulegur samanburður á þremur leiðum í virkjunarmálum, Búrfellsvirkjun með aluminiumverksmiðju á Suð-Vesturlandi, Búrfellsvirkjun með aluminiumverksmiðju við Eyjafjörð og röð smærri orkuvera.

Unnið var að þessum skýrslum fyrir Alþjóðabankann næstu mánuði, og voru þær sendar bankanum í marz og apríl 1964. Var þar gerður mjög rækilegur efnahagslegur og fjárhagslegur samanburður á þessum þremur leiðum. Kom þar m. a. fram, að nauðsynlegt yrði, að Íslendingar legðu fram nýtt stofnfé, ef ráðizt yrði í svo stóra virkjun sem Búrfellsvirkjun. Til þess að sæmilegt fjárhagslegt jafnvægi næðist, þyrfti hið nýja stofnfé þó að vera miklu meira ef aluminiumverksmiðjan væri staðsett á Norðurlandi.

Þegar Alþjóðabankinn hafði kannað þessi gögn, ákvað hann að senda þriggja manna sendinefnd til Íslands, og dvaldist hún hér dagana 14. til 21. júlí s. l.

Í þessum viðræðum lýsti nefnd Alþjóðabankans þeirri skoðun, að sú stefna, að nú yrði ráðizt í meiri háttar virkjun ásamt byggingu aluminiumverksmiðju, væri í grundvallaratriðum rétt. Hér væri þó um svo stórt verkefni að ræða, að nauðsynlegt væri að fara að öllu með gát og gera yrði ítrustu kröfur til arðsemi fyrirtækisins. Af þessum orsökum væri það skoðun Alþjóðabankans, að mjög erfitt væri að réttlæta hinn mikla aukakostnað, sem það hefði í för með sér að staðsetja aluminiumverksmiðju við Eyjafjörð. Það væri a. m. k. allt að því útilokað að Alþjóðabankinn fengist til þess að lána meira fé til framkvæmdar, sem svo augljóslega gæfi minni arð en önnur leið, sem fyrir hendi væri. Nefnd bankans viðurkenndi að vísu, að pólitísk og félagsleg sjónarmið ættu hér fyllilega rétt á sér, en kostnaðinn af því að velja þá leið þyrftu Íslendingar að taka á sig sjálfir. Þeir þyrftu með öðrum orðum að leggja fram miklu meira stofnfé, en auk þess yrði raforkuverð að vera mun hærra hér innanlands, ef tryggja ætti sambærilegan afrakstur af fyrirtækinu, en á það mundi Alþjóðabankinn sem lánveitandi leggja áherzlu. Að öðru leyti óskaði nefnd bankans eftir því, að frekari umræður um málið yrðu byggðar á þeirri leið, að aluminiumverksmiðjan væri staðsett suð-vestanlands.

Nefnd bankans taldi æskilegt að bæta afrakstur Búrfellsvirkjunar og var því rætt ítarlega um leiðir til þess, m. a. með frestun virkjanaframkvæmda um eitt ár, þannig að Búrfellsvirkjun kæmi í notkun í árslok 1968 í stað 1967. Einnig taldi nefnd bankans nokkra hækkun raforkuverðs innanlands nauðsynlega, einkum á byggingartímanum. Var ákveðið, að áætlanirnar skyldu endurskoðaðar með tilliti til þeirra breytinga, sem ræddar voru á fundunum. Voru breyttir útreikningar sendir Alþjóðabankanum til athugunar í lok ágústmánaðar.

Varðandi hin almennu efnahagslegu skilyrði fyrir því, að ráðizt yrði í Búrfellsvirkjun, lét nefnd bankans í ljós verulega bjartsýni. Efnahagsástandið á Íslandi og staða þjóðarbúsins út á við gerði að dómi nefndarinnar slíka framkvæmd viðráðanlega. Að vísu væri augljóst, að nauðsynlegt væri að taka mjög mikil lán erlendis til þess að koma virkjuninni í framkvæmd, en allt útlit væri fyrir, að vextir og afborganir af erlendum lánum færu þrátt fyrir þetta ekki yfir það mark, sem bankinn teldi viðunandi. Þar að auki yrði um að ræða verulegar gjaldeyristekjur af aluminiumverksmiðjunni umfram greiðslubyrði, sem virkjuninni væri samfara. Jafnframt væri nauðsynlegt að hafa í huga, að hér gæti verið um upphaf nýs iðnaðar að ræða og hagnaðurinn mundi ekki sízt felast í þeim vaxtarmöguleikum, sem aluminiumiðnaðurinn hefði.

Allt þetta byggðist þó að dómi bankanefndarinnar á því, að viðunandi samningar

næðust um sölu á raforku til aluminiumfyrirtækisins, og ekki síður á, að verðlagsstefna orkuversins hér innanlands leyfði því að skila eðlilegum afrakstri.

Nefnd bankans sagði að lokum, að málið yrði tekið til meðferðar í bankanum með haustinu og mætti þá búast við því, að bankinn markaði stefnu sína varðandi lánveitingar til Búrfellsvirkjunar og skilyrði fyrir henni.

Nokkrar frekari viðræður um þetta mál við ráðamenn í Alþjóðabankanum fóru fram á ársfundi hans í Tokió í september s. l., en á leið þaðan kom formaður nefndarinnar við í Washington til frekari viðræðna um einstök tækniatriði, sem bankinn óskaði upplýsinga um.

Með bréfi dags. 29. október s. l. barst svo Jóhannesi Nordal, formanni nefndarinnar, bréf frá Mr. Cope, framkvæmdastjóra Evrópudeildar bankans, þar sem gerð var grein fyrir afstöðu bankans til málsins. Í bréfi sínu gengur bankinn út frá því, sem hann hafði áður lýst sem æskilegustu lausninni, að aluminiumverksmiðjan yrði reist á Suð-Vesturlandi, þar sem kostnaður væri minnstur.

Meginniðurstaðan í bréfi bankans er sú, að bankinn telji Búrfellsvirkjun efnahagslega réttlætanlega, enda þótt um mjög mikla fjárfestingu sé að ræða bæði með tilliti til stærðar hins íslenzka hagkerfis og þess efnahagslega afraksturs, sem af framkvæmdinni megi vænta. Bankinn er þeirrar skoðunar, að engin meiri háttar opinber framkvæmd á Íslandi, sem kostur sé á, muni vera álitlegri né hafa meiri áhrif í þá átt að auka fjölbreytni í íslenzkum atvinnuháttum. Það er því niðurstaða bankans, að hann muni reiðubúinn til þess að veita lán til Búrfellsvirkjunar, enda sé ýmsum lágmarksskilyrðum fullnægt, sem hann telur óhjákvæmileg, ef framkvæmdin á að verða réttlætanleg frá efnahagslegu sjónarmiði. Skilyrði þessi eru í aðalatriðum sem hér segir:

1) Raforkuverð og skattar.

Það er mikilvægt skilyrði af hálfu Alþjóðabankans, að viðunandi verð fáist fyrir þá raforku, sem seld yrði aluminiumbræðslunni. Bankinn er þeirrar skoðunar, að frá sjónarmiði hins íslenzka hagkerfis sé rétt að skoða raforkuverð og tekjur af skattlagningu sem hliðstæður. Að vísu sé hluti skattlagningarinnar greiðsla fyrir beina þjónustu, sem aluminiumbræðslan mundi njóta, en meginhluti skattanna væri hreinar viðbótartekjur fyrir þjóðarbúið og hefði því hliðstæð áhrif, eins og t. d. hækkun raforkuverðs til aluminiumbræðslunnar. Í rekstraráætlun Svisslendinganna hafa þeir reiknað með raforkuverðinu 2 mills á kwh, en að meðalskattar á Íslandi væru 33% af nettótekjum, og er þá ekki reiknað með rétti til frádráttar vegna arðgreiðslu til hluthafa. En með þessari skattlagningu mundu meðalskatttekjur af aluminiumbræðslunni skv. áætlun Svisslendinganna nema 570 þús. dollurum á ári fyrstu fimmtán árin, en þá mundu þær hækka um nærri helming. Þar sem þá er gert ráð fyrir að afskriftartímanum sé lokið. Séu þessar tekjur umreiknaðar í mills kwh, samsvara þær hækkun raforkuverðs um 1.2 mills. Heildartekjur skv. áætlun Svisslendinganna eru með öðrum orðum 3.2 mills á kwh seldrar raforku til verksmiðjunnar á meðan á afskriftartímanum stendur.

Alþjóðabankinn lætur í ljós þá skoðun, að þennan grundvöll þurfi að bæta um 0.5 mills, ef framkvæmdin á að vera efnahagslega réttlætanleg. Með hagkvæmari kjörum væri verksmiðjunni veitt óeðlileg fríðindi. Bankinn telur því að stefna beri að því sem lágmarki, að aluminiumbræðslan greiði 2.5 mills á kwh af raforku og skatta, er nemi 33% af nettótekjum eða sem svarar 1.2 mills á kwh notaðrar raforku. Telur bankinn ekki ólíklegt, að Svisslendingarnir mundu fáanlegir til að bæta tilboð sitt sem þessu næmi. Á þetta hefur hins vegar ekki reynt, þar sem þeim hefur ekki verið gert tilboð, er þeir neyddust til að taka afstöðu til.

2) Raforkusala innanlands og skipulag virkjunarfyrirtækisins.

Bankinn lætur í ljós þá skoðun, að samkvæmt þeim áætlunum, sem við höfum lagt fram um tekjur af raforkusölu, eigið fé virkjunarinnar o. fl., sé fyrirtækið

fjárhagslega heilbrigt. Fyrstu árin verði þó arðgjöf og afgangur til að mæta vöxtum og afborgunum í minna lagi. Það skipti því miklu máli, að áætlanir um aukningu raforkusölu innanlands reynist réttar og þær tekjur skili sér, sem reiknað hafi verið með. Hér gefur bankinn í skyn, að nauðsynlegt sé, að íslenzk yfirvöld séu nægilega sveigjanleg, en með því mun hann eiga við, að virkjunarfyrirtækið sé reiðubúið til þess að hækka verð til innanlandsnotkunar umfram það, sem gert hefur verið ráð fyrir, ef vöxtur eftirspurnarinnar reynist hægari en áætlað hefur verið.

Einnig lýsir bankinn því yfir, að hann muni í væntanlegum viðræðum vilja kanna nákvæmlega skipulag og fjárhagslega uppbyggingu virkjunarfyrirtækisins, en hann hafði áður lagt áherzlu á, að Sogsvirkjunin og jafnvel Laxárvirkjunin yrðu hluti sama kerfis og Búrfellsvirkjunin.

3) Skuldbindingar aluminiumfyrirtækisins.

Alþjóðabankinn telur, að fjárhagslegt öryggi Búrfellsvirkjunar byggist að miklu leyti á því, hve traustir samningar eru gerðir við aluminiumbræðsluna. Leggur bankinn því áherzlu á eftirfarandi lágmarksskilyrði: Í fyrsta lagi, að aluminiumbræðslan geri bindandi samning um kaup á raforku til margra ára, í öðru lagi, að Swiss Aluminium sé í ábyrgð fyrir þessari skuldbindingu dótturfyrirtækis þess hér á landi, og í þriðja lagi, að Swiss Aluminium skuldbindi sig til þess að hefja byggingu aluminiumverksmiðjunnar ekki síðar en einu eða einu og hálfu ári eftir að bygging verksmiðjunnar hefst.

4) Stækkun aluminiumbræðslunnar.

Alþjóðabankinn hefur lagt áherzlu á, að þau kjör sem nú hefur verið rætt um að bjóða aluminiumbræðslunni, væru réttlætanleg vegna þeirrar þýðingar, sem aluminiumbræðslan hefur fyrir fjárhagslega afkomu fyrsta áfanga Búrfellsvirkjunar. Verði aluminiumbræðslan stækkuð í framtíðinni, telur bankinn hins vegar ekki rök fyrir því að bjóða jafn hagkvæm kjör. Hann leggur því áherzlu á, að samningar við Swiss Aluminium nú innihaldi ekki óeðlilega hagstæð skilyrði fyrir stækkun bræðslunnar í framtíðinni.

5) Fjáröflun annars staðar.

Á það er bent í bréfi bankans, að bankinn láni því aðeins til slíkra framkvæmda, að aðrir lánsmöguleikar séu ekki fyrir hendi. Það er því til þess ætlazt, að Íslendingar afli fjár annars staðar eins og frekast er unnt, en það sem þar hefur komið til greina í því efni er öflun markaðsláns í Sviss með aðstoð Swiss Aluminium. Jafnframt telur Alþjóðabankinn augljóst, að hann verði meginlánveitandi þeirra 20 millj. dollara, sem áætlað er að afla erlendis. Hann leggur því áherzlu á, að lánsfjáröflun annars staðar sé með kjörum, er verði ekki fyrirtækinu byrði, og jafnframt að öðrum verði ekki boðnar betri tryggingar en honum.

6) Áframhald viðræðna.

Þar sem samningar við Svisslendingana eru ein meginundirstaða allrar framkvæmdarinnar, telur bankinn æskilegt, að hann eigi fulltrúa í áframhaldandi viðræðum við þá og í raunverulegum samningum, þegar þeir hefjast. Hins vegar virðist hann ekki telja tímabært, að hann komi inn í viðræðurnar, fyrr en nær er komið samkomulagi um meginatriðin, svo sem raforkuverð og skatta. Þegar ljóst er orðið, að samkomulag muni nást um þessi meginatriði, telur bankinn tímabært að senda nefnd til Íslands til lokaathugunar á öllu málinu. Mundi það væntanlega vera snemma á árinu 1965. Verði viðunandi niðurstaða af þessu öllu saman, mundi bankinn reiðubúinn til að veita lán til framkvæmdarinnar.

Stóriðjunefnd telur, að óhætt sé að treysta því, að með þessum yfirlýsingum hafi bankinn bundið sig til þess að veita lán til Búrfellsvirkjunar, nema miklir og ófyrirsjáanlegir erfiðleikar verði á að uppfylla þau skilyrði, sem hann nú hefur sett.

Um öll þau skilyrði verður þó hægt að semja frekar, eftir því sem áfram verður haldið. Það er því ekki ástæða til þess að búast við, að bankinn reynist algerlega ósveigjanlegur varðandi þessi skilyrði, ef tiltölulega litið virðist á vanta, til þess að heildarsamkomulag geti náðst.

V. KAFLI

Þjóðhagsleg áhrif af byggingu aluminiumverksmiðju.

a) Inngangur.

Í þessum kafla verður reynt að draga saman þær niðurstöður, sem nefndin hefur getað komizt að, varðandi þjóðhagsleg áhrif af rekstri aluminiumverksmiðju hér á landi. Þar sem þessi áhrif eru margvísleg, verður þeim skipt í nokkra þætti, sem ræddir verða hver fyrir sig. Verður fyrst rætt um áhrifin á þróun raforkumála, síðar um beinar tekjur af rekstri verksmiðjunnar, þá um áhrif hennar á þróun iðnaðarins í landinu, vinnuafl o. fl.

Í hinum tölulega samanburði í kaflanum verður byggt á þeirri forsendu, að aluminiumverksmiðjan verði staðsett á Suð-Vesturlandi. Hins vegar verður í lok kaflans sérstaklega rætt um niðurstöður af þeim athugunum, sem gerðar hafa verið á þeirri leið, að verksmiðjan verði staðsett við Eyjafjörð.

b) Áhrifin á þróun raforkumála og raforkuverð.

Mikil vinna hefur verið lögð í það undanfarin tvö ár að kanna, hvaða leiðir í virkjunarmálum mundu hagkvæmastar og hvaða áhrif orkusölusamningur við aluminiumverksmiðju gæti haft á þróun raforkumála og raforkuverð. Síðustu niðurstöður þessara athugana eru í skýrslu tækninefndar í virkjunarmálum, sjá II. kafla hér að framan og fylgiskjal I, 3 og I, 5. Bornar hafa verið saman þrjár leiðir, er eiga að gefa góða hugmynd um þá kosti, sem um er að velja. Fyrsta leiðin er virkjun Búrfells með orkusölusamningi við aluminiumverksmiðju og verðinu 2.5 mills á kwh til hennar og stórri virkjun í Laxá, þegar Búrfellsvirkjun yrði fullnýtt. Önnur leiðin er Búrfellsvirkjun án orkusölusamnings við aluminiumverksmiðju. Og þriðja leiðin er röð smávirkjana á Suðurlandi, en síðan virkjun Búrfells án orkusölusamnings við aluminiumverksmiðju. Alls staðar er reiknað með því að fullnægja orkuþörfum orkuveitusvæðis Sogsins á Suð-Vesturlandi og orkuveitusvæðis Laxár á Norðurlandi.

Niðurstaða þessara athugana er sú, að lang hagkvæmasta leiðin sé virkjun Búrfells með orkusölusamningi við aluminiumverksmiðju, en næst komi Búrfell án slíks samnings og síðast röð smávirkjana. Sé litið á rekstrarafkomu kerfisins fyrstu 15 árin og reiknað með 6% vöxtum, er Búrfellsvirkjunin með aluminiumverksmiðju 400 millj. kr. hagkvæmari yfir þetta tímabil en Búrfell án aluminiumverksmiðju, en 800 millj. kr. hagkvæmari en röð smávirkjana. Búrfell með aluminiumverksmiðju mundi enn vera verulega hagkvæmari en án hennar, jafnvel þótt orkuverð til aluminiumverksmiðjunnar færi niður í 2 mills á kwh.

Nú kemur það einnig hér til greina, að útlit er fyrir, að það yrði mjög erfitt að fá nægilegt lánsfé til þess að byggja Búrfellsvirkjun, ef ekki er hægt að tryggja sölu verulegs hluta orkunnar til stóriðju. Er því líklegast, að þá yrði horfið að einhverri millileið, þ. e. a. s. að byggingu einnar eða fleiri smávirkjana, en reynt að ráðast í Búrfellsvirkjun eins fljótt og fjárhagsaðstæður leyfðu. Slík millileið yrði þó dýrari en Búrfellsvirkjun, sem ráðizt yrði í strax, svo að mismunurinn á slíkri leið og Búrfellsvirkjun með aluminiumverksmiðju yrði einhvers staðar á milli 400 og 800 millj. kr.

Af öllu þessu er ljóst, að orkusölusamningur við aluminiumverksmiðju af þeirri stærð, sem um hefur verið rætt, mundi verða mjög hagkvæmur fyrir þróun raforkumála og raforkuverð hér á landi næstu tvo áratugi. Er reyndar óhjákvæmilegt, að fyrsta stórvirkjun í jökulám landsins verði Íslendingum fjárhagslega mjög

erfitt fyrirtæki, nema hægt sé að létta fyrsta áfangann með löngum orkusölusamningi til stóriðju, er geti bæði orðið undirstaða lánsfjáröflunar erlendis og tryggt virkjuninni nægilega miklar tekjur frá byrjun, svo að fyrsti áfangi slíkrar virkjunar lendi ekki með óeðlilegum þunga á raforkuverði til neytenda.

c) Bein þjóðhagsleg áhrif af verksmiðjurekstrinum.

Nefndin hefur fengið í hendur áætlanir Swiss Aluminium um rekstur aluminiumverksmiðju hér á landi, en þar er að finna ýmsar upplýsingar um efnahagsleg áhrif verksmiðjurekstursins. Hafa þær verið bornar saman við önnur gögn, sem nefndin hefur getað aflað sér, og virðist ekki vera um verulegan mun að ræða, nema að því er varðar samanburðinn á stofnkostnaði verksmiðju norðanlands og sunnan. Er að því vikið annars staðar í þessari skýrslu. Samkvæmt þessum upplýsingum er útflutningsverðmæti 30 þús. tonna aluminiumverksmiðju talið 620 millj. kr. á ári. Þegar frá þessu er dreginn allur kostnaður vegna innfluttra hráefna og rekstrarvara, fullar afskriftir, vextir og hagnaður af verksmiðjurekstrinum, er áætlað, að hreinar gjaldeyristekjur af verksmiðjurekstrinum séu 163 millj. kr. á ári að meðaltali fyrstu 15 árin, en á þeim tíma reiknar Swiss Aluminium með því að verksmiðjan verði fullafskrifuð. Fara þessar hreinu gjaldeyristekjur smáhækkandi, eru 144 millj. fyrsta árið, sem verksmiðjan er starfrækt. 178 millj. á 15. starfsári, en 191 millj. á 16. ári, en þá er reiknað með því, að stofnkostnaður verksmiðjunnar hafi verið afskrifaður til fulls. Til viðbótar þessum gjaldeyristekjum mundu koma ýmsar duldar tekjur, þ. á m. á flutningum á hráefni og fullunnum vörum milli landa, en ekki hefur verið unnt að áætla það sérstaklega. Enn fremur mundu Íslendingar hafa verulegar gjaldeyristekjur af byggingu verksmiðjunnar, en Swiss Aluminium hefur áætlað, að þær tekjur muni nema rétt rúmum 400 millj. kr. Fyrir utan duldar tekjur mundu þá hreinar gjaldeyristekjur Íslendinga af byggingu verksmiðjunnar og rekstri hennar fyrstu 15 árin nema samtals 2840 millj. kr. án vaxta.

Gert er ráð fyrir því, að við verksmiðjuna starfi beint 275 manns, þar af 240 verkamenn og iðnaðarmenn. Sé gert ráð fyrir því, að nokkur hópur vinni við ýmis önnur þjónustustörf, er líklegt, að heildarvinnuaflsþörf verksmiðjunnar verði um 300 manns. Hreinar gjaldeyristekjur á vinnandi mann í verksmiðjunni yrðu því um 500 til 550 þús. kr. á ári. Til samanburðar má geta þess, að í sjávarútvegi og fiskiðnaði eru heildarútflutningstekjur á mann um 300 þús. kr. á ári, en hreinar gjaldeyristekjur reiknaðar á sama hátt og hér hefur verið gert ekki hærri en um 200 þús. kr. á mann.

d) Áhrif á innlendan iðnað.

Verði framleiðslu á aluminiummálmi komið á fót hér á landi, skapast um leið tækifæri til þess, að upp komi í landinu ýmiss konar iðnaður, einkum fyrir innanlandsnotkun. Þar sem hér á landi er hvorki til ódýrt timbur eða stál, mundi það verða mjög mikilvægt fyrir Íslendinga að fá slíkt hráefni til iðnaðar sem aluminium, en eins og kunnugt er, hafa aluminium og málmblöndur úr því mikla kosti sem byggingarefni vegna mótstöðu gegn tæringu. Einnig fer notkun þess mjög vaxandi í fiskiðnaði, svo sem í fiskkassa, umbúðir o. fl. Loks má nefna vaxandi notkun aluminiums í yfirbyggingu fiskiskipa. Full ástæða er til þess að ætla, að hér á landi geti þróazt iðnaður í öllum þessum greinum, er haft gæti mikla þjóðhagslega þýðingu. Hefur þetta verið rætt við Swiss Aluminium og fyrirtækið lýst sig reiðubúið til þess að aðstoða íslenzka aðila við að koma upp slíkum iðnaði og jafnvel gerast þátttakendur í honum, ef þess yrði óskað af Íslands hálfu.

e) Framtíðarmöguleikar.

Það hefur verið lögð áherzla á það í þessari skýrslu, að bygging aluminiumverksmiðju af þeirri stærð, sem um hefur verið talað, hafi mikla þjóðhagslega þýðingu, og að ekki megi á þessu stigi málsins binda hendur Íslendinga með við-

skiptalegum skuldbindingum um stækkun hennar. Á hinn bóginn er það mikilvægur þáttur þessa máls, að það má telja víst, að aluminiumframleiðsla hafi mikla vaxtarmöguleika hér á landi, ef Íslendingar telja hagkvæmt að nota þá. Hins vegar er byrjunin alltaf langerfiðust, en eftir að 30 þús. tonna verksmiðja hefur verið byggð af Swiss Aluminium hér á landi, hlýtur samningsaðstaða Íslendinga varðandi frekari stækkun að verða miklu betri en ella. Fari t. d. svo, að þróun annarrar útflutningsframleiðslu verði vegna markaðsástæðna eða af öðrum orsökum hægari en verið hefur, gæti það haft geysimikla þýðingu að hafa aðstöðu til þess að auka aluminiumiðnaðinn í staðinn. Þetta yrði að sjálfsögðu margfalt auðveldara, ef áður hefði verið sigrazt á örðugasta byrjunarhjallanum.

f) Mannaflaþörf.

Athuganir hafa verið gerðar á mannaflaþörf vegna þessara framkvæmda og áhrif þeirra á vinnumarkaðinn. Hér er um tvö aðskilin vandamál að ræða, sem rétt er að ræða hvort fyrir sig. Í fyrsta lagi vinnuaflsþörf vegna byggingar aluminiumverksmiðju og stórvirkjunar, en hins vegar vinnuaflsþörf vegna reksturs verksmiðjunnar.

Eitt mesta vandamálið í þessu sambandi er hin mikla mannaflaþörf til byggingar verksmiðjunnar, en þessar framkvæmdir þurfa báðar að vinnast samhliða. Bygging virkjunarinnar mundi hefjast árið 1965 og verða lokið í árslok 1968. Mannaflaþörf árið 1966 yrði um 300 manns, 340 árið 1967 og 360 árið 1968. Bygging aluminiumverksmiðjunnar mundi hefjast árið 1966, en árið 1967 mundi mannaflaþörfin vegna hennar vera komin upp í 320 manns, en 531 árið 1968. Þetta eru allt hámarkstölur mannafla á þeim hluta byggingartímans, sem framkvæmdir yrðu mestar. Alls yrði hámarks mannaflanotkunin vegna beggja framkvæmdanna 660 á árinu 1967 og 891 á árinu 1968. Eitthvað mundu þessar tölur væntanlega lækka, vegna þess að alltaf vinnur nokkur fjöldi erlendra sérfræðinga að uppsetningu tækja bæði í raforkuveri og verksmiðju. Einkum er líklegt, að þörf verði slíkra sérfræðinga í sambandi við uppsetningu tækja í aluminiumverksmiðjunni. Engu að síður er hér um mjög mikla mannaflaþörf að ræða, og hafa því verið gerðar athuganir á því, hvaða áhrif sé líklegt, að þetta hafi á vinnumarkaðinn. Hafa þessi mál verið athuguð af Efnahagsstofnuninni, en einnig verið rædd við fulltrúa Alþjóðabankans á fundum í júlí s. l.

Niðurstaða þessara athugana er í stuttu máli sú, að hér sé um að ræða vandamál, sem gefa verði mjög nánar gætur, en það eigi að vera fullkomlega leysanlegt, ef tillit er tekið til þess, þegar mörkuð er stefnan í fjárfestingarmálum í heild á næstu fjórum árum. Í fyrsta lagi er á það að benda, að framboð nýs vinnuafls er nú mjög vaxandi, þar sem stórir nýir árgangar vinnuafls koma á vinnumarkaðinn á ári hverju. Þannig er gert ráð fyrir því, að fjölgun karlmanna við atvinnustörf á árunum 1965 til 1968 verði 4242, svo að hámarks vinnuaflsþörf vegna þessara framkvæmda á árinu 1968 yrði um 20% af fjölgun vinnandi karla á næstu fjórum árum. Jafnframt er áætlað, að á þessum árum muni aukning mannafla í byggingariðnaðinum einum nema um 1000 mönnum, en mestur hluti þeirrar aukningar yrði á árunum 1967 og 1968 bundinn í þessum framkvæmdum. Hefur byggingariðnaðurinn hér á landi áreiðanlega áður tekið á sig hlutfallslega stærri álagstoppa en þetta, t. d. þegar Írafossvirkjun og Áburðarverksmiðjan voru í byggingu samtímis árið 1953, svo að ekki sé minnzt á varnarliðsframkvæmdir. Hins vegar má alls ekki treysta því, að þetta vandamál leysist af sjálfu sér, heldur yrði nauðsynlegt að draga úr öðrum stærri framkvæmdum ríkisins í þau tvö ár, sem þessar stórframkvæmdir yrðu í hámarki. Sé áætlunargerð í þessa átt framkvæmd nógu tímanlega, er það skoðun nefndarinnar og fyrrgreindra aðila, að unnt eigi að vera að ljúka þessum stórframkvæmdum, án þess að það valdi atvinnuvegunum erfiðleikum, þannig að þeir hafi of lítið vinnuafl til framkvæmda og reksturs.

Einnig er rétt að benda á í þessu sambandi, að hjá fulltrúum Alþjóðabankans kom fram sú skoðun, að full þörf væri á því að auka atvinnumöguleika hér á landi á næstu árum vegna hinnar öru fjölgunar vinnandi fólks. Ekki mætti láta tímabundinn vinnuaflsskort, sem stafaði af eftirspurnarþenslu, villa sér sýn í þessu efni. Þegar til lengdar léti, yrði það líklega miklu frekar vandamál í íslenzkum efnahagsmálum að sjá öllu vinnandi fólki fyrir nægri og arðbærri atvinnu.

Verður nú vikið að mannaflaþörf til reksturs aluminiumverksmiðjunnar, en hún ætti að valda litlum vandkvæðum. Eins og áður segir, þarf verksmiðjan á að halda 300 manna starfsliði, sem er minna en mörg íslenzk fyrirtæki nú hafa í þjónustu sinni og aðeins um 6—7% af fjölgun vinnandi karla á næstu fjórum árum. Þegar haft er í huga, hve mikil verðmæti og gjaldeyri vinna þessara manna mundi færa í þjóðarbúið, er vandséð, hvort hægt yrði að finna þeim jafn arðbær verkefni nokkurs staðar annars staðar í atvinnulífinu. Hér er auk þess ekki um að ræða faglærða menn, nema að litlum hluta, heldur fyrst og fremst ófaglærða menn, sem verksmiðjan mundi þjálfa til sérstakra starfa á svipaðan hátt og átt hefur sér stað í Áburðarverksmiðjunni og Sementsverksmiðjunni.

g) Áhrif á lántökumöguleika.

Ein þeirra spurninga, sem hljóta að vakna í þessu máli, er, hver áhrif hinar miklu lántökur, sem nauðsynlegar eru til stórvirkjunar, mundu hafa á tækifæri Íslendinga til þess að fá lán til annarra framkvæmda. Nefndin hefur reynt að athuga þetta mál eftir föngum, og hefur það m. a. verið rætt við fulltrúa Alþjóðabankans. Hafa þessar umræður leitt til þeirrar almennu niðurstöðu, að lántökur til Búrfellsvirkjunar, er seldi raforku til aluminiumverksmiðju samkvæmt bindandi sölusamningi til margra ára, mundi ekki takmarka aðgang annarra atvinnuvega þjóðarinnar að erlendu lánsfé miðað við það, sem ella mundi vera.

Meginrökin fyrir þessari skoðun eru þau, að verksmiðjan mundi skapa þjóðarbúinu tekjur í erlendum gjaldeyri langt umfram það, sem þyrfti til endurgreiðslu á vöxtum og afborgunum af lánum til virkjunarinnar. Þessar tekjur mundu auk þess að nokkrum hluta verða í formi samningsbundinnar skuldbindingar af hálfu mjög trausts erlends fyrirtækis, en sú skuldbinding mundi að nokkru leyti standa sem trygging fyrir þeim lánum, sem Íslendingar mundu taka til virkjunarinnar. Væri því að verulegu leyti verið að nota lánstraust hins erlenda fyrirtækis, en ekki eingöngu Íslendinga sjálfra í þessu sambandi.

Enn fremur er á það að benda, að jafnvel þótt ekki væri farið út í byggingu aluminiumverksmiðju, þyrftu Íslendingar að taka stórar fjárhæðir að láni erlendis til virkjana næstu tíu árin. Ætti að ráðast í Búrfellsvirkjun án byggingar aluminiumverksmiðju mundi stofnkostnaður ekki verða að ráði minni, svo að lánsfjáröflun erlendis yrði mjög erfið og líklega ekki framkvæmanleg, nema beint á kostnað fjáröflunar til annarra hluta. Verði farið út í smávirkjanir, yrðu lántökuvandamálin vafalaust ekki eins erfið, þar sem lántökurnar mundu dreifast á fleiri ár, en til lengdar yrði lánsfjárþörfin meiri en ekki minni, þar sem rekstrarafkoma raforkukerfisins yrði þá stórum lakari.

Í rauninni liggur mjög nærri að halda því fram, að það muni stórauka traust Íslendinga út á við og þar með möguleika þeirra til að fá lán til arðbærra framkvæmda, ef nýjum stoðum yrði rennt undir gjaldeyrisöflun þeirra með byggingu aluminiumverksmiðju og Alþjóðabankinn sýnir þeim það traust að veita þeim lán til svo stórbrotinna framkvæmda, sem hér um ræðir.

h) Staðsetning verksmiðjunnar.

Nefndin hefur frá upphafi lagt áherzlu á að kanna hvort unnt mundi að staðsetja aluminiumverksmiðju við Eyjafjörð vegna þeirrar miklu þýðingar, sem það mundi hafa fyrir þróun byggðarinnar þar. Hafa í þessu skyni verið gerðir rækilegir útreikningar á því, hvaða viðbótarkostnað sú leið mundi hafa í för með sér fyrir

Íslendinga, en auk þess hefur verið lögð áherzla á það í viðræðum við Svisslendingana, að þeir könnuðu til hlítar allar aðstæður við Eyjafjörð og möguleika á staðsetningu þar. Niðurstöður þessara athugana er að finna bæði í II. kafla hér að framan og í fylgiskjali I, 5.

Rétt er að skipta þessu vandamáli í tvennt, annars vegar viðbótarkostnað, sem Íslendingar mundu væntanlega bera sjálfir, en hins vegar viðbótarkostnað, er mundi falla á Swiss Aluminium.

Viðbótarkostnaður Íslendinga mundi fyrst og fremst fólginn í því að leggja þyrfti mjög öfluga háspennulínu frá Búrfelli til Eyjafjarðar, en auk þess byggja varastöð vegna áhættu af línubilunum og rekstrartruflunum í orkuveri. Þessi útgjöld yrðu að koma samtímis virkjuninni sjálfri, og er áætlað, að þau mundu hækka stofnkostnað í upphafi um 425 millj. kr. Á móti kemur, að hafnir og önnur aðstaða nyrðra yrðu um 25 millj. kr. ódýrari en á Suð-Vesturlandi, svo að munurinn á stofnkostnaði í upphafi fyrir Íslendinga yrði um 400 millj. kr. Öflun svo mikils fjár til viðbótar því, sem ella mundi þurfa, hlyti að vera stórkostlegum erfiðleikum bundin, og því bendir allt til þess, að Alþjóðabankinn og aðrir lánveitendur mundu verða mjög tregir til að hækka lán sín í þessu skyni, enda mundi allur afrakstur framkvæmdarinnar verða minni. Til þess að þessi leið komi til greina, mundi bæði þurfa að koma til af Íslands hálfu stóraukin stofnframlög til virkjunarinnar og hærra raforkuverð.

Um helmingur þessa aukna stofnkostnaðar í upphafi mundi vinnast upp nokkrum árum síðar í sambandi við varastöðvar og vegna þess, að línan norður yrði þegar fyrir hendi. Sé hins vegar þessi kostnaðarauki lagður á raforkukerfið, kemur í ljós, að rekstrarafkoma þess að meðtöldum vöxtum fyrstu 15 árin mundi verða um 655 millj. kr. lakari heldur en ef aluminiumverksmiðjan yrði staðsett á Suð-Vesturlandi. Á móti koma um 80 millj. kr. vegna hafnar o. fl., ef ekki er reiknað með meiri tekjum af höfninni í Straumsvík en á Gáseyri, og yrði þá heildarmismunur um 575 millj. kr. á tímabilinu.

Um áætlanir Swiss Aluminium er það að segja, að þeir komast að þeirri niðurstöðu, að það muni kosta þá 169 millj. kr. meira í stofnkostnað, ef þeir staðsettu verksmiðjuna við Eyjafjörð. Nefndin hefur látið endurskoða þessa áætlun og telur hana eindregið of háa, svo að þessi mismunur muni ekki vera meiri en 50—100 millj. kr., eftir því hvort hreinsun á flúorgösum þarf á Suð-Vesturlandi eða ekki. Hitt liggur hins vegar fyrir, að hið svissneska fyrirtæki kýs miklum mun heldur að vera á Suð-Vesturlandi og er nokkurn veginn ljóst, að það muni fara fram á sérstök fríðindi í sköttum eða raforkuverði, ef setja á verksmiðjuna niður við Eyjafjörð. Það er því hætt við, að við staðsetningu þar mundi einnig nokkur hluti þessa kostnaðar falla á Íslendinga beint eða beint.

VI. KAFLI

Lokaorð.

Stóriðjunefnd er þeirrar skoðunar, að viðræður sem fram hafa farið að undanförnu, bæði við Swiss Aluminium og Alþjóðabankann, bendi eindregið til þess, að nú sé tækifæri til þess að taka upp samninga um byggingu stórvirkjunar og aluminiumverksmiðju hér á landi, er geti haft stórkostlega þjóðhagslega þýðingu fyrir Íslendinga. Margt bendir til þess enn fremur, að í því væri fólgin mikil áhætta fyrir Íslendinga, ef þetta tækifæri til þess að nota orku íslenzkra fallvatna í stórum stíl yrði ekki notað. Samkeppnin frá öðrum þjóðum og öðrum orkugjöfum bendir alls ekki til þess, að slík tækifæri mundu bjóðast aftur á næstu árum.

Nefndin er einnig þeirrar skoðunar, að binda eigi öll réttindi og skyldur hins svissneska fyrirtækis hér á landi í sérstökum samningi, er ekki opni öðrum erlendum fyrirtækjum leið inn í íslenzkt atvinnulíf án vilja Íslendinga. Þær viðræður, sem fram hafa farið, benda til þess, að grundvöllur slíkra samninga geti verið fyrir

hendi, en í þeim ætti að leggja á það mikla áherzlu, að hið erlenda fyrirtæki geri bindandi samning um orkukaup og taki þannig á sig alla hina viðskiptalegu áhættu.

Æskilegt er, að slíkir samningar feli í sér sem minnstar skuldbindingar varðandi stækkun aluminiumverksmiðjunnar í framtíðinni, þannig að áframhaldandi þróun þessa iðnaðar fari eingöngu eftir reynslu Íslendinga af þessum fyrsta áfanga og efnahagslegum hagsmunum Íslendinga í framtíðinni. Ef vel tekst, getur þetta orðið upphaf stórs atvinnuvegar, er geti orðið ein af undirstöðum bættrar lífsafkomu á Íslandi í framtíðinni, en aldrei ætti að geta tekizt miður en svo, að bygging þessarar fyrstu aluminiumverksmiðju geri Íslendingum kleift að nema ný lönd í raforkumálum og hefja stórvirkjanir íslenzkra fallvatna.

Verði ákvörðun tekin um það á næstunni, að upp verði teknir beinir samningar við Swiss Aluminium og Alþjóðabankann, er ráð fyrir því gert, að slíkum samningum megi ljúka vorið 1965. Mundu þá virkjunarframkvæmdir geta hafizt þá um haustið, en Búrfellsvirkjun taka til starfa seint á árinu 1968. Bygging aluminiumverksmiðju mundi væntanlega hefjast á árinu 1966 og ljúka samtímis virkjuninni.

Fylgiskjal I, 1.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Greinargerð um rannsóknir til undirbúnings virkjana á Suð-Vesturlandi og Norðurlandi.

I. Almennt.

Ætlunin er að gera grein fyrir þeim virkjunarrannsóknum, sem fram hafa farið á undanförnum árum á Suð-Vesturlandi og Norðurlandi, og þá fyrst og fremst þeim rannsóknum, sem beinlínis varða valið á næsta virkjunarstað í þessum landshlutum.

Virkjunarrannsóknir miða, sem kunnugt er, að því að afla þeirrar vitneskju, sem nauðsynleg er talin til að meta rétt aðstöðu til vatnsaflsvirkjunar á tilteknum stað eða svæði, til að hanna virkjunarmannvirki á þann hátt sem hagkvæmastur má teljast og til að gera trausta kostnaðaráætlun um virkjunarframkvæmdirnar.

Raforkuver starfa nú á tímum yfirleitt ekki ein sér, heldur senda að jafnaði mörg orku sína inn á sameiginlegt veitukerfi. Vatnsorkuver á sama vatnasviði nota auk þess að meira eða minna leyti sama vatnið, þannig að þau, sem neðar standa við árnar, fá vatnið að nokkru leyti frá hinum efri. Slík orkuver eru, ef svo má að orði komast, samtengd bæði vatnsmegin og raforkumegin. Gerð og tilhögun eins slíks orkuvers verður því ekki ákveðin svo vel sé, nema jafnframt sé höfð hliðsjón af hinum. Af þessu leiðir, að þegar gerð er áætlun um raforkuver í vatnakerfi eins og t. d. Þjórsá með þverám, verður jafnframt að hafa í huga önnur væntanleg orkuver á svæðinu, sem síðar koma. Það er m. ö. o. nauðsynlegt að gera sér nokkra grein fyrir heildarvirkjun vatnakerfisins jafnframt því, sem fyrsta virkjunin er ákveðin. Það fer mjög eftir staðháttum, hversu náin slík tengsl einstakra orkuvera verða og að hve miklu leyti eitt verður ákveðið án tillits til hinna.

Þetta, sem nú var nefnt, leiðir til þess, að þegar vatnasvið eins og t. d. Þjórsársvæðið er tekið til rannsóknar, þarf tvennt að gera að meira eða minna leyti samtímis: (1) að afla yfirlitsþekkingar á vatnasviðinu í heild til þess að gera sér grein fyrir, hvernig heildarnýtingu þess verði bezt hagað, og (2) að rannsaka einstaka virkjunarstaði. Skilin milli slíkrar yfirlitsrannsóknar heilla vatnakerfa og sérrannsókna einstakra virkjunarstaða eru þó hvergi nærri skörp. Í megindráttum eru yfirlitsrannsóknirnar frumrannsóknir en sérrannsóknirnar ítarlegri og nákvæmari.

Virkjunarrannsóknir á þeim svæðum, sem hér um ræðir, hafa verið fastur liður í starfi raforkumálastjórnarinnar um mörg undanfarin ár. Þær hafa að langmestu leyti verið bundnar við eftirtalin vatnasvið:

Á Suð-Vesturlandi: Þjórsársvæðið.
Hvítársvæðið (í Árnessýslu).
Á Norðurlandi: Laxársvæðið í S-Þingeyjarsýslu.
Jökulsársvæðið á Fjöllum.

Þessi fjögur vatnasvið hafa að geyma um 55—60% af öllu vatnsafli landsins, að því er nú er talið. Til viðbótar þeim hafa nokkrir einstakir virkjunarstaðir utan þeirra verið rannsakaðir meira og minna, eins og nánar er skýrt frá hér á eftir.

Rannsóknunum hefur í megindráttum verið hagað þannig, að byrjað var á yfirlitsrannsóknum og frumrannsóknum á mörgum virkjunarstöðum, en hin síðari ár hefur vaxandi áherzla verið lögð á sérrannsóknir álitlegustu virkjunarstaðanna, sem suma hverja hefur þurft að rannsaka mjög nákvæmlega af jarðfræðilegum ástæðum, svo sem virkjunina við Búrfell. Yfirlitsrannsóknunum hefur þó jafnframt verið haldið áfram á síðari árum eftir því sem fé og mannafli hefur leyft að gera jafnhliða sérrannsóknunum. Þær eru nú það langt komnar, að áætlanir um álitlegustu staðina, svo sem Búrfellsvirkjun í Þjórsá, Brúarvirkjanir í Laxá, Dettifossvirkjun í Jökulsá o. fl. eru taldar nægilega traustar. Nauðsyn ber þó til að halda þessum yfirlitsrannsóknum áfram, ef unnt á að vera að tryggja frá upphafi sem hagkvæmasta heildarnýtingu vatnasvæðanna og þar með sem mestan afrakstur þess fjármagns, sem lagt er í virkjanir á þeim.

Við rannsóknir undanfarinna ára hafa bæði verið hafðar í huga virkjanir vegna þarfa almennra raforkunotenda í landinu í framtíðinni og eins möguleikarnir á nýtingu hinnar miklu vatnsorku landsins til stóriðju. Á sumum virkjunarstöðum hafa bæði sjónarmiðin komið til greina; á öðrum aðeins annað þeirra.

Alls hafa verið teknir til meiri eða minni athugunar í rannsóknum þessum:

Á Þjórsársvæðinu	19	staðir
– Hvítársvæðinu	18	—
– Jökulsársvæðinu	3	—
– Laxársvæðinu	7	—
– öðrum svæðum	5	—
Alls	52	staðir

Auk orkuvera eru hér meðtalin meiri háttar veitu- og miðlunarmannvirki. Sumir þessara staða útiloka þó hvor annan, þ. e. um mismunandi tilhögun á virkjun sömu fallhæðar og rennslis er að ræða.

Á mörgum þessara staða voru rannsóknirnar takmarkaðar við frum- og yfirlitsathuganir, en þær voru svo notaðar sem grundvöllur undir úrval á virkjunarstöðum til frekari rannsókna. Kostnaðaráætlun var gerð um virkjun á 33 þessara staða, og á grundvelli þeirra var enn valið úr stöðunum. Á þennan hátt voru valdir alls 8 virkjunarstaðir, sem taldir voru koma til álita og samanburðar fyrir næstu virkjanir suðvestanlands og norðanlands, og þeir rannsakaðir nákvæmlega. Í næsta kafla þessarar greinargerðar eru þessir staðir taldir og lýst í megindráttum niðurstöðum rannsóknanna á þeim. Í þar næsta kafla er nokkuð minnzt á þá staði, sem gerðar hafa verið áætlanir um, en ekki þóttu koma til álita að þessu sinni, þ. e. fyrir næstu virkjun.

Um eitt vatnasvæðanna, Jökulsársvæðið á Fjöllum, skal þess getið, að áherzla var lögð á að fá traustá áætlun um virkjun í Jökulsá í samræmi við svohljóðandi ályktun, sem Alþingi samþykkti hinn 22. marz 1961:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár á Fjöllum og athugun á hagnýtingu orkunnar til framleiðslu á útflutningsvöru, og úrræðum til fjáröflunar í því sambandi.“

Áður en þessi ályktun var samin hafði raforkumálastjórnin fyrir alllöngu hafið almenna rannsókn á Jökulsársvæðinu, en eftir samþykkt hennar var rannsóknum þessum fyrst og fremst beint að því að finna hentugan virkjunarstað fyrir stóriðju. Sýndi sig þá fljótlega, að í Jökulsá kom Dettifoss einn til greina, og voru rannsóknirnar eftir það bundnar við hann að langmestu leyti.

Á síðari árum, eftir að kleift varð að bora mun dýpra eftir jarðhita en áður tíðkaðist hér landi, hafa raunhæfir möguleikar skapazt á að nýta jarðhita til raforkuvinnslu. Því þótti rétt að rannsaka einnig aðstæður til virkjunar jarðhita, áður en næstu virkjanir yrðu ákveðnar. Ýmis jarðhitasvæði voru athuguð. Varð niðurstaðan sú, að einungis tvö þeirra, Hengilsvæðið og Krýsuvíkursvæðið, voru talin koma til greina fyrir næstu virkjun. Voru rannsóknarboranir og ýmsar fleiri athuganir gerðar á þeim báðum. Við þær rannsóknir sýndi það sig fljótlega, að Hengilsvæðið hafði ótvíræða yfirburði yfir Krýsuvík í þessu tilliti. Eftir það var jarðhitarannsóknunum eingöngu beint að Hengilsvæðinu og áætlanir hafa verið gerðar um jarðgufuorkuver í suðurhluta þess, norðan við Hveragerði.

II. Helztu virkjunarstaðir.

Átta virkjunarstaðir þóttu koma til álita, eftir að alls 52 staðir höfðu verið athugaðir, auk jarðgufustöðvar í Hveragerði, eða 9 staðir alls. Um alla þessa staði hafa verið gerðar ítarlegar kostnaðaráætlanir. Auk þess hefur Andakílsárvirkjun látið gera áætlun um einn virkjunarstað, Kláffoss í Hvítá í Borgarfirði. Sú áætlun bendir til, að um álitlega virkjun þar geti verið að ræða, er geti komið til samanburðar við þá staði suma, er raforkumálastjórnin hefur látið rannsaka. Tafla 1 sýnir ráðgerða virkjunarstærð, áætlaða örugga orkuvinnslugetu, áætlaðan virkjunarkostnað (án orkuflutningsmannvirkja, en kostnaður þeirra er fyrst og fremst kominn undir staðsetningu virkjunarinnar miðað við notkunina), stofnkostnað á afleiningu og orkuverð miðað við fullnýtta orkuvinnslugetu á þessum tíu stöðum. Á nokkrum stöðum er fleiri en ein tilhögun tilgreind, einkum ef um mismikið virkjað afl getur verið að ræða; að öðru leyti er einungis hagkvæmasta virkjunartilhögunin á hverjum stað tekin með.

Tekið skal fram, að tollar og aðflutningsgjöld eru hvergi meðtalin í stofnkostnaði. Stofnkostnaðartölurnar myndu hækka um rúm 20%, ef tollunum er bætt við.

Orkuverðið er byggt á árlegum útgjöldum, er nema 10% stofnkostnaðar vatnsaflsstöðvanna og 15% af stofnkostnaði jarðhitastöðvanna.

Sem dæmi upp á kostnað við flutningsvirki, þ. e. spennistöðvar og háspennulínur, má nefna, að flutningsvirki frá 105 MW Búrfellsvirkjun til Faxaflóa eru áætluð á 180 millj. kr. og frá 210 MW virkjun 217 millj. kr. Flutningsvirki frá 133 MW Dettifossvirkjun til Eyjafjarðar áætlast kosta 165 millj. kr., og er þá miðað við eina háspennulínu í báðum tilfellum.

Þess er loks að geta, að sérstök áherzla hefur verið lögð á rannsókn eftirtalinna virkjunarstaða: Búrfell, Dettifoss, Hestvatn, Efstidalur, Laxá við Brúar og Hveragerði. Auk þess hafa forráðamenn Andakílsárvirkjunar látið gera ágæta áætlun um virkjun Kláffoss.

III. Aðrir virkjunarstaðir.

Hér að framan hafa aðeins verið ræddir þeir virkjunarstaðir, tíu alls, sem að undangengnu úrvali hafa þótt koma til álita fyrir næstu virkjanir. Af eðlilegum ástæðum hafa þessir staðir hlotið rækilegasta athugun. Sem fyrr segir hafa margir

fleiri verið kannaðir meira og minna. Sú rannsókn var nauðsynleg forsenda fyrir úrvali hinna og jafnframt liður í yfirlitsrannsókn þessara fjögurra þýðingarmiklu vatnasvæða.

Tafla 2 gefur yfirlit yfir þá af þessum virkjunarstöðum, sem kostnaðaráætlanir hafa verið gerðar um. Áætlanir þessar eru sumar hverjar lauslegar, þar sem um frumrannsókn er að ræða. Enn fremur eru þær gerðar á mismunandi tíma og verðlag því ekki sambærilegt. Af þessum sökum hefur ekki þótt ástæða til þess að geta um niðurstöðutölur hér.

Úrval hinna framangreindu níu virkjunarstaða fór sumpart fram á grundvelli þessara samanburðaráætlana. Í nokkrum tilvikum sýndu frumrannsóknirnar, að um svo örðugar virkjunaraðstæður var að ræða, að eigi myndi vinnast tími til fullnaðarrannsóknar á viðkomandi stað, áður en taka þyrfti ákvörðun um næstu virkjun, og var því staðurinn útilokaður að þessu sinni af þeim sökum, og ýmsar fleiri orsakir komu einnig til, svo sem rakið er í töflu 2.

Varðandi þá staði, sem ekki eru taldir í töflum 1 og 2, en eru meðal þeirra 52 sem athugaðir hafa verið, skal þess getið, að auk þess sem þar er um að ræða valkosti, sem af margvíslegum ástæðum hafa þótt óhentugri en aðrir og því verið útilokaðir, er einnig um að ræða nokkur meiri háttar miðlunarmannvirki til rennslisjöfnunar í Þjórsá, Hvítá, Jökulsá og Laxá, er koma munu mörgum virkjunum í hverri á til góða. Óhjákvæmilegt er að rannsaka aðstæður til miðlunar þegar í upphafi sem lið í yfirlitsrannsókn svæðanna, enda þótt ljóst kunni að vera, að sökum kostnaðar komi ekki til greina að gera ýmis þessara miðlunarvirkja fyrr en með síðari virkjunum. Loks eru nokkrir virkjunarstaðir, sem lausleg athugun sýndi, að ekki kæmu til greina fyrr en síðar.

IV. Lokaorð.

Greinargerðir og skýrslur um þær virkjunarrannsóknir, er hér ræðir um, svo og áætlanir og teikningar, eru orðnar mjög umfangsmiklar og fylla þegar hillur. Er ekki hægt að láta þær fylgja þessu yfirliti, heldur verður að leita til þeirra sem frumgagna, þegar á þeim þarf að halda.

Rannsóknir þær, er um ræðir, hafa farið fram á vegum raforkumálastjórnarinnar allt frá því á árinu 1947. Frá þeim tíma til loka síðastliðins árs hefur verið til þeirra varið samtals um 80 millj. króna, og er þá áætlun um jarðhitaorkuver meðtalin. Mjög verulegur hluti rannsóknarkostnaðarins fellur þó á síðustu 5—6 árin.

Þess er að framan getið, að rannsóknirnar hafa í senn beinzt að virkjunum til að fullnægja raforkuþörf almennings í landinu og að möguleikum til nýtingar vatnsaflsins til stóriðju. Það er áður vitað og kemur enn betur í ljós við nánari athugun, að þetta tvennt getur orðið mjög samantvinnað hér á landi svo sem víða annars staðar, og rannsóknir á þessum tveimur sviðum verða ekki skildar alveg að.

Rannsóknir undanfarinna ára hafa og sýnt það, sem raunar var að nokkru vitað áður, að vegna jarðfræðilegra staðhátta og sérkennilegs veðurfars eru virkjunaraðstæður erfiðari og virkjunarstaðhættir viðsjárverðari hér á landi en í nágrannalöndum, svo sem Noregi og Svíþjóð. Virkjunarundirbúningur hér krefst því í vissum efnum flóknari og umfangsmeiri rannsókna en annars staðar. Þannig getur t. d. komið í ljós, að á fyrirhuguðu stíflustæði, sem er að öðru leyti í alla staði álitlegt, sé 70—80 m þykkt hraun í mörgum lögum með vikri og sandi á milli, svo að aðeins eitt dæmi sé nefnt.

Virkjunarrannsóknir hér á landi eru því bæði kostnaðarsamar og tímafrekar. Veitir þannig ekki af að nota tímann vel á milli virkjunarframkvæmda til almennra og staðbundinna rannsókna.

Kostnaður nokkurra virkjana á Suðvesturlandi og Norðurlandi.

Vatnasvið	Virkjun	Ráðgerð stærð MW	Örugg ársorka GWh	Stofnkostnaður vinnsluvirkja Mkr	Stofnkostnaður vinnsluvirkja Kr/kw	Orkuverð við stöðvar-vegg au/kwh (1	Tilgangur virkjunar
Þjórsársvæðið	Búrfell 1. áfangi	105	850	870	8300	10,3	Stóriðja og alm. notk.
"	" 1. áfangi	70	570	735	10500	12,9	Almenn notkun
"	" fullv.	210	1635	1400	6700	8,6	Stóriðja og alm. notk.
"	" fullv.	180	1450	1335	7400	9,2	" " " "
Hvítársvæðið	Hestvatn	40	200	765	19100	38,3	Almenn notkun
"	Efstidalur(Brúará)	22	160	285	12900	17,7	" "
"	Tungufell	100	740	1100	11000	14,9	Stóriðja og alm. notk.
"	Sandárver	100	510	1050	10500	20,6	" " " "
Jökulsársvæðið	Dettifoss	133	1050	1180	8900	11,2	Stóriðja og alm. notk.
"	Vígabergsfoss	116	985	1630	14000	16,6	" " " "
Laxársvæðið	Brúar 1. áfangi	19	128	230	12100	18,0	Almenn notkun
"	" 2. áfangi	19	8	150	8000	190,0	" "
"	" 3. áfangi	38	142	110	2900	7,8	" "
"	" fullv.	76	278	490	6500	17,7	" "
Hengil-svæðið	Hveragerði	30	240	268	9000	16,7	Almenn notkun
Hvítá í Borgarf.	Kláffoss	13	85	130	10000	15,3	Almenn notkun

1) Verðið er miðað við 10% rekstursкostnað á vatnsvirkjunum og 15% á jarðgufuvirkjuninni.

Tafla 2. Yfirlit yfir nokkra virkjunarstaði, sem rannsakaðir hafa verið, en ekki þykja koma til greina að sinni.

Vatnasvið	Virkjun	Ráðgerð stærð MW	Helztu ástæður, sem útilokuðu virkjun að sinni
Þjórsá	Þórisvatnsvirkjun	120	Örðugar jarðfræðilegar aðstæður. Virkjun vatnsins með Tungnaá hagkvæmari.
	Tungnaárkrókur	52	Örðugar jarðfræðilegar aðstæður. Tímafrekar rannsóknir.
	Hrauneyjafoss	84	Örðugar jarðfræðilegar aðstæður. Tímafrekar rannsóknir.
	Urriðafoss	80	Mjög alvarlegar ístruflanir. Aðrir staðir hagkvæmari.
	Fossá	50	Dýr virkjun.
Hvítá í Árness.	Bláfellsvirkjun	124	Fullnægjandi rannsókn illframkvæmanleg.
	Ábóti	38	Aðrar virkjanir við Bláfell hagkvæmari.
	Fremstaver	40	Aðrar virkjanir við Bláfell hagkvæmari.
Brúará	Kálfárvirkjun	3	Efstadalsvirkjun er hagkvæmari og hún útilokar þessar virkjanir vegna staðhátta.
	Hrútárvirkjun	5.5	
	Vallárvirkjun	10	
	Dynjandi	6	Lítil virkjun og óhagkvæm.
	Fullsælsvirkjun	3.5	Lítil virkjun og óhagkvæm.
Ytri-Rangá	Árbæjarfoss	4.5	Lítil virkjun og óhagkvæm.
Eystri-Rangá	Tungufoss	5	Lítil virkjun og óhagkvæm.
Botnsá	Hvalvatn	30	Of lítil orkuvinnslugeta. Kæmi til greina sem topp- og varastöð, en stenzt ekki samanburð við gashverfilsamstæður.
Svartá, Skag.	Reykjafoss	3.5	Í rannsókn.
	Krýsuvík	Óákv.	Hveragerði reyndist hentugri staður fyrir jarðgufustöð.

Fylgiskjal I, 2.

STÓRIÐJUNEFND

Virkjun Þjórsár við Búrfell og Jökulsár við Dettifoss til raforkuvinnslu fyrir aluminiumbræðslu.

Stóriðjunefnd hafa fyrir nokkru borizt lokaáætlanir þær, sem gerðar voru á vegum raforkumálastjórnarinnar á s. l. ári um virkjanir í Jökulsá og Þjórsá fyrir aluminiumvinnslu. Fer hér á eftir nokkur samanburður á þessum áætlunum, en þær eru gerðar af ameríska verkfræðingafirmanu Harza Engineering Company International.

Gerð mannvirkja.

Áætlunin um virkjun Jökulsár gerir ráð fyrir stíflu, tæpum 2 km fyrir ofan Dettifoss. Frá henni liggja tvenn lóðrétt þrýstivatnsgöng í vesturbakka árinnar niður í stöðvarhúsið, en í því eru fjórar 33.3 MW vélar, sem skila vatninu rétt fyrir neðan Hafragilsfoss, um 4 km löng frárennslisgöng. Fallhæðin er 125 m.

Í áætluninni um virkjun Þjórsár er reiknað með stíflu, tæpum 6 km fyrir ofan Tröllkonuhlaup. Við það myndast lón vestan við ána, og er vatnið leitt um lónið og skurði að inntaki við Sámsstaðamúla. Frá inntakinu liggja þrenn þrýstivatnsgöng lóðrétt niður í stöðvarhúsið, sem í eru sex 30 MW vélar, en þaðan liggja 1.6 km löng frárennslisgöng undir Sámsstaðamúla yfir í Fossá. Fallhæðin er 118 m.

Í hvorugri áætluninni er gert ráð fyrir vatnsmiðlun, sem heitið getur, og eru því báðar virkjanirnar miðaðar við lítið rennsli. Ástæðan er sú, að miðlanir mundu hækka orkuverðið til aluminiumvinnslu um of, nema jafnframt væri virkjað allt að 400 MW afl í annarri hvorri ánni, en þá er komið út fyrir þau mörk, sem til umræðu eru. Þetta er bagalegt, því virkjanir í jökulám okkar hljóta að eiga í íserfiðleikum, ef ekki koma til miklar vatnsuppistöður. Hagkvæmasta lausnin á þessu vandamáli er talin vera varastöðvar. Þeim má koma upp á ódýran hátt eða fyrir um 4000 kr/kW, að tollum frátöldum, en óhjákvæmilega hækka þær orkuverðið nokkuð í byrjun. Á móti kemur að vatnsorka jökulánna verður ekki í framtíðinni nýtt á skynsamlegan hátt án toppstöðva, og geta þá varastöðvarnar unnið sem slíkar auk þess sem þær hafa ýmsa kosti varðandi orkuflutning, bilanir o. fl.

Rétt er að geta þess hér, að í áætluninni um virkjun Þjórsár er bent á, að nokkur vatnsmiðlun í Þórisvatni, sem síðar yrði hluti af frekari miðlun, mundi geta dregið verulega úr hættunni á ístruflunum. Slík byrjunarframkvæmd við Þórisvatn, sem gerir ráð fyrir að vatninu verði veitt yfir í Tungnaá, áætlast kosta 65 millj. kr., að tollum frátöldum.

Af ástæðum, sem síðar verður greint frá, gerir áætlunin um virkjun Jökulsár ráð fyrir, að raforkan verði afhent með 161 og 69 kV spennu við vestanverðan Eyjafjörð, nokkru fyrir norðan Akureyri, en áætlunin um virkjun Þjórsár, að hún verði afhent með 230 og 138 kV spennu í námunda við Reykjavík. Báðar áætlanirnar reikna með, að tvær háspennulínur geti orðið nauðsynlegar, sérstaklega á Norðurlandi, því þar eru línustæðin að hluta í óbyggðum, sem e. t. v. verður ekki komizt í dögum saman, auk þess sem ísing á línum getur orðið mikil. Fyrir sunnan eru aðstæður í þessum efnum ólíkt betri og kemur því ein lína til álita þar, en engu að síður skal í þessum samanburði reiknað með tveimur línum í báðum tilfellum.

Framangreindar virkjanir eru að jafnaði nefndar Dettifossvirkjun og Búrfellsvirkjun og verður þeim nöfnum haldið hér.

Afl og orka.

Aluminiumbræðslur eru nú yfirleitt byggðar í 60 MW einingum, sem hver samsvarar allt að 30 þús. tonna vinnslu af aluminium á ári. Þegar um minnstu bræðslur er að ræða, er stundum ráðizt í hálfar einingar, en þó því að eins að séð verði fram á, að afla megi fljótlega raforku, á samkeppnisfæru verði, til síðari hluta einingarinnar.

Það má teljast nær útilokað, eins og nú horfir, að aluminiumbræðsla verði byggð hér á landi ef verðið er hærra en 30 au/kWh, og raunar er mjög líklegt að það verði að vera lægra vegna samkeppninnar frá öðrum löndum. Af áætluninni um Dettifossvirkjun má þá sjá, að minni virkjun en 100 MW kemur ekki til greina. Á hinn bóginn er stærri virkjun en rúm 130 MW ekki möguleg án miðlunar, og skortir þegar við þessa stærð nokkuð á, að virkjunin geti látið allt aflið stöðugt af hendi, en þess er krafizt við aluminiumvinnslu. Afl virkjunarinnar var því valið 133 MW. Með tilliti til þess hvað hinn almenni raforkumarkaður á Norður- og Austurlandi er lítill, eða nú um 16 MW, verður ein 60 MW bræðslueining þá ónóg og yrði að reikna með a. m. k. 1½ einingu í byrjun, sem síðar mætti stækka í tvær einingar. Þá eru eftir 13 MW til annarra þarfa.

Stærsta virkjun, sem ráðizt verður í við Búrfell án miðlunar, er 180 MW og var sú stærð valin. Þetta samsvarar tveimur bræðslueiningum og 60 MW til annarra nota, eða einni einingu og 120 MW í afgang. Vegna þess hvað hinn almenni raforkumarkaður á Suðurlandi er stór, eða nú um 90 MW, geta báðar leiðirnar komið til greina og er því hér um frjálsara val að ræða en fyrir norðan.

Samkvæmt áætlunum er sú árlega forgangsorka, sem virkjanirnar geta látið í té á afhendingarstað, þ. e. a. s. að töpum og stöðvarnotkun frádreginni, eins og sýnt er á 1. töflu, sem einnig sýnir þá orku, sem fæst ef allar vélarnar eru ekki settar niður í byrjun (GWh=millj.kWh).

1. tafla.

	Dettifoss		Búrfell		
	3-vélar	4-vélar	4-vélar	5-vélar	6-vélar
Forgangsorka GWh/ári	775	1000	955	1180	1400

Þessu til viðbótar kemur nokkur afgangsorka, en ekki hefur verið reiknað út hverju hún kynni að nema.

Stofnkostnaður.

Stofnkostnaður virkjananna í millj. kr. áætlast, eins og sýnt er í 2. töflu, sem einnig nær til kostnaðarins, ef allar vélarnar eru ekki settar niður í byrjun:

2. tafla.

	Dettifoss		Búrfell		
	3-vélar	4-vélar	4-vélar	5-vélar	6-vélar
Stofnkostnaður orkuvers Mkr	1010	1050	1090	1150	1190
Stofnkostnaður aðalorkuveitu Mkr ..	220	230	275	290	290
Stofnkostnaður alls Mkr	1230	1280	1365	1440	1480
Aflkostnaður kr/kW	12300	9600	11400	9600	8200
Orkukostnaður kr/árskWh	1.59	1.28	1.43	1.22	1.06

Sé aðeins reiknað með einni háspennulínu, lækkar stofnkostnaður Dettifossvirkjunar um tæpar 80 Mkr, en Búrfellsvirkjunar um rúmar 110 Mkr.

Í framangreindum áætlunum eru tollar ekki meðtaldir, en þeir mundu hækka tölurnar um rúm 20%. Að öðru leyti er allur kostnaður innifalinn og þá einnig vextir á byggingartíma, en áætlað er að unnt sé að byggja hvora virkjunina sem er á þremur árum, ef nægilegt vinnuafl er fyrir hendi.

Rekstrarkostnaður og orkuverð.

Árlegur rekstrarkostnaður, annar en vextir og afskriftir, áætlast í millj. kr. eins og sýnt er í 3. töflu.

3. tafla.

		Dettifoss		Búrfell		
		3-vélar	4-vélar	4-vélar	5-vélar	6-vélar
Gæzla, viðhald o. fl.	Mkr	12.0	15.0	17.6	20.8	23.4
Varasjóður	—	14.8	15.3	16.5	17.4	17.8
	Mkr	26.8	30.3	34.1	38.2	41.2

Miðað við fyrri hluta ævi virkjananna, eða a. m. k. fyrstu árin, er viðhaldið sennilega ríflega reiknað, en á móti kemur að opinberum gjöldum og kaupum eða leigu af landi er sleppt. Tryggingum og ágóða er einnig sleppt nema að því leyti sem hann felst í varasjóði, sem einnig er ætlað að standa undir kostnaði af vatnsréttindum.

Eins og áður segir áætlast að nokkuð vanti á að Dettifossvirkjun geti skilað 133 MW afli að staðaldri, eða nánar tiltekið um 30 GWh/ári að meðaltali. Sé þessi orka unnin með olíu í varastöð þeirri, sem koma verður upp af öðrum ástæðum, áætlast árlegur olíukostnaður um 13 Mkr/ári. Allar líkur eru á að aluminiumbræðsla mundi fremur kjósa að draga eitthvað úr framleiðslu en að leggja í þennan kostnað, en í samanburði við Búrfell þarf að taka tillit til hans. Skal hér reiknað með 6.5 Mkr/ári, þar sem afl aluminiumbræðslunnar yrði 120 MW í stað 133 MW.

Til viðbótar við framangreindan rekstrarkostnað koma vextir og afskriftir eða öllu heldur afborganir af lánum, því á fyrri hluta ævi virkjananna verður í reynd að miða rekstrartekjur við lánskjör. Hver þau gætu orðið er ekki vitað og því er hér, eins og í áætlununum, valið að bera saman orkuverð virkjananna við mismunandi lánskjör. Þessi samanburður er sýndur á fylgiskjali I, 2, a, þar sem reiknað er með að annuitetslán fáist fyrir öllum stofnkostnaði.

Varastöðvar.

Aluminiumbræðslur eru mjög viðkvæmar fyrir truflunum á orkuafhendingu. Ef t. d. rafmagnið fer af með öllu í 1—2 tíma þá storknar raflausnin í kerjunum, sem málmurinn er framleiddur í, og verður þá að endurbyggja þau. Í 60 MW bræðslu er sagt að þessi kostnaður geti numið yfir 30 millj. kr. og því til viðbótar kemur framleiðslutap, sem skipt getur mánuðum. Meðan ekki er hægt að ráðast í nægar vatnsuppistöður í ánum til þess að útiloka ístruflanir, verður aluminiumbræðsla því að hafa aðgang að nægu varaafli. Menn virðast ekki vera fyllilega sammála um hve mikið það þurfi að vera, en lægsta tala, sem nefnd hefur verið, er 50%. Þetta mál er að sjálfsögðu auðleystara fyrir sunnan í samvinnu við kerfið þar, sem innan tveggja ára mun hafa um 120 MW afli á að skipa, en aflið fyrir norðan verður þá um 16 MW. Miðað við 120 MW bræðslu mun ekki verða komizt hjá því að reikna með a. m. k. 60 MW varastöð fyrir norðan, en fyrir sunnan nægir 40 MW stöð til samanburðar.

Enda þótt aluminiumbræðslur geti sætt sig við 50% takmörkun á afli stöku sinnum, þá má það ekki koma oft fyrir, því að við það styttist ævi kerjanna. Þar sem línubilanir fyrir norðan geta orðið alltíðar, þótti því rétt að reikna þar með tveimur línum, en til athugunar kemur að leggja heldur kostnaðinn af annarri línunni í aukningu varaaflsins. Fyrir sunnan kemur til athugunar að sleppa annarri línunni, eða að leggja kostnaðinn af henni í aukningu varaaflsins, og e. t. v. má einnig ráðast í nokkra miðlun í Þórisvatni og minnka varaaflið að sama skapi. Þessi mál þurfa nánari athugunar við, en í þessum samanburði verður reiknað með 60 MW varastöð fyrir norðan og 40 MW varastöð fyrir sunnan, auk tveggja háspennulína í báðum tilfellum, eins og fyrr greinir.

Rétt er að minna á það hér, að auk línubilana og ístruflana geta orðið bilanir á vélum vatnsvirkjananna. Ef varastöðvar eru ekki fyrir hendi, verður að sjá við þessu með auknum vélakosti í virkjununum, sem hafa mundi aukakostnað í för með sér.

Hér er gert ráð fyrir að varastöðvarnar verði gastúrbínustöðvar, en svo nefndar dælustöðvar koma einnig til athugunar a. m. k. fyrir sunnan, t. d. við Vörðufell hjá Hvítá í Árnessýslu. Þessar gastúrbínustöðvar áætlast kosta 4000 kr/kW að tollum frátöldum og hækka þær því stofnkostnað Dettifossvirkjunar um 240 millj. kr., en Búrfellsvirkjunar um 160 millj. kr. Hver olíukostnaðurinn vegna truflana eða bilana verður er að sjálfsögðu ekki vitað, en væntanlega verður hann, ásamt gæzlu og viðhaldi varastöðvanna, svipaður í báðum tilfellum þegar einnig er tekið tillit til kostnaðarins af þeirri orku, sem Búrfellsvirkjun kynni að þurfa á að halda frá öðrum orkuverum en varastöðinni. Þessum rekstrarkostnaði er því sleppt hér og aðeins tekið tillit til stofnkostnaðarins. Verður þá niðurstaðan eins og sýnt er á fylgiskjali I, 2, b.

Sérathugun á Dettifossvirkjun.

Ef hægt væri að stofna til 40 MW notkunar fyrir norðan innan hæfilegs tíma, mundi sú notkun ásamt einni 60 MW bræðslueiningu skapa grundvöll fyrir 100 MW virkjun í Jökulsá. Áætlun um slíka virkjun var því gerð og er niðurstaða hennar samkvæmt 4. töflu, ef með er talin 30 MW gastúrbínustöð:

4. tafla.

		Dettifoss
Stofnkostnaður orkuvers	Mkr	910
— aðalorkuveitu (tvær línur)	—	220
— gastúrbínustöðvar	—	120
Stofnkostnaður alls	Mkr	1250
Forgangsorka	GWh/ári	775
Árlegur rekstrarkostnaður, reiknaður eins og að framan	Mkr	25

Miðað við 7% annuitet samsvarar þetta 14.4 au/kWh við fulla nýtingu, en 17.8 au/kWh miðað við 9% annuitet. Þetta er mjög svipað verð og frá 133 MW virkjuninni og breytir því ekki samanburðinum við Búrfell að öðru leyti en því, að ef finna mætti áðurnefnda 40 MW notkun væri hugsanlegt að ráðast í aðeins eina bræðslueiningu fyrir norðan.


Niðurstaða.

Eins og fram kemur af fskj. I, 2, a og b, er niðurstaðan af áætlunum Harza sú, að orkan frá 133 MW virkjun í Jökulsá við Dettifoss, afhent í námunda við Akureyri, sé 20% dýrari en orkan frá 180 MW virkjun í Þjórsá við Búrfell, afhent í námunda við Reykjavík. Þá er reiknað með tveimur háspennulínum í báðum tilfellum en ekki tekið tillit til stofnkostnaðar varastöðva. Sé hann meðtalinn og stærð varastöðvanna miðuð við minnsta varaafl fyrir 120 MW aluminiumbræðslu hækkar þessi munur í 26%.

Til athugunar kemur að leggja aðeins eina háspennulínu fyrir sunnan, en fyrir norðan er það síður þorandi nema varaaflið sé aukið. Reynist þetta við nánari athugun svo, eykur það enn muninn á orkuverði virkjananna.

Fylgiskjal I, 2, a.

Stóriðjunefnd	Orkuverð 133 MW Dettifossvirkjunnar og 180 MW Búrfellsvirkjunnar við fulla nýtingu og án varastöðva	I. Fylgiskjal 13/4 1963




Athugasemdir

1. Reiknað er með annuitetslánum fyrir öllum stofnkostnaði að töllum frátöldum. Þeir eru ekki meðtaldir og mundu hækka orkuverð um c.a 20 %
2. Reiknað er með tveimur háspennulínum
3. Reiknað er með að við 4 vélar þurfi Dettifoss í samanburði við Búrfell að greiða 6.6 millj. kr. fyrir raforku frá öðrum stöðvum
4. Ekki er reiknað með neinum tekjum af sölu á afgangsorku

Fylgiskjal I, 2, b.

Stóriðjunefnd	Orkuverð 133 MW Dettifossvirkjunnar og 120 MW Búrfellsvirkjunnar við fulla nýtingu og að varastöðvum meðtöldum	2. Fylgiskjal 13/4 1963



Athugasemd

Reiknað er með sömu forsendum og á 1. fylgiskjali að öðru leyti en því að stofnkostnaði 60 MW gastúrbínustöðvar er bætt við stofnkostnað Dettifossvirkjunarinnar og 40 MW gastúrbínustöðvar við stofnkostnað Búrfellsvirkjunnar. Olíukostnaður vegna truflana og bilana er ekki meðtalinn og ekki heldur viðhalds og gaslukostnaður varastöðvanna.

Fylgiskjal I, 3.

TÆKNINEFND Í VIRKJUNARMÁLUM

Samanburður á nokkrum virkjunartilhögunum fyrir orkuveitusvæði Sogsvirkjunar og Laxárvirkjunar.

Inngangur.

Niðurstöður áætlana um þær virkjanir, sem eru til umræðu, eru sýndar á fskj I, 3. Hér er fjallað um samanburð á þeim fram til 1984 og eru þrjár tilhaganir valdar. Í öllum tilhögunum er reiknað með að fyrstu virkjanirnar taki til starfa haustið 1968 og að fyrir þann tíma verði búið að koma upp ca. 20 MW gastúrbínustöð í Reykjavík og ca. 10 MW á Akureyri, til viðbótar við þær eldneytisstöðvar, sem fyrir eru, eða eru í smíðum. Tilhaganirnar eru þessar:

Tilhögun R: Þjórsá er virkjuð við Búrfell jafnhliða byggingu 30 þús. tonna aluminiumbræðslu á Suðurlandi. Á eftir Búrfellsvirkjun er Laxá við Brúar virkjuð.

Tilhögun S: Fyrst er ráðizt í Hveragerðisvirkjun og stækkun Ljósafoss, þá Kláffossvirkjun í Borgarfirði, þá Efstadalsvirkjun í Brúará og loks Búrfellsvirkjun (án aluminiumbræðslu).

Tilhögun T: Virkjað er við Búrfell eingöngu, án aluminiumbræðslu.

Í tilhögun R og S er reiknað með að Norðurland verði tengt við Suðurland í árslok 1973, sbr. greinargerð tækninefndar um þá tengingu, dags. 30. sept. 1964. Í tilhögun T er hins vegar reiknað með tengingunni í árslok 1971, þar sem olíukostnaðurinn á Akureyri þá er orðinn jafn hár kostnaðinum af tengingunni. Í tilhögun R og S er tengingin hins vegar ekki tímabær fyrr en 1974 miðað við forsendur.

Í tilhögun S mun mega koma fyrstu virkjun í gagnið fyrr en 1. virkjunarstigi Búrfells, eða fyrir veturinn 1967—68, og væntanlega fresta áðurnefndri gastúrbínustöð í Reykjavík. Tillit er tekið til þessa, í samanburði, með því að lækka reksturskostnað í tilhögun S fyrstu árin, sbr. fskj. I, 3, d.

Orkumarkaður.

Hér er reiknað með núverandi Laxárvirkjunarsvæði og svæðinu frá Snæfellsnesi til Vestmannaeyja og í orkuspánni stuðzt við áætlanir raforkumálastjóra og verkfræðingafirmans Harza um orkuþörf, en þeim ber vel saman. Hvað síðara svæðið snertir skal þetta tekið fram:

1. Reiknað er með að Rafmagnsveitur ríkisins tengi Snæfellsnes við Sogsvirkjun fyrir 1969. Það hefur lítil áhrif á heildarniðurstöður, þó svo verði ekki gert.
2. Reiknað er með vissum vexti í notkun NATO og að Rafmagnsveitur ríkisins stækki riðbreytistöðina á Keflavíkurflugvelli fyrir 1969. Verði vöxturinn minni, þá hefur það einnig lítil áhrif á heildarniðurstöður.
3. Reiknað er með að Áburðarverksmiðjan verði tvöfölduð 1969 og aftur aukin um 50% af heildinni 1976. Það er enn með öllu óvíst, að svo verði, en á móti kemur, að tímabært má teljast að flytja raforku til húshitunar um hin dýru kerfi dreifbýlisins. Með því er því reiknað í öllum tilhögunum að þær mæti aukningu Áburðarverksmiðjunnar og/eða húshitunar.

Með hliðsjón af þessum athugasemdum er hér byggt á þeirri orkuspá, sem sýnd er á fskj. I, 3, b.

Röð virkjana.

Ef með eru taldar áðurnefndar gastúrbínustöðvar verður aflið 1968 miðað við forsendur:

Vatnsafl:		
Sogsvirkjun	87.5 MW	
Andakílsárvirkjun	3.5 —	
Rjúkandavirkjun	1.0 —	
		92 MW
Laxárvirkjun		12 —
Vara- og toppstöðvar:		
Elliðaárvirkjun ca.	2.5 MW	
Olíustöðvar Rvk	39.0 —	
— NATO	7.5 —	
— Vestmannaeyjar	4.0 —	
— Snæfellsnes	2.0 —	
		55 MW
— Akureyri		14 —
		173 MW

Sé reiknað með þessu verður röð virkjana í hinum mismunandi tilhögunum eins og sýnt er á fskj. I, 3, c, d og e, og er þá ekki eingöngu tekið tillit til aflþarfar heldur og líka orkuþarfar, þó ekki sé hún sýnd. Fylgiskjölin sýna einnig áætlaða raforkuvinnslu með olíu og þær gastúrbínustöðvar, sem reiknað er með til viðbótar, til vara vegna ístruflana, en áætlað er að þessar varastöðvar verði toppstöðvar síðar, þegar fjárhagslegur grundvöllur hefur fengizt fyrir annarri lausn á ístruflunum við Þjórsárvirkjanir.

Stofnkostnaður.

Stofnkostnaður þeirra nýju mannvirkja, sem hér eru til umræðu, er sýndur á fskj. I, 3, a. **Í öllum tilfellum er aðflutningsgjöldum sleppt,** en þau mundu hækka stofnkostnaðinn um 20—30%. Áætlunin um Búrfellsvirkjun er gerð af Harza, um Hveragerðisvirkjun af Merz and McLellan, sem einnig voru ráðunautar við jarðgufuvirkjunina á Nýja-Sjálandi, um Efstadalsvirkjun af Sig. Thoroddsen og Harza, um stækkun Ljósafoss af Sogsvirkjun, um Kláffossvirkjun af Rögnvaldi Þorlákssyni og Ásgeiri Sæmundssyni, um línuna norður Sprengisand og gastúrbínustöðvar af skrifstofu raforkumálastjóra og um Laxárvirkjun af Sig. Thoroddsen.

Reksturskostnaður.

Með reksturskostnaði er hér átt við stjórn, eftirlit, viðhald, gæzlu, vexti og afborganir lána. Opinberum gjöldum, lands- og vatnsréttindagjöldum og hagnaði er þannig sleppt.

Almennt er nú talið hæfilegt að afskrifa vatnsorkuver á 40 árum og gastúrbínustöðvar, ef þær eru notaðar að langmestu til vara, á 25 árum, en jarðgufustöðvar á 20 árum, og er sú tala fengin frá Merz and McLellan. Með hliðsjón af þessu og hinum almenna lánamarkaði þykir rétt að reikna hér með, að lán verði að mestu afborgunarlaus á byggingartíma, en greiðist því næst sem annuitetslán með 6% vöxtum þannig:

Vatnsvirkjanir	22 ár,	annuitet	8.30%
Gufuvirkjanir og gastúrbínur	17 —	—	9.54%

Einnig þykir rétt að áætla stjórn, eftirlit, viðhald og gæzlu þannig:

Vatnsvirkjanir	1.5% af	stofnkostnaði	
Jarðgufust.	4.2% —	—	(skv. M. & McL.)
Gastúrbínust.	1.0% —	—	(varastöðvar)

Sé við þetta miðað og olíukostnaður reiknaður á 50 au/kWh verður árlegur reksturskostnaður hinna nýju stöðva, þ. e. a. s. kostnaðurinn umfram kostnað eldri stöðva, eins og sýnt er á fskj. I, 3, c, d og e. Að því er snertir tilhögun R er þá reiknað með að tekjurnar af aluminiumbræðslunni verði 49.0 m. kr./ári og eru þær dregnar frá reksturskostnaði. Enn er ekki vitað um hvaða tekjur af aluminiumbræðslunni mundi semjast, en rétt þykir að reikna ekki með hærri tekjum hér, svo að tilhögun R sé ekki ívilnað. Fylgiskjölin sýna einnig það viðbótarafl, sem hinar nýju stöðvar þurfa að anna, þ. e. a. s. það afl, sem er umfram það, sem eldri vatnsaflstöðvar ráða við, og eru þá 55 MW dregin frá í tilhögun R vegna aluminiumbræðslunnar. Út frá þessum tölum fást því næst einingarverðin á því afli, sem hinar nýju stöðvar skila á ári hverju og er það einnig sýnt á áðurnefndum fylgiskjölum.

Tölulegur samanburður.

Fskj. I, 3, g sýnir einingarverð viðbótaraflsins í hinum þremur tilhögunum og eins og við mátti búast er verðið hagstæðast í tilhögun R. Einingarverð í tilhögun T er hátt fyrstu 3 árin, verður því næst lægra en í tilhögun S og að lokum jafnvel lægra en í tilhögun R. Mismunurinn á rekstrargjöldum er sýndur í fskj. I, 3, f og má af því og fskj. I, 3, a—e draga eftirfarandi ályktanir:

a. Skipt á 4 ára tímabil er fjárfestingin þannig:

Árabil	Tilh. R Mkr.	Tilh. S Mkr.	Tilh. T Mkr.
1965—68	525	375	840
1969—72	60	450	190
1973—76	743	1030	440
1977—80	579	380	480
1981—83	182	60	—
1965—83	2089	2295	1950

Hér er þá reiknað með að aluminiumbræðslan beri hálfan stofnkostnað 1. virkjunarstigs Búrfells í tilhögun R og er það metið út frá núgildi 25 ára samnings við aluminiumbræðsluna með þeim áætluðu tekjum, sem að framan greinir.

b. Mismunurinn á útlögðum reksturskostnaði er þessi:

Í árslok	Umframgjöld T samanborið við R Mkr.	Umframgjöld T samanborið við S Mkr.	Umframgjöld S samanborið við R Mkr.
1969	28	40	÷12
1973	156	124	32
1977	275	÷ 76	351
1981	384	÷277	661
1983	403	÷397	800

Hér er eins og áður segir áætlaðar tekjur aluminiumbræðslunnar dregnar frá reksturgjöldum í tilhögun R.

c. Nokkurt, en ekki nægilegt, tillit er tekið til mismunandi endingartíma mannvirkja með því að reikna með mismunandi afborgunartíma á lánum. Þykir ekki ástæða til þess að fara nánar út í þetta atriði hér, þar sem möguleikarnir til fjárútvegunar, eftir því hvaða leið er farin, munu væntanlega skipta öllu meira máli.

Lokaorð.

Hér hafa verið bornar saman þær leiðir að virkja við Búrfell með og án aluminiumbræðslu annars vegar og hins vegar ekki fyrr en áður hefur verið ráðizt í nokkrar minni virkjanir á Suðurlandi. Litið til 15 ára er niðurstaðan sú, miðað við forsendur, að virkjun við Búrfell jafnhliða aluminiumbræðslu spari um 800 Mkr. samanborið við smávirkjunarleiðina og um 400 Mkr. samanborið við Búrfellsvirkjun án aluminiumbræðslu. Mismunurinn, um 400 Mkr., er sparnaðurinn við það að ráðast strax í Búrfellsvirkjun, þó aluminiumbræðsla komi ekki til, í stað þess að byggja minni virkjanirnar fyrst.

Búrfellsvirkjun jafnhliða aluminiumbræðslu og smávirkjunarleiðin eru svipaðar fyrstu árin bæði hvað snertir fjárútvegun og rekstur. Búrfellsvirkjun án aluminiumbræðslu gefur góða raun að lokum, en er hins vegar miklum mun erfiðari í byrjun hvað hvoru tveggja snertir. Sé ekki unnt að yfirstíga þessa byrjunarörðugleika og verði ekki ráðizt í aluminiumbræðslu, er ekki um annað að ræða en fara millileið í þessum efnum og ráðast í eina eða fleiri minni virkjanir fyrst um sinn, eða þá að byggja upp raforkumarkaðinn fyrir Búrfellsvirkjun í ca. 2 ár með notkun olíustöðva. Hvor leiðin skuli farin í slíku tilfelli, þarf að athugast gaumgæfilega.

Reykjavík, 26. okt. 1964.

E. Briem. Steingrímur Jónsson. K. Otterstedt. Jakob Guðjohnsen.

Fylgiskjal I, 3, a.

Stofnkostnaður virkjana, án aðflutningsgjalds, vinnslugeta þeirra o.fl.

	Uppsett afl MW	Örugg ársorka GWh	Stofnkostnaður Alls M.kr.	Afleining kr/kw	Orkueining au/kwh
Búrfellsvirkj.	105	850	1050	10000	123,8
	35	275	157	4500	57,1
	35	260	336	9600	129,3
	35	250	74	2100	29,6
	210	1635	1617	7700	99,0
Búrfellsvirkj.	35	285	840	24000	295,0
	35	285	60	1715	21,0
	35	280	260	7425	927,5
	35	275	60	1715	21,8
	35	260	360	10300	138,5
	35	250	60	1715	24,0
	210	1635	1640	7800	100,5
Laxárvirkjun	19	128	323	17000	252,5
	19	8	182	9600	-
	38	142	182	4780	128,0
	76	278	687	9050	247,0
Stækkun Ljósafoss	7	35	75	10700	214,0
Kláffossvirkj.	13	85	150	11550	176,5
Efstadalsvirkj.	22	160	300	13650	187,5
Hverag. stöð	30	240	300	10000	125,0
Gastúrbína	20	-	60	3000	-

Ath. 1. 115 kv lína Búrfell-Akureyri, sem flytur a.m.k. 40 MW áætlast kosta 130 m. kr.

Ath. 2. Árleg stjórn, eftirlit, gæzla og viðhald vatnsaflsvirkjana og veitna áætlast 1,5% af stofnkostnaði, Hveragerðisstöðvar ca. 4% og gastúrbínustöðva (sem varaafl) 1,0%.

Fylgiskjal I, 3, b.

Orkuspá fyrir SV- land og núv. Laxárvirkjunarsvæði

	Alm. notk. SV – land		Alm. notk. N – land		Nato notkun		Núverandi Áb. verksm.		Ný Áb.v. og eða húsh.		Alum. bræðsla		Notk. í tilh. R.		Notk. í tilh. RN	
Ár	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW
69	490	106	(93)	(19)	73	11	139	3.5	139	3.5	470	55	1311	179	1404	198
70	524	114	(99)	(20)	78	12	139	3.5	139	3.5	470	55	1350	188	1449	208
71	561	122	(105)	(22)	82	12	139	3.5	139	3.5	470	55	1391	196	1496	218
72	600	130	(111)	(23)	85	13	139	3.5	139	3.5	470	55	1433	205	1544	228
73	642	139	(119)	(25)	88	13	139	3.5	139	3.5	470	55	1478	214	1597	239
74	687	149	127	26	94	13	139	3.5	139	3.5	470	55	1656	250	1656	250
75	735	159	134	28	97	13	139	3.5	139	3.5	470	55	1714	262	1714	262
76	786	171	142	29	97	13	139	3.5	278	6.5	470	55	1912	278	1912	278
77	841	183	150	31	97	13	139	3.5	278	6.5	470	55	1975	292	1975	292
78	900	196	159	33	97	13	139	3.5	278	6.5	470	55	2043	307	2043	307
79	963	209	169	35	97	13	139	3.5	278	6.5	470	55	2116	322	2116	322
80	1030	224	178	37	97	13	139	3.5	278	6.5	470	55	2192	339	2192	339
81	1102	240	189	39	97	13	139	3.5	278	6.5	470	55	2275	357	2275	357
82	1179	256	201	42	97	13	139	3.5	278	6.5	470	55	2364	376	2364	376
83	1260	273	214	45	97	13	139	3.5	278	6.5	470	55	2458	396	2458	396

Ath. Í tilhögun R er Akureyri tengd við Búrfellsvirkjun í árslok 1973, en í tilhögun RN í árslok 1968. Notkunin í tilhögun RN er sú sama og í tilhögun R, að viðbættu Norðurlandi árin 1969 – 1973.

Fylgiskjal I, 3, c.

Tilhögun R

Röð virkjana

	Núv. vatns.	Olíust. Toppur	Búr-fell	Laxá	Stöðv. alls	Álag alls	Varastöðvar Eldri	Varastöðvar Nýjar	Varastöðvar Alls = toppur	Vinnsla m. olíu Toppur	Vinnsla m. olíu Truflun
Ár	MW	MW	MW	MW	MW	MW	MW	MW	MW	GWh	GWh
69	92	-	105	-	197	179	55	-	55	-	2
70	92	-	105	-	197	188	55	-	55	-	2
71	92	-	105	-	197	196	55	-	55	-	4
72	92	8	105	-	305	205	55	20	67	6	4
73	92	17	105	-	314	214	55	20	58	13	6
74	104	6	140	-	250	250	69	20	83	4	6
75	104	18	140	-	262	262	69	40	91	14	8
76	104	-	175	-	279	279	69	40	109	-	8
77	104	13	175	-	292	292	69	60	116	10	10
78	104	-	210	-	314	307	69	60	129	-	10
79	104	8	210	-	322	322	69	60	121	6	12
80	104	6	210	19	339	339	69	60	123	4	12
81	104	5	210	38	357	357	69	60	124	3	14
82	100 x)	-	210	76	386	376	69	60	129	-	14
83	100 x)	10	210	76	396	396	69	60	119	6	14

x) Laxá I lögð niður

Tilhögun R

Kostnaður viðbótarafls miðað við afborganir lána

	Viðbót-arafl	Viðbótarkostnaður Búrfell og lína Ak.	Laxá	Gas-túrb.	Olíu-kostn.	Kostn. alls	Afl-kostn.
Ár	MW	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	kr/kW
69	32	54,0	-	-	1,0	55,0	1720
70	41	54,0	-	-	1,0	55,0	1340
71	49	54,0	-	-	2,0	56,0	1145
72	58	54,0	-	6,5	5,0	65,5	1130
73	67	54,0	-	6,5	9,5	70,0	1045
74	91	82,0	-	6,5	5,0	93,5	1030
75	103	82,0	-	12,5	11,0	105,5	1025
76	119	115,0	-	12,5	4,0	131,5	1105
77	133	115,0	-	19,0	10,0	144,0	1085
78	148	122,5	-	19,0	5,0	146,5	990
79	163	122,5	-	19,0	9,0	150,5	925
80	180	122,5	31,5	19,0	8,0	181,0	1005
81	198	122,5	49,5	19,0	8,5	199,5	1005
82	221	122,5	67,5	19,0	7,0	216,0	980
83	241	122,5	67,5	19,0	10,0	219,0	910

Ath. Varðandi al-bræðslu, sjá texta.

Fylgiskjal I, 3, d.

Tilhögun S

Röð virkjana

	Núv. vatns.	Olíust. Toppur	Hverag. Ljfossa	Kláff. Efstid.	Búr-fell	Stöðv. alls	Álag alls	Varastöðvar Eldri	Nýjar	Alls – toppur	Vinnsla m. olíu Toppur	Truflun
Ár	MW	MW	MW	MW	MW	MW	MW	MW	MW	MW	GWh	GWh
69	92	-	37	-	-	129	124	55	-	55	-	-
70	92	-	37	13	-	142	133	55	-	55	-	-
71	92	-	37	13	-	142	141	55	-	55	-	-
72	92	-	37	35	-	164	150	55	-	55	-	-
73	92	-	37	35	-	164	159	53	-	55	-	-
74	104	-	37	35	35	211	195	69	-	69	-	1,0
75	104	-	37	35	35	211	207	69	-	69	-	1,0
76	104	-	37	35	70	246	223	69	-	69	-	2,0
77	104	-	37	35	70	246	237	69	-	69	-	2,0
78	104	6	37	35	70	252	252	69	-	63	4	4,0
79	104	21	37	35	70	267	267	69	20	68	13	4,0
80	104	-	37	35	140	316	284	69	20	89	-	6,0
81	104	-	37	35	140	316	302	69	20	89	-	6,0
82	104	5	37	35	140	321	321	69	40	104	2	8,0
83	104	25	37	35	140	341	341	69	40	84	14	8,0

Tilhögun S

Kostnaður viðbótarafls miðað við afborganir lána

	Viðbót-arafl	Viðbótarkostnaður					Afl-kostn.
		Smá-virkj.	Búrfell og lína Ak.	Gas-túrb.	Olíu-kostn.	Kostn. alls	
Ár	MW	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	kr/kW
69	32	48,5	-	- 5,0	-	43,5	1360
70	41	63,0	-	- 5,0	-	58,0	1415
71	49	63,0	-	- 5,0	-	58,0	1185
72	58	92,5	-	- 5,0	-	87,5	1510
73	67	92,5	-	- 5,0	-	87,5	1310
74	91	92,5	95,0	- 5,0	0,5	183,0	2010
75	103	92,5	95,0	- 5,0	0,5	183,0	1780
76	119	92,5	101,0	-	1,0	194,5	1635
77	133	92,5	101,0	-	1,0	194,5	1460
78	148	92,5	101,0	-	4,0	197,5	1335
79	163	92,5	101,0	6,5	8,5	208,5	1280
80	180	92,5	132,5	6,5	3,0	234,5	1300
81	198	92,5	132,5	6,5	3,0	234,5	1185
82	217	92,5	132,5	12,5	5,0	242,5	1120
83	237	92,5	132,5	12,5	11,0	248,5	1050

Fylgiskjal I, 3, e.

Tilhögun T

Röð virkjana

Ár	Núv. vatns. MW	Olíust. Toppur MW	Búr-fell MW	Stöðv. alls MW	Álag alls MW	Varastöðvar Eldri MW	Varastöðvar Nýjar MW	Varastöðvar Alls-toppur MW	Vinnsla m. olíu Toppur GWh	Vinnsla m. olíu Truflun GWh
69	92	-	35	127	124	55	-	55	-	1
70	92	-	70	162	133	55	-	55	-	1
71	92	-	70	162	141	55	-	55	-	2
72	104	-	70	174	173	69	-	69	-	2
73	104	10	70	184	184	69	-	59	6	4
74	104	21	70	195	195	69	20	68	15	4
75	104	-	105	209	207	69	20	89	-	6
76	104	-	140	244	223	69	20	89	-	6
77	104	-	140	244	237	69	40	109	-	8
78	104	8	140	252	252	69	40	101	4	8
79	104	23	140	267	267	69	60	106	13	10
80	104	-	210	314	284	69	60	129	-	10
81	104	-	210	314	302	69	60	129	-	12
82	104	7	210	321	321	69	60	122	3	12
83	104	27	210	341	341	69	60	102	16	14

Tilhögun T

Kostnaður viðbótarafls miðað við afborganir lána

Ár	Viðbót-afl MW	Viðbótarkostnaður Búrfell og lína Ak. Mkr.	Viðbótarkostnaður Gas-túrb. Mkr.	Viðbótarkostnaður Olíu-kostn. Mkr.	Viðbótarkostnaður Kostn. alls Mkr.	Afl-kostn. kr/kW
69	32	82,5	-	0,5	83,0	2590
70	41	88,0	-	0,5	88,5	2160
71	49	88,0	-	1,0	89,0	1815
72	69	101,0	-	- 12,5 x)	88,5	1285
73	80	101,0	-	- 12,0 x)	89,0	1115
74	91	101,0	6,5	9,5	117,0	1285
75	103	126,5	6,5	3,0	136,0	1320
76	119	132,5	6,5	3,0	142,0	1190
77	133	132,5	12,5	4,0	149,0	1120
78	148	132,5	12,5	6,0	151,0	1020
79	163	132,5	19,0	11,5	163,0	1000
80	180	173,5	19,0	5,0	197,5	1100
81	198	173,5	19,0	6,0	198,5	1000
82	217	173,5	19,0	7,5	200,0	920
83	237	173,5	19,0	15,0	207,5	875

x) Hér er olíusparnaður á Akureyri dreginn frá, því T reiknar með tengingu Akureyrar 2 árum fyrr en R og S.

Fylgiskjal I, 3, f.

SAMANBURÐUR Á REKSTURSKOSTNAÐI

Ár	Tilh. T Mkr	Tilh. R Mkr	Árl. mis-munur Mkr	Mism. í árslok m. 6% Mkr	Tilh. T Mkr	Tilh. S Mkr	Árl. mis-munur Mkr	Mism. í árslok m. 6% Mkr	Tilh. S Mkr	Tilh. R Mkr	Árl. mis-munur Mkr	Mism. í árslok m. 6% Mkr
69	83,0	55,0	28,0	28,0	83,0	43,5	39,5	39,5	43,5	55,0	- 11,5	- 11,5
70	88,5	55.0	33,5	63,0	88,5	58,0	30,5	72,5	58,0	55,0	3,0	- 5,5
71	89,0	56,0	33,0	100,0	89,0	58,0	31,0	108,0	58,0	56,0	2,0	- 8,0
72	88,5	65,5	23,0	129,0	88,5	87,5	1,0	115,5	87,5	65,5	22,0	13,5
73	89,0	70,0	19,0	155,5	89,0	87,5	1,5	124,0	87,5	70,0	17,5	31,5
74	117,0	93,5	23,5	188,5	117,0	183,0	- 66,0	65,5	183,0	93,5	89,5	123,0
75	136,0	105,5	30,5	230,5	136,0	183,0	- 47,0	22,5	183,0	105,5	77,5	208,0
76	142,0	131,5	10,5	255,0	142,0	194,5	- 52,5	- 28,5	194,5	131,5	63,0	283,5
77	149,0	144,0	5,0	275,5	149,0	194,5	- 45,5	- 75,5	194,5	144,0	50,5	351,0
78	151,0	146,5	4,5	296,5	151,0	197,5	- 46,5	- 126,5	197,5	146,5	51,0	423,0
79	163,0	150,5	12,5	327,0	163,0	208,5	- 45,5	- 179,5	208,5	150,5	58,0	506,5
80	197,5	181,0	16,5	363,0	197,5	234,5	- 37,0	- 227,5	234,5	181,0	53,5	590,5
81	198,5	199,5	- 1,0	384,0	198,5	234,5	- 36,0	- 277,0	234,5	199,5	35,0	661,0
82	200,0	216,0	- 16,0	391,0	200,0	242,5	- 42,5	- 336,0	242,5	216,0	26,5	727,0
83	207,5	219,0	- 11,5	403,0	207,5	248,5	- 41,0	- 397,0	248,5	219,0	29,5	800,0

Fylgiskjal I, 3, g.


Línurit A

Kostnaður viðbótarafls miðað við greiðslur annuitetslána með 6% vöxtum.

R = Búrfell jafnhliða ol-bræðslu + Laxá.
S = Hveragerði og Ljósafoss + Kláffoss + Efstidalur + Búrfell, án ol-bræðslu.
T = Búrfell án ol-bræðslu.

Afborgunartími: Vatnsafl 22 ár, jarðgufa og gastúrbínur (sem varavélar) 17 ár.

Í tilhögun R er reiknað með 49.0 Mkr árstekjum frá ol-bræðslu.
Frá viðbótarafli eru dregin 55 MW vegna ol-bræðslunnar.



Fylgiskjal I, 4.

TÆKNIDEILD Í VIRKJUNARMÁLUM

Greinargerð um raforkumál Norðurlands.

Niðurstaða:

Ef ráðizt er í Búrfellsvirkjun við Þjórsá sýna þær áætlanir, sem nú liggja fyrir, að hentugasta lausnin á raforkumálum Norðurlands sé að stuðzt verði við olíustöðvar fram undir 1974, þá lögð lína frá Búrfellsvirkjun til Akureyrar og Laxá því næst virkjuð í stórum áföngum um það bil sem Búrfellsvirkjun er fullnotuð eða fyrr, ef réttara þykir, í samanburði við síðari virkjunarstig Búrfells.

I. Inngangur.

Í athugun er nú að koma upp 105 MW virkjun við Búrfell, sem síðar má stækka í 210 MW, jafnhliða 30 þús. tonna aluminiumbræðslu. Verði slík bræðsla staðsett fyrir sunnan, vaknar sú spurning, hvort hagkvæmara sé að virkja Laxá við Brúar fyrir Norðurland eða leggja fyrst línu frá Búrfelli til Akureyrar og virkja Laxá síðar. Hér verður leitazt við að bera þessar tvær leiðir saman fram til loka næsta áratugs og þá jafnframt gert ráð fyrir tveimur mismunandi orkumörkuðum, þ. e. núverandi orkuveitusvæði Laxárvirkjunar með og án Norð-Vesturlands (frá Hrútafirði til Höfðastrandar) og Austfjarða (frá Vopnafirði til Breiðdalsvíkur).

II. Orkuþörf.

Hér er stuðzt við orkuspár raforkumálastjóra og verkfræðingafirmans Harza. Í orkuspánum fyrir Norð-Vesturland og Austfirði er vinnslugeta núverandi vatnsaflsstöðva dregin frá og gert er ráð fyrir að þessi viðbótarmarkaður fáist allur, þ. e. a. s. að olíustöðvar verði ekki notaðar á þessum svæðum nema til vara. Út frá þessum forsendum áætlast orkuþörfin eins og sýnt er á 1. fylgiskjali.

III. Stofnkostnaður.

Áætlanir Sigurðar Thoroddsen um Laxárvirkjanir við Brúar, dags. í apríl 1964, eru ekki að öllu sambærilegar við áætlanir Harza um Búrfellsvirkjun. Harza reiknar hærra að því er virkjanir snertir, en hjá Sig. Thoroddsen eru spennistöðvar gerðar mjög til muna veigameiri og dýrari en Harza mundi væntanlega reikna með miðað við forsendur. 132 kV háspennulínur áætla báðir hins vegar á svipaðan hátt. Hér eru tölur Sig. Thoroddsen lauslega samræmdar við tölur Harza með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem tækninefndin hefur með höndum. Samanburðurinn er þessi á tveimur fyrstu stigum í tillögum 3 hjá Sig. Thoroddsen (Fellsvirkjun) en hún er valin hér (sjá síðar).

1. tafla.

Samræming á virkjunaráætlunum.

Fellsvirkjun	Sig. Th. Mkr	Harza Mkr	Hækkun %
1. stig 20 MW	328	355	8
2. — —	184	214	16
	512	569	11

Eins og síðar getur er hér gert ráð fyrir 10 MW gastúrbínustöð á Akureyri og áætlast hún kosta 30 Mkr. Háspennulínur milli landshluta áætlast þannig:

2. tafla.

Áætlaður kostnaður háspennulínu.

Búrfell—Akureyri	Spenna kV	Flutningsgeta MW	Stofnkostn. Mkr
Tilhögun B I	115	25	100
— B II	115	40	130
Laxá—Egilsstaðir	115	20	65
Akureyri—Varmahlíð	66	10	35

Hér er reiknað með 2-víra línum og jörð að Varmahlíðarlínu undanskilinni, sem áætlast 3-víra. Með því að auka spennistöðvar og leyfa allt að 10% spennufall má auka flutningsgetuna til muna.

3. og 4. virkjunarstig Búrfellsvirkjunar, sem síðar getur, áætlast kosta 320 og 65 Mkr.

Að framan er í öllum tilfellum aðflutningsgjöldum sleppt, en þau mundu hækka tölurnar um 20—25%, nema kostnað gastúrbínunnar, sem hækka mundi um rúm 30%. Vextir á byggingartíma eru hins vegar taldir með.

IV. Reksturskostnaður.

Hér er í öllum tilfellum opinberum gjöldum, vatns- og landsréttindum og hagnaði sleppt. Reksturskostnaður virkjana og veitna áætlast þá 10% af stofnkostnaði á ári. Kostnaður gastúrbínunnar áætlast 10% á ári, þegar hún stendur til vara eingöngu, en ca. 13%, þegar hún er notuð til toppvinnslu.

V. Tímabilið fram til 1974.

Núverandi stöðvar, sem samtals eru að afli 16—17 MW endast vart til ársloka 1968. Sé þó ráð fyrir því gert, má áætla, að reksturskostnaður Laxárvirkjunar árið 1968 verði 18.5 Mkr, þar af um 5 Mkr í olíukostnað. Taki þá 1. stig Fellsvirkjunar við þýðir það að útgjöldin hækka frá árinu 1968 til 1969 úr 18.5 Mkr í 48.5 Mkr eða á einu ári um 30 Mkr. Má ljóst vera hvílíkum erfiðleikum þetta mundi valda og það einnig þó lækka mætti stofnkostnað 1. virkjunarstigsins um t. d. rúmar 100 Mkr. Og gæta verður þess að aðflutningsgjöld eru hér ekki meðtalin. Bezta lausnin á þessu vandamáli mun vera sú að setja 10 MW gastúrbínustöð upp á Akureyri, og það ekki seinna en á árinu 1967, og fresta fyrstu Fellsvirkjun til ársins 1974. Áætlaður kostnaður við raforkuöflunina fram til 1974 verður þá eins og sýnt er á fskj. I, 4, b, þ. e. a. s. um 1150 kr/kw að meðaltali. Miðað við orkuspár munu Norðlendingar ekki geta fengið ódýrari raforku en á þennan hátt fram til 1974. Hér verður því reiknað með, að þessi leið verði farin í öllum þeim fjórum tilhögunum, sem athugaðar eru, og þannig ná til tímabilsins 1974—79. Enn fremur verði reikningarnir miðaðir við þann viðbótarmarkað og viðbótarkostnað, sem verður á þessu tímabili.

VI. Tilhögun L I. Núverandi Laxárvirkjunarsvæði. Fellsvirkjun.

Ódýrasta byrjunin er tilhögun 1. hjá Sig. Thoroddsen (Efstafallsvirkjun). Samanborið við Fellsvirkjun yrði mismunurinn á reksturskostnaði fyrsta árið þó ekki meiri en 6 Mkr og eftir 4—5 ár yrði hann horfinn vegna olíukostnaðar milli 1. og 2. virkjunarstigs í tilhögun 1. Fellsvirkjun er því valin hér, þar sem hún er ólíkt betri þegar fram í sækir. Áætlaður kostnaður við raforkuöflunina 1974—1979 verður þá eins og sýnt er á fskj. I, 4, c.

VII. Tilhögun L II. Núverandi Laxárvirkjunarsvæði að Norð-Vesturlandi og Austfjörðum viðbættum. Fellsvirkjun.

Hér mætti íhuga tilhögun 2. hjá Sig. Thoroddsen (Geitafellsvirkjun), en þar sem hún er mjög svipuð Fellsvirkjun er sú síðarnefnda valin hér eins og í tilhögun L I. Annað stigið er virkjað 1979 og olíustöðvarnar látnar brúa bilið milli virkjunarstiga. Áætlaður kostnaður við raforkuöflunina 1974—1979 verður þá eins og sýnt er á fskj. I, 4, c.

VIII. Tilhögun B I. Núverandi Laxárvirkjunarsvæði. Búrfellslína.

Hér kemur Búrfellslína í stað Fellsvirkjunar. Tengingin flýtir 3. og 4. virkjunarstigi Búrfellsvirkjunar um 1 ár og auk þess kemur fram mismunur á olíukostnaði Suðurlandskerfisins. Áætlaður kostnaður við raforkuöflunina 1974—1979 verður eins og sýnt er á fskj. I, 4, d.

IX. Tilhögun B II. Núverandi Laxársvæði að Norð-Vesturlandi og Austfjörðum viðbættum. — Búrfellslína.

Hér kemur eins og áður Búrfellsvirkjun í stað Fellsvirkjunar. Tengingin flýtir 3. stigi Búrfellsvirkjunar um eitt ár og því 4. um tvö ár. Áætlaður kostnaður við raforkuöflunina er sýndur á fskj. I, 4, d.

X. Fjárhagslegur samanburður tilhagana á tímabilinu 1974—1979.

a) *Núverandi Laxárvirkjunarsvæði.*

Samkvæmt fskj. I, 4, e verður heildarreksturskostnaður á tímabilinu um 115 Mkr lægri, ef Búrfellslína er valin í stað Fellsvirkjunar. Kostnaðurinn við öflun viðbótaraflsins verður að meðaltali 1050 kr/kw í fyrra tilfellinu, en 1960 kr/kw í því síðara, sbr. fskj. I, 4, c og d.

b) *Núverandi Laxárvirkjunarsvæði að Norð-Vesturlandi og Austfjörðum viðbættum.*

Samkvæmt fskj. I, 4, e verður heildarreksturskostnaður á tímabilinu um 105 Mkr lægri ef Búrfellslína er valin í stað Fellsvirkjunar. Kostnaðurinn við öflun viðbótaraflsins verður að meðaltali 1245 kr/kw í fyrra tilfellinu en 1785 kr/kw í því síðara, sbr. fskj. I, 4, c og d.

c) *Áhrif tengingar Norð-Vesturlands og Austfjarða.*

Samkvæmt ath. 2 á fskj. I, 4, c og d er meðalkostnaður viðbótaraflsins fyrir Norð-Vesturland og Austfirði um 1500 kr/kw, hvort heldur ráðizt er í Fellsvirkjun eða Búrfellslínu. Áhrifin af tengingu þessara landshluta fara eftir mismuninum á þessu kostnaðarverði og söluverði.

d) *Fjárfesting.*

Fjárfestingin á tímabilinu áætlast þannig, ef gert er ráð fyrir að hún falli öll á, árið áður en hlutaðeigandi virkjun eða veita tekur til starfa.

	Tilhögun		Tilhögun	
	L I Mkr	B I Mkr	L II Mkr	B II Mkr
73 Fellsvirkjun	355	—	355	—
Landslínur	—	100	100	230

		Tilhögun L I Mkr	Tilhögun B I Mkr	Tilhögun L II Mkr	Tilhögun B II Mkr
75	Búrfellsvirkjun	—	320	—	320
76	—	320	—	320	65
77	—	—	65	—	—
78	Fellsvirkjun	—	—	215	—
	Búrfellsvirkjun	65	—	65	—
		740	485	1055	615

Fjárfestingin á áratugnum er þannig lægri ef Búrfellslína er valin, enda í samræmi við niðurstöður rekstursreikninga.

e) Tímabilið eftir 1979.

Hér hefur ekki verið farið lengra en til loka næsta áratugs, og niðurstaðan orðin sú, að Búrfellslínan gefi til muna betri útkomu til þess tíma en Fellsvirkjunin. Árið 1980 er Búrfellsvirkjun fullnýtt miðað við áðurnefnda 30 þús. tonna aluminiumbræðslu, og má þá virkja Laxá hvort heldur er við Brúar eða Mývatn í stórum stökkum og fá frá henni strax það ódýra afl, sem hún sannanlega getur gefið. Og verði aluminiumbræðslan stækkuð í 60 þús. tonn á næsta áratug, þá ætti það ekki að þýða annað en það, að hægt verði að virkja Laxá fyrr, á hagkvæman hátt, ef komið er á sambandi milli Norður- og Suðurlands.

XI. Rekstursöryggi.

Fram til 1974 er öryggið hið sama í öllum tilhögunum. Þyki það ekki nægilegt má t. d. flýta Fellsvirkjun eða Búrfellslínu, en ódýrasta leiðin og jafnframt sú bezta til frambúðar yrði vafalítið sú að koma upp annarri 10 MW gastúrbínu á Akureyri.

Ef Fellsvirkjun er valin (tilhögun L I) verða línurnar frá Laxá tvær, en þar sem þær liggja fyrir sömu vindátt er allmikil hætta á, að þær geti bilað samtímis. Það mundi þýða að Eyjafjörður hefði aðeins á að skipa 14 MW og því ástæða til að íhuga aðra 10 MW gastúrbínu á Akureyri til vara í þessu tilfelli. Hún mundi þá einnig gegna því hlutverki að vera til vara við vélarbilun í Fellsvirkjun, en komi hún fyrir vantar t. d. árið 1978 um 20% af afli.

Sé Búrfellslínan valin (tilhögun B I) vantar á sama hátt um 20% af afli árið 1978 ef línan bilar. Komi það fyrir að bæði línan og Laxárvirkjun stöðvist samtímis, verður niðurstaðan sú sama og áður að aðeins 14 MW verða til umráða í Eyjafirði. Einnig í þessu tilfelli er því ástæða til að íhuga aðra 10 MW gastúrbínu til vara.

Yfirleitt má segja að tilhögun L I og B I séu svipaðar að öryggi og þá m. a. vegna þess að Búrfellslína og Laxárlína liggja hornrétt hvor á aðra, en að sjálfsögðu er fjárhagur Búrfellsleiðarinnar rýmri ef kaupa skal áðurnefnda gastúrbínu til vara.

Að því er snertir tilhögun L II og B II, þá er reiknað með, að Norð-Vesturland og Austfirðir mundu sjá um varaafl fyrir sitt leyti.

XII. Lokaorð.

Niðurstaða undirritaðra af þessari greinargerð er tekin saman í upphafi. Henni til viðbótar skal á það bent þar sem oft er talað um olíunotkun og gastúrbínur, en stofnkostnaður þeirra er mjög lágur, að síðustu áratugi hafa vextir farið hækkandi en olíuverð hlutfallslega lækkandi og jafnframt hefur orkunýting og rekstursöryggi eldneytisstöðva aukizt. Notkun eldneytisstöðva jafnhliða vatnsaflsvirkjunum fer því vaxandi en í flestum tilfellum næst beztur árangur með notkun beggja.

Reykjavík, 30. sept. 1964.

Steingr. Jónsson. E. Briem. Jakob Guðjohnsen. K. Otterstedt.

Fylgiskjal I, 4, a.

Orkumarkaður

Ár	NV-land[1] GWh	MW	Austfirðir[1] GWh	MW	Laxárvirkj.-svæðið GWh	MW	Alls c:a GWh	MW
68	3,5	1,8	7,2	2,8	87	18	98	22
69	4,3	2,0	8,4	3,2	93	19	106	24
1970	5,1	2,3	9,7	3,6	99	20	114	26
71	6,0	2,6	11,1	4,0	105	22	122	29
72	6,9	2,8	12,4	4,5	111	23	130	30
73	7,9	3,1	13,9	5,0	119	25	141	33
74	9,0	3,4	15,5	5,5	127	26	152	35
1975	10,1	3,7	17,2	6,1	134	28	161	38
76	11,3	4,1	19,0	6,7	142	29	172	40
77	12,6	4,4	20,9	7,3	150	31	184	43
78	13,9	4,8	23,0	8,0	159	33	196	46
79	15,4	5,2	25,2	8,8	169	35	210	49
1980	17,0	5,7	27,5	9,5	178	37	223	52
81	18,7	6,2	30,0	10,3	189	39	238	56
82	20,5	6,7	33,6	11,2	201	42	255	60

1) Að frádreginni vinnslugetu núverandi vatnsaflstöðva.

Fylgiskjal I, 4, b.

Laxárvirkjun með 10 MW gastúrbínustöð

Tímabilið 1968-73

Ár	Orkuþörf MW	Orkuþörf GWh	Laxárvirkj. MW	Laxárvirkj. GWh	Olíustöðv. MW	Olíustöðv. GWh	Kostn. núv. stöðva Mkr.	Kostn. gastúrbínu Mkr.	Olíukostn. Mkr.	Kostn. alls Mkr.	Kostn. árskw kr/kW
68	18	87	12	77	6	10	13,5	4,0	5,0	22,5	1250
69	19	93	12	80	7	13	13,0	4,0	6,5	23,5	1235
70	20	99	12	82	8	17	10,5	4,0	8,5	23,0	1150
71	22	105	12	83	10	22	10,0	4,0	11,0	25,0	1135
72	23	111	12	84	11	27	8,0	4,0	13,5	25,5	1110
73	25	119	12	85	13	34	7,0	4,0	17,0	28,0	1120

Fylgiskjal I, 4, c.

Tilhögun L I

Ár	Viðbótar álag MW	Fellsvirkjun MW	Olíustöðv. Akureyri MW	Viðbótar rekstrarkostn. Mkr.	Olíukostn. Mkr.	Kostn. alls Mkr.	Kostn. árskw kr/árskw
74	14	14	-	35,5	-	35,5	2540
75	16	16	-	35,5	-	35,5	2200
76	17	17	-	35,5	-	35,5	2090
77	19	19	-	35,5	-	35,5	1870
78	21	20	1	35,5	-	35,5	1690
79	23	20	3	36,5	1,0	37,5	1630

Meðaltölur: Álag 18,3 MW, Árskostn. 35,9 Mkr., Afl verð 1960 kr/kW

Tilhögun L II

74	23	20	3	46,5	0,5	47,0	2040
75	26	20	6	46,5	1,5	48,0	1845
76	28	20	8	46,5	3,5	50,0	1785
77	31	20	11	46,5	5,5	52,0	1680
78	34	20	14	46,5	8,5	55,0	1620
79	37	40	-	67,0	-	67,0	1810

Meðaltölur: Álag 29,8 MW, Árskostn. 53,1 Mkr., Afl verð 1785 kr/kW

Ath. 1. Olíukostnaðurinn er reiknaður út frá heildartölum kerfisins.

Ath. 2. Mismunurinn á L I og L II sem sýnir kostnaðinn af tengingu Norðausturlands og Austfjarða er:

Meðaltölur: Álag 11,5 MW, Árskostnaður 17,2 Mkr., Afl verð 1500 kr/kW

Fylgiskjal I, 4, d.

Tilhögun B I

Ár	Viðbótar-álag MW	Búrfells lína MW	Viðbótar rekstrs-kostn. Mkr.	Olíu-kostn. S-land Mkr.	Kostn. alls Mkr.	Kostn. árskw kr/kW
74	14	14	10,0	3,5	13,5	965
75	16	16	10,0	12,0	22,0	1375
76	17	17	42,0	- 7,0	35,0	2060
77	19	19	10,0	8,0	18,0	950
78	21	21	16,5	- 4,0	12,5	595
79	23	23	10,0	4,5	14,5	630

Meðaltölur: Álag 18,3 MW, Árskostn. 19,3 Mkr., Aflkostn. 1050 kr/kW

Tilhögun B II

74	23	23	23,0	8,5	31,5	1370
75	26	26	23,0	17,0	40,0	1540
76	28	28	55,0	-	55,0	1865
77	31	31	29,5	-	29,5	950
78	34	34	29,5	-	29,5	870
79	37	37	23,0	15,0	38,0	1025

Meðaltölur: Álag 29,8 MW, Árskostn. 37,1 Mkr., Aflkostn. 1245 kr/kW

Ath. 1. Olíukostnaðurinn er reiknaður út frá heildartölum Suðurlandskerfisins. Ekki er reiknað með olíunotkun á Akureyri (nema við truflanir).

Ath. 2. Mismunurinn á B I og B II sem sýnir kostnaðinn af tengingu Norðurlands og Austfjarða er:

Meðaltölur: Álag 11,5 MW, Árskostnaður 17,8 Mkr., Aflverð 1550 kr/kW

Fylgiskjal I, 4, e.

Samanburður á tilhögun L I og B I
Laxárvirkjunarsvæðið eitt

Ár	Viðbótar-kostnaður Fellsvirkj. Mkr.	Viðbótar-kostnaður Búrf.lína Mkr.	Árlegur mis-munur Mkr.	Mismunur í árslok með 6% vöxtum Mkr.
74	35,5	13,5	22,0	22,0
75	35,5	22,0	13,5	37,0
76	35,5	35,0	0,5	39,5
77	35,5	18,0	17,5	59,1
78	35,5	12,5	23,0	85,6
79	37,5	14,5	23,0	114,0

Samanburður á tilhögun L II og B II
Laxárvirkjunarsvæðið ásamt Norðvesturlandi og Austfjörðum

74	47,0	31,5	15,5	15,5
75	48,0	40,0	8,0	24,5
76	50,0	55,0	- 5,0	21,0
77	52,0	29,5	22,5	45,0
78	55,0	29,5	25,5	73,0
79	67,0	38,0	29,0	106,5

Fylgiskjal I, 5.

STÓRIÐJUNEFND

Samanburður á staðsetningu aluminiumbræðslu norðanlands og sunnan.

Í ársbyrjun 1963 bárust Stóriðjunefnd áætlanir verkfræðingafirmans Harza um 133 MW Dettifossvirkjun og 180 MW Búrfellsvirkjun og var þá, hvað virkjunina við Búrfell snertir, um að ræða aðra af tveimur tilhögunum (neðanjarðarstöð), sem taldar voru koma til greina þar, en hin tilhögunin gerir ráð fyrir að stöðvarhúsið sé ofanjarðar. Á grundvelli þessara áætlana gerði Stóriðjunefnd samanburð á virkjununum (greinargerð, dags. 13. apríl 1963) og þótti þá þegar sýnt, að ekki yrði unnt að ráðast í Dettifossvirkjun miðað við 30 þús. tonna aluminiumbræðslu og skiptingu hins innlenda raforkumarkaðar, en firmað Swiss Aluminium hefur ekki viljað ræða stærri verksmiðju, hvert svo sem framhaldið verður, og viðræður við önnur aluminiumfirmu hafa ekki leitt til jákvæðrar niðurstöðu. Þetta o. fl. varð til þess, að einnig var athuguð áðurnefnd ofanjarðarstöð við Búrfell og hvort hagkvæmt væri að reikna með nokkurri miðlun í Þórisvatni (1. miðlunarstig) og stækka virkjunina úr 180 MW í 210 MW. Áætlun Harza um þessa tilhögun Búrfellsvirkjunar liggur nú fyrir og reynist hún til muna hagkvæmari en áðurnefnd 180 MW neðanjarðarstöð.

Enda þótt sýnt þætti, að ekki yrði unnt að ráðast í Dettifossvirkjun um sinn, ákvað Stóriðjunefnd að athuga, hvort staðsetning aluminiumbræðslu við Eyjafjörð kæmi til greina, þótt virkjað væri við Búrfell. Fljótlega kom í ljós, að það myndi reynast fjárhagslega mjög erfitt, en engu að síður hefur þessi möguleiki verið rækilega kannaður, og þá einnig í viðræðum við Alþjóðabankann og í skýrslum til hans.

Í þessari greinargerð skal enn gerður samanburður á staðsetningu aluminiumbræðslu við Eyjafjörð og í Faxaflóa, en við Eyjafjörð hefur Gáseyri verið valin sem hentugasti staður, og við Faxaflóa Straumsvík fyrir sunnan Hafnarfjörð. Er þá miðað við nýjustu kostnaðartölur og eins og áður 30 þús. tonna aluminiumbræðslu.

I. KAFLI
Raforkan.

Hér er tímabilið fram til 1984 athugað og gert ráð fyrir eftirtöldum tveimur tilhögunum:

Tilhögun R: Virkjað er við Búrfell jafnhliða 30 þús. tonna aluminiumbræðslu fyrir sunnan og tekur fyrsta virkjunarstigið til starfa í árslok 1968. Núverandi Laxárvirkjunarsvæði er tengt við Búrfellsvirkjun í árslok 1973 og á eftir Búrfellsvirkjun er Laxá við Brúar virkjuð.

Tilhögun RN: Virkjað er við Búrfell jafnhliða 30 þús. tonna aluminiumbræðslu fyrir norðan og tengingu núverandi Laxárvirkjunarsvæðis og tekur fyrsta virkjunarstigið til starfa í árslok 1968. Á eftir Búrfellsvirkjun er Laxá við Brúar virkjuð.

Tilhögun R er hér sú sama og tilhögun R í greinargerð frá „Tækninefnd í virkjunarmálum", dags. í október 1964, um „samanburð á nokkrum virkjunartilhögunum fyrir orkuveitusvæði Sogsvirkjunar og Laxárvirkjunar". Er hér eins og þar reiknað með, að fyrir 1969 verði búið að koma upp ca. 20 MW gastúrbínustöð í Reykjavík og ca. 10 MW á Akureyri til viðbótar við þær eldsneytisstöðvar, sem eru í smíðum á báðum stöðum, og enn fremur að í tilhögun R sé núverandi Laxárvirkjunarsvæði ekki tengt fyrr en í árslok 1973. Síðastnefnda atriðið er byggt á

greinargerð Tækninefndar um raforkumál Norðurlands, dags. 30. sept. 1964, og er í þessari athugun tekið tillit til þess, að í tilhögun RN er tengingin við Akureyri framkvæmd fyrr, sbr. fskj. I, 5, d.

Orkumarkaður.

Hér er reiknað með sömu orkuspá og í fyrri greinargerðum Stóriðjunefndar og í áðurnefndum greinargerðum Tækninefndar. Er hún sýnd á fskj. I, 5, b.

Röð virkjana.

Samkvæmt greinargerð Tækninefndar frá október 1964 verður aflið 1968 miðað við forsendur:

Vatnsafl:		
Sogsvirkjunarsvæðið	92 MW	
Laxárvirkjunarsvæðið	12 MW	
		104 MW
Vara- og toppstöðvar:		
Sogsvirkjunarsvæðið	55 MW	
Laxárvirkjunarsvæðið	14 MW	
		69 MW
		173 MW

Út frá þessu og orkuspánni áætlast röð virkjana í hinum tveimur tilhögunum eins og sýnt er á fskj. I, 5, c og d og er þá tekið tillit til bæði afl- og orkuþarfar, þó orkuþörfin sé ekki sýnd sérstaklega. Fylgiskjölin sýna einnig áætlaða vinnslu með olíu og þær gastúrbínustöðvar, sem áætlað er að setja þurfi upp til vara vegna ístruflana, en eins og Tækninefnd bendir á, er gert ráð fyrir, að þessar varastöðvar verði toppstöðvar síðar, þegar fjárhagslegur grundvöllur hefur fengizt fyrir annarri lausn á ístruflunum við Þjórsárvirkjanir. Í tilhögun R er reiknað með sama vara-afli og Tækninefnd gerir og byggir það meðal annars á því, að Swiss Aluminium telur sig geta sætt sig við að stöku sinnum komi það fyrir, að aflið til bræðslunnar sé minnkað um helming, ef hún er í beinum tengslum við Sogskerfið og vara-stöðvar þess. Um tilhögun RN gegnir öðru máli vegna smæðar Laxárkerfisins og hættunnar á, að langan tíma geti tekið að gera við línu yfir hálendið og telur Swiss Aluminium sig verða að hafa fullt varaafl í þessu tilfelli eða 2×25 MW og gerir fskj. I, 5, d ráð fyrir þessu. Til viðbótar skal á það bent, að reiknað er með nokkuð meiri olíunotkun vegna línutruflana í tilhögun RN en R. Loks er rétt að minna hér á, að varalína til Akureyrar er miklum mun dýrari en 50 MW gastúrbínustöð og mundi ekki koma að gagni eins og hún við ístruflanir, vélabilanir og hækkun fasviksstuðuls, en síðastnefnda atriðið hefur mikla þýðingu varðandi flutningsgetu háspennulínu, orkutöp o. fl.

Stofnkostnaður.

Stofnkostnaður eins og hann reiknast nú er sýndur á fskj. I, 5, a. Í öllum tilfellum er aðflutningsgjöldum sleppt, en þau mundu hækka stofnkostnað virkjana um rúm 20% og gastúrbínustöðva um ca. 30%. Í tilhögun R er reiknað með 115 kV veitu, sem flutt getur ca. 40 MW, og í tilhögun RN 220 kV veitu, sem flutt getur ca. 150 MW og þannig tekið á sig tvöföldun 30 þús. tonna aluminiumbræðslu. Mundi litlu muna í stofnkostnaði þó flutningsgetan væri minnkuð.

Reksturskostnaður.

Hér er reiknað með stjórn, eftirliti, viðhaldi, gæzlu, vöxtum og afborgunum lána. Opinberum gjöldum, lands- og vatnsréttindagjöldum og hagnaði er þannig sleppt. Á sama hátt og í greinargerð Tækninefndar, dags. í okt. 1964, er enn fremur

reiknað með, að lán séu að mestu afborganalaus á byggingartíma, en greiðist því næst sem annuitetslán með 6% vöxtum þannig:

Vatnsvirkjanir og veitur ..... 22 ár, annuitet 8.30%
Gastúrbínustöðvar ..... 17 ár, annuitet 9.54%

Einnig er í samræmi við Tækninefnd stjórn, eftirlit, viðhald og gæzla áætluð þannig:

Vatnsvirkjanir og veitur ..... 22 ár, annuitet 8.30%
Gastúrbínustöðvar ..... 17 ár, annuitet 9.54%

Hér er þá gert ráð fyrir, að gastúrbínustöðvarnar séu notaðar nær eingöngu sem varastöðvar.

Sé við þetta miðað og olíukostnaður reiknaður á 5 aur/kwh verður árlegur reksturskostnaður hinna nýju mannvirkja eins og sýnt er á fskj. I, 5, c og d.

Tölulegur samanburður.

Skipt á 4 ára tímabil er fjárfestingin þannig:

Árabil	Tilh. RN Mkr.	Tilh. R Mkr.	Mismunur Mkr.
1965—1968	1475	1050	425
1969—1972	–	60	÷ 60
1973—1976	598	743	÷ 145
1977—1980	579	579	–
1981—1983	182	182	–
1965—1983	2834	2614	220

Fskj. I, 5, e sýnir samanburð á rekstursgjöldum hinna nýju mannvirkja í báðum tilhögunum og er niðurstaðan þessi, ef mismunur hvers árs er lagður á 6% vöxtu:

Í árslok	1969	1973	1977	1981	1983
Umframgjöld RN samanborið við R, Mkr.	38	190	346	539	654

Þessi mikli munur stafar að sjálfsögðu af því, hvað stofnkostnaðurinn í tilhögun RN er hár í byrjun.

II. KAFLI
Annar kostnaður Íslendinga.

Swiss Aluminium hefur í viðræðum sínum við íslenzku fulltrúana ávallt farið fram á, að aluminiumbræðslan þyrfti ekki að bera kostnað af byggingu hafnar, vegar frá þjóðvegi og vatnsveitu, ef hennar væri þörf, enda kæmu hæfilegar greiðslur fyrir afnot þessara mannvirkja. Þar sem eðlilegt verður að teljast, að Íslendingar eigi þessi mannvirki, hefur Stóriðjunefnd gert ráð fyrir, að þessi háttur verði hafður á. Skal nú vikið nánar að þessum atriðum og nokkrum fleiri.

Hafnir.

Ekki skal um það sagt, að hve miklu leyti höfnin yrði notuð í þágu annarra og hvers konar kostnað það mundi hafa í för með sér sérstaklega. Þar sem hér er um samanburð að ræða, er því reiknað með, að höfnin sé fyrst og fremst miðuð við þarfir bræðslunnar, en að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að hún geti komið að almennum notum einnig.

Í Straumsvík er reiknað með 220 m leguplássi á 40 m breiðum garði og áætlast höfnin kosta 69 Mkr ásamt afleggjara frá Keflavíkurvegi fram hjá bræðslunni.

Á Gáseyri er reiknað með 200 m viðleguplássi og áætlast sú höfn kosta 41 Mkr. að meðtöldum afleggjara frá bræðslunni.

Vegir.

Í Straumsvík er ekki reiknað með sérstökum kostnaði vegna vega, enda er verksmiðjusvæðið alveg við Keflavíkurveginn, en fyrir norðan er reiknað með 4 Mkr. kostnaði í þessu skyni.

Vatn.

Nægilegt vatn er á báðum stöðum rétt við bræðsluna og er líklegt, að bræðslan mundi sjálf standa undir öllum kostnaði við öflun þess.

Rafmagn.

Koma þarf rafmagni til bræðslunnar meðan á byggingu stendur, og mun bræðslan vilja halda því sambandi áfram. Kostnaður við þetta áætlast 2 Mkr. á hvorum stað.

Landrými.

Swiss Aluminium hefur óskað eftir, að bræðslan yrði aðstoðuð við útvegun nægilegs landrýmis (ca. 40 ha.). Stóriðjunefnd hefur talið, að ekki ættu að vera vandkvæði á þessu, en bent firmanu á, að bræðslan yrði að reikna með leigu, en ekki kaupum.

Íbúðarhús.

Swiss Aluminium hefur ávallt tekið fram, að firmað reiknaði með, að bræðslan yrði staðsett það nálægt almennum vinnumarkaði að hún þyrfti ekki að bera neinn kostnað af íbúðarhúsum fyrir starfsfólkið við reksturinn. Þessu skilyrði telur firmað vera fullnægt fyrir sunnan, en ekki nema að hluta fyrir norðan og því væri hér um aðstöðumun að ræða. Stóriðjunefnd hefur ekki fallizt á þetta sjónarmið. Að vísu er næstum víst, að hluti starfsfólksins fyrir norðan mundi þurfa að búa í námunda við bræðsluna, en Stóriðjunefnd hefur talið, að ekki ættu að vera vandkvæði á að fá fólkið til þess að byggja sín eigin hús og auk þess væri vafasamt, að æskilegt þætti, að bræðslan væri eigandi þeirra. Á hinn bóginn mundi þurfa að styrkja slíkar íbúðabyggingar með hagkvæmum lánveitingum.

Tölulegur samanburður.

Samkvæmt framansögðu er umræddur kostnaður Íslendinga vegna annarra mannvirkja en raforkuvirkja 71 Mkr. fyrir sunnan og 47 Mkr. fyrir norðan, og munurinn þannig 24 Mkr. Líklegt er, að meiri tekjur gætu fengizt af höfn í Straumsvík, en sé ekki með því reiknað og að munurinn á árlegum gjöldum sé ca. 15% af 23 Mkr. eða ca. 3.5 Mkr., þá verður heildarmunur á reksturskostnaði orðinn um 80 Mkr. eftir 15 ár, ef reiknað er með 6% vöxtum.

III. KAFLI

Byggingarkostnaður aluminiumbræðslunnar.

Swiss Aluminium telur að byggingarmannvirkin verði 133 Mkr. og vélar og búnaður 36 Mkr. dýrari fyrir norðan, þ. e. a. s. að heildarmunur á stofnkostnaði í Straumsvík og á Gáseyri sé 169 Mkr. og eru þá aðflutningsgjöld ekki meðtalin. Með hliðsjón af þeim gögnum, sem Stóriðjunefnd hefur með höndum, er erfitt að gera sér fulla grein fyrir, hvernig þessi munur er fundinn, en Stóriðjunefnd telur þó öruggt, að hér sé ofreiknað og að öllum líkindum sé munurinn ekki yfir 100 Mkr. Er þá tekið tillit til þess, að firmað reiknar með fluorhreinsun fyrir norðan, en ekki fyrir sunnan og ýmsum mismun á aðstöðu svo sem er varðar kostnað við byggingarsvæðið sjálft, skála fyrir verkamenn, snjóþyngsli og vetrarveðráttu o. fl. Af framangreindum 100 Mkr. er tæpur helmingur vegna fluorhreinsunarinnar.

Fluorgösin og fluorrykið frá verksmiðjunni valda ekki skaða á mönnum eða grasgróðri en hins vegar á grasbítum. Hættan minnkar að sjálfsögðu eftir því sem fjær dregur bræðslunni og eftir því, sem hreyfing á lofti er meiri og er þannig hættan mest í þröngum dölum með kyrru lofti. Þetta vandamál er auðleyst, enda eru bræðslur staðsettar í bæjum og landbúnaðarhéruðum margar hverjar, en það hefur kostnað í för með sér eins og að framan greinir. Swiss Aluminium telur nauðsynlegt að reikna með hreinsun á Gáseyri, en óþarfa með öllu í Straumsvík. Stóriðjunefnd hefur hins vegar bent firmanu á, að einnig í Straumsvík verði bræðslan látin bera fulla ábyrgð á öllu tjóni eða óþægindum, sem fluorinn kunni að valda. Sýni reynslan, að hreinsun sé einnig nauðsynleg þar, minnkar framangreindur munur á Straumsvík og Gáseyri að sama skapi.

IV. KAFLI
Lokaorð.

Samkvæmt framansögðu er kostnaður Íslendinga í byrjun þessi, að aðflutningsgjöldum frátöldum, og er þó eins og áður segir miðað við Búrfellsvirkjun og 30 þús. tonna bræðslu:

	Staðsetning bræðslu	
	Straumsvík Mkr.	Gáseyri Mkr.
Raforkumannvirki	1050	1475
Höfn	69	41
Vegir	—	4
Vatn	—	—
Tenging við alm. rafveitu	2	2
	1121	1522

Munurinn í fjárfestingu er þannig ca. 400 Mkr. í byrjun, en fer því næst lækkandi á 15 árum niður í ca. 200 Mkr.

Munurinn á rekstrargjöldum raforkukerfisins á árunum 1969—1983 er hins vegar, miðað við 6% vexti, samtals um 655 Mkr., Straumsvík í hag. Frá þessari upphæð ber að draga um 80 Mkr. vegna mismunar í reksturskostnaði annarra mannvirkja en raforkuvirkja og er þá ekki reiknað með meiri tekjum af höfn í Straumsvík en Gáseyri, og verður þá heildarmunurinn um 575 Mkr.

Swiss Aluminium telur, að stofnkostnaður bræðslunnar sé alls um 1660 Mkr. á Gáseyri og um 1490 Mkr. í Straumsvík, að aðflutningsgjöldum frátöldum og sé hann þannig um 170 Mkr. hærri fyrir norðan. Stóriðjunefnd telur hins vegar nær sanni, að munurinn sé um 100 Mkr. Er þá reiknað með fluorhreinsun fyrir norðan en ekki sunnan, en reynist hún nauðsynleg þar einnig, minnkar þessi munur niður í rúmar 50 Mkr.

Fylgiskjal I, 5, a.

STOFNKOSTNAÐUR VIRKJANA, ÁN AÐFLUTNINGSGJALDA, VINNSLUGETA ÞEIRRA O.FL.

	Uppsett afl MW	Örugg ársorka GWh	Stofnkostnaður Alls Mkr.	Afleining kr/kW	Orkueining aur/árskwh
Búrfellsvirkjun:					
1. stig	105	850	1050	10 000	123.8
2. –	35	275	157	4 500	57.1
3. –	35	260	336	9 600	129.3
4. –	35	250	74	2 100	29.6
	210	1635	1617	7 700	99.0
Laxárvirkjun:					
1. stig	19	128	323	17 000	252.5
2. –	19	8	182	9 600	–
3. –	38	142	182	4 780	128.0
	76	278	687	9 050	247.0
Gastúrbína:	15–25	–	45–75	3 000	–

Ath. 1. 115 kV veita Búrfell – Akureyri, sem flytur ca: 40 MW áætlast kosta 130 Mkr.

Ath. 2. 220 kV veita Búrfell – Gáseyri, sem flytur ca: 150 MW áætlast kosta 275 Mkr.

Fylgiskjal I, 5, b.

Orkuspá fyrir SV-land og núv. Laxárvirkjunarsvæði

	Alm. notkun SV-land		Alm. notkun N-land		Nato notkun		Núverandi Áb. verksm.		Ný Áb.v. og eða húsh.		Notk. í tilh. S.		Alum. bræðsla		Notk. í tilh. R	
Ár	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW
69	490	106	-		73	11	139	3,5	139	3,5	841	124	470	55	1311	179
70	524	114	-		78	12	139	3,5	139	3,5	880	133	470	55	1350	188
71	561	122	-		82	12	139	3,5	139	3,5	921	141	470	55	1391	196
72	600	130	(111)	(23)	85	13	139	3,5	139	3,5	963	150	470	55	1433	205
73	642	139	(119)	(25)	88	13	139	3,5	139	3,5	1008	159	470	55	1748	214
74	687	149	127	26	94	13	139	3,5	139	3,5	1186	195	470	55	1656	250
75	735	159	134	28	97	13	139	3,5	139	3,5	1244	207	470	55	1714	262
76	786	171	142	29	97	13	139	3,5	278	6,5	1442	223	470	55	1912	278
77	841	183	150	31	97	13	139	3,5	278	6,5	1505	237	470	55	1975	292
78	900	196	159	33	97	13	139	3,5	278	6,5	1573	252	470	55	2043	307
79	963	209	169	35	97	13	139	3,5	278	6,5	1646	267	470	55	2116	322
80	1030	224	178	37	97	13	139	3,5	278	6,5	1722	284	470	55	2192	339
81	1102	240	189	39	97	13	139	3,5	278	6,5	1805	302	470	55	2275	357
82	1179	256	201	42	97	13	139	3,5	278	6,5	1894	321	470	55	2364	376
83	1260	273	214	45	97	13	139	3,5	278	6,5	1988	341	470	55	2456	396

Ath.: Í tilhögun R og S er Akureyri tengd við Búrfellsvirkjun í árslok '73, en í tilhögun T í árslok '71. Notkunin í tilhögun T er sú sama og í tilhögun S, að viðbættu Norðurlandi árin '72 og '73.

Fylgiskjal I, 5, c.

TILHÖGUN R.

Röð virkjana

	Núv. vatns.	Olíust. Toppur	Búr- fell	Laxá	Stöðv. alls	Álag alls	Varastöðvar Eldri	Nýjar	Alls toppur	Vinnsla m. olíu Toppur	Truflun
Ár	MW	MW	MW	MW	MW	MW	MW	MW	MW	GWh	GWh
69	92	–	105	–	197	179	55	–	55	–	2
70	92	–	105	–	197	188	55	–	55	–	2
71	92	–	105	–	197	196	55	–	55	–	4
72	92	8	105	–	205	205	55	20	67	6	4
73	92	17	105	–	214	214	55	20	58	13	6
74	104o)	6	140	–	250	250	69	20	83	4	6
75	104	18	140	–	262	262	69	40	91	14	8
76	104	–	175	–	279	278	69	40	109	–	8
77	104	13	175	–	292	292	69	60	116	10	10
78	104	–	210	–	314	307	69	60	129	–	10
79	104	8	210	–	322	322	69	60	121	6	12
80	104	6	210	19	339	339	69	60	123	4	12
81	104	5	210	38	357	357	69	60	124	3	14
82	100x)	–	210	76	386	376	69	60	129	–	14
83	100	10	210	76	396	396	69	60	119	6	14

TILHÖGUN R.

Rekstrarkostnaður miðað við afborganir lána.

	Búrfell og lína A$_k$.	Laxá	Gas- túrb	Olíukostn.	Kostn. alls
Ár	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.
69	103.0	–	–	1.0	104.0
70	103.0	–	–	1.0	104.0
71	103.0	–	–	2.0	105.0
72	103.0	–	6.5	5.0	114.5
73	103.0	–	6.5	9.5	119.0
74	131.0	–	6.5	5.0	142.5
75	131.0	–	12.5	11.0	154.5
76	164.0	–	12.5	4.0	180.5
77	164.0	–	19.0	10.0	193.0
78	171.5	–	19.0	5.0	195.5
79	171.5	–	19.0	9.0	199.5
80	171.5	31.5	19.0	8.0	230.0
81	171.5	49.5	19.0	8.5	248.5
82	171.5	67.5	19.0	7.0	265.0
83	171.5	67.5	19.0	10.0	268.0

o) Akureyri tengd
x) Laxá I lögð niður.

Fylgiskjal I, 5, d.

TILHÖGUN RN

Röð virkjana

	Núv. vatns.	Olíust. Toppur	Búr- fell	Laxá	Stöðv. alls	Álag alls	Eldri	Nýjar	Alls - toppur	Vinnsla m. olíu Toppur	Truflun
Ár	MW	MW	MW	MW	MW	MW	MW	MW	MW	GWh	GWh
69	104o)	-	105	-	209	198	69	50	119	-	5
70	104	-	105	-	209	208	69	50	119	-	5
71	104	9	105	-	218	218	69	50	110	6	7
72	104	19	105	-	228	228	69	50	100	13	7
73	104	30	105	-	239	239	69	50	89	28	9
74	104	6	140	-	250	250	69	50	113	4	9
75	104	18	140	-	262	262	69	65	116	14	11
76	104	-	175	-	279	278	69	65	134	-	11
77	104	13	175	-	292	292	69	85	141	10	13
78	104	-	210	-	314	307	69	85	154	-	13
79	104	8	210	-	322	322	69	85	146	6	15
80	104	6	210	19	339	339	69	85	148	4	15
81	104	5	210	38	357	357	69	85	149	3	17
82	100x)	-	210	76	386	376	69	85	154	-	17
83	104	10	210	76	396	396	69	85	144	6	17

o) Akureyri tengd
x) Laxá I lögð niður

TILHÖGUN RN

Reksturskostnaður miðað við afborganir lána.

Ár	Búrfell og lína Ak.	Laxá	Gas- túrb..	Olíukostn.	Kostn. alls
	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.
69	130.0	-	16.0	- 4.0 x)	142.0
70	130.0	-	16.0	- 6.0 x)	140.0
71	130.0	-	16.0	- 4.5 x)	141.5
72	130.0	-	16.0	- 3.5 x)	142.5
73	130.0	-	16.0	1.5 x)	147.5
74	145.5	-	16.0	6.5	168.0
75	145.5	-	20.5	12.5	178.5
76	178.0	-	20.5	5.5	204.0
77	178.0	-	27.0	11.5	216.5
78	185.5	-	27.0	6.5	219.0
79	185.5	-	27.0	10.5	223.0
80	185.5	31.5	27.0	9.5	253.0
81	185.5	49.5	27.0	10.0	271.0
82	185.5	67.5	27.0	8.5	288.5
83	185.5	67.5	27.0	11.5	291.0

x) Hér er olíukostnaður á Akureyri í tilh. R dreginn frá.

Fylgiskjal I, 5, e.

SAMANBURÐUR Á REKSTURSKOSTNAÐI

	Kostnaður tilh. RN	Kostnaður tilh. R	Árlegur mismunur	Mismunur í árslok m. 6% vöxtum
Ár	Mkr.	Mkr.	Mkr.	Mkr.
69	142.0	104.0	38.0	38.0
70	140.0	104.0	36.0	76.5
71	141.5	105.0	36.5	117.5
72	142.5	114.5	28.0	152.5
73	147.5	119.0	28.5	190.0
74	168.0	142.5	25.5	227.0
75	178.5	154.5	24.0	264.5
76	204.0	180.5	23.5	304.0
77	216.5	193.0	23.5	345.5
78	219.0	195.5	23.5	389.5
79	223.0	199.5	23.5	436.5
80	253.0	230.0	23.5	486.0
81	272.0	248.5	23.5	538.5
82	288.5	265.0	23.5	594.5
83	291.0	268.0	23.5	653.5

Fylgiskjal II.

STÓRIÐJUNEFND

Framhaldsskýrsla til ríkisstjórnarinnar um aluminiumverksmiðju og stórvirkjun.

Inngangur.

Í skýrslu Stóriðjunefndar til ríkisstjórnarinnar um aluminiumverksmiðju og stórvirkjun, dags. 14. nóvember 1964, voru bornar saman þrjár meginleiðir til þess að mæta vaxandi eftirspurn eftir raforku á Suð-Vesturlandi og á Norðurlandi til loka næsta áratugs. Í þeim samanburði reyndist sú leið langhagkvæmust, að ráðizt yrði í stórvirkjun Þjórsár við Búrfell og hluti orkunnar í fyrsta áfanga seldur til 30 þús. tonna aluminiumverksmiðju, er staðsett yrði fyrir sunnan Hafnarfjörð.

Samanburður þessi byggðist á þeirri forsendu, að unnt mundi að semja um byggingu 30 þús. tonna aluminiumverksmiðju án þess að nokkuð væri um það ákveðið, hvort eða hvenær ráðizt yrði í stækkun hennar. Framhaldsviðræður hafa síðan farið fram við hið svissneska aluminiumfyrirtæki og fulltrúa Alþjóðabankans í Zürich um miðjan desember s. l. Féllst Swiss Aluminium þar á að greiða 3 mill fyrir raforku fyrstu 10 árin, en síðan 2½ mill, en lagði um leið megináherzlu á það, að því yrði gefinn kostur á raforku til þess að stækka aluminiumverksmiðjuna upp í 60 þús. tonna ársafköst innan fárra ára. Jafnframt gaf fyrirtækið vilyrði um, að það mundi taka til vinsamlegrar athugunar að reisa nýja aluminiumverksmiðju í nágrenni Akureyrar, eftir að 60 þús. tonna verksmiðju syðra yrði lokið.

Vegna þessara nýju viðhorfa var nauðsynlegt að taka raforkureikningana til endurskoðunar og kanna, hvaða áhrif örari uppbygging aluminiumiðnaðarins hefði á þróun raforkumálanna. Tvær meginspurningar komu hér til álita. Í fyrsta lagi, hvort hagnaðurinn af örari sölu raforku til aluminiumverksmiðju á Suðurlandi myndi skapa nægilegan ágóða, til þess að hægt yrði að ráðast í stórvirkjun við Dettifoss tiltölulega snemma, enda væri þá um leið byggð ný aluminiumverksmiðja við Eyjafjörð. Í öðru lagi, hvort örari aukning raforkusölu til aluminiumverksmiðju þyrfti að þýða verri afkomu raforkukerfisins í framtíðinni, ef ráðizt yrði í smærri virkjun á eftir Búrfelli, t. d. virkjun Laxár. Til þess að kanna þetta hafa verið teknir til samanburðar þrír valkostir, en þeir eru sem hér segir:

1) Fyrsti valkosturinn er sá, sem áður hefur verið reiknað með, þ. e. a. s. Búrfellsvirkjun ásamt 30 þús. tonna aluminiumverksmiðju á Suð-Vesturlandi. Áfangar Búrfellsvirkjunar yrðu þá sem hér segir: Fyrsti áfangi 105 MW, þar af 55 MW til stóriðju og 50 MW til almennra nota. Síðan kæmu þrír 35 MW áfangar, alls 105 MW, er væru til almennra nota eingöngu á tímabilinu fram til 1979. Þetta fyrirkomulag hefur verið nefnt valkostur R 1.

2) Í öðrum valkostinum er kannað, undir hve örri uppbyggingu raforkukerfið geti fjárhagslega staðið, ef tækifæri gefast til aukinnar aluminiumvinnslu. Er þá miðað við 60 þús. tonna aluminiumverksmiðju á Suð-Vesturlandi, er byggð yrði í tveimur áföngum, og taki hinn síðari til starfa 1973. Mundi þá Búrfell verða virkjað í tveimur megináföngum, 105 MW hvor, og yrði þeim síðara lokið 1972 til 1973. Að því loknu er síðan gert ráð fyrir því, að virkjuð yrðu 165 MW við Dettifoss, þar af yrði lokið við 124 MW 1977 og 41 MW 1978. Jafnhliða yrði byggð 60 þús. tonna aluminiumverksmiðja í nágrenni Akureyrar í tveimur áföngum. Í þessum valkosti, sem nefndur hefur verið R 2, er gert ráð fyrir jafn mikilli aukningu á orkusölu til almennra nota og í R 1 eða 155 MW, 220 MW mundu fara til stóriðju á móti 55 MW í valkosti R 1. Í heild yrðu því virkjuð 375 MW á sama tímabili og 210 áður. Hér er því um að ræða geysilega öra þróun raforkukerfisins.

3) Í þriðja valkostinum er farin millileið og gert ráð fyrir því, að á eftir

Búrfellsvirkjun sé reist 55 MW virkjun við Laxá, en hún mundi koma í stað þess hluta Búrfellsvirkjunar, er færi til þess að sjá öðrum áfanga aluminiumverksmiðju fyrir raforku. Í þessum valkosti, sem nefndur hefur verið R 3, er alls gert ráð fyrir að virkja 265 MW, þar af mundu 155 MW fara til almennra nota, en 110 til 60 þús. tonna aluminiumverksmiðju á Suð-Vesturlandi.

Af þessu er ljóst, að allir þessir þrír valkostir eru sambærilegir að því leyti, að með þeim er séð fyrir jafn mikilli raforku til almennra nota, og er gert ráð fyrir, að þeir muni hver um sig nægja fram undir lok næsta áratugs. Verður nú vikið að nánari samanburði valkostanna.

Samanburður.

Við samanburð hinna þriggja valkosta eru notuð eftirfarandi fjögur hugtök:

a) Nettóhagnaður fyrirtækisins.
b) Gjöld þess vegna almennrar orkusölu.
c) Ráðstöfunarfé þess frá rekstrinum.
d) Lántökuþörf.

Orkuverinu sjálfu er hins vegar haldið föstu allan tímann og jafnháu í öllum valkostunum. Miðað er við sama verð og í fyrri skýrslum.

Til hægðarauka hefur athugunartímabilinu 1969—1983 verið skipt í þrennt. Fyrsta tímabilið, 1969—1973, er eins í öllum valkostum, þ. e. a. s. tímabil fyrsta áfanga Búrfellsvirkjunar. Annað tímabilið er 1973—1978 meðan uppbygging orkukerfisins fer fram á mismunandi hátt. Þriðja tímabilið er síðan 1979—1983 eða fimm ár eftir að uppbyggingu þessa hluta kerfisins er lokið. Að sjálfsögðu mun þurfa að mæta vaxandi eftirspurn eftir 1979, en þeim hluta kerfisins er sleppt í þessari athugun, enda er nú ekkert vitað um, hvað við tæki þá. Verður nú gerð grein fyrir hverjum lið samanburðarins.

a. Nettóhagnaður.

Við útreikning á nettóhagnaði Landsvirkjunar, er reiknað með afskriftum miðað við 40 ára afskriftatíma (en ekki lánstíma, sem er styttri) og vöxtum af skuldum, en ekki eigin fé. Vextir af eigin fé eru því innifaldir í nettóhagnaði. Hagnaðurinn er áætlaður eins og hér segir:

1. tafla. Nettóhagnaður Landsvirkjunar 1969—1983.
(millj. kr.)

Valkostir	1969—1972	1973—1978	1979—1983	Allt tímabilið
R 1	270	810	1011	2091
R 2	270	933	1288	2491
R 3	270	961	1119	2350

Nettóhagnaðurinn er greinilega mestur í R 2. Að vísu er hann örlítið minni en í R 3 á uppbyggingartímabilinu, en er 15% meiri eftir það og 27% meiri en í R 1.

b. Gjöld vegna almennrar orkusölu.

Því hraðari sem uppbygging kerfisins er, því hærri verða að sjálfsögðu heildargjöld Landsvirkjunar. Á móti koma hins vegar tekjur af orkusölu til aluminiumverksmiðju og gera þær meira en vega upp mismuninn eins og sést á 2. töflu. Miðað er við 40 ára afskriftatíma og vexti af lánsfé eingöngu eins og við útreikning á nettóhagnaði hér að framan. Rétt er að geta þess, að gjöld þessi gefa ekki beina vísbendingu um, hvert orkuverðið þurfi eða eigi að verða, þar sem m. a. er ekki reiknað með vöxtum af eigin fé, og misjafnlega mikið eigið framlag þarf til framkvæmda.

2. tafla. Gjöld Landsvirkjunar vegna almennrar orkusölu 1969—1983.
(millj. kr.)

Valkostir	1969—1972	1973—1978	1979—1983	Allt tímabilið
R 1				
Heildargjöld	735	1136	881	2752
Tekjur frá aluminiumverksmiðju	230	345	239	814
Nettógjöld	505	791	642	1938
R 2				
Heildargjöld	735	1398	1457	3590
Tekjur frá aluminiumverksmiðju	230	746	1091	2067
Nettógjöld	505	652	366	1523
R 3				
Heildargjöld	735	1322	1051	3108
Tekjur frá aluminiumverksmiðju	230	689	517	1436
Nettógjöld	505	633	534	1672

Nettógjöldin eru lægst í valkosti R 3, en hæst í R 1 og ber saman við nettóhagnað hér að framan að öllu leyti. Verða gjöldin yfir 40% lægri í R 2 en í R 1 og nær 20% lægri í R 2 en í R 3, hvort tveggja á tímabilinu 1979—1983.

c. Ráðstöfunarfé.

Með ráðstöfunarfé er hér átt við það fé, sem Landsvirkjun hefur aflögu út úr rekstrinum, þegar greiddur hefur verið beinn rekstrarkostnaður og afborganir og vextir af lánum. Reiknað er með að lán séu með 6% vöxtum til 25 ára, þar af 5 ár afborganalaus. Upphæð þess og ráðstöfun er sýnd á 3. töflu.

3. tafla. Ráðstöfunarfé Landsvirkjunar 1969—1983.
(millj. kr.)

Ráðstöfun	1969—1972	1973—1978	1979—1983	1969—1983
R 1				
Fjárfesting að frádregnum lántökum	279	360	—	639
Aukning rekstrarfjár	15	21	3	39
Greiðsluafgangur	—	509	1118	1627
Ráðstöfunarfé alls	294	890	1121	2305
R 2				
Fjárfesting að frádregnum lántökum	291	874	—	1165
Aukning rekstrarfjár	15	29	9	53
Greiðsluafgangur	÷12	154	1417	1559
Ráðstöfunarfé alls	294	1057	1426	2777
R 3				
Fjárfesting að frádregnum lántökum	291	613	—	904
Aukning rekstrarfjár	15	23	3	41
Greiðsluafgangur	÷12	438	1249	1675
Ráðstöfunarfé alls	294	1074	1252	2620

Niðurstaðan er hér hin sama og áður, að ráðstöfunarfé er mest í R 2, en minnst í R 1. Munurinn á R 1 og R 2 er 27% og R 1 og R 3 12% eftir 1978. Rétt er að vekja athygli á því, að töluverður mismunur er á notkun ráðstöfunarfjárins í valkostunum. Því örari sem uppbygging kerfisins er, því meira af ráðstöfunarfénu er nauðsynlegt að leggja til hennar og því minna yrði eftir til hugsanlegrar annarrar ráðstöfunar meðan á uppbyggingu stendur. Þetta snýst hins vegar við að henni lokinni. Þegar hraðri uppbyggingu lýkur verður meira til frjálsrar ráðstöfunar eins og greinilega kemur fram á 3. töflu.

d. Lántökuþörf.

Með lántökuþörf er hér átt við fjárþörf til framkvæmda umfram það, sem út úr rekstrinum kemur og án þess að greiðslugetan sé rýrð. Af þessu leiðir, að ekki var reiknað með neinni lántöku til sumra framkvæmda sérstaklega í R 1 og R 3.

4. tafla. Lántökuþörf Landsvirkjunar 1969—1978.

(millj. kr.)

Valkostir	1969—1972	1973—1978	1969—1978
R 1	98	—	98
R 2	366	796	1162
R 3	366	—	366

Lántökuþörfin er að sjálfsögðu mest við hraða uppbyggingu, þ. e. a. s. í R 2. Óhætt er hins vegar að fullyrða, að hún er innan þeirra takmarka, sem hæfileg þykja á þessu sviði eða innan við 50% af fjárfestingu á tímabilinu 1973—1978. Þessi hraða uppbygging á því að vera fjárhagslega framkvæmanleg, ef aðrar forsendur eru fyrir hendi.

Niðurstöður.

Samanburður sá, sem hér hefur verið gerður, sýnir ótvírætt, að hagkvæmt mundi vera frá sjónarmiði raforkukerfisins, að aluminiumverksmiðjan stækkaði fljótlega úr 30 þús. tonna ársframleiðslu í 60 þús. tonn. Með því móti mundi hagnaðurinn af hinni hagkvæmu virkjun við Búrfell koma fyrr fram. Þetta mundi gera fjárhagslega kleift að ráðast í aðra stórvirkjun, þ. e. a. s. Dettifossvirkjun, strax og Búrfellsvirkjunin yrði fullbúin (valkostur R 2). Hefur verið reiknað með 165 MW virkjun Dettifoss, sem tæki til starfa í árslok 1977. Gæti hún séð 60 þús. tonna aluminiumbræðslu, er byggð yrði í tveimur áföngum, fyrir nægri raforku.

Svo ör þróun raforkukerfisins mundi að sjálfsögðu krefjast miklu meiri lánsfjáröflunar en ella, en þó þyrftu lántökur á tímabilinu 1969—1978 ekki að vera nema 50% af heildarfjárfestingu kerfisins, svo að fjárhagsleg skilyrði til lánsfjáröflunar ættu að vera góð.

Til lengdar yrði þessi hraða uppbygging hagkvæmasta leiðin fyrir raforkukerfið. Hins vegar sýnir valkostur R 3, að jafnvel þótt ekki verði hægt að ráðast í aðra stórvirkjun strax á eftir Búrfelli, heldur farið í minni og dýrari virkjun í Laxá, mundi fjárhagsleg afkoma kerfisins eftir stækkun aluminiumverksmiðju í 60 þús. tonn vera heldur betri en ef verksmiðjan hefði aðeins 30 þús. tonna afköst. Stækkun verksmiðjunnar er því sízt byrði fyrir raforkukerfið, og er þá að sjálfsögðu eftir að reikna allar aðrar þjóðhagslegar tekjur af rekstri hennar, svo sem vinnulaun, skatta og greiðslur fyrir ýmsa þjónustu.

Heildarniðurstaða þessara athugana er því sú, að hagkvæmt sé að byggja Búrfellsvirkjun í tveimur áföngum í stað fjögurra og selja frá henni orku til aluminiumverksmiðju, er hafi 60 þús. tonna afköst og byggð yrði í tveimur áföngum. Mikilvægast er, að með þessum hætti mundu skapast tækifæri til byggingar annarrar stórvirkjunar fljótlega á eftir Búrfellsvirkjun á sterkum efnahagslegum grundvelli.

Að lokum er rétt að benda á áhrif þessarar niðurstöðu á raforkumál Norðurlands. Miðað við fyrri áætlanir um þróun Búrfellsvirkjunar í fjórum áföngum virðist heldur hagkvæmara að leggja línu til Akureyrar frá Búrfelli einhvern tíma eftir 1970, heldur en að byggja nýja litla aflstöð í Laxá. Munurinn á þessum tveimur leiðum reyndist þó ekki stór, eftir að gerðar höfðu verið nýjar áætlanir um litla Laxárvirkjun. Verði Búrfell hins vegar byggt upp örar og orka þess fullnýtt um 1975—1976, skapast sá möguleiki, að byggt verði stórt orkuver á Norðurlandi, er sendi hluta orku sinnar til Búrfells og þaðan í raforkukerfi Suð-Vesturlandsins. Það er því æskilegt, að ákvarðanir um litla virkjun Laxár bíði þar til ljóst er, hver hin raunverulega þróun þessara mála verður.

Nd. 636. Breytingartillaga [181. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
Við 31. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun.

Nd. 637. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru EOl og ÁP.

Alþingi, 5. maí 1965.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Óskar E. Levy, fundaskr. Sigurvin Einarsson.
Björn Fr. Björnsson. Einar Ingimundarson.

Ed. 638. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 36 15. maí 1964, um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. maí 1965.

Eggert G. Þorsteinsson, form. Rafn A. Pétursson, fundaskr. Helgi Bergs, frsm.
Hermann Jónasson. Gils Guðmundsson. Auður Auðuns.
Magnús Jónsson.

Ed. 639. Nefndarálit [192. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin samþykkir að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Þrír nefndarmanna, Gils Guðmundsson, Helgi Bergs og Hermann Jónasson, áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kynnu að koma.

Alþingi, 5. maí 1965.

Eggert G. Þorsteinsson, form.
Rafn A. Pétursson, fundaskr., frsm.
Magnús Jónsson.
Gils Guðmundsson.
Hermann Jónasson.
Helgi Bergs.
Auður Auðuns.

Ed. 640. Breytingartillaga [138. mál]

við frv. til læknaskipunarlaga.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú verður læknishérað læknislaust, og greiðir þá ríkissjóður helming kostnaðar af læknisvitjun og sjúkraflutningi þeirra, sem búsettir eru í hinu læknislausa héraði.

Nd. 641. Breytingartillögur [151. mál]

við frv. til laga um sölu landspildu úr Garðatorfunni fornu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Á eftir III. lið komi nýr liður:
   IV. Garðahreppi jörðina Bala í Garðahverfi.
2. Fyrir orðin „og tvær jarðir“ í lok fyrirsagnar komi: og þrjár jarðir.

Sþ. 642. Nefndarálit [85. mál]

um till. til þál. um markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað tillöguna og sent til umsagnar allmargra aðila. Eftirfarandi svör hafa borizt: Frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Félagi ísl. iðnrekenda, framleiðsluráði landbúnaðarins og Félagi ísl. fiskimjölsframleiðenda. Þeir fjórir aðilar, sem fyrst eru nefndir, telja allir, að tillagan hreyfi við þýðingarmiklu máli, og mæla með samþykkt hennar, en Félag ísl. fiskimjölsframleiðenda „telur sér ekki fært“ að mæla með tillögunni.

Það er sameiginlegt álit allsherjarnefndar, að markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna sé eitt þýðingarmesta viðfangsefni þjóðarinnar í dag. Áherzlu ber að leggja á meiri úrvinnslu íslenzkra hráefna, en eftir því sem sá iðnaður eykst og útflutningsvörur verða meira unnar en áður, verða markaðsmálin að sama skapi bæði þýðingarmeiri og erfiðari viðfangs. Íslenzkar iðnaðarvörur til útflutnings hljóta að mæta meiri samkeppni á mörkuðunum en hrávörurnar, og sala þeirra er háðari breytilegum smekk hins almenna neytanda. Þess vegna verður það brýnni þörf en áður að fylgjast með þörfum og óskum neytenda í markaðslöndunum og vinna að markaðsrannsóknum í stærri stíl en ætla má að einstakir útflytjendur hafi tök á.

Nefndinni virðist því eðlilegt, að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á því, í samráði við fulltrúa atvinnuveganna, hvernig þessum málum verði bezt fyrir komið, og leggi niðurstöðurnar fyrir Alþingi til ákvörðunar um það, hvernig nauðsynlegum stuðningi verði bezt fyrir komið.

Allsherjarnefnd mælir því með samþykkt tillögunnar með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga í samráði við fulltrúa atvinnuveganna, á hvern hátt megi efla markaðsrannsóknir og markaðsleit í þágu útflutningsatvinnuvega þjóðarinnar, og verði niðurstöður þessara athugana lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Alþingi, 5. maí 1965.

Jón Þorsteinsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Einar Ágústsson, frsm.
Sigurður Jóhannesson.	Sverrir Júlíusson.	Pétur Sigurðsson.
	Ragnar Arnalds.	

Nd. 643. Breytingartillögur [190. mál]

við frv. til laga um Lánasjóð sveitarfélaga.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga skipa sjö menn, valdir eins og hér segir: Fjórir stjórnarmenn séu skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu þingflokkanna, en þrjá skipar hann eftir tilnefningu fulltrúaráðs Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Formann stjórnar skipar ráðherra úr hópi stjórnarmanna. Varamenn skulu vera jafnmargir og skipaðir með sama hætti.
2. Við 4. gr.
   3. málsgr. falli niður.

Ed. 644. Breytingartillögur [199. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til vegaframkvæmda.

Frá Hermanni Jónassyni.

Við 1. gr.

a. Fyrir „135.5“ á tveimur stöðum komi: 137.5.
b. Á eftir 1. tölul. komi nýr tölul., svo hljóðandi:
   Strandavegur (Veiðileysufjörður—Selvíkurhöfði) ..... 2.0 millj. kr.

Sþ. 645. Þingsályktun [108. mál]

um síldarleit fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að við síldarleit á sjó sé fyrir hendi nægur kostur vel útbúinna rannsóknar- og leitarskipa, svo að unnt verði að halda uppi öflugri, samfelldri og skipulagðri síldarleit fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum, meðan sumarsíldveiðarnar standa yfir. Skal síldarleitin hefjast eigi síðar en 15. maí sumar hvert.

Sþ. 646. Þingsályktun [90. mál]

um síldarflutninga og síldarlöndun.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir samstarfi síldarverksmiðja og söltunarstöðva um rekstur flutningaskipa, er annazt gætu flutning bræðslu- og saltsíldar á hagkvæman hátt, einkum þegar móttökuskilyrði eru eigi fyrir hendi í næstu höfnum við miðin. Skal sérstaklega hafa í huga að bæta atvinnuástand þeirra staða, sem verða hart úti vegna skorts á síld til verkunar og vinnslu. Jafnframt hafi ríkisstjórnin forgöngu um samstarf síldarsaltenda, síldarverksmiðja og útvegsmanna um bætt skipulag á löndun og annað, er miðað gæti að sem fyllstri nýtingu á afkastagetu síldarvinnslustöðvanna og veiðimöguleikum síldveiðiflotans.

Sþ. 647. Þingsályktun [144. mál]

um endurskoðun á gildandi reglum um tekjustofna sýslufélaga.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 305.

Sþ. 648. Þingsályktun [69. mál]

um lýsisherzluverksmiðju.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar kanna möguleika á sölu hertrar síldarfeiti á erlendum mörkuðum og gera að öðru leyti rækilegar rannsóknir á því, hvort nú sé orðið tímabært að byggja verksmiðju til herzlu síldarlýsis, samkv. ákvæðum laga nr. 93 frá 1942.

Sýni rannsóknirnar hagstæða útkomu, skal þegar kanna til hlítar, hvar verksmiðjan skuli staðsett, og að því loknu hefja undirbúning að byggingu hennar.

Sþ. 649. Þingsályktun [111. mál]

um eftirlit með fyrirtækjasamtökum.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 228.

Sþ. 650. Þingsályktun [65. mál]

um vigtun bræðslusíldar.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa fimm manna nefnd til þess að athuga möguleika á því, að síld, sem lögð er í síldarverksmiðjur til bræðslu, verði keypt eftir vigt.

Skal nefndin kynna sér, á hvern hátt sé hentugast að koma þessari skipan á, og láta framkvæma áætlun um kostnað, er leiddi af þessari breytingu, og leggja álit sitt og tillögur fyrir ríkisstjórnina eigi síðar en 1. janúar 1966. Ef álit nefndarinnar verður á þann veg, að vigtun bræðslusíldar verði tekin upp, verði að því stefnt, að hin nýja skipan verði komin í framkvæmd fyrir sumarsíldveiðar árið 1966.

Landssamband íslenzkra útvegsmanna, Sjómannasamband Íslands, síldarverksmiðjusamtök Austur- og Norðurlands og Síldarverksmiðjur ríkisins skulu hvert fyrir sig tilnefna einn mann í nefndina, en fimmti maður skal skipaður af ríkisstjórninni án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Ed. 651. Frumvarp til laga [130. mál]

um loðdýrarækt.

(Eftir 3. umr. í Nd., 5. maí.)

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi, hvort dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

2. gr.

Loðdýrarækt nefnist í lögum þessum, þegar loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni eða ef dýrin eru alin um stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýragarðar nefnast búr og girðingar, þar sem loðdýr eru höfð í vörzlu.

3. gr.

Loðdýrarækt er óheimil nema í loðdýragörðum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt ákvæðum þessara laga.

4. gr.

Það er meginstefna þessara laga, að loðdýr verði einungis ræktuð hér á landi í sérstaklega útbúnum og vönduðum loðdýragörðum og einungis verði ræktuð þar valin kyn loðdýra.

5. gr.

Embætti veiðistjóra skv. 1. gr. laga nr. 52 5. júní 1957 annast eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara sé fylgt.

6. gr.

Þeir, sem óska að stofnsetja loðdýragarð hér á landi, skulu senda landbúnaðarráðuneytinu umsókn um það efni. Umsóknum skulu fylgja ýtarlegar áætlanir um byggingu loðdýragarðsins, um gerð hans, tæknilegan rekstur og fjármál, svo og um þau dýr, sem fyrirhugað er að rækta í garðinum.

Að fengnu áliti veiðistjóra um þessi gögn, tekur landbúnaðarráðuneytið ákvörðun um viðurkenningu loðdýragarðsins, með skilyrði um, að loðdýrarækt hefjist þar ekki, fyrr en gerð hans öll er í samræmi við fyrrgreindar áætlanir.

Leyfi til minkaeldis má þó aðeins veita í sveitarfélögum, þar sem villiminkur hefur þegar náð öruggri fótfestu að dómi veiðistjóra.

7. gr.

Um gerð loðdýragarða, rekstrarfyrirkomulag og framkvæmd laga þessara að öðru leyti skal skipað í reglugerð.

8. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af loðdýraskinnum eða lifandi loðdýrum, 4.2% af fob-verði. Gjaldið skal renna til vísindalegra rannsókna á lifnaðarháttum villiminks og til sérstakra ráðstafana til útrýmingar honum.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi skal aðeins veita til ræktunar minka næstu tvö árin frá gildistöku laganna og eigi fleiri en 5 minkabúum.

Ed. 652. Frumvarp til laga [151. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildur úr Garðatorfunni fornu og þrjár jarðir.

(Eftir 3. umr. í Nd., 5. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar landspildur og jarðir:

I. Garðahreppi þessar landspildur úr Garðatorfunni:

1. Spildu, sem afmarkast að norðan af Arnarneslæk, að austan af Reykjanesbraut að Álftanesvegi, meðfram Álftanesvegi að Gálgahrauni, meðfram hraunjaðrinum í Arnarnesvog, síðan meðfram Arnarnesvogi að Arnarneslæk.
2. Spildu, sem afmarkast að norðan af Álftanesvegi, frá skógræktargirðingu að markavörðu Hafnarfjarðar og Garðahrepps við Engidal, að sunnan og austan af markalínu Hafnarfjarðar og Garðahrepps frá ofannefndri vörðu, þar til hún sker línu, sem dregin er frá Álftanesvegi samhliða skógræktargirðingunni.

3. Spildu, sem afmarkast að norðan af Vífilsstaðavegi, að austan af fyrirhuguðum Suðurnesjavegi, að sunnan af Hraunsholtslæk að landamörkum Hraunsholts, síðan meðfram þeim mörkum að Reykjanesbraut, að vestan af Reykjanesbraut að Vífilsstaðavegi.

II. Bæjarsjóði Neskaupstaðar jörðina Vindheima í Neskaupstað.

III. Hermanni Guðmundssyni bónda á Eyjólfsstöðum í Beruneshreppi og Gunnari Guðmundssyni bónda, Lindarbrekku, sama hreppi, eyðijörðina Eiríksstaði í Fossárdal.

IV. Garðahreppi jörðina Bala í Garðahverfi.

2. gr.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins samkv. I. tölul. 1. gr., skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Andvirði landsins skal Garðahreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Garðahreppi var gert að greiða fyrir landið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 653. Frumvarp til laga [8. mál]

um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed., 5. maí.)

I. KAFLI
Almennar náttúrurannsóknir.

1. gr.

Með almennum náttúrurannsóknum er í lögum þessum átt við undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og landfræði, sem ekki eru unnar beinlínis í þágu atvinnuveganna. Menntamálaráðherra hefur yfirumsjón allra slíkra rannsókna.

2. gr.

Náttúrufræðingum, sem stunda almennar náttúrurannsóknir eða söfnun náttúrugripa á vegum hins opinbera, skal frjáls för um lönd manna, en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er þeim að greiða fullar bætur fyrir tjón, er þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er og heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er, án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki, ef um er að ræða náttúrugripi, sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra rétthafa lands.

Nú leiðir rannsókn í ljós verðmæti, sem áður voru ókunn, og ber þá rannsakanda að tilkynna það rétthafa þess lands, þar sem verðmætin eru.

3. gr.

Íslenzkir ríkisborgarar skulu hafa forgangsrétt til almennra rannsókna á náttúru Íslands.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, veitt erlendum náttúrufræðingum heimild til að stunda almennar náttúrurannsóknir hér á landi um tiltekinn tíma, enda hafi þeir samráð við stofnunina og láti henni í té skýrslur um rannsóknir sínar, allt samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

II. KAFLI
Náttúrufræðistofnun Íslands.

A. Hlutverk.

4. gr.

Aðalverkefni stofnunarinnar eru þessi:

a. Að koma upp sem fullkomnustu vísindalegu safni íslenzkra og erlendra náttúrugripa, varðveita það og skipuleggja til afnota fyrir vísindamenn á þeim sviðum, sem safnið nær til.
b. Að koma upp sýningarsafni, er sé opið fyrir skóla og almenning. Skal safn þetta miðað við það að vera liður í náttúrufræðikennslu skólanna og auk þess stefna að því að glæða áhuga og skilning almennings á náttúrunni.
c. Að vinna að rannsóknum og skipulagningu almennra rannsókna á náttúru Íslands, einkum að því er snertir meiri háttar verk, þar sem samvinna við aðrar stofnanir og einstaklinga er æskileg eða nauðsynleg, svo sem kerfisbundin úrvinnsla úr efnivið safnsins, efling safnsins að vísindalegum efnivið, náttúrufræðileg kortagerð og skyld verkefni.
d. Að hafa eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga hér á landi og gæta íslenzkra hagsmuna í sambandi við þær.
e. Að greina frá meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar í árlegri skýrslu og frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum.

5. gr.

Stofnunin skal annast fuglamerkingar, og hefur hún ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi.

B. Stjórn og skipulag.

6. gr.

Í Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera þrjár deildir, dýrafræðideild, grasafræðideild og jarðfræði- og landfræðideild.

7. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn stofnunarinnar og skipar að fengnum tillögum forstöðumanns deildarstjóra, sérfræðinga og annað starfslið hennar. Deildarstjórar skulu vera jafnmargir deildum stofnunarinnar og skulu þeir vera sérfræðingar í einhverri þeirra aðalgreina, sem falla undir viðkomandi deild. Ráðherra skipar einn deildarstjóranna forstöðumann stofnunarinnar til þriggja ára í senn og ákveður tölu sérfræðinga og annarra starfsmanna eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til í fjárlögum.

Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið doktorsprófi, meistaraprófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigreinum sínum.

8. gr.

Forstöðumaður fer með stjórn sameiginlegra málefna stofnunarinnar, en deildarstjórar stjórna og bera ábyrgð á daglegum störfum og rekstri deilda sinna.

Deildarstjórar koma fram gagnvart innlendum og erlendum aðilum sem fulltrúar deilda sinna, en forstöðumaður er auk þess í fyrirsvari fyrir stofnunina í heild.

C. Fjármál.

9. gr.

Tekjur Náttúrufræðistofnunar Íslands eru:

a. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar í fjárlögum eða að öðru leyti af opinberri hálfu.

b. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
c. Framlög eða gjafir einstaklinga, félaga eða stofnana.
d. Aðrar tekjur.

10. gr.

Laun starfsliðs stofnunarinnar skulu ákveðin á sama hátt og annarra starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 55/1962.

D. Almenn ákvæði.

11. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands skal eiga aðgang að vísindalegum upplýsingum, sem opinberar stofnanir geta í té látið og varða starfsemi hennar.

12. gr.

Stofnunin skal ekki veita viðtöku gripagjöfum, ef þeim fylgja kvaðir um aðra meðferð þeirra en annarra muna stofnunarinnar. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef viðkomandi deildarstjóri mælir með því og forstöðumaður telur sérstaka ástæðu til.

Óheimilt er að lána sýningargripi stofnunarinnar.

13. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um rekstur og starfsemi stofnunarinnar.

14. gr.

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

Ákvæði I. og II. kafla laga nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, þau er lúta að almennum náttúrurannsóknum og afskiptum Rannsóknaráðs ríkisins af þeim.

Lög nr. 17/1951, um Náttúrugripasafn Íslands.

Önnur ákvæði eldri laga, sem ekki fá samrýmzt ákvæðum laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 654. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. maí.)

1. gr.

4. mgr. 20. gr. orðist svo:

Áður en úthlutað er framlagi Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna, skal draga frá úthlutunarfénu 3% af tekjum sjóðsins til þess að mæta þörfum sveitarfélaganna samkvæmt 15. gr. laga þessara.

2. gr.

31. gr. orðist svo:

Útsvar skal miða við hreinar tekjur og eign samkv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr. Við ákvörðun eigna til útsvars skal miða við gildandi fasteignamat þrefaldað.

Frá hreinum tekjum gjaldenda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær, samkv. 32. gr.

Hjá einstaklingum kr. 35 000.00.
Hjá hjónum kr. 50 000.00.
Fyrir hvert barn, innan 16 ára aldurs, á framfæri gjaldanda kr. 10 000.00.
Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun.

3. gr.

Stafliður A, töluliður 1. 32. gr. orðist svo:

1. Einstaklingar og hjón:
   Af fyrstu 20 000.00 kr. 10%.
   Af 20 000.00 kr.—60 000.00 kr. greiðast 2000.00 kr. af 20 000.00 kr. og 20% af afgangi.
   Af 60 000.00 kr. og yfir greiðast 10 000.00 kr. af 60 000.00 kr. og 30% af afgangi.

4. gr.

Við 35. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Í kaupstöðum skulu útsvör kr. 1500.00 og lægri felld niður.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1965.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur gjalddögum útsvara, álagðra 1964, verið fjölgað, svo að síðasta greiðsla fór ekki fram fyrr en 1. marz 1965, og telst útsvar þá greitt að fullu fyrir árslok 1964, samkvæmt síðustu málsgr. 31. gr. þessara laga.

Nd. 655. Breytingartillaga [181. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, þannig:
Á árinu 1965 skal ríkisstjórnin undirbúa þá breytingu á III. kafla laganna, að framvegis gildi sömu reglur um álagningu aðstöðugjalda í öllum sveitarfélögum.

Ed. 656. Hjúkrunarlög. [105. mál]

(Afgreidd frá Ed. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 330.

Nd. 657. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 frá 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir með samþykkt frv. — Fjarverandi var GuðlG.

Alþingi, 6. maí 1965.

Sigurður Bjarnason, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr., frsm.	Sig. Ágústsson.
Sigurvin Einarsson.	Björn Pálsson.	Ragnar Arnalds.

Nd. 658. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leitað um það álits flugmálastjórnar og flugfélaga. Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt frv.

Alþingi, 6. maí 1965.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Sig. Ágústsson.
Björn Pálsson. Ragnar Arnalds. Sigurvin Einarsson. Guðl. Gíslason.

Nd. 659. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til laga um skrásetningu réttinda í loftförum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leitað um það álits flugmálastjórnar og flugfélaga. Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 6. maí 1965.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Sigurvin Einarsson.
Sig. Ágústsson. Björn Pálsson. Ragnar Arnalds. Guðl. Gíslason.

Nd. 660. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til laga um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og leitað um það álits forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Meiri hluti nefndarinnar telur nauðsyn bera til umbóta á samgöngum á sjó við Vestfirði, en þar sem allur rekstur Skipaútgerðar ríkisins er í athugun, álítur meiri hlutinn, að rétt sé að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að heildarendurskoðun strandferðanna verði lokið hið fyrsta.

Alþingi, 6. maí 1965.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Sig. Ágústsson.
Björn Pálsson. Guðl. Gíslason.

Nd. 661. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til laga um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Samkomulag náðist ekki um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en undirritaðir leggja til, að frumv. verði samþykkt.

Alþingi, 6. maí 1965.

Sigurvin Einarsson, frsm. Ragnar Arnalds.

Ed. 662. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breytingu til bráðabirgða á l. nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 6. maí 1965.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Helgi Bergs.
Karl Kristjánsson. Björn Jónsson. Magnús Jónsson.
Rafn A. Pétursson.

Ed. 663. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um breyt. á víxillögum, nr. 93 19. júní 1933.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 6. maí 1965.

Ólafur Björnsson, form. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson, frsm.
Karl Kristjánsson. Helgi Bergs. Björn Jónsson.
Rafn A. Pétursson.

Ed. 664. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94 frá 19. júní 1933, um tékka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 6. maí 1965.

Ólafur Björnsson, form. — Jón Þorsteinsson, fundaskr. — Magnús Jónsson, frsm.
Karl Kristjánsson. — Helgi Bergs. — Björn Jónsson.
Rafn A. Pétursson.

Ed. 665. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til laga um eftirlaun alþingismanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 6. maí 1965.

Ólafur Björnsson, form. — Jón Þorsteinsson, fundaskr. — Björn Jónsson, frsm.
Magnús Jónsson. — Karl Kristjánsson. — Helgi Bergs.
Rafn A. Pétursson.

Nd. 666. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 6. maí 1965.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. — Sigurður Ingimundarson, fundaskr. — Lúðvík Jósefsson.
Jónas G. Rafnar. — Ásgeir Pétursson. — Skúli Guðmundsson.
Einar Ágústsson.

Nd. 667. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 6. maí 1965.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara.
Jónas G. Rafnar.	Skúli Guðmundsson.	Einar Ágústsson.
	Ásgeir Pétursson.	

Nd. 668. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um heimild til hækkunar kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með því, að það verði samþ.

Alþingi, 6. maí 1965.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar, frsm.
Einar Ágústsson.	Skúli Guðmundsson.	Lúðvík Jósefsson.
	Ásgeir Pétursson.	

Nd. 669. Breytingartillaga [8. mál]

við frv. til l. um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Frá menntamálaráðherra.

Við 4. gr. Liðir a—c orðist svo:

a. Að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru Íslands, vinna að slíkum rannsóknum, samræma þær og efla.
b. Að koma upp sem fullkomnustu vísindalegu safni íslenzkra og erlendra náttúrugripa og varðveita það.
c. Að koma upp sýningarsafni, er veiti sem gleggst yfirlit um náttúru Íslands og sé opið almenningi.

Sþ. 670. Nefndarálit [125. mál]

um till. til þál. um stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum sínum og fengið um hana umsögn Búnaðarfélags Íslands. Aðrir, sem leitað var álits hjá, hafa ekki svarað.

Í umsögn Búnaðarfélagsins kemur fram, að hafin sé endurbygging garðyrkjuskólans á Reykjum í Ölfusi og að takmarkið sé, að skólinn fullbyggður taki 40 nemendur, en hægt verði að hafa 12 nemendur í skólanum næsta vetur. Muni það að öllum líkindum fullnægja þörfinni fyrst um sinn, ef fullbyggt yrði á Reykjum. Hins vegar kveðst stjórn Búnaðarfélagsins eigi vita, hvað líði undirbúningi eða framkvæmd fjörutíu nemenda skóla á Reykjum, og „væri svo, að það mál væri enn skammt á veg komið, gæti það verið til athugunar að ganga eigi svo langt í stækkun skólans, en taka heldur til athugunar byggingu nýs garðyrkjuskóla á Norðurlandi í þess stað".

Nefndin er sammála um, að hér sé hreyft máli, sem rétt sé að athuga ýtarlega, og mælir með því, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort eigi sé grundvöllur fyrir stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd. Verði leitazt við að ljúka þeirri athugun fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Alþingi, 5. maí 1965.

Jón Árnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Ingvar Gíslason, frsm.
Halldór E. Sigurðsson.	Geir Gunnarsson.	Jónas Pétursson.
Óskar E. Levy.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Matthías Bjarnason.

Nd. 671. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til laga um eftirlaun ráðherra.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndarmenn hafa athugað frumvarpið og mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 6. maí 1965.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Ásgeir Pétursson.	Einar Ágústsson.
	Skúli Guðmundsson.	

Nd. 672. Breytingartillaga [122. mál]

við frv. til l. um skrásetningu réttinda í loftförum.

Frá samgöngumálanefnd.

Við 36. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 673. Breytingartillaga [123. mál]

við frv. til l. um viðauka við l. nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

Frá samgöngumálanefnd.

5. gr. orðast svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 674. Nefndarálit [126. mál]

um till. til þál. um endurskoðun skólalöggjafarinnar.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillögu þessa á nokkrum fundum og sent hana til umsagnar ýmsum aðilum, sem svarað hafa, en þeir eru: fræðslumálastjóri, fjármálaeftirlitsmaður skóla, forstöðumenn menntaskólanna, Samband ísl. barnakennara, Landssamband framhaldsskólakennara.

Fjárveitinganefnd varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Leggur meiri hlutinn til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en við, sem skipum minni hlutann og stöndum að þessu nefndaráliti, leggjum til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Þeir aðilar, sem nefndin leitaði álits hjá, taka allir undir nauðsyn þess, að skólakerfið sé rannsakað gaumgæfilega, og sumir mæla ákveðið með samþykkt tillögunnar, eins og hún liggur fyrir. Ekki verður séð, að neinn grundvallarskoðanamunur sé milli tillögumanna og umsagnaraðila. Rauði þráðurinn í umsögnum þeim, sem borizt hafa, er sá, að samræmd athugun á skólakerfinu þurfi að fara fram. Fræðslumálastjóri segir málið í athugun af sinni hálfu, enda efast undirritaður minni hluti ekki um, að fræðsluyfirvöldin fylgjast vel með framkvæmd fræðslulaganna á hverjum tíma og leitast öðrum fremur við að gera sér grein fyrir ástandi og horfum í fræðslumálum. Við endurskoðun fræðslulöggjafarinnar ber að sjálfsögðu að notfæra sér reynslu og þekkingu þeirra, sem vinna að framkvæmd hennar hverju sinni, ekki sízt þeirra, sem eiga langan starfsferil að baki. En þó að undirritaður minni hl. beri fullt traust til embættismanna fræðslumálastjórnarinnar, þá er það skoðun okkar, að Alþingi eigi að hafa forgöngu um endurskoðun skólalöggjafarinnar og kjósa sjálft nefnd manna til þess að framkvæma þá endurskoðun, að sjálfsögðu í samstarfi við fræðsluyfirvöldin og aðra, sem hlut eiga að máli.

Upplýst hefur verið, að menntamálaráðherra hafi skipað nefnd til þess að endurskoða menntaskólastigið, og hefur sú nefnd nú starfað í tvö ár. Segir Kristinn Ármannsson rektor menntaskólans í Reykjavík, formaður nefndarinnar, að í ljós hafi komið, að nauðsynlegt sé að „hafa samstarf með hinum skólastigunum". Undirrituðum minni hluta fjárveitinganefndar virðist þetta benda eindregið í þá átt, að

rétt sé að kjósa eina nefnd, sem hafi með höndum heildarendurskoðun fræðslukerfisins og skólalöggjafarinnar með þeim hætti, sem tillagan gerir ráð fyrir.

Við leggjum því til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 5. maí 1965.

Ingvar Gíslason, frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, Geir Gunnarsson.

Halldór E. Sigurðsson.

Sþ. 675. Nefndarálit [126. mál]

um till. til þál. um endurskoðun skólalöggjafarinnar.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur athugað þessa tillögu á fundum sínum og fengið umsagnir um hana frá fræðslumálastjóra, fjármálaeftirlitsmanni skóla, rektor menntaskólans í Reykjavík, skólameistara menntaskólans á Akureyri, skólameistara menntaskólans á Laugarvatni og Sambandi íslenzkra barnakennara. Upplýst er, að skólalöggjöfin er nú þegar í endurskoðun.

Við viljum undirstrika mjög eindregið, að „allir fái sem jafnasta aðstöðu til náms, hvar sem þeir búa á landinu".

Undirritaður meiri hluti fjárveitinganefndar leggur til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 5. maí 1965.

Jón Árnason, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Óskar E. Levy, frsm.

Jónas Pétursson. Matthías Bjarnason.

Nd. 676. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem fram hefur komið í skýrslu ríkisstjórnarinnar, sem lögð hefur verið fyrir Alþingi á þskj. 635, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að undirbúa og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um framkvæmdasjóð strjálbýlisins, er hafi það hlutverk að tryggja landsmönnum sem jafnasta aðstöðu til alhliða iðnþróunar og uppbyggingar, telur deildin ekki ástæðu til að fjalla frekar um frv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. maí 1965.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Jónas G. Rafnar.

Ásgeir Pétursson.

Ed. **677. Læknaskipunarlög.** [138. mál]

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 416.

Ed. **678. Lög** **[156. mál]**

um sölu dýralæknisbústaðar í Borgarnesi.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 341.

Nd. **679. Breytingartillaga** [181. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Eðvarð Sigurðssyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Eftir bókstafslið k í 30. gr. laganna komi nýr liður, l, svo hljóðandi:
Heimilt er að veita verkafólki, sem vinnur við hvers konar fiskiðnað, og hafnarverkamönnum sérstakan frádrátt, 700 krónur fyrir hverja viku, sem þeir vinna að viðkomandi störfum, enda hafi þeir unnið þau störf ekki skemur en sex mánuði af skattárinu.

Ed. **680. Breytingartillaga** [30. mál]

við frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá Gils Guðmundssyni.

Á eftir 18. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Á árinu 1966 skal setja upp sérstaka deild innan Hafrannsóknastofnunarinnar, er hafi með höndum tilraunir með ný veiðarfæri og veiðiaðferðir og rannsóknir þar að lútandi, svo og rannsóknir á hagkvæmustu gerðum fiskiskipa, miðað við íslenzkar aðstæður, og enn fremur upplýsingastarfsemi um þessi efni. Ráðherra skipar deildarforstjóra.
Á árinu 1967 er ráðherra heimilt að gera þessa deild að sérstakri, sjálfstæðri stofnun, Tæknistofnun sjávarútvegsins, er hafi fyrrgreind verkefni, og falli þá liðirnir 5 í 17. gr. og 4 í 18. gr. undan verkefnum Hafrannsóknastofnunarinnar. Ráðherra skipar þá tæknistofnuninni forstjóra og sérfræðinga. Hafi forstjóri hennar sama vald og aðrir forstjórar slíkra stofnana hafa samkvæmt lögum þessum. Ráðherra ákveður með reglugerð um ráðgjafarnefnd tæknistofnunarinnar.

Nd. **681. Lög** **[57. mál]**

um eftirlit með útlendingum.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 64.

Nd. 682. Lög [160. mál]

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 359.

Nd. 683. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til laga um eyðingu svartbaks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á fundi og rætt það. Leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt. — HV var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 1965.

Jónas Pétursson, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Óskar E. Levy.
Björn Pálsson.	Ágúst Þorvaldsson.	Sverrir Júlíusson.

Nd. 684. Frumvarp til laga [122. mál]

um skrásetningu réttinda í loftförum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 244 með þessum breytingum:

36. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
Frá þeim tíma eru úr gildi numin lög nr. 49 17. maí 1947.

Nd. 685. Frumvarp til laga [123. mál]

um viðauka við lög nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 245 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 686. Lög [186. mál]

um Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 500.

Ed. **687. Lög** [163. mál]

um breyting á lögum nr. 8 1963, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 515.

Ed. **688. Lög** [177. mál]

um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 536.

Ed. **689. Lög** [191. mál]

um breyting á lögum nr. 36 15. maí 1964, um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 516.

Ed. **690. Breytingartillögur** [182. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 2. gr. Aftan við gr. bætist:
   Aftan við 13. gr. laganna bætist nýr liður, sem verður F-liður: Slysadagpeninga skv. 35. gr. og sjúkradagpeninga skv. 50. gr. laga nr. 40/1963, um almannatryggingar, svo og greiðslur svipaðs eðlis vegna veikinda eða slysa úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga.
2. Við 5. gr. Aftan við gr. bætist:
   4. mgr. 36. gr. laganna orðist svo:
   Vegna rannsókna samkvæmt lögum þessum hefur ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri og þeir menn, sem þeir fela rannsóknarstörf, aðgang að bókum og bókhaldsgögnum, þar með talin verzlunarbréf og samningar, framtalsskyldra aðila, svo og allra stofnana, félaga og annarra aðila, sem ekki eru framtalsskyldir, þar með taldir bankar, sparisjóðir og aðrar peningastofnanir. Enn fremur aðgang að starfsstöðvum og birgðageymslum þessara aðila og svo heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim, sem ætla má geta gefið upplýsingar, er máli skipta.
3. Við 6. gr. Framan við gr. bætist:
   3. mgr. 42. gr. laganna orðist svo:
   Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild, er hafi með höndum rannsóknir samkvæmt lögum þessum, sbr. 4. mgr. 36. gr. og 2. mgr. þessarar greinar. Forstöðumaður deildarinnar, skattrannsóknarstjóri, stýrir rannsóknarstarfi hennar í samráði við ríkisskattstjóra.

4. Á eftir 6. gr. komi tvær nýjar gr., svo hljóðandi:
   a. 48. gr. laganna orðist svo:
   Nú skýrir skattþegn af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að tífaldri skattupphæð þeirri, sem undan var dregin. Einnig er heimilt að sekta skattþegn, sem ekki hefur talið fram til skatts, um allt að tífaldri skattupphæð þeirri, sem áætlun var of lág, ef skattur er reiknaður að nýju samkvæmt 2. mgr. 38. gr. Eigi má þó reikna skattsekt samkvæmt þessari mgr. lengra aftur í tímann en 6 ár, sbr. 38. gr.
   Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.
   Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi gefur skattyfirvöldum rangar eða villandi upplýsingar um atriði, sem varða skattframtöl annarra aðila, eða gegnir ekki skyldu sinni samkvæmt 36. gr., skal sekur um allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinum röngu eða villandi upplýsingum eða fellt var undan að gefa upplýsingar um.
   Hver sá, sem í atvinnuskyni aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda, skal sekur um allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinni röngu eða villandi skýrslugjöf.
   Fyrir endurtekin og stórfelld brot samkvæmt 1., 3. og 4. mgr. þessarar greinar má dæma menn í allt að 2 ára varðhaldsvist, enda liggi ekki þyngri refsing við brotum samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.
   Nefnd, er í eiga sæti ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri og lögfræðingur, er fullnægir embættisskilyrðum héraðsdómara og ráðherra skipar, ákveður sektir samkvæmt 1., 3. og 4. mgr., nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski, að málinu sé vísað til dómstóla. Ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Nefnd þessi ákveður og sektir samkvæmt 25. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, nema fjármálaráðherra eða sökunautur óski, að máli sé vísað til dómstóla.
   b. Við 50. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 3. mgr., svo hljóðandi:
   Nú er svo ástatt sem í 1. mgr. segir, og dagsektir teljast eigi einhlítar til að knýja fram skýrslur eða önnur gögn, er þar greinir, og getur ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri þá vísað sökinni til dómara (sakadómara) til meðferðar. Dómari skal taka slíkt mál án tafar til rannsóknar að hætti opinberra mála, og er ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra rétt að vera staddir við þá rannsókn eða láta fulltrúa sína vera það. Að rannsókn lokinni sendir dómari rannsóknargerðir sínar ríkisskattstjóra, er hlutast til um frekari meðferð máls að lögum.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Við 1. mgr. 51. gr. laganna bætist:
   Um sektir þær, sem ákveðnar verða skv. 48. gr., gilda þó sömu reglur að því er innheimtu varðar og um tekjuskatt, eftir því sem við á, þar á meðal um lögtaksrétt.
6. Á eftir 8. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Við 54. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svo hljóðandi:
   Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um sérstakt bókhald, þar á meðal birgðabókhald, skattskyldra aðila, og svo um löggildingu þess, færslu og geymslu.

Ed. **691. Lög** [192. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 517.

Nd. **692. Frumvarp til laga** [182. mál]

um breyting á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Ed., 6. maí.)

1. gr.

Í stað orðanna „13000 kr.“ í 3. og 4. málslið 1. mgr. 4. gr. komi: 16000 kr.

2. gr.

Í stað orðanna „26000 kr.“ í A-lið 13. gr. komi: 32000 kr.
Í stað orðanna „10000 kr.“ í 2. málslið, 1. mgr., D-liðar 13. gr. komi: 15000 kr.
Í stað orðanna „4000 kr.“ í 1. málslið, 5. mgr., D-liðar 13. gr. komi: 6000 kr.
Í stað orðanna „6000 kr.“ í 2. málslið, 5. mgr., D-liðar 13. gr. komi: 9000 kr.
Aftan við 13. gr. laganna bætist nýr liður, sem verður F-liður: Slysadagpeninga skv. 35. gr. og sjúkradagpeninga skv. 50. gr. laga nr. 40/1963, um almannatryggingar, svo og greiðslur svipaðs eðlis vegna veikinda eða slysa úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga.

3. gr.

16. gr. orðist svo:

Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér í landi, eins og þær eru ákveðnar skv. lögum þessum, skal draga sem hér segir:

A. Fyrir einstaklinga 80000 kr.
B. Fyrir hjón 112000 kr., telji þau fram sitt í hvoru lagi 56000 kr. hjá hvoru.
C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 16000 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.

Ef foreldrar búa saman ógift, skal frádráttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlagsgreiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til frádráttar hjá því foreldri, sem innir hana af hendi.

Ef einstætt foreldri (stjúpforeldri, kjörforeldri, fósturforeldri) heldur heimili og framfærir þar börn sín, má það draga frá skattskyldum tekjum auk frádráttar skv. 1. mgr. upphæð, er nemur 16000 kr., að viðbættum 3200 kr. fyrir hvert barn.

Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skattyfirvalda.

Um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt fer eftir því, sem segir í 52. gr.

4. gr.

I.-liður 25. gr. orðist svo:

Tekjuskattur þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., sbr. 3. gr., 4. gr. og 6. gr. 3. málsgr., reiknast þannig:

Af fyrstu 37000 kr. skattgjaldstekna greiðist 9%
Af 37000—62000 kr. ..... greiðist 3330 kr. af 37000 kr. og 18% af afgangi.
Af 62000 kr. og yfir ..... greiðist 7830 kr. af 62000 kr. og 27% af afgangi.

5. gr.

Upphaf 1. mgr. 36. gr. orðist svo:

Allir framtalsskyldir aðilar, embættismenn og aðrir ...

Við 2. mgr. 36. gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, að hver móttakandi starfslauna og annarra greiðslna, sem fyrirmæli þessarar málsgr. taka til, skuli sýna greiðanda eða milligöngumanni nafnskírteini sitt, svo og að upplýsingar greiðanda til skattyfirvalda um nafn, fæðingardag og nafnnúmer hlutaðeiganda skuli vera í samræmi við það, sem stendur á nafnskírteini þeirra.

4. mgr. 36. gr. laganna orðist svo:

Vegna rannsókna samkvæmt lögum þessum hefur ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri og þeir menn, sem þeir fela rannsóknarstörf, aðgang að bókum og bókhaldsgögnum, þar með talin verzlunarbréf og samningar, framtalsskyldra aðila, svo og allra stofnana, félaga og annarra aðila, sem ekki eru framtalsskyldir, þar með taldir bankar, sparisjóðir og aðrar peningastofnanir. Enn fremur aðgang að starfsstöðvum og birgðageymslum þessara aðila og svo heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim, sem ætla má geta gefið upplýsingar, er máli skipta.

6. gr.

3. mgr. 42. gr. laganna orðist svo:

Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild, er hafi með höndum rannsóknir samkvæmt lögum þessum, sbr. 4. mgr. 36. gr. og 2. mgr. þessarar greinar. Forstöðumaður deildarinnar, skattrannsóknarstjóri, stýrir rannsóknarstarfi hennar í samráði við ríkisskattstjóra.

Á eftir orðunum „... um skattákvörðun, ...“ í fyrri málslið 4. mgr. 42. gr. komi orðin: .. skv. lögum þessum eða öðrum lögum um skatta og gjöld, sem álögð eru af skattstjórum, ...

7. gr.

48. gr. laganna orðist svo:

Nú skýrir skattþegn af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að tífaldri skattupphæð þeirri, sem undan var dregin. Einnig er heimilt að sekta skattþegn, sem ekki hefur talið fram til skatts, um allt að tífaldri skattupphæð þeirri, sem áætlun var of lág, ef skattur er reiknaður að nýju samkvæmt 2. mgr. 38. gr. Eigi má þó reikna skattsekt samkvæmt þessari mgr. lengra aftur í tímann en 6 ár, sbr. 38. gr.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi gefur skattyfirvöldum rangar eða villandi upplýsingar um atriði, sem varða skattframtöl annarra aðila, eða gegnir ekki skyldu sinni samkvæmt 36. gr., skal sekur um allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinum röngu eða villandi upplýsingum eða fellt var undan að gefa upplýsingar um.

Hver sá, sem í atvinnuskyni aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda, skal sekur um allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinni röngu eða villandi skýrslugjöf.

Fyrir endurtekin og stórfelld brot samkvæmt 1., 3. og 4. mgr. þessarar greinar má dæma menn í allt að 2 ára varðhaldsvist, enda liggi ekki þyngri refsing við brotum samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

Nefnd, er í eiga sæti ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri og lögfræðingur, er fullnægir embættisskilyrðum héraðsdómara og ráðherra skipar, ákveður sektir samkvæmt 1., 3. og 4. mgr., nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski, að málinu sé vísað til dómstóla. Ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Nefnd þessi

ákveður og sektir samkvæmt 25. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, nema fjármálaráðherra eða sökunautur óski, að máli sé vísað til dómstóla.

8. gr.

Við 50. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 3. mgr., svo hljóðandi:

Nú er svo ástatt sem í 1. mgr. segir, og dagsektir teljast eigi einhlítar til að knýja fram skýrslur eða önnur gögn, er þar greinir, og getur ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri þá vísað sökinni til dómara (sakadómara) til meðferðar. Dómari skal taka slíkt mál án tafar til rannsóknar að hætti opinberra mála, og er ríkisskattstjóra eða skattrannsóknarstjóra rétt að vera staddir við þá rannsókn eða láta fulltrúa sína vera það. Að rannsókn lokinni sendir dómari rannsóknargerðir sínar til ríkisskattstjóra, er hlutast til um frekari meðferð máls að lögum.

9. gr.

Við 1. mgr. 51. gr. laganna bætist:

Um sektir þær, sem ákveðnar verða skv. 48. gr., gilda þó sömu reglur að því er innheimtu varðar og um tekjuskatt, eftir því sem við á, þar á meðal um lögtaksrétt.

10. gr.

Á eftir 52. gr. laganna komi ný gr., er verði 53. gr., svo hljóðandi:

Skylt er, frá og með gjaldárinu 1966, að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 1. gr., 1. mgr. 2. gr. og 3. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 4. gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal af fjármálaráðherra, í fyrsta sinn árið 1966, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra.

11. gr.

Við 54. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svo hljóðandi:

Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um sérstakt bókhald, þar á meðal birgðabókhald, skattskyldra aðila, og svo um löggildingu þess, færslu og geymslu.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1964.

13. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 55 17. júlí 1964 og gefa lögin um tekjuskatt og eignarskatt út svo breytt.

Ed. 693. Breytingartillögur [30. mál]

við frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 24. gr. 1. mgr. Á eftir orðunum „Alþýðusamband Íslands“ komi: Stéttarsamband fiskiðnaðarins. Fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.
2. Við 29. gr. Í stað orðanna „og einn tilnefndur af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar“ komi: og einn tilnefndur af tilraunaráði stofnunarinnar.
3. Við 33. gr.
   a. 2. og 3. málsgr. orðist svo:
      Sérfræðingar og tilraunastjórar, sem fara með verkefni samkv. 1.—5. tölul. 35. gr., tvo menn og sé annar þeirra starfandi tilraunastjóri á tilraunastöð í jarðrækt.

Sérfræðingar og tilraunastjórar, sem fara með verkefni samkv. 6.—9. tölul. 35. gr., tvo menn.

b. Á eftir orðunum „Stéttarsamband bænda tvo menn“ komi: Bændaskólarnir tvo menn. Garðyrkjuskóli ríkisins einn mann.

Nd. 694. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til laga um sjö nýja héraðsskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. (BGr, ÓL, DÓ, EI) leggur til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en minni hl. (BFB og SE) mælir með því, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna (EOl) var fjarverandi, er málið var afgreitt.

Fræðslulöggjöfin frá 1946 herti, svo sem kunnugt er, mjög á skyldunámi unglinga. Héraðsskólar þeir, sem fyrir voru, hafa átt ríkan þátt í því að auðvelda unglingum tilskilið framhaldsnám í viðkomandi skólahéruðum. En mörg héruð víðs vegar um land höfðu ekki slíkan bakhjarl. Aðeins einn héraðsskóli hefur verið reistur síðan, Skógaskóli, sem tók til starfa árið 1949.

Allir hafa héraðsskólarnir reynzt hin öflugasta lyftistöng í fræðslumálum, hver á sínu svæði, og auk þess veitt unglingum annars staðar að ómetanlega hjálp í framhaldsnámi.

Það segir sig sjálft, að í þeim héruðum úti um land, sem enga slíka framhaldsskóla hafa búið við, hefur námsaðstaða unglinga verið hin erfiðasta og eftir því, sem talið er, farið hríðversnandi. Þar hafa ákvæði fræðslulaga eigi verið framkvæmd nema að mjög takmörkuðu leyti. Þetta hefur verið og er að sjálfsögðu óviðunandi ástand og misrétti, sem leiðrétta verður og það sem fyrst.

Frv. miðar í þá átt að leysa með myndarlegu átaki úr þessum augljósa vanda og binda endi á 15 ára kyrrstöðutímabil í byggingarframkvæmdum að því er varðar nýja héraðsskóla.

Frv. gerir ráð fyrir því, að ríkið láti reisa 7 nýja héraðsskóla, þ. e. heimavistargagnfræðaskóla, í þágu hinna dreifðu byggða. Sýslur þær, sem samkvæmt frv. eiga að fá í fyrstu lotu héraðsskóla innan sinna marka, eru þessar:

Norður-Þingeyjarsýsla.
Eyjafjarðarsýsla.
Skagafjarðarsýsla.
Barðastrandarsýsla.
Dalasýsla.
Snæfellsnessýsla.
Austur-Skaftafellssýsla.

Skóla þessa skal ríkið reisa og síðan reka á sinn kostnað, enda er sú skipan í fullu samræmi við þróun héraðsskólamála.

Sú kyrrð, sem í þessum efnum hefur ríkt undanfarin mörg ár, veldur því eðlilega, að hafa verður hraða á um framkvæmdir og engum tíma má glata úr þessu. Öll frekari töf er einungis til að auka á þau vandkvæði, sem þegar eru ærin fyrir, um nauðsynlega og lögbundna framkvæmd fræðslumála í dreifbýli.

Með skírskotun til þess, er við höfum hér rakið, og enn fremur til ýtarlegrar greinargerðar, sem frv. fylgir, leggjum við til, að frv. verði samþykkt.

Við leyfum okkur að láta fylgja nefndarálitinu þessi skjöl:

1. Ályktun fræðsluráðs Eyjafjarðarsýslu.
2. Álit skólamálafundar Eyfirðinga.

3. Samþykktir Ungmennasambands Eyjafjarðar.
4. Samþykkt sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu.
5. Samþykktir bændafundar í Austur-Skaftafellssýslu.

Alþingi, 5. maí 1965.

Björn Fr. Björnsson, frsm. Sigurvin Einarsson.

Fylgiskjal I.

Ályktun samþykkt á fundi fræðsluráðs Eyjafjarðarsýslu 25. apríl 1964.

Fundur um skólamál, haldinn á Akureyri laugardaginn 25. apríl 1964, af fræðsluráði Eyjafjarðarsýslu með oddvitum, skólanefndaformönnum og skólastjórum, gerir svo hljóðandi ályktun:

„Þar sem miklir örðugleikar eru nú orðnir á því að koma unglingum í gagnfræðanám og jafnvel skortir víða aðstöðu til, að hægt sé að kenna þeim til unglingaprófs, telur fundurinn, að ekki megi lengur við þetta una, að brýna nauðsyn beri til, að hafizt verði handa um að koma á fót nægum húsakosti í héraðinu til að ráða bót á þessu eða málið verði leyst á annan hátt, svo að viðunandi sé.

Skorar fundurinn á fræðslumálastjórn, sýslunefnd og fræðsluráð Eyjarfjarðarsýslu að leggja þessu málefni lið og koma með tillögur til úrlausnar. Enn fremur skorar fundurinn á þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra að beita sér fyrir því, að fjárveiting fáist til þessarar skólabyggingar.

Með því að sýnt er, að endanleg lausn þessa vandamáls mundi taka nokkur ár, og víst er, að umsóknum um skólavistir, sem ekki er hægt að sinna, fer fjölgandi, þyrfti að vinda bráðan bug að því að koma þessu máli á einhvern rekspöl sem allra fyrst.

Enn fremur skorar fundurinn á fræðslumálastjórn og fræðsluráð að hlutast til um, að öll skólahverfi sýslunnar öðlist aðstöðu til að skila nemendum með unglingapróf."

Fylgiskjal II.

Héraðsskóli í Eyjafirði.

Á fundi, sem fræðsluráð Eyjafjarðarsýslu hafði með hreppsnefndaroddvitum, skólanefndaformönnum og skólastjórum úr sýslunni á Akureyri 25. apríl í vor, komu fram mjög eindregnar óskir um, að hafizt yrði handa um byggingu héraðsskóla í Eyjafjarðarsýslu eins fljótt og auðið væri.

Viljum vér nú ítreka það, að reynsla undanfarandi ára hefur sýnt, að mjög miklir örðugleikar eru nú orðnir á því að koma unglingum héðan úr sýslunni í skóla gagnfræðastigsins, og má gera ráð fyrir, að þessir örðugleikar fari vaxandi með auknum mannfjölda á komandi árum. Telur fræðsluráð sýslunnar það óhjákvæmilegt, að reistir verði fleiri skólar en nú er völ á til að bæta úr þessari þörf, og þá helzt heimavistarskóli til að taka við nemendum úr sveitunum, því að hvarvetna hefur verið betur séð fyrir skólaþörf þéttbýlisins.

Í Eyjafjarðarprófastsdæmi voru á s. l. ári fermd 373 ungmenni, og þó að Akureyri, Siglufjörður og Ólafsfjörður séu undanskilin og geti nokkurn veginn fullnægt skólaþörf hjá sér, eru samt eftir um 80 fermingarbörn árlega eða um 300 börn á gagnfræðaskólaaldri, sem sjá þyrfti fyrir skólarými.

Er þetta reyndar meiri fjöldi barna en æskilegt þykir að hafa í einum skóla, enda má gera ráð fyrir, að ekki haldi öll börn áfram námi, þegar lokið er unglingaprófi. Þeirri skoðun vex einnig fylgi, að börn hafi naumast þroska til að skipta um skóla fyrr en í fyrsta lagi um fermingaraldur, eins og lengst hefur tíðkazt í sveit-

um, og mætti þá sennilega víðast hvar kenna í barnaskólunum námsefni, sem svarar fyrsta bekk unglingaskólans, án þess að bæta við kennurum, og spöruðust þannig kennslukraftar að verulegu leyti.

Væri þá við hæfi að byggja einn héraðsskóla í Eyjafirði til að taka við unglingum frá 14 ára aldri, og væri þeim skóla ætlað að annast kennslu í þrem bekkjum gagnfræðaskólans og kenna undir landspróf þeim börnum, sem þess óska.

Þar sem Eyjafjarðarsýsla á nú fullt í fangi með að greiða stofnkostnað og rekstrarkostnað húsmæðraskólans á Laugalandi að sínum hluta til móts við ríkið og komið hefur í ljós, að bygging og rekstrarkostnaður svo stórra gagnfræðaskóla er strjálbýlum sveitarfélögum fjárhagslega ofviða, enda viðurkennt af ríkinu með yfirtöku héraðsskólanna, sbr. lög nr. 34 18. apríl 1962, þá er það eðlileg ósk, að ríkið sjái landsbyggðinni fyrir slíkum skólum framvegis, þar sem þeir eru líka víðast hvar sóttir úr öllum byggðarlögum landsins.

Skorar fræðsluráð því á fræðslumálastjórnina og þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra að undirbúa og leggja þegar fyrir það Alþingi, sem nú kemur saman, frumvarp til laga um héraðsskóla í Eyjafirði, sem rekinn verði samkvæmt áður nefndum lögum frá 18. apríl 1962.

Í fræðsluráði Eyjafjarðarsýslu,

pt. Syðra-Laugalandi 9. október 1964.

Virðingarfyllst,

Einar Sigfússon. Benjamín Kristjánsson. Stefán Snævarr.
Aðalsteinn Jónsson. Jón Jónsson.

Fylgiskjal III.

UNGMENNASAMBAND EYJAFJARÐAR

Akureyri, 2. maí 1964.

Á ársþingi Ungmennasambands Eyjafjarðar í Sólgarði 11. og 12. apríl 1964 urðu miklar umræður um nauðsyn þess, að byggður yrði héraðsskóli í Eyjafjarðarsýslu, sem leysti það vandræðaástand, sem nú ríkir í héraðinu í sambandi við menntun unglinga. Voru gerðar einróma eftirfarandi samþykktir, sem ég leyfi mér hér með að koma á framfæri:

„Ársþing Ungmennasambands Eyjarfjarðar, 11. og 12. apríl 1964, leggur áherzlu á þá brýnu nauðsyn, að reistur verði sem fyrst héraðsskóli í Eyjafjarðarsýslu, og samþykkir að senda frá sér eftirfarandi áskoranir:

1. Þingið skorar á fræðsluráð Eyjafjarðarsýslu að boða nú þegar fund með skólastjórum, skólanefndarmönnum og oddvitum í sýslunni um héraðsskólamálið.
2. Þá skorar þingið á næsta sýslufund Eyjafjarðarsýslu að taka ákveðna afstöðu til þessa nauðsynjamáls og hraða undirbúningi þess, svo að skólinn komist upp sem fyrst.
3. Þingið hvetur alla alþingismenn kjördæmisins til að standa saman að flutningi frumvarps á Alþingi um byggingu héraðsskóla í Eyjafjarðarsýslu og tryggja, að til hans fáist fjárveiting, svo fljótt sem auðið er."

Virðingarfyllst,

F. h. Ungmennasambands Eyjafjarðar,

Þóroddur Jóhannsson,
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal IV.

SÝSLUMAÐURINN Í SKAFTAFELLSSÝSLU

Vík í Mýrdal, 4. marz 1965.

Á sýslufundi Austur-Skaftafellssýslu, ár 1964, var samþykkt eftirfarandi tillaga: 37. Frá allsherjarnefnd.

„Sýslufundur Austur-Skaftafellsýslu 1964 telur, að brýn nauðsyn sé á því að byggja héraðsskóla (heimavistarskóla gagnfræðastigs) í sýslunni, en telur jafnframt, að útilokað sé, að sýslan geti staðið straum af stofn- og rekstrarkostnaði slíkrar stofnunar, samkvæmt lögum nr. 41 frá 1955. Skorar því sýslunefndin fastlega á alþingismenn kjördæmisins að bera fram frumvarp á næsta Alþingi til breytinga á téðum lögum þess efnis, að ríkið láti byggja héraðsskóla í Austur-Skaftafellsýslu, er sé eign ríkisins."

Samþykkt samhljóða.

F. h. sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu,

Einar Oddsson.

Fylgiskjal V.

Samþykktir bændafundar í Austur-Skaftafellssýslu.

1. Fulltrúafundur bænda í Austur-Skaftafellssýslu, haldinn í Mánagarði í Nesjum dagana 21.—22. nóv. 1964, vill árétta samþykkt sýslufundar Austur-Skaftafellssýslu þessa árs um að skora á fræðsluráð sýslunnar og þingmenn Austurlandskjördæmis að vinna að því í sameiningu, að miðskóli verði stofnaður í Austur-Skaftafellssýslu hið allra fyrsta. Enn fremur bendir fundurinn á, að fullnaðarlausn fæst ekki á þessu máli fyrr en heimavist fyrir slíkan skóla er fyrir hendi.

2. Fulltrúafundur bænda í Austur-Skaftafellssýslu, haldinn í Mánagarði í Nesjum dagana 21.—22. nóvember 1964, beinir þeirri ósk til þingmanna Austurlandskjördæmis, að unnið verði að því hið allra bráðasta að reisa nægilega marga héraðsgagnfræðaskóla í dreifbýli landsins. Jafnframt verði sú breyting gerð á lögum um héraðsskóla, að skylduákvæði um fjárframlög viðkomandi héraðs sé af þeim létt.

Ed. 695. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 7. maí 1965.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson.
Páll Þorsteinsson.	Karl Kristjánsson.	Ragnar Jónsson.
	Jón Þorsteinsson.	

Ed. 696. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildur úr Garðatorfunni fornu og þrjár jarðir.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 7. maí 1965.

Ragnar Jónsson, form., frsm.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason.	Björn Jónsson.	Jón Árnason.
	Jón Þorsteinsson.	

Ed. 697. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 53/1961, um Listasafn Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess. Einn nefndarmanna, GilsG, undirritar þó nál. með fyrirvara.

Alþingi, 7. maí 1965.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson, með fyrirvara.
Páll Þorsteinsson.	Karl Kristjánsson.	Ragnar Jónsson.
	Jón Þorsteinsson.	

Ed. 698. Frumvarp til laga [204. mál]

um breyting á lögum nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu.

Flm.: Katrín Smári.

1. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna orðist svo:
Hússtjórnarskólar, markmið þeirra og skipulag.

2. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Markmið hússtjórnarskóla er að veita nemendum sínum menntun til heimilisstjórnar, barnauppeldis og venjulegra heimilisstarfa:

a. á eigin heimili,
b. á heimilum undir stjórn húsmóður,
c. á heimilum, þar sem húsmóðir er fjarverandi eða forfölluð í lengri eða skemmri tíma (sbr. lög um heimilishjálp í viðlögum),

d. á heimilum öryrkja og ellilífeyrisþega (sbr. 22. gr. laga um almannatryggingar).

Kennsla vegna c- og d-liða fari fram í sérdeildum eða námskeiðum fyrir nemendur á ýmsum aldri, skv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Menntun hússtjórnarskóla með hliðsjón af b-, c- og d-liðum veiti sérstök atvinnuréttindi, sem setja skal með reglugerð eða lögum.

3. gr.

Í stað orðsins „húsmæðraskóla“ í 1. málsl. 2. gr. laganna komi: hússtjórnarskóla. Allar aðrar greinar laganna, þar sem orðið „húsmæðraskóli“ kemur fyrir, jafnt í fleirtölu sem eintölu, breytist á sama hátt.

4. gr.

Í stað orðsins „húsmæðrafræðslu“ í 4. gr. laganna komi: hússtjórnarfræðslu.

5. gr.

Í stað orðsins „húsmæðrakennslu“ í 1. málsgr. 12. gr. laganna komi: hússtjórnarkennslu.

6. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirstjórn hússtjórnarfræðslunnar. Námsstjóri eða námsstjórar hússtjórnarfræðslunnar starfi skv. erindisbréfum námsstjóra eða lögum um námsstjóra.

7. gr.

Ákvæði til bráðabirgða fellur niður.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

9. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 49 7. maí 1946 og gefa þau út svo breytt, með fyrirsögninni: Lög um hússtjórnarfræðslu.

Greinargerð.

Þetta frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 49/1946 fer ekki fram á breytingar á sjálfri hússtjórnarfræðslunni, sem hefur nær eingöngu miðazt við að undirbúa konur undir heimilisstjórn á eigin heimili. Þær breytingar, sem felast í frumvarpinu fyrst og fremst, miðast við að bæta úr brýnni þörf fyrir aðstoð við heimilisstörf og hússtjórn, þegar húsmóður nýtur ekki við ýmissa hluta vegna, svo sem vegna sjúkdóma um lengri eða skemmri tíma, sængurlegu og nauðsynlegrar hvíldar á eftir, húsmæðraorlofs, sem þær húsmæður, sem mesta þörf hafa fyrir það, geta ekki notið vegna þess, að þær komast ekki að heiman. Enn fremur vantar heimilisaðstoð á barnmörgum heimilum og þar, sem húsmóðirin hefur atvinnu utan heimilis.

Enn fremur er brýn nauðsyn fyrir heimilisaðstoð við öryrkja og aldrað fólk, sem er ekki að öllu leyti sjálfbjarga þótt búi í eigin íbúð. Vísast hér til nefndarálits, sem fylgdi frumvarpi til laga um byggingarsjóð aldraðs fólks, sem lagt var fyrir Alþingi árið 1963.

Kvenréttindafélag Íslands samþykkti á landsfundi 1964 eftirfarandi: „Fundurinn vill beina þeim tilmælum til fræðslumálastjórnarinnar (og félagsmálaráðuneytisins) að beita sér fyrir því, að komið verði á námskeiðum fyrir nýja stétt kvenna, sem tekizt gæti á hendur heimilisstörf, skv. lögum um heimilishjálp í viðlögum og skv. 22. gr. laga um almannatryggingar, um heimilishjálp fyrir ellilífeyrisþega. Enn fremur vill fundurinn benda á, að þegar von er á hæfu starfsliði til slíkrar heimilishjálpar, koma enn fleiri verkefni til greina, og stefna ber að því, að þau komist í framkvæmd, svo sem heimilishjálp vegna húsmæðraorlofs og fæðingarorlofs húsmæðra.“

Félagsfundur Kvenréttindafélags Íslands 16. marz 1965 samþykkti að beina þeirri áskorun til menntamálaráðherra og fræðslumálastjórnar, að menntun til umræddra starfa færi fram í sérdeildum húsmæðraskólanna. Fundurinn taldi ástæðu til að athuga, hvort ekki væri æskilegt, að einkennisbúningar fylgdu þessum störfum, sem upplýst var, að verið hefði í Danmörku hvatning fyrir stúlkur til að taka að sér þessa heimilishjálp.

Í öðru lagi eru breytingar frumvarpsins fólgnar í því að afnema misrétti milli karla og kvenna, sem í lögunum er að finna, og þar með fækka þeim skólum landsins, sem karlmönnum er með lögum meinaður aðgangur að. Íslenzkar konur hafa fengið því framgengt að eiga með lögum aðgang að öllum skólum landsins. Það er því ekki vansalaust, að til skuli vera skólar, sem körlum, ekki aðeins vegna gamallar venju, heldur einnig vegna orðalags laga um viðkomandi skóla, er óheimill aðgangur að.

Ísland hefur orðið að gefa upplýsingar um þetta á alþjóðavettvangi, sbr. XVth International Conference on Public Education convened by UNESCO and the I.B.E. Geneva 1952. ACCESS of WOMEN to EDUCATION. From information supplied by the Ministries of Education — bls. 108 og 109: „The vocation schools in Iceland are accessible equally to boys and girls, although the sexes are in practice divided among different trades through choice or tradition. The only exceptions are the housewifery, midwifery and nursing schools, which by law are reserved for women." Og enn fremur: „All university faculties and other higher education establishments in Iceland are open to both sexes, except for the special divisions of a school for teachers of art and crafts (needlework, etc.) reserved for women."

Frá því að þessar upplýsingar voru gefnar, hefur körlum verið veitt innganga í einn þessara skóla, Hjúkrunarskóla Íslands, sem áður hét Hjúkrunarkvennaskóli Íslands og hafði „það hlutverk að veita konum fræðslu til að verða vel menntaðar hjúkrunarkonur".

Nd. 699. Breytingartillögur [199. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til vegaframkvæmda.

Frá Sigurvin Einarssyni.

Við 1. gr.

a. Fyrir „135.5" á tveimur stöðum komi: 137.5.

b. Á eftir 1. tölul. komi nýr tölul., svo hljóðandi:

Strandavegur (Veiðileysufjörður—Selvíkurhöfði) ..... 2.0 millj. kr.

Ed. 700. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt með breytingum, sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 7. maí 1965.

Ólafur Björnsson, form.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
	Rafn A. Pétursson.	

Ed. 701. Breytingartillögur [201. mál]

við frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 2. gr.
   a. 2. tölul. falli niður.
   b. Í stað orðsins „héraðsrafmagnsveitna“ í 3. tölulið komi: rafmagnsveitna sveitarfélaga.
2. Við 3. gr. Á eftir 1. málsgr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Landsvirkjun er heimilt með samningum að kaupa orkuver og aðalorkuveitur frá öðrum aðilum og starfrækja þessi mannvirki.

Ed. 702. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta felur í sér tvö meginatriði. Í fyrsta lagi það að ákveða, að næsta átak í raforkumálum Suðvesturlands verði virkjun Þjórsár við Búrfell, og í annan stað eru svo ráðgerðar miklar breytingar á eignaraðild virkjana og á stjórn og tilhögun raforkumála.

Í sambandi við ákvörðunina um Búrfellsvirkjun er ekki skorið úr um það í frv., hverjir verði áfangar í þeim virkjunarframkvæmdum, en frv. heimilar fullvirkjun allt að 210 MW. uppsetts afls og veitir ábyrgðarheimildir, sem nægja mundu fyrir kostnaði við 105 MW. orkuver, en það er helmingur hugsanlegs uppsetts afls við Búrfell.

Vitað er, að miðað við orkuþörf raforkumarkaðs íslenzkra aðila kemur sá áfangi fyrstur og einn til greina að virkja 70 MW. afl, ef Búrfell er valið sem virkjunarstaður. Stærri virkjun í fyrsta áfanga kæmi ekki til greina, nema til kæmu nýir stórnotendur raforku, og er þar vart aðra um að ræða en alúmíníumhring þann, sem ríkisstjórnin stendur nú í samningaviðræðum við um byggingu alúmíníumbræðslu við Hafnarfjörð. Því er þó lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar, að ákvörðun um Búrfellsvirkjun sé algerlega óháð samningum um alúmíníumverksmiðju.

Með tilliti til þessa verður ekki séð, hver ástæða er nú til frekari virkjunarheimilda en þeirra, sem fullnægjandi væru vegna þarfa Íslendinga sjálfra. Fari svo, að Alþingi taki síðar ákvörðun um samninga við erlenda aðila um orkusölu, er auðvitað fullnægjandi að veita þá jafnframt virkjunarheimildir í samræmi við þá samninga. Ákvæði frv. um miklu víðtækari heimildir en þörf er nú á miðað við forsendur eru að dómi undirritaðs til þess fallin að eyðileggja samningsaðstöðu við hinn erlenda auðhring, hafi samningar ekki þegar verið ákveðnir í öllum greinum, sem ótrúlegt verður að telja. Hafi ríkisstjórnin hins vegar þegar tekið ákvörðun um slíkan samning, ber henni hins vegar að leggja öll gögn á borðið og leita virkjunarheimilda á réttum forsendum.

Af þessum sökum leggur undirritaður til, að virkjunarheimild verði nú bundin við þá einu forsendu, sem nú er fyrir hendi, þarfir Íslendinga, þ. e. a. s. að heimildin verði til 70 MW. virkjunar.

Ýmsar samanburðartöflur fylgja frv. þessu, sem ætlað er að sanna, að Búrfellsvirkjun og þá helzt samhliða orkusölu til alúmíníumvinnslu sé hagstæðasta lausnin í orkumálum þjóðarinnar. En útreikningar þessir eru þó langt frá því að vera sannfærandi að öllu leyti, enda hafa þeir aðilar sumir, sem að þeim standa, gert sig

bera að mikilli ónákvæmni í fyrri útreikningum varðandi þessi mál og þó einkanlega að því að gefa sér rangar forsendur og reikna síðan út frá þeim. Enda þótt líklegt sé, að nýjustu samanburðarútreikningar séu nær sanni en sumir hinna fyrri, hafa ekki enn verið framkvæmdar undirbúningsrannsóknir, sem gert gætu fært að fullyrða, að svonefnd „smávirkjanaleið" sé óhagstæðari en Búrfellsvirkjun, ef miðað er við þarfir Íslendinga einna, og raunar einnig, þótt miðað sé við alúmíníumvinnslu. Er hér fyrst og fremst um að ræða hugsanlegan kostnað við framkvæmdir, sem óhjákvæmilegar eru vegna ísskriðs og ísmyndunar í Þjórsá, svo og kostnað vegna rennslistruflana, sem geta stöðvað að fullu raforkuframleiðslu virkjunarinnar, ef ekki koma til þegar frá byrjun framkvæmdir, sem kosta mundu verulegt fjármagn. Hver áhrif þetta kann að hafa á hagkvæmni Búrfellsvirkjunar, má marka af því, að ef kostnaður þessara framkvæmda yrði um 160—170 millj. kr., væri „smávirkjanaleiðin" orðin hagstæðari.

Að svo komnu verður því að telja ósannað, hvor þeirra leiða, sem til greina koma um virkjanir í næstu framtíð, sé hagkvæmari. Með tilliti til þessa þykir undirrituðum rétt að binda ekki framkvæmdaheimildir við Búrfellsvirkjun eina, heldur nái þær einnig til annarra virkjana, sem til greina koma, ef frekari nauðsynlegar athuganir sýna yfirburði þeirra hvað hagkvæmni snertir.

Með frv. þessu er lagt til, að gerðar verði stórbreytingar á stjórn og framkvæmd raforkumála þjóðarinnar. Stofnað er til svokallaðrar Landsvirkjunar, sem ætlað er að byggja og starfrækja orkuver fyrir meginhlutann af raforkumarkaði þjóðarinnar og sjá um áætlanagerðir og framkvæmdir, er að þessu lúta í framtíðinni. Reykjavíkurborg er ætlaður helmings eignarhlutur í þessu nýja fyrirtæki og algerlega jafnmikið vald og ríkinu um stjórn þess alla. Með þessu nýja fyrirkomulagi er hin mikilvægasta yfirstjórn orkumálanna raunverulega tekin af Alþingi og ríkisstjórn að verulegu leyti. Hlýtur þessi skipan að teljast harla óeðlileg og jafnvel hættuleg. Alveg sérstaklega er þessi skipan fráleit, ef eitt helzta viðfangsefni þessa fyrirtækis verður orkusala til erlendra aðila, en það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar, að svo verði.

Loks er með 11. gr. frv. tekin upp algerlega ný stefna um verðlagningu raforku og stefnt að því, að notendum, þ. e. a. s. innlendum notendum, verði gert að greiða það hátt raforkuverð, að ekki aðeins svari til nauðsynlegs kostnaðar hverrar virkjunar, sem byggð verður, heldur einnig til þess að byggja upp ný orkuver í framtíðinni. Upplýst er, að fyrirhugað er, að heildsöluverð verði allt að þrefalt kostnaðarverð og að á næstu tveim áratugum verði þannig safnað upp nettóhagnaði upp á 1500—2000 millj. kr. Erlendum kaupendum, þ. e. a. s. alúmíníumhringnum, eru hins vegar ætluð þau kjör að fá orkuna undir kostnaðarverði, ef af fyrirhuguðum samningum verður.

Af framangreindu leiðir, að undirritaður vill ekki standa að frv., eins og það nú liggur fyrir, og mun flytja breytingartill. við það í samræmi við þær skoðanir, sem hér koma fram. Með þeim breytingum mælir hann með samþykkt frv.

Alþingi, 7. maí 1965.

Björn Jónsson.

Ed. 703. Breytingartillögur [201. mál]

við frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá Birni Jónssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Starfsemi Landsvirkjunar skal í upphafi beinast að öflun raforku fyrir þau orkuveitusvæði, sem nú eru tengd Sogsvirkjun. Reynist þjóðhagslega hagkvæmt að dómi raforkuráðs og ráðherra þess, sem fer með raforkumál, að leggja aðalorkuveitur frá orkuverum Landsvirkjunar til annarra orkuveitusvæða, skal einnig heimilt að tengja þau orkuverum fyrirtækisins. Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar gerðir.
   Verkefni og orkuveitusvæði Landsvirkjunar skal nánar skilgreint í reglugerð.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Landsvirkjun er heimilt að reisa 70 þús. kW. raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til þess að tryggja rekstur hennar.
   Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.
   Þá er Landsvirkjun og heimilt, ef hagkvæmt reynist að athuguðu máli, að reisa 14 þús. kW. orkuver við Kláffoss í Borgarfirði, 30 þús. kW. orkuver við jarðgufustöð í Hveragerði og 22 þús. kW. orkuver við Brúará við Efstadal.
3. Við 8. gr. Upphaf 1. málsgr. orðist svo:
   Stjórn Landsvirkjunar skal skipuð 9 mönnum. Skulu fjórir kosnir af Alþingi með hlutfallskosningu. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs fjóra menn með sama hætti. Ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur skipa sameiginlega níunda manninn, og skal hann vera formaður.
4. Við 11. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Stjórn Landsvirkjunar ákveður heildsöluverð Landsvirkjunar á raforku eftir þeirri meginreglu, að það sé framleiðslukostnaðarverð að viðbættum allt að 7%.
   b. Við greinina bætist:
      Orkusölusamningar við erlenda aðila skulu háðir samþykki Alþingis.
5. Við 17. gr. Í stað orðanna „sjö menn“ í 2. mgr. komi: níu menn.

Ed. 704. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til laga um Laxárvirkjun.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með brtt., sem fluttar eru á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja frekari brtt.

Alþingi, 7. maí 1965.

Ólafur Björnsson, form.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Björn Jónsson.	Karl Kristjánsson.	Helgi Bergs.
	Rafn A. Pétursson.	

Ed. 705. Breytingartillögur [202. mál]

við frv. til laga um Laxárvirkjun.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Eignir Laxárvirkjunar eru núverandi vatnsaflsstöðvar í Laxá í Laxárgljúfrum við Brúar í Suður-Þingeyjarsýslu og aukningar þeirra allt að fullvirkjun árinnar, svo og miðlunarmannvirki við Mývatnsósa. Enn fremur núverandi aðalorkuveita til Akureyrar, eldsneytisaflstöð þar og aukningar þessara mannvirkja.
2. Við 2. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Þegar tímabært er, að dómi ríkisstjórnarinnar, að leggja aðalorkuveitur frá Laxárvirkjun til Norðvesturlands, Skeiðsfossvirkjunar og Austurlands, er Laxárvirkjun heimilt, með nánara samkomulagi við ríkisstjórnina í hvert sinn, að leggja þessar aðalorkuveitur og selja raforkuna í heildsölu til rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna í þessum landshlutum. Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag við hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar verið gerðir.
3. Við 6. gr. Á eftir 4. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
   Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Laxárvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

Ed. 706. Breytingartillaga [202. mál]

við frv. til laga um Laxárvirkjun.

Frá Birni Jónssyni.

Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Stjórn Laxárvirkjunar ákveður heildsöluverð Laxárvirkjunar á raforku eftir þeirri meginreglu, að það sé framleiðslukostnaðarverð að viðbættum allt að 7%.

Ed. 707. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Tveir nefndarmenn, KK og HB, voru eigi reiðubúnir til þess að taka afstöðu til málsins.

Alþingi, 7. maí 1965.

Ólafur Björnsson, form. Jón Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Magnús Jónsson.
Björn Jónsson. Rafn A. Pétursson.

Ed. 708. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Nauðsyn þess að hefjast þegar handa um virkjunarframkvæmdir fyrir Suðvesturland er tvímælalaus, enda vandræði yfirvofandi ella vegna orkuskorts. Við erum samþykkir þeirri ákvörðun um virkjun, sem fram kemur í frv., en teljum, að nauðsynlegt sé að gera breytingar á ýmsum ákvæðum frv. Um það náðist ekki samkomulag við meiri hlutann í fjárhagsnefnd. Flytjum við því brtt. á sérstöku þskj., og miða þær að því að styrkja þá stefnu, að Landsvirkjunin nái sem fyrst til landsins alls og jafni aðstöðu í þessum efnum. — Nánar verður gerð grein fyrir brtt. í framsögu.

Alþingi, 7. maí 1965.

Helgi Bergs, frsm. Karl Kristjánsson.

Ed. 709. Breytingartillögur [201. mál]

við frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá Helga Bergs og Karli Kristjánssyni.

1. Við 2. gr. Upphaf 4. töluliðar orðist svo:
   4. Að annast í samvinnu við raforkumálastjóra o. s. frv.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Starfsemi Landsvirkjunar skal í upphafi beinast að öflun raforku fyrir þau orkuveitusvæði, sem nú eru tengd Sogsvirkjun. Það er einnig verkefni Landsvirkjunar að fullnægja raforkuþörf allra landsmanna og reisa í því skyni aflstöðvar og aðalorkuveitur, eftir nánari ákvörðun Alþingis.
   Sama gjaldskrá fyrir rafmagn frá Landsvirkjun skal gilda um land allt.
3. Eftir 3. gr. komi ný grein (aðrar greinar breytist að raðtölu samkv. því):
   Söluverð rafmagns frá rafmagnsveitum ríkisins til héraðsrafmagnsveitna skal vera jafnhátt því verði, er Rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir Landsvirkjun fyrir rafmagn, og verð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins skal vera það sama og rafmagnsverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Ríkissjóður greiðir þann halla, sem verða kann á rekstri rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins vegna fyrirmæla þessarar greinar.
4. Við 7. gr. Fyrsti málsliður falli niður.
5. Við 11. gr.
   a. Í stað „Efnahagsstofnunarinnar“ komi: Hagstofunnar.
   b. Við 1. málsgr. bætist:
      Ráðherra sá, sem fer með raforkumál, staðfestir gjaldskrár Landsvirkjunar.
   c. 2. málsgr. orðist svo:
      Til orkusölusamninga til langs tíma við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kWst. á ári, þarf Landsvirkjun samþykki Alþingis.

Ed. **710. Frumvarp til laga** [8. mál]

um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

(Eftir eina umr. í Nd., 8. maí.)

I. KAFLI
Almennar náttúrurannsóknir.

1. gr.

Með almennum náttúrurannsóknum er í lögum þessum átt við undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og landfræði, sem ekki eru unnar beinlínis í þágu atvinnuveganna. Menntamálaráðherra hefur yfirumsjón allra slíkra rannsókna.

2. gr.

Náttúrufræðingum, sem stunda almennar náttúrurannsóknir eða söfnun náttúrugripa á vegum hins opinbera, skal frjáls för um lönd manna, en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er þeim að greiða fullar bætur fyrir tjón, er þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er og heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er, án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki, ef um er að ræða náttúrugripi, sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra rétthafa lands.

Nú leiðir rannsókn í ljós verðmæti, sem áður voru ókunn, og ber þá rannsakanda að tilkynna það rétthafa þess lands, þar sem verðmætin eru.

3. gr.

Íslenzkir ríkisborgarar skulu hafa forgangsrétt til almennra rannsókna á náttúru Íslands.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, veitt erlendum náttúrufræðingum heimild til að stunda almennar náttúrurannsóknir hér á landi um tiltekinn tíma, enda hafi þeir samráð við stofnunina og láti henni í té skýrslur um rannsóknir sínar, allt samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

II. KAFLI
Náttúrufræðistofnun Íslands.

A. Hlutverk.

4. gr.

Aðalverkefni stofnunarinnar eru þessi:

a. Að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru Íslands, vinna að slíkum rannsóknum, samræma þær og efla.
b. Að koma upp sem fullkomnustu vísindalegu safni íslenzkra og erlendra náttúrugripa og varðveita það.
c. Að koma upp sýningarsafni, er veiti sem gleggst yfirlit um náttúru Íslands og sé opið almenningi.
d. Að hafa eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga hér á landi og gæta íslenzkra hagsmuna í sambandi við þær.
e. Að greina frá meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar í árlegri skýrslu og frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum.

5. gr.

Stofnunin skal annast fuglamerkingar, og hefur hún ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi.

B. Stjórn og skipulag.

6. gr.

Í Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera þrjár deildir, dýrafræðideild, grasafræðideild og jarðfræði- og landfræðideild.

7. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn stofnunarinnar og skipar að fengnum tillögum forstöðumanns deildarstjóra, sérfræðinga og annað starfslið hennar. Deildarstjórar skulu vera jafnmargir deildum stofnunarinnar og skulu þeir vera sérfræðingar í einhverri þeirra aðalgreina, sem falla undir viðkomandi deild. Ráðherra skipar einn deildarstjóranna forstöðumann stofnunarinnar til þriggja ára í senn og ákveður tölu sérfræðinga og annarra starfsmanna eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til í fjárlögum.

Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið doktorsprófi, meistaraprófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigreinum sínum.

8. gr.

Forstöðumaður fer með stjórn sameiginlegra málefna stofnunarinnar, en deildarstjórar stjórna og bera ábyrgð á daglegum störfum og rekstri deilda sinna.

Deildarstjórar koma fram gagnvart innlendum og erlendum aðilum sem fulltrúar deilda sinna, en forstöðumaður er auk þess í fyrirsvari fyrir stofnunina í heild.

C. Fjármál.

9. gr.

Tekjur Náttúrufræðistofnunar Íslands eru:

a. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar í fjárlögum eða að öðru leyti af opinberri hálfu.
b. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
c. Framlög eða gjafir einstaklinga, félaga eða stofnana.
d. Aðrar tekjur.

10. gr.

Laun starfsliðs stofnunarinnar skulu ákveðin á sama hátt og annarra starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 55/1962.

D. Almenn ákvæði.

11. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands skal eiga aðgang að vísindalegum upplýsingum, sem opinberar stofnanir geta í té látið og varða starfsemi hennar.

12. gr.

Stofnunin skal ekki veita viðtöku gripagjöfum, ef þeim fylgja kvaðir um aðra meðferð þeirra en annarra muna stofnunarinnar. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef viðkomandi deildarstjóri mælir með því og forstöðumaður telur sérstaka ástæðu til.

Óheimilt er að lána sýningargripi stofnunarinnar.

13. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um rekstur og starfsemi stofnunarinnar.

14. gr.

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

Ákvæði I. og II. kafla laga nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, þau er lúta að almennum náttúrurannsóknum og afskiptum Rannsóknaráðs ríkisins af þeim.

Lög nr. 17/1951, um Náttúrugripasafn Íslands.

Önnur ákvæði eldri laga, sem ekki fá samrýmzt ákvæðum laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 711. Lög [78. mál]

um breyting á lögum nr. 40 frá 29. maí 1957, um leigubifreiðar í kaupstöðum og kauptúnum.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 389.

Nd. 712. Lög [179. mál]

um heimild til hækkunar kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 461.

Nd. 713. Lög [178. mál]

um eyðingu svartbaks.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 434.

Nd. 714. Lög [195. mál]

um eftirlaun ráðherra.

(Afgreidd frá Nd. 8. maí.)

Samhljóða þskj. 538.

Ed. 715. Breytingartillaga [30. mál]

við frv. til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá menntamálanefnd.

Aftan við 54. gr. bætist:

Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið meistaraprófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigrein sinni. Þó skal ráðherra heimilt að víkja frá þessu ákvæði, hafi umsækjandi á annan hátt sannað vísindalega hæfni sína.

Nd. **716. Frumvarp til laga** [30. mál]

um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Eftir 3. umr. í Ed., 8. maí.)

Samhljóða þskj. 558 með þessum breytingum:

24. gr. hljóðar svo:

Við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í nefndina til fjögurra ára í senn:

Fiskifélag Íslands.
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
Félag íslenzkra fiskimjölsframleiðenda.
Samband ísl. samvinnufélaga.
Síldarútvegsnefnd.
Samlag skreiðarframleiðenda.
Sölusamband ísl. fiskframleiðenda.
Félag fiskniðursjóðenda.
Sjómannasamband Íslands.
Alþýðusamband Íslands.
Stéttarsamband fiskiðnaðarins.
Fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni. Nefndin kýs sér formann. Nefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og fiskiðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórnarnefnd til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðgjafarnefnd er ólaunuð.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarinnar skuli hagað.

29. gr. hljóðar svo:

Í stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skulu vera þrír menn, skipaðir af landbúnaðarráðherra til fjögurra ára í senn, þar af einn án tilnefningar, einn tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands og einn tilnefndur af tilraunaráði stofnunarinnar. Sömu aðilar tilnefna varamenn. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar og ákveður stjórnarlaun.

33. gr. hljóðar svo:

Við Rannsóknastofnun landbúnaðarins er tilraunaráð. Skulu eftirtaldir aðilar tilnefna fulltrúa í ráðið til fjögurra ára í senn:

Sérfræðingar og tilraunastjórar, sem fara með verkefni samkv. 1.—5. tölul. 35. gr., tvo menn og sé annar þeirra starfandi tilraunastjóri á tilraunastöð í jarðrækt.

Sérfræðingar og tilraunastjórar, sem fara með verkefni samkv. 6.—9. tölul. 35. gr., tvo menn.

Búnaðarfélag Íslands tvo menn, og sé annar þeirra ráðunautur í jarðrækt, en hinn í búfjárrækt.

Framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann.
Stéttarsamband bænda tvo menn.
Bændaskólarnir tvo menn.
Garðyrkjuskóli ríkisins einn mann.
Forstjóri stofnunarinnar á sæti í tilraunaráði.
Ráðið kýs sér formann.

Tilraunaráðið er tengiliður milli stofnunarinnar og hinna ýmsu greina landbúnaðarins. Það er forstjóra og stjórn til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðið er ólaunað.

Landbúnaðarráðuneytið getur með samþykki stjórnarinnar fjölgað mönnum í tilraunaráði og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

54. gr. hljóðar svo:

Forstjórar rannsóknastofnana, sérfræðingar og annað starfsfólk tekur laun samkvæmt gildandi kjarasamningum ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

Ráðherra ákveður deildaskiptingu í rannsóknastofnunum og skipar deildarstjóra að fengnu áliti forstjóra og stjórnar viðkomandi stofnunar.

Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið meistaraprófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigrein sinni. Þó skal ráðherra heimilt að víkja frá þessu ákvæði, hafi umsækjandi á annan hátt sannað vísindalega hæfni sína.

Ed. 717. Frumvarp til laga [202. mál]

um Laxárvirkjun.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. maí.)

Samhljóða þskj. 611 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Laxárvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkisins og Akureyrarkaupstaðar. Eign ríkisins er 35 hundraðshlutar og Akureyrarkaupstaðar 65 hundraðshlutar. Þegar hafin verður næsta aukning vatnsaflsstöðvanna, á ríkið rétt á að gerast eigandi að 50 hundraðshlutum og kaupir þá tiltölulegan hluta af þeim mannvirkjum, sem fyrir eru í fyrirtækinu. Kaupverðið eða hluta þess má ríkið inna af hendi með því að taka að sér greiðslu á tilsvarandi hluta lána og annarra greiðsluskuldbindinga fyrirtækisins. Kaupverð mannvirkja, sem fyrir eru, þegar lög þessi ganga í gildi, skal, ef samkomulag næst ekki, ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, en kaupverð þeirra mannvirkja, sem gerð eru eftir þann tíma, skal vera kostnaðarverð þeirra að frádreginni eðlilegri fyrningu.

Eignir Laxárvirkjunar eru núverandi vatnsaflsstöðvar í Laxá í Laxárgljúfrum við Brúar í Suður-Þingeyjarsýslu og aukningar þeirra allt að fullvirkjun árinnar, svo og miðlunarmannvirki við Mývatnsósa. Enn fremur núverandi aðalorkuveita til Akureyrar, eldsneytisaflstöð þar og aukningar þessara mannvirkja.

Laxárvirkjun skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sjálfstæðum fjárhag og reikningshaldi.

Heimili Laxárvirkjunar og varnarþing er á Akureyri.

2. gr. hljóðar svo:

Tilgangur Laxárvirkjunar er að vinna raforku fyrir núverandi orkuveitusvæði virkjunarinnar með eigin aflstöðvum eða afla hennar á annan hátt og selja raforkuna í heildsölu til rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna frá aðalorkuveitu eða aflstöð.

Þegar tímabært er, að dómi ríkisstjórnarinnar, að leggja aðalorkuveitur frá Laxárvirkjun til Norðvesturlands, Skeiðsfossvirkjunar og Austurlands, er Laxárvirkjun heimilt, með nánara samkomulagi við ríkisstjórnina í hvert sinn, að leggja þessar aðalorkuveitur og selja raforkuna í heildsölu til rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna í þessum landshlutum. Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag við hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar verið gerðir.

6. gr. hljóðar svo:

Stjórn Laxárvirkjunar skal skipuð fimm mönnum. Þar til ríkið er orðið eigandi að helmingi Laxárvirkjunar, skipar bæjarstjórn Akureyrar 3 menn, þar af einn sem formann stjórnarinnar, en ríkisstjórnin 2. Þegar ríkið er orðið eigandi að hálfu fyrirtækinu, skipar bæjarstjórnin tvo menn í stjórnina, ríkisstjórnin tvo menn, en eignaraðilar skipa sameiginlega fimmta manninn, og skal hann vera formaður. Nái eignaraðilar ekki samkomulagi um skipun oddamannsins, skal hann skipaður af Hæstarétti.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Kjörtími stjórnarinnar skal vera 6 ár.

Stjórn Laxárvirkjunar ræður framkvæmdastjóra, er veitir fyrirtækinu forstöðu, og ákveður verksvið hans.

Stjórnarmenn og fastráðnir starfsmenn Laxárvirkjunar hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna.

Stjórn Laxárvirkjunar ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga virkjunarinnar. Heimilt er eignaraðilum að tilnefna að auki sinn endurskoðandann hvor til að endurskoða reikningana.

Ed. 718. Frumvarp til laga [201. mál]

um Landsvirkjun.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. maí.)

Samhljóða þskj. 589 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Tilgangur Landsvirkjunar er:

1. Að byggja og starfrækja mannvirki til vinnslu og flutnings á raforku til almenningsnota og iðnaðar.
2. Að selja raforku í heildsölu til rafmagnsveitna sveitarfélaga, rafmagnsveitna ríkisins og iðjufyrirtækja, að svo miklu leyti sem héraðsrafmagnsveitur eða rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki milligöngu um raforkusölu til slíkra iðjufyrirtækja.
3. Að annast í samvinnu við raforkumálastjóra áætlanagerð um nýjar aflstöðvar og aðalorkuveitur á orkuveitusvæði Landsvirkjunar.

3. gr. hljóðar svo:

Starfsemi Landsvirkjunar skal í upphafi beinast að öflun raforku fyrir þau orkuveitusvæði, sem nú eru tengd Sogsvirkjun. Sýni áætlanir fyrirtækisins, að fjárhagslega sé hagkvæmt að leggja aðalorkuveitur frá orkuverum Landsvirkjunar til annarra orkuveitusvæða, skal einnig heimilt að tengja þau orkuverum fyrirtækisins. Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar gerðir.

Landsvirkjun er heimilt með samningum að kaupa orkuver og aðalorkuveitur frá öðrum aðilum og starfrækja þessi mannvirki.

Verkefni og orkuveitusvæði Landsvirkjunar skal nánar tilgreint í reglugerð.

Ed. 719. Breytingartillaga [201. mál]

við frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá Helga Bergs og Karli Kristjánssyni.

Við 3. gr. Orðið „fyrirtækisins“ í fyrstu setningu 2. málsliðar 1. málsgreinar falli niður, og í stað „fjárhagslega sé hagkvæmt“ komi: hagkvæmt sé.

Nd. 720. Frumvarp til laga [201. mál]

um Landsvirkjun.

(Eftir 3. umr. í Ed., 8. maí.)

Samhljóða þskj. 589 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:
Tilgangur Landsvirkjunar er:

1. Að byggja og starfrækja mannvirki til vinnslu og flutnings á raforku til almenningsnota og iðnaðar.
2. Að selja raforku í heildsölu til rafmagnsveitna sveitarfélaga, rafmagnsveitna ríkisins og iðjufyrirtækja, að svo miklu leyti sem héraðsrafmagnsveitur eða rafmagnsveitur ríkisins hafa ekki milligöngu um raforkusölu til slíkra iðjufyrirtækja.
3. Að annast í samvinnu við raforkumálastjóra áætlanagerð um nýjar aflstöðvar og aðalorkuveitur á orkuveitusvæði Landsvirkjunar.

3. gr. hljóðar svo:
Starfsemi Landsvirkjunar skal í upphafi beinast að öflun raforku fyrir þau orkuveitusvæði, sem nú eru tengd Sogsvirkjun. Sýni áætlanir, að hagkvæmt sé að leggja aðalorkuveitur frá orkuverum Landsvirkjunar til annarra orkuveitusvæða, skal einnig heimilt að tengja þau orkuverum fyrirtækisins. Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar gerðir.
Landsvirkjun er heimilt með samningum að kaupa orkuver og aðalorkuveitur frá öðrum aðilum og starfrækja þessi mannvirki.
Verkefni og orkuveitusvæði Landsvirkjunar skal nánar tilgreint í reglugerð.

Nd. 721. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur haft frumvarp þetta til athugunar frá því í október 1964, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Við undirritaðir leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frumvarpið er í tveim köflum. Fyrri kaflinn fjallar um tilgang laganna og störf jafnvægisnefndar. Þar segir, að stuðlað skuli að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda

og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur orðið undanfarið eða er talin yfirvofandi. Samkvæmt frv. á Alþingi að kjósa að loknum alþingiskosningum hverju sinni sjö aðalmenn og sjö varamenn í jafnvægisnefnd, er hafa skal með höndum framkvæmdir samkvæmt lögunum og ráðstöfun þess fjár, sem til þeirra er veitt.

Síðari kafli frumvarpsins er um jafnvægissjóð. Til hans sé árlega greitt 1½% af tekjum ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi. Hlutverk sjóðsins á að vera að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang laganna. Gert er ráð fyrir að veita lán úr sjóðnum til hvers konar framkvæmda, sem að dómi jafnvægisnefndar stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en heimilt skal einnig að veita beina styrki úr sjóðnum í þessu skyni, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Skv. 15. gr. frv. skal jafnvægisnefnd, þegar sérstaklega stendur á, vera heimilt að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtækjum, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót í samræmi við tilgang laganna, enda sé ekki mögulegt að stofna fyrirtækið með öðrum hætti. Til þess er ætlazt, að Framkvæmdabanki Íslands annist afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins fyrir hönd jafnvægisnefndar.

Í greinargerð með frumvarpinu er skýrsla um mannfjölda í einstökum landshlutum árin 1940 og 1963. Af henni kemur fram, að á umræddu tímabili hefur orðið bein fólksfækkun, sem nemur 22% á Vestfjörðum, en hlutfallsleg fækkun fólks á öllum landssvæðum öðrum en Reykjavík og næsta nágrenni hennar.

Sú þróun, að byggðirnar eyðist af fólki, er mjög óheillavænleg, og þarf án tafar að gera ráðstafanir til að stöðva áframhald hennar. Það er sameiginlegt hagsmunamál landsmanna allra. Til þess þarf fyrst og fremst að útvega fjármagn til að efla atvinnulíf í þeim landshlutum, þar sem góð afkomuskilyrði eru fyrir hendi, en hætta er á fólksfækkun. Að því er stefnt með frumvarpi þessu. Fleira þarf til að koma af opinberri hálfu til að bæta lífsskilyrðin og lífskjörin á hinum ýmsu landssvæðum, til þess að fólk geti unað þar áfram. Má í því sambandi t. d. minna á hina miklu nauðsyn þess að rafvæða landið allt og þannig, að sama verð sé á rafmagni, hvar sem er á landinu.

Þá er nauðsynlegt að sjá öllum landsmönnum fyrir góðri heilbrigðisþjónustu og samgöngum og gera möguleika unga fólksins sem bezta og jafnasta, hvar á landinu sem það býr, svo að aðeins það helzta sé nefnt.

Undanfarin 10 ár hefur nokkurt fé verið veitt á fjárlögum til atvinnuaukningar, hæst 15 millj. kr. árið 1957. Með því mjög takmarkaða fjármagni, sem atvinnubótasjóður hefur yfir að ráða, verður ekki unnið á viðunandi hátt að þeim stóru og þýðingarmiklu verkefnum, er um getur í þessu frv. Til þess að árangurs megi vænta, þarf meira fjármagn og sérstaka stofnun til að vinna að þeim málum.

Tilgangur þeirra manna, er beita sér fyrir ráðstöfunum til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, er ekki sá, að búseta skuli haldast á hverju einstöku býli, sem byggt hefur verið. Aðalmarkmiðið er að koma í veg fyrir, að góðar sveitir og sjávarþorp, þar sem álitleg framleiðsluskilyrði eru, leggist í auðn. Sú stefna er mörkuð í frumvarpi þessu, að gæði landsins og fiskimiðanna umhverfis það verði nýtt að svo miklu leyti, sem mögulegt er, og að öll byggileg landssvæði skuli setin. Þetta skal gera með aukinni ræktun landsins, eflingu atvinnulífs í sjávarþorpum og kauptúnum, sem fyrir eru, og myndun nýrra þéttbýlisstöðva í ýmsum héruðum, sem gætu orðið miðstöðvar viðskipta og iðnaðar fyrir nálægar byggðir. Það er sannfæring okkar, að þeir fjármunir, sem veittir verða til slíkrar uppbyggingar, muni skila sér aftur með vöxtum og vaxtavöxtum í vaxandi framleiðslu og þjóðartekjum til hagsbóta fyrir alla íbúa landsins.

Meiri hluti fjárhagsnefndar leggur til að afgreiða mál þetta með rökstuddri dagskrá og segir þá afstöðu byggjast á því, að í skýrslu ríkisstjórnarinnar á þing-

skjali 635 sé frá því skýrt, að fyrirhuguð sé lagasetning um framkvæmdasjóð strjálbýlisins.

Við undirritaðir lítum svo á, að mál þau, er frumvarpið fjallar um, þarfnist úrbóta þegar í stað og allur dráttur á því sé til tjóns.

Auk þess er umrædd yfirlýsing ríkisstjórnarinnar bundin þeim skilyrðum, sem ómögulegt er nú að sjá fyrir, hvort uppfyllt verða, og tekjumöguleikar þeir, sem þar eru aðallega ráðgerðir, í fullkominni óvissu, eins og sakir standa.

Minni hl. lítur svo á, að til þess að styrkja fjárhag, sjálfstæði og menningu þjóðarinnar þurfi nú þegar að hefjast handa um þær framkvæmdir, sem frumvarp þetta fjallar um, og leggur því til, eins og áður segir, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 10. maí 1965.

Einar Ágústsson, frsm. Lúðvík Jósefsson. Skúli Guðmundsson.

Nd. 722. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar mælir með því, að frumv. verði samþ. óbreytt eins og það kom frá hv. efri deild.

Alþingi, 10. maí 1965.

Matthías Á. Mathiesen, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm. Jónas G. Rafnar.

Ásgeir Pétursson.

Nd. 723. Nefndarálit [199. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til vegaframkvæmda.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. maí 1965.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Jónas G. Rafnar.

Ásgeir Pétursson.

Nd. 724. Nefndarálit [203. mál]

um frv. til l. um breyt. til bráðabirgða á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og mælir einróma með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 10. maí 1965.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm.	Einar Ágústsson.
Lúðvík Jósefsson.	Skúli Guðmundsson.	Jónas G. Rafnar.
	Ásgeir Pétursson.	

Nd. 725. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Við afgreiðslu frumvarps ríkisstjórnarinnar um tekjuskatt og eignarskatt á síðasta þingi sýndu framsóknarmenn fram á, að tekjuskattur samkvæmt frumvarpinu yrði miklu hærri en hann var árið 1960. Þeir fluttu breytingartillögur um að taka aftur upp umreikning á persónufrádrætti og tekjutölum skattstigans og um að láta skattstigann frá 1960 haldast óbreyttan, til þess að skatturinn yrði raunverulega ekki hærri en hann var 1960. Stjórnarflokkarnir felldu þessar tillögur. Hins vegar gumuðu þeir mjög af framgöngu sinni í skattamálunum og töldu sig vera að lækka skattana til mikilla muna.

Það fólk, sem lagði einhvern trúnað á skrum stjórnarflokkanna um skattalækkanirnar vorið 1964, varð fyrir ákaflega miklum vonbrigðum, þegar skattaskrárnar komu út síðar á því ári. Óánægjan varð svo mikil og almenn, að ríkisstjórnin sá sitt óvænna, skipaði nefnd til að íhuga málið og gaf þar með fyllilega í skyn, að hún vildi gera einhverjar leiðréttingar í þessum efnum. — En niðurstaðan var sú, sem kunnugt er, að engar lagfæringar voru gerðar á hinum háu opinberu gjöldum 1964, og framkoma stjórnarinnar varð þannig enn til að valda mönnum vonbrigðum.

Hér liggur nú fyrir stjórnarfrumvarp um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Athyglisvert er, að í frumvarpinu kemur fram, að ríkisstjórnin hefur loks komið auga á það, að við framsóknarmenn höfum haft rétt fyrir okkur, þegar við höfum haldið því fram, að rétt væri að láta umreikningsregluna, sem var í lögum fyrir 1960, gilda áfram. Í 8. gr. frumvarpsins er lagt til, að þessi regla verði aftur upp tekin, þó með þeirri breytingu, að nú á samkvæmt frumvarpinu að miða við svonefnda skattvísitölu, sem fjármálaráðherra á að ákveða, en enginn veit, hvernig verður, í stað þess að áður var umreikningurinn miðaður við kaupgjaldsvísitölu.

Í frumvarpinu eru ákvæði um hækkun á persónufrádrætti og tekjutölum skattstigans, sem nemur um það bil sömu hækkun og varð á vísitölu framfærslukostnaðar frá 1963 til 1964. Einnig er gerð lítils háttar breyting á skattaprósentunni. En segja má, að tekjuskattur samkvæmt frumvarpinu verði raunverulega mjög svipaður og hann var í fyrra. Ef frumvarpið verður nú samþykkt óbreytt, verður skatturinn því enn miklu hærri en hann var árið 1960. Því veldur hækkunin á hundraðs-

hlutatölum skattsins, sem ákveðin var í fyrra. Til dæmis um þetta má nefna, að af fyrstu 16 þús. kr. skattskyldum tekjum verður skatturinn raunverulega 80% hærri en hann var árið 1960 og af 80 þús. kr. skattskyldum tekjum verður hann 44% hærri en 1960.

Fyllsta ástæða er til að mótmæla slíkum hækkunum á beinu sköttunum til ríkisins á sama tíma og óbeinu skattarnir hafa verið margfaldaðir.

Rannsóknardeild við embætti ríkisskattstjóra, sem hefur með höndum rannsóknir samkvæmt lögunum, athugar fyrst og fremst þau framtöl, sem henni virðist sérstök þörf að taka til meðferðar. Til viðbótar því teljum við rétt, að árlega fari fram rannsókn á 3% allra framtala þeirra aðila, sem bókhaldsskyldir eru, og á 2% annarra framtala. Skulu þessi framtöl valin úr öllum framtölum landsins af Hagstofu Íslands samkvæmt reglum, er hún setur. Framtöl þau, sem þannig eru valin, skal athuga ýtarlega, rannsaka bókhald aðila og leita upplýsinga um hvað eina.

Við flytjum breytingartillögur við frumvarpið um þetta þrennt:

1. Að breyta tekjutölum skattstigans til samræmis við hækkun framfærsluvísitölunnar frá 1959 til 1964, að fjölga skattþrepunum og breyta skattaprósentunum þannig, að hvort tveggja verði í samræmi við það, sem var 1960.
2. Að framkvæmt verði úrtak úr öllum skattaframtölum til sérstakrar rannsóknar.
3. Að framvegis skuli persónufrádráttur og tekjutölur skattstigans umreiknast eftir breytingum á kaupgjaldsvísitölu.

Alþingi, 10. maí 1965.

Einar Ágústsson, frsm. Skúli Guðmundsson.

Nd. 726. Breytingartillögur [182. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Einari Ágústssyni og Skúla Guðmundssyni.

1. 4. gr. orðist svo:
   I.-liður 25. gr. orðist svo:
   Tekjuskattur þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., sbr. 3. gr., 4. gr. og 6. gr. 3. málsgr., reiknast þannig:
   Af fyrstu 16000 kr. skattgjaldstekna greiðist 5%.
   Af 16000—48000 kr. greiðist 800 kr. af 16000 kr. og 10% af afgangi.
   Af 48000—80000 kr. greiðist 4000 kr. af 48000 kr. og 15% af afgangi.
   Af 80000—112000 kr. greiðist 8800 kr. af 80000 kr. og 20% af afgangi.
   Af 112000—144000 kr. greiðist 15200 kr. af 112000 kr. og 25% af afgangi.
2. Við 6. gr. Á eftir 1. efnismálsgr. bætist:
   Á eftir 3. málsgr. 42. gr. bætist:
   Umfram þau framtöl, sem að dómi skattyfirvalda gefa sérstaka ástæðu til rannsóknar, skal árlega fara fram rannsókn á 3% allra framtala þeirra aðila, sem bókhaldsskyldir eru, og á 2% annarra framtala. Skulu þessi framtöl valin með útdrætti úr öllum framtölum landsins af Hagstofu Íslands samkvæmt reglum, er hún setur. Framtöl þau, sem þannig eru valin, skal athuga ýtarlega, rannsaka bókhald aðila og leita upplýsinga um hvað eina.
3. Við 10. gr. Í stað orðanna „skattvísitölu, sem ... og ríkisskattstjóra“ komi: kaupgjaldsvísitölu, og skal miða við meðalvísitölu tekjuöflunarársins.

Nd. **727. Nefndarálit** [199. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til vegaframkvæmda.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán til vegagerða, alls að fjárhæð 135.5 millj. kr. Stærsta upphæðin, 115 millj., er vegna Reykjanesbrautar. Er ætlað, að þessa upphæð þurfi til að fullgera veginn.

Samkvæmt upplýsingum vegamálaskrifstofunnar voru föst umsamin lán til Reykjanesbrautar 130.9 millj. kr. í árslok 1964. Alþingi hefur áður veitt lántökuheimildir vegna vegarins sem hér segir:

Í 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1963	70	millj.
Í 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1964 300 þús. dollara	ca. 12.9	—
Alls kr.	82.9	millj.

Þannig var um síðustu áramót búið að taka 48 millj. kr. lán til vegarins umfram lagaheimildir. Samgöngumálaráðuneytið upplýsir, að Íslenzkir aðalverktakar hafi lánað þetta fé.

Við umræður um heimild stjórnarinnar til að taka innlent lán, sem samþykkt var á þingi í byrjun þessa mánaðar, kom fram, að ríkisstjórnin hefði í hyggju að verja 27 millj. kr. af því láni til vegagerða. Verði þessi upphæð notuð til lántöku vegna Reykjanesbrautar, vantar þó enn heimild fyrir um 21 millj. kr. láni vegna vegarins. Teljum við rétt, að þessari upphæð verði bætt inn í frv., til leiðréttingar á því.

Þá bendum við á, að 4. tölul. 1. gr. frv., um lántöku til Ólafsvíkurvegar um Enni, 3 millj. kr., má falla niður. Vegargerðinni er lokið, og upplýst er, að umrætt lán var tekið af því innlenda láni, er ríkið tók seint á árinu 1964, samkv. heimild frá Alþingi.

Enn viljum við benda á, að stjórnina vantar heimild til fyrirhugaðrar erlendrar lántöku til vegagerða á Vestfjörðum, og er ekki farið fram á þá heimild í frv., sem hér liggur fyrir.

Mál þetta hefur þegar hlotið afgreiðslu í hv. Ed. Þar flutti 1. þm. Vestfirðinga, Hermann Jónasson, breytingartillögu um, að inn í frv. yrði tekin heimild til lántöku, að fjárhæð 2 millj. kr., til Strandavegar, í því skyni að rjúfa á þessu ári einangrun fólksins í Árneshreppi. Eins og alkunnugt er, hefur hafísinn lokað skipaleiðum til byggðarlagsins 2—3 síðustu mánuðina. Slíkt getur komið fyrir oftar, og er íbúum hreppsins lífsnauðsyn að komast í samband við þjóðvegakerfið. En þótt undarlegt megi virðast, var þessi tillaga felld í efri deild. Sigurvin Einarsson, 3. þm. Vestf., hefur nú borið tillöguna fram hér í þingdeildinni. Á fundi fjárhagsnefndar í dag var hún tekin til umræðu. Meiri hl. n., fulltrúar stjórnarflokkanna, lýsti andstöðu við brtt. Hins vegar leggjum við til, að hún verði samþykkt. Við teljum ósæmilegt með öllu af þinginu að fella að taka þessa litlu fjárhæð að láni, til þess að koma á vegarsambandi við Árneshrepp, á sama tíma sem Alþingi veitir heimild til að taka 115 millj. kr. að láni til þess að ljúka lagningu steinsteypts vegar milli Reykjavíkur og Keflavíkur.

Bréf sýslumannsins á Hólmavík, þar sem birt er ályktun sýslunefndar Strandasýslu um vegamálin, er birt hér með sem fylgiskjal.

Við vísum til þess, er að framan segir, um leiðréttingar á frv., en mælum með því, að það verði samþykkt. Og við leggjum áherzlu á, að breytingartillaga Sigurvins Einarssonar á þingskjali 699 verði samþykkt.

Alþingi, 10. maí 1965.

Skúli Guðmundsson, frsm. Einar Ágústsson. Lúðvík Jósefsson.

Fylgiskjal.

SÝSLUMAÐURINN Í STRANDASÝSLU

Hólmavík, 29. apríl 1965.

Á aðalfundi sýslunefndar Strandasýslu þ. á. var samþykkt eftirfarandi:

Eftir að hafa kynnt sér hina nýju fjögurra ára áætlun um framlög til þjóðvega í Strandasýslu samþykkir sýslunefndin að senda vegamálastjórninni og þingmönnum Vestfjarðakjördæmis eftirfarandi:

Sýslunefndin lýsir yfir algerri vanþóknun sinni á ákvörðun vegamálastjórnarinnar og Alþingis, um framlög til þjóðvega í Strandasýslu næstu fjögur árin, eins og þau eru ákveðin í hinni fjögurra ára áætlun, og telur, að réttur Strandasýslu sé svo hrapallega fyrir borð borinn, miðað við vegaþarfir sýslunnar, miðað við önnur héruð, að ekki verði látið ómótmælt.

Þess vegna skorar fundurinn á vegamálastjórnina og þingmenn Vestfjarðakjördæmis að taka til rækilegrar endurskoðunar framlag ríkisins til þjóðvega í Strandasýslu hin næstu fjögur ár og hafa þá til fullkominnar hliðsjónar eftirgreind atriði:

1. Það ástand, sem nú hefur skapazt vegna hafíssins á Húnaflóa og fyrir Norðurlandi, ætti að minna á einangrun fólksins í Árneshreppi, meðan ekki kemst þar á vegasamband. Það er því augljóst, að ekki hefði verið minni þörf að útvega lánsfé til að geta lokið þeim kafla, sem eftir er, en annars staðar á Vestfjörðum, en af því lánsfé er Strandasýsla algerlega afskipt.

   Er því krafa Strandamanna sú, að á einhvern hátt verði séð fyrir því, að þarna komist á vegasamband **þegar** á þessu sumri.

   Skorar fundurinn á þingmenn Vestfjarðakjördæmis að láta sýslunefnd Strandasýslu vita, áður en yfirstandandi Alþingi er lokið, hvort þessum málum verður sinnt eða ekki.
2. **Strandavegur:**

   Hér er um svo smánarlega upphæð að ræða á vegáætlun, að nærri heggur algerri útstrikun.

   Lágmarkskrafa er því, að þjóðbrautin til Hólmavíkur verði fullgerð á næstu fjórum árum.

Til hr. alþingismanns Sigurvins Einarssonar.

Björgvin Bjarnason.

Ed. 728. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Tveir nefndarmenn, MJ og KK, voru fjarstaddir við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. maí 1965.

Ólafur Björnsson, form. Jón Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Helgi Bergs.

Rafn A. Pétursson. Björn Jónsson.

Ed. 729. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess, en einstakir nm. áskilja sér rétt til flytja við það brtt. og að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.
KK var fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 10. maí 1965.

Jón Þorsteinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr., frsm. Bergur Sigurbjörnsson.
Bjartmar Guðmundsson. Ásgeir Bjarnason. Rafn A. Pétursson.

Ed. 730. Nefndarálit [197. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþ. óbreytt. Tveir nm. (MJ og KK) voru fjarstaddir, er frv. var afgreitt.

Alþingi, 10. maí 1965.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Björn Jónsson.
Helgi Bergs. Rafn A. Pétursson.

Nd. 731. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar vilja afgreiða frv. eins og það kom frá efri deild. Ég tel, að gera þurfi á frumvarpinu verulegar breytingar, og flyt tillögur þar að lútandi á sérstöku þingskjali.

Frumvarpið felur í sér litlar breytingar á gildandi skattalögum. Þær hækkanir, sem ráðgerðar eru á persónufrádrætti, og breytingar á skattstiga miða aðeins að því að samræma gildandi lög um tekju- og eignarskatt því verðlagi, sem nú er orðið.

Ég tel hins vegar, að hækka hefði átt persónufrádrátt meira en ráðgert er í frv. og að einnig hefði þurft að breyta skattstiganum meira en lagt er til, m. a. á þá lund að hækka talsvert skattstiga félaga.

Alþingi, 10. maí 1965.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 732. Breytingartillögur [182. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „16000 kr.“ komi: 17000 kr.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „32000 kr.“ komi: 34000 kr.
3. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   3. málsgr. 14. gr. laganna orðist svo:
   Sömu aðilum, svo og verkafólki, sem vinnur við hvers konar fiskiðnað, og hafnarverkamönnum skal veittur sérstakur frádráttur, 700 kr. fyrir hverja viku, sem þeir vinna að viðkomandi störfum, enda hafi þeir unnið þau störf ekki skemur en sex mánuði af skattárinu. Hlutaráðnir menn skulu og njóta frádráttar skv. 1. málsgrein og þessari málsgrein, þótt þeir séu ekki lögskráðir. Nánari reglur skulu settar í reglugerð.
4. Við 3. gr.
   a. Í stað orðanna „80000 kr.“ komi: 85000 kr.
   b. Í stað orðanna „112000 kr.“ komi: 118000 kr.
   c. Í stað orðanna „56000 kr.“ komi: 59000 kr.
   d. Í stað orðanna „16000 kr.“ komi: 17000 kr.
   e. Í stað orðanna „3200 kr.“ komi: 3300 kr.
5. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Í stað „¼ af hreinum tekjum“ í 2. mgr. 17. gr. laganna komi: ⅕ af hreinum tekjum.
6. Við 4. gr.
   a. 3. málsgr. orðist svo:
      Af fyrstu 20000 kr. skattgjaldstekna greiðist 5%.
      Af 20000—40000 kr. greiðist 1000 kr. af 20000 kr. og 10% af afgangi.
      Af 40000—60000 kr. greiðist 3000 kr. af 40000 kr. og 20 % af afgangi.
      Af 60000 kr. og yfir greiðist 7000 kr. af 60000 kr. og 30% af afgangi.
   b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
      II. liður 25. gr. orðist svo:
      Skattgjald þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í A-, B-, C- og D-liðum 5. gr., skal vera 30% af skattskyldum tekjum.
7. Við 5. gr.
   Við greinina bætist:
   Rannsóknardeildin skal árlega taka til sérstakrar og gaumgæfilegrar rannsóknar 3% allra framtala einstaklinga og 5% allra félaga samkvæmt útdrætti. Skulu framtöl þessi sannreynd a. m. k. tvö ár aftur í tímann.

Ed. 733. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Síðastliðið ár komust skatta- og útsvarsmálin á það stig, að flestum eða öllum mun hafa ofboðið. Gjöld þessi, þótt lögð væri á samkv. gildandi lögum, urðu bæði ofsalega há og með miklu, augljósu misræmi. Til voru heimilisfeður, sem síðari hluta ársins urðu að láta af höndum á mánuði hverjum nálega öll mánaðarlaun sín.

Þegar þetta var í ljós komið og reiðialda risin hjá almenningi, létu valdhafar í það skína, að leitað yrði ráða til þess að létta skattbyrðar ársins, — og gáfu auk

þess afdráttarlaus fyrirheit um lagfæringar á löggjöfinni um skattana og útsvörin á næsta Alþingi, svo að sagan um gjaldpíninguna 1964 endurtæki sig ekki.

Sú varð raunin á, að skattana og útsvörin 1964 urðu gjaldendur að sitja með.

Hins vegar er í sambandi við frumvarp þetta um það að ræða, hvort sagan um ofurþunga útsvaranna og misræmi 1964 eigi að endurtaka sig, — eða staðið verði við fyrirheitin.

Við teljum, að frumvarpið sé þannig úr garði gert, að með því að gera það að lögum óbreytt verði stofnað til endurtekningarinnar í verulegum stíl.

En málið er ekki einfalt. Lækkun útsvaranna og samræming er ekki nema önnur hlið þess. Sveitarfélögin þurfa á miklu fé að halda, og útsvörin eru aðaltekjustofn þeirra. Löggjafarvaldið leggur sveitarfélögunum margþættar, ófrávíkjanlegar útgjaldaskyldur á herðar og hefur enn þyngt þær á þessu ári. Verðbólgan færir þessi útgjöld í aukana ár frá ári og dag frá degi. Svo er komið, að það er mikill minni hluti útgjalda sveitarfélaganna, sem sveitarfélögin sjálf hafa á valdi sínu að hreyfa nokkuð til lækkunar, vegna þess að gjöldin eru svo mörg lögbundin eða samningsbundin.

Nýja tekjustofna geta sveitarfélögin ekki heldur gefið sér sjálf, af því að þau hafa ekki vald til þess.

Sveitarfélögunum er markaður básinn á allar hliðar í þessum efnum. Þessa verður Alþingi að gæta í lagasetningu sinni.

Eigi að síður sýndi það sig sem staðreynd s. l. ár, að samkvæmt gildandi lögum varð samanlagður tekjuskattur til ríkisins og tekjuútsvar til sveitarsjóða ofraun gjaldgetu fólks víðs vegar um land — og þar var útsvarsálagningin meginvaldurinn. **Og þessu verður að ráða bót á.**

Með því að breyta lögum um tekjustofna sveitarfélaga ekki meira en frumvarpið gerir ráð fyrir ber að sama brunni og í fyrra: Útsvörin verða of há fyrir gjaldendur og ekki nægilegt samræmi í þeim miðað við efni og ástæður gjaldendanna.

Þess vegna leggjum við til, að persónufrádrátturinn verði hækkaður og þrepum gjaldstiga breytt.

Þá leggjum við einnig til, að heimild til hækkunar á útsvörum, sem lögð hafa verið á samkv. fullnýttum gjaldstiga, lækki úr 20 hundraðshlutum í 10 hundraðshluta, af því að hér gagnar lítið, þó að skorið sé af öðrum endanum, verði því bætt við hinn endann samstundis.

Okkur er vel ljóst, að við þessar aðgerðir er svo skertur álöguréttur sveitarfélaga, að mörg þeirra fá ekki með útsvarsálagningunni og öðrum tekjustofnum sínum fullnægt tekjuöflunarþörf sinni. Verður ríkið þá í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaganna að leggja til með aukaframlagi það, sem á vantar árið 1965, að sveitarfélögin hafi fé til þarfa sinna. Um það gerum við einnig tillögu.

Við lítum á þessar ráðstafanir sem tjald aðeins til eins árs, — ársins 1965.

Við teljum, að nú þegar verði að hefja endurskoðun á verkaskiptingunni milli ríkisins og sveitarfélaganna, en þar er að finna rætur álöguþarfar sveitarfélaganna. Enn fremur verður að endurskoða tekjustofnaskiptinguna milli þessara aðila, því að hún verður að vera í samræmi við verkaskiptinguna.

Breytingar, sem orðið hafa í þjóðarbúskapnum og margvíslegum tilkostnaði samfélagsins, gera þessa endurskoðun óhjákvæmilega. Erfiðleikarnir í tekjuöflun sveitarfélaga og snurðurnar, sem hlupu á þann þráð síðastliðið ár, krefjast slíkrar endurskoðunar tafarlaust.

Við leggjum til, að öll löggjafaratriði, er að þessu lúta, verði tekin til endurskoðunar strax og niðurstöður endurskoðunarinnar lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Breytingartillögur okkar eru á sérstöku þingskjali og verður nánari grein gerð fyrir þeim í framsögu.

Alþingi, 10. maí 1965.

Karl Kristjánsson, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Ed. **734. Breytingartillögur** [181. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (KK, ÁB).

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   31. gr. laganna orðist svo:
   Útsvar skal miða við hreinar tekjur og eign skv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr. Við ákvörðun eigna til útsvars skal miða við gildandi fasteignamat þrefaldað.
   Frá hreinum tekjum gjaldenda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær skv. 32. gr.:
   Hjá einstaklingum ..... kr. 45000.00
   Hjá hjónum ..... — 63000.00
   Fyrir hvert barn, innan 16 ára aldurs, á framfæri gjaldanda — 12000.00
   Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir næstu áramót á undan.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Stafliður A, töluliður 1. 32. gr. laganna orðist svo:
   Einstaklingar og hjón:
   Af fyrstu 40000 kr. 10%.
   Af 40000—90000 kr. greiðast 4000 kr. af 40000 kr. og 20% af afgangi.
   Af 90000 kr. og yfir greiðast 14000 kr. af 90000 kr. og 30% af afgangi.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   2. málsgr. 34. gr. laganna orðist svo:
   Hækkun útsvara má þó eigi fara fram úr 10 hundraðshlutum.
4. Aftan við ákvæði til bráðabirgða bætist:
   Ríkissjóður greiði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga aukalega það, sem með þarf árið 1965, til þess að jöfnunarsjóðurinn geti skv. d-lið 15. gr. l. nr. 51/1964, um tekjustofna sveitarfélaga, staðið straum af aukaframlögum, sem leitt getur af takmörkunum á álagningarrétti sveitarfélaganna þetta ár
   Ríkisstjórnin skal, strax eftir að frv. þetta hefur hlotið lagagildi, skipa 5 manna nefnd til þess að endurskoða öll löggjafaratriði, er gilda um útgjaldaskyldur sveitarfélaga og tekjuöflun þeirra. Skal nefndin sérstaklega leggja áherzlu á það með tillögum sínum að leggja grundvöll að eðlilegri skiptingu þjóðfélagslegra verkefna milli sveitarfélaganna og ríkisins í samræmi við breytta þjóðarhætti, svo og grundvöll að skiptingu tekjustofna milli þessara aðila eða skiptingu tekna, ef þær eru innheimtar í einu lagi af sama stofni fyrir sveitarfélög og ríki.
   Jafnframt rannsaki nefndin, hvernig hægt verði að komast í álögum hjá því mikla ósamræmi, sem núverandi reglur um gjaldskyldu þegna þjóðfélagsins leiða af sér miðað við efni og ástæður.
   Nefndin verði þannig skipuð, að þingflokkarnir fjórir tilnefni í hana sinn manninn hver, en ríkisstjórnin skipi fimmta manninn án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.
   Nefndinni er heimilt að fá sér aðstoð við störf sín, og hafa skal hún samráð við stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga.
   Nefndin skili áliti og tillögum svo fljótt, að næsta reglulegt Alþingi geti fjallað um þær.

Ed. **735. Lög** [8. mál]

um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 710.

Ed. **736. Lög** [166. mál]

um breyting á víxillögum, nr. 93 frá 19. júní 1933.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 374.

Ed. **737. Lög** [63. mál]

um breyting á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 70.

Ed. **738. Lög** [168. mál]

um breyting á lögum nr. 94 frá 19. júní 1933, um tékka.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 376.

Ed. **739. Lög** [196. mál]

um breyting á lögum nr. 53/1961, um Listasafn Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 541.

Ed. **740. Lög** [194. mál]

um eftirlaun alþingismanna.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 537.

Ed. 741. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Undirritaður meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með tilgreindri breytingu við 61. gr. laganna, en breytingartillögu um það efni flytur meiri hluti nefndarinnar á sérstöku þingskjali. Áskilnaður er gerður um breytingartillögur við 3. umræðu.

Alþingi, 10. maí 1965.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.
Auður Auðuns, fundaskr.
Rafn A. Pétursson.
Bjartmar Guðmundsson.

Ed. 742. Breytingartillaga [181. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

61. gr. orðist svo:

Nú kemur í ljós, eftir að álagningu er lokið, sbr. 14. gr. og 45.—46. gr., að gjaldanda hefur verið sleppt, sem lagt skyldi hafa verið á, eða að framtal gjaldanda hefur verið rangt eða ófullnægjandi að verulegu leyti, og skal þá úr því bætt með nýrri álagningu. Um slíka álagningu gilda sömu reglur og um álagningu aðstöðugjalds og útsvars samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við á. Eigi má reikna nefnd gjöld að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár. Gjalddagi gjalda samkvæmt þessari málsgrein er viku eftir að gjaldanda var tilkynnt um álagninguna.

Nú skýrir gjaldandi af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um aðstöðugjald hans eða útsvar, og skal hann þá sekur um allt að tífaldri þeirri upphæð aðstöðugjalds eða útsvars, sem undan var dregin. Einnig er heimilt að sekta gjaldanda, sem hefur ekki talið fram, um allt að tífaldri fjárhæð aðstöðugjalds eða útsvars, sem áætlun hefur verið of lág, ef gjöld þessi hafa verið reiknuð að nýju samkvæmt 1. mgr. Eigi má reikna sekt samkvæmt þessari málsgrein lengra aftur í tímann en 6 ár.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá fjárhæð, er á vantar.

Sektir samkvæmt 2. og 3. mgr. renna í viðkomandi sveitarsjóð, og fer um gjalddaga þeirra eftir ákvæðum 1. mgr.

Fyrir endurtekin og stórfelld brot samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar má dæma menn í allt að 2 ára varðhaldsvist, enda liggi eigi þyngri refsing við brotum samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

Nefnd sú, sem í 48. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt getur, ákveður sektir samkvæmt 2. mgr., nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski þess, að máli sé vísað til dómstóla.

Ed. 743. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumv. var rætt á tveim stuttum fundum í nefndinni sama daginn, og varð ekki samkomulag um afgreiðslu þess. Ekki voru nefndinni veittar neinar viðhlítandi efnislegar upplýsingar um þau málsatriði, sem jafnmikilvægt frv. og hér um ræðir verður að byggjast á, né talið mögulegt að afla þeirra sökum tímaskorts.

Stjórnarfrv. þetta um útsvör táknar, eins og frv. um tekjuskatt, áframhald þeirrar skattránsstefnu ríkisstjórnarinnar, sem almenningur hefur fengið að kynnast á síðustu árum, og þó aldrei jafnharkalega og á síðastliðnu sumri. Þessi óbilgjarna stefna ríkisstjórnarinnar í skattamálum beinist eingöngu gegn þeim hluta þjóðarinnar, sem ekki ber meira úr býtum af heildartekjum þjóðarbúsins en það, sem rétt dugir fyrir lífsþörfum. Og þó er það einmitt þessi hluti þjóðarinnar, sem öðrum fremur fórnar kröftum sínum og heilsu til þess að bjarga í þjóðarbú, á óhæfilega löngum vinnudegi, þeim verðmætum, sem öll tilvera þjóðarinnar byggist á.

Ég geng þess ekki dulinn, að á hinu háa Alþingi er traustur meiri hluti fyrir því að breyta þessu frv. á þann veg, að hófsemi og réttlætis gæti gagnvart þeim þjóðfélagsstéttum, sem að framan er vísað til. Hitt er þá jafnljóst, að slíkt ofurvald grúfir nú yfir þessu elzta löggjafarþingi þjóðanna, að efni máls, sjálfsagðar réttlætiskröfur og rök er þar að litlu gjört.

Af þessum sökum og um leið og ég mótmæli meginstefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum, hef ég, án samráðs við þingflokk Alþýðubandalagsins, tekið þá ákvörðun að bera ekki fram brtt. við alla þá efnisliði frumvarpsins, sem með þyrfti til að gera það viðunandi.

Með þessu vil ég gera hvort tveggja í senn: að rækja skyldu mína sem þingmaður og nota rétt minn sem þingmaður til að mótmæla í verki því afskræmda lýðræði, sem hér er í uppsiglingu og hvað berlegast hefur komið í ljós í störfum Alþingis að undanförnu. Þessa afstöðu mína rökstyð ég m. a. með eftirfarandi:

Það er játað, að ráðherra kynni sér ekki einu sinni til hlítar tillögur stjórnarandstæðinga í stærstu þingmálum. Það er sannanlegt, að hin allra veigamestu þingmál eru rekin með slíkum ofsa gegnum þingið, að þingmönnum gefst ekki tími til að afla nauðsynlegra upplýsinga og gagna, né að láta þessi stórmál fá þinglega meðferð. Það er einnig sannanlegt, að hin allra mikilvægustu stórmál eru svo illa undirbúin af hálfu ríkisstjórnarinnar, að tölulegum upplýsingum svonefndra sérfræðinga stjórnarinnar um sömu málsatriði ber ekki saman milli tveggja þingskjala um sama mál, og jafnvel ekki einu sinni milli tveggja blaðsíðna í einu og sama þingskjali.

Það er á vitorði bæði þings og þjóðar, að engin efnisleg breytingartillaga þingmanna stjórnarandstöðunnar nær samþykki í þeim meginmálum, sem þingið fjallar um. Skiptir þar engu máli, hver efnisrök eru að baki tillögunnar.

Þegar svo er komið málum, er flutningur breytingartillagna í stórmálum og atkvæðagreiðslur um þær á hinu háa Alþingi Íslendinga nánast tiltekið innihaldslaust formsatriði.

Þessu tel ég bæði rétt og skylt að mótmæla eins eindregið og kostur er á, innan þeirra takmarka, sem þingræðislegar og lýðræðislegar reglur heimila.

Alþingi, 10. maí 1965.

Bergur Sigurbjörnsson.

Nd. 744. Lög [30. mál]

um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 716 (sbr. 558).

Nd. 745. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed.

Alþingi, 10. maí 1965.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Jónas G. Rafnar.

Ásgeir Pétursson.

Nd. 746. Nefndarálit [202. mál]

um frv. til laga um Laxárvirkjun.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

LJós áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

SkG og EÁ munu flytja breytingartillögur í samræmi við breytingartillögur þeirra við frumvarp um Landsvirkjun.

Alþingi, 10. maí 1965.

Matthías Á. Mathiesen, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Jónas G. Rafnar, frsm.

Einar Ágústsson. Ásgeir Pétursson. Skúli Guðmundsson.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 747. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Þetta frumvarp er um heimild til að reisa stórt raforkuver í Þjórsá við Búrfell og veita ríkisábyrgð fyrir láni til þeirrar framkvæmdar.

Víst mun þörf að gera nú myndarlegt átak í virkjunarmálum, þar sem rafmagnsskortur er yfirvofandi.

Frumvarpinu fylgja áætlanir og skýrslur sérfræðinga, sem unnið hafa að rannsóknum á fallvötnum og virkjunarmöguleikum undanfarin ár. Í fylgiskjali II segir raforkumálastjóri m. a.:

„Niðurstaðan er, að Búrfellsvirkjun án alúmíniumbræðslu sé erfið fyrstu árin samanborið við smávirkjanir, en ólíkt betri, þegar fram í sækir, eða sem svarar 360 Mkr. á 16 árum. Að sjálfsögðu má fara millileið og reikna með t. d. tveimur smávirkjunum í stað þriggja, áður en ráðizt er í Búrfellsvirkjun, og bætir það smávirkjunarleiðina. Á hinn bóginn mundi sú millileið ekki létta byrjunarörðugleika Búrfellsvirkjunar það mikið, að ekki sé réttara að ráðast í hana strax, ef nægileg lán eru fáanleg."

Og niðurlag á bréfi fyrirtækisins Harza Engineering Company International, dags. 24. apríl þ. á., er á þessa leið:

„Á grundvelli verkfræðilegra athugana og áætlana vorra um virkjun vatnsafls á Íslandi undanfarin sjö ár höfum við komizt að þeirri niðurstöðu, að eðlilegt sé og rökrétt að velja Búrfell sem næsta virkjunarstað til að fullnægja orkuþörf Suðvesturlands."

Á umsögnum þessara sérfræðinga byggjum við tillögu okkar um, að frumvarpið verði samþykkt.

Ráðgert er, að virkjunarfyrirtækið verði sameign ríkisins og Reykjavíkurkaupstaðar. Svo er einnig um Sogsvirkjunina.

Í 1. gr. frv. segir, að fyrirtækið skuli nefnast Landsvirkjun. Við viljum gera ráð fyrir því, að fyrirtæki, sem ber slíkt nafn, hafi það verkefni að fullnægja þörfum allra landsmanna fyrir rafmagn. En skýr ákvæði um þetta vantar í frumvarpið. Úr því viljum við bæta með því að flytja tillögu um breytingu á 3. gr. frv. Samkvæmt tillögu okkar á starfsemi Landsvirkjunar í upphafi að beinast að öflun raforku fyrir þau orkuveitusvæði, sem nú eru tengd Sogsvirkjun, en einnig verði það verkefni fyrirtækisins að fullnægja raforkuþörf allra landsmanna og reisa í því skyni aflstöðvar og aðalorkuveitur, eftir nánari ákvörðun Alþingis. Sama gjaldskrá fyrir rafmagn frá Landsvirkjun skuli gilda um allt land.

Við viljum láta haldast í gildi ákvæði raforkulaganna um, að samþykki Alþingis þurfi til að reisa raforkuver, sem eru yfir vissa stærð, og flytjum því tillögu um að fella niður 1. málslið 7. gr. frv.

11. gr. frv. mælir svo fyrir, að stjórn Landsvirkjunarinnar skuli sjálf ákveða heildsöluverð á raforku frá fyrirtækinu. Við teljum óeðlilegt, að fyrirtæki, sem hefur einkasölu á rafmagni til mikils meiri hluta þjóðarinnar, hafi sjálft slíkt verðlagningarvald án opinberra afskipta. Því leggjum við til, að ráðherra sá, er fer með raforkumál, skuli staðfesta gjaldskrár Landsvirkjunar. Við teljum einnig réttara, að Hagstofan geri tillögur um þetta efni heldur en svonefnd Efnahagsstofnun.

Þá leggjum við mikla áherzlu á, að orkusölusamningar til langs tíma við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kWst. á ári, þurfi að samþykkjast af Alþingi, til þess að þeir séu gildir. Flytjum við breytingartillögu um, að fyrirmæli um þetta komi í stað ákvæða 2. málsgr. 11. gr. frv.

Samkvæmt 6. gr. frv. er Landsvirkjun veitt heimild til að reisa allt að 210 þús. kW orkuver við Þjórsá, og í 15. gr. er ríkisstjórninni heimilað að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð fyrir láni, er Landsvirkjun tekur vegna virkjunarinnar, allt að 1204 millj. kr. — Segja má, að fullnægjandi hefði verið að veita nú heimild til að ráðast í fyrsta áfanga væntanlegrar virkjunar og ábyrgð fyrir láni, sem hefði verið nægjanlegt til þeirrar framkvæmdar, þar sem Alþingi hefði getað veitt viðbótarheimildir jafnskjótt sem þörf var fyrir stækkun virkjunarinnar. Við flytjum þó ekki tillögur um takmörkun á heimildum, hvorki til virkjunar né ríkisábyrgðar fyrir láni, þar sem við gerum ráð fyrir, að fram komnar upplýsingar sérfræðinga um, að hagkvæmt sé að stefna að fullvirkjun Þjórsár við Búrfell, séu réttar, þótt þær fram-

kvæmdir geti tekið alllangan tíma, þar sem hraði þeirra fari eftir orkuþörfinni. **En það skal skýrt fram tekið, að þó að við mælum nú þegar með ríkisábyrgð fyrir allri þeirri upphæð, sem áætlað er að taka þurfi að láni til fullvirkjunar Þjórsár við Búrfell, teljum við með öllu óheimilt að gera samning um raforkusölu til útlends fyrirtækis án þess, að sérstök lög um það hafi áður verið sett á Alþingi.**

Allar meiri háttar framkvæmdir í raforkumálum hér á landi hafa verið gerðar af ríkinu eða með aðstoð þess. Þegar einstök bæjar- eða sveitarfélög hafa ráðizt í virkjanir fallvatna, hafa þau undantekningarlaust notið ríkisábyrgða til tryggingar lánum, er þau hafa tekið til framkvæmdanna, og oft einnig beinnar aðstoðar ríkisstjórna við útvegun lánsfjár. Með slíkri aðstoð ríkisvaldsins var komið upp virkjunum við Sogið, sem eru stærstu mannvirki þeirrar tegundar hér á landi. Og enn er það íslenzka ríkið, sem veitir ábyrgð og útvegar lánsfé erlendis til væntanlegrar Þjórsárvirkjunar, samkv. frv., sem hér liggur fyrir.

Í sambandi við þetta stóra mál er skylt að taka til íhugunar, hvernig séð er fyrir raforkuþörf fólksins, sem býr í öðrum héruðum. Þar hafa verið reist nokkur raforkuver af ríkinu og önnur með aðstoð þess, og síðustu 10 árin hefur verið unnið að dreifingu rafmagnsins um kauptún og sveitabyggðir. Enn eru þó hátt á annað þúsund sveitabýli á landinu, sem hvorki hafa rafmagn frá samveitum né sérstökum vatnsaflsstöðvum. Og enn hafa ekki verið teknar ákvarðanir um framhald raflínulagna um sveitirnar, þó að telja megi, að nú sé um það bil lokið framkvæmd þeirrar 10 ára rafvæðingaráætlunar, sem unnið hefur verið eftir síðasta áratuginn.

Þingmenn Framsóknarflokksins hafa lagt fram tillögur á síðustu þingum um, að gerðar yrðu áætlanir um rafvæðingu allra byggða og heimila á landinu og yrðu þær áætlanir miðaðar við, að því verki yrði lokið fyrir árið 1969. Stjórnarflokkarnir hafa staðið gegn þessum tillögum. Tillaga um þetta efni var enn borin fram af framsóknarmönnum tímanlega á þessu þingi, og enn varð ágreiningur um málið í þingnefndinni, sem fékk tillöguna til athugunar. Stjórnarflokkamennirnir í nefndinni, sem eru þar í meiri hluta, hafa ekki annað fram að færa í þessu þýðingarmikla máli en tillögu um, að Alþingi vísi því til ríkisstjórnarinnar, sem hefur sýnt óskiljanlega tregðu í því að fallast á slíka áætlunargerð. Enn er því allt í óvissu um framkvæmdir. Raforkuráð er einn af þeim aðilum, sem á að fjalla um þetta mál, en þar eru engir fundir haldnir tímunum saman. Þar eru stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í meiri hluta og bera ábyrgð á aðgerðaleysinu.

Það fólk, sem enn er án rafmagnsins, hefur lengi beðið þess með mikilli eftirvæntingu að fá vitneskju um, hvers það má vænta í þessu lífshagsmunamáli. En frá stjórnarvöldunum heyrist ekkert um fyrirætlanir þeirra, og allt bendir til þess, að núverandi ríkisstjórn hafi svo takmarkaðan áhuga á því að ljúka rafvæðingu sveitanna, að þær framkvæmdir dragist úr hófi fram.

Ætla má, að ekki séu fleiri en fimm af hverju hundraði landsmanna, sem enn eru án raforku frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum. Það er ósæmilegt með öllu að láta þetta fólk verða lengi enn utan við ljósið og ylinn, sem rafmagnið veitir. Þjóðfélaginu ber skylda til að ljúka rafvæðingunni á allra næstu árum, og það er vel framkvæmanlegt, ef nægur vilji er til þess. Það er lítið fjárhagslegt átak fyrir þjóðina. Og fólkið, sem enn er án rafmagnsins, á heimtingu á því að fá nákvæma vitneskju um það, án frekari tafar, hvenær þörf þess fyrir rafmagnið verður fullnægt. Sú vissa, ef veitt verður, getur forðað því, að mörg vel nothæf býli og jafnvel heil byggðarlög leggist í eyði.

Eins og áður segir, hafa svo að segja allir landsmenn, sem nú njóta rafmagnsins, fengið þau hlunnindi með atbeina ríkisins. Og enn er það ríkið, sem á að útvega lánsfé til þeirrar stórvirkjunar, er um ræðir í þessu frv., og taka á sig ábyrgð á greiðslu þess. Það er því eðlilegt, að í sambandi við þetta mál verði tekið til íhugunar, með hvaða kjörum landsmenn fá rafmagnið frá þeim aflstöðvum og orkuveitum, sem ríkið hefur komið upp eða veitt óhjákvæmilega aðstoð til að koma

upp. Í fjárhagsnefnd komu fram þær upplýsingar, að heildsöluverð á rafmagni frá rafmagnsveitum ríkisins mundi nú vera ca. 30% hærra en heildsöluverð frá Sogsvirkjuninni, sem ríkið á að hálfu leyti. Og gizkað er á, að söluverð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins sé nú um það bil 40—50% hærra en verðið hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Þessi verðmismunur þarf að hverfa. Allir landsmenn eiga að njóta sömu viðskiptakjara hjá þeim raforkufyrirtækjum, sem ríkið hefur komið upp. Það er réttlætismál. Því flytjum við þá breytingartillögu við frumvarpið, að inn í það verði bætt nýrri grein, sem mæli svo fyrir, að söluverð rafmagns frá rafmagnsveitum ríkisins til héraðsrafmagnsveitna skuli vera jafnhátt því verði, er Rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir Landsvirkjun fyrir rafmagn, og verð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins til notenda skuli vera hið sama og rafmagnsverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Enn fremur, að ríkissjóður skuli greiða þann halla, sem verða kann á rekstri rafveitna ríkisins vegna þessarar breytingar.

Í sambandi við það atriði málsins, sem hér hefur verið nefnt, þ. e. a. s. lækkun raforkuverðsins, þar sem það er hærra en í Reykjavík, má vekja athygli á ákvæðum 13. gr. frv., þar sem segir, að fella skuli niður aðflutningsgjöld og söluskatt af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar, en þetta er nýmæli í lögum. Engar upplýsingar liggja fyrir um þær fjárhæðir, sem ríkissjóður gefur Landsvirkjuninni eftir með þessu ákvæði frv., en þar er vitanlega um stórfé að ræða. Og sú eftirgjöf á ríkisgjöldum styður mjög þá tillögu, að um leið verði ákveðið, að ríkið leggi fram fé til lækkunar á rafmagnsverði í öðrum landshlutum, en af vélum og efni til raforkuvera og orkuveitna, sem þar hefur verið komið upp, hafa ætíð verið greidd full aðflutningsgjöld samkvæmt landslögum.

Með skírskotun til þess, er að framan greinir, leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Starfsemi Landsvirkjunar skal í upphafi beinast að öflun raforku fyrir þau orkuveitusvæði, sem nú eru tengd Sogsvirkjun. Það er einnig verkefni Landsvirkjunar að fullnægja raforkuþörf allra landsmanna og reisa í því skyni aflstöðvar og aðalorkuveitur, eftir nánari ákvörðunum Alþingis. Sama gjaldskrá fyrir rafmagn frá Landsvirkjun skal gilda um land allt.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, þannig:
   Söluverð rafmagns frá rafmagnsveitum ríkisins til héraðsrafmagnsveitna skal vera jafnhátt því verði, er Rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir Landsvirkjun fyrir rafmagn, og verð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins skal vera hið sama og rafmagnsverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Ríkissjóður greiðir þann halla, sem verða kann á rekstri rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins vegna fyrirmæla þessarar greinar.
3. Við 7. gr. 1. málsl. falli niður.
4. Við 11. gr.
   a. Í stað „Efnahagsstofnunarinnar“ komi: Hagstofunnar.
   b. Við 1. málsgr. bætist:
      Ráðherra sá, sem fer með raforkumál, staðfestir gjaldskrár Landsvirkjunar.
   c. 2. málsgr. orðist svo:
      Til orkusölusamninga við iðjufyrirtæki, sem nota meira en 100 millj. kWst. á ári, þarf Landsvirkjun samþykki Alþingis.

Alþingi, 10. maí 1965.

Skúli Guðmundsson, frsm. Einar Ágústsson.

Nd. 748. Breytingartillögur [182. mál]

við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjármálaráðherra.

1. Aftan við 1. mgr. 7. gr. bætist:
   Heimilt er að fella niður skattsektir skv. þessari málsgrein, hafi skattþegn fyrir 1. marz 1966 af sjálfsdáðum gefið réttar skýrslur um þau atriði, er máli skipta um tekjuskatt hans og eignarskatt, eða talið fram til skatts.
2. Aftan við 6. mgr. 7. gr. bætist:
   Heimilt er að beita ákvæðum síðasta málsliðar 1. mgr. þessarar greinar um þessar sektir, eftir því sem við á, til 1. júlí 1965.

Nd. 749. Breytingartillögur [202. mál]

við frv. til laga um Laxárvirkjun.

Frá Skúla Guðmundssyni og Einari Ágústssyni.

1. Við 2. gr. Við 2. málsgr. bætist:
   enda sé verðið ekki hærra en raforkuverð hjá Landsvirkjun.
2. Við 5. gr. Fyrri málsgrein falli burt.
3. Við 8. gr.
   a. Í stað „Efnahagsstofnunarinnar“ komi: Hagstofunnar.
   b. Við greinina bætist:
      Ráðherra sá, sem fer með raforkumál, staðfestir gjaldskrár Laxárvirkjunar.

Nd. 750. Nefndarálit [201. mál]

um frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til, að stofnað verði nýtt fyrirtæki til raforkuframleiðslu og raforkusölu fyrir Suðvesturland. Fyrirtækið á að bera nafnið Landsvirkjun, en á þó ekki að vera fyrirtæki landsins alls.

Eigendur hins nýja raforkufyrirtækis eiga að verða Reykjavíkurborg og ríkissjóður að nákvæmlega jöfnum hlut hvor aðili. Svo nákvæmlega er skipt milli aðila réttindum og valdi yfir fyrirtækinu, að hvor um sig skal kjósa þrjá fulltrúa í stjórn þess, en koma verða þeir sér saman um sjöunda stjórnarmanninn, annars skipar hæstiréttur þann mann. Í frumvarpinu er skýrt tekið fram, að óheimilt sé að ráðast í nýjar framkvæmdir eða breytingar á vegum fyrirtækisins, nema samþykki beggja eignaraðila komi til. Þannig hefur borgarstjórn Reykjavíkur úrslitavald um það, hvað þetta mikla raforkufyrirtæki, sem heita á Landsvirkjun, gerir eða lætur ógert varðandi rekstur og þróun raforkumálanna á Suðvesturlandi.

Samkvæmt frumvarpinu er það ekki á valdi raforkumálaráðherra eða raforkumálastjóra ríkisins að ákveða um það, hvort ný orkuveitusvæði eða aðrir landshlutar skuli tengdir raforkukerfi Suðvesturlands, heldur verður slíkt vald í höndum

eigenda hins nýja virkjunarfyrirtækis. Í frumvarpinu er sagt, að til slíkra tenginga geti komið, „sýni áætlanir fyrirtækisins, að fjárhagslega sé hagkvæmt“ að ráðast í slíkar framkvæmdir, og ef eigendur þess samþykki það.

Með raforkulögunum frá árinu 1946 var mörkuð sú stefna, að ríkið skyldi taka að sér forgöngu í virkjunarmálum landsins og að því skyldi stefnt, að svo til öll raforkuframleiðslan yrði í höndum þess. Yfirstjórn rannsókna, áætlanagerða og frumkvæði um tillögur um lausn raforkuþarfar landsmanna skyldu vera í höndum raforkumálastjóra og raforkuráðs. Með frumvarpi þessu er horfið frá þessari meginstefnu. Samkvæmt frumv. er gert ráð fyrir, að tekin verði upp ný stefna í verðlagningu á raforku. Samkvæmt lögum hefur verið heimilt að selja raforkuna í heildsölu á kostnaðarverði að viðbættum 5%. Nú er ráðgert, að stjórn hins nýja fyrirtækis geti sjálf ákveðið orkuverðið, og er sagt í frumv., að stefnt skuli að því, að fyrirtækið skili nægilegum greiðsluafgangi, til þess að það geti með eigin fjármagni og hæfilegum lántökum byggt ný orkuver. Augljóst er því, að stefnt er að aukinni álagningu á raforku.

Þýðingarmesta ákvæði frumv. fjallar um heimild til handa hinu nýja fyrirtæki til þess að reisa allt að 210 þús. kW. raforkuver í Þjórsá við Búrfell. Ráðgert er í greinargerð frumvarpsins, að orkuverið með varaaflstöðvum kosti rúmar 1700 millj. kr. Upplýst er, að óskað sé eftir heimild til svo stórrar virkjunar með það í huga, að 60% af orkunni verði seld alúmínverksmiðju útlendinga. 40% orkunnar, eða 84 þús. kW., eru áætluð til þarfa Íslendinga. Þá er það upplýst, að verði ekki úr sölu raforkunnar til alúmínverksmiðjunnar, en aðeins virkjað fyrir landsmenn sjálfa, verði fyrsti áfangi virkjunarinnar 70 þús. kW.

Við Alþýðubandalagsmenn teljum engan vafa leika á, að 210 þús. kW. raforkuver við Búrfell muni í reynd kosta allmiklu meira en áætlanir eru um. Til þess liggja þær ástæður, að kostnaður allur hefur aukizt, síðan áætlanir voru gerðar, og svo hitt, að byggingarframkvæmdir munu standa í nokkur ár, og á þeim tíma hlýtur framkvæmdakostnaður að aukast. Þá teljum við augljóst, að ráðast þurfi í alldýrar framkvæmdir til þess að tryggja rekstur orkuversins fyrir truflunum af ísrennsli og aurframburði í ánni.

Það er skoðun okkar, að fyrirhugað raforkuverð til alúmínhringsins, 10¾ úr eyri fyrir kílówattstund, sé langt undir framleiðslukostnaðarverði, þegar tekið er tillit til stofnkostnaðar, eins og hann muni verða, og til kostnaðar við rekstur varaaflstöðva. Við Alþýðubandalagsmenn teljum augljóst, að verði úr sölu raforku til alúmínverksmiðjunnar á ráðgerðu verði með fyrirframsamningi til 15 ára og forkaupsrétti til allt að 45 ára, þá hljóti raforkuverð til landsmanna frá virkjuninni að verða óhæfilega hátt og miklum mun hærra en nauðsynlegt hefði verið.

Við teljum því, að nú eigi aðeins að veita heimild til 70 þús. kW. virkjunar í Þjórsá við Búrfell sem fyrsta áfanga fyrir Íslendinga eina, en síðan eigi að halda áfram og fullvirkja við Búrfell stig af stigi, eftir því sem þarfir landsmanna segja til um.

Við Alþýðubandalagsmenn erum algerlega andvígir fyrirhugaðri raforkusölu til alúmínverksmiðjunnar og viljum því ekki standa að virkjunarheimild, sem notuð yrði til raforkuframleiðslu í því skyni.

Í samræmi við þær skoðanir, sem fram koma í þessu nefndaráliti, flyt ég nokkrar breytingartillögur við frumv. á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 11. maí 1965.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 751. Breytingartillögur [201. mál]

við frv. til laga um Landsvirkjun.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Starfsemi Landsvirkjunar skal í upphafi beinast að öflun raforku fyrir þau orkuveitusvæði, sem nú eru tengd Sogsvirkjun. Reynist þjóðhagslega hagkvæmt að dómi raforkuráðs og ráðherra þess, sem fer með raforkumál, að leggja aðalorkuveitur frá orkuverum Landsvirkjunar til annarra orkuveitusvæða, skal einnig heimilt að tengja þau orkuverum fyrirtækisins. Áður en til framkvæmda kemur, skal hafa náðst samkomulag milli hlutaðeigandi aðila um raforkuverð og sölusamningar gerðir.
   Verkefni og orkuveitusvæði Landsvirkjunar skal nánar skilgreint í reglugerð.
2. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Landsvirkjun er heimilt að reisa 70 þús. kW. raforkuver í Þjórsá við Búrfell ásamt aðalorkuveitum og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði Þjórsár ofan virkjunarinnar til þess að tryggja rekstur hennar.
   Enn fremur er Landsvirkjun heimilt að reisa eldsneytisstöðvar þær, sem fyrirtækið telur rétt að koma upp.
   Þá er Landsvirkjun og heimilt, ef hagkvæmt reynist að athuguðu máli, að reisa 14 þús. kW. orkuver við Kláffoss í Borgarfirði, 30 þús. kW. orkuver við jarðgufustöð í Hveragerði og 22 þús. kW. orkuver við Brúará við Efstadal.
3. Við 8. gr. Upphaf 1. málsgr. orðist svo:
   Stjórn Landsvirkjunar skal skipuð 9 mönnum. Skulu fjórir kosnir af Alþingi með hlutfallskosningu. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs fjóra menn með sama hætti. Ríkisstjórnin og borgarstjórn Reykjavíkur skipa sameiginlega níunda manninn, og skal hann vera formaður.
4. Við 11. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Stjórn Landsvirkjunar ákveður heildsöluverð Landsvirkjunar á raforku eftir þeirri meginreglu, að það sé framleiðslukostnaðarverð að viðbættum allt að 7%.
   b. Við greinina bætist:
      Orkusölusamningar við erlenda aðila skulu háðir samþykki Alþingis.
5. Við 17. gr. Í stað orðanna „sjö menn“ í 2. mgr. komi: níu menn.

Nd. 752. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Tveir nefndarmenn (EÁ og SkG) voru eigi reiðubúnir til þess að taka afstöðu til málsins.

Alþingi, 11. maí 1965.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. **Sigurður Ingimundarson, fundaskr.** **Jónas G. Rafnar.**
Ásgeir Pétursson. **Lúðvík Jósefsson.**

Ed. 753. Lög [151. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildur úr Garðatorfunni fornu og þrjár jarðir.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 652.

Ed. 754. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. maí.)

1. gr.

4. mgr. 20. gr. orðist svo:

Áður en úthlutað er framlagi Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaganna, skal draga frá úthlutunarfénu 3% af tekjum sjóðsins til þess að mæta þörfum sveitarfélaganna samkvæmt 15. gr. laga þessara.

2. gr.

31. gr. orðist svo:

Útsvar skal miða við hreinar tekjur og eign samkv. skattskrá, sbr. þó 36. gr. 2. mgr. og 42. gr. Við ákvörðun eigna til útsvars skal miða við gildandi fasteignamat þrefaldað.

Frá hreinum tekjum gjaldenda skal draga sem hér segir, áður en útsvar er lagt á þær, samkv. 32. gr.

Hjá einstaklingum kr. 35 000.00.

Hjá hjónum kr. 50 000.00.

Fyrir hvert barn, innan 16 ára aldurs, á framfæri gjaldanda kr. 10 000.00.

Útsvör s. l. árs skulu einnig dregin frá hreinum tekjum, ef þau hafa verið greidd að fullu fyrir áramót næst á undan niðurjöfnun.

3. gr.

Stafliður A, tölulíður 1. 32. gr. orðist svo:

1. Einstaklingar og hjón:

Af fyrstu 20 000.00 kr. 10%.

Af 20 000.00 kr.—60 000.00 kr. greiðast 2000.00 kr. af 20 000.00 kr. og 20% af afgangi.

Af 60 000.00 kr. og yfir greiðast 10 000.00 kr. af 60 000.00 kr. og 30% af afgangi.

4. gr.

Við 35. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Í kaupstöðum skulu útsvör kr. 1500.00 og lægri felld niður.

5. gr.

61. gr. orðist svo:

Nú kemur í ljós, eftir að álagningu er lokið, sbr. 14. gr. og 45.—46. gr., að gjaldanda hefur verið sleppt, sem lagt skyldi hafa verið á, eða að framtal gjaldanda hefur verið rangt eða ófullnægjandi að verulegu leyti, og skal þá úr því bætt með nýrri álagningu. Um slíka álagningu gilda sömu reglur og um álagningu aðstöðugjalds og útsvars samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við á. Eigi má reikna

nefnd gjöld að nýju lengra aftur í tímann en 6 ár. Gjalddagi gjalda samkvæmt þessari málsgrein er viku eftir að gjaldanda var tilkynnt um álagninguna.

Nú skýrir gjaldandi af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um aðstöðugjald hans eða útsvar, og skal hann þá sekur um allt að tífaldri þeirri upphæð aðstöðugjalds eða útsvars, sem undan var dregin. Einnig er heimilt að sekta gjaldanda, sem hefur ekki talið fram, um allt að tífaldri fjárhæð aðstöðugjalds eða útsvars, sem áætlun hefur verið of lág, ef gjöld þessi hafa verið reiknuð að nýju samkvæmt 1. mgr. Eigi má reikna sekt samkvæmt þessari málsgrein lengra aftur í tímann en 6 ár.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá fjárhæð, er á vantar.

Sektir samkvæmt 2. og 3. mgr. renna í viðkomandi sveitarsjóð, og fer um gjalddaga þeirra eftir ákvæðum 1. mgr.

Fyrir endurtekin og stórfelld brot samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar má dæma menn í allt að 2 ára varðhaldsvist, enda liggi eigi þyngri refsing við brotum samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

Nefnd sú, sem í 48. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt getur, ákveður sektir samkvæmt 2. mgr., nema ríkisskattstjóri eða sökunautar óski þess, að máli sé vísað til dómstóla.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvara á árinu 1965.

Ákvæði til bráðabirgða.

Nú hefur gjalddögum útsvara, álagðra 1964, verið fjölgað, svo að síðasta greiðsla fór ekki fram fyrr en 1. marz 1965, og telst útsvar þá greitt að fullu fyrir árslok 1964, samkvæmt síðustu málsgr. 31. gr. þessara laga.

Ed. 755. Lög [193. mál]

um breyting á ljósmæðralögum, nr. 17 19. júní 1933.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 523.

Ed. 756. Lög [167. mál]

um breyting á lögum nr. 58 frá 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 375.

Ed. 757. Lög [197. mál]

um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka banka-vaxtabréfa.

(Afgreidd frá Ed. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 549.

Nd. 758. Frumvarp til laga [182. mál]

um breyting á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. maí.)

1. gr.

Í stað orðanna „13000 kr.“ í 3. og 4. málslið 1. mgr. 4. gr. komi: 16000 kr.

2. gr.

Í stað orðanna „26000 kr.“ í A-lið 13. gr. komi: 32000 kr.
Í stað orðanna „10000 kr.“ í 2. málslið, 1. mgr., D-liðar 13. gr. komi: 15000 kr.
Í stað orðanna „4000 kr.“ í 1. málslið, 5. mgr., D-liðar 13. gr. komi: 6000 kr.
Í stað orðanna „6000 kr.“ í 2. málslið, 5. mgr., D-liðar 13. gr. komi: 9000 kr.
Aftan við 13. gr. laganna bætist nýr liður, sem verður F-liður: Slysadagpeninga skv. 35. gr. og sjúkradagpeninga skv. 50. gr. laga nr. 40/1963, um almannatryggingar, svo og greiðslur svipaðs eðlis vegna veikinda eða slysa úr sjúkrasjóðum stéttarfélaga.

3. gr.

16. gr. orðist svo:
Frá hreinum tekjum heimilisfastra manna hér í landi, eins og þær eru ákveðnar skv. lögum þessum, skal draga sem hér segir:

A. Fyrir einstaklinga 80000 kr.
B. Fyrir hjón 112000 kr., telji þau fram sitt í hvoru lagi 56000 kr. hjá hvoru.
C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 16000 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.

Ef foreldrar búa saman ógift, skal frádráttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlagsgreiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til frádráttar hjá því foreldri, sem innir hana af hendi.
Ef einstætt foreldri (stjúpforeldri, kjörforeldri, fósturforeldri) heldur heimili og framfærir þar börn sín, má það draga frá skattskyldum tekjum auk frádráttar skv. 1. mgr. upphæð, er nemur 16000 kr., að viðbættum 3200 kr. fyrir hvert barn.
Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtist þeim til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skattyfirvalda.
Um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt fer eftir því, sem segir í 52. gr.

4. gr.

I.-liður 25. gr. orðist svo:
Tekjuskattur þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., sbr. 3. gr., 4. gr. og 6. gr. 3. málsgr., reiknast þannig:
Af fyrstu 37000 kr. skattgjaldstekna greiðist 9%
Af 37000—62000 kr. ..... greiðist 3330 kr. af 37000 kr. og 18% af afgangi.
Af 62000 kr. og yfir ..... greiðist 7830 kr. af 62000 kr. og 27% af afgangi.

5. gr.

Upphaf 1. mgr. 36. gr. orðist svo:
Allir framtalsskyldir aðilar, embættismenn og aðrir ...
Við 2. mgr. 36. gr. bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:
Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, að hver móttakandi starfslauna og annarra greiðslna, sem fyrirmæli þessarar málsgr. taka til, skuli sýna greiðanda

eða milligöngumanni nafnskírteini sitt, svo og að upplýsingar greiðanda til skattyfirvalda um nafn, fæðingardag og nafnnúmer hlutaðeiganda skuli vera í samræmi við það, sem stendur á nafnskírteini þeirra.

4. mgr. 36. gr. laganna orðist svo:

Vegna rannsókna samkvæmt lögum þessum hefur ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri og þeir menn, sem þeir fela rannsóknarstörf, aðgang að bókum og bókhaldsgögnum, þar með talin verzlunarbréf og samningar, framtalsskyldra aðila, svo og allra stofnana, félaga og annarra aðila, sem ekki eru framtalsskyldir, þar með taldir bankar, sparisjóðir og aðrar peningastofnanir. Enn fremur aðgang að starfsstöðvum og birgðageymslum þessara aðila og svo heimild til að taka skýrslur af hverjum þeim, sem ætla má geta gefið upplýsingar, er máli skipta.

6. gr.

3. mgr. 42. gr. laganna orðist svo:

Við embætti ríkisskattstjóra skal starfa rannsóknardeild, er hafi með höndum rannsóknir samkvæmt lögum þessum, sbr. 4. mgr. 36. gr. og 2. mgr. þessarar greinar. Forstöðumaður deildarinnar, skattrannsóknarstjóri, stýrir rannsóknarstarfi hennar í samráði við ríkisskattstjóra.

Á eftir orðunum „... um skattákvörðun, ...“ í fyrri málslið 4. mgr. 42. gr. komi orðin: .. skv. lögum þessum eða öðrum lögum um skatta og gjöld, sem álögð eru af skattstjórum, ...

7. gr.

48. gr. laganna orðist svo:

Nú skýrir skattþegn af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt frá einhverju því, er máli skiptir um tekjuskatt hans eða eignarskatt, og skal hann þá sekur um allt að tífaldri skattupphæð þeirri, sem undan var dregin. Einnig er heimilt að sekta skattþegn, sem ekki hefur talið fram til skatts, um allt að tífaldri skattupphæð þeirri, sem áætlun var of lág, ef skattur er reiknaður að nýju samkvæmt 2. mgr. 38. gr. Eigi má þó reikna skattsekt samkvæmt þessari mgr. lengra aftur í tímann en 6 ár, sbr. 38. gr. Heimilt er að fella niður skattsektir skv. þessari málsgrein, hafi skattþegn fyrir 1. marz 1966 af sjálfsdáðum gefið réttar skýrslur um þau atriði, er máli skipta um tekjuskatt hans og eignarskatt, eða talið fram til skatts.

Nú verður slíkt uppvíst við meðferð dánarbús, og skal þá greiða úr búinu tvöfalda þá upphæð, er á vantar.

Hver sá, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi gefur skattyfirvöldum rangar eða villandi upplýsingar um atriði, sem varða skattframtöl annarra aðila, eða gegnir ekki skyldu sinni samkvæmt 36. gr., skal sekur um allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinum röngu eða villandi upplýsingum eða fellt var undan að gefa upplýsingar um.

Hver sá, sem í atvinnuskyni aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda, skal sekur um allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem undan skyldi draga með hinni röngu eða villandi skýrslugjöf.

Fyrir endurtekin og stórfelld brot samkvæmt 1., 3. og 4. mgr. þessarar greinar má dæma menn í allt að 2 ára varðhaldsvist, enda liggi ekki þyngri refsing við brotum samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

Nefnd, er í eiga sæti ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri og lögfræðingur, er fullnægir embættisskilyrðum héraðsdómara og ráðherra skipar, ákveður sektir samkvæmt 1., 3. og 4. mgr., nema ríkisskattstjóri eða sökunautur óski, að málinu sé vísað til dómstóla. Ríkisskattstjóri skal vera formaður nefndarinnar. Nefnd þessi ákveður og sektir samkvæmt 25. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, nema fjármálaráðherra eða sökunautur óski, að máli sé vísað til dómstóla. Heimilt er að beita ákvæðum síðasta málsliðar 1. mgr. þessarar greinar um þessar sektir, eftir því sem við á, til 1. júlí 1965.

8. gr.

Við 50. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 3. mgr., svo hljóðandi:

Nú er svo ástatt sem í 1. mgr. segir, og dagsektir teljast eigi einhlítar til að knýja fram skýrslur eða önnur gögn, er þar greinir, og getur ríkisskattstjóri eða skattrannsóknarstjóri þá vísað sökinni til dómara (sakadómara) til meðferðar. Dómari skal taka slíkt mál án tafar til rannsóknar að hætti opinberra mála, og er ríkisskattstjóra eða skattrannsóknarstjóra rétt að vera staddir við þá rannsókn eða láta fulltrúa sína vera það. Að rannsókn lokinni sendir dómari rannsóknargerðir sínar til ríkisskattstjóra, er hlutast til um frekari meðferð máls að lögum.

9. gr.

Við 1. mgr. 51. gr. laganna bætist:

Um sektir þær, sem ákveðnar verða skv. 48. gr., gilda þó sömu reglur að því er innheimtu varðar og um tekjuskatt, eftir því sem við á, þar á meðal um lögtaksrétt.

10. gr.

Á eftir 52. gr. laganna komi ný gr., er verði 53. gr., svo hljóðandi:

Skylt er, frá og með gjaldárinu 1966, að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 1. gr., 1. mgr. 2. gr. og 3. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í 4. gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal af fjármálaráðherra, í fyrsta sinn árið 1966, að fengnum tillögum kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra.

11. gr.

Við 54. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svo hljóðandi:

Ráðherra getur í reglugerð kveðið á um sérstakt bókhald, þar á meðal birgðabókhald, skattskyldra aðila, og svo um löggildingu þess, færslu og geymslu.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts fyrir skattárið 1964.

13. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 55 17. júlí 1964 og gefa lögin um tekjuskatt og eignarskatt út svo breytt.

Nd. 759. Lög [199. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku til vegaframkvæmda.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 551.

Nd. 760. Lög [203. mál]

um breytingu til bráðabirgða á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 620.

Nd. **761. Lög** [201. mál]

um Landsvirkjun.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 718 (sbr. 589).

Nd. **762. Lög** [202. mál]

um Laxárvirkjun.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 717 (sbr. 611).

Nd. **763. Lög** [181. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 754.

Nd. **764. Lög** [185. mál]

um breyting á lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzíni.

(Afgreidd frá Nd. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 496.

Sþ. **765. Fyrirspurn** [205. mál]

til félagsmálaráðherra um endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar.

Frá Sigurði Jóhannessyni og Ingvari Gíslasyni.

Hvenær má vænta þess, að lagt verði fram á Alþingi frumvarp um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar?

Ed. **766. Lög** [182. mál]

um breyting á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Ed. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 758.

Sþ. **767. Nefndaskipun.**

(85. löggjafarþing.)

Fastanefndir.

A.

Í sameinuðu þingi.

1. Fjárveitinganefnd:

Jón Árnason, formaður,
Halldór Ásgrímsson,[1])
Gunnar Gíslason,[2])
Jónas Pétursson,
Halldór E. Sigurðsson,
Geir Gunnarsson,
Matthías Bjarnason,
Birgir Finnsson, fundaskrifari,
Ingvar Gíslason.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Fjárlög 1965 (1, n. 154 (meiri hl.), n. 156 (1. minni hl.), n. 157 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Árnason.
   Frsm. 1. minni hl.: Halldór E. Sigurðsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Geir Gunnarsson.
2. Fjáraukalög 1963 (133, n. 168).
   Frsm.: Birgir Finnsson.

B. Þingsályktunartillögur:

1. Stóriðjumál (13).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Akvegasamband um Suðurland til Austfjarða (26, n. 603 (meiri hl.), n. 614 (1. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jónas Pétursson.
   Frsm. 1. minni hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
   Nefndarálit kom ekki frá 2. minni hl.
3. Kaup Seðlabankans á víxlum iðnaðarins (14).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Landfundir Íslendinga í Vesturheimi (35).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Verðtrygging sparifjár (40).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Vegáætlun 1965—1968 (146, n. 350 (meiri hl.), n. 356 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Árnason.
   Frsm. minni hl.: Halldór E. Sigurðsson.
7. Verðlags- og peningamál (44).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Dreifing framkvæmdavalds (66).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Í fjarveru hans, frá 27. apríl til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Vilhjálmur Hjálmarsson.
2) Í fjarveru hans, frá 26. apríl til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Óskar E. Levý.

Fastanefndir Sþ.: Fjárveitinga- og allsherjarnefndir.

9. Vegasamband milli Fljótshverfis og Suðursveitar (75, n. 604 (meiri hl.), n. 619 (1. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jónas Pétursson.
   Frsm. 1. minni hl.: Geir Gunnarsson.
   Nefndarálit kom ekki frá 2. minni hl.
10. Lýsisherzluverksmiðja (77, n. 597).
   Frsm.: Matthías Bjarnason.
11. Afréttarmálefni (95).
   Nefndarálit kom ekki.
12. Skipting landsins í fylki (141).
   Nefndarálit kom ekki.
13. Síldarleitarskip (140, n. 624 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
14. Ræktun lerkis á Fljótsdalshéraði (240, n. 520).
   Frsm.: Jón Árnason.
15. Garðyrkjuskóli á Akureyri (251, n. 670).
   Frsm.: Ingvar Gíslason.
16. Endurskoðun skólalöggjafarinnar (253, n. 674 (minni hl.), n. 675 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Ingvar Gíslason.
   Frsm. meiri hl.: Óskar E. Levý.
17. Tekjustofnar sýslufélaga (305, n. 580).
   Frsm.: Halldór E. Sigurðsson.
18. Klak- og eldisstöð fyrir laxfiska (360).
   Nefndarálit kom ekki.

2. *Allsherjarnefnd:*

Pétur Sigurðsson,
Einar Ágústsson,[1])
Matthías Bjarnason, fundaskrifari,
Sverrir Júlíusson,
Gísli Guðmundsson,[2])
Ragnar Arnalds,
Jón Þorsteinsson, formaður.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Tæknistofnun sjávarútvegsins (20, n. 504 (minni hl.), n. 513 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Ragnar Arnalds.
   Frsm. meiri hl.: Jón Þorsteinsson.
2. Radarspeglar á suðurströnd landsins (52, n. 267).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
3. Skjólbelti (71, n. 247).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
4. Héraðsskóli að Reykhólum (33).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (38, n. 354).
   Frsm.: Gísli Guðmundsson.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 3. til 24. marz, tók sæti hans í nefndinni Kristján Thorlacius.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 26. apríl til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Sigurður Jóhannesson.

Fastanefndir Sþ.: Allsherjar- og utanríkismálanefndir.

6. Framtíðarstaðsetning skóla (53, n. 470).
   Frsm.: Gísli Guðmundsson.
7. Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla (55, n. 574).
   Frsm.: Ragnar Arnalds.
8. Fiskiðjuver við Rifshöfn (60, n. 514 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Þorsteinsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
9. Vigtun bræðslusíldar (72, n. 469).
   Frsm.: Pétur Sigurðsson.
10. Hlutverk Seðlabankans að tryggja atvinnuvegunum fjármagn (76).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Kvikmyndasýningar í sveitum (102, n. 422).
    Frsm.: Gísli Guðmundsson.
12. Ökuskóli (106).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Hækkun íbúðarhúsalána hjá stofnlánadeild landbúnaðarins (123).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Síldarflutningar og síldarlöndun (129, n. 494).
    Frsm.: Ragnar Arnalds.
15. Síldarleit fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Norðausturlandi (179, n. 440).
    Frsm.: Jón Þorsteinsson.
16. Markaðsrannsóknir í þágu útflutningsatvinnuveganna (116, n. 642).
    Frsm.: Einar Ágústsson.
17. Símagjöld á Suðurnesjum (144, n. 485).
    Frsm.: Jón Þorsteinsson.
18. Samdráttur í iðnaði (239, n. 452 (minni hl.), n. 497 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Einar Ágústsson.
    Frsm. meiri hl.: Sverrir Júlíusson.
19. Raforkumál (177, n. 492 (minni hl.), n. 576 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
    Frsm. meiri hl.: Matthías Bjarnason.
20. Tækniaðstoð við nýjungar í vinnslu og veiði sjávarafla (250).
    Nefndarálit kom ekki.
21. Sameining sveitarfélaga (227).
    Nefndarálit kom ekki.
22. Lánveitingar til íbúðabygginga (145).
    Nefndarálit kom ekki.
23. Eftirlit með fyrirtækjasamtökum (228, n. 596).
    Frsm.: Jón Þorsteinsson.
24. Svæðaskipulagning (229).
    Nefndarálit kom ekki.
25. Dráttarbraut á Siglufirði (318, n. 575).
    Frsm.: Jón Þorsteinsson.

3. *Utanríkismálanefnd:*

Ólafur Thors,
Hermann Jónasson,
Sigurður Bjarnason, formaður,
Davíð Ólafsson,
Þórarinn Þórarinsson,
Einar Olgeirsson,
Emil Jónsson, fundaskrifari.

Varamenn:

Magnús Jónsson,
Ólafur Jóhannesson,
Matthías Á. Mathiesen,
Þorvaldur G. Kristjánsson,
Helgi Bergs,
Gils Guðmundsson,
Gylfi Þ. Gíslason.

Fastanefndir Sþ.: Utanríkismála-, kjörbréfa- og þingfararkaupsnefndir. — *Ed.:* Fjárhagsnefnd.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Aðstoð við þróunarlöndin (21, n. 320).
   Frsm.: Sigurður Bjarnason.
2. Útfærsla fiskveiðalandhelginnar fyrir Vestfjörðum (254).
   Nefndarálit kom ekki.

4. *Kjörbréfanefnd:*

Einar Ingimundarson, formaður,
Ólafur Jóhannesson,
Matthías Á. Mathiesen,[1])
Eggert G. Þorsteinsson, fundaskrifari,
Alfreð Gíslason.

Nefndin rannsakaði kjörbréf Odds Andréssonar, 3. (vara)þm. Reykn., Ragnars Jónssonar, 3. (vara)þm. Sunnl., Hálfdáns Sveinssonar, 5. (vara)þm. Vesturl., Sigfúsar J. Johnsens, 3. (vara)þm. Sunnl., Óskars E. Levýs, 2. (vara)þm. Norðurl. v., Sigurðar Jóhannessonar, 3. (vara)þm. Norðurl. e., Rafns A. Péturssonar, 4. (vara)þm. Vestf., og Ásgeirs Péturssonar, 6. landsk. (vara)þm., og lét uppi munnleg álit um þau.

5. *Þingfararkaupsnefnd:*

Einar Ingimundarson,
Halldór Ásgrímsson,[2])
Jónas Pétursson, fundaskrifari,
Eggert G. Þorsteinsson, formaður,[3])
Halldór E. Sigurðsson.

B.

Í efri deild:

1. *Fjárhagsnefnd:*

Ólafur Björnsson, formaður,
Karl Kristjánsson,
Magnús Jónsson,
Jón Þorsteinsson, fundaskrifari,
Helgi Bergs,
Björn Jónsson,[4])
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.[5])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Gjaldaviðauki (2, n. 25).
   Frsm.: Ólafur Björnsson.
2. Innlent lán (65, n. 82 (meiri hl.), n. 84 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
   Frsm. minni hl.: Björn Jónsson.
3. Verðtrygging launa (5, n. 118).
   Frsm.: Ólafur Björnsson.
4. Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna (147, n. 279).
   Frsm.: Ólafur Björnsson.

---

1) Á fundi nefndarinnar 11. nóv. gegndi störfum hans í nefndinni Oddur Andrésson.
2) Á fundi nefndarinnar 11. maí gegndi störfum hans í nefndinni Vilhjálmur Hjálmarsson.
3) Á fundi nefndarinnar 11. maí gegndi störfum hans í nefndinni Jón Þorsteinsson.
4) Á fundi nefndarinnar 19. okt. tók sæti hans í nefndinni Arnór Sigurjónsson.
5) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 3. maí til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Rafn A. Pétursson.

Fastanefndir Ed.: Fjárhagsnefnd.

5. Söluskattur (173, n. 185 (meiri hl.), n. 191 (1. minni hl.), n. 192 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Helgi Bergs.
   Frsm. 2. minni hl.: Björn Jónsson.
6. Tekjustofnar sveitarfélaga (174, n. 186 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
7. Ríkisreikningurinn 1963 (132, n. 190 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
8. Tollskrá o. fl. (243, n. 252).
   Frsm.: Ólafur Björnsson.
9. Eftirlaun (334, n. 355 (meiri hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
   Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
10. Búnaðarbanki Íslands (381).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Lán fyrir Flugfélag Íslands (397, n. 435).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
12. Tollskrá o. fl. (417, n. 445 (meiri hl.), n. 446 (1. minni hl.), n. 453 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
    Frsm. 1. minni hl.: Helgi Bergs.
    Frsm. 2. minni hl.: Björn Jónsson.
13. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (461, n. 508).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
14. Tekjuskattur og eignarskattur (468, n. 577 (meiri hl.), n. 583 (1. minni hl.), n. 585 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
    Frsm. 1. minni hl.: Helgi Bergs.
    Frsm. 2. minni hl.: Björn Jónsson.
15. Verðjöfnun á olíu og benzíni (496, n. 707).
    Frsm.: Jón Þorsteinsson.
16. Innlent lán (509, n. 521).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
17. Lán til vegaframkvæmda (551, n. 631).
    Frsm.: Jón Þorsteinsson.
18. Eftirlaun ráðherra (538, n. 595).
    Frsm.: Björn Jónsson.
19. Landsvirkjun (589, n. 700 (meiri hl.), n. 702 (1. minni hl.), n. 708 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
    Frsm. 1. minni hl.: Björn Jónsson.
